Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

	Bls.
A-hluti	11
B-hluti	203
Heimildir	233
Athugasemdir	237
Töfluviðauki	375
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar	403
Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl.	407
Efnisyfirlit	430

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG HF.

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**109.413,0**
Beinir skattar	22.530,0	
Óbeinir skattar	79.418,0	
Vaxtatekjur	4.500,0	
Aðrar tekjur	2.965,0	
Gjöld		**115.934,0**
Samneysla	48.444,0	
Rekstrargjöld	45.010,0	
Viðhald	3.434,0	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	45.420,0	
Vaxtagreiðslur	12.000,0	
Fjárfesting	10.070,0	
Stofnkostnaður	6.587,0	
Fjármagnstilfærslur	3.483,0	
Gjöld umfram tekjur		**6.521,0**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1.190,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	8.540,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-7.350,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		500,0
Viðskiptareikningar		500,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**8.711,0**
Afborganir af teknum lánum		12.500,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**21.211,0**
Lántökur		21.250,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**39,0**

2. gr.

Árið 1994 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.241,2**
	Embætti forseta Íslands	48,2	
	Alþingi og stofnanir þess	984,9	
	Ríkisstjórn	68,6	
	Annað	139,5	
01	**Forsætisráðuneyti**		**474,0**
	Ráðuneyti	96,5	
	Annað	377,5	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.672,8**
	Ráðuneyti	257,8	
	Háskólar og rannsóknir	2.804,1	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.653,2	
	Grunnskólar og sérskólar	5.483,8	
	Námsaðstoð	1.600,2	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.187,4	
	Annað	686,3	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.742,4**
	Ráðuneyti	362,1	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	138,0	
	Sendiráð og fastanefndir	635,3	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	607,0	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.913,0**
	Ráðuneyti	106,3	
	Landbúnaðarstofnanir	483,8	
	Skógrækt og landgræðsla	405,1	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.319,0	
	Ýmis framlög	598,8	
	Flutt		27.043,4

3. gr.

Árið 1994 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.450,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.630,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
4111	Eignarskattur félaga	1.140,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	220,0	
4118	Erfðafjárskattur	310,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**18.600,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	15.000,0	
4126	Tekjuskattur félaga	3.600,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**480,0**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	480,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.475,0**
4200	Tollar	1.475,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**334,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	10,0	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	46,0	
42154	Kartöflugjald	137,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35,0	
4217	Jöfnunartollur	106,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**120,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	120,0	
	Flutt		24.459,0

	Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		27.043,4
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**1.088,7**
	Ráðuneyti	200,3	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	888,4	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.684,5**
	Ráðuneyti	150,7	
	Dómsmál	560,7	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	2.084,1	
	Sýslumenn	2.021,9	
	Fangelsismál	431,0	
	Kirkjumál	436,1	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**8.898,2**
	Ráðuneyti	94,6	
	Húsnæðismál	1.008,0	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	150,7	
	Málefni barna og ungmenna	261,8	
	Málefni fatlaðra	1.893,3	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.947,0	
	Vinnumál	3.388,4	
	Annað	134,4	
	Rekstrarhagræðing	20,0	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**45.376,0**
	Ráðuneyti	119,2	
	Tryggingamál	26.659,6	
	Sjúkrastofnanir	16.420,6	
	Heilsugæsla	1.606,2	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	166,9	
	Annað	344,7	
	Rekstrarhagræðing	58,8	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**17.979,2**
	Ráðuneyti	403,7	
	Skatta- og tollamál	1.558,3	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2.465,0	
	Vextir	12.000,0	
	Annað	1.549,1	
	Rekstrarhagræðing	3,1	
	Flutt		106.070,0

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		24.459,0
423	**Vörugjöld**		**10.858,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.120,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.570,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.375,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	2.655,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	138,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**40.850,0**
4250	Virðisaukaskattur	40.850,0	
426	**Skattar af orku**		**88,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	88,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.873,0**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.865,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**77,0**
42801	Skemmtanaskattur	67,5	
42802	Miðagjald	9,5	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**984,0**
4290	Aukatekjur	975,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**10.900,0**
43001	Tryggingagjald	10.900,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**6.859,0**
4310	Þinglýsingar	112,0	
4311	Stimpilgjald	2.300,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.490,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	585,0	
43131	Bifreiðagjald	1.840,0	
43142	Vitagjald	58,0	
43143	Skipaskoðunargjald	64,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	350,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	60,0	
	Flutt		101.948,0

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		106.070,0
10	**Samgönguráðuneyti**		**7.863,9**
	Ráðuneyti	238,6	
	Vegamál	6.175,0	
	Siglingamál	875,5	
	Flugmál	477,4	
	Annað	97,4	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.004,4**
	Ráðuneyti	55,4	
	Iðnaðarmál	229,4	
	Orkumál	719,6	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**172,6**
	Ráðuneyti	77,5	
	Viðskiptamál	95,1	
13	**Hagstofa Íslands**		**146,4**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**676,7**
	Ráðuneyti	132,0	
	Náttúruvernd	171,1	
	Skipulagsmál	102,7	
	Rannsóknir o.fl.	270,9	
	Gjöld samtals		115.934,0

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		101.948,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**100,0**
4719	Sala eigna	100,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.500,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	2.000,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.500,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.540,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	580,0	
48206	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.000,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	100,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**325,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	225,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		109.413,0
	Gjöld umfram tekjur		6.521,0
	Samtals		115.934,0

Skipting gjalda og sértekna á stofnanir og viðfangsefni.

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 900
1 01	Yfirstjórn	45 500	
1 50	Fálkaorðan	1 400	
Viðhaldsverkefni:			1 300
5 20	Laufásvegur 72, viðhald	1 300	
	Gjöld samtals		48 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**48 200**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			695 200
1 01	Alþingiskostnaður	255 500	
1 02	Aðalskrifstofa	50 400	
1 03	Þingmálaskrifstofa	112 900	
1 04	Rekstrarskrifstofa	159 300	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	24 900	
1 06	Norðurlandaráð	48 800	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	6 200	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	36 700	
Viðhaldsverkefni:			14 000
5 20	Fasteignir	14 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
	Gjöld samtals		721 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	367 700	
52–58	Önnur gjöld	311 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	38 000	
	5918 Til erlendra aðila	4 000	
5	Gjöld samtals	721 200	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**714 100**

00–211 Lýðveldissjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 10	Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar	50 000	
1 15	Efling íslenskrar tungu	50 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 600
1 01	Ríkisstjórn	68 600	
	Gjöld samtals		68 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 500	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals		**68 600**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 700
1 01	Hæstiréttur	43 700	
	Gjöld samtals		43 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 700	
5	Gjöld samtals		**43 700**

00–510 Bessastaðir

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			82 000
6 01	Mannvirkjagerð	82 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	82 000	
5	Gjöld samtals		**82 000**

00–520 Opinberar heimsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 800
1 01	Opinberar heimsóknir	13 800	
	Gjöld samtals		13 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	900	
52–58	Önnur gjöld	12 900	
5	Gjöld samtals		**13 800**

00–610 Umboðsmaður Alþingis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 400
1 01	Umboðsmaður Alþingis	22 400	
	Gjöld samtals		22 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 300	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals		**22 400**

00–620 Ríkisendurskoðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 900
1 01	Ríkisendurskoðun	150 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		152 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	105 100	
52–58	Önnur gjöld	47 800	
5	Gjöld samtals	152 900	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**148 400**
	Samtals		1 241 200

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 900
1 01	Yfirstjórn	60 100	
1 20	Stjórnarráðshús	9 800	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 20	Stjórnarráðshús	3 000	
	Gjöld samtals		72 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	37 300	
5	Gjöld samtals		**72 900**
01–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 200
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	3 400	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
1 23	Hrafnseyri	1 500	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 800	
1 90	Ýmis verkefni	6 700	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	3 600	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
	Gjöld samtals		18 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 800	
5	Gjöld samtals		**18 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–199	**Ráðstöfunarfé**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
01–211	**Þjóðhagsstofnun**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		87 100
1 01	Þjóðhagsstofnun	87 100	
	Gjöld samtals		87 100
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	55 200	
52–58	Önnur gjöld	31 900	
5	Gjöld samtals	87 100	
4	Sértekjur	44 800	
	Mismunur		**42 300**
01–221	**Byggðastofnun**		
	Viðfangsefni:		
	Stofnkostnaður:		210 000
6 01	Byggðastofnun	210 000	
	Gjöld samtals		210 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	210 000	
5	Gjöld samtals		**210 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–231 Norræna ráðherranefndin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 400
1 01	Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	18 200	
1 61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	78 200	
	Gjöld samtals		96 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	8 600	
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	78 200	
5	Gjöld samtals	96 400	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**95 100**
01–241 Umboðsmaður barna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Umboðsmaður barna	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 200	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals		**6 000**
01–901 Húsameistari ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 200
1 01	Húsameistari ríkisins	49 200	
	Gjöld samtals		49 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 000	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	49 200	
4	Sértekjur	55 700	
	Mismunur		**–6 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 300
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	19 300	
Viðhaldsverkefni:			10 600
5 01	Þingvallabær o.fl.	4 600	
5 02	Þingvallakirkja	6 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Aðalskipulag	5 000	
	Gjöld samtals		34 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 800	
52–58	Önnur gjöld	25 100	
5	Gjöld samtals	34 900	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**30 600**
	Samtals		474 000

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			236 800
1 01	Yfirstjórn	236 800	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		239 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	144 000	
52–58	Önnur gjöld	95 800	
5	Gjöld samtals		**239 800**
02–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals		**18 000**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 682 200
1 01	Yfirstjórn	106 500	
1 02	Sameiginleg útgjöld	289 600	
1 03	Rekstur fasteigna	180 600	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	112 100	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	983 500	
1 07	Alþjóðaskrifstofa	8 100	
1 08	Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ	1 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			90 000
5 50	Fasteignir	90 000	
Stofnkostnaður:			150 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	150 000	
	Gjöld samtals		1 922 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 279 200	
52–58	Önnur gjöld	643 000	
5	Gjöld samtals	1 922 200	
4	Sértekjur	423 500	
	Mismunur		**1 498 700**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 200
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	89 100	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	16 100	
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 01	Fasteignir	15 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 03	Fisksjúkdóma- og eðlisfræðirannsóknahús	7 000	
	Gjöld samtals		127 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 200	
52–58	Önnur gjöld	55 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals	127 200	
4	Sértekjur	29 500	
	Mismunur		**97 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			181 100
1 01	Yfirstjórn	16 600	
1 02	Rekstur fasteigna	12 000	
1 03	Rannsóknastofur	152 500	
	Gjöld samtals		181 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	112 200	
52–58	Önnur gjöld	68 900	
5	Gjöld samtals	181 100	
4	Sértekjur	59 900	
	Mismunur		**121 200**
02–204 Stofnun Sigurðar Nordals			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 800
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 400	
1 11	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	2 400	
	Gjöld samtals		8 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 900	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**8 800**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 300
1 01	Yfirstjórn	36 700	
1 20	Bókaútgáfa	6 600	
Viðhaldsverkefni:			800
5 02	Árnagarður, viðhald	800	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		45 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 900	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals	45 300	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**41 300**

02–206 Orðabók Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 100
1 01	Orðabók Háskólans	20 100	
	Gjöld samtals		20 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 100	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	20 100	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**14 100**

02–207 Íslensk málstöð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 700
1 01	Íslensk málstöð	9 700	
	Gjöld samtals		9 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	9 700	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**8 200**

02–208 Örnefnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Örnefnastofnun	5 000	
	Gjöld samtals		5 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 400	
52–58	Önnur gjöld	1 600	
5	Gjöld samtals	5 000	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**4 400**

02–209 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 100
1 01	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	58 100	
	Gjöld samtals		58 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 100	
52–58	Önnur gjöld	16 000	
5	Gjöld samtals	58 100	
4	Sértekjur	52 000	
	Mismunur		**6 100**

02–210 Háskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			172 700
1 01	Háskólinn á Akureyri	165 600	
1 02	Rannsóknastarfsemi	7 100	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Fasteignir	5 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		187 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 900	
52–58	Önnur gjöld	55 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 100	
5	Gjöld samtals	187 700	
4	Sértekjur	9 800	
	Mismunur		**177 900**

02–211 Tækniskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 300
1 01	Tækniskóli Íslands	176 300	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 20	Fasteignir	2 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		183 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	130 500	
52–58	Önnur gjöld	52 800	
5	Gjöld samtals	183 300	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**175 900**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 500
1 01	Yfirstjórn	32 100	
1 02	Rannsóknastarfsemi	16 900	
1 03	Rekstur fasteigna	40 800	
1 04	Stoðþjónusta	25 500	
1 05	Kennsla	142 900	
1 20	Endurmenntun	20 300	
Viðhaldsverkefni:			35 000
5 01	Fasteign	25 000	
5 10	Varmaland	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		323 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	206 600	
52–58	Önnur gjöld	93 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 200	
5	Gjöld samtals	323 500	
4	Sértekjur	14 000	
	Mismunur		**309 500**

02–222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 500
1 01	Kennsla	53 800	
1 02	Annað en kennsla	16 700	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		74 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	59 400	
52–58	Önnur gjöld	15 100	
5	Gjöld samtals	74 500	
4	Sértekjur	19 900	
	Mismunur		**54 600**

02–223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 600
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	31 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 01	Fasteign	15 000	
	Gjöld samtals		46 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 600	
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals	46 600	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**46 100**

02–231 Rannsóknarráð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 600
1 01	Rannsóknarráð Íslands	31 600	
	Gjöld samtals		31 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 300	
52–58	Önnur gjöld	14 300	
5	Gjöld samtals	31 600	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**30 300**

02–236 Vísindasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 60	Vísindasjóður	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–237 Tæknisjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			115 000
6 60	Tæknisjóður	115 000	
	Gjöld samtals		115 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	115 000	
5	Gjöld samtals		**115 000**
02–238 Bygginga- og tækjasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			60 000
6 60	Bygginga- og tækjasjóður	60 000	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	60 000	
5	Gjöld samtals		**60 000**
02–239 Rannsóknarnámssjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 01	Rannsóknarnámssjóður	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 900
1 15	Nýsköpunarsjóður	10 000	
1 90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	28 900	
	Gjöld samtals		38 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	38 900	
5	Gjöld samtals		**38 900**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 500
1 01	Kennsla í dagskóla	112 400	
1 02	Annað en kennsla	27 100	
Stofnkostnaður:			2 700
6 01	Tæki og búnaður	2 700	
	Gjöld samtals		142 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 400	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals	142 200	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**139 400**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 400
1 01	Kennsla í dagskóla	78 700	
1 02	Annað en kennsla	34 700	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Tæki og búnaður	1 800	
	Gjöld samtals		115 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 700	
52–58	Önnur gjöld	19 500	
5	Gjöld samtals	115 200	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**113 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–303	**Menntaskólinn á Laugarvatni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 300
1 01	Kennsla í dagskóla	30 600	
1 02	Annað en kennsla	20 700	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		51 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 700	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
5	Gjöld samtals	51 900	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**49 400**
02–304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			188 500
1 01	Kennsla í dagskóla	124 200	
1 02	Annað en kennsla	42 200	
1 09	Önnur kennsla	22 100	
Stofnkostnaður:			2 700
6 01	Tæki og búnaður	2 700	
	Gjöld samtals		191 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	166 600	
52–58	Önnur gjöld	24 600	
5	Gjöld samtals	191 200	
4	Sértekjur	14 800	
	Mismunur		**176 400**
02–305	**Menntaskólinn við Sund**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 600
1 01	Kennsla í dagskóla	103 600	
1 02	Annað en kennsla	31 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 400
6 01	Tæki og búnaður	2 400	
	Gjöld samtals		137 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	120 400	
52–58	Önnur gjöld	16 600	
5	Gjöld samtals	137 000	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**132 000**

02–306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 500
1 01	Kennsla í dagskóla	42 200	
1 02	Annað en kennsla	27 300	
Stofnkostnaður:			1 900
6 01	Tæki og búnaður	1 900	
	Gjöld samtals		71 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 400	
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals	71 400	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**68 600**

02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 700
1 01	Kennsla í dagskóla	38 300	
1 02	Annað en kennsla	23 800	
1 09	Önnur kennsla	2 600	
Stofnkostnaður:			900
6 01	Tæki og búnaður	900	
	Gjöld samtals		65 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 700	
52–58	Önnur gjöld	14 900	
5	Gjöld samtals	65 600	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**62 200**

02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 900
1 01	Kennsla í dagskóla	58 000	
1 02	Annað en kennsla	25 200	
1 09	Önnur kennsla	5 700	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		90 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 000	
52–58	Önnur gjöld	14 400	
5	Gjöld samtals	90 400	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**86 000**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 800
1 01	Kennsla í dagskóla	58 700	
1 02	Annað en kennsla	23 100	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		83 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 100	
52–58	Önnur gjöld	17 200	
5	Gjöld samtals	83 300	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**81 200**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			167 000
5 80	Viðhald herma	9 000	
5 90	Viðhald	158 000	
Stofnkostnaður:			549 000
6 40	Tæki og búnaður	9 000	
6 50	Tölvubúnaður	10 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	530 000	
	Gjöld samtals		716 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	203 000	
52–58	Önnur gjöld	513 000	
5	Gjöld samtals		**716 000**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			261 500
1 11	Sameiginleg þjónusta	4 900	
1 12	Orlof kennara	24 000	
1 13	Forfallakennsla	23 100	
1 14	Sérkennsla	37 000	
1 15	Prófkostnaður	23 100	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	13 500	
1 17	Námsskrárgerð	25 000	
1 18	Námsefnisgerð	10 000	
1 19	Kennslueftirlit	8 000	
1 20	Framhaldsdeildir	15 400	
1 21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna	14 300	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	5 000	
1 30	Endurmenntun	16 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 33	Myndlistarskólinn Akureyri	8 000	
1 34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	29 900	
	Gjöld samtals		261 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	192 100	
52–58	Önnur gjöld	11 700	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	14 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 400	
5	Gjöld samtals		**261 500**

02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			342 000
1 01	Kennsla í dagskóla	217 000	
1 02	Annað en kennsla	73 700	
1 09	Önnur kennsla	51 300	
Stofnkostnaður:			7 500
6 01	Tæki og búnaður	7 500	
	Gjöld samtals		349 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	298 900	
52–58	Önnur gjöld	50 600	
5	Gjöld samtals	349 500	
4	Sértekjur	40 000	
	Mismunur		**309 500**

02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			126 100
1 01	Kennsla í dagskóla	98 800	
1 02	Annað en kennsla	27 300	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Tæki og búnaður	2 100	
	Gjöld samtals		128 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	112 200	
52–58	Önnur gjöld	16 000	
5	Gjöld samtals	128 200	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**125 400**

02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 600
1 01	Kennsla í dagskóla	60 400	
1 02	Annað en kennsla	24 900	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		92 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 900	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals	92 100	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**87 700**

02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 700
1 01	Kennsla í dagskóla	104 400	
1 02	Annað en kennsla	30 000	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
Stofnkostnaður:			3 100
6 01	Tæki og búnaður	3 100	
	Gjöld samtals		142 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	122 900	
52–58	Önnur gjöld	19 900	
5	Gjöld samtals	142 800	
4	Sértekjur	6 100	
	Mismunur		**136 700**

02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			142 200
1 01	Kennsla í dagskóla	95 000	
1 02	Annað en kennsla	42 400	
1 09	Önnur kennsla	4 800	
Stofnkostnaður:			3 100
6 01	Tæki og búnaður	3 100	
	Gjöld samtals		145 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	116 200	
52–58	Önnur gjöld	29 100	
5	Gjöld samtals	145 300	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**140 200**

02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 100
1 01	Kennsla í dagskóla	37 700	
1 02	Annað en kennsla	15 700	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	5 300	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	2 900	
1 09	Önnur kennsla	2 500	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		65 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 300	
52–58	Önnur gjöld	12 000	
5	Gjöld samtals	65 300	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**63 000**

02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 600
1 01	Kennsla í dagskóla	60 800	
1 02	Annað en kennsla	32 800	
1 09	Önnur kennsla	2 000	
Stofnkostnaður:			2 200
6 01	Tæki og búnaður	2 200	
	Gjöld samtals		97 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 700	
52–58	Önnur gjöld	23 100	
5	Gjöld samtals	97 800	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**93 300**

02–357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			147 800
1 01	Kennsla í dagskóla	95 400	
1 02	Annað en kennsla	28 700	
1 03	Fiskeldi, kennsla	4 000	
1 04	Fiskeldi, annað en kennsla	6 600	
1 09	Önnur kennsla	13 100	
Stofnkostnaður:			3 100
6 01	Tæki og búnaður	3 100	
	Gjöld samtals		150 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	126 900	
52–58	Önnur gjöld	24 000	
5	Gjöld samtals	150 900	
4	Sértekjur	8 200	
	Mismunur		**142 700**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 300
1 01	Kennsla í dagskóla	26 900	
1 02	Annað en kennsla	14 400	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		42 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 200	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals	42 300	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**41 300**

02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			212 500
1 01	Kennsla í dagskóla	135 400	
1 02	Annað en kennsla	48 200	
1 03	Sjávarútvegsbraut Dalvík, kennsla	7 600	
1 04	Sjávarútvegsbraut Dalvík, annað en kennsla	5 900	
1 05	Löngumýrardeild, kennsla	5 900	
1 06	Löngumýrardeild, annað en kennsla	1 300	
1 09	Önnur kennsla	8 200	
Stofnkostnaður:			6 600
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
6 02	Sjávarútvegsbraut Dalvík, tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		219 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 100	
52–58	Önnur gjöld	42 000	
5	Gjöld samtals	219 100	
4	Sértekjur	14 000	
	Mismunur		**205 100**

02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 600
1 01	Kennsla í dagskóla	69 600	
1 02	Annað en kennsla	28 000	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		99 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 800	
52–58	Önnur gjöld	20 300	
5	Gjöld samtals	99 100	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**97 100**

02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 500
1 01	Kennsla í dagskóla	17 100	
1 02	Annað en kennsla	8 400	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		27 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 800	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals	27 100	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**26 100**

02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 700
1 01	Kennsla í dagskóla	31 500	
1 02	Annað en kennsla	11 700	
1 09	Önnur kennsla	1 500	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		45 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 700	
52–58	Önnur gjöld	6 600	
5	Gjöld samtals	45 300	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**43 500**

02–363 Framhaldsskólinn á Laugum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 300
1 01	Kennsla í dagskóla	20 600	
1 02	Annað en kennsla	11 700	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		32 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 900	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	32 900	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**30 900**

02–430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 300
1 01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	9 300	
1 02	Nám táknmálstúlka	5 000	
	Gjöld samtals		14 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals	14 300	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**12 800**

02–440 Fullorðinsfræðsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 90	Fullorðinsfræðsla	18 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals		**18 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 100
1 01	Kennsla	52 000	
1 02	Annað en kennsla	8 100	
	Gjöld samtals		60 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 000	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals		**60 100**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 300
1 01	Kennsla í dagskóla	33 900	
1 02	Annað en kennsla	11 400	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		50 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 500	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	50 300	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**48 900**
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 200
1 01	Kennsla í dagskóla	16 800	
1 02	Annað en kennsla	5 400	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		25 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 300	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	25 200	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**24 200**

02–514 Iðnskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			388 600
1 01	Kennsla í dagskóla	274 400	
1 02	Annað en kennsla	89 100	
1 09	Önnur kennsla	25 100	
Stofnkostnaður:			12 800
6 01	Tæki og búnaður	12 800	
	Gjöld samtals		401 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	331 800	
52–58	Önnur gjöld	69 600	
5	Gjöld samtals	401 400	
4	Sértekjur	38 400	
	Mismunur		**363 000**

02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 000
1 01	Kennsla í dagskóla	56 900	
1 02	Annað en kennsla	15 700	
1 09	Önnur kennsla	2 400	
Stofnkostnaður:			2 900
6 01	Tæki og búnaður	2 900	
	Gjöld samtals		77 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 000	
52–58	Önnur gjöld	11 900	
5	Gjöld samtals	77 900	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**74 500**

02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 600
1 01	Kennsla í dagskóla	15 900	
1 02	Annað en kennsla	25 700	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		43 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 500	
52–58	Önnur gjöld	24 100	
5	Gjöld samtals	43 600	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**43 200**

02–518 Fiskvinnsluskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 200
1 01	Kennsla í dagskóla	6 000	
1 02	Annað en kennsla	11 200	
	Gjöld samtals		17 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
5	Gjöld samtals	17 200	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**12 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–523 Fósturskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 100
1 01	Kennsla í dagskóla	42 300	
1 02	Annað en kennsla	16 100	
1 09	Önnur kennsla	12 700	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		72 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 700	
52–58	Önnur gjöld	11 600	
5	Gjöld samtals	72 300	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**70 600**
02–524 Þroskaþjálfaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Kennsla í dagskóla	14 400	
1 02	Annað en kennsla	10 000	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		25 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 300	
52–58	Önnur gjöld	8 300	
5	Gjöld samtals	25 600	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**25 300**
02–531 Íþróttakennaraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 700
1 01	Kennsla í dagskóla	15 800	
1 02	Annað en kennsla	16 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		34 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 200	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals	34 700	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**32 000**

02–541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 300
1 01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	9 300	
	Gjöld samtals		9 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals	9 300	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**7 600**

02–551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 200
1 01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	8 200	
	Gjöld samtals		8 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals		**8 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 200
1 01	Kennsla í dagskóla	52 300	
1 02	Annað en kennsla	56 900	
Stofnkostnaður:			2 600
6 01	Tæki og búnaður	2 600	
	Gjöld samtals		111 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 400	
52–58	Önnur gjöld	42 400	
5	Gjöld samtals	111 800	
4	Sértekjur	42 500	
	Mismunur		**69 300**
02–562 Leiklistarskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 000
1 01	Kennsla í dagskóla	11 900	
1 02	Annað en kennsla	20 100	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		32 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 400	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals	32 600	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**31 500**
02–563 Tónlistarskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	9 000	
	Gjöld samtals		9 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
5	Gjöld samtals		**9 000**

02–571 Sjómannaskólahúsið

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 700
1 01	Sjómannaskólahúsið	21 700	
	Gjöld samtals		21 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals	21 700	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**20 600**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 000
1 01	Kennsla	18 000	
1 02	Annað en kennsla	21 000	
	Gjöld samtals		39 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 800	
52–58	Önnur gjöld	18 200	
5	Gjöld samtals	39 000	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**37 200**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			197 900
1 01	Kennsla	138 200	
1 02	Annað en kennsla	59 700	
	Gjöld samtals		197 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	151 400	
52–58	Önnur gjöld	46 500	
5	Gjöld samtals	197 900	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**193 300**

02–601 Héraðsskólinn Reykholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 900
1 01	Kennsla	18 800	
1 02	Annað en kennsla	9 100	
Stofnkostnaður:			400
6 90	Snorralaug, umhirða	400	
	Gjöld samtals		28 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 800	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	400	
5	Gjöld samtals	28 300	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**27 600**

02–605 Alþýðuskólinn Eiðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 800
1 01	Kennsla	9 100	
1 02	Annað en kennsla	11 700	
	Gjöld samtals		20 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	20 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**19 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–606	**Héraðsskólinn Skógum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 200
1 01	Kennsla	12 700	
1 02	Annað en kennsla	10 500	
	Gjöld samtals		23 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 000	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	23 200	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**22 300**
02–610	**Héraðsskólar, almennt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 10	Héraðsskólinn Núpi	3 900	
1 20	Héraðsskólinn Reykjanesi	2 500	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 300	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals		**6 400**
02–700	**Grunnskólar, Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 320 000
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 320 000	
	Gjöld samtals		1 320 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 320 000	
5	Gjöld samtals		**1 320 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–701 Grunnskólar, Reykjanesi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 120 000
1 01 Grunnskólar, Reykjanesi	1 120 000	
Gjöld samtals		1 120 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	1 120 000	
5 Gjöld samtals		**1 120 000**
02–703 Grunnskólar, Vesturlandi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		312 500
1 01 Grunnskólar, Vesturlandi	312 500	
Gjöld samtals		312 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	312 500	
5 Gjöld samtals		**312 500**
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		212 900
1 01 Grunnskólar, Vestfjörðum	212 900	
Gjöld samtals		212 900
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	212 900	
5 Gjöld samtals		**212 900**
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		231 900
1 01 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	231 900	
Gjöld samtals		231 900
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	231 900	
5 Gjöld samtals		**231 900**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		505 000
1 01 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	505 000	
Gjöld samtals		505 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	505 000	
5 Gjöld samtals		**505 000**
02–707 Grunnskólar, Austurlandi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		276 500
1 01 Grunnskólar, Austurlandi	276 500	
Gjöld samtals		276 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	276 500	
5 Gjöld samtals		**276 500**
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		421 800
1 01 Grunnskólar, Suðurlandi	421 800	
Gjöld samtals		421 800
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	421 800	
5 Gjöld samtals		**421 800**
02–710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		47 900
1 01 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	47 900	
Gjöld samtals		47 900
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	34 500	
52–58 Önnur gjöld	13 400	
5 Gjöld samtals		**47 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–711	**Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	31 400	
	Gjöld samtals		31 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals		**31 400**
02–713	**Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 700
1 01	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	17 700	
	Gjöld samtals		17 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals		**17 700**
02–714	**Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 300
1 01	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	14 300	
	Gjöld samtals		14 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals		**14 300**
02–715	**Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 000
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	16 000	
	Gjöld samtals		16 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 200	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals		**16 000**

02–716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 200
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	26 200	
	Gjöld samtals		26 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 300	
52–58	Önnur gjöld	9 900	
5	Gjöld samtals		**26 200**

02–717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 700
1 01	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	13 700	
	Gjöld samtals		13 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**13 700**

02–718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 100
1 01	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	19 100	
	Gjöld samtals		19 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 600	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals		**19 100**

02–719 Fræðsluskrifstofur, almennt	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		2 500
5 01 Viðhald, óskipt	2 500	
Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 500	
5 Gjöld samtals		**2 500**

02–720 Grunnskólar, almennt		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		221 600
1 20 Kennsla á sjúkrastofnunum og Kvennaathvarfi	5 000	
1 29 Kennsla í norsku og sænsku	2 300	
1 31 Sérstök fræðsluverkefni	30 500	
1 33 Þróunarsjóður leikskóla	3 000	
1 41 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	5 000	
1 42 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	6 000	
1 43 Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4 400	
1 44 Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4 000	
1 45 Miðskólinn, rekstrarstyrkur	3 000	
1 50 Námsleyfi	38 600	
1 70 Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	14 300	
1 79 Kennsla nýbúa	16 100	
1 80 Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	2 100	
1 81 Fjölgun kennslustunda	27 100	
1 82 Þróunarstarf í grunnskólum	8 500	
1 83 Starfsmenntun	10 000	
1 85 Námsráðgjöf í grunnskólum	10 000	
1 86 Endurmenntun sálfræðinga	2 000	
1 89 Leiðsögn nýliða	3 500	
1 90 Grunnskólar, óskipt	26 200	
Stofnkostnaður:		6 000
6 90 Tölvuvæðing í grunnskólum	6 000	
Gjöld samtals		227 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	144 600	
52–58	Önnur gjöld	33 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	22 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	27 600	
5	Gjöld samtals		**227 600**

02–725 Námsgagnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			269 500
1 01	Námsgagnastofnun	269 500	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 20	Brautarholt 6	5 000	
	Gjöld samtals		274 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 000	
52–58	Önnur gjöld	213 500	
5	Gjöld samtals	274 500	
4	Sértekjur	40 300	
	Mismunur		**234 200**

02–730 Skólabúðir að Reykjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 700
1 01	Skólabúðir að Reykjum	13 700	
	Gjöld samtals		13 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	13 700	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**11 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–750 Skólar fyrir fatlaða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			112 500
1 20	Sérdeild fyrir einhverf börn	14 000	
1 21	Sérdeild fyrir sjónskert börn	8 400	
1 22	Sérdeild hreyfihamlaðra	10 700	
1 40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	70 000	
1 60	Almennt	9 400	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Fasteignir	5 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		118 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 600	
52–58	Önnur gjöld	8 900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	70 000	
5	Gjöld samtals		**118 500**
02–752 Öskjuhlíðarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 600
1 01	Kennsla	71 700	
1 02	Annað en kennsla	34 900	
	Gjöld samtals		106 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 300	
52–58	Önnur gjöld	11 300	
5	Gjöld samtals		**106 600**
02–754 Safamýrarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 700
1 01	Kennsla	48 700	
1 02	Annað en kennsla	11 000	
	Gjöld samtals		59 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 700	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**59 700**

02–755 Dalbrautarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 01	Kennsla	13 700	
1 02	Annað en kennsla	1 900	
	Gjöld samtals		15 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 700	
52–58	Önnur gjöld	1 900	
5	Gjöld samtals		**15 600**

02–758 Hvammshlíðarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 700
1 01	Kennsla	13 900	
1 02	Annað en kennsla	4 800	
	Gjöld samtals		18 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 200	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**18 700**

02–798 Einholtsskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 100
1 01	Kennsla	10 900	
1 02	Annað en kennsla	4 200	
	Gjöld samtals		15 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 900	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**15 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–799 Heyrnleysingjaskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 300
1 01	Kennsla	19 700	
1 02	Annað en kennsla	12 600	
	Gjöld samtals		32 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 800	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals		**32 300**
02–804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 200
1 01	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	5 200	
	Gjöld samtals		5 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	1 200	
5	Gjöld samtals	5 200	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**1 600**
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 500 000	
	Gjöld samtals		1 500 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 500 000	
5	Gjöld samtals		**1 500 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–884 Jöfnun á námskostnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 200
1 01	Jöfnun á námskostnaði	86 500	
1 10	Skólaakstur	13 700	
	Gjöld samtals		100 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 200	
5	Gjöld samtals		**100 200**
02–902 Þjóðminjasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 700
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	76 700	
1 10	Byggða- og minjasöfn	13 000	
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 90	Verndun gamalla húsa	15 000	
Stofnkostnaður:			36 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 03	Nesstofa	5 000	
6 10	Byggða- og minjasöfn	10 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu	19 000	
	Gjöld samtals		140 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 100	
52–58	Önnur gjöld	66 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 000	
5	Gjöld samtals	140 700	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**136 500**
02–903 Þjóðskjalasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 700
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	48 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			19 000
5 01	Fasteignir	19 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		69 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 300	
52–58	Önnur gjöld	32 400	
5	Gjöld samtals	69 700	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**68 400**

02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 500
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	3 500	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Fasteign	1 000	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**4 500**

02–905 Landsbókasafn Íslands, háskólabókasafn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 800
1 01	Landsbókasafn Íslands, háskólabókasafn	117 800	
Stofnkostnaður:			43 000
6 05	Bókakaup o.fl.	43 000	
	Gjöld samtals		160 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 000	
52–58	Önnur gjöld	85 800	
5	Gjöld samtals		**160 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–906	**Listasafn Einars Jónssonar**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 400
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	5 400	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		7 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	7 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**7 000**
02–907	**Listasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 300
1 01	Listasafn Íslands	52 400	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 900	
Viðhaldsverkefni:			6 000
5 01	Fasteign	1 000	
5 10	Skálholtsstígur 7	5 000	
Stofnkostnaður:			24 000
6 01	Listaverkakaup	12 000	
6 20	Fríkirkjuvegur 7	12 000	
	Gjöld samtals		85 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 600	
52–58	Önnur gjöld	52 700	
5	Gjöld samtals	85 300	
4	Sértekjur	13 800	
	Mismunur		**71 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–909 Blindrabókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 300
1 01	Blindrabókasafn Íslands	27 300	
	Gjöld samtals		27 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 300	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals		**27 300**
02–919 Söfn, ýmis framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 10	Listasafn ASÍ	2 000	
1 11	Nýlistasafn	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 000	
1 90	Söfn, ýmis framlög	4 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**
02–972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 400
1 01	Íslenski dansflokkurinn	44 200	
1 10	Listdansskólinn	16 200	
	Gjöld samtals		60 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 800	
52–58	Önnur gjöld	23 600	
5	Gjöld samtals	60 400	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**51 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–973 Þjóðleikhús			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			296 000
1 01	Þjóðleikhús	296 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 50	Endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		306 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	296 000	
5	Gjöld samtals		**306 000**
02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	102 000	
	Gjöld samtals		102 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	102 000	
5	Gjöld samtals		**102 000**
02–976 Menningarsjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 500
1 01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	11 500	
	Gjöld samtals		11 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	11 500	
5	Gjöld samtals		**11 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–977 Þjóðarbókhlaða		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		240 000
6 01 Þjóðarbókhlaða	240 000	
Gjöld samtals		240 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	240 000	
5 Gjöld samtals		**240 000**
02–978 Listasjóðir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		116 300
1 01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	116 300	
Gjöld samtals		116 300
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	116 300	
5 Gjöld samtals		**116 300**
02–979 Húsafriðunarsjóður		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		10 500
6 10 Húsafriðunarsjóður	10 500	
Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 500	
5 Gjöld samtals		**10 500**
02–981 Kvikmyndasjóður		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		80 100
1 01 Kvikmyndasjóður	78 500	
1 02 Kvikmyndasafn Íslands	1 600	
Gjöld samtals		80 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 000	
5	Gjöld samtals		**80 100**

02–982 Listir, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			180 500
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	11 500	
1 15	Þýðingarsjóður	7 300	
1 21	Leikfélag Akureyrar	20 400	
1 22	Starfsemi áhugaleikfélaga	14 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3 000	
1 24	Starfsemi atvinnuleikhópa	14 000	
1 30	Íslenska óperan	41 300	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14 000	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	6 800	
1 80	Listahátíð í Reykjavík	5 500	
1 90	Listir, framlög	42 700	
	Gjöld samtals		180 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	180 500	
5	Gjöld samtals		**180 500**

02–983 Ýmis fræðistörf

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 90	Ýmis fræðistörf	14 000	
	Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 000	
5	Gjöld samtals		**14 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–984 Norræn samvinna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 90	Norræn samvinna	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**
02–985 Alþjóðleg samskipti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			126 000
1 90	Alþjóðleg samskipti	126 000	
	Gjöld samtals		126 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 000	
	5918 Til erlendra aðila	110 000	
5	Gjöld samtals		**126 000**
02–988 Æskulýðsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 500	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 000	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	6 000	
1 90	Æskulýðsmál	12 500	
Stofnkostnaður:			1 000
6 21	Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur	1 000	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 000	
5	Gjöld samtals		**31 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 000
1 10	Íþróttasamband Íslands	24 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	3 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 500	
1 14	Íþróttasamband fatlaðra	8 500	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	1 300	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	6 500	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 90	Ýmis íþróttamál	10 700	
Stofnkostnaður:			5 000
6 11	Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		63 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	56 500	
5	Gjöld samtals		**63 000**
02–999	**Ýmislegt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 43	Skriðuklaustur	2 000	
1 63	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	4 500	
1 90	Ýmis framlög	11 500	
Stofnkostnaður:			9 000
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	5 500	
6 92	Langabúð, styrkur	3 500	
	Gjöld samtals		27 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 500	
5	Gjöld samtals		**27 000**
	Samtals		16 672 800

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			317 800
1 01	Yfirstjórn	192 200	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	18 000	
1 23	Ráðstefna ræðismanna	20 000	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	7 600	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	67 500	
1 51	Útflutningsráð Íslands	2 000	
1 53	Þýðingamiðstöð	10 500	
Stofnkostnaður:			4 800
6 01	Tæki og búnaður	4 800	
	Gjöld samtals		322 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	107 100	
52–58	Önnur gjöld	210 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals	322 600	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**320 600**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 600
1 01	Varnarmálaskrifstofa	40 600	
	Gjöld samtals		40 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 100	
52–58	Önnur gjöld	16 500	
5	Gjöld samtals	40 600	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**35 000**

03–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**

03–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

03–201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			191 500
1 01	Yfirstjórn	17 100	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	86 300	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	85 200	
1 30	Fíkniefnaeftirlit	2 900	
	Gjöld samtals		191 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 900	
52–58	Önnur gjöld	34 600	
5	Gjöld samtals	191 500	
4	Sértekjur	53 500	
	Mismunur		**138 000**

03–301 Sendiráð Íslands í Bonn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 400
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn	32 400	
	Gjöld samtals		32 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 700	
52–58	Önnur gjöld	10 700	
5	Gjöld samtals		**32 400**

03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 500
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	32 500	
	Gjöld samtals		32 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 700	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals		**32 500**

03–303 Sendiráð Íslands í London

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 000
1 01	Sendiráð Íslands í London	37 000	
	Gjöld samtals		37 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 500	
52–58	Önnur gjöld	15 500	
5	Gjöld samtals		**37 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		35 200
1 01 Sendiráð Íslands í Moskvu	35 200	
Gjöld samtals		35 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	20 800	
52–58 Önnur gjöld	14 400	
5 Gjöld samtals		**35 200**
03–305 Sendiráð Íslands í Ósló		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		29 400
1 01 Sendiráð Íslands í Ósló	29 400	
Gjöld samtals		29 400
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	19 600	
52–58 Önnur gjöld	9 800	
5 Gjöld samtals		**29 400**
03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		52 500
1 01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	52 500	
Gjöld samtals		52 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	29 600	
52–58 Önnur gjöld	22 900	
5 Gjöld samtals		**52 500**
03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		29 100
1 01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	29 100	
Gjöld samtals		29 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**29 100**

03–308 Sendiráð Íslands í Washington

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 600
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	46 600	
	Gjöld samtals		46 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 800	
52–58	Önnur gjöld	22 800	
5	Gjöld samtals		**46 600**

03–309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 700
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	51 700	
	Gjöld samtals		51 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 500	
52–58	Önnur gjöld	25 200	
5	Gjöld samtals		**51 700**

03–310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 100
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	68 100	
	Gjöld samtals		68 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 100	
52–58	Önnur gjöld	36 000	
5	Gjöld samtals	68 100	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**64 900**

03–311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 300
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	46 300	
	Gjöld samtals		46 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 300	
52–58	Önnur gjöld	19 000	
5	Gjöld samtals		**46 300**

03–312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 000
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	42 000	
	Gjöld samtals		42 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 000	
52–58	Önnur gjöld	17 000	
5	Gjöld samtals		**42 000**

03–314 Sendiráð Íslands í Peking

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 400
1 01	Sendiráð Íslands í Peking	26 400	
	Gjöld samtals		26 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 400	
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**26 400**

03–320 Sendiráð, almennt

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			9 000
5 90	Viðhald	9 000	
Stofnkostnaður:			100 300
6 21	Sendiráð í Berlín	86 000	
6 90	Tæki og búnaður	14 300	
	Gjöld samtals		109 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	109 300	
5	Gjöld samtals		**109 300**

03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			156 500
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	156 500	
	Gjöld samtals		156 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	156 500	
5	Gjöld samtals		**156 500**

03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			114 300
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	29 100	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	7 700	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	19 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	9 700	
1 14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	33 900	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	14 100	
	Gjöld samtals		114 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	114 300	
5	Gjöld samtals		**114 300**

03–401 Alþjóðastofnanir

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			336 200
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	21 500	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	7 100	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	5 900	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	3 300	
1 39	Evrópuráðið	15 200	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	15 300	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	42 400	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	800	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	2 800	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	600	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	500	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	400	
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	23 500	
1 59	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAMIR	1 900	
1 62	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL	600	
1 63	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	500	
1 64	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM	18 700	
1 66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ	6 700	
1 67	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Úganda, UNOMUR	1 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 68	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL	1 100	
1 69	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Sahara, MINURSO	800	
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	32 500	
1 71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	23 500	
1 72	EFTA-dómstóllinn	16 200	
1 73	Þróunarsjóður EFTA	85 500	
1 75	Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE	7 000	
	Gjöld samtals		336 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	336 200	
5	Gjöld samtals		**336 200**
	Samtals		1 742 400

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 300
1 01	Yfirstjórn	69 300	
	Gjöld samtals		69 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	33 700	
5	Gjöld samtals	69 300	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**66 300**
04–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 100
1 11	Framkvæmd búvörusamnings	10 100	
1 12	Mat á búvörum	8 100	
1 15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6 800	
1 21	Landþurrkun	500	
1 31	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
1 35	Landgræðslusjóður	3 000	
1 40	Landgræðsluáætlanir	3 100	
1 51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	4 500	
1 61	Endurmenntun	2 000	
1 90	Ýmis verkefni	1 000	
	Gjöld samtals		42 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 600	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
	5918 Til erlendra aðila	4 500	
5	Gjöld samtals	42 100	
4	Sértekjur	8 100	
	Mismunur		**34 000**

04–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

04–211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 800
1 01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	179 800	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Viðhald	4 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	3 700	
6 20	Fasteignir	1 300	
	Gjöld samtals		188 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	117 200	
52–58	Önnur gjöld	71 600	
5	Gjöld samtals	188 800	
4	Sértekjur	55 100	
	Mismunur		**133 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–221 Veiðimálastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 100
1 01	Veiðimálastofnun	65 100	
	Gjöld samtals		65 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 000	
52–58	Önnur gjöld	28 100	
5	Gjöld samtals	65 100	
4	Sértekjur	26 600	
	Mismunur		**38 500**
04–233 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 700
1 01	Yfirdýralæknir	68 700	
1 25	Sauðfjárveikivarnir	40 000	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	1 000	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir	4 000	
	Gjöld samtals		113 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 600	
52–58	Önnur gjöld	30 500	
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	600	
5	Gjöld samtals	113 700	
4	Sértekjur	5 400	
	Mismunur		**108 300**
04–261 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			135 100
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	135 100	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Viðhaldsfé	4 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	6 000	
	Gjöld samtals		149 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 600	
52–58	Önnur gjöld	66 700	
5	Gjöld samtals	149 300	
4	Sértekjur	72 900	
	Mismunur		**76 400**

04–271 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 000
1 01	Bændaskólinn á Hólum	81 000	
Viðhaldsverkefni:			4 300
5 01	Viðhaldsfé	4 300	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	5 000	
	Gjöld samtals		92 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 600	
52–58	Önnur gjöld	41 700	
5	Gjöld samtals	92 300	
4	Sértekjur	28 000	
	Mismunur		**64 300**

04–283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	50 000	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Viðhald	5 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			9 200
6 01	Tæki og búnaður	2 200	
6 25	Tilraunagróðurhús	7 000	
	Gjöld samtals		64 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 800	
52–58	Önnur gjöld	27 600	
5	Gjöld samtals	64 400	
4	Sértekjur	13 000	
	Mismunur		**51 400**

04–293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	12 300	
	Gjöld samtals		12 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	12 300	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**11 200**

04–311 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 100
1 01	Landgræðsla ríkisins	107 800	
1 20	Sérstök verkefni	81 500	
1 90	Fyrirhleðslur	18 800	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhaldsfé	5 000	
Stofnkostnaður:			6 500
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 20	Fasteignir	2 000	
	Gjöld samtals		219 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	79 100	
52–58	Önnur gjöld	140 500	
5	Gjöld samtals	219 600	
4	Sértekjur	23 500	
	Mismunur		**196 100**

04–321 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			201 800
1 01	Skógrækt ríkisins	93 000	
1 10	Rannsóknastöðin Mógilsá	51 700	
1 90	Sérstök verkefni	57 100	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Viðhaldsfé	6 200	
Stofnkostnaður:			11 300
6 01	Tæki og búnaður	6 200	
6 20	Fasteignir, óskipt	5 100	
	Gjöld samtals		219 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 700	
52–58	Önnur gjöld	103 600	
5	Gjöld samtals	219 300	
4	Sértekjur	63 300	
	Mismunur		**156 000**

04–331 Héraðsskógar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 700
1 10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	54 700	
	Gjöld samtals		54 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 700	
52–58	Önnur gjöld	45 000	
5	Gjöld samtals	54 700	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**53 000**

04–801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 616 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	2 502 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	99 000	
1 99	Afleysingarþjónusta kúabænda	15 000	
	Gjöld samtals		2 616 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 616 000	
5	Gjöld samtals		**2 616 000**

04–805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 703 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	1 637 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	66 000	
1 05	Niðurgreiðslur á ull og gærum	250 000	
1 10	Vaxta- og geymslukostnaður	290 000	
1 30	Uppkaup á fullvirðisrétti	460 000	
	Gjöld samtals		2 703 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 703 000	
5	Gjöld samtals		**2 703 000**

04–811 Búnaðarfélag Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			157 200
1 01	Búnaðarfélag Íslands	75 900	
1 10	Búnaðarfélag Íslands, uppbætur á lífeyri	3 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 91	Kynbótastöðvar	34 800	
1 92	Héraðsbúnaðarsambönd	40 100	
1 95	Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	2 600	
	Stofnkostnaður:		44 500
6 95	Búfjárræktarframlög	44 500	
	Gjöld samtals		201 700
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	201 700	
5	Gjöld samtals		**201 700**

04–821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		250 000
1 01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	250 000	
	Gjöld samtals		250 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**

04–831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

	Viðfangsefni:		
	Stofnkostnaður:		30 500
6 20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	30 500	
	Gjöld samtals		30 500
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 500	
5	Gjöld samtals		**30 500**

04–841 Fiskeldisrannsóknir

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		29 400
1 01	Fiskeldisrannsóknir	29 400	
	Gjöld samtals		29 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	29 400	
5	Gjöld samtals		**29 400**

04–851 Greiðslur vegna riðuveiki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 200
1 90	Greiðslur vegna riðuveiki	87 200	
	Gjöld samtals		87 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	87 200	
5	Gjöld samtals		**87 200**
	Samtals		6 913 000

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 100
1 01	Yfirstjórn	70 100	
	Gjöld samtals		70 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 900	
52–58	Önnur gjöld	25 200	
5	Gjöld samtals		**70 100**
05–190	**Ýmis verkefni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 700
1 20	Eldi sjávardýra	19 400	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur	3 000	
1 31	Stjórn fiskveiða	11 800	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	27 200	
1 40	Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla	2 100	
1 42	Verktakasamningur um upplýsingaröflun	30 200	
1 43	Skiptaverðsnefnd	15 100	
1 44	Málsskotsnefnd heilbrigðiskrafna	1 500	
1 51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	5 000	
1 52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	10 400	
	Gjöld samtals		125 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
52–58	Önnur gjöld	27 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	49 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 700	
	5918 Til erlendra aðila	15 400	
5	Gjöld samtals		**125 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			551 900
1 01	Almenn starfsemi	217 800	
1 20	Útibú	17 700	
1 30	Rannsóknarskip	166 200	
1 36	Veiðarfærakostnaður	23 000	
1 39	Annar skiparekstur	46 100	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	14 700	
1 43	Fjölstofnarannsóknir	66 400	
Viðhaldsverkefni:			32 600
5 31	Viðhald skipa	32 600	
Stofnkostnaður:			35 000
6 31	Tæki og búnaður í skip	20 000	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	15 000	
	Gjöld samtals		619 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	301 800	
52–58	Önnur gjöld	317 700	
5	Gjöld samtals	619 500	
4	Sértekjur	20 900	
	Mismunur		**598 600**
05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 100
1 01	Almenn starfsemi	179 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			15 600
6 01	Tæki og búnaður	15 600	
	Gjöld samtals		194 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 500	
52–58	Önnur gjöld	77 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 000	
5	Gjöld samtals	194 700	
4	Sértekjur	103 200	
	Mismunur		**91 500**

05–204 Fiskistofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			211 300
1 01	Fiskistofa	211 300	
Stofnkostnaður:			4 500
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
	Gjöld samtals		215 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 800	
52–58	Önnur gjöld	87 000	
5	Gjöld samtals	215 800	
4	Sértekjur	109 600	
	Mismunur		**106 200**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 200	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**1 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			24 000
6 10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	24 000	
	Gjöld samtals		24 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	24 000	
5	Gjöld samtals		**24 000**
05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 400
1 01	Yfirstjórn	27 600	
1 30	Keldnaholt	33 800	
Viðhaldsverkefni:			8 500
5 30	Keldnaholt, viðhald	8 500	
	Gjöld samtals		69 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 000	
52–58	Önnur gjöld	37 900	
5	Gjöld samtals	69 900	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**68 100**
	Samtals		1 088 700

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 600
1 01	Yfirstjórn	96 600	
	Gjöld samtals		96 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 600	
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals		**96 600**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 600
1 01	Stjórnartíðindi	23 600	
	Gjöld samtals		23 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 600	
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals	23 600	
4	Sértekjur	15 000	
	Mismunur		**8 600**
06–103 Lagasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 300
1 10	Útgáfa lagasafns	5 300	
	Gjöld samtals		5 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals	5 300	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**200**

06–111 Kosningar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 10	Kosningar	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 000	
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

06–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 400
1 11	Námsleyfi lögfræðinga	2 600	
1 21	Próf málflytjenda	400	
1 22	Próf skjalaþýðenda	700	
1 23	Próf fasteignasala	1 300	
1 31	Matsnefnd eignarnámsbóta	2 300	
1 32	Tölvunefnd	3 900	
1 33	Mannanafnanefnd	1 000	
1 34	Örorkumatsnefnd	1 500	
1 41	Útgáfa norræns dómasafns	500	
1 42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	400	
1 43	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	3 100	
1 44	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	600	
1 51	Innheimta meðlaga	2 800	
1 61	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	300	
	Gjöld samtals		21 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
	5918 Til erlendra aðila	3 900	
5	Gjöld samtals	21 400	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**17 300**

06–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

06–201 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 900
1 01	Yfirstjórn	21 800	
1 02	Útgáfa hæstaréttardóma	11 100	
	Gjöld samtals		32 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 500	
52–58	Önnur gjöld	17 400	
5	Gjöld samtals	32 900	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**28 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–211 Héraðsdómur Reykjavíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			160 800
1 02	Héraðsdómur Reykjavíkur	160 800	
	Gjöld samtals		160 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	120 500	
52–58	Önnur gjöld	40 300	
5	Gjöld samtals		**160 800**
06–212 Héraðsdómur Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 500
1 02	Héraðsdómur Vesturlands	12 500	
	Gjöld samtals		12 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**12 500**
06–213 Héraðsdómur Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 500
1 02	Héraðsdómur Vestfjarða	12 500	
	Gjöld samtals		12 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**12 500**
06–214 Héraðsdómur Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	10 500	
	Gjöld samtals		10 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals		**10 500**

06–215 Héraðsdómur Norðurlands eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 800
1 02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	23 800	
	Gjöld samtals		23 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 000	
52–58	Önnur gjöld	6 800	
5	Gjöld samtals		**23 800**

06–216 Héraðsdómur Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 500
1 02	Héraðsdómur Austurlands	12 500	
	Gjöld samtals		12 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**12 500**

06–217 Héraðsdómur Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 400
1 02	Héraðsdómur Suðurlands	22 400	
	Gjöld samtals		22 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 900	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals		**22 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–218 Héraðsdómur Reykjaness			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 800
1 02	Héraðsdómur Reykjaness	51 800	
	Gjöld samtals		51 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 600	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals		**51 800**
06–231 Málskostnaður í opinberum málum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 900
1 10	Málskostnaður í opinberum málum	96 900	
	Gjöld samtals		96 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200	
52–58	Önnur gjöld	96 700	
5	Gjöld samtals	96 900	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**84 600**
06–232 Opinber réttaraðstoð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 300
1 10	Opinber réttaraðstoð	10 300	
	Gjöld samtals		10 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 300	
5	Gjöld samtals	10 300	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**9 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 000
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	3 200	
1 11	Meðdómsmenn	14 400	
1 12	Setu- og varadómarar	3 300	
1 14	Óviss útgjöld	3 100	
	Gjöld samtals		24 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 800	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**24 000**
06–291 Húsnæði og búnaður dómstóla			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			2 500
5 01	Viðhald húseigna	2 500	
Stofnkostnaður:			104 500
6 01	Húsnæði Hæstaréttar	100 000	
6 60	Upplýsingakerfi dómstóla	4 500	
	Gjöld samtals		107 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	107 000	
5	Gjöld samtals		**107 000**
06–301 Ríkissaksóknari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 400
1 05	Ríkissaksóknari	45 400	
	Gjöld samtals		45 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals		**45 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–302 Rannsóknarlögregla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			165 600
1 02	Rannsóknarlögregla ríkisins	165 600	
Stofnkostnaður:			3 500
6 02	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		169 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 600	
52–58	Önnur gjöld	35 500	
5	Gjöld samtals	169 100	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**167 600**
06–305 Lögregluskóli ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 600
1 01	Lögregluskóli ríkisins	29 600	
	Gjöld samtals		29 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 900	
52–58	Önnur gjöld	11 700	
5	Gjöld samtals	29 600	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**29 200**
06–311 Lögreglustjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			915 100
1 01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	915 100	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 80	Bifreiðir	20 000	
	Gjöld samtals		938 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	707 100	
52–58	Önnur gjöld	231 000	
5	Gjöld samtals	938 100	
4	Sértekjur	39 000	
	Mismunur		**899 100**

06–321 Almannavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 500
1 01	Almannavarnir ríkisins	23 500	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		25 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	13 500	
5	Gjöld samtals		**25 500**

06–331 Umferðarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 400
1 01	Yfirstjórn	46 800	
1 10	Ökunám	26 600	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		74 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 000	
52–58	Önnur gjöld	45 400	
5	Gjöld samtals	74 400	
4	Sértekjur	59 000	
	Mismunur		**15 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–341 Áfengis- og fíkniefnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 800
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 300	
1 20	Fíkniefnamál	1 500	
	Gjöld samtals		2 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 100	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**2 800**
06–390 Ýmis löggæslukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 200
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	15 200	
Stofnkostnaður:			25 000
6 10	Bifreiðir	25 000	
	Gjöld samtals		40 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	32 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	40 200	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**35 200**
06–391 Húsnæði löggæslustofnana			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhald húseigna	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–395	**Landhelgisgæsla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			608 900
1 90	Landhelgisgæsla Íslands	608 900	
Stofnkostnaður:			253 000
6 01	Tæki og búnaður	253 000	
	Gjöld samtals		861 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	310 000	
52–58	Önnur gjöld	551 900	
5	Gjöld samtals	861 900	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**858 900**
06–411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 200
1 01	Yfirstjórn	129 200	
	Gjöld samtals		129 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 300	
52–58	Önnur gjöld	36 900	
5	Gjöld samtals		**129 200**
06–412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 200
1 01	Yfirstjórn	29 800	
1 20	Löggæsla	34 400	
	Gjöld samtals		64 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 700	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals		**64 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 200
1 01	Yfirstjórn	22 100	
1 20	Löggæsla	26 700	
1 30	Hreppstjórar	1 400	
	Gjöld samtals		50 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 400	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals	50 200	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**49 000**
06–414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 300
1 01	Yfirstjórn	26 600	
1 20	Löggæsla	37 600	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
	Gjöld samtals		65 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 800	
52–58	Önnur gjöld	13 500	
5	Gjöld samtals	65 300	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**63 800**
06–415 Sýslumaðurinn í Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 01	Yfirstjórn	10 400	
1 20	Löggæsla	4 600	
1 30	Hreppstjórar	800	
	Gjöld samtals		15 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 100	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	15 800	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**15 500**

06–416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 300
1 01	Yfirstjórn	17 600	
1 20	Löggæsla	16 000	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		34 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 900	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals	34 300	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**32 400**

06–417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 400
1 01	Yfirstjórn	10 900	
1 20	Löggæsla	8 500	
	Gjöld samtals		19 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 400	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	19 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**19 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 600
1 01	Yfirstjórn	36 400	
1 20	Löggæsla	43 400	
1 30	Hreppstjórar	1 300	
1 40	Tollgæsla	1 500	
	Gjöld samtals		82 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 800	
52–58	Önnur gjöld	21 800	
5	Gjöld samtals	82 600	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**79 300**
06–419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 300
1 01	Yfirstjórn	10 500	
1 20	Löggæsla	5 100	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		16 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 100	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	16 300	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**16 000**
06–420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 400
1 01	Yfirstjórn	22 200	
1 20	Löggæsla	23 700	
1 30	Hreppstjórar	1 500	
	Gjöld samtals		47 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 900	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals	47 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**47 000**

06–421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 400
1 01	Yfirstjórn	23 900	
1 20	Löggæsla	26 300	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
1 40	Tollgæsla	1 100	
	Gjöld samtals		52 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 300	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals	52 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**52 000**

06–422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 000
1 01	Yfirstjórn	14 900	
1 20	Löggæsla	14 100	
	Gjöld samtals		29 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals	29 000	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**27 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 100
1 01	Yfirstjórn	11 600	
1 20	Löggæsla	8 500	
	Gjöld samtals		20 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 300	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	20 100	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**19 900**
06–424 Sýslumaðurinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 100
1 01	Yfirstjórn	68 700	
1 20	Löggæsla	90 900	
1 25	Fangelsi	12 700	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
1 40	Tollgæsla	5 600	
	Gjöld samtals		179 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	141 600	
52–58	Önnur gjöld	37 500	
5	Gjöld samtals	179 100	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**178 100**
06–425 Sýslumaðurinn á Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 500
1 01	Yfirstjórn	31 300	
1 20	Löggæsla	39 300	
1 30	Hreppstjórar	1 900	
	Gjöld samtals		72 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 900	
52–58	Önnur gjöld	16 600	
5	Gjöld samtals	72 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**71 400**

06–426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 300
1 01	Yfirstjórn	26 400	
1 20	Löggæsla	31 900	
1 30	Hreppstjórar	1 600	
1 40	Tollgæsla	4 400	
	Gjöld samtals		64 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 500	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals	64 300	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**63 400**

06–427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 800
1 01	Yfirstjórn	13 900	
1 20	Löggæsla	8 900	
	Gjöld samtals		22 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 100	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals	22 800	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**22 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 800
1 01	Yfirstjórn	24 400	
1 20	Löggæsla	23 300	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
	Gjöld samtals		48 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 000	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals	48 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**47 800**
06–429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 500
1 01	Yfirstjórn	14 400	
1 20	Löggæsla	14 500	
1 30	Hreppstjórar	600	
	Gjöld samtals		29 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 700	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
5	Gjöld samtals	29 500	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**29 300**
06–430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 400
1 01	Yfirstjórn	12 500	
1 20	Löggæsla	8 700	
1 30	Hreppstjórar	200	
	Gjöld samtals		21 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals	21 400	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**20 900**

06–431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 900
1 01	Yfirstjórn	17 800	
1 20	Löggæsla	17 800	
1 30	Hreppstjórar	1 300	
	Gjöld samtals		36 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 300	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	36 900	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**35 900**

06–432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 300
1 01	Yfirstjórn	30 700	
1 20	Löggæsla	36 300	
1 40	Tollgæsla	6 300	
	Gjöld samtals		73 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 500	
52–58	Önnur gjöld	16 800	
5	Gjöld samtals	73 300	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**68 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–433 Sýslumaðurinn á Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			124 300
1 01	Yfirstjórn	43 900	
1 20	Löggæsla	77 200	
1 30	Hreppstjórar	1 700	
1 40	Tollgæsla	1 500	
	Gjöld samtals		124 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	97 500	
52–58	Önnur gjöld	26 800	
5	Gjöld samtals	124 300	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**119 200**
06–434 Sýslumaðurinn í Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			174 400
1 01	Yfirstjórn	54 100	
1 20	Löggæsla	114 800	
1 30	Hreppstjórar	500	
1 40	Tollgæsla	5 000	
	Gjöld samtals		174 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	138 200	
52–58	Önnur gjöld	36 200	
5	Gjöld samtals	174 400	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**172 000**
06–436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			205 300
1 01	Yfirstjórn	88 400	
1 20	Löggæsla	106 400	
1 30	Hreppstjórar	200	
1 40	Tollgæsla	10 300	
	Gjöld samtals		205 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	166 900	
52–58	Önnur gjöld	38 400	
5	Gjöld samtals	205 300	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**204 100**

06–437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 900
1 01	Yfirstjórn	63 200	
1 20	Löggæsla	68 700	
	Gjöld samtals		131 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 800	
52–58	Önnur gjöld	23 100	
5	Gjöld samtals	131 900	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**131 400**

06–490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			124 800
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	25 500	
1 20	Kostnaður við löggæslunám	25 500	
1 21	Óviss útgjöld	12 100	
1 30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	61 700	
	Gjöld samtals		124 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 400	
52–58	Önnur gjöld	108 400	
5	Gjöld samtals		**124 800**

06–491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			18 000
5 01	Viðhald húseigna	18 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			99 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
6 12	Húsnæði sýslumannsins á Akranesi	25 000	
6 26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði	7 000	
6 31	Húsnæði sýslumannsins á Hvolsvelli	12 000	
6 50	Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.	20 000	
6 60	Upplýsingakerfi sýslumanna	20 000	
	Gjöld samtals		117 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	117 000	
5	Gjöld samtals		**117 000**

06–501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			357 800
1 01	Yfirstjórn	40 900	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	45 900	
1 23	Fangelsið Síðumúla	34 600	
1 25	Fangelsið Kópavogsbraut	30 500	
1 27	Fangelsið Litla-Hrauni	167 100	
1 29	Fangelsið Kvíabryggju	28 100	
1 91	Fangahjálp	5 300	
1 93	Sjúkrakostnaður refsifanga	1 000	
1 95	Fangavarðaskóli	2 100	
1 97	Forföll fangavarða	2 300	
	Gjöld samtals		357 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	241 100	
52–58	Önnur gjöld	113 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals	357 800	
4	Sértekjur	34 800	
	Mismunur		**323 000**

06–591 Fangelsisbyggingar

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			8 000
5 01	Viðhald bygginga	8 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			100 000
6 10	Stofnframkvæmdir	100 000	
	Gjöld samtals		108 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	108 000	
5	Gjöld samtals		**108 000**

06–701 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			433 600
1 01	Yfirstjórn	42 000	
1 11	Vígslubiskup Skálholti	3 300	
1 13	Vígslubiskup Hólum	3 300	
1 21	Prestar og prófastar	360 600	
1 31	Kristnisjóður	18 300	
1 91	Skálholtsstaður	6 100	
Stofnkostnaður:			13 500
6 21	Skálholtsstaður	6 500	
6 22	Hallgrímskirkja	4 000	
6 23	Hóladómkirkja	2 000	
6 24	Snorrastofa	1 000	
	Gjöld samtals		447 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	332 700	
52–58	Önnur gjöld	96 100	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	18 300	
5	Gjöld samtals	447 100	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**436 100**
	Samtals		5 684 500

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 700
1 01	Yfirstjórn	80 300	
1 90	Reynslusveitarfélög	7 400	
1 99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	2 000	
	Gjöld samtals		89 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 100	
52–58	Önnur gjöld	38 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 200	
5	Gjöld samtals	89 700	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**89 600**
07–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			608 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	608 000	
	Gjöld samtals		608 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	608 000	
5	Gjöld samtals		**608 000**

07-275 Húsaleigubætur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			400 000
1 10	Húsaleigubætur	400 000	
	Gjöld samtals		400 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	400 000	
5	Gjöld samtals		**400 000**

07-302 Ríkissáttasemjari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 000
1 01	Ríkissáttasemjari	21 000	
	Gjöld samtals		21 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 800	
52-58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals		**21 000**

07-311 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 400
1 01	Jafnréttisráð	20 200	
1 10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3 200	
	Gjöld samtals		23 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 400	
52-58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**23 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–321 Brunamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 800
1 01	Brunamálastofnun ríksins	55 100	
1 10	Námssjóður	3 500	
1 20	Brunamálaskóli	8 200	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		70 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 800	
52–58	Önnur gjöld	43 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 500	
5	Gjöld samtals	70 300	
4	Sértekjur	81 100	
	Mismunur		**–10 800**
07–331 Vinnueftirlit ríksins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			148 500
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	148 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		153 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 500	
52–58	Önnur gjöld	58 000	
5	Gjöld samtals	153 500	
4	Sértekjur	36 400	
	Mismunur		**117 100**
07–400 Málefni barna og ungmenna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			221 800
1 90	Málefni barna og ungmenna	221 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			30 000
6 20	Bygging húsnæðis	30 000	
	Gjöld samtals		251 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	134 500	
52–58	Önnur gjöld	73 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 500	
5	Gjöld samtals		**251 800**

07–401 Barnaverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Barnaverndarráð	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**10 000**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 500
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	2 100	
1 20	Vistun geðfatlaðra	12 800	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	16 700	
1 80	Starfsþjálfun	8 800	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 100	
	Gjöld samtals		42 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 100	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 900	
5	Gjöld samtals		**42 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			236 800
1 01	Svæðisskrifstofa	24 800	
1 10	Svæðisráð	1 000	
1 20	Sambýli	121 600	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	9 100	
1 26	Sambýli Stigahlíð 71	11 900	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	5 800	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 400	
1 60	Dagvistun	8 300	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	17 500	
1 65	Skammtímavistun Hólabergi	10 900	
1 77	Vistheimili fyrir börn	17 300	
1 80	Atvinnuleit	2 400	
1 85	Félag heyrnarlausra	1 800	
	Gjöld samtals		236 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	168 200	
52-58	Önnur gjöld	19 600	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	29 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 000	
5	Gjöld samtals		**236 800**
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			222 900
1 01	Svæðisskrifstofa	22 100	
1 10	Svæðisráð	1 000	
1 20	Sambýli	67 400	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	20 100	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	1 200	
1 60	Skammtímavistun	22 300	
1 61	Dagvistun Keflavík	7 700	
1 64	Hæfingarstöðvar	23 200	
1 69	Skammtímavistun, Reykjadal	2 200	
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	39 300	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	3 400	
1 73	Vistheimili fyrir börn	13 000	
	Gjöld samtals		222 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	173 800	
52–58	Önnur gjöld	41 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 200	
5	Gjöld samtals	222 900	
4	Sértekjur	6 200	
	Mismunur		**216 700**

07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 800
1 01	Svæðisskrifstofa	9 800	
1 10	Svæðisráð	600	
1 20	Sambýli Akranesi	13 400	
1 21	Sambýli Borgarnesi	6 600	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	11 300	
1 40	Leikfangasöfn Vesturlandi	2 900	
1 60	Dagvistun Akranesi	6 800	
1 61	Skammtímavistun	6 400	
	Gjöld samtals		57 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 600	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 100	
5	Gjöld samtals	57 800	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**51 200**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 500
1 01	Svæðisskrifstofa	8 900	
1 10	Svæðisráð	600	
1 20	Sambýli Ísafirði	2 200	
1 40	Leikfangasöfn Vestfjörðum	4 100	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	26 700	
	Gjöld samtals		42 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 400	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800	
5	Gjöld samtals		**42 500**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 000
1 01	Svæðisskrifstofa	10 800	
1 10	Svæðisráð	700	
1 20	Sambýli	51 700	
1 40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	6 400	
1 50	Vistheimili fyrir börn	7 400	
1 60	Skammtímavistun	3 900	
1 61	Dagvist Siglufirði	3 800	
1 90	Verkstjórn	1 300	
	Gjöld samtals		86 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 500	
52–58	Önnur gjöld	12 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals		**86 000**

07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			249 700
1 01	Svæðisskrifstofa	24 100	
1 10	Svæðisráð	700	
1 20	Sambýli	101 200	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	22 100	
1 31	Verndaður vinnustaður	14 000	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	2 500	
1 60	Skammtímavistun	12 200	
1 70	Vistheimilið Sólborg	72 900	
	Gjöld samtals		249 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	205 500	
52–58	Önnur gjöld	41 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 300	
5	Gjöld samtals	249 700	
4	Sértekjur	17 100	
	Mismunur		**232 600**

07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 000
1 01	Svæðisskrifstofa	17 800	
1 10	Svæðisráð	600	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	29 300	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	6 600	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	6 500	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	2 200	
	Gjöld samtals		63 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 500	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 200	
5	Gjöld samtals	63 000	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**61 800**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 700
1 01	Svæðisskrifstofa	14 800	
1 10	Svæðisráð	700	
1 20	Sambýli Selfossi	28 200	
1 24	Sambýli Bitru	6 400	
1 25	Sambýli Hlíðartungu	6 400	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	7 300	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	8 600	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	11 500	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 600	
1 50	Vistheimili fyrir börn	14 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 70	Lambhagi	8 300	
1 72	Skaftholt	6 400	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	6 500	
	Gjöld samtals		120 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 200	
52–58	Önnur gjöld	20 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 900	
5	Gjöld samtals	120 700	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**114 400**

07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 400
1 70	Heimili einhverfra	48 400	
	Gjöld samtals		48 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 800	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals		**48 400**

07–711 Styrktarfélag vangefinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			196 500
1 20	Sambýli	55 200	
1 30	Vinnustofan Ás	24 000	
1 60	Dagvistun Lækjarási	27 500	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	31 700	
1 62	Dagvistun Lyngási	43 500	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	14 600	
	Gjöld samtals		196 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	141 700	
52–58	Önnur gjöld	54 800	
5	Gjöld samtals	196 500	
4	Sértekjur	12 700	
	Mismunur		**183 800**

07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 700
1 70	Vistheimilið Skálatúni	105 700	
	Gjöld samtals		105 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 800	
52–58	Önnur gjöld	24 900	
5	Gjöld samtals	105 700	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**104 700**

07–722 Sólheimar Grímsnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 900
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	76 900	
	Gjöld samtals		76 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	76 900	
5	Gjöld samtals		**76 900**

07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 800
1 01	Yfirstjórn	68 800	
	Gjöld samtals		68 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 100	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals	68 800	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**65 000**

07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			330 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	330 000	
	Gjöld samtals		330 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
52–58	Önnur gjöld	328 000	
5	Gjöld samtals		**330 000**

07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 947 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 947 000	
	Gjöld samtals		1 947 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 947 000	
5	Gjöld samtals		**1 947 000**

07–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 90	Rekstrarhagræðing	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-980	**Vinnumálaskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 800
1 01	Yfirstjórn	60 800	
	Gjöld samtals		60 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 800	
52–58	Önnur gjöld	27 000	
5	Gjöld samtals	60 800	
4	Sértekjur	48 400	
	Mismunur		**12 400**
07-981	**Vinnumál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 100
1 10	Félagsdómur	3 500	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	48 000	
1 70	Atvinnumál kvenna	20 000	
1 81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5 200	
1 90	Ýmislegt	10 400	
	Gjöld samtals		87 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	1 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	76 900	
	5918 Til erlendra aðila	5 200	
5	Gjöld samtals		**87 100**
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			400 000
1 01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	400 000	
	Gjöld samtals		400 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	400 000	
5	Gjöld samtals		**400 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–984 Atvinnuleysistryggingasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 870 000
1 10	Atvinnuleysistryggingasjóður	2 870 000	
	Gjöld samtals		2 870 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 870 000	
5	Gjöld samtals		**2 870 000**
07–985 Félagsmálaskóli alþýðu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 900
1 10	Almennur rekstur	12 500	
1 20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4 400	
1 30	Norræni verkalýðsskólinn í Genf	200	
1 40	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1 800	
	Gjöld samtals		18 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 700	
	5918 Til erlendra aðila	200	
5	Gjöld samtals		**18 900**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 400
1 10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	11 000	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	61 800	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	21 700	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	15 400	
1 41	Stígamót	6 900	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	1 800	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 500	
1 90	Ýmis framlög	8 200	
	Gjöld samtals		134 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 300	
52–58	Önnur gjöld	500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	126 100	
5	Gjöld samtals		**134 400**
	Samtals		8 898 200

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 400
1 01	Yfirstjórn	120 400	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		123 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 400	
52–58	Önnur gjöld	53 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	123 400	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**119 200**
08–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
08–201	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			500 200
1 01	Tryggingastofnun ríkisins	500 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 20	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			25 200
6 01	Tæki og búnaður	25 200	
	Gjöld samtals		527 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	275 800	
52–58	Önnur gjöld	251 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	527 700	
4	Sértekjur	115 100	
	Mismunur		**412 600**

08–204 Lífeyristryggingar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800 000
1 10	Lífeyristryggingar	15 800 000	
	Gjöld samtals		15 800 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 800 000	
5	Gjöld samtals		**15 800 000**

08–206 Sjúkratryggingar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 800 000
1 10	Sjúkratryggingar	9 800 000	
	Gjöld samtals		9 800 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 800 000	
5	Gjöld samtals		**9 800 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–208 Slysatryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			540 000
1 10	Slysatryggingar	540 000	
	Gjöld samtals		540 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	540 000	
5	Gjöld samtals		**540 000**
08–214 Eftirlaunasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			107 000
1 10	Eftirlaunasjóður aldraðra	107 000	
	Gjöld samtals		107 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	107 000	
5	Gjöld samtals		**107 000**
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 000
1 01	Yfirstjórn	34 400	
1 10	Læknaráð	1 900	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		37 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 800	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals		**37 000**
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 01	Tryggingaeftirlitið	31 400	
	Gjöld samtals		31 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 400	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals	31 400	
4	Sértekjur	31 400	
	Mismunur		

08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 100
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	90 100	
Stofnkostnaður:			2 000
6 10	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		92 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 900	
52–58	Önnur gjöld	19 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	41 600	
5	Gjöld samtals	92 100	
4	Sértekjur	18 400	
	Mismunur		**73 700**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 500
1 01	Sjónstöð Íslands	40 500	
	Gjöld samtals		40 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 900	
5	Gjöld samtals	40 500	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**39 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–327 Geislavarnir ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 600
1 01	Geislavarnir ríkisins	21 600	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		23 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	10 700	
5	Gjöld samtals	23 100	
4	Sértekjur	6 400	
	Mismunur		**16 700**
08–330 Manneldisráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Manneldisráð	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 300	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**9 900**
08–340 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 100
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 300	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	4 200	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 900	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	11 200	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 500	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 500	
1 90	Ýmis starfsemi	3 500	
	Stofnkostnaður:		20 000
6 90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	20 000	
	Gjöld samtals		68 100
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	68 100	
5	Gjöld samtals		**68 100**

08–350 Sjúkrahúsið Akranesi

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		448 200
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	448 200	
	Gjöld samtals		448 200
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	317 400	
52–58	Önnur gjöld	130 800	
5	Gjöld samtals	448 200	
4	Sértekjur	43 700	
	Mismunur		**404 500**

08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		74 100
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	74 100	
	Gjöld samtals		74 100
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	50 200	
52–58	Önnur gjöld	23 900	
5	Gjöld samtals	74 100	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**71 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			223 700
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	223 700	
	Gjöld samtals		223 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 700	
52–58	Önnur gjöld	67 000	
5	Gjöld samtals	223 700	
4	Sértekjur	32 700	
	Mismunur		**191 000**
08–355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			122 400
1 01	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	122 400	
	Gjöld samtals		122 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 800	
52–58	Önnur gjöld	29 600	
5	Gjöld samtals	122 400	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**115 000**
08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			279 200
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	279 200	
	Gjöld samtals		279 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	206 600	
52–58	Önnur gjöld	72 600	
5	Gjöld samtals	279 200	
4	Sértekjur	18 800	
	Mismunur		**260 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–357	**Sjúkrahúsið Siglufirði**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		133 900
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	133 900	
	Gjöld samtals		133 900
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	91 000	
52–58	Önnur gjöld	42 900	
5	Gjöld samtals	133 900	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**125 500**
08–358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		1 260 500
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 260 500	
	Viðhaldsverkefni:		20 800
5 01	Fasteign	20 800	
	Stofnkostnaður:		50 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	40 000	
	Gjöld samtals		1 331 300
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	856 300	
52–58	Önnur gjöld	475 000	
5	Gjöld samtals	1 331 300	
4	Sértekjur	162 000	
	Mismunur		**1 169 300**
08–359	**Sjúkrahúsið Húsavík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		251 500
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	251 500	
	Gjöld samtals		251 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	178 000	
52–58	Önnur gjöld	73 500	
5	Gjöld samtals	251 500	
4	Sértekjur	25 900	
	Mismunur		**225 600**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 200
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	92 200	
	Gjöld samtals		92 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 000	
52–58	Önnur gjöld	37 200	
5	Gjöld samtals	92 200	
4	Sértekjur	4 900	
	Mismunur		**87 300**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 300
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	179 300	
	Gjöld samtals		179 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	130 500	
52–58	Önnur gjöld	48 800	
5	Gjöld samtals	179 300	
4	Sértekjur	20 000	
	Mismunur		**159 300**

08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 300
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	101 300	
	Gjöld samtals		101 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 000	
52–58	Önnur gjöld	26 300	
5	Gjöld samtals	101 300	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**96 300**

08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			241 200
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	241 200	
	Gjöld samtals		241 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 300	
52–58	Önnur gjöld	66 900	
5	Gjöld samtals	241 200	
4	Sértekjur	31 200	
	Mismunur		**210 000**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			191 800
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	191 800	
	Gjöld samtals		191 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 700	
52–58	Önnur gjöld	56 100	
5	Gjöld samtals	191 800	
4	Sértekjur	21 300	
	Mismunur		**170 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367	**Sjúkrahúsið Suðurnesjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			284 600
1 01	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	224 000	
1 10	Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	60 600	
	Gjöld samtals		284 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	193 900	
52–58	Önnur gjöld	90 700	
5	Gjöld samtals	284 600	
4	Sértekjur	51 500	
	Mismunur		**233 100**
08–368	**Sólvangur, Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			226 000
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	226 000	
	Gjöld samtals		226 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 800	
52–58	Önnur gjöld	48 200	
5	Gjöld samtals	226 000	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**217 600**
08–370	**Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	2 500	
Stofnkostnaður:			80 000
6 50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	80 000	
	Gjöld samtals		82 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
52–58	Önnur gjöld	80 500	
5	Gjöld samtals		**82 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 844 900
1 01	Ríkisspítalar	6 844 900	
Viðhaldsverkefni:			74 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	74 000	
Stofnkostnaður:			239 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	95 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	144 000	
	Gjöld samtals		7 157 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 435 900	
52–58	Önnur gjöld	2 722 000	
5	Gjöld samtals	7 157 900	
4	Sértekjur	795 000	
	Mismunur		**6 362 900**
08–372 Borgarspítalinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 261 400
1 01	Borgarspítalinn	3 261 400	
Viðhaldsverkefni:			40 000
5 01	Fasteign	40 000	
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
	Gjöld samtals		3 326 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 207 400	
52–58	Önnur gjöld	1 119 000	
5	Gjöld samtals	3 326 400	
4	Sértekjur	445 700	
	Mismunur		**2 880 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			907 000
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	907 000	
Viðhaldsverkefni:			6 600
5 01	Viðhald	6 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		923 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	600 100	
52–58	Önnur gjöld	323 500	
5	Gjöld samtals	923 600	
4	Sértekjur	172 600	
	Mismunur		**751 000**
08–378 Læknishéraðasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			25 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	25 000	
Stofnkostnaður:			260 100
6 60	Tækjakaup, óskipt	17 400	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	242 700	
	Gjöld samtals		285 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	285 100	
5	Gjöld samtals		**285 100**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			251 000
1 01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	251 000	
Stofnkostnaður:			229 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	229 000	
	Gjöld samtals		480 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	480 000	
5	Gjöld samtals		**480 000**

08–393 Lyfjamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 500
1 31	Lyfsölusjóður	1 900	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	4 000	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	300	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	300	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	1 000	
	Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	7 500	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**6 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 100
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	15 100	
	Gjöld samtals		15 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	15 100	
4	Sértekjur	15 100	
	Mismunur		
08–396 Lyfjanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 700
1 01	Lyfjanefnd	14 700	
	Gjöld samtals		14 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 400	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals	14 700	
4	Sértekjur	14 700	
	Mismunur		
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			220 200
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	100 500	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 500	
1 37	Hjartavernd	8 300	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	45 300	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	8 900	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	7 900	
1 90	Ýmis framlög	8 000	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 500	
	Gjöld samtals		220 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	38 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	163 500	
	5918 Til erlendra aðila	14 200	
5	Gjöld samtals		**220 200**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			249 200
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	249 200	
	Gjöld samtals		249 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	171 900	
52–58	Önnur gjöld	77 300	
5	Gjöld samtals	249 200	
4	Sértekjur	49 500	
	Mismunur		**199 700**

08–401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 000
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	108 000	
	Gjöld samtals		108 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 400	
52–58	Önnur gjöld	30 600	
5	Gjöld samtals	108 000	
4	Sértekjur	8 900	
	Mismunur		**99 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–402 Sjúkrahús Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 500
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	89 500	
	Gjöld samtals		89 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 000	
52–58	Önnur gjöld	25 500	
5	Gjöld samtals	89 500	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**87 300**
08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 300
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	43 300	
	Gjöld samtals		43 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 100	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals	43 300	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**42 500**
08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 900
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	25 900	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 900	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	25 900	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**25 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	12 300	
	Gjöld samtals		12 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	12 300	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**12 200**
08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	12 300	
	Gjöld samtals		12 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	12 300	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**12 200**
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 500
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	28 500	
	Gjöld samtals		28 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 700	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	28 500	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**26 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 900
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	133 900	
	Gjöld samtals		133 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 300	
52–58	Önnur gjöld	37 600	
5	Gjöld samtals	133 900	
4	Sértekjur	14 500	
	Mismunur		**119 400**
08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			272 800
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	272 800	
	Gjöld samtals		272 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	190 100	
52–58	Önnur gjöld	82 700	
5	Gjöld samtals	272 800	
4	Sértekjur	10 000	
	Mismunur		**262 800**
08–410 Hjúkrunarheimilið Eir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 600
1 01	Hjúkrunarheimilið Eir	137 600	
	Gjöld samtals		137 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	97 800	
52–58	Önnur gjöld	39 800	
5	Gjöld samtals	137 600	
4	Sértekjur	12 000	
	Mismunur		**125 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–411 Garðvangur, Garði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 000
1 01	Garðvangur, Garði	99 000	
	Gjöld samtals		99 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 800	
52–58	Önnur gjöld	30 200	
5	Gjöld samtals	99 000	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**97 300**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 400
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	208 400	
	Gjöld samtals		208 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	125 600	
52–58	Önnur gjöld	82 800	
5	Gjöld samtals	208 400	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**201 200**
08–421 Víðines			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 000
1 01	Víðines	74 000	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 600	
52–58	Önnur gjöld	31 400	
5	Gjöld samtals	74 000	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**66 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–422 Hlaðgerðarkot			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 800
1 01	Hlaðgerðarkot	35 800	
	Gjöld samtals		35 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 300	
52–58	Önnur gjöld	14 500	
5	Gjöld samtals		**35 800**
08–430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 800
1 01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	190 800	
	Gjöld samtals		190 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 900	
52–58	Önnur gjöld	54 900	
5	Gjöld samtals	190 800	
4	Sértekjur	24 100	
	Mismunur		**166 700**
08–431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 000
1 01	Endurhæfingardeild	56 600	
1 10	Heilsuhælisdeild	135 400	
	Gjöld samtals		192 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 700	
52–58	Önnur gjöld	18 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	135 400	
5	Gjöld samtals		**192 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 000
1 01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	70 000	
	Gjöld samtals		70 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 200	
52–58	Önnur gjöld	24 800	
5	Gjöld samtals	70 000	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**69 600**
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 600
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	161 600	
Viðhaldsverkefni:			45 000
5 01	Viðhald, óskipt	25 000	
5 80	Viðhald starfsmannaíbúða	20 000	
Stofnkostnaður:			36 300
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
6 10	Heyrnarmælingaklefar	5 300	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		242 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 800	
52–58	Önnur gjöld	123 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	74 600	
5	Gjöld samtals	242 900	
4	Sértekjur	20 000	
	Mismunur		**222 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			281 000
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	281 000	
	Gjöld samtals		281 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	169 200	
52–58	Önnur gjöld	109 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 300	
5	Gjöld samtals	281 000	
4	Sértekjur	17 800	
	Mismunur		**263 200**
08–511	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 400
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	34 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	22 100	
	Gjöld samtals		56 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 500	
52–58	Önnur gjöld	18 900	
5	Gjöld samtals	56 400	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**47 300**
08–512	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 400
1 10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	41 700	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	32 700	
	Gjöld samtals		74 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 700	
52–58	Önnur gjöld	21 700	
5	Gjöld samtals	74 400	
4	Sértekjur	15 000	
	Mismunur		**59 400**

08–513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 200
1 10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	27 200	
	Gjöld samtals		27 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 200	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	27 200	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**23 200**

08–514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 700
1 10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	25 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	30 400	
	Gjöld samtals		55 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 800	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals	55 700	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**46 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 200
1 01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	38 200	
	Gjöld samtals		38 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 200	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals	38 200	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**31 000**
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 500
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	31 500	
	Gjöld samtals		31 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 800	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	31 500	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**28 300**
08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 800	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	30 000	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**20 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	15 800	
	Gjöld samtals		15 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	15 800	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**13 400**
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 400
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	23 400	
	Gjöld samtals		23 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 000	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	23 400	
4	Sértekjur	9 200	
	Mismunur		**14 200**
08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 500
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	11 500	
	Gjöld samtals		11 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	11 500	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**9 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 800
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	18 800	
	Gjöld samtals		18 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 300	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	18 800	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**16 100**
08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 600
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	21 600	
	Gjöld samtals		21 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 200	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	21 600	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**16 500**
08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 100
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	42 100	
	Gjöld samtals		42 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 600	
52–58	Önnur gjöld	18 500	
5	Gjöld samtals	42 100	
4	Sértekjur	5 500	
	Mismunur		**36 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 400	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	8 000	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**7 300**
08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 700
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	8 700	
	Gjöld samtals		8 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	8 700	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**7 300**
08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 200
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	11 200	
	Gjöld samtals		11 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	11 200	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**9 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 200
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	11 200	
	Gjöld samtals		11 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	11 200	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**9 700**
08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	15 800	
	Gjöld samtals		15 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 800	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals	15 800	
4	Sértekjur	6 700	
	Mismunur		**9 100**
08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 000
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	24 000	
	Gjöld samtals		24 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals	24 000	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**18 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–543	**Heilsugæslustöðin Sauðárkróki**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 100
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	28 100	
	Gjöld samtals		28 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 600	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	28 100	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**24 300**
08–544	**Heilsugæslustöðin Siglufirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	15 600	
	Gjöld samtals		15 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	15 600	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**13 100**
08–551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**10 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	19 000	
4	Sértekjur	5 800	
	Mismunur		**13 200**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 400
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	109 400	
	Gjöld samtals		109 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 600	
52–58	Önnur gjöld	28 800	
5	Gjöld samtals	109 400	
4	Sértekjur	21 500	
	Mismunur		**87 900**
08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 500
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	30 500	
	Gjöld samtals		30 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 800	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals	30 500	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**26 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 200
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	9 200	
	Gjöld samtals		9 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 100	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals	9 200	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**7 600**
08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 900
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	9 900	
	Gjöld samtals		9 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	9 900	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 900**
08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**9 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 300
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	15 300	
	Gjöld samtals		15 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 400	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals	15 300	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**12 900**
08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 400
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	37 400	
	Gjöld samtals		37 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	37 400	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**26 400**
08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 900
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	9 900	
	Gjöld samtals		9 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	9 900	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 900
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	14 900	
	Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 900	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	14 900	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**12 700**
08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 600
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	21 600	
	Gjöld samtals		21 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 400	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	21 600	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**17 800**
08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 600	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	12 100	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**10 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	14 000	
	Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	14 000	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**13 100**
08–568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 800
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	22 800	
	Gjöld samtals		22 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 300	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	22 800	
4	Sértekjur	4 800	
	Mismunur		**18 000**
08–571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 600
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	10 600	
	Gjöld samtals		10 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 300	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	10 600	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**9 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		9 700
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	9 700	
	Gjöld samtals		9 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	6 600	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals	9 700	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 700**
08–573	**Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		30 300
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	30 300	
	Gjöld samtals		30 300
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	30 300	
4	Sértekjur	9 700	
	Mismunur		**20 600**
08–574	**Heilsugæslustöðin Hvolsvelli**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**8 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–575 Heilsugæslustöðin Hellu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 200
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	13 200	
	Gjöld samtals		13 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 700	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals	13 200	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**9 900**
08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 500
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	17 500	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 900	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals	17 500	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**13 500**
08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 800
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	34 800	
	Gjöld samtals		34 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	11 600	
5	Gjöld samtals	34 800	
4	Sértekjur	9 300	
	Mismunur		**25 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 900
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	9 900	
	Gjöld samtals		9 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	9 900	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**8 700**
08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	10 900	
	Gjöld samtals		10 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 100	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	10 900	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**9 300**
08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 400
1 01	Heilsugæslustöð Suðurnesja	79 400	
	Gjöld samtals		79 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 800	
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals	79 400	
4	Sértekjur	17 300	
	Mismunur		**62 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 100
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	74 100	
	Gjöld samtals		74 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 100	
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals	74 100	
4	Sértekjur	18 700	
	Mismunur		**55 400**
08–583 Heilsugæslustöðin Garðabæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 400
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	27 400	
	Gjöld samtals		27 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 400	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	27 400	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**21 800**
08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 300
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	68 300	
	Gjöld samtals		68 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 900	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
5	Gjöld samtals	68 300	
4	Sértekjur	15 700	
	Mismunur		**52 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 300
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	57 300	
	Gjöld samtals		57 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 600	
52–58	Önnur gjöld	13 700	
5	Gjöld samtals	57 300	
4	Sértekjur	10 800	
	Mismunur		**46 500**
08–586	**Heilsugæslustöðin Reykjalundi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 300
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	27 300	
	Gjöld samtals		27 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 100	
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals	27 300	
4	Sértekjur	7 000	
	Mismunur		**20 300**
08–601	**Ljósmæðraskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 400
1 01	Ljósmæðraskóli Íslands	2 400	
	Gjöld samtals		2 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**2 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–621 Áfengisvarnir og bindindismál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 500
1 10	Áfengisvarnaráð	8 700	
1 90	Annað	20 800	
	Gjöld samtals		29 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 500	
5	Gjöld samtals		**29 500**
08–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 800
1 90	Rekstrarhagræðing	58 800	
	Gjöld samtals		58 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	58 800	
5	Gjöld samtals		**58 800**
	Samtals		45 376 000

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			263 500
1 01	Yfirstjórn	263 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		268 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 000	
52–58	Önnur gjöld	94 500	
5	Gjöld samtals	268 500	
4	Sértekjur	10 000	
	Mismunur		**258 500**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 700
1 01	Ríkisbókhald	89 700	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		90 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 100	
52–58	Önnur gjöld	22 600	
5	Gjöld samtals	90 700	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**89 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–104	**Ríkisfjárhirsla**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 200
1 01	Ríkisfjárhirsla	30 200	
	Gjöld samtals		30 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 600	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals		**30 200**
09–105	**Ríkislögmaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 500
1 01	Ríkislögmaður	20 500	
	Gjöld samtals		20 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	20 500	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**19 300**
09–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–201 Ríkisskattstjóri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		284 100
1 01 Yfirstjórn	187 900	
1 10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	96 200	
Stofnkostnaður:		8 000
6 01 Tæki og búnaður	8 000	
Gjöld samtals		292 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	149 000	
52–58 Önnur gjöld	143 100	
5 Gjöld samtals		**292 100**
09–202 Skattstofan í Reykjavík		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		174 100
1 01 Skattstofan í Reykjavík	174 100	
Stofnkostnaður:		10 000
6 01 Tæki og búnaður	10 000	
Gjöld samtals		184 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	138 900	
52–58 Önnur gjöld	45 200	
5 Gjöld samtals		**184 100**
09–203 Skattstofa Vesturlands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		29 500
1 01 Skattstofa Vesturlands	29 500	
Gjöld samtals		29 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 000	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals	29 500	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**29 200**

09–204 Skattstofa Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 400
1 01	Skattstofa Vestfjarða	21 400	
	Gjöld samtals		21 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 600	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	21 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**21 000**

09–205 Skattstofa Norðurlands vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 400
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	19 400	
	Gjöld samtals		19 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 800	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals	19 400	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**19 100**

09–206 Skattstofa Norðurlands eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 900
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	51 900	
	Gjöld samtals		51 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 400	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	51 900	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**51 300**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Skattstofa Austurlands	24 400	
	Gjöld samtals		24 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals	24 400	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**24 100**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 800
1 01	Skattstofa Suðurlands	28 800	
	Gjöld samtals		28 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	28 800	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**28 400**

09–209 Skattstofa Vestmannaeyja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 900
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	11 900	
	Gjöld samtals		11 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	11 900	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**11 800**

09–211 Skattstofa Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 600
1 01	Skattstofa Reykjaness	90 600	
	Gjöld samtals		90 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 500	
52–58	Önnur gjöld	15 100	
5	Gjöld samtals	90 600	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**88 600**

09–212 Skattamál, ýmis útgjöld

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 700
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	5 400	
1 10	Skatteftirlit	14 300	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	13 000	
	Gjöld samtals		32 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 300	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
5	Gjöld samtals		**32 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–214	**Yfirskattanefnd**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		39 200
1 01	Yfirskattanefnd	39 200	
	Gjöld samtals		39 200
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	32 600	
52–58	Önnur gjöld	6 600	
5	Gjöld samtals		**39 200**
09–215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		54 500
1 01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	54 500	
	Stofnkostnaður:		1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		55 500
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	42 900	
52–58	Önnur gjöld	12 600	
5	Gjöld samtals		**55 500**
09–250	**Innheimtukostnaður**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		159 100
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	154 000	
1 20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5 100	
	Gjöld samtals		159 100
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	2 700	
52–58	Önnur gjöld	156 400	
5	Gjöld samtals		**159 100**
09–251	**Gjaldheimtan í Reykjavík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		138 000
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	138 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
6 20	Húsnæði	15 000	
	Gjöld samtals		168 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	168 000	
5	Gjöld samtals		**168 000**

09–259 Gjaldheimta Suðurnesja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 900
1 01	Gjaldheimta Suðurnesja	17 900	
	Gjöld samtals		17 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 900	
5	Gjöld samtals		**17 900**

09–261 Ríkistollstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 900
1 01	Ríkistollstjóri	96 900	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		102 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 700	
52–58	Önnur gjöld	48 200	
5	Gjöld samtals	102 900	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**101 800**

09–262 Tollstjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			232 400
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	138 300	
1 10	Tollgæsla	94 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		241 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	164 400	
52–58	Önnur gjöld	77 000	
5	Gjöld samtals	241 400	
4	Sértekjur	7 000	
	Mismunur		**234 400**

09–381 Uppbætur á lífeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			890 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	890 000	
	Gjöld samtals		890 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	890 000	
5	Gjöld samtals		**890 000**

09–402 Fasteignamat ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 500
1 01	Fasteignamat ríkisins	26 500	
Stofnkostnaður:			17 000
6 01	Tæki og búnaður	17 000	
	Gjöld samtals		43 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	43 500	
5	Gjöld samtals		**43 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–481	**Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			410 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	310 000	
6 90	Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	100 000	
	Gjöld samtals		410 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	310 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
5	Gjöld samtals		**410 000**
09–801	**Ýmis lán ríkissjóðs, vextir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	12 000 000	
	Gjöld samtals		12 000 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 000 000	
5	Gjöld samtals		**12 000 000**
09–901	**Framkvæmdasýslan**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 200
1 01	Framkvæmdasýslan	51 200	
Stofnkostnaður:			3 300
6 01	Tæki og búnaður	3 300	
	Gjöld samtals		54 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 100	
52–58	Önnur gjöld	24 400	
5	Gjöld samtals	54 500	
4	Sértekjur	50 000	
	Mismunur		**4 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 100
1 90 Rekstrarhagræðing	3 100	
Gjöld samtals		3 100
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	3 100	
5 Gjöld samtals		**3 100**
09–971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		245 000
6 01 Ríkisábyrgðir	225 000	
6 10 Tjónabætur	20 000	
Gjöld samtals		245 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	20 000	
59 Tilfærslur:		
5910 Til stofnana í A-hluta	225 000	
5 Gjöld samtals		**245 000**
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		45 000
6 22 Stjórnsýsluhús Akranesi	20 000	
6 60 Sölvhóll	10 000	
6 80 Listaskóli	15 000	
Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	45 000	
5 Gjöld samtals		**45 000**
09–989 Launa- og verðlagsmál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 370 000
1 90 Launa- og verðlagsmál	1 370 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Stofnkostnaður	30 000	
	Gjöld samtals		1 400 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	810 000	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	590 000	
5	Gjöld samtals	1 400 000	
4	Sértekjur	70 000	
	Mismunur		**1 330 000**

09–990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	100 000	
1 90	Aðild Íslands að EES o.fl.	50 000	
	Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	50 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals		**150 000**

09–995 Skýrsluvélakostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			370 800
1 01	Launagreiðslukerfi	61 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	119 000	
1 03	Skattvinnslukerfi	113 500	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	47 000	
1 05	Innheimtuskilakerfi	14 500	
1 06	Forsendukerfi innheimtugagna	15 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			71 000
6 01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	4 000	
6 02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	30 000	
6 03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	27 000	
6 04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	10 000	
	Gjöld samtals		441 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	441 800	
5	Gjöld samtals		**441 800**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			434 300
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	72 900	
1 13	Kjarasamningar	18 000	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19 900	
1 15	Kjararannsóknir	5 200	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	14 000	
1 18	Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	98 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	20 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	143 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 000	
1 50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1 700	
1 60	Dómkröfur	16 800	
1 65	Kjaradómur og kjaranefnd	4 500	
1 90	Óviss útgjöld	17 300	
Stofnkostnaður:			20 000
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	5 000	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15 000	
	Gjöld samtals		454 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	141 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	261 000	
	5918 Til erlendra aðila	1 700	
5	Gjöld samtals		**454 300**
	Samtals		17 979 200

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 600
1 01	Yfirstjórn	81 600	
	Gjöld samtals		81 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 000	
52–58	Önnur gjöld	30 600	
5	Gjöld samtals		**81 600**
10–190	**Ýmis verkefni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			152 000
1 12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	26 400	
1 20	Rannsóknanefnd sjóslysa	7 000	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	1 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3 200	
1 23	Slysavarnaskóli sjómanna	32 000	
1 24	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	18 600	
1 25	GPS-staðsetningarkerfi	7 600	
1 26	Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO	1 100	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	16 700	
1 28	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	10 000	
1 31	Landsbjörg	9 000	
1 32	Rannsóknanefnd flugslysa	4 500	
1 33	Flugeftirlitsnefnd	2 600	
1 34	Flugskóli Íslands	10 000	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 91	Ráðstefna um öryggi fiskiskipa	1 300	
	Gjöld samtals		152 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	14 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	26 400	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	90 500	
	5918 Til erlendra aðila	1 100	
5	Gjöld samtals		**152 000**

10–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

10–211 Vegagerð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			252 000
1 01	Yfirstjórn	252 000	
Viðhaldsverkefni:			2 677 000
5 05	Þjónustuviðhald	1 411 000	
5 10	Stofnviðhald	1 266 000	
Stofnkostnaður:			3 246 000
6 10	Nýframkvæmdir	2 103 000	
6 30	Fjallvegir	77 000	
6 40	Tilraunir	33 000	
6 51	Sýsluvegir	186 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	278 000	
6 55	Ferjur og flóabátar	569 000	
	Gjöld samtals		6 175 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	176 600	
52–58	Önnur gjöld	5 151 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	278 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	569 000	
5	Gjöld samtals		**6 175 000**

10–330 Vita- og hafnamálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			218 400
1 01	Yfirstjórn	188 500	
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	29 900	
Stofnkostnaður:			766 000
6 01	Tæki og búnaður	13 500	
6 60	Vitabyggingar	13 500	
6 70	Hafnamannvirki	441 000	
6 72	Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	21 000	
6 74	Lendingarbætur	5 000	
6 76	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	24 000	
6 80	Sjóvarnargarðar	120 000	
6 90	Hafnabótasjóður, framlag	128 000	
	Gjöld samtals		984 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	113 100	
52–58	Önnur gjöld	132 300	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	128 000	
	5912 Til sveitarfélaga	611 000	
5	Gjöld samtals	984 400	
4	Sértekjur	202 800	
	Mismunur		**781 600**

10–341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 800
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	110 100	
1 04	Mengunarvarnasvið	10 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 100
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 10	Mengunarvarnabúnaður	6 600	
	Gjöld samtals		131 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 400	
52–58	Önnur gjöld	57 500	
5	Gjöld samtals	131 900	
4	Sértekjur	38 000	
	Mismunur		**93 900**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			840 000
1 01	Flugmálastjórn	446 000	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	394 000	
	Gjöld samtals		840 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	527 100	
52–58	Önnur gjöld	312 900	
5	Gjöld samtals	840 000	
4	Sértekjur	485 700	
	Mismunur		**354 300**

10–472 Flugvellir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			267 700
1 01	Rekstur flugvalla	267 700	
Stofnkostnaður:			323 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	323 000	
	Gjöld samtals		590 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	132 300	
52–58	Önnur gjöld	458 400	
5	Gjöld samtals	590 700	
4	Sértekjur	467 600	
	Mismunur		**123 100**

10–511 Fjarskiptaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 200
1 01	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	53 200	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		57 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 500	
52–58	Önnur gjöld	27 700	
5	Gjöld samtals	57 200	
4	Sértekjur	57 200	
	Mismunur		

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 400
1 01	Ferðamálaráð	29 400	
Stofnkostnaður:			68 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	68 000	
	Gjöld samtals		97 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 300	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 000	
5	Gjöld samtals		**97 400**
	Samtals		7 863 900

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 900
1 01	Yfirstjórn	45 900	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		47 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 100	
52–58	Önnur gjöld	20 300	
5	Gjöld samtals		**47 400**
11–102 Einkaleyfastofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 400
1 01	Einkaleyfastofan	29 400	
Stofnkostnaður:			1 300
6 01	Tæki og búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		30 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 400	
52–58	Önnur gjöld	14 300	
5	Gjöld samtals	30 700	
4	Sértekjur	30 700	
	Mismunur		

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
11–201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			257 100
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	251 600	
1 93	Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	5 500	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		263 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	142 600	
52–58	Önnur gjöld	113 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	7 300	
5	Gjöld samtals	263 100	
4	Sértekjur	166 500	
	Mismunur		**96 600**
11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			132 200
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	132 200	
Stofnkostnaður:			6 800
6 01	Tæki og búnaður	6 800	
	Gjöld samtals		139 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 100	
52–58	Önnur gjöld	50 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
5	Gjöld samtals	139 000	
4	Sértekjur	87 200	
	Mismunur		**51 800**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 900
1 01	Iðnaðarrannsóknir	15 900	
	Gjöld samtals		15 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 500	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 900	
5	Gjöld samtals		**15 900**

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 100
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	9 900	
1 15	Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	15 700	
1 16	Verkstjórnarfræðsla	1 500	
1 17	Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar	1 400	
1 19	Staðlaráð	2 600	
1 21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	5 500	
1 30	Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf	10 100	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	11 000	
1 50	Nýsköpun og markaðsmál	7 400	
	Gjöld samtals		65 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 600	
52–58	Önnur gjöld	26 400	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 300	
	5918 Til erlendra aðila	1 400	
5	Gjöld samtals		**65 100**

11–301 Orkustofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			338 100
1 01	Orkustofnun	338 100	
Stofnkostnaður:			13 400
6 01	Tæki og búnaður	13 400	
	Gjöld samtals		351 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	215 300	
52–58	Önnur gjöld	129 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 200	
5	Gjöld samtals	351 500	
4	Sértekjur	147 900	
	Mismunur		**203 600**

11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 200
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	59 200	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		60 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 500	
52–58	Önnur gjöld	38 200	
5	Gjöld samtals	60 700	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**60 400**

11–371 Orkusjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Rekstur Orkusjóðs	2 500	
1 23	Notendur utan samveitna	2 000	
Stofnkostnaður:			40 100
6 14	Lánagreiðslur, framlög	19 500	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	6 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	14 600	
	Gjöld samtals		44 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	42 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**44 600**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			411 000
1 13	Hafsbotnsrannsóknir	4 000	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	397 000	
1 17	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10 000	
	Gjöld samtals		411 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	14 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	397 000	
5	Gjöld samtals		**411 000**
	Samtals		1 004 400

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 800
1 01	Yfirstjórn	65 800	
	Gjöld samtals		65 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 300	
52–58	Önnur gjöld	31 500	
5	Gjöld samtals	65 800	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**65 100**
12–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400
1 10	Neytendasamtökin	2 800	
1 11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	800	
1 20	Icepro-nefnd	1 500	
1 90	Ýmis viðskipta- og bankamál	4 300	
	Gjöld samtals		9 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 300	
5	Gjöld samtals		**9 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
12–301	**Löggildingarstofan**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 000
1 01	Löggildingarstofan	45 000	
Stofnkostnaður:			6 900
6 01	Tæki og búnaður	6 900	
	Gjöld samtals		51 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 500	
52–58	Önnur gjöld	27 400	
5	Gjöld samtals	51 900	
4	Sértekjur	41 800	
	Mismunur		**10 100**
12–902	**Samkeppnisstofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 200
1 01	Samkeppnisstofnun	71 200	
Stofnkostnaður:			2 200
6 01	Tæki og búnaður	2 200	
	Gjöld samtals		73 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 800	
52–58	Önnur gjöld	21 600	
5	Gjöld samtals		**73 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–903 Skráning hlutafélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 600
1 01	Skráning hlutafélaga	11 600	
	Gjöld samtals		11 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 700	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals		**11 600**
	Samtals		172 600

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 300
1 01	Yfirstjórn	114 100	
1 02	Sérstakar kannanir	11 000	
1 03	Manntal	4 200	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		134 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 000	
52–58	Önnur gjöld	63 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 800	
5	Gjöld samtals	134 800	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**125 800**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 400
1 01	Þjóðskráin	64 400	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		67 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 700	
52–58	Önnur gjöld	43 700	
5	Gjöld samtals	67 400	
4	Sértekjur	46 800	
	Mismunur		**20 600**
	Samtals		146 400

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 300
1 01	Yfirstjórn	66 300	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		68 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 500	
52–58	Önnur gjöld	30 300	
5	Gjöld samtals		**68 800**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 500
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	1 000	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	1 000	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	10 000	
1 26	Átak í frárennslismálum	5 000	
1 28	Átak í sorphirðumálum	2 500	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 500	
1 34	Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	2 000	
1 35	Umhverfisvöktun	20 000	
1 37	Gróðurkortagerð	1 000	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	8 500	
1 53	Undirbúningur náttúrustofa	1 000	
1 54	Rannsóknastöð Kvískerjum	500	
	Gjöld samtals		59 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	41 500	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	8 500	
	5912 Til sveitarfélaga	1 000	
	5918 Til erlendra aðila	8 500	
5	Gjöld samtals		**59 500**

14–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 700
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 700	
	Gjöld samtals		3 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals		**3 700**

14–201 Náttúruverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 900
1 01	Yfirstjórn	25 700	
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	30 200	
Viðhaldsverkefni:			6 500
5 01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	6 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		67 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 500	
52–58	Önnur gjöld	33 900	
5	Gjöld samtals	67 400	
4	Sértekjur	22 000	
	Mismunur		**45 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals	4 500	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**2 000**
14–210	**Veiðistjóri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 600
1 01	Veiðistjóri	39 600	
	Gjöld samtals		39 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	27 000	
5	Gjöld samtals	39 600	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**38 100**
14–221	**Hollustuvernd ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 100
1 01	Hollustuvernd ríkisins	100 100	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Búnaður og tæki	5 500	
	Gjöld samtals		105 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 500	
52–58	Önnur gjöld	36 100	
5	Gjöld samtals	105 600	
4	Sértekjur	20 000	
	Mismunur		**85 600**

14–301 Skipulagsstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 600
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	91 300	
1 11	Mat á umhverfisáhrifum	14 200	
1 12	Skipulag miðhálendis	5 100	
	Gjöld samtals		110 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 000	
52–58	Önnur gjöld	53 600	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	21 000	
5	Gjöld samtals	110 600	
4	Sértekjur	78 000	
	Mismunur		**32 600**

14–310 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 100
1 01	Landmælingar Íslands	106 100	
Stofnkostnaður:			13 000
6 90	Sérstök verkefni í kortagerð og tækjabúnaður	13 000	
	Gjöld samtals		119 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 000	
52–58	Önnur gjöld	65 100	
5	Gjöld samtals	119 100	
4	Sértekjur	49 000	
	Mismunur		**70 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 300
1 01	Yfirstjórn	7 500	
1 02	Setur í Reykjavík	40 700	
1 03	Setur á Akureyri	16 100	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		65 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 000	
52–58	Önnur gjöld	23 300	
5	Gjöld samtals	65 300	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**60 300**
14–403	**Náttúrustofur**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 10	Náttúrustofur	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 400	
52–58	Önnur gjöld	100	
5	Gjöld samtals		**2 500**
14–410	**Veðurstofa Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			293 700
1 01	Almenn starfsemi	213 000	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	80 700	
Stofnkostnaður:			13 200
6 01	Tæki og búnaður	13 200	
	Gjöld samtals		306 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	195 900	
52–58	Önnur gjöld	111 000	
5	Gjöld samtals	306 900	
4	Sértekjur	98 800	
	Mismunur		**208 100**
	Samtals		676 700

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1995 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	53 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	438 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	969 000	
5,8	Gjöld samtals	1 460 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 730 000	
48	Fjármunatekjur	30 000	
4,7	Tekjur samtals	1 760 000	
	Mismunur		300 000
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	60 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	240 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	300 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	35 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	12 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	104 000	
571	Fjármagnskostnaður	500	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	153 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	161 200	
48	Fjármunatekjur	2 400	
4,7	Tekjur samtals	163 600	
	Mismunur		10 500
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	5 500	
39	Fært á höfuðstól	5 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 500	
22-236	**Vísindasjóður**		
59	Tilfærslur	153 500	
5,8	Gjöld samtals	153 500	
48	Fjármunatekjur	3 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	125 000	
4,7	Tekjur samtals	153 500	
22-237	**Tæknisjóður**		
59	Tilfærslur	200 000	
5,8	Gjöld samtals	200 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	200 000	

			þús.kr.	þús.kr.
22-238	**Bygginga- og tækjasjóður**			
571	Fjármagnskostnaður	.....	5 800	
59	Tilfærslur	.....	48 200	
5,8	Gjöld samtals	.....	54 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	.....	60 000	
4,7	Tekjur samtals	.....	60 000	
	Mismunur	.....		6 000
Fjármunahreyfingar út:				
26	Afborganir lána	.....	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:				
39	Ráðstöfun eigin fjár	.....	6 000	
22-239	**Rannsóknarnámssjóður**			
59	Tilfærslur	.....	25 000	
5,8	Gjöld samtals	.....	25 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	.....	25 000	
4,7	Tekjur samtals	.....	25 000	
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**			
51	Laun	.....	2 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	.....	4 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	.....	1 900	
51-57	Viðhald	.....	1 100	
593	Afskriftir	.....	600	
5,8	Gjöld samtals	.....	10 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	.....	11 800	
48	Fjármunatekjur	.....	100	
4,7	Tekjur samtals	.....	11 900	
	Mismunur	.....		1 800
Fjármunahreyfingar út:				
18	Fjárfesting	.....	600	
39	Fært á höfuðstól	.....	1 800	
Fjármunahreyfingar inn:				
19	Afskriftir	.....	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	.....	1 800	

		þús.kr.	þús.kr.
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	50 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	41 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 020 000	
5,8	Gjöld samtals	1 111 000	
48	Fjármunatekjur	73 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 500 000	
4,7	Tekjur samtals	1 573 000	
	Mismunur		462 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 070 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborgun lána	2 430 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 020 000	
26	Tekin lán	4 030 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	462 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	14 000	
593	Afskriftir	143 000	
5,8	Gjöld samtals	157 000	
49	Aðrar tekjur	212 000	
4,7	Tekjur samtals	212 000	
	Mismunur		55 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	182 000	
26	Afborgun lána	16 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	143 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	55 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	365 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	374 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
593	Afskriftir	5 000	
59	Tilfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	834 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	808 000	
48	Fjármunatekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	834 000	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 000	
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	465 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	775 000	
571	Fjármagnskostnaður	25 000	
593	Afskriftir	15 000	
59	Tilfærslur	132 000	
5,8	Gjöld samtals	1 412 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 360 000	
48	Fjármunatekjur	52 000	
4,7	Tekjur samtals	1 412 000	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	271 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	137 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	5 000	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	430 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	130 000	
48	Fjármunatekjur	300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	296 000	
49	Aðrar tekjur	3 700	
4,7	Tekjur samtals	430 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	142 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	61 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 000	
5,8	Gjöld samtals	205 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	27 000	
48	Fjármunatekjur	300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	102 000	
49	Aðrar tekjur	79 000	
4,7	Tekjur samtals	208 300	
	Mismunur		2 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 900	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	173 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	152 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 078 000	
593	Afskriftir	12 500	
5,8	Gjöld samtals	1 415 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 985 000	
48	Fjármunatekjur	7 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 993 000	
	Mismunur		577 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	10 000	
59	Greitt í ríkissjóð	580 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	577 500	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	155 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	52 600	
51-57	Viðhald	4 000	
593	Afskriftir	2 600	
59	Tilfærslur	19 800	
5,8	Gjöld samtals	234 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	227 000	
48	Fjármunatekjur	1 000	
49	Aðrar tekjur	18 500	
4,7	Tekjur samtals	246 500	
	Mismunur		12 500

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	500	
19	Afskriftir	2 600	
26	Tekin lán	4 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	12 500	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	117 000	
571	Fjármagnskostnaður	229 000	
51-57	Viðhald	53 000	
593	Afskriftir	108 000	
5,8	Gjöld samtals	507 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	296 200	
48	Fjármunatekjur	800	
49	Aðrar tekjur	87 000	
4,7	Tekjur samtals	384 000	
	Mismunur		−123 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 965 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	108 000	
26	Tekin lán	1 980 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−123 000	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	264 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	351 500	
593	Afskriftir	6 400	
5,8	Gjöld samtals	621 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	621 900	
4,7	Tekjur samtals	621 900	

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	6 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 400	
23-121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	22 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	12 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	69 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 300	
51-57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	3 300	
5,8	Gjöld samtals	109 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	124 600	
48	Fjármunatekjur	5 100	
49	Aðrar tekjur	3 000	
4,7	Tekjur samtals	132 700	
	Mismunur		23 700
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	27 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	23 700	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24-831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
51	Laun	5 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 000	
5,8	Gjöld samtals	9 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 500	
49	Aðrar tekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	56 500	
	Mismunur		47 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	32 300	
26	Afborgun lána	19 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	5 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	47 000	
24-841	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	13 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 700	
51-57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	6 800	
59	Tilfærslur	19 700	
5,8	Gjöld samtals	52 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 300	
48	Fjármunatekjur	400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	29 400	
4,7	Tekjur samtals	53 100	
	Mismunur		600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 500	
26	Afborgun lána	5 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	600	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51-57	Viðhald	8 000	
5,8	Gjöld samtals	15 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	24 000	
4,7	Tekjur samtals	49 500	
	Mismunur		34 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	34 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	34 000	
25-911	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**		
51	Laun	38 000	
571	Fjármagnskostnaður	693 000	
59	Tilfærslur	1 100 000	
5,8	Gjöld samtals	1 831 000	
48	Fjármunatekjur	388 000	
49	Aðrar tekjur	160 000	
4,7	Tekjur samtals	548 000	
	Mismunur		–1 283 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	100 000	
26	Afborgun lána	1 197 000	
39	Fært á höfuðstól	–89 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	111 000	
26	Tekin lán	2 380 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–1 283 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	16 900	
5,8	Gjöld samtals	21 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 100	
4,7	Tekjur samtals	21 100	
26-701	**Kristnisjóður**		
51	Laun	1 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 300	
59	Tilfærslur	23 700	
5,8	Gjöld samtals	26 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 700	
48	Fjármunatekjur	800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 300	
4,7	Tekjur samtals	26 800	
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	800	
5,8	Gjöld samtals	800	
48	Fjármunatekjur	5 500	
4,7	Tekjur samtals	5 500	
	Mismunur		4 700
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 700	

		þús.kr.	þús.kr.
26-733	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	3 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 200	
571	Fjármagnskostnaður	700	
593	Afskriftir	300	
59	Tilfærslur	30 000	
5,8	Gjöld samtals	38 300	
48	Fjármunatekjur	4 100	
49	Aðrar tekjur	40 400	
4,7	Tekjur samtals	44 500	
	Mismunur		6 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 200	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27-270	**Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild**		
51	Laun	53 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	97 000	
571	Fjármagnskostnaður	750 000	
5,8	Gjöld samtals	900 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	17 000	
48	Fjármunatekjur	3 505 000	
49	Aðrar tekjur	50 000	
4,7	Tekjur samtals	3 572 000	
	Mismunur		2 672 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	13 131 000	
26	Afborgun lána	3 730 000	
39	Sjóðshækkun	226 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 415 000	
26	Tekin lán	13 000 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 672 000	
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	21 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	67 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 414 000	
5,8	Gjöld samtals	3 502 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	221 000	
48	Fjármunatekjur	3 596 000	
4,7	Tekjur samtals	3 817 000	
	Mismunur		315 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	620 000	
18	Fjárfesting	33 000	
26	Afborgun lána	4 712 000	
26	Útstreymi af sparimerkjareikningum	750 000	
18	Kaup og sala uppboðsíbúða	200 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 400 000	
26	Tekin lán	2 600 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	315 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
51	Laun	38 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	78 600	
571	Fjármagnskostnaður	1 993 000	
5,8	Gjöld samtals	2 109 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 000	
48	Fjármunatekjur	516 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	608 000	
49	Aðrar tekjur	412 600	
4,7	Tekjur samtals	1 543 600	
	Mismunur		−566 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	4 220 000	
26	Afborgun lána	1 858 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	344 000	
26	Tekin lán	6 300 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−566 000	
27-982	**Ábyrgðasjóður launa**		
51	Laun	6 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 600	
59	Tilfærslur	389 600	
5,8	Gjöld samtals	400 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	400 000	
4,7	Tekjur samtals	400 000	

		þús.kr.	þús.kr.
27-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	130 000	
59	Tilfærslur	3 846 000	
5,8	Gjöld samtals	3 976 000	
48	Fjármunatekjur	130 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 870 000	
49	Aðrar tekjur	601 000	
4,7	Tekjur samtals	3 601 000	
	Mismunur		−375 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	175 000	
18	Sala eigna	200 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−375 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	58 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	38 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	40 700	
571	Fjármagnskostnaður	800	
593	Afskriftir	5 900	
5,8	Gjöld samtals	144 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	144 000	
4,7	Tekjur samtals	144 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	5 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 900	
28-312	**Ríkisspítalar, dauðhreinsun**		
51	Laun	16 900	
54-58	Önnur rekstrargjöld	900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	122 500	
593	Afskriftir	300	
5,8	Gjöld samtals	140 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	140 600	
4,7	Tekjur samtals	140 600	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	300	

28-378	**Læknishéraðasjóður**	þús.kr.	þús.kr.
59	Tilfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	361 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	198 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 962 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 700	
51-57	Viðhald	45 000	
593	Afskriftir	86 000	
5,8	Gjöld samtals	3 654 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 447 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	10 459 000	
	Mismunur		6 804 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
26	Afborgun lána	10 100	
59	Greitt í ríkissjóð	6 865 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	86 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 804 100	
29-103	**Ríkiskaup**		
51	Laun	52 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	18 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 275 000	
51-57	Viðhald	3 500	
593	Afskriftir	2 300	
5,8	Gjöld samtals	1 352 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 331 700	
48	Fjármunatekjur	3 500	
49	Aðrar tekjur	16 800	
4,7	Tekjur samtals	1 352 000	

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 300	
29-402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	83 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	37 000	
5,8	Gjöld samtals	120 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	89 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	43 500	
4,7	Tekjur samtals	133 000	
	Mismunur		13 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 000	
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	29 200	
51-57	Viðhald	27 300	
5,8	Gjöld samtals	99 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	96 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	111 200	
	Mismunur		11 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	11 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 500	

		þús.kr.	þús.kr.
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	47 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	20 000	
571	Fjármagnskostnaður	15 000	
593	Afskriftir	2 900	
5,8	Gjöld samtals	84 900	
48	Fjármunatekjur	38 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	225 000	
49	Aðrar tekjur	43 800	
4,7	Tekjur samtals	307 000	
	Mismunur		222 100
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	342 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	117 000	
19	Afskriftir	2 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	222 100	
29-972	**Lánasýsla ríkisins– Framkvæmdasjóður Íslands**		
51	Laun	23 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	24 600	
571	Fjármagnskostnaður	698 000	
5,8	Gjöld samtals	746 200	
48	Fjármunatekjur	676 200	
49	Aðrar tekjur	28 000	
4,7	Tekjur samtals	704 200	
	Mismunur		–42 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	3 620 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 847 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–42 000	
39	Fært af höfuðstól	815 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	10 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	71 500	
51-57	Viðhald	153 000	
5,8	Gjöld samtals	235 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	235 000	
4,7	Tekjur samtals	235 000	

30 Samgönguráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
30-101	**Póst- og símamálastofnun**		
51	Laun	3 620 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 370 000	
571	Fjármagnskostnaður	90 000	
51-57	Viðhald	220 000	
593	Afskriftir	1 350 000	
5,8	Gjöld samtals	8 650 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 340 000	
48	Fjármunatekjur	80 000	
49	Aðrar tekjur	190 000	
4,7	Tekjur samtals	9 610 000	
	Mismunur		960 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 850 000	
26	Afborgun lána	120 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	860 000	
59	Intelsat/Eutelsat/Inmarsat	10 000	
59	Greiðsluafgangur	220 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 350 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	960 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ára	750 000	
30-110	**Söludeild Póst- og símamálastofnunar**		
51	Laun	140 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	97 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	213 000	
571	Fjármagnskostnaður	5 000	
5,8	Gjöld samtals	455 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	496 000	
4,7	Tekjur samtals	496 000	
	Mismunur		41 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt til Póst- og símamálastofnunar	41 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	41 000	
30-211	**Vegagerð ríkisins, umdæmi og vinnuflokkar**		
51	Laun	630 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 030 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	440 000	
593	Afskriftir	10 000	
5,8	Gjöld samtals	2 110 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 930 000	
49	Aðrar tekjur	210 000	
4,7	Tekjur samtals	2 140 000	
	Mismunur		30 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
39	Fært á höfuðstól	25 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	10 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 000	
30-212	**Vegagerð ríkisins, vélamiðstöð**		
51	Laun	30 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	60 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	190 000	
51-57	Viðhald	145 000	
593	Afskriftir	105 000	
5,8	Gjöld samtals	530 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	550 000	
4,7	Tekjur samtals	550 000	
	Mismunur		20 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	140 000	
39	Fært á höfuðstól	–10 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	5 000	
19	Afskriftir	105 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 000	
30-213	**Vegagerð ríkisins, birgðamiðstöð og fasteignir**		
51	Laun	30 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	50 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	410 000	
51-57	Viðhald	75 000	
593	Afskriftir	8 000	
5,8	Gjöld samtals	573 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	561 000	
49	Aðrar tekjur	14 000	
4,7	Tekjur samtals	575 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	500	
39	Fært á höfuðstól	9 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	100	
19	Afskriftir	8 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	
30-330	**Hafnabótasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 000	
571	Fjármagnskostnaður	18 000	
59	Tilfærslur	103 000	
5,8	Gjöld samtals	123 000	
48	Fjármunatekjur	58 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	128 000	
4,7	Tekjur samtals	186 000	
	Mismunur		63 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	60 000	
26	Afborgun lána	57 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	54 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	63 000	
30-331	**Vita- og hafnamálastofnun, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	1 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	11 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 000	
51-57	Viðhald	7 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	26 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 000	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	27 000	
	Mismunur		1 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 000	
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	722 000	
571	Fjármagnskostnaður	48 000	
593	Afskriftir	26 000	
5,8	Gjöld samtals	796 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	722 000	
48	Fjármunatekjur	48 000	
49	Aðrar tekjur	112 000	
4,7	Tekjur samtals	882 000	
	Mismunur		86 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	150 000	
26	Afborgun lána	112 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	26 000	
26	Tekin lán	150 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	86 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	445 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	565 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 200 000	
571	Fjármagnskostnaður	50 000	
593	Afskriftir	720 000	
5,8	Gjöld samtals	3 980 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 750 000	
48	Fjármunatekjur	60 000	
49	Aðrar tekjur	45 000	
4,7	Tekjur samtals	3 855 000	
	Mismunur		-125 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	540 000	
26	Afborgun lána	30 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	100 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	75 000	
19	Afskriftir	720 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-125 000	
31-371	**Orkusjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 100	
5,8	Gjöld samtals	8 600	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	42 600	
4,7	Tekjur samtals	44 000	
	Mismunur		35 400

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	27 900	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	6 000	
59	Styrking dreifikerfa í sveitum	14 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	35 400	

6.gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1995 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1995 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1995 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

2.1 Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

2.2 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

2.3 Að fella niður eða endurgreiða vörugjald vegna innflutnings og endurbyggingar á gömlum strætisvagni á vegum Strætisvagna Reykjavíkur.

2.4 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt er til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2.5 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

2.6 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðir gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti, enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

2.7 Að endurgreiða þeim sem hafa með höndum skattskylda útleigu á hótel- og gistiherbergjum eða annarri gistiþjónustu eftir 1. janúar 1995 þann virðisaukaskatt sem greiddur var á árinu 1993 vegna fjárfestingar í fasteignum og búnaði í gistirými. Endurgreiðslan skal vera 20% af eignfærðri nýfjárfestingu á árinu 1993 sem greiddur var virðisaukaskattur af. Endurgreiðslan getur ekki tekið til fasteigna og búnaðar sem keypt hefur verið, yfirtekið eða leigt af öðrum aðilum í gistiþjónustu. Jafnframt er heimilt að endurgreiða aðilum sem skráðir voru

frjálsri skráningu samkvæmt reglugerð nr. 487/1992 þann útskatt sem þeir skiluðu á grundvelli hennar. Endurgreiðslur samkvæmt heimild þessari takmarkast við 10 m.kr. Fjármálaráðherra getur falið ríkisskattstjóra að setja nánari reglur um framkvæmd heimildarinnar.

Ráðstöfun eigna

3.1 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar 75% eignarhluta ríkisins í húseignininni Lindinni, gömlum húsmæðraskóla á Laugarvatni.

3.2 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólabyggingum að Laugalandi í Eyjafirði.

3.3 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.

3.4 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi í Reykjavík.

3.5 Að selja núverandi sendiherrabústað í París og kaupa eða leigja annan í staðinn.

3.6 Að selja fyrrum skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Washington.

3.7 Að selja núverandi sendiherrabústað í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.

3.8 Að selja húsnæði fyrir varamann sendiherra í Stokkhólmi.

3.9 Að selja húsnæði fyrir varamann sendiherra í Osló.

3.10 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktarinnar á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.

3.11 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.

3.12 Að selja fasteign Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.

3.13 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og héraðsskóga.

3.14 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

3.15 Að selja jörðina Syðri-Tungu í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

3.16 Að selja jörðina Hvol I í Ölfushreppi, Árnessýslu.

3.17 Að selja jörðina Kvisti í Ölfushreppi, Árnessýslu.

3.18 Að selja jörðina Smiðjuhólsveggi í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.

3.19 Að selja 15 ha landspildu úr jörðinni Laxamýri í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

3.20 Að selja Þuríðarstaði í Fljótsdalshrepp, Norður-Múlasýslu.

3.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

3.22 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.

3.23 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.

3.24 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi og kaupa annað hentugra.

3.25 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði og kaupa annað hentugra.

3.26 Að selja fasteignina Sólborg á Akureyri.

3.27 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Sólheimum 7 í Reykjavík og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.28 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Efstasundi 86 í Reykjavík og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.29 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Tindum á Kjalarnesi og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.30 Að selja starfsmannaíbúð að Urðarvegi 80, Ísafirði, og nýta andvirði sölunnar upp í kaup á nýjum embættisbústað.
3.31 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Suðurgötu 40, Hafnarfirði.
3.32 Að selja fasteignina Laugaveg 114 í Reykjavík og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.
3.33 Að selja starfsmannaíbúðir að Víðigrund 2 og Víðigrund 16 á Sauðárkróki og nýta andvirði sölunnar til kaupa á nýjum embættisbústað.
3.34 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.35 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
3.36 Að selja fasteignina Bjarkarholt að Krossholti við Birkimel á Barðaströnd.
3.37 Að selja fasteignina Illugagötu 55, Vestmannaeyjum.
3.38 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í svonefndu Hekluhúsi á Akureyri.
3.39 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
3.40 Að selja fasteignina Eyrarveg 10, Seyðisfirði.
3.41 Að selja fasteignina Pólgötu 8, Ísafirði.
3.42 Að selja fasteignina Grenigrund 33, Akranesi.
3.43 Að selja fasteignina Borgarhlíð 6A, Akureyri.
3.44 Að selja fasteignina Suðurgötu 22, Reykjavík og kaupa annað hentugra húsnæði fyrir Biskupsstofu.
3.45 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Sléttahrauni 34, Hafnarfirði.
3.46 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Álfaskeiði 78, Hafnarfirði.
3.47 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Eskihlíð 14, Reykjavík.
3.48 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Leirubakka 10, Reykjavík.
3.49 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Barmahlíð 21, Reykjavík.
3.50 Að selja jörðina Þykkvabæ II, Skaftárhreppi.
3.51 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf.
3.52 Að selja jörðina Malarrif í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.53 Að selja jörðina Heyklif í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.
3.54 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í jörðinni Gufuskálar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.55 Að selja jörðina Sauðanes-Engidalur í landi Siglufjarðar.
3.56 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
3.57 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
3.58 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.2 Að kaupa íbúðarhús og bílskúr að Skógum fyrir Héraðsskólann að Skógum.
4.3 Að kaupa húsnæði fyrir tækjastöð Brunamálastofnunar ríkisins.

4.4 Að ganga til samninga um kaup á húsnæði í Garðabæ fyrir útibú frá sýslumanninum í Hafnarfirði.
4.5 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi.
4.6 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
4.7 Að endurnýja lóðarleigusamning um núverandi sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
4.8 Að kaupa húseignina T-634 innan varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.
4.9 Að kaupa jarðirnar Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu, og taka til þess nauðsynleg lán.
4.10 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.11 Að kaupa húsnæði fyrir Rannsóknarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
4.12 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
4.13 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
4.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

5.1 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3 gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
5.2 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
5.3 Að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna.
5.4 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1995, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
5.5 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis, fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Framlagning frumvarpsins og umfjöllun á Alþingi. Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd þingsins en fagnefndir fá þau atriði til umsagnar sem að þeim snúa. Þá er fjallað um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar og lánsfjármála í efnahags- og viðskiptanefnd. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings í síðari hluta desembermánaðar.

Efnisskipan fjárlagafrumvarps. Fjárlagafrumvarpinu er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru hinar eiginlegu lagagreinar þess sem eru sex.

Í 1. grein er birt heildaryfirlit yfir tekjur, gjöld og lánahreyfingar, í 2. grein er yfirlit yfir útgjöld eftir ráðuneytum og helstu málefnaflokkum, í 3. grein er sundurliðun tekna, í 4. grein er ítarleg sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda, í 5. grein er birt yfirlit yfir fjárreiður B-hluta fyrirtækja og í 6. grein er yfirlit yfir heimildarákvæði fjármálaráðherra og ríkisstjórnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins er að finna greinargerð í átta köflum þar sem lýst er helstu forsendum og farið yfir einstaka þætti, breytingar frá fyrra ári o.fl. Þetta er fyrirferðarmesti hluti frumvarpsins enda er þar að finna skýringar á flestum þeim atriðum sem það varða.

- Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir stefnunni í efnahags- og ríkisfjármálum og helstu áhersluatriðum frumvarpsins í því sambandi.
- Í öðrum kafla er fjallað um stefnumörkun í ríkisfjármálum sem miðar að því að eyða halla ríkissjóðs á næstu árum.
- Í þriðja kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps og horfum ársins 1994. Þar er lýst meginbreytingum á tekju-, gjalda- og lánahlið, meðal annars í ljósi framvindu síðustu ára.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir efnahagshorfum samkvæmt frumvarpinu, bæði þróuninni að undanförnu og horfum fyrir árið 1995.
- Í fimmta kafla er fjallað nánar um tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir breytingar einstakra tekjustofna með samanburði við fyrri ár.
- Í sjötta kafla er ítarleg umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum B-hluta fyrirtækja og sjóða.

- Í áttunda kafla er yfirlit yfir lánamál ríkissjóðs. Jafnframt er litið á þróunina á innlenda lánamarkaðnum og horfur fyrir árið 1995, meðal annars með hliðsjón af lánsfjárþörf opinberra aðila.

Í þriðja hluta frumvarpsins eru töflur um helstu þætti ríkisfjármála auk almennra yfirlitstaflna um helstu þjóðhagsstærðir og þróun þeirra síðustu ár. Í fjórða hlutanum eru fylgiskjöl, atriðaorðaskrá og efnisyfirlit.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

1.1 Helstu markmið fjárlagafrumvarps

Meiri stöðugleiki ríkir nú í efnahagslífinu en verið hefur um áratugaskeið þrátt fyrir að ytri skilyrði íslenska þjóðarbúsins hafi að mörgu leyti verið óhagstæð síðustu ár vegna niðurskurðar aflaheimilda, erfiðs árferðis í helstu viðskiptalöndum okkar og verðfalls á útflutningsafurðum. Verðbólga er með því lægsta sem gerist í heiminum. Tekist hefur að snúa yfir 20 milljarða króna halla á viðskiptum við útlönd árið 1991 í afgang og horfur eru á afgangi næsta ár, þriðja árið í röð. Erlend skuldasöfnun hefur verið stöðvuð og líkur á að skuldir lækki á næsta ári. Þá hafa vextir lækkað verulega og eru nú lægri en verið hefur um langt árabil. Ennfremur er atvinnuleysi minna hér á landi en annars staðar. Þennan árangur má einkum rekja til markvissrar stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í peninga- og ríkisfjármálum, sérstakra efnahagsaðgerða stjórnvalda og ábyrgrar afstöðu aðila vinnumarkaðarins.

Hagvöxtur hefur nú glæðst á nýjan leik hér á landi og horfur á hægfara aukningu næstu ár. Meginskilaboð fjárlagafrumvarpsins eru að stefnan í ríkisfjármálum tryggi áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og festi í sessi þann árangur sem náðst hefur. Aðalatriðið er að efnahagsbatinn verði nýttur til að ná hallalausum fjárlögum. Verði efnahagsaðstæður hagstæðar er í senn æskilegt og raunhæft að ná þessu markmiði á næstu þremur árum. Trúverðug stefna í ríkisfjármálum sem byggir á þessum grunni er forsenda fyrir lægri vöxtum, auknum hagvexti, eflingu atvinnulífs og bættum lífskjörum. Skilningur í þjóðfélaginu á mikilvægi hallalausra fjárlaga fer vaxandi enda ljóst að hallarekstur í dag þýðir einfaldlega skattahækkun á morgun.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að halli ríkissjóðs verði 6,5 milljarðar króna árið 1995, eða þriðjungi minni en í fjárlögum þessa árs. Með fjárlagafrumvarpinu er því stigið mjög ákveðið skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum.

Enda þótt stefnan í ríkisfjármálum gegni hér lykilhlutverki þarf fleira að koma til. Mikilvægt er að niðurstaða kjarasamninga verði innan þess ramma sem hægfara efnahagsbati markar og renni þannig fleiri stoðum undir stöðugleikann í efnahagslífinu. Afkoma atvinnulífs hefur batnað að mun að undanförnu, meðal annars vegna aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til og aukinnar hagræðingar í rekstri. Í kjölfarið hafa umsvif í efnahagslífinu aukist. Hvort tveggja hefur jákvæð áhrif á atvinnustig og tekjur. Þessar aðstæður gera aðilum vinnumarkaðarins kleift að leiða komandi kjarasamninga til lykta án atbeina ríkisvaldsins.

Að mörgu leyti verða næstu kjarasamningar gerðir við breyttar aðstæður frá því sem áður hefur verið. Vextir ákvarðast nú á markaði og almennar efnahagshorfur og væntingar hafa því í vaxandi mæli áhrif á vaxtastigið hér á landi líkt og gerist annars staðar. Þá mun frekari opnun fjármagnsmarkaðar gagnvart útlöndum um næstu áramót hafa þau áhrif að vextir verða enn viðkvæmari fyrir utanaðkomandi áhrifum en ella. Það er því afar mikilvægt að niðurstaða komandi kjarasamninga samrýmist því jafnvægi sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu.

1.2 Efnahagsvandinn og aðgerðir ríkisstjórnarinnar

Langvinn efnahagslægð hefur haft neikvæð áhrif á þjóðarbúskapinn og hagvöxtur nánast staðið í stað frá árinu 1987. Síðari hluti þessa tímabils, frá árinu 1992, hefur verið sérstaklega erfiður vegna mikillar, en óhjákvæmilegrar, skerðingar á þorskveiðiheimildum. Alþjóðleg efnahagslægð sem gekk yfir á sama tíma bætti gráu ofan á svart og olli meðal annars verðlækkun á erlendum mörkuðum og minnkandi sölu. Ekki bætti úr skák að í kjölfar langvarandi tímabils óðaverðbólgu stóðu mörg fyrirtæki frammi fyrir miklum erfiðleikum sem kölluðu ekki einungis á aukið aðhald og hagræðingu í rekstri heldur grundvallarskipulagsbreytingar.

Ríkisstjórnin hefur ekki setið auðum höndum heldur gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við þessum vanda. Að öðrum kosti hefði skapast hér mikið vandræðaástand, atvinnulífið komist í þrot og atvinnuleysi orðið mun meira en raun ber vitni. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðuðu að því að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið með því að lækka skatta, ná niður vöxtum og treysta þannig almenn starfsskilyrði þess. Jafnframt hefur verið leitast við að draga úr áhrifum efnahagssamdráttarins á hag hinna tekjulægstu og efnaminni. Virðisaukaskattur á matvæli var lækkaður og aðstöðugjald fellt niður, en hvort tveggja leiddi til verðlækkunar á helstu nauðsynjum. Þá voru fjárframlög úr ríkissjóði til ýmissa framkvæmda og atvinnuskapandi verkefna aukin verulega til að hamla gegn atvinnuleysi. Auk þessara almennu aðgerða hefur ríkisstjórnin lögfest mikilvægar breytingar sem miða að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í sjávarútvegi og landbúnaði. Þessar aðgerðir hafa aukið halla ríkissjóðs um sinn. Ríkisstjórnin mat aðstæður hins vegar svo að það væri réttlætanlegt til þess að treysta stöðugleikann í sessi.

1.3 Árangur efnahagsstefnunnar - Umskipti í efnahagslífinu

Á þessu ári hefur árangur efnahagsaðgerðanna og stefnu ríkisstjórnarinnar komið glöggt í ljós. Í stað stöðnunar og jafnvel samdráttar undanfarinna ára birtast æ fleiri vísbendingar um að efnahagslífið sé að rétta úr kútnum og hagvöxtur sé tekinn að glæðast á nýjan leik. Umsvif í atvinnulífinu hafa smám saman verið að færast í aukana á þessu ári, bæði í ýmsum útflutningsgreinum og atvinnugreinum sem framleiða fyrir heimamarkað. Engin merki eru þó um þenslu og er verðbólga nú lægri en í flestum nágrannaríkjunum. Þá er umtalsverður afgangur á viðskiptajöfnuði, annað árið í röð, en það jafngildir því að erlend skuldasöfnun þjóðarinnar hafi verið stöðvuð og skuldir fari nú lækkandi. Ennfremur hafa vextir lækkað og atvinnuleysi er minna hér en annars staðar. Loks eru horfur á að afkoma ríkissjóðs á árinu 1994 verði nær markmiðum fjárlaga en verið hefur um langt árabil.

Allt eru þetta merki um að þáttaskil hafi orðið í efnahagsmálum hér á landi. Þau má að verulegu leyti rekja til umbóta í hagstjórn í tíð ríkisstjórnarinnar. Á sviði ríkisfjármála hefur aðhald í rekstri verið hert og ábyrgð stjórnenda aukin. Sjálf fjárlagagerðin er markvissari og ábyrgð einstakra ráðherra og ráðuneyta meiri en áður. Ennfremur hafa ýmsar umbætur orðið í ríkisrekstri.

Ríkisstjórnin hefur markað ákveðna stefnu, og náð árangri, í útboðum verkefna á vegum ríkisins. Í kjölfarið hefur útboðum fjölgað ört. Útboðin hafa þegar skilað umtalsverðum sparnaði og aukið samkeppni. Athyglisverð nýjung í ríkisrekstri er svokölluð samningsstjórnun, en það er nýtt form á samskiptum ráðuneyta og ríkisstofnana. Markmiðið er að dreifa valdi, auka ábyrgð stjórnenda og starfsfólks og flytja ákvarðanir sem næst vettvangi. Þannig verður reksturinn hagkvæmari og þjónusta við almenning betri. Fyrstu samningar þessa efnis verða gerðir fljótlega. Einnig má nefna að á undanförnum árum hafa mörg ríkis-

fyrirtæki verið seld einkaaðilum (Gutenberg, Jarðboranir, Ferðaskrifstofa ríkisins, Íslensk endurtrygging, SR Mjöl og Þróunarfélag Íslands) og öðrum verið breytt í hlutafélög sem greiðir fyrir sölu þeirra síðar.

Með samningum milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka hefur verið lokað fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabanka og frá síðustu áramótum hefur ríkissjóður alfarið mætt fjárþörf sinni á almennum lánamarkaði. Þessi breyting þjónar margvíslegum tilgangi. Hún veitir nauðsynlegt aðhald við meðferð á almannafé, stuðlar að eflingu innlends fjármagnsmarkaðar og sýnir mjög áþreifanlega þá þýðingu sem afkoma ríkissjóðs hefur fyrir þróun vaxta.

Á peningamarkaði hafa verið gerðar margvíslegar aðrar umbætur sem stuðla að frekari uppbyggingu verðbréfamarkaðar og hlutabréfamarkaðar hér á landi. Þessar breytingar hafa gert Seðlabanka fært í ríkari mæli en áður að taka virkan þátt í viðskiptum á fjármagnsmarkaði og hafa þannig áhrif á vaxtaþróunina. Það ásamt þeirri ákvörðun fjármálaráðherra síðastliðið haust að leita á erlendan lánamarkað ef vextir lækkuðu ekki innanlands átti stóran þátt í þeirri vaxtalækkun sem náðst hefur.

1.4 Stefnumörkun til langs tíma

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur margt áunnist. Nú þegar allt bendir til þess að umskipti hafi orðið í efnahagsmálum og framundan sé hægfara efnahagsbati er brýnt að marka, og fylgja, skýrri efnahagsstefnu til nokkurra ára þar sem tekist verður á við þau grundvallarvandamál sem enn eru fyrir hendi. Þar ber hæst mikilvægi þess að draga úr halla ríkissjóðs.

Fyrr á þessu ári kynnti fjármálaráðherra skýrslu fjármálaráðuneytisins um áætlun í ríkisfjármálum til næstu ára. Skýrslan var unnin í samráði við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands. Í henni eru sýndar niðurstöður tveggja dæma um hugsanlega þróun efnahagsmála fram til ársins 1998. Þar kemur fram að eina örugga leiðin til þess að örva hagvöxt og efla atvinnulífið felst í stöðugleika í verðlagsmálum og lægri vöxtum. Forsenda fyrir því er að áfram verði dregið úr halla ríkissjóðs með ströngu aðhaldi að ríkisútgjöldum. Með því eykst svigrúm einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Framleiðsla og eftirspurn í þjóðfélaginu eykst. Ný atvinnutækifæri verða til og atvinnuleysi minnkar.

Það er engin tilviljun að í nágrannaríkjunum er sífellt meiri áhersla lögð á stefnumörkun til lengri tíma, ekki einungis hjá stjórnvöldum heldur ekki síður einkaaðilum, ekki síst á fjármagnsmarkaði. Skýringin er fyrst og fremst gjörbreyttar aðstæður á alþjóðamarkaði þar sem fjármagn streymir meira eða minna frjálst milli landa. Hér skipta væntingar markaðarins miklu máli, ekki síst á peningamarkaði þar sem vaxtastigið er mikilvægur mælikvarði.

Nokkrar hremmingar hafa gengið yfir alþjóðlegt efnahagslíf undanfarin misseri. Mikill óróa og óstöðugleiki í gengismálum og ört vaxandi halli á ríkissjóði með tilheyrandi skuldasöfnun hefur skapað óvissu á gjaldeyris- og peningamörkuðum víða um heim. Afleiðingin hefur verið hækkun vaxta sem aftur hefur dregið úr fjárfestingu atvinnulífsins og valdið stöðnun og jafnvel samdrætti í framleiðslu. Í kjölfarið hefur atvinnuleysi stóraukist. Við þessar aðstæður hefur efnahagsstefna stjórnvalda óhjákvæmilega verið í sviðsljósi markaðarins.

Þessi vandamál hafa verið fyrirferðamikil í efnahagsumræðu á alþjóðavettvangi undanfarin misseri. Á sameiginlegum fundi efnahags- og fjármálaráðherra EFTA- og ESB-ríkjanna sem haldinn var í Brussel 19. september 1994 var breið samstaða um að meginviðfangsefni hagstjórnar á næstunni sé að skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og draga úr atvinnuleysi. Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum og markviss áætlun um hvernig stjórnvöld hyggjast draga úr halla ríkissjóðs á næstu árum er veigamesta forsendan fyrir því

að þessum markmiðum megi ná. Aðeins þannig er talið unnt að stuðla að áframhaldandi lækkun vaxta.

Þessi sjónarmið eiga fullt erindi inn í efnahagsumræðuna hér á landi. Margt hefur færst til betri vegar í efnahagsmálum okkar að undanförnu. Enn eru þó ýmis vandamál óleyst. Enda þótt hagvöxtur hafi nú glæðst verður hann enn um sinn minni en í helstu viðskiptalöndum okkar og dugar hvergi til þess að draga verulega úr atvinnuleysi eða bæta stöðu ríkissjóðs með varanlegum hætti. Þess vegna er mikilvægt að treysta skilyrðin fyrir aukinni verðmætasköpun enn frekar. Lækkun vaxta er þar lykilatriði. Traust og trúverðug stefna í ríkisfjármálum sem miðar að því að ná jafnvægi í rekstri ríkissjóðs hefur jákvæð áhrif á væntingar markaðarins og skapar skilyrði fyrir lægri vöxtum. Markmið langtímaáætlunar er einmitt að leggja grunn að slíkri stefnu til lengri tíma en eins árs og stuðla þannig að lægri vöxtum, auknum hagvexti, eflingu atvinnulífs og aukinni atvinnu.

1.5 Helstu áhersluatriði í ríkisfjármálum

Með þessu fjárlagafrumvarpi er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Útgjöldum er haldið í skefjum og sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar gengur til þess að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári. Þessu starfi þarf að halda áfram á næstu árum og ná fullum jöfnuði milli tekna og gjalda. Hér á eftir eru nefnd nokkur áhersluatriði sem stefnan í ríkisfjármálum þarf að taka mið af:

- Brýnt er að ná jafnvægi í ríkisfjármálum með aðhaldi í útgjöldum, en ekki skattahækkunum.
- Á næstu árum munu útgjöld á ákveðnum sviðum velferðarmála aukast, meðal annars vegna breyttrar aldursskiptingar þjóðarinnar og fjölgunar ellilífeyrisþega. Til þess að geta mætt auknum útgjöldum þarf að endurskoða forgangsröð verkefna, hagræða og beina greiðslum í auknum mæli til þeirra einstaklinga sem þurfa mest á þeim að halda.
- Afskipti ríkisins eiga í ríkari mæli en nú er að beinast að stuðningi við menntamál, ekki síst rannsókna- og vísindastarfsemi, um leið og dregið verði úr starfsemi sem einkaaðilar geta betur sinnt.
- Hagræða þarf í ríkisrekstri, meðal annars með sameiningu og fækkun ríkisstofnana.
- Eðlilegt er að afnema ríkisábyrgð á sem flestum sviðum, einkum hjá þeim opinberu fjármálastofnunum sem starfa í beinni samkeppni við einkaaðila því að hún skekkir samkeppnisstöðu á fjármagnsmarkaði og heldur uppi vöxtum. Besta leiðin til að tryggja það er að breyta ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum í hlutafélög og selja hlutabréfin.
- Endurskoða þarf starfsreglur og starfsskilyrði lífeyrissjóða auk reglna um skattlagningu lífeyrissparnaðar.
- Leita þarf leiða til þess að auka þátttöku lífeyrissjóða á innlendum hlutabréfamarkaði. Það stuðlar að uppbyggingu atvinnulífs í landinu og þjónar hagsmunum sjóðsfélaga til lengri tíma litið.

Boðskapur þessa fjárlagafrumvarps er skýr. Ekki verður hvikað frá þeirri aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur fylgt. Nú þegar loksins rofar til í efnahagslífinu eftir erfiðleika og samdrátt undanfarin ár er afar mikilvægt að sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar gangi til þess að minnka halla ríkissjóðs. Jafnvægi í ríkisbúskapnum er forsenda þess að treysta hagvöxt í sessi og bæta lífskjörin. Þetta er kjarni stefnunnar í ríkisfjármálum.

2 Stefnumörkun í ríkisfjármálum á næstu árum

Í þessum kafla er fjallað um stefnumörkun í ríkisfjármálum sem miðar að því að eyða halla ríkissjóðs á næstu árum. Lýst er helstu niðurstöðum framreikninga sem byggja á aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum þar sem fyrsta skrefið er stigið með fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1995.

2.1 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum

Langvarandi hallarekstur. Frá miðjum síðasta áratug hefur ríkissjóður verið rekinn með halla sem að meðaltali hefur numið um 2% af landsframleiðslu á ári. Útgjöld ríkissjóðs hafa á þessu tímabili hækkað úr 25% í 27-28% af landsframleiðslu og tekjur úr 24% í 26%. Þessi þróun endurspeglast í versnandi skuldastöðu ríkissjóðs. Árið 1986 námu heildarskuldir ríkissjóðs - innlendar og erlendar - 27% af landsframleiðslu, en hlutfallið stefnir í tæplega 49% í árslok 1994.

Framan af tímabilinu jukust skatttekjur ríkissjóðs nokkuð að raungildi, fyrst og fremst vegna þess að skattar voru þá hækkaðir til að mæta vaxandi útgjaldaþörf ríkisins. Ekki tókst þó að koma í veg fyrir vaxandi hallarekstur því að útgjöld ríkissjóðs jukust enn meira. Á síðari hluta tímabilsins snerist þessi þróun við. Tekjur ríkissjóðs drógust þá saman vegna samdráttar í þjóðarbúskapnum. Jafnframt tókst að hamla gegn áframhaldandi vexti ríkisútgjalda, þrátt fyrir að útgjöld hafi verið aukin í tengslum við gerð kjarasamninga til að tryggja stöðugleika á sviði verðlags- og launamála.

Enda þótt nú hafi nokkuð rofað til í efnahagslífinu benda áætlanir til þess að efnahagsbatinn muni ekki duga til þess að eyða halla ríkissjóðs á næstunni. Hallinn muni þvert á móti fara vaxandi. Þess vegna er nauðsynlegt að taka á ýmsum grundvallarþáttum í ríkisrekstrinum til þess að snúa þróuninni við. Þetta er reyndar ekki einsdæmi því að við svipuð vandamál er að etja í flestum ríkjum Evrópu um þessar mundir.

Langtímaáætlanir. Í þessum ríkjum hefur aukin áhersla verið lögð á gerð áætlana um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára að gefnum tilteknum forsendum um þjóðhagshorfur. Þessar áætlanir hafa nýst stjórnvöldum til að marka stefnu í ríkisfjármálum til lengri tíma en eins árs. Þrátt fyrir að þessar áætlanir hafi almennt ekki lagagildi veita þær stjórnvöldum í senn mikilvægar upplýsingar og nýtast í viðleitni þeirra til að halda aftur af útgjöldum.

Gerð áætlunar af þessu tagi er ekki síður mikilvæg fyrir mótun efnahagsstefnunnar hér á landi. Í því sambandi má nefna eftirtalin atriði:

- Á næstu árum eru litlar líkur á að fiskafli aukist. Hagvöxtur verður því hægari hér á landi en í helstu viðskiptalöndunum. Þess vegna er mikilvægt að skapa góð vaxtarskilyrði fyrir aðrar atvinnugreinar. Þar skipta lágir vextir afar miklu máli.
- Markviss áætlun í ríkisfjármálum sem byggð er á trúverðugum aðgerðum getur stuðlað að lágum vöxtum og stöðugleika í efnahagslífinu. Áframhaldandi hallarekstur leiðir hins vegar til vaxtahækkunar og óstöðugleika.

- Á næstu árum munu útgjöld ríkissjóðs aukast að óbreyttu. Hér gætir meðal annars áhrifa breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Þessar horfur kalla á aukið aðhald útgjalda og breytta forgangsröðun verkefna.

Fyrr á þessu ári fól fjármálaráðherra sérstökum vinnuhópi innan fjármálaráðuneytisins að leggja drög að áætlun í ríkisfjármálum til nokkurra næstu ára. Vinnuhópnum var jafnframt falið að hafa samráð við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Skoðuð voru tvö tilvik sem bæði byggðu á sömu meginforsendum og spá Þjóðhagsstofnunar hvað varðar almennar efnahagshorfur. Annars vegar dæmi um þróun útgjalda og tekna á grundvelli gildandi laga, samninga og ákvarðana, án sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda (halladæmi). Í hinu tilvikinu er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1998 (jafnaðardæmi).

Niðurstöður vinnuhópsins lágu fyrir um mitt ár. Þær bentu til þess að ef ekki yrði gripið í taumana þegar á árinu 1995 myndi halli ríkissjóðs tvöfaldast á næstu fjórum árum og skuldirnar aukast um þriðjung. Jafnframt myndu vextir hækka verulega og hagvöxtur minnka. Í kjölfarið færi atvinnuleysi vaxandi. Við þessar aðstæður væri hætta á að stöðugleika í verðlags- og gengismálum yrði stefnt í voða, samkeppnisstaða atvinnulífs versnaði, viðskiptajöfnuður yrði óhagstæður og erlend skuldasöfnun færi vaxandi á nýjan leik. Að mati vinnuhópsins kölluðu þessar horfur á róttækar aðgerðir sem einkum beindust að ýmsum skipulagsþáttum í ríkisbúskapnum.

Í framhaldi af þessari vinnu kynnti fjármálaráðherra í ríkisstjórn sérstaka áætlun í ríkisfjármálum sem miðaði að því að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum innan fjögurra ára. Þessi áætlun var liður í undirbúningi fjárlaga fyrir árið 1995 og áhersla lögð á að í fjárlagafrumvarpinu væri stigið fyrsta skrefið í þessa átt.

Hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir mati Þjóðhagsstofnunar á efnahagshorfum næstu ár þar sem byggt er á langtímaáætluninni að teknu tilliti til áforma í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1995. Síðan er fjallað um helstu niðurstöður framreikninganna með samanburði við hugsanlega þróun ef ekki yrði gripið til aðgerða.

2.2 Nauðsyn aðgerða í ríkisfjármálum

Efnahagshorfur. Að mati Þjóðhagsstofnunar eru horfur á að hagvöxtur verði fremur hægur hér á landi næstu 4-5 árin, eða um 1½% á ári, samanborið við 3% að jafnaði í nálægum löndum. Ekki er gert ráð fyrir að þorskveiðar aukist á ný fyrr en undir lok aldarinnar. Hins vegar er búist við að aukin framleiðni og hagræðing skili aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi og í heild er gert ráð fyrir að útflutningur fiskafurða vaxi að jafnaði um 1½% á ári. Ekki er reiknað með framkvæmdum vegna nýs álvers eða annarrar stóriðju á tímabilinu. Hins vegar er búist við hröðum vexti í útflutningi iðnaðarvöru, einkum vegna áhrifa lækkunar raunvaxta, aukins hagvaxtar erlendis og stöðugleika hér innanlands á tímabilinu.


Spáð er að verðbólgan verði um 2½%. Talið er að verð á áli og kísiljárni hækki nokkuð á næstunni, en ekkert útlit er fyrir verðbreytingar annarra útflutningsvara. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöld aukist um 1½% á ári og munar þar mest um allt að 9% árlegan vöxt í fjárfestingu atvinnuvega. Áfram er gert ráð fyrir afgangi á viðskiptajöfnuði er gæti numið 1½% að jafnaði á tímabilinu og erlendar skuldir þjóðarinnar munu samkvæmt þessu fara ört lækkandi.

Stefnumörkun. Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum og peningamálum ræður í reynd miklu um hver efnahagsframvindan verður næstu árin. Án aðgerða stjórnvalda eykst halli ríkissjóðs og vextir hækka. Þar með dregur enn frekar úr fjárfestingu, hagvöxtur minnkar og atvinnuleysi eykst.

Mikilvægt er að bæði útgjalda- og skattastefna stjórnvalda stuðli að aukinni hagkvæmni og verðmætasköpun í atvinnulífinu, en dragi ekki úr hagvaxtarmöguleikum þess. Skattahækkun við þessar aðstæður getur leitt til gagnstæðrar niðurstöðu, dregið úr fjárfestingarvilja fyrirtækja og innlendri eftirspurn almennt. Þess vegna eru skýr rök fyrir því að heppilegasta leiðin til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu árum sé að draga markvisst úr vexti ríkisútgjalda.

Það er misskilningur að þessi stefna leiði til samdráttar í efnahagslífinu. Þvert á móti. Með henni dregur úr lánsfjáreftirspurn hins opinbera og skilyrði skapast til frekari lækkunar vaxta. Jafnframt eykst svigrúm einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Þessi stefna stuðlar þannig að meiri hagvexti og minna atvinnuleysi og er í reynd eina færa leiðin til þess að tryggja bætt lífskjör í landinu.

Halli ríkissjóðs



Aðgerðir. Til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu árum er mikilvægt að taka strax í upphafi ákvarðanir um meginleiðir að því marki og koma nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd sem fyrst. Hér á eftir er fjallað um þær meginleiðir sem skoðaðar voru í framreikningunum, en útgjaldaáform fjárlagafrumvarpsins eru í samræmi við þessa stefnumörkun.


Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að lækka samneysluútgjöld ríkissjóðs að raungildi og er gert ráð fyrir að þau lækki um 5% yfir allt tímabilið, eða rúmlega 1% á ári. Þótt ýmsar leiðir séu að því marki verður vart undan því vikist að taka hlutverk og rekstur stofnana ríkisins til gagngerrar endurskoðunar. Í því sambandi þarf að gera auknar kröfur til stjórnenda opinberra stofnana um fjárhagslega ábyrgð samtímis því sem sveigjanleiki þeirra til

stjórnunar verði aukinn. Mikilvægt er að skapa aukna samkeppni milli stofnana um rekstur á vegum hins opinbera, til dæmis með því að gefa öðrum aðilum kost á að reka þjónustustarfsemi sem ríkinu er ætlað að kosta. Þá er gert ráð fyrir því hér að þeir sem njóta þjónustunnar taki meiri þátt í kostnaði henni samfara.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög ríkisins til einstaklinga, fyrirtækja og samtaka lækki að raungildi um tæplega 6% á tímabilinu, eða tæplega 1½% á ári. Á þessu sviði vega þyngst útgjöld til almannatrygginga og landbúnaðar. Einnig má nefna framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og sveitarfélaga. Hér blasir við að grípa þarf til margvíslegra aðgerða til að ná markmiðinu, meðal annars að endurskoða forgangsröð verkefna og hagræða í rekstri.

Loks er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingu, einkum á fyrri hluta tímabilsins. Þessi lækkun er ekki talin hafa veruleg áhrif á heildarfjárfestingu í landinu þar sem minni útgjöld ríkisins skapa grundvöll fyrir aukinni fjárfestingu fyrirtækja.

Heildarskuldir ríkissjóðs



2.3 Helstu niðurstöður.

Þær aðgerðir sem hér hefur verið lýst leiða til jafnvægis í ríkisbúskapnum árið 1998. Í þeim felst 7% útgjaldalækkun að raungildi yfir allt tímabilið á meðan tekjurnar standa nokkurn veginn í stað. Skuldastaða ríkissjóðs (brúttó) fer einnig smám saman lækkandi, eða úr tæplega 49% af landsframleiðslu árið 1994 í 46% árið 1998. Ef ekki verður gripið í taumana aukast útgjöldin hins vegar um 11% að raungildi og hlutfall heildarskulda ríkissjóðs fer í 60% af landsframleiðslu árið 1998.

Auk jákvæðra áhrifa á afkomu og skuldastöðu ríkissjóðs hafa þessar aðgerðir veruleg og jákvæð áhrif á efnahagslífið almennt. Þetta kemur glöggt fram í mati Þjóðhagsstofnunar á efnahagshorfum næstu árin.

Hagvöxtur verður umtalsvert meiri í jafnaðardæminu og nálgast 2% í lok tímabilsins. Jafnframt eru skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar mun hagstæðari. Þannig er talið að raunvextir geti orðið allt að helmingi lægri en ella, eða nálægt 4%. Samkeppnisstaða atvinnulífsins verður einnig betri. Auk þess leiðir lækkun vaxta til aukinnar fjárfestingar fyrirtækja og einstaklinga og almenn eftirspurn í efnahagslífinu eykst án þess að stofna stöðugleika í verðlags- og gengismálum í hættu. Þessi þróun hefur jákvæð áhrif á atvinnu í landinu og atvinnuleysi verður minna en ella. Loks má nefna að samkvæmt þessum framreikningum verður umtalsverður afgangur á viðskiptajöfnuði allt tímabilið og í kjölfarið lækka erlendar skuldir þjóðarbúsins.

Þessar niðurstöður sýna glöggt þann efnahagslega ávinning sem felst í markvissum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum á næstu árum. Jafnframt leiða þeir í ljós þær hættur sem aðgerðaleysi og aukinn hallarekstur ríkissjóðs getur skapað. Það er því afar mikilvægt að fylgja vel eftir þeirri stefnu sem mótuð er í fjárlagafrumvarpinu á næstu árum.

3 Helstu þættir ríkisfjármála

Í þessum kafla eru dregnir saman helstu þættir ríkisfjármála, annars vegar í ljósi framvindunnar á árinu 1994 og hins vegar eins og þeir birtast í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995. Stiklað er á stóru, en nánar er fjallað um einstök atriði síðar í greinargerðinni.

3.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 1994

Fjárlög. Þegar fjárlög fyrir árið 1994 voru afgreidd í desember 1993 var spáð áframhaldandi samdrætti í efnahagslífinu, en hann var talinn skerða tekjur ríkissjóðs um 2 milljarða króna og auka útgjöld, meðal annars til atvinnuleysistrygginga. Ennfremur tóku gildi í ársbyrjun 1994 umfangsmiklar skattabreytingar í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993. Þessar breytingar voru taldar lækka tekjur ríkissjóðs um 1½ milljarð króna á árinu 1994. Þar bar hæst lækkun virðisaukaskatts á matvæli úr 24½% í 14%. Svigrúm stjórnvalda til að draga úr halla ríkissjóðs á árinu 1994 var því takmarkað þrátt fyrir margvísleg áform um lækkun útgjalda.

Fjárlög voru þannig afgreidd með 9,6 milljarða króna halla. Um það bil helming hallans, eða um 5 milljarða króna, mátti rekja til fyrrnefndra atriða og einn milljarð til sérstaks átaks í vegaframkvæmdum. Þrátt fyrir þetta var stefnt að áframhaldandi lækkun útgjalda, um 2 milljarða króna að raungildi.

Breyttar horfur. Frá því að fjárlög voru samþykkt hafa ýmsar forsendur þeirra breyst í veigamiklum atriðum. Þannig stefnir nú í að tekjur ríkissjóðs verði 2½ milljarði króna umfram fjárlagaáætlun. Frávik á gjaldahlið eru nokkru meiri, eða upp undir 4 milljarðar króna. Eins og nú horfir er halli á ríkissjóði í árslok 1994 áætlaður 10,8 milljarðar króna, eða 1,2 milljörðum umfram fjárlög. Þetta eru með minnstu frávikum frá fjárlögum um árabil.

Heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 1994 eru nú áætlaðar 106,8 milljarðar króna. Hagvöxtur og aukin umsvif í efnahagslífinu skýra að mestu þessa tekjuaukningu. Ennfremur skilar betri afkoma fyrirtækja auknum tekjum í ríkissjóð, auk þess sem innheimta skatta hefur batnað. Samanlagt auka þessir þættir tekjurnar um 3½ milljarð króna umfram áætlun fjárlaga. Á móti kemur að tekjur ríkissjóðs af bifreiðainnflutningi og sérstöku bensíngjaldi verða lægri en reiknað var með. Þetta ásamt ýmsu öðru lækkar tekjurnar um tæplega milljarð króna frá fyrri spá. Þegar allt er talið er því frávik tekna frá fjárlögum liðlega 2½ milljarður króna.

Útgjöld ríkissjóðs eru áætluð 117,6 milljarðar króna í stað 113,8 milljarða í fjárlögum 1994. Frávik frá fjárlögum eiga sér ýmsar skýringar. Aukin útgjöld til fjárfestingar nema rúmlega 1½ milljarði króna, einkum vegna nýrra ákvarðana ríkisstjórnar. Áhrif kjarasamninga og ákvarðanir ríkisstjórnar um eingreiðslur til lífeyrisþega nema nálægt 900 m.kr. og ýmis sparnaðaráform í fjárlögum sem ekki gengu eftir sem skyldi, einkum í heilbrigðisþjónustu, auka útgjöldin um 1,2 milljarða króna.

Helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1994, m.kr.

	Tekjuhlið:	
1.	**Veltuáhrif vegna betri afkomu þjóðarbúsins**	**2.500**
2.	**Lægri tekjur af bensíni, bifreiðum og bókfærðri sölu eigna**	**-900**
3.	**Betri afkoma fyrirtækja, bætt skattskil o.fl.**	**1.019**
	Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**2.619**
	Gjaldahlið:	
1.	**Aukin fjárfesting**	**1.535**
	- Kaup á þyrlu	535
	- Framkvæmdir við Vestfjarðagöng	350
	- Húsnæði fyrir utanríkisráðuneyti	250
	- Flutningur fjárheimilda milli ára, nettó	400
2.	**Aukin útgjöld tengd kjarasamningum**	**450**
3.	**Eingreiðslur í lífeyris- og atvinnuleysistryggingum**	**400**
4.	**Viðbótarútgjöld sjúkratrygginga**	**900**
5.	**Sérstök framlög til atvinnulífsins**	360
	- Lög um aðstoð við Vestfirði	300
	- Jöfnunaraðgerðir í skipasmíðaiðnaði	60
6.	**Ýmis viðbótarútgjöld (skólar, sjúkrahús o.fl.)**	**213**
	Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**3.858**

Meiri hallarekstur en gert var ráð fyrir á fjárlögum endurspeglast í aukinni lánsfjárþörf ríkissjóðs. Á fjárlögum 1994 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð tæpir 12 milljarðar króna. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur hins vegar átt í verulegum erfiðleikum með að afla nauðsynlegs lánsfjár á markaði til að mæta skuldbindingum sínum og hefur því þurft að leita milligöngu ríkissjóðs. Ríkissjóður hefur því orðið að taka lán og endurlána stofnuninni og gæti þessi lánsfjáröflun orðið allt að 7 milljarðar króna á árinu öllu. Þetta er meginskýringin á því að lánsfjárþörf ríkissjóðs fer fram úr áætlun. Þessi lánafyrirgreiðsla ríkissjóðs við Húsnæðisstofnun hefur hins vegar engin áhrif á lánsfjárþörf hins opinbera, en hún er áætluð rúmir 22 milljarðar króna, eða 1 milljarði króna undir áætlun.

3.2 Megindrættir fjárlagafrumvarps 1995

Fjárlagagerð ársins 1995 ber glögg merki þeirra umskipta sem nú hafa orðið í íslensku efnahagslífi. Horfur um hagvöxt í ár og á næsta ári auka tekjur ríkissjóðs. Það svigrúm sem auknar tekjur skila gengur alfarið til þess að lækka halla ríkissjóðs á næsta ári, um nær þriðjung frá fjárlögum ársins 1994. Með þessu skapast skilyrði fyrir áframhaldandi lækkun vaxta.

Helstu niðurstöður. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 6,5 milljarða króna halla á ríkissjóði árið 1995, eða 3 milljörðum minna en á fjárlögum 1994. Þetta svarar til 1,5% af landsframleiðslu, samanborið við 2,5% árið 1994. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1995 er áætluð 8,7 milljarðar króna, eða sem svarar til 2% af landsframleiðslu.

Afkoma ríkissjóðs 1991 - 1995


Í milljónum króna	1991	1992	1993	Fjárlög 1994	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Tekjur	99.953	103.447	103.220	104.146	106.765	109.413
Gjöld	112.487	110.607	112.863	113.782	117.640	115.934
Rekstrarafkoma	**-12.534**	**-7.160**	**-9.643**	**-9.636**	**-10.875**	**-6.521**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-3,2	-1,8	-2,3	-2,5	-2,5	-1,5
Lánveitingar, nettó	-2.114	-15	-1.055	-2.140	-9.720[1]	-2.190
Hrein lánsfjárþörf	**14.648**	**7.175**	**10.698**	**11.776**	**20.595[1]**	**8.711**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	3,7	1,8	2,6	3,0	4,8	2,0
Lántökur, nettó	**8.535**	**9.434**	**12.134**	**11.850**	**20.600[1]**	**8.750**
Innlend lántaka - afborganir	3.216	5.494	8.090	-	-	-
Erlend lántaka - afborganir	6.074	4.716	4.044	-	-	-
Lán í Seðlabanka - afborganir	-755	-776	-	-	-	-
Greiðsluafkoma	**-6.113**	**2.259**	**1.436**	**74**	**5**	**39**

[1] Þar af 7.000 m.kr. endurlán til Húsnæðisstofnunar.

Tekjuhlið. Tekjur ríkissjóðs árið 1995 eru áætlaðar 109,4 milljarðar króna samanborið við 106,8 milljarða á þessu ári. Helstu atriði á tekjuhlið eru eftirfarandi:

- Árið 1995 lækka skatttekjur ríkissjóðs þriðja árið í röð, í hlutfalli við landsframleiðslu. Sama gildir um heildartekjur ríkissjóðs og þarf að fara aftur til ársins 1987 til að finna lægri hlutföll.
- Aukin umsvif í efnahagslífinu styrkja tekjuhlið ríkissjóðs á árinu 1995. Skatttekjurnar eru þó talsvert minni en við upphaf samdráttarskeiðsins, á árinu 1991, hvort sem mælt er í hlutfalli við landsframleiðslu eða á föstu verðlagi.
- Á móti tekjuauka vegna efnahagsbatans vegur lækkun tekna í kjölfar ýmissa skattabreytinga á þessu ári sem skilar sér ekki að fullu fyrr en á næsta ári. Þar má nefna lækkun virðisaukaskatts á matvælum, breytingar á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og brottfall sérstaks tímabundins 5% tekjuskatts (hátekjuskatts). Samanlagt lækka þessar breytingar tekjur ríkissjóðs um 1½ milljarð króna á næsta ári.
- Á næsta ári eru fyrirhugaðar ýmsar skattabreytingar sem hafa þó ekki veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Meðal annars er áformað að taka upp sérstakt olíugjald í stað þungaskatts. Nokkrar breytingar verða á vörugjöldum til samræmis við ákvæði EES-samningsins. Þá eru fyrirhugaðar breytingar á fyrningarreglum fyrirtækja.
- Ríkisstjórnin hefur kannað ræki lega ýmsa kosti er varða samræmingu í skattlagningu eignatekna og annarra tekna. Afgreiðslu þessa máls var hins vegar frestað, ekki síst vegna ábendinga um að álagning eignatekjuskatts kynni að valda vaxtahækkun á markaðnum og vinna þannig gegn þeim aðgerðum sem stjórnvöld beittu sér fyrir til að lækka vexti. Auk þess var bent á að svipað gæti verið upp á teningnum vegna opnunar fjármagnsmarkaðarins gagnvart útlöndum og fjármagn streymt úr landi.

Halli ríkissjóðs



Gjaldahlið. Heildarútgjöld samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru 115,9 milljarðar króna og lækka um hálfan milljarð króna að raungildi frá fjárlögum 1994 og um 4 milljarða króna frá áætlaðri útkomu 1994. Frá árinu 1991 hafa útgjöld ríkissjóðs lækkað um tæpa 9 milljarða króna að raungildi. Helstu einkenni á gjaldahlið eru þessi:

- Áfram er unnið að því að efla þjónustu ríkisstofnana og auka hagkvæmni í rekstri þeirra. Áhersla er lögð á að auka ábyrgð stjórnenda og flytja ákvarðanir um rekstur sem næst vettvangi. Í tilraunaskyni verður annars vegar gengið frá formlegum þjónustusamningum milli nokkurra stofnana og ráðuneyta og hins vegar leitað til stofnana um staðlaðar upplýsingar sem með einfaldri framsetningu gefa til kynna þá þjónustu sem stofnanir veita fyrir fjárframlög úr ríkissjóði.
- Framlög til skólastofnana aukast að raungildi frá fjárlögum í tengslum við stefnumótun í málefnum grunnskóla og framhaldsskóla. Þá er rekstur stærstu sjúkrahúsa landsins styrktur með hliðsjón af verkaskiptingu milli þeirra.
- Í byrjun næsta árs taka gildi ný lög um húsaleigubætur. Hlutur ríkisins í þeim bótum er ákveðinn 400 m.kr. en að öðru leyti er úthlutun bótanna á ábyrgð sveitarfélaga.
- Áfram er lögð áhersla á stuðning við rannsóknir, þróun og markaðssókn. Á árinu 1995 sér þessa meðal annars stað í þátttöku í rannsóknaáætlun ESB og framlagi í nýstofnaðan Lýðveldissjóð. Ennfremur er í undirbúningi stefnumótun um stuðning stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi.
- Gert er ráð fyrir að átaksverkefni sveitarfélaga og ríkisins til atvinnueflingar haldi áfram, þriðja árið í röð. Verkefnið hefur gefist vel og átt þátt í að atvinnuleysi á yfirstandandi ári er talið verða minna en spáð var í upphafi árs.

- Til að styrkja stöðugleika í ríkisfjármálum er stefnt að afnámi ákvæða um sjálfvirkar hækkanir á sköttum og bótagreiðslum. Þess í stað verði hækkanir ákveðnar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Lánsfjármál og vextir. Mikilvægt er að efnahagsbatinn verði nýttur til þess að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera og auka svigrúm atvinnulífsins til fjárfestingar og fjölgunar starfa.

- Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila (húsnæðiskerfisins, fjárfestingarlánasjóða og opinberra fyrirtækja) er áætluð 14 ,4 milljarðar króna árið 1995, um þriðjungi eða 7,7 milljörðum króna minni en í ár. Frá árinu 1991 hefur hrein lánsfjárþörf hins opinbera lækkað úr 10,5% af landsframleiðslu í 3,2%, miðað við áform fjárlagafrumvarpsins.
- Veruleg lækkun á lánsfjárþörf ríkissjóðs og hins opinbera í heild stuðlar að enn frekari lækkun raunvaxta á innlendum lánamarkaði.


4 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

Í þessum kafla er fyrst farið nokkrum orðum um efnahagsþróun undanfarinna ára. Síðan er fjallað um þær efnahagsaðstæður sem fjárlagagerð fyrir árið 1995 tekur mið af, innanlands sem utan. Loks er birt tölulegt yfirlit yfir helstu efnahagsforsendur fjárlaga.

4.1 Umskipti í efnahagsmálum

Margt bendir til þess að árið 1994 marki ákveðin þáttaskil í efnahagsmálum hér á landi þar sem langvinnt tímabil stöðnunar og samdráttar í þjóðarbúskapnum virðist að baki. Ekki er þó að vænta stökkbreytinga heldur hillir undir hægfara efnahagsbata næstu árin. Enn um sinn er því að vænta nokkru minni hagvaxtar hér á landi en spáð er fyrir önnur OECD-ríki.

Hagvöxtur



Þegar horft er yfir tímabilið frá árinu 1987 má greina nokkur megineinkenni í efnahagsþróuninni. Fram til ársins 1993 ríkti að heita má alger stöðnun í efnahagslífinu á mælikvarða landsframleiðslu, þ.e. á þessu sex ára tímabili mældist nánast enginn hagvöxtur. Fyrri hluta tímabilsins, eða fram til ársins 1991, tókst ekki nægilega vel að laga þjóðarútgjöldin að þverrandi þjóðartekjum. Afleiðingin varð því sú að viðskiptahalli fór vaxandi og náði hámarki árið 1991 og nam um 20 milljörðum króna (á verðlagi 1994). Verðbólga var einnig umtalsverð, sérstaklega framan af tímabilinu, eða um og yfir 20% á ári, og gengi var afar óstöðugt. Stöðnun í efnahagslífinu hafði einnig áhrif á ríkisbúskapinn, einkum tekjuhlið hans þar sem hefðbundnir skattstofnar rýrnuðu. Erfiðlega gekk hins vegar að hemja ríkisútgjöldin. Þrátt fyrir umtalsverðar skattahækkanir tókst ekki að koma í veg fyrir að

hallinn á ríkissjóði ykist, en hámarki náði hann árið 1991, rúmlega 14 milljörðum króna (á verðlagi 1994).

Orsakir þeirra erfiðleika sem íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum undanfarin 6-7 ár eru margvíslegar. Þannig er of mikil einföldun að skella skuldinni alfarið á þann aflasamdrátt sem óneitanlega hefur orðið, einkum í þorskveiðum frá árinu 1987. Hér kemur fleira til. Um miðjan síðasta áratug var íslenskt efnahagslíf að mörgu leyti enn bundið á klafa boða og banna. Þannig var verðlagsmyndun í takmörkuðum mæli orðin frjáls og vextir voru ákveðnir af stjórnvöldum. Gengi var óstöðugt, þrálátur halli var á viðskiptum við útlönd og óraunhæfir kjarasamningar leiddu oftar en ekki til kollsteypu í efnahagslífinu.

Upp úr miðjum síðasta áratug urðu hins vegar nokkrar breytingar í hagstjórn hér á landi sem miðuðu að því að auka frelsi á ýmsum sviðum efnahagslífsins. Hér bar hæst að losað var um hömlur á fjármagnsmarkaði sem leiddi til þess að raunvextir urðu jákvæðir. Þessi breyting hlaut að hafa umtalsverð áhrif á fjölmörg fyrirtæki og einstaklinga sem höfðu búið við neikvæða raunvexti um langa hríð. Það kom enda á daginn að mörg fyrirtæki reyndust ekki hafa raunverulegan rekstrargrundvöll og ljóst að fram undan var langvinnt og erfitt tímabil uppstokkunar og hagræðingar í atvinnurekstri. Þannig var í grófum dráttum umhorfs í efnahagsmálum þegar stöðnunar- og samdráttarskeiðið hófst hér á landi á árinu 1988.

Það gefur því auga leið að íslenskt efnahagslíf var engan veginn í stakk búið að mæta þeim erfiðleikum sem aflasamdráttur hafði í för með sér. Það kom því ekki á óvart að gjaldþrotum fjölgaði. Jafnframt brugðust fyrirtæki í vaxandi mæli við erfiðleikunum með endurskoðun á flestum rekstrarþáttum, aukinni hagræðingu og aðhaldi. Í kjölfarið jókst atvinnuleysi og varð strax á árinu 1989 meira en mælst hafði síðan á erfiðleikaárunum 1968-1969. Þessi þróun er athyglisverð þar sem samdráttar var enn ekki farið að gæta í landsframleiðslu heldur einungis stöðnunar. Aukið atvinnuleysi stafaði því frekar af gjörbreyttu rekstrarumhverfi en aflasamdrætti.

Á árunum 1990-1991 dró verulega úr hagvexti í helstu viðskiptalöndum okkar og víða gætti jafnvel samdráttar, einkum á árinu 1992. Á sama tíma reyndist nauðsynlegt að draga verulega úr þorskveiðum hér við land. Jafnframt hríðféll verð á fiskafurðum okkar erlendis, en það hafði hækkað verulega á árunum 1990-1991. Í kjölfarið dróst landsframleiðsla saman um meira en 3% milli áranna 1991 og 1992 og aftur þarf að hverfa til áranna 1968-1969 til að finna meiri samdrátt í landsframleiðslu. Atvinnuleysi fór því ört vaxandi.

Þessar breyttu aðstæður kölluðu óhjákvæmilega á verulegar áherslubreytingar í hagstjórn. Með hóflegum kjarasamningum og víðtækum efnahagsaðgerðum stjórnvalda, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamninga, tókst að leggja grundvöll að meiri stöðugleika í efnahagsmálum en hér hefur ríkt um áratugaskeið. Horfið hefur verið frá miðstýrðum verðákvörðunum stjórnvalda, ákvörðun vaxta verið færð út á markaðinn og frelsi aukið í fjármagnsviðskiptum milli landa.

4.2 Alþjóðlegar efnahagshorfur

Bjartsýni á bættan efnahag í OECD-ríkjunum einkennir nú umræðuna um efnahagsmál á alþjóðlegum vettvangi, en það sem af er þessum áratug hefur heimsbúskapurinn gengið í gegnum eitt lengsta skeið stöðnunar og samdráttar frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Því tímabili er nú að ljúka og búist er við vexti í efnahagslífi flestra OECD-ríkjanna á þessu ári og á árinu 1995. Hagvöxtur er áætlaður 2½% í OECD-ríkjunum á þessu ári og spáð er að hann nái 3% á næsta ári.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1994	1995	1994	1995	1994	1995	1994	1995
Ísland	**-3,2**	**-2,0**	**1,5**	**2,0**	**4,8**	**4,9**	**1,9**	**1,4**
Danmörk	-4,6	-3,6	2,0	2,6	11,0	10,5	4,0	3,5
Finnland	-5,6	-5,5	1,5	2,0	18,5	17,7	1,9	4,7
Noregur	-2,6	-1,8	1,4	1,8	5,6	5,2	4,3	2,9
Svíþjóð	-10,7	-9,5	2,4	3,3	8,0	7,8	2,7	2,9
Norðurlönd, alls	**-5,3**	**-4,4**	**1,8**	**2,3**	**9,6**	**9,2**	**3,0**	**3,1**
Bretland	-6,0	-4,6	2,9	2,9	9,6	8,9	2,8	3,2
Frakkland	-5,6	-4,8	1,7	1,4	12,3	12,2	1,8	2,9
Ítalía	-9,5	-9,0	3,9	3,0	11,7	11,9	1,5	2,6
Þýskaland	-3,1	-3,0	3,1	1,9	10,0	10,0	1,8	2,6
Evrópusambandið	**-5,6**	**-5,1**	**3,0**	**2,5**	**12,0**	**11,9**	**1,9**	**2,8**
Bandaríkin	-2,6	-2,1	2,1	3,1	6,3	5,8	4,0	3,0
Japan	-1,9	-1,7	0,3	0,3	2,9	2,8	0,8	2,7
Kanada	-5,5	-4,0	0,7	2,1	10,8	10,2	3,7	4,3
OECD-ríkin	**-4,0**	**-3,3**	**3,5**	**3,4**	**8,5**	**8,3**	**2,6**	**2,9**

[1] Hlutfall af landsframleiðslu.

Hagvöxtur er nú vel á veg kominn í Bandaríkjunum og Bretlandi, svo og í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Einnig má greina vöxt í efnahagslífi Evrópu, en heldur hægari. Sömu sögu má segja um Japan, en þar hófst samdráttarskeiðið síðar. Heldur er bjartara yfir efnahagsástandinu á Norðurlöndum en í öðrum OECD-ríkjum. Eftir mikinn samdrátt í landsframleiðslu í Svíþjóð og Finnlandi á undanförnum árum er hagvöxtur nú að taka við sér, einkum vegna aukinnar útflutningsframleiðslu. Einnig er búist við aukinni landsframleiðslu í Danmörku og Noregi, en öfugt við Svíþjóð og Finnland er hagvöxturinn aðallega til kominn vegna aukinnar einkaneyslu og fjárfestingar.

Verðlag. Á undanförnum árum hefur verðbólga verið mjög lítil í OECD-ríkjunum, ekki síst vegna slaka í efnahagslífinu. Þótt hagvöxtur sé að aukast er búist við að verðbólga haldist lág á þessu ári, eða rúmlega 2%. Á næsta ári er búist við að verðlag fari örlítið hækkandi og verði nálægt 2½%, aðallega vegna hækkandi verðlags í Bandaríkjunum. Í þessum spám er gert ráð fyrir að launaþróun verði í takt við almennar breytingar þjóðartekna, um 2½ til 3½ %.

Atvinnuleysi. Þrátt fyrir meiri hagvöxt verður mikið atvinnuleysi áfram eitt helsta vandamál flestra iðnríkja. Búist er við að atvinnuleysi í OECD-ríkjunum haldist óbreytt á þessu ári, eða 8½%, en lækki í 8¼% á næsta ári. Í Bandaríkjunum er hagvöxtur kominn vel á veg og merki þess farin að sjást í minnkandi atvinnuleysi. Á síðasta ári mældist það nær 7% og búist er við að það fari niður í 6½% á þessu ári. Á næsta ári er reiknað með að atvinnuleysi í Bandaríkjunum verði með lægsta móti, og fari undir 6%. Í Evrópu er hagvöxtur skemmra á veg kominn og helst atvinnuleysi áfram hátt. Reiknað er með 11,7% atvinnuleysi á þessu ári og 11,8% á árinu 1995, en búist er við að það fari lækkandi eftir 1995.

Afkoma hins opinbera. Halli á rekstri hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, hefur aukist mjög á undanförnum árum, bæði vegna efnahagssamdráttar og kerfislægra þátta. Þótt bjartar horfi í efnahagsmálum er áfram mikill halli hjá hinu opinbera í flestum ríkjum innan OECD. Mörg þeirra hafa lýst yfir að þau muni grípa til aðgerða á þessu ári og því næsta til að draga úr kerfislægum halla. Í framhaldi af því er búist við að halli fari minnkandi í þessum ríkjum. Þannig er áætlað að halli á rekstri hins opinbera í OECD-ríkjunum verði að meðaltali 4% af landsframleiðslu á þessu ári, en lækki í 3,3% á næsta ári. Staðan er lakari í ríkjum Evrópusambandsins, en þar er hallinn áætlaður um 5½% af landsframleiðslu árið 1994 og spáð er 5% halla árið 1995.

Þrátt fyrir að hallinn minnki munu skuldir hins opinbera halda áfram að aukast. Hreinar skuldir hins opinbera hjá OECD-ríkjunum námu tæplega 40% af landsframleiðslu á árinu 1993, en á þessu ári er reiknað með að þær fari í 42% og í tæplega 44% af landsframleiðslu á komandi ári. Hlutfall heildarskulda er hins vegar áætlað 70% af landsframleiðslu á árinu 1994 og stefnir í 72½% árið 1995.

Til samanburðar má nefna að áætlað er að halli á rekstri hins opinbera á Íslandi, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, verði 3,2% af landsframleiðslu í ár og 2% á næsta ári. Skuldastaða hins opinbera er einnig skárri hér en víðast hvar annars staðar. Þannig er hlutfall heildarskulda af landsframleiðslu áætlað 55% árið 1994 og 56% árið 1995.

Vaxta- og gengismál. Svigrúm í ríkisfjármálum hefur verið takmarkað og efnahagsbatinn verður því einkum rakinn til peningamarkaðarins í formi vaxtalækkana. Þróun skammtímavaxta hefur á þessu ári borið merki þess misvægis er ríkir í hagvexti landanna. Skammtímavextir í Þýskalandi hafa verið á hægri niðurleið frá því í september 1992 og búist er við að sú þróun haldi áfram. Í Japan hafa vextirnir aftur á móti verið í lágmarki og gert er ráð fyrir að þeir haldist lágir. Hagvöxtur í Bandaríkjunum hefur aftur á móti leitt til þess að skammtímavextir hafa farið hækkandi til að koma í veg fyrir aukna verðbólgu.

Langtímavextir hafa á hinn bóginn hækkað víðast hvar það sem af er ári. Hér gætir vafalaust bjartsýni um aukinn hagvöxt á komandi árum, ótta við aukna verðbólgu og stöðuga skuldasöfnun hins opinbera.

Rólegt hefur verið á gengismörkuðum og á Evrópumarkaði hafa flestar myntir haldist innan hinna gömlu viðmiðunarmarka Evrópusambandsins. Hins vegar hefur gengi Bandaríkjadals verið lágt gagnvart jeni og Evrópumyntum þrátt fyrir uppsveifluna í bandarísku efnahagslífi.

Milliríkjaviðskipti. Misjafn hagvöxtur og miklar gengisbreytingar hafa leitt til breytinga á viðskiptajöfnuði OECD-ríkjanna. Viðskiptahalli Bandaríkjanna hefur aukist á undanförnum árum og er búist við að hann nemi 2,1% af landsframleiðslu á þessu ári og haldist óbreyttur á því næsta. Afgangur á viðskiptum Japana við önnur lönd lækkar úr 2,8% af landsframleiðslu á þessu ári í 2,5% á því næsta. Þróunin í Evrópu er á hinn veginn þar sem halli á viðskiptum árið 1992 breyttist í lítils háttar afgang 1993. Á þessu ári er búist við enn meiri afgangi á viðskiptajöfnuði í Evrópu, eða 0,7% af landsframleiðslu og spáð er að afgangurinn nái 1% af landsframleiðslu á næsta ári.

4.3 Framvinda 1994 og horfur 1995

Hagvöxtur. Eftir sex ára stöðnunarskeið í íslensku efnahagslífi er nú útlit fyrir að hagvöxtur sé að glæðast. Á árinu 1992 nam samdráttur í landsframleiðslu 3,3%, en á síðasta ári

jókst landsframleiðsla um tæpt 1%. Á þessu ári er búist við að hagvöxtur verði nálægt 2% og reiknað er með áframhaldandi hagvexti á næsta ári, eða sem nemur 1,4%. Þjóðartekjur munu aukast á þessu ári um rúmlega 1½% og samkvæmt þjóðhagsáætlun er búist við að þessi þróun haldi áfram á næsta ári.

Horfur um aukinn afla eru ekki bjartar. Hins vegar er samdrátturinn ekki eins mikill og búist hafði verið við, ekki síst vegna veiða á fjarmiðum. Fyrstu átta mánuði ársins dróst þorskafli saman um rúmlega 30% miðað við sama tíma í fyrra. Á móti kemur að aukning hefur verið í öðrum tegundum, ekki síst í úthafskarfa og rækju.

Þjóðarútgjöld. Á þessu ári er búist við að þjóðarútgjöld aukist eftir 10% samdrátt frá 1991. Aukningin er talin nema 1,2% á þessu ári og 2,0% á því næsta. Mestur er viðsnúningurinn í einkaneyslu, en hún eykst um 2% bæði á þessu ári og á árinu 1995 eftir að hafa dregist saman um 9% á tímabilinu frá 1991 til 1993. Samneysla eykst einnig í ár, um 1,1%, og búist er við að hún aukist um 1,6% á næsta ári. Þetta er minni aukning en var á síðasta ári þegar samneysla jókst um 2%. Hér gætir áhrifa sveitarfélaganna, en samneysla þeirra hefur aukist verulega að undanförnu. Mikil umskipti eru í fjárfestingu. Á árunum 1991 til 1993 dróst fjárfesting saman um ríflega 20%. Á þessu ári er hins vegar búist við að hún haldist óbreytt og aukist um 2,2% á næsta ári.

Þjóðhagsyfirlit


	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1994	1995	1993	1994	1995
Einkaneysla	257.808	268.153	-4,5	2,0	2,0
Samneysla	86.539	90.215	2,0	1,1	1,6
Fjárfesting	67.176	70.015	-10,4	0,0	2,2
Birgðabreytingar	0	0	0,2	-0,3	0,0
Þjóðarútgjöld	411.523	428.383	-4,0	1,2	2,0
Útflutningur vöru og þjónustu	149.772	157.017	6,4	4,9	1,1
Innflutningur vöru og þjónustu	134.586	141.986	-8,5	3,1	2,9
Landsframleiðsla	**426.709**	**443.414**	**0,9**	**1,9**	**1,4**
Viðskiptajöfnuður	3.059	2.024	0,0	0,7	0,5

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Velta. Nú liggja fyrir upplýsingar um veltu einstakra atvinnugreina samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri fyrir fyrri helming þessa árs. Velta flestra atvinnugreina hefur aukist frá fyrra ári og í heild hefur veltan aukist um 7% að raungildi milli ára. Mest er aukningin í samgöngum, sjávarútvegi og útflutningsverslun. Þá hefur velta einnig aukist í iðnaði og byggingarstarfsemi. Veltuaukning í smásölu er minni, en hefur farið vaxandi fram á mitt þetta ár og búast má við frekari aukningu á síðari helmingi ársins.

Verðlag. Undanfarin misseri hefur verðlag hér á landi haldist mjög stöðugt og er verðbólga nú lægri en verið hefur í marga áratugi. Á næsta ári er búist við áframhaldandi stöðugleika og verður það fjórða árið í röð sem verðbólga mælist svipuð hér á landi og í viðskiptalöndum okkar. Á þessu ári er búist við að hækkun framfærsluvísitölunnar nemi að meðaltali 1½%, en innan ársins verði hækkunin innan við 1%.

Verðbólga



Vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum um síðustu áramót úr 24½% í 14% hefur verð á matvælum lækkað á þessu ári sem skilar sér í lægri framfærsluvísitölu. Reyndar var fyrsta skrefið stigið með auknum niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum í maí 1993. Áhrif þessa koma meðal annars fram í því að frá maí 1993 til september 1994 hefur verð á matvöru lækkað um 2,2%. Á sama tíma hækkuðu aðrir liðir framfærsluvísitölunnar um 2,5%.

Á næsta ári er búist við að verðbólga nemi 2%. Lág verðbólga ásamt stöðugu gengi á undanförnum árum hefur gert það að verkum að samkeppnisstaða íslenskrar framleiðslu hefur batnað gagnvart framleiðslu annarra landa.

Vinnumarkaður. Það sem af er þessu ári hefur atvinna heldur verið að aukast og hefur atvinnuleysi mælst minna en upphaflega var spáð. Í byrjun árs var gert ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 5,5% af vinnuafli á þessu ári, en nú er búist við að það mælist 4,8% fyrir árið allt. Á næsta ári er búist við að fjölgun starfa haldist í hendur við almenna fjölgun á vinnumarkaði og atvinnuleysi haldist því svipað og á þessu ári.

Á undanförnum árum hafa hlutfallslega fleiri konur verið atvinnulausar en karlar. Þróunin hefur hins vegar verið sú að bilið milli atvinnuleysis kvenna og karla hefur verið að breikka. Fyrstu átta mánuði ársins var atvinnuleysi meðal kvenna rúmlega 6½% en atvinnuleysi meðal karla mældist á sama tíma um 4%. Á árinu 1993 mældist atvinnuleysi kvenna 5½% en atvinnuleysi karla 3½%. Nálægt þriðjungur atvinnulausra eru konur á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjur. Upplýsingar úr staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra benda til þess að heildartekjur einstaklinga hafi aukist um 2-3% fyrstu sjö mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um sundurgreiningu eftir atvinnugreinum eða starfsstéttum. Þó er ljóst að hér er um býsna almenna breytingu að ræða, jafnt á almenna markaðnum sem hjá

ríki, sveitarfélögum, fjármálastofnunum o.fl. Rétt er að vekja athygli á því að talnagrunnurinn gefur ekki færi á að greina að hve miklu leyti hér gætir fjölgunar á vinnumarkaði og hvað má rekja til aukinnar yfirvinnu eða launahækkana. Í þessum tölum felst hins vegar ótvíræð vísbending um aukin umsvif í efnahagslífinu, enda spáð 2% hagvexti á árinu.

Þar sem kjarasamningar renna út um áramót og óvissa ríkir um niðurstöðu komandi kjarasamninga er erfitt að spá um tekjuþróun á næsta ári. Þess vegna byggir spá Þjóðhagsstofnunar einkum á almennum skilyrðum þjóðarbúsins um 1½% hagvöxt og 2% aukningu þjóðartekna.

Peningamarkaður. Á síðastliðnum tveimur árum hafa orðið miklar breytingar á innlendum fjármagnsmarkaði sem hafa haft mikil áhrif á þróun peningamála og vaxta hér á landi. Heimild ríkissjóðs til að mæta skammtímafjárþörf sinni með yfirdrætti í Seðlabanka Íslands hefur verið afnumin og nú fjármagnar ríkissjóður lánsfjárþörf sína alfarið með útgáfu ríkisskuldabréfa á almennum markaði. Þessi breyting hefur stuðlað að virkum eftirmarkaði með verðbréf og styrkt uppbyggingu innlends fjármagnsmarkaðar. Önnur mikilvæg breyting er að fjármagnsmarkaðurinn hefur verið opnaður gagnvart útlöndum. Frá byrjun árs 1994 hefur innlendum aðilum verið heimilt að fjárfesta ótakmarkað í erlendum langtímaverðbréfum og frá næstu áramótum verður heimilt að fjárfesta í erlendum skammtímaverðbréfum.

Lánahreyfingar innlánsstofnana

	Staða 31. desember 1993 m.kr.	Staða 31. ágúst 1994 m.kr.	Hreyfing janúar-ágúst 1993 %	Hreyfing janúar-ágúst 1994 %
Heildarinnlán og verðbréfaútgáfa	182.920	183.260	3,1	0,0
Lán og endurlán	213.511	209.874	4,9	-1,7
Þar af fyrirtæki	130.135	123.719	5,0	-5,0
Þar af einstaklingar	53.572	54.756	1,7	2,2
Þar af sveitarfélög	5.878	7.069	-10,0	20,3

Það sem af er árinu 1994 hefur verið samdráttur í lánastarfsemi innlánsstofnana. Skuldir fyrirtækja við bankakerfið hafa minnkað og lántökur einstaklinga hafa lítið aukist. Aftur á móti hafa sveitarfélög aukið skuldir sínar mikið á árinu. Í kjölfar samdráttar í útlánum hefur lausafjárstaða innlánsstofnana batnað og var um 2½ milljarði króna betri í lok ágúst en á sama tíma í fyrra.

Það sem af er þessu ári hefur Seðlabankinn keypt mikið af skammtímaverðbréfum ríkissjóðs, auk húsbréfa og húsnæðisbréfa. Fyrstu sjö mánuði ársins hafði ríkisvíxla- og ríkisbréfaeign bankans aukist um 9 milljarða króna og húsnæðis- og húsbréfaeign um 4 milljarða króna. Markmið þessara verðbréfakaupa Seðlabankans var að treysta í sessi þá vaxtalækkun sem náðst hefur. Upp á síðkastið hefur heldur dregið úr þessum kaupum og ríkisvíxla- og spariskírteinaeign Seðlabankans minnkað.

Það er einkum þrennt sem einkennir þróunina á peningamarkaðnum í ár. Í fyrsta lagi stóraukin skuldabréfaútboð stórra fyrirtækja og opinberra aðila á almennum markaði, sem rekja má til hárra útlánsvaxta hjá innlánsstofnunum þrátt fyrir almenna vaxtalækkun á verðbréfamarkaði. Í öðru lagi kaup Íslendinga á verðbréfum sem eru gefin út erlendis, þó verulega hafi dregið úr þessum viðskiptum á síðari hluta ársins. Í þriðja lagi hafa verðbréfasjóðir vaxið gífurlega, eða um 60% það sem af er árinu. Þessa aukningu má að mestu leyti rekja til

hárrar ávöxtunar í kjölfar vaxtalækkunar í lok síðasta árs og á fyrri hluta þessa árs hjá þeim sjóðum sem fjárfestu í íslenskum verðbréfum.

Nánar er fjallað um þróunina á peningamarkaði í 8.kafla um lánsfjármál opinberra aðila.

Vaxtaþróun. Í lok október 1993 gripu stjórnvöld til víðtækra aðgerða til að lækka vexti og í kjölfar þeirra fóru vextir lækkandi fram á mitt sumar 1994. Verðtryggðir vextir lækkuðu um tæp 2%, en nafnvextir lækkuðu enn meira vegna minnkandi verðbólgu. Þrátt fyrir mikla lækkun á vöxtum víxillána er enn um 7% vaxtamunur milli ríkisvíxla og bankavíxla.

Vaxtaþróun

	Október 1993 %	Júní 1994 %
Nafnávöxtun ríkisvíxla í útboðum	8,5	5,1
Nafnávöxtun útlánsvíxla, meðaltal	18,7	11,9
Vaxtamunur	10,2	6,8
Ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi	6,8	4,8
Meðalávöxtun verðtryggðra útlána	9,4	7,8
Vaxtamunur	2,6	3,0

Á síðustu mánuðum hefur ávöxtun verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands þokast upp á við og í kjölfarið hafa útlánsvextir innlánsstofnanna hækkað. Hér gætir margvíslegra áhrifa, meðal annars óvissu um niðurstöðu komandi kjarasamninga. Þá hefur samkeppni um fjármagn aukist í kjölfar skuldabréfaútboða fyrirtækja og ýmissa opinberra aðila. Ennfremur hafa vaxtahækkanir erlendis og aukin kaup Íslendinga á verðbréfum erlendis haft hér einhver áhrif. Sömu sögu er að segja um aukið framboð húsbréfa það sem af er þessu ári. Loks hafa miklar afskriftir bankanna á útlánum án efa stuðlað að hærri vöxtum en ella.

Þegar horft er fram á við er þó fátt sem gefur tilefni til frekari hækkunar vaxta. Engin þenslumerki eru í hagkerfinu og stöðugleiki ríkir í verðlagsmálum. Vextir á verðtryggðum skuldbindingum til langs tíma eru hærri hérlendis en í öðrum löndum, t.d. í Bretlandi og Svíþjóð. Batnandi afkoma bankanna og aukin þjónustugjöld auka jafnframt möguleika þeirra til að lækka útlánsvexti. Þá hefur dregið verulega úr kaupum á erlendum verðbréfum síðustu mánuðina. Minni halli ríkissjóðs og lækkandi lánsfjárþörf dregur einnig úr þrýstingi á markaðnum og skapar skilyrði til frekari vaxtalækkunar. Miklu skiptir þó að niðurstaða kjarasamninga á næsta ári verði innan þess ramma sem hægfara efnahagsbati og áframhaldandi stöðugleiki markar.


Utanríkisviðskipti. Viðskiptajöfnuður var hagstæður á síðasta ári í fyrsta sinn frá því árið 1986. Á þessu ári er búist við að viðskiptajöfnuður verði áfram hagstæður og nemi 0,7% af landsframleiðslu. Ennfremur er búist við að á árinu 1995 verði afgangur á viðskiptum okkar við útlönd þriðja árið í röð, í fyrsta sinn frá stofnun lýðveldisins.

Á síðasta ári jókst útflutningsverðmæti eftir samfelldan samdrátt frá árinu 1989. Þyngst vegur aukinn afli og aukinn útflutningur á iðnvarningi. Einnig hækkaði verð á áli og kísiljárni á heimsmarkaði. Á þessu ári er reiknað með að vöruútflutningur aukist um rúmlega 5%, aðallega vegna aukins útflutnings á sjávarafurðum og áli. Þá hefur útflutningur á almennum iðnaðarvörum tekið vel við sér. Einnig er gert ráð fyrir aukningu í þjónustuútflutningi og í

heild er reiknað með að útflutningur vöru og þjónustu aukist um nálægt 5%. Á næsta ári er búist við ½% samdrætti í vöruútflutningi, en spáð er rúmlega 5% aukningu þjónustuútflutnings og því 1% aukningu í heildarútflutningi.

Á undanförnum árum hefur fjöldi erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland aukist verulega. Árið 1993 heimsóttu landið rösklega 10% fleiri ferðamenn en á árinu 1992 og jukust tekjur okkar af þeim um rúmlega 15%. Á fyrri helmingi þessa árs jókst fjöldi erlendra ferðamanna um 24% miðað við sama tíma í fyrra og jukust tekjur um 13%.

Viðskiptajöfnuður




Á árunum 1992 og 1993 dróst vöruinnflutningur saman um rúmlega fimmtung og hélt þessi þróun áfram á fyrsta fjórðungi þessa árs. Á öðrum og þriðja ársfjórðungi snérist þróunin hins vegar við. Þannig hefur innflutningur aukist um 2½% að raunvirði fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Á næstu mánuðum er búist við enn frekari aukningu og fyrir árið í heild er nú talið að vöruinnflutningur aukist um 4%. Þar af er reiknað með að almennur innflutningur aukist um 2½% og sérstakur vöruinnflutningur um 14%. Aukningin í almenna innflutningnum kemur einkum fram í almennum neysluvörum, bæði matvöru og fatnaði. Ennfremur benda nýjustu upplýsingar til þess að bifreiðainnflutningur sé að glæðast.

Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir því að heildarinnflutningur vöru og þjónustu aukist um rúmlega 3% á þessu ári og á næsta ári er búist við áframhaldandi aukningu, eða nálægt 3% í heild.

Þegar á heildina er litið verður afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum svipaður í ár og á næsta ári. Vaxtagreiðslur til útlanda verða hins vegar talsvert meiri. Afgangur á viðskiptajöfnuði verður því ívið minni árið 1995 en gert er ráð fyrir árið 1994.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Frá árinu 1987 hafa skuldir Íslendinga erlendis og greiðslubyrði erlendra lána hækkað verulega. Í ár er gert ráð fyrir að erlendar skuldir þjóðarinnar, nettó, muni samsvara rúmum 55% af landsframleiðslu og um 33% af útflutningstekjum fari til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum. Á árinu 1995 er hins vegar útlit fyrir að breyting verði á þessari þróun. Gert er ráð fyrir að erlendar skuldir, nettó, muni lækka í um 52% af landsframleiðslu sem er svipað hlutfall og var árið 1985. Greiðslubyrði erlendra lána er talin munu lækka í 26,5% af útflutningstekjum. Árið 1995 munu erlendar skuldir lækka að raungildi þriðja árið í röð. Gert er ráð fyrir því að erlendar skuldir lækki beinlínis í krónum talið. Þessi umskipti má rekja til stöðugs gengis og afgangs í viðskiptum við útlönd undanfarin ár.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins



Í almennri umræðu er stundum ruglað saman tveimur hugtökum, annars vegar erlendum skuldum þjóðarbúsins og hins vegar skuldum opinberra aðila. Á þessu er nokkur munur. Tæplega helming erlendra skulda þjóðarbúsins má rekja til opinberra aðila, afganginn til einkaaðila. Opinberir aðilar skulda hins vegar ekki aðeins í útlöndum heldur einnig innanlands. Heildarskuldir þeirra taka því bæði til erlendra og innlendra aðila.

Þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1995

		Áætlun 1994	Frumvarp 1995
I.	**Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreytingar milli ára, %**		
	Einkaneysla	2,0	2,0
	Samneysla	1,1	1,6
	Fjárfesting	0,0	2,2
	Atvinnuvegir	2,0	5,5
	Íbúðabyggingar	2,0	5,0
	Opinberir aðilar	-7,1	-8,6
	Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	1,5	2,0
	Útflutningur vöru og þjónustu	4,9	1,1
	Innflutningur vöru og þjónustu	3,1	2,9
	Almennur vöruinnflutningur án olíu	2,5	3,4
	Verg landsframleiðsla	1,9	1,4
	Þjóðartekjur	1,7	1,8
II.	**Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreytingar milli ára, %**		
	Ráðstöfunartekjur á mann	1,7	2,5
	Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	0,2	0,5
	Þjóðartekjur á mann	0,7	0,8
	Framfærsluvísitala	1,5	2,0
	Byggingarvísitala	2,5	2,5
	Lánskjaravísitala	1,8	2,5
	Meðalgengi	5,0	0,0
	Innflutningsverð í erlendri mynt	2,0	1,8
	Verðvísitala samneyslu	1,9	2,6
	Verðvísitala landsframleiðslu	1,9	2,5
	Viðskiptakjör, vörur	0,0	1,6
	Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	4,8	4,9
III.	**Ýmsar forsendur**		
	Fjöldi innfluttra bíla	6.175	6.500
	Fólksbílar	5.450	5.750
	Atvinnubílar	725	750
	Sala á bensíni, milljónir lítra	183	186

5 Tekjur

5.1 Heildaryfirlit

Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 104 milljarðar króna. Tvö atriði voru talin vega þyngst í þróun tekna á árinu. Annars vegar var spáð áframhaldandi efnahagssamdrætti með fyrirsjáanlegri skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Hins vegar höfðu verið samþykktar umfangsmiklar breytingar í skattamálum sem skertu tekjurnar enn frekar. Endurskoðuð áætlun nú bendir til þess að tekjur ríkissjóðs verði 2½-3 milljörðum króna hærri, eða tæplega 107 milljarðar króna. Þessi umskipti skýrast fyrst og fremst af meiri umsvifum í þjóðarbúskapnum en miðað var við í forsendum fjárlaga.

Spáð er áframhaldandi bata í íslensku efnahagslífi á næsta ári sem ætti að skila ríkissjóði auknum tekjum að óbreyttu. Á móti vega ýmsar skattabreytingar sem hafa neikvæð áhrif á tekjuhliðina. Þegar á heildina er litið er talið að tekjur ríkissjóðs árið 1995 verði ívið lægri sem hlutfall af landsframleiðslu en á þessu ári. Sama er að segja um skatttekjurnar og þarf að fara aftur til ársins 1987 til að finna lægri hlutföll.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Tekjur ríkissjóðs	**103.220**	**104.146**	**106.765**	**109.413**
Tekju- og eignarskattar	20.311	21.345	22.243	22.530
Óbeinir skattar	75.851	75.376	77.020	79.418
Aðrar tekjur	7.058	7.425	7.502	7.465
Verg landsframleiðsla	410.755	393.200	426.709	443.413
Heildartekjur sem hlutfall af landsframleiðslu	**25,1**	**26,5**	**25,0**	**24,7**
Skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu	**23,4**	**24,6**	**23,3**	**23,0**


Horfur 1994. Hagstæðari efnahagsframvinda en spáð var í lok síðasta árs hefur styrkt tekjuhlið ríkissjóðs á þessu ári. Nýjustu spár benda til þess að þjóðartekjur aukist um 1,7% milli ára og þjóðarútgjöld um 1,5%. Í forsendum fjárlaga var hins vegar gert ráð fyrir 2% samdrætti þjóðartekna og þjóðarútgjalda.

Þessi þróun birtist einkum í meiri tekjum af virðisaukaskatti, en einnig í öðrum veltu- og tekjutengdum sköttum. Merki um batnandi afkomu fyrirtækja sjást einnig í álagningu tekjuskatts á þessu ári sem varð mun hærri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þá hefur innheimta skatta batnað.

Á móti þessum batamerkjum vegur þrennt sem lækkar tekjur ríkissjóðs um nær einn milljarð króna á þessu ári. Í fyrsta lagi hefur heimsmarkaðsverð á olíu verið mun lægra á þessu ári en reiknað var með. Það skerðir vörugjaldstekjur ríkissjóðs af bensíni. Í öðru lagi verða tekjur af bifreiðainnflutningi talsvert lægri en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga. Að lokum verða bókfærðar tekjur af sölu ríkiseigna lægri en áætlað var í fjárlögum.

Þrátt fyrir þetta er allt útlit fyrir að heildartekjurnar verði 2,6 milljörðum króna meiri á þessu ári en spáð hafði verið, eða 106,8 milljarðar króna.

Tekjur ríkissjóðs



Frumvarp 1995. Ýmsar skattabreytingar sem þegar hafa verið samþykktar hafa áhrif á tekjuhlið fjárlaga á næsta ári. Má þar nefna lækkun virðisaukaskatts á matvælum um síðustu áramót, úr 24,5% í 14%, brottfall á sérstökum 5% tekjuskatti (hátekjuskatti), en hann er tímabundinn samkvæmt lögum, og sérstök greiðsluáhrif vegna breyttrar tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga í kjölfar niðurfellingar á aðstöðugjaldi. Að öllu samanlögðu leiða þessar skattabreytingar til 1½ milljarðs króna lækkunar tekna árið 1995.

Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar í skattamálum á næsta ári án þess þó að hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Má þar nefna breytingar á vörugjaldi af innflutningi og upptöku olíugjalds í stað þungaskatts. Þá eru í athugun breytingar á afskriftareglum fastafjármuna sem miða að því að auka sveigjanleika fyrirtækja í notkun þeirra. Að lokum má nefna rýmkun á skattfrelsi húsaleigutekna í tengslum við greiðslu húsaleigubóta.

Á móti kemur að batnandi efnahagshorfur skila auknum tekjum í ríkissjóð. Spáð er 2% aukningu þjóðarútgjalda á árinu 1995 og svipaðri aukningu þjóðartekna. Þegar á heildina er litið er talið að heildartekjur ríkissjóðs verði 109,4 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 106,8 milljarða króna í ár. Þetta þýðir að tekjurnar lækka lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu milli ára, úr 25% á þessu ári í 24,7% árið 1995.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Tekju- og eignarskattar	**20.311**	**21.345**	**22.243**	**22.530**	**1,3**
Einstaklingar	15.239	17.425	17.468	17.570	0,6
Fyrirtæki	5.072	3.920	4.775	4.960	3,9
Óbeinir skattar	**75.851**	**75.376**	**77.020**	**79.418**	**3,1**
Innflutnings- og vörugjöld	7.695	7.934	7.666	8.292	8,2
Virðisaukaskattur	40.497	38.815	40.000	40.850	2,1
Hagnaður ÁTVR	6.150	6.370	6.600	6.865	4,0
Tryggingagjöld	9.962	10.220	10.400	10.900	4,8
Bifreiðagjöld	7.512	8.270	8.140	8.290	1,8
Aðrir skattar	4.035	3.767	4.214	4.221	0,2
Aðrar tekjur	**7.058**	**7.425**	**7.502**	**7.465**	**-0,5**
Vaxtatekjur	4.420	4.000	4.400	4.500	2,3
Arðgreiðslur o.fl.	2.638	3.425	3.102	2.965	-4,4
Heildartekjur ríkissjóðs	**103.220**	**104.146**	**106.765**	**109.413**	**2,5**
Skatttekjur ríkissjóðs	**96.162**	**96.721**	**99.263**	**101.948**	**2,7**
Verðvísitala landsframleiðslu	100,0	102,5	101,9	104,4	2,5
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %:					
Tekju- og eignarskattar	4,9	5,4	5,2	5,1	-0,1
Óbeinir skattar	18,5	19,2	18,1	18,0	-0,1
Aðrar tekjur	1,7	1,9	1,8	1,7	-0,1

5.2 Yfirlit yfir helstu tekjustofna

Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Heildartekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum einstaklinga eru áætlaðar 17,6 milljarðar króna á næsta ári. Þar af er tekjuskattur einstaklinga að frádregnum afsláttar- og bótaliðum talinn verða réttir 15 milljarðar. Þetta eru svipaðar fjárhæðir og á þessu ári í krónum talið, og er það nokkur raunlækkun milli ára.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Tekjuskattur	12.835	14.980	15.000	15.000	-
Eignarskattar	1.701	1.730	1.718	1.780	3,6
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	412	415	450	480	6,7
Erfðafjárskattur	291	300	300	310	3,3
Samtals	**15.239**	**17.425**	**17.468**	**17.570**	**0,6**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**14,8**	**16,7**	**16,4**	**16,1**	**-0,3**

Tekjuskattur. Í forsendum fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir lítilsháttar samdrætti atvinnutekna á mann, eða nálægt ½%. Nú bendir hins vegar allt til þess að þær muni hækka um 2-3% í kjölfar aukins hagvaxtar og hækkandi þjóðartekna. Þetta hefur aukið innheimtu ríkissjóðs á staðgreiddum tekjuskatti, en á móti kemur að greiðslur vaxtabóta

verða nokkru hærri á þessu ári en reiknað var með. Þannig er ekki útlit fyrir auknar tekjur af þessum skattstofni frá því sem áætlað var í fjárlögum þrátt fyrir meiri tekjubreytingar.

Tekjuskattur einstaklinga árið 1994

Greiðslugrunnur	Áætlun milljarðar króna	Skatthlutfall %
Áætluð staðgreiðsla án frádráttar	**88,7**	**41,8**
Persónuafsláttur	46,1	21,8
Sjómannaafsláttur	1,6	0,7
Staðgreiðsla	**41,0**	**19,3**
Útsvar sveitarfélaga	18,1	8,5
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	1,4	0,7
Barnabætur, barnabótaauki	4,6	2,2
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	2,9	1,3
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**14,0**	**6,6**
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára, nettó	0,6	0,3
Fyrirframgreiðsla hátekjuskatts	0,4	0,2
Tekjuskattur einstaklinga alls	**15,0**	**7,1**

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1995 er gengið út frá því að tekjubreytingar verði svipaðar og á þessu ári, eða í takt við almenna þróun efnahagslífsins. Þessi forsenda er lögð til grundvallar áætlun um tekjur ríkissjóðs af staðgreiðslu tekjuskatts á árinu 1995 og sama gildir um breytingar á grunnfjárhæðum (persónuafslætti, barnabótum, vaxtabótum o.fl.). Í þessu felst að skattbyrði tekjuskatts helst því sem næst óbreytt frá þessu ári.

Á móti auknum tekjum af staðgreiðsluskatti vegur hins vegar tvennt. Þar ber fyrst að nefna brottfall á sérstökum 5% tekjuskatti sem lækkar tekjur ríkissjóðs um 300 m.kr. á árinu 1995. Þessi skattur var lagður á tímabundið til tveggja ára sem liður umfangsmiklum efnahagsaðgerðum stjórnvalda haustið 1992 til að styrkja atvinnulíf og hamla gegn atvinnuleysi. Í öðru lagi gætir á yfirstandandi ári sérstakra greiðsluáhrifa vegna breyttrar tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga í kjölfar niðurfellingar aðstöðugjalds. Hér er eingöngu um að ræða tilfærslu í innheimtu sem talin er skila ríkissjóði um 400 m.kr. í viðbótartekjur á þessu ári. Þegar allt hefur verið talið er útlit fyrir að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga verði óbreyttar frá þessu ári, eða 15 milljarðar króna.

Eignarskattar. Samkvæmt skattframtölum ársins 1994 var álagningarstofn eignarskatta, þ.e. eignir umfram skuldir, nær óbreyttur í krónum talið frá árinu 1993. Á sama tíma hækkar almennt verðlag um 2-3%. Skýring þessarar þróunar sem gætt hefur undanfarin ár er tvíþætt. Á sama tíma og fasteignaverð íbúðarhúsnæðis hefur verið að lækka að raungildi hefur skuldsetning heimilanna aukist. Þetta er meginástæða þess að tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga standa nánast í stað milli áranna 1993 og 1994 og lækka jafnvel lítillega frá áætlun fjárlaga. Svipuð þróun virðist hafa átt sér stað á þessu ári og því ekki að vænta mikilla breytinga á álagningu og innheimtu eignarskatta á árinu 1995.

Til fróðleiks er í eftirfarandi töflu stillt upp nokkrum heildarstærðum úr skattframtölum einstaklinga fyrir árin 1986, 1990 og 1994. Tölurnar eru á föstu verðlagi lánskjaravísitölu í desember 1993 og taka mið af eignastöðu í upphafi árs. Athygli vekur að eignarskattsstofn einstaklinga hefur dregist saman um tæplega 1% frá árinu 1990 á þennan mælikvarða. Það

skýrist af því að á þessu tímabili hafa skattskyldar eignir aukist um 12% á sama tíma og skuldirnar hafa vaxið um tæplega 50%.

Upplýsingar um eignastöðu einstaklinga

Milljarðar króna á verðlagi í desember 1993	1986	1990	1994
Fasteignir	364	460	508
Ökutæki	31	45	63
Aðrar skattskyldar eignir	106	132	139
Skuldir	106	160	237
Eignarskattsstofn	**395**	**477**	**473**
Skattfrjálsar eignir samkvæmt skattframtölum	25	40	64

Framkvæmdasjóður aldraða. Á þessu ári nam gjald í Framkvæmdasjóð aldraða 3.915 krónum á hvern gjaldanda, en þeir eru rúmlega 116 þúsund. Samkvæmt lögum breytist gjaldið í takt við byggingarvísitölu milli ára og verður því að óbreyttu kringum 3.980 krónur á næsta ári. Talið er að gjaldendum fjölgi nokkuð og verði nálægt 119 þúsundum. Á þessum forsendum er áætlað að innheimta gjaldsins verði 480 m.kr. árið 1995 samanborið við um 450 m.kr. í ár.

Erfðafjárskattur. Í fjárlögum þessa árs var innheimta erfðafjárskatts talin verða um 300 m.kr. og virðist sú áætlun ætla að ganga eftir. Á árinu 1993 var innheimtan svipuð, eða ríflega 290 m.kr. Með hliðsjón af því og þeirri óvissu sem jafnan ríkir um tekjur af þessum skatti er reiknað með svipuðum tekjum af þessum stofni á næsta ári.

Tekju- og eignarskattur fyrirtækja. Samkvæmt skattframtölum ársins 1994 virðist afkoma fyrirtækja hafa batnað verulega á síðasta ári. Svipuð niðurstaða fæst úr könnun Þjóðhagsstofnunar á ársreikningum fyrirtækja. Í forsendum fjárlaga var hins vegar gert ráð fyrir nokkrum samdrætti. Þessar breyttu forsendur skýra að mestu það frávik sem fram kemur á þessu ári milli endurskoðaðrar áætlunar og fjárlaga. Ýmis merki eru um að atvinnureksturinn hafi rétt enn frekar úr kútnum á þessu ári sem skilar ríkissjóði nokkrum viðbótartekjum á árinu 1995.

Tekju- og eignarskattur fyrirtækja

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Tekjuskattur	3.268	2.650	3.425	3.600	5,1
Eignarskattar	1.804	1.270	1.350	1.360	0,7
Samtals	**5.072**	**3.920**	**4.775**	**4.960**	**3,9**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**4,9**	**3,8**	**4,5**	**4,5**	-

Tekjuskattur. Á þessu ári kom til framkvæmda enn einn áfangi í lækkun tekjuskatts lögaðila þegar skatthlutfallið fór úr 39% í 33%. Þessi aðgerð ein og sér skerðir tekjur ríkissjóðs

um 400 m.kr. Jafnframt var búist við versnandi afkomu fyrirtækja á árinu 1993 sem skerti tekjurnar enn frekar. Þannig var reiknað með að tekjuskattur fyrirtækja myndi lækka um fimmtung milli ára. Raunin varð hins vegar önnur. Upplýsingar úr skattframtölum sýna að frumálagning tekjuskatts á lögaðila hækkaði um 8% í krónum talið frá fyrra ári þrátt fyrir lækkun skatthlutfallsins. Á grundvelli þessara breyttu forsendna er nú gert ráð fyrir að innheimta tekjuskatts verði 3,4 milljarðar króna á þessu ári samanborið við 2,7 milljarða króna í áætlun fjárlaga.

Að baki þessum umskiptum liggja ýmsar skýringar en sú veigamesta er án efa batnandi afkoma fyrirtækja. Þá má gera ráð fyrir að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á undanförnum árum, jafnt af stjórnendum fyrirtækja sem opinberum aðilum, í því skyni að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins séu nú farnar að skila sér í betri afkomu. Þessa sjást einnig merki í bættum skattskilum fyrirtækja.

Reiknað er með áframhaldandi bata fyrirtækja á þessu ári sem skýrir aukningu tekjuskatts í áætlun frumvarpsins fyrir árið 1995.

Eignarskattar. Betri afkoma fyrirtækja skilar sér einnig í hærri eignarsköttum eins og sjá má á endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1994. Bætt skil eiga hér einnig hlut að máli. Sé litið til næsta árs er reiknað með nokkurri aukningu eignaskatta. Á móti vegur minni innheimta á eftirstöðvum skatts af skrifstofu- og verslunarhúsnæði, en sá skattur féll niður um síðustu áramót.

Innflutnings- og vörugjöld. Verulegar breytingar voru gerðar á álagningu innflutnings- og vörugjalda á síðasta ári, meðal annars í tengslum við gildistöku samnings um evrópska efnahagssvæðið. Lækkun virðisaukaskatts á matvælum leiddi einnig til sérstakra breytinga á vörugjöldum auk þess sem álagning vörugjalds á bifreiðar var tekið til gagngerrar endurskoðunar. Þetta gerði áætlanagerð fyrir árið 1994 venju fremur óvissa.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Tollar	2.642	1.200	1.390	1.475	6,1
Vörugjald af bifreiðum	1.565	2.200	1.955	2.120	8,4
Vörugjald af bensíni	824	1.725	1.500	1.570	4,7
Almenn vörugjöld	2.218	2.461	2.504	2.793	11,5
Ýmis innflutningsgjöld	446	348	317	334	5,4
Samtals	**7.695**	**7.934**	**7.666**	**8.292**	**8,2**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**7,4**	**7,6**	**7,2**	**7,6**	**0,4**

Á næsta ári er því spáð að almennur vöruinnflutningur aukist um 3½% og innflutningsverð hækki um 2%. Á þeim forsendum er áætlað að innflutnings- og vörugjöld skili um 8,3 milljörðum króna á árinu 1995 samanborið við 7,7 milljarða á þessu ári.

Tollar. Gert er ráð fyrir að tollar hækki nokkurn veginn í takt við almennar þjóðhagsforsendur og nemi tæplega 1½ milljarði króna á næsta ári. Búist er við talsverðum viðbótartekjum af tollum á þessu ári frá áætlun fjárlaga enda vöruinnflutningur mun meiri en reiknað

hefur verið með. Í forsendum fjárlaga hafði raunar verið gert ráð fyrir rúmlega 4% samdrætti, en nýjustu spár benda til þess að hann aukist um 2½% milli ára.

Tollar eru sá skattstofn sem tekið hefur einna mestum breytingum á undanförnum árum. Flestar þessara breytinga standa í tengslum við skuldbindingar Íslendinga gagnvart öðrum ríkjum, þar sem markmiðið hefur verið að ryðja burt hindrunum og hugsanlegri mismunun í alþjóðaviðskiptum. Þannig hefur verið leitast við að gera þessa gjaldtöku skilvirkari og einfaldari en áður með því að greiða úr frumskógi af undanþágum og niðurfellingarákvæðum. Á sama tíma hefur vægi þessa skattstofns minnkað frá því að vera 13% af skatttekjum ríkissjóðs árið 1980 í tæplega 1½% árið 1995.

Vörugjald af bifreiðum. Verulegur samdráttur hefur verið í innflutningi bifreiða á undanförnum árum. Síðustu mánuðina hafa þó sést ákveðin merki um viðsnúning eftir dræman innflutning framan af ári. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir að fluttir yrðu inn rúmlega 6.000 bílar og virðist sú spá ætla að ganga eftir. Á hinn bóginn eru nú fluttir inn heldur ódýrari bílar en áður. Þá voru samþykktar verulegar breytingar á vörugjaldi bifreiða á síðasta ári, þar sem gjaldflokkum var meðal annars fækkað úr sjö í fjóra. Auk þess var álagningarreglum breytt. Í eldri lögum réði eigin þyngd bifreiðar eða vélarafl álagningunni, en nú tekur hún eingöngu mið af vélarafli hennar. Erfitt var að meta með nákvæmum hætti áhrif þessarar uppstokkunar, en ýmislegt bendir til þess að tekjutap ríkissjóðs af breytingunni verði talsvert meira en áætlað var. Þetta tvennt skýrir að mestu þá lækkun sem fram kemur á þessu ári samanborið við áætlun fjárlaga. Á næsta ári er spáð um 5% aukningu í innflutningi bifreiða, sem þýðir að fluttir verði inn kringum 6.500 bílar. Þá er gengið út frá því að innkaupsverð hækki um 2-3%. Á þeim forsendum eru tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi bifreiða áætlaðar 2,1 milljarður króna á árinu 1995.

Vörugjöld af bensíni. Samkvæmt gildandi lögum er álagning vörugjalda á bensín með tvennum hætti. Annars vegar er fast gjald á hvern seldan lítra, en það er markaður tekjustofn til vegagerðar sem fjallað verður nánar um hér á eftir. Hins vegar er 97% gjald sem lagt er á cif-verð innflutnings. Í fjárlögum 1994 hafði verið gert ráð fyrir að tekjur af síðarnefnda gjaldinu yrðu kringum 1,7 milljarðar, en vegna lægra bensínverðs á heimsmarkaði verða þær talsvert minni, eða nær 1½ milljarði króna. Í forsendum fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að innflutningur á bensíni aukist um tæp 2% milli ára og verðbreytingar verði af svipaðri stærðargráðu. Samkvæmt því ætti þessi skattstofn að skila ríkissjóði nálægt 1,6 milljörðum króna á komandi ári.

Almenn vörugjöld. Við gildistöku samnings um evrópska efnahagssvæðið í lok síðasta árs urðu verulegar breytingar á álagningu vörugjalda. Í stað tveggja gjaldflokka áður eru þeir nú sex, á bilinu 6-30%, auk þess sem gjaldtakan er mun víðtækari. Þá voru gerðar frekari breytingar á vörugjaldinu í tengslum við lækkun virðisaukaskatts á matvælum í því skyni að raska ekki samkeppnisstöðu milli einstakra tegunda matvöru. Þannig var vörugjald á sælgæti og gosdrykkjum lækkað úr 25% í 18%, en þær vörutegundir bera áfram 24,5% virðisaukaskatt. Jafnframt var tekið upp 6% vörugjald á kaffi, te og ýmsar sykraðar vörur. Þá var vörugjaldi á nokkrum tegundum byggingarvara breytt, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þegar á heildina er litið virðist tekjutap ríkissjóðs af þessum breytingum hafa orðið nokkru meira en búist var við. Á móti kemur að vöruinnflutningur er meiri sem leiðir til þess að innheimta vörugjalda verður því sem næst á áætlun á þessu ári, eða 2,5 milljarðar króna.

Ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á vörugjöldum á næsta ári sem breyta ættu tekjuáætlun fjárlaga af þessum skattstofni umfram almennar þjóðhagsforsendur. Breytt innheimta innlenda vörugjaldsins, sem kom til framkvæmda um síðustu áramót, veldur að vísu því að á yfirstandandi ári verða vörugjaldstekjurnar, metnar á greiðslugrunni, rúmlega 100 m.kr. lægri en ella. Þetta jafnast út á næsta ári sem skýrir aukningu gjaldsins umfram almennar breytingar, en tekjur þess eru áætlaðar 2,8 milljarðar króna árið 1995. Þess má geta að stefnt er að breyttri álagningu vörugjalds á innfluttar vörur á komandi ári, meðal annars vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA. Ekki er reiknað með því að þær breytingar hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum. Þessar breytingar verða kynntar nánar í sérstöku frumvarpi.

Ýmis innflutningsgjöld. Af einstökum tekjustofnum sem falla hér undir má nefna kartöflugjald, fóðurgjald og verðjöfnunargjöld. Talið er að tekjur af þessum gjöldum verði rúmlega 300 m.kr. á þessu ári og svipuð fjárhæð á því næsta.

Virðisaukaskattur. Þrátt fyrir að aðeins séu liðin fimm ár frá því að virðisaukaskattur var tekinn upp í ársbyrjun 1990 hefur álagning hans breyst í veigamiklum atriðum. Gerð er nánari grein fyrir þessum breytingum í sérstökum kafla hér á eftir. Stærsta breytingin kom til framkvæmda í byrjun þessa árs með lækkun skattsins af matvælum úr 24,5% í 14%. Þessi ráðstöfun ein og sér skerðir tekjur ríkissjóðs um 3,2 milljarða króna á heilu ári. Þar af koma 2,6 milljarðar fram á þessu ári. Á árinu 1995 koma áhrif lækkunarinnar fram að fullu og skerða þannig tekjurnar um 600 m.kr. frá þessu ári. Forsendur þjóðhagsáætlunar um einkaneyslu á næsta ári vega hins vegar þetta tekjutap upp, þannig að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hækka lítillega að raungildi milli áranna 1994 og 1995. Á þessum forsendum er því spáð að innheimta virðisaukaskatts verði tæplega 41 milljarður króna á komandi ári.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Virðisaukaskattur	40.497	38.815	40.000	40.850	2,1
**Sem hlutfall af heildartekjum, % ..... **	**39,2**	**37,3**	**37,5**	**37,3**	**-0,2**

Í fjárlögum yfirstandandi árs voru tekjur af virðisaukaskatti áætlaðar 38,8 milljarðar króna. Eins og fram hefur komið hefur efnahagslífið farst til betri vegar frá því að fjárlög voru samþykkt sem meðal annars birtist í aukinni innheimtu á virðisaukaskatti. Við endurskoðun hefur fjárlagaáætlun skattsins því verið hækkuð um rúmlega einn milljarð króna, eða í rétta 40 milljarða.

Skil ÁTVR. Á fyrri helmingi þessa árs jókst sala áfengis, mæld í alkóhóllítrum, um 5% frá sama tíma í fyrra, en í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir um 2% samdrætti. Þessi aukning kemur einkum fram í bjórneyslu sem jókst um nær fjórðung milli ára. Sala á sterkum drykkjum hefur hins vegar dregist saman, eða um og yfir 10%. Tóbakssala minnkar lítillega, eða svipað og reiknað hafði verið með. Þegar allt er lagt saman er talið að skil

ÁTVR í ríkissjóð verði nokkru hærri í ár en spáð hafði verið, eða 6,6 milljarðar króna í stað tæplega 6,4 milljarða í tekjuáætlun fjárlaga.

Skil ÁTVR

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Skattar af sölu áfengis og tóbaks	6.150	6.370	6.600	6.865	4,0
**Sem hlutfall af heildartekjum, % ..... **	**6,0**	**6,1**	**6,2**	**6,3**	**0,1**

Gert er ráð fyrir að sala áfengis og tóbaks hækki í takt við almennar neyslubreytingar á næsta ári. Miðað við þær forsendur má gera ráð fyrir að skil ÁTVR verði nálægt 6,9 milljörðum króna á árinu 1995. Nýverið skipaði fjármálaráðherra starfshóp til þess að undirbúa tilteknar breytingar á starfsemi ÁTVR. Meðal þess sem hópurinn er að undirbúa er að vörugjald verði lagt á áfengi. Ekki er reiknað með breyttum tekjum ríkissjóðs þótt þessar breytingar komi til framkvæmda á næsta ári, þar sem vörugjaldið kæmi í staðinn fyrir núgildandi álagningu ÁTVR.

Tryggingagjöld. Ekki eru fyrirsjáanlegar neinar breytingar á álagningu tryggingagjalda á næsta ári. Tekjur af tryggingagjaldi verða nokkru meiri í ár en búist var við vegna meiri tekjubreytinga og ætti sú viðbót að skila sér yfir á næsta ár. Á þeim grunni og forsendum þjóðhagsáætlunar um almennar tekjubreytingar er áætlað að tekjur af tryggingagjaldi, eftirstöðvum eldri gjalda og ábyrgðargjaldi verði 10,9 milljarðar króna á árinu 1995 samanborið við 10,4 milljarða á þessu ári.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Tryggingagjald	9.008	9.690	9.885	10.360	4,8
Slysatryggingagjald vegna ökutækja	327	-	-	-	0,0
Ábyrgðargjald	375	380	385	400	3,9
Eftirstöðvar eldri gjalda	252	150	130	140	7,7
**Samtals ..... **	**9.962**	**10.220**	**10.400**	**10.900**	**4,8**
**Sem hlutfall af heildartekjum, % ..... **	**9,7**	**9,8**	**9,7**	**10,0**	**0,3**

Bifreiðagjöld. Á þessu ári verða tekjur af bifreiðagjöldum væntanlega heldur lægri en í áætlun fjárlaga. Miðað er við að grunnfjárhæðir þessara gjalda haldist óbreyttar á næsta ári og magnbreytingar verði í takt við aðrar stærðir hagkerfisins. Á þessum forsendum eru tekjur af bifreiðagjöldum áætlaðar 8,3 milljarðar króna á árinu 1995.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.226	4.325	4.325	4.375	1,2
Þungaskattur, km-gjald	1.378	1.500	1.480	1.490	0,7
Þungaskattur, árgjald	554	615	585	585	-
Markaðar tekjur til vegagerðar	**6.158**	**6.440**	**6.390**	**6.450**	**0,9**
Bifreiðagjald	1.354	1.830	1.750	1.840	5,1
Samtals	**7.512**	**8.270**	**8.140**	**8.290**	**1,8**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**7,3**	**7,9**	**7,6**	**7,6**	-

Markaðar tekjur til vegagerðar. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu er talið að innheimta á mörkuðum tekjum til vegagerðar, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti, verði nokkurn veginn á áætlun í ár, samtals 6,4 milljarðar króna. Í áætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir svipuðum tekjum á næsta ári. Þá er miðað við að gjaldskrá þeirra haldist óbreytt og magnbreytingar verði kringum 2%.

Nýverið skilaði starfshópur skipaður af fjármálaráðherra tillögum um að tekið verði upp olíugjald í stað þungaskatts frá miðju ári 1995. Í áætlun frumvarpsins er að svo stöddu reiknað með óbreyttum tekjum af þungaskatti.

Bifreiðagjald. Um síðustu áramót hækkaði gjaldskrá bifreiðagjalds um nær þriðjung sem átti að skila ríkissjóði um 450 m.kr. á þessu ári. Þessi breyting var liður í samkomulagi stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins um fjármögnun á lækkun virðisaukaskatts af matvælum. Sé litið til innheimtunnar fyrstu átta mánuði ársins bendir allt til þess að tekjuaukinn verði heldur minni en búist var við. Ekki er reiknað með hækkun bifreiðagjaldsins á næsta ári, en gera má ráð fyrir nokkurri raunaukningu þess í kjölfar aukins bílainnflutnings og vaxandi umsvifa í þjóðarbúskapnum. Þegar allt er lagt saman eru tekjur af þessum stofni áætlaðar liðlega 1,8 milljarðar króna árið 1995 samanborið við 1,7 milljarða í ár.

Aðrir skattar

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Skattar af erlendum gjaldeyri	295	206	210	120	-42,9
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.132	2.086	2.359	2.412	2,2
Aukatekjur	915	850	950	975	2,6
Ríkisábyrgðargjald	353	300	350	350	-12,5
Aðrir skattar	340	325	345	364	5,5
Samtals	**4.035**	**3.767**	**4.214**	**4.221**	**0,2**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**3,9**	**3,6**	**3,9**	**3,9**	-

Aðrir skattar. Í áætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir að þessi safnliður skatta skili ríkissjóði 4,2 milljörðum króna á árinu 1995 sem er svipuð fjárhæð og á þessu ári. Ekki er að vænta sérstakra breytinga í þessum flokki, ef frá er talin lækkun á sérstökum skatti af sölu

gjaldeyris, en hann átti að falla niður í þremur áföngum. Um næstu áramót kemur til framkvæmda annar áfangi af þremur.

Veigamesti tekjustofninn í þessu flokki, stimpilgjaldið, telur tæplega 60% teknanna, en síðan koma aukatekjur ríkissjóðs (dómsmálagjöld, leyfisgjöld o.fl.) með ríflega fimmtung. Þess má geta að framangreind gjöld eru ágætur mælikvarði á almennt efnahagsástand. Þannig aukast tekjur af fjármagnsviðskiptum (þinglýsingum og stimpilgjaldi) þegar vel árar og sama má segja um ýmiss konar leyfisgjöld. Í erfiðu árferði aukast hins vegar tekjur af dómsmálagjöldum, en þau eru meðal annars innheimt í tengslum við fjárnám og gjaldþrotaskipti.

Aðrar tekjur. Þegar á heildina er litið er talið að þessi tekjuliður nemi um 7,5 milljörðum króna á árinu 1995 sem er svipuð fjárhæð og í ár. Þyngst vega vaxtatekjur, samtals um 4,5 milljarðar, en innheimta þeirra er talin aukast um 100 m.kr. frá yfirstandandi ári. Þá er gert ráð fyrir svipuðu vaxtastigi bæði árin. Þess má geta að í ár hefur innheimta á útistandandi skattskuldum verið óvenju góð sem skýrir að stórum hluta þá aukningu sem verður í innheimtu vaxtatekna frá því sem áætlað var í fjárlögum.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting 1994-95 %
Vaxtatekjur	4.420	4.000	4.400	4.500	2,3
Arðgreiðslur	2.239	2.600	2.677	2.540	-5,1
Aðrar tekjur	399	825	425	425	-
Samtals	**7.058**	**7.425**	**7.502**	**7.465**	**-0,5**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**6,8**	**7,1**	**7,0**	**6,8**	**-0,2**

Reiknað er með að arðgreiðslur ríkisfyrirtækja verði heldur minni á næsta ári en í ár. Þetta skýrist alfarið af minnkandi hagnaði hjá Seðlabanka Íslands sem mun leiða til þess að arðgreiðslur hans í ríkissjóð dragast saman um 170 m.kr. milli ára. Þá ríkir óvissa um sölu ríkiseigna en gert er ráð fyrir 100 m.kr. tekjum af þeim lið á árinu 1995. Í fjárlögum líðandi árs var reiknað með 500 m.kr. tekjum af eignasölu, en ýmislegt bendir til þess að sú fjárhæð verði talsvert lægri. Þetta skýrist meðal annars af því að hluti af fyrirhugaðri sölu kom þegar til framkvæmda á síðasta ári og því bókfærð á því ári (SR-mjöl). Þetta skýrir þann mismun sem kemur fram á liðnum aðrar tekjur í meðfylgjandi töflu.

5.3 Breytingar á virðisaukaskatti frá 1990

Í ársbyrjun 1990 var tekinn upp virðisaukaskattur í stað söluskatts. Þessi breyting var raunar lögfest þegar á árinu 1988. Upptaka skattsins átti sér þó mun lengri aðdraganda, eða allt aftur til ársins 1971. Haustið 1983 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp um virðisaukaskatt, fyrst og fremst til kynningar, og aftur haustið 1984.

Fyrstu skrefin voru síðan stigin á síðari hluta árs 1987 með álagningu sérstaks 10% söluskatts á ýmis matvæli og margvíslega sérfræðiþjónustu. Í ársbyrjun 1988 kom annar áfangi til framkvæmda með umfangsmiklum breytingum á lögum um söluskatt. Megintilgangur þeirra var samræming og breikkun skattstofnsins, einkum á þann hátt að neysluvörur, sem áður báru sérstakan söluskatt eða voru skattfrjálsar, urðu söluskattsskyldar. Með

þessum breytingum á söluskattskerfinu var jarðvegurinn fyrir upptöku virðisaukaskatts undirbúinn.

Í lögunum sem voru samþykkt 1988 var gert ráð fyrir að skatturinn yrði nánast undanþágulaus, í einu þrepi og skatthlutfallið 22%. Þetta kerfi kom hins vegar aldrei til framkvæmda, því að áður en til þess kom var lögunum breytt í veigamiklum atriðum:

- Teknar voru upp sérstakar endurgreiðslur á virðisaukaskatti af nokkrum tegundum matvæla (nýmjólk, kindakjöti, nýjum fiski og innlendu grænmeti) þannig að þessar vörur bæru ígildi 14% skatts.
- Undanþágum var fjölgað verulega. Þar á meðal voru íslenskar bækur, húshitun og ýmiss konar menningarstarfsemi.
- Samþykkt var heimild til ráðherra um að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt af tiltekinni þjónustu.
- Ákveðið var að endurgreiða virðisaukaskatt af viðhaldsvinnu íbúðarhúsnæðis með sama hætti og af vinnu við nýbyggingar.
- Skatthlutfallið var hækkað í 24,5%.

Við gildistöku virðisaukaskattsins í ársbyrjun 1990 var talið að hann myndi skila allt að 2 milljörðum króna minni tekjum í ríkissjóð en söluskatturinn miðað við heilt ár. Jafnframt var ljóst að þær breytingar sem höfðu verið gerðar á lögunum gengu þvert á upphafleg markmið um einfaldan og því sem næst undanþágulausan skatt í einu þrepi. Þannig var skatthlutfallið hér á landi orðið með því hæsta sem þekktist, undanþágur fleiri og endurgreiðslur á skattinum mun víðtækari en annars staðar. Með þessum breytingum var í reynd horfið frá þeirri grundvallarreglu að hafa aðeins eitt skattþrep, annars vegar með fullkomnu skattfrelsi (0-þrep) og hins vegar með ígildi 14% skatts á ýmis matvæli.

Á árinu 1992 mótaði ríkisstjórnin þá almennu stefnu að freista þess að breikka skattstofninn, samræma undanþágureglur og lækka sjálft skatthlutfallið. Rökin voru þau að óbreytt kerfi torveldaði skatteftirlit og stuðlaði að undanskotum. Í árslok 1992 samþykkti Alþingi umfangsmiklar breytingar í skattamálum, meðal annars um verulega fækkun á undanþágum frá virðisaukaskatti. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

- Endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði lækki úr 100% í 60%.
- 14% VSK á húshitunarkostnað frá og með 1. janúar 1993.
- 14% VSK á íslenskar bækur, blöð og tímarit frá 1. júlí 1993.
- 14% VSK á afnotagjöld sjónvarps og útvarps frá 1. júlí 1993.
- 14% VSK á ferðaþjónustu frá 1. janúar 1994.

Í ársbyrjun 1993 var fallið frá áformum um lækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna. Undir lok ársins samþykkti Alþingi síðan að falla frá fyrirhugaðri skattlagningu ferðaþjónustu að öðru leyti en því að gisting ber nú 14% virðisaukaskatt.

Með þeim breytingum sem samþykktar voru í lok árs 1992 má segja að tekist hafi að fækka undanþágum verulega, en mikill fjöldi þeirra var einn af megingöllum kerfisins. Á hinn bóginn var ekki talið fært að hverfa aftur til skattlagningar í einu þrepi.

Vorið 1993 féllst ríkisstjórnin á kröfur aðila vinnumarkaðarins um að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í skattamálum til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Ein meginkrafan var sú að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 24,5% í 14% , meðal annars á þeirri forsendu að nú þegar væri lagður 14% virðisaukaskattur (eða ígildi hans) á ýmsar nauðsynjavörur og þjónustu. Þessi breyting kom til framkvæmda hinn 1. janúar 1994.

Eins og þetta yfirlit ber með sér hafa miklar breytingar verið gerðar á virðisaukaskattskerfinu frá því að það var upphaflega lögfest á árinu 1988. Þyngst vegur að undanþágurnar eru fleiri en að var stefnt í upphafi og horfið hefur verið frá því grundvallarmarkmiði að hafa aðeins eitt skattþrep, að minnsta kosti um sinn. Þessar breytingar hafa óneitanlega dregið úr skilvirkni kerfisins og gert framkvæmdina erfiðari en ella. Það er óumdeilt að í skattalegu tilliti er eitt þrep og sem fæstar undanþágur æskilegasti kosturinn.

6 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð útgjöld A-hluta ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um útgjöldin í heild sinni og hagræna skiptingu þeirra. Gerð er grein fyrir fjölda ársverka hjá stofnunum ríkisins og hverra breytinga er þar að vænta á næsta ári. Því næst er stutt lýsing á þeim nýjungum í ríkisrekstri sem fyrirhugað er að vinna brautargengi á næsta ári og hafa það að markmiði að dreifa valdi og skilja ábyrgð á rekstri frá pólitískri stefnumörkun. Loks er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Rétt er að geta þess að frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi 1995, en í byrjun kafla 6.3 hér á eftir er gerð grein fyrir verðlagsuppfærslu gjaldategunda milli ára.

6.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1995 eru áætluð 115,9 milljarðar króna. Að teknu tilliti til almennra forsendna um verðþróun jafngildir það nálægt hálfs milljarðs króna lækkun útgjalda frá fjárlögum yfirstandandi árs en rúmlega fjögurra milljarða króna lækkun frá endurskoðaðri áætlun ársins. Frá árinu 1991 hafa útgjöld ríkissjóðs lækkað um tæpa 9 milljarða króna að raungildi en árin fjögur þar á undan hækkuðu útgjöld ríkissjóðs um tæpa 20 milljarða króna að raungildi.

Ýmsir gjaldaliðir hækka en aðrir lækka á móti. Þannig má nefna til hækkunar áhrif nemendafjölgunar, aukins hjúkrunarrýmis, aukinna bóta sjúkratrygginga og meiri vaxtabyrði ríkissjóðs. Framlög til fjárfestingar lækka aftur á móti þar sem á árinu 1994 lýkur sérstöku átaki í vegamálum og greiðslum vegna skuldbindinga stjórnvalda gagnvart sveitarfélögum vegna skólaframkvæmda sem áttu sér stað fyrir árið 1990.

Horfur 1994. Áætluð útgjöld samkvæmt fjárlögum 1994, sem Alþingi samþykkti í desember sl., námu 113,8 milljörðum króna. Frá þeim tíma hafa ýmsar forsendur þeirra breyst. Í fyrsta lagi má nefna ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis um ný og aukin útgjöld, sem nema alls um 2,5 milljörðum króna. Þar má telja auknar launagreiðslur að fjárhæð um 4-500 m.kr. vegna endurskoðunar á almennum kjarasamningum og vegna kjarasamninga við heilbrigðisstéttir, flugumferðarstjóra og fleiri. Ennfremur ákvarðanir ríkisstjórnar um rúmlega 400 m.kr. viðbótargreiðslur til bótaþega lífeyristrygginga og atvinnuleysistrygginga Ákvarðanir um kaup á nýrri þyrlu, aukið framlag til vegamála og jöfnunaraðgerðir í skipasmíðaiðnaði auka útgjöld ríkissjóðs um tæpan einn milljarð króna á yfirstandandi ári. Þá samþykkti Alþingi lög um aðstoð við atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum en til hennar á að verja allt að 300 m.kr.

Í annan stað aukast útgjöld umfram fjárlög um rúman einn milljarð króna þar sem ýmis áform um sparnað og aðhald gengu ekki eftir, einkum í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að ónotaðar heimildir til fjárfestingar frá árinu 1993 sem verða nýttar á árinu 1994 verði um 400 m.kr. hærri en þær heimildir í fjárlögum 1994 sem færast til næsta árs.

Frumvarp 1995. Fjármálaráðherra lagði fram í ríkisstjórn síðari hluta mars 1994 yfirlit yfir mat ráðuneyta um útgjaldahorfur fyrir árið 1995 og mat fjármálaráðuneytis á tekjuhorfum ríkissjóðs að óbreyttum skattalögum. Í byrjun apríl féllst ríkisstjórnin á meginmark-

	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá áætlun %
1. Rekstrarkostnaður	**44.512**	**43.341**	**44.000**	**45.010**	**2,3**
Laun	35.210	34.475	35.180	36.065	2,5
Önnur gjöld	16.102	15.405	15.550	15.782	1,5
Sértekjur	-6.800	-6.539	-6.730	-6.837	1,6
2. Tryggingagreiðslur o.fl.	**42.940**	**44.031**	**45.650**	**45.420**	**-0,5**
Lífeyristryggingar	15.545	15.875	16.175	15.800	-2,3
Sjúkratryggingar	9.520	9.230	10.130	9.800	-3,3
Slysatryggingar	575	534	534	540	1,1
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.287	3.070	3.170	2.870	-9,5
Uppbætur á lífeyri	958	890	890	890	0,0
Lífeyrissjóður bænda	313	308	308	308	0,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.560	5.019	5.036	5.154	2,3
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	250	300	300	250	-16,7
Ábyrgðasjóður launa	315	400	400	400	0,0
Húsaleigubætur	-	-	-	400	-
Niðurgreiðslur á rafhitun	373	397	397	397	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.699	1.550	1.550	1.500	-3,2
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1.496	1.857	1.890	1.947	3,0
Annað	4.049	4.601	4.870	5.164	6,0
3. Vaxtagreiðslur	**9.732**	**11.450**	**11.450**	**12.000**	**4,8**
4. Viðhald	**3.363**	**3.132**	**3.132**	**3.434**	**9,6**
Vegagerð ríkisins	2.543	2.481	2.481	2.677	7,9
Annað	820	651	651	757	16,3
5. Fjárfesting	**12.316**	**11.828**	**13.408**	**10.070**	**-24,9**
Stofnkostnaður	7.810	7.489	9.069	6.587	-27,4
Vegagerð ríkisins	3.919	3.451	3.800	2.399	-36,9
Flugvellir	335	335	335	323	-3,6
Endurbætur menningarbygginga	548	472	472	432	-8,5
Heilbrigðisstofnanir	783	708	708	647	-8,6
Framkvæmdasjóður fatlaðra	303	320	320	330	3,1
Annað	1.922	2.203	3.434	2.456	-28,5
Fjárfestingarframlög	4.506	4.339	4.339	3.483	-19,7
Vegagerð ríkisins	583	788	788	847	7,5
Hafnamál	1.072	939	939	739	-21,3
Byggðastofnun	190	185	185	210	13,5
Byggingarsjóðir	925	918	918	608	-33,8
Framkvæmdasjóður aldraða	238	229	229	229	0,0
Annað	1.498	1.280	1.280	850	-33,6
Samtals	**112.863**	**113.782**	**117.640**	**115.934**	**-1,5**

mið við fjárlagagerðina og ákvað að draga enn frekar úr halla ríkissjóðs á árinu 1995 þannig að hann yrði undir 9 milljörðum króna. Nefnd fjögurra ráðherra, forsætis-, fjármála-, utanríkis- og viðskiptaráðherra, var falið að útfæra nánar áherslur við fjárlagagerð.

Í byrjun júlí voru markmiðin áréttuð í ríkisstjórn og jafnframt samþykkt að vinna útgjaldahlið fjárlaga á grundvelli tillögu ráðherranefndarinnar um viðmiðunarramma sem voru aðgreindir fyrir hvert ráðuneyti eftir tegundum gjalda. Þannig var einn rammi fyrir


rekstrargjöld stofnana ríkisins, annar fyrir rekstrartilfærslur og sá þriðji fyrir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar. Áhersla var lögð á að lækka heildarútgjöld ríkissjóðs frá því sem þau eru í fjárlögum 1994 og sporna við hækkun á rekstrarkostnaði stofnana ríkisins.

Um miðjan ágúst skiluðu ráðuneytin til ráðherranefndarinnar nánari útfærslu á framlögum til einstakra stofnana og gjaldaþátta innan hvers útgjaldaramma. Fjármálaráðherra gerði tillögur til ríkisstjórnarinnar um útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem ríkisstjórnin afgreiddi hinn 30. ágúst eftir að hafa fengið umboð til þess í þingflokkum stjórnarflokkanna.

Rekstrarkostnaður A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun, önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, er áætlaður 45 milljarðar króna og hækkar um 2,3% milli ára sem er ívið umfram almennt verðlag. Sé tekið mið af fjárlögum 1994 er hækkunin 3,8%.

Almennt er gerð krafa til ráðuneyta um 2% hagræðingu í rekstri til að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi og ákvörðunum ríkisstjórnar um ný útgjöld. Þannig er gert ráð fyrir að Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn taki til starfa í nýrri Þjóðarbókhlöðu í árslok 1994. Þá hefur hjúkrunarrýmum fyrir aldraða og stofnunum fatlaðra fjölgað á síðustu árum og mun auka enn á útgjöld ríkissjóðs á næsta ári. Loks má nefna nýja starfsemi eins og Umboðsmann barna og sendiráð í Kína.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs 1995
Hlutfallsleg skipting



Launagjöld og starfsmannafjöldi. Heildarlaunagjöld eru áætluð 36,1 milljarður króna á næsta ári og hækka lítils háttar að raungildi milli ára. Í samanburði við fjárlög 1994 er hækkunin um 2,3% að raungildi og skýrist annars vegar af fjölgun starfa og hins vegar af hækkun launa í kjölfar kjarasamninga við heilbrigðisstéttir og flugumferðarstjóra. Af launagreiðslum ríkissjóðs fara um 27,6 milljarðar króna í gegnum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, eða 76,5%. Afgangurinn, 8,5 milljarðar króna, eru greiddar beint af

stofnunum. Þar munar lang mest um launagreiðslur sjúkrahúsa, eða 7,2 milljarða króna, en einungis laun ríkisspítala eru greidd af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Í töflu hér á eftir er sýndur reiknaður fjöldi ársverka samkvæmt launagreiðslum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Fyrstu þrír dálkar töflunnar sýna fjölda ársverka eftir ráðuneytum og eru þau reiknuð eftir samræmdum reiknistuðlum sem fjármálaráðuneyti, ríkisbókhald og ríkisendurskoðun hafa komið sér saman um. Í fjórða dálki eru sýndar breytingar milli áranna 1992 og 1993 og í fimmta dálki eru tilgreindar breytingar milli fyrstu sex mánaða áranna 1993 og 1994. Tölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1994 verður að taka með varúð þar sem niðurstaðan getur orðið önnur á heilu ári. Breytingar á vinnumagni milli ára 1994 og 1995 eru áætlaðar með því að styðjast við heildarlaunatölur fjárlaga 1994 og fjárlagafrumvarps 1995. Launum er þá skipt hlutfallslega á launategundir samkvæmt raunverulegri dreifingu launa hjá hverju ráðuneyti árið 1993. Meðalkostnaður á hvert ársverk ársins 1993 er síðan framreiknaður miðað við þekktar launabreytingar til að áætla magnbreytingar milli fjárlaga 1994 og frumvarps til fjárlaga 1995. Þá hafa tölurnar verið samræmdar í þeim tilvikum að stofnanir hafa flust milli ráðuneyta.

Fjöldi ársverka

Ráðuneyti	Ársverk 1991	Ársverk 1992	Ársverk 1993	Breyting '92-'93 %	Breyting '93-'94 %	Áætluð breyting '94-'95 %
Æðsta stjórn ríkisins	298	291	294	1,0	1,4	4,6
Forsætisráðuneyti	65	62	58	-6,5	11,8	3,2
Menntamálaráðuneyti	7.623	7.610	7.466	-1,9	-0,3	2,8
Utanríkisráðuneyti	225	248	243	-2,0	-0,1	2,7
Landbúnaðarráðuneyti	509	503	504	0,2	-0,5	1,4
Sjávarútvegsráðuneyti	429	460	480	4,3	-6,5	-1,4
Dómsmálaráðuneyti	2.241	2.210	2.204	-0,3	0,7	1,8
Félagsmálaráðuneyti	1.013	1.063	1.135	6,8	8,7	2,3
Heilbrigðisráðuneyti	4.285	4.205	4.203	-0,0	-0,5	0,7
Fjármálaráðuneyti	805	718	735	2,4	2,7	-1,1
Samgönguráðuneyti	1.112	1.112	1.113	0,1	-8,7	1,8
Iðnaðarráðuneyti	358	358	347	-3,1	-1,9	-0,6
Viðskiptaráðuneyti	76	69	71	2,9	-2,1	4,1
Hagstofa Íslands	62	65	67	3,1	5,4	0,0
Umhverfisráðuneyti	253	265	279	5,3	5,8	5,5
Samtals	**19.354**	**19.239**	**19.199**	**-0,2**	**-0,1**	**1,6**

Áætlun um breytingar á ársverkum milli áranna 1994 og 1995 verður að taka sem nálgun, en tölurnar gefa engu að síður nokkuð góða mynd af breytingum samkvæmt frumvarpinu frá því sem áformað var í fjárlögum 1994. Af töflunni má ráða að ársverkum ríkisstarfsmanna fjölgar um 1,6% frá fjárlögum 1994. Ársverkum fjölgar áfram umtalsvert í umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Þá er einnig nokkur fjölgun ársverka í menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Fjölgun ársverka hjá æðstu stjórn ríkisins er vegna hugsanlegra biðlauna alþingismanna og ráðherra. Ársverkum fækkar hins vegar í sjávarútvegsráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Nánar er fjallað um þróun ársverka í heildarumfjöllun um hvert ráðuneyti hér á eftir.


Önnur rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana nema 15,8 milljörðum króna og dragast saman um 0,5% að raungildi milli ára. Breytingarnar koma fram á ýmsum liðum og eru þær

ekki raktar hér. Sértekjur stofnana ríkisins eru áætlaðar 6,8 milljarðar króna og hækka um tæp 2% milli ára.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög, þ.e. svonefndar rekstrartilfærslur, nema 45,4 milljörðum króna samanborið við 44,0 milljarða króna í fjárlögum 1994 og 45,7 milljarða króna samkvæmt endurskoðaðri útgjaldaáætlun ársins.

Á undanförnum árum hafa rekstrartilfærslur verið um 40% heildarútgjaldanna. Um 64% þeirra renna til almannatrygginga og til landbúnaðarins fara 13%. Árið 1991 var hlutur almannatrygginga af rekstrartilfærslum 58% og landbúnaðar 20%.

Rekstrartilfærslur ríkissjóðs 1995
Hlutfallsleg skipting



Greiðslur vegna bóta almannatrygginga eru áætlaðar 29 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 30 milljarða króna á yfirstandandi ári. Í fjárlögum 1994 voru ætlaðar til þessa þáttar 28,7 milljarðar króna, en nokkuð vantaði á að sparnaðaráform fjárlaga næðu fram að ganga. Segja má því að markmið yfirstandandi árs flytjist yfir á það næsta.

Greiðslur til landbúnaðar nema 5,9 milljörðum króna sem er sama fjárhæð og greidd verður á yfirstandandi ári. Þá lækkar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og nemur 1,5 milljarði króna þrátt fyrir lítils háttar fjölgun lánþega. Reynslan af nýjum lögum um sjóðinn bendir til þess að lækka megi kostnaðarhlutfall ríkissjóðs vegna námsaðstoðar frá því sem verið hefur.

Nokkrir liðir hækka, aðrir liðir lækka. Í byrjun næsta árs taka gildi ný lög um húsaleigubætur. Hlutur ríkisins í þeim bótum er ákveðinn 400 m.kr. en að öðru leyti er úthlutun bótanna á ábyrgð sveitarfélaga. Þá samþykkti Alþingi stofnun Lýðveldissjóðs í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Sjóðnum eru ætlaðar 100 m.kr. í fjárlagafrumvarpi og á að verja fénu

til eflingar íslenskri tungu og átaks í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar. Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækka og framlag vegna afmælis lýðveldisins fellur niður.

Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 12 milljarðar króna og hækka um 550 m.kr. Hækkunin stafar af meiri innlausn spariskírteina og auknum erlendum skuldum. Á móti kemur að vaxtagreiðslur af skammtímalánum lækka, einkum vegna minni halla á ríkissjóði. Vaxtaútgjöldin, sem nema 10,4% af ríkisútgjöldum, eru mjög sveiflukennd og háð gengi, vaxtastigi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og innlausn spariskírteina. Þá ráðast vaxtaútgjöld einnig að nokkru af því hvort ríkissjóður mætir nauðsynlegri fjárþörf með skammtímalánum, svo sem ríkisvíxlum, eða verðbréfum til lengri tíma.

Viðhald. Til viðhalds á vegum og byggingum ríkisins er varið 3,4 milljörðum króna í fjárlagafrumvarpi 1995 sem er tæp 10% hækkun milli ára. Aukin áhersla á varðveislu mannvirkja ríkisins lýsir sér í því að framlagið hefur hækkað um ríflega þriðjung að raungildi frá árinu 1991. Að auki er nauðsynlegu viðhaldi á húseignum ríkisins í vaxandi mæli mætt með innheimtu leigugjalda.

Fjárfesting er áætluð 10,1 milljarður króna á árinu 1995 og lækkar um 3,3 milljarða króna milli ára. Í samanburði við fjárlög er lækkunin 1,8 milljarðar króna. Framlög til samgöngumannvirkja lækka um tæpan 1 milljarð króna þar sem lokið er sérstöku átaki í vegamálum sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna lækkar um 300 m.kr. og er þeirri lækkun ætlað að fjármagna hluta húsaleigubóta sem áformað er að taka upp í byrjun næsta árs. Þá er lokið uppgjöri ríkissjóðs við sveitarfélög vegna framkvæmda sem áttu sér stað fyrir árið 1990. Loks er gert ráð fyrir 250 m.kr. lokagreiðslu vegna kaupa á nýrri þyrlu en á árinu 1994 er áætlað að greiða 535 m.kr. til kaupanna.

6.2 Nýskipan í ríkisrekstri

Í fjármálaráðuneytinu hefur um nokkurt skeið verið unnið að mótun heildstæðrar stefnu um þróun ríkisrekstrarins. Kjarni þessarar stefnu er að dreifa valdi og skilja ábyrgð á rekstri frá pólitískri stefnumörkun. Stefnt er að því að auka ábyrgð stjórnenda og starfsmanna og flytja ákvarðanir um rekstur sem næst vettvangi og tryggja þannig hagkvæma og góða þjónustu. Einkavæðing ríkisstofnana og aukin útboð vegna kaupa á vörum og þjónustu eru dæmi um aðgerðir á grundvelli þessarar stefnu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim skrefum sem ætlað er að stíga á næsta ári.

Mat á árangri ríkisstofnana. Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að draga úr rekstrarkostnaði ríkisstofnana. Samtímis hefur verið dregið úr miðstýringu ráðuneyta á rekstri þeirra og forstöðumönnum ætlað að axla ábyrgð á fjármálastjórninni. Í þessu sambandi má nefna gerð rammafjárlaga, yfirfærslu ónýttra fjárheimilda milli ára og aukið svigrúm í starfsmannamálum.

Minni áhersla hefur verið lögð á að stjórnvöld og forstöðumenn stofnana geri fyrirfram grein fyrir því hvernig fé sem veitt er til einstakra stofnana skuli ráðstafað til að tryggja árangur og sem besta þjónustu. Í reynd er ríkissjóður að „kaupa" ákveðna þjónustu af stofnunum gegn fjárveitingu til þeirra. Því er mikilvægt að á sama tíma liggi fyrir vitneskja um árangurinn og hvort hann sé í samræmi við það sem til var ætlast í byrjun. Á sama hátt er mikilvægt fyrir „seljanda" þjónustunnar að vita hvaða kröfur „kaupandinn" gerir og fái mælikvarða á árangur sinn.

Að undanförnu hefur fjármálaráðuneytið kannað möguleika þess að fá með markvissum en einföldum hætti upplýsingar um þá þjónustu sem stofnanir ríkisins veita. Í því sambandi hefur verið leitað í smiðju til annarra þjóða sem hafa reynslu af að afla samsvarandi upplýsinga með markvissum og einföldum hætti. Norðurlandaþjóðirnar hafa lagt aukna áherslu á þennan þátt þó svo Ný-Sjálendingar hafi e.t.v. náð einna lengst á þessu sviði.

Í sumar hófst fjármálaráðuneytið handa við tilraunaverkefni í þessum tilgangi. Verkefnið fólst í því að stofnanir völdu kennitölur, svokallaða *þjónustuvísa*, sem að þeirra mati gefa einfalda en þó glögga mynd af starfseminni og umfangi þeirra. Alls tólf stofnanir frá fjórum ráðuneytum voru fengnar til samstarfs en þær eru: Héraðsdómstóll Reykjavíkur, Héraðsdómstóll Reykjaness, Sýslumannsembættið í Hafnarfirði, Sýslumannsembættið í Kópavogi, Sjónstöð Íslands, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Ríkistollstjóraembættið, Tollstjóraembættið í Reykjavík, Brunamálastofnun, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Sveðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi og Vinnueftirlit ríkisins. Úrvinnsla þeirra upplýsinga sem aflað var stendur nú yfir.

Að því er stefnt að í greinargerð með fjárlagafrumvarpi birtist framvegis í stöðluðu formi upplýsingar sem þessar. Til að gefa innsýn í þá hugsun sem hér að ofan er lýst fer hér á eftir sýnishorn af framsetningu þeirra upplýsinga sem fyrirhugað er að birta fyrir ríkisstofnanir almennt. Um er að ræða lýsingu á starfsemi Vinnueftirlits ríkisins síðast liðin fjögur ár. Í áætlun 1994 tekur rekstrarkostnaður stofnunarinnar mið af fjárlögum 1994.

Vinnueftirlit ríkisins

	1991	1992	1993	Áætlun 1994
Fjármál (m.kr.)				
Launagjöld	91,5	94,9	105,3	95,5
Önnur gjöld	58,9	58,6	69,3	57,0
Gjöld samtals	150,4	153,5	174,6	152,5
Sértekjur	28,8	31,2	33,1	33,4
Mismunur	121,6	122,3	141,5	119,1
Starfsmenn (ársverk)				
Dagvinna	45,5	46,1	51,6	46,0
Yfirvinna	17,8	17,9	19,3	18,0
Samtals	63,3	64,0	70,9	64,0
Þjónustuvísar (fjöldi eininga)				
Aðalskoðanir fyrirtækja	1.694	1.865	1.967	2.360
Aðalskoðanir bændabýla	1.059	812	1.005	1.200
Aðalskoðanir farandvinnuvéla	2.821	3.146	3.921	4.700
Útgefin fyrirmæli og ábendingar	17.874	15.690	17.645	18.000
Innsiglanir og aðrar þvingunaraðgerðir	877	655	718	700

Samningsstjórnun er eitt form á samskiptum ráðuneyta og stofnana sem hefur það að markmiði að efla þjónustu ríkisstofnana og auka hagkvæmni í rekstri þeirra. Nýjungin felst einkum í tvennu: Annars vegar fær stofnun aukið sjálfræði til ákvarðana um tilhögun rekstrarins og með hvaða hætti hún nær tilskildum árangri. Hins vegar er gerður formlegur þjónustusamningur milli stofnunar og ráðuneytis þar sem skilgreint er það starf sem stofnunin skuldbindur sig til að inna af hendi og endurgjald ráðuneytis. Þannig er í samningnum kveðið á um hvaða þjónustu stofnunin skuldbindur sig til að „selja" og hvað stjórnvöld skuldbinda sig til að „kaupa".

Samningurinn skýrir tilhögun samskipta aðila en breytir hvorki ábyrgð ráðherra á rekstri stofnunar gagnvart Alþingi, né hefur áhrif á þær stjórnsýsluskyldur sem stofnunin hefur lögum samkvæmt. Þá lýtur hún áfram kjarasamningum sem fjármálaráðherra gerir fyrir hönd ríkisins.

Ákveðið er að hefja tilraun með þetta stjórnunarform og að fyrstu samningarnir taki gildi í ársbyrjun 1995. Þær stofnanir sem ríða á vaðið eru: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Vita- og hafnamálastofnun, Geislavarnir ríkisins, Bændaskólinn á Hólum og Kvennaskólinn í Reykjavík.

Samningar um rekstur við einkaaðila. Um alllangt skeið hafa einkaaðilar annast ýmis konar þjónustu sem ríkissjóður lögum samkvæmt ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á. Sem dæmi má nefna rekstur skóla á grunn- og framhaldsskólastigi, þjónustustörf í landbúnaði, rekstur hjúkrunarheimila, endurhæfingarstöðva og afvötnunarstöðva og rekstur stofnana fyrir fatlaða.

Í fæstum tilvikum hefur verið gengið frá formlegum samningi milli ríkis og viðkomandi rekstraraðila um fjárframlög og þjónustustig. Þess í stað hafa einfaldar viðmiðanir verið látnar nægja, svo sem áætlaður fjöldi vistmanna, og fjárveitingar hafa tekið mið af rekstrarkostnaði áranna á undan. Þetta hefur orðið til þess að skilin eru stundum óljós milli þess sem ríkinu ber að greiða og þess sem rekstraraðilinn er ábyrgur fyrir. Þá er í mörgum tilvikum álitamál hvort starfsmenn viðkomandi stofnunar séu ríkisstarfsmenn, ei, þar sem starfskjör þeirra hafa með tímanum orðið hin sömu og ríkisstarfsmanna. Fjármálaráðuneytið mun í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti vinna að því að gerðir verði formlegir samningar við þessa aðila.

6.3 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heildstæðra málaflokka, en minna lagt upp úr frásögn af breytingum á rekstrar- og framkvæmdaliðum einstakra stofnana. Með þessu er ætlað að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka og er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að þegar vitnað er til fjárlaga 1994 í þessu frumvarpi er átt við fjárlög eins og þau voru afgreidd frá Alþingi í árslok 1993. Í umfjöllun hér á eftir er þar af leiðandi ekki tekið tillit nema í fáum tilvikum til þeirra útgjaldabreytinga sem fram munu koma í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1994 sem lagt verður fyrir Alþingi nú í byrjun þings.

Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1995. Launagjöld einstakra stofnana í frumvarpinu sem og bætur almannatrygginga eru miðaðar við það launastig sem nú gildir og hefur þá verið tekið tillit til kjarasamninga og kjaraúrskurða sem tekið hafa gildi á árinu 1994. Önnur gjöld eru hækkuð um 2% en sértekjur eru ekki hækkaðar þar sem þær ráðast í mörgum tilvikum af töxtum á útseldri vinnu. Rekstrartilfærslur eru einungis hækkaðar í þeim tilvikum sem það var óhjákvæmilegt vegna tengingar við verðlag eða gengi. Viðhald og fjárfestingarframlög hækka ekki.

Horfur um tekjur og verðlag á næsta ári mótast af nokkurri óvissu um niðurstöðu kjarasamninga. Spá Þjóðhagsstofnunar um tekjuþróun tekur mið af almennum skilyrðum þjóðarbúsins. Í þessu felst að tekjur hækka í takt við aukinn hagvöxt og þjóðartekjur. Þessar for-

sendur liggja til grundvallar tekjuáætlun. Til þess að gæta samræmis milli tekna- og gjaldahliðar er ætlað fyrir launabreytingum á næsta ári með því að færa 1.300 m.kr. á fjárlagalið *09-989 Launa- og verðlagsmál* í fjármálaráðuneyti. Þetta samsvarar um 2 ½ % hækkun launa, atvinnuleysistrygginga, lífeyrisbóta og launatengdra þátta sjúkratrygginga. Ávallt hafa starfsaldurshækkanir, flokkatilfærslur o.fl. samningsbundin ákvæði í för með sér nokkra útgjaldaaukningu, en einnig er gert ráð fyrir að almennar og sérgreindar launahækkanir vegna kjarasamninga og launaúrskurða hafi nokkra hækkun í för með sér á næsta ári.

Hvað breytingar á bótum almannatrygginga varðar þá er miðað við að m.a. sé rúm til að mæta hækkunum á bótagreiðslum, sem svarar til orlofs- og desemberuppbóta lífeyristrygginga. Þær og aðrar hækkanir bóta eru ákvörðunaratriði stjórnvalda og tengjast m.a. fyrirhugaðri uppstokkun á heimildarbótum sem greint er frá í umfjöllun um bætur lífeyristrygginga hér á eftir. Einnig ráðast ákvarðanir um hækkun bóta að einhverju marki af almennum launa- og verðbreytingum í þjóðfélaginu.

Eins og í fjárlögum og frumvarpi til fjárlaga er fjallað um allar reikningstölur 1993 á greiðslugrunni.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	46,9	48,9	48,2	-1	3
Alþingi og stofnanir þess	843,7	848,8	984,9	16	17
Ríkisstjórn	59,1	59,3	68,6	16	16
Annað	156,6	136,0	139,5	3	-11
Samtals	**1.106,3**	**1.093,0**	**1.241,2**	**14**	**12**
Rekstrarkostnaður	946,1	941,3	987,9	5	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	32,3	41,2	142,0	245	340
Stofnkostnaður og viðhald	127,9	110,5	111,3	1	-13
Samtals	**1.106,3**	**1.093,0**	**1.241,2**	**14**	**12**

Heildarframlag til æðstu stjórnar ríkisins nemur 1.241 m.kr. og hækkar um 14% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til rekstrar hækkar um 5%, til viðhalds og stofnkostnaðar um 1% en tilfærslur rúmlega þrefaldast vegna 100 m.kr. framlags í Lýðveldissjóð. Við gerð fjárlagafrumvarps var gerð krafa til allra ráðuneyta að lækka útgjöld til óbreytts rekstrar um 2% milli ára. Lagt er til að fjárframlög til stofnana æðstu stjórnar ríkisins markist af þessu og eru fjárveitingar til núverandi rekstrar lægri sem því nemur.

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins eru nokkuð stöðug frá árinu 1991 að undanteknu því ári og árinu 1995. Bæði árin eru kosningaár með tilheyrandi mannaskiptum í ríkisstjórn og á Alþingi sem hefur biðlaun og annan kostnað í för með sér.

Embætti forseta Íslands

Heildarfjárveiting til embættis forseta Íslands nemur 48,2 m.kr. og lækkar um 0,7 m.kr. frá fjárlögum 1994. Lækkunin stafar af hagræðingarkröfu þeirri sem getið er um hér að framan.

Alþingi og stofnanir þess

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Alþingi; 211 Lýðveldissjóður; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 985 m.kr. og hækkar um 16% milli ára.

*210 **Alþingi.*** Fjárveiting til Alþingis nemur 714 m.kr. og hækkar um nær 40 m.kr. eða 6% milli ára. Tvær höfuðástæður eru fyrir hækkuninni. Annars vegar er gert ráð fyrir kosningum á árinu 1995 og hlýst ávallt talsverður kostnaður af þingmannaskiptum. Biðlaun verða greidd fráfarandi þingmönnum og er gert ráð fyrir 75 biðlaunamánuðum alls. Þing Norðurlandaráðs verður haldið hér á landi á næsta ári og hækkar framlag til þess viðfangsefnis því um 28 m.kr. Er sú fjárhæð byggð á reynslu af kostnaði síðasta þings sem haldið var hér fyrir fimm árum, en að þessu sinni er gert ráð fyrir nokkru fjölmennara þingi. Vegna kröfu um almenna hagræðingu er lagt til að rekstrargjöld lækki sem nemur 13 m.kr. frá tillögum þeim sem Alþingi lagði fram við undirbúning fjárlagafrumvarps.

*211 **Lýðveldissjóður.*** Í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni lýðveldisafmælisins. Skal verja til hans 100 m.kr. árlega næstu fimm ár. Er því hér lagt til að framlag til Lýðveldissjóðs verði 100 m.kr. Hefur þeirri fjárveitingu verið skipt á tvö viðfangsefni í samræmi við greinargerð með þingsályktunartillögunni, *1 10 Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar* og *1 15 Efling íslenskrar tungu.* Í greinargerð segir að sjóðnum sé ætlað að starfa í fimm ár, 1995-1999, og munu styrkir úr honum greiddir árlega fyrir lok hvers árs.

Umsjón með vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar verður á hendi faglegrar verkefnisstjórnar og skulu reglur um störf hennar staðfestar af sjóðsstjórn. Hafrannsóknastofnun mun gera tillögur um rannsóknaáætlun, stjórn verkefnisins og þátttöku vísindamanna og stofnana í þeim. Stjórn sjóðsins er ætlað að ákveða skiptingu þess fjár er verja skal til eflingar íslenskri tungu. Efla skal Málræktarsjóð þannig að í honum verði eigi minna en 100 milljónir króna að fimm árum liðnum. Styrkja ber útgáfu rita um íslenska tungu og málmenningu fyrir skólaæsku landsins svo og önnur þau verkefni sem fallin eru til að efla tunguna.

Ríkisstjórn

Fjárveiting á þessum lið hækkar um 9,3 m.kr. í 68,6 m.kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanna þeirra eru greidd af þessum lið. Í kjölfar kosninga á næsta ári er gert ráð fyrir að einhver mannaskipti verði í ríkisstjórn og meðal aðstoðarmanna. Því er reiknað með biðlaunum af þeim sökum. Á þessu ári hefur fækkað um einn ráðherra í ríkisstjórn og er reiknað með núverandi ráðherrafjölda áfram.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 401 Hæstiréttur; 510 Bessastaðir og 520 Opinberar heimsóknir.

*401 **Hæstiréttur.*** Laun hæstaréttardómara og starfsfólks Hæstaréttar eru greidd af þessum lið. Annar kostnaður við Hæstarétt greiðist af lið *06 201 Hæstiréttur* undir dómsmálaráðuneyti. Fjárveiting hækkar um 5,1 m.kr. í 43,7 m.kr. þar eð fjölgað hefur um einn dómara við Hæstarétt með lögum nr. 39/1994. Eru þeir nú níu alls.

510 Bessastaðir. Til framkvæmda á Bessastöðum er ætluð sama fjárhæð og veitt er á þessu ári, 82 m.kr. Rennur fjárveitingin til áframhaldandi uppbyggingar á staðnum á grundvelli laga um endurbyggingu Bessastaða nr. 31/1989.

Fornleifafundir í grunni þjónustuhúss og svokallaðs Norðurhúss sumarið 1993 töfðu framkvæmdir og höfðu í för með sér ófyrirséðan kostnað. Í ár hefur áfram verið unnið að byggingu og innréttingu þessara húsa. Verður þeim framkvæmdum að mestu lokið á árinu eins og ráð var fyrir gert. Einnig var endanlega gengið frá fornleifakjallara í Bessastaðastofu. Á árinu 1995 er ætlunin að ljúka síðustu áföngum við þjónustuhús og Norðurhús, að undanskilinni húsvarðaríbúð. Aðalverkefni ársins verður bygging íbúðarhúss forseta og er gert ráð fyrir að því verki ljúki á fyrstu mánuðum ársins 1996. Þá verður unnið að lóðaframkvæmdum við húsin og fyrirhugað er að vinna að deiliskipulagi fyrir Bessastaðanes. Við upphaf endurbyggingar að Bessastöðum var ætlað að verkinu skyldi lokið á árinu 1996. Nú er ljóst að svo verður ekki og er áætlað að verklok muni dragast til ársins 1998. Á árunum 1989 til 1994 er samtals búið að veita rúmlega 560 m.kr. til endurbyggingar Bessastaða, reiknað á verðlagi ársins 1994.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	135,6	163,1	96,5	-41	-29
Annað	308,5	330,7	377,5	14	22
Samtals	**444,1**	**493,8**	**474,0**	**-4**	**7**
Rekstrarkostnaður	143,2	144,8	153,0	6	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	79,2	140,5	88,0	-37	11
Stofnkostnaður og viðhald	221,7	208,5	233,0	12	5
Samtals	**444,1**	**493,8**	**474,0**	**-4**	**7**

Heildarútgjöld ráðuneytisins nema 474 m.kr. og lækka um nær 20 m.kr. eða 4% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Helstu breytingar eru fólgnar í því að framlag til Lýðveldishátíðar 1994, sem nemur 70 m.kr. á þessu ári, fellur niður en á móti koma hækkanir, aðallega til Byggðastofnunar og Norrænu ráðherranefndarinnar eins og nánar er tilgreint hér á eftir.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðirnir 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarfjárveiting nemur 96,5 m.kr. og lækkar um 67 m.kr. sem skýrist af brottfalli 70 m.kr. fjárveitingar til Lýðveldishátíðar, svo sem áður getur. Aðrar breytingar eru óverulegar.

Annað

Fjárlagaliðirnir 211 Þjóðhagsstofnun; 221 Byggðastofnun; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 901 Húsameistari ríkisins og 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum falla undir þennan málefnaflokk. Heildarfjárveiting nemur 377,5 m.kr. sem er hækkun um 14% eða 47 m.kr. frá fjárlögum 1994.

211 ***Þjóðhagsstofnun.*** Heildargjöld stofnunarinnar án sértekna nema 87,1 m.kr. sem er nær óbreytt fjárhæð frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að sértekjur nemi 44,8 m.kr. Þar af er reiknað með 2,5 m.kr. sértekjum af sölu á ritum stofnunarinnar og gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast hluti af almennum verkefnum hennar. Þær sértekjur dragast frá ofangreindum heildargjöldum, áður en til skipta á kostnaði stofnunarinnar kemur, en hann skiptist til helminga milli Seðlabanka Íslands og ríkissjóðs og koma 42,3 m.kr. í hlut hvors.

221 ***Byggðastofnun.*** Framlag til Byggðastofnunar hækkar úr 185 m.kr. 1994 í 210 m.kr. 1995. Er það vegna aukinna verkefna stofnunarinnar í framhaldi af ályktun Alþingis vorið 1994 um gerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir tímabilið 1994-1997.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar hækkar um 17,7 m.kr. í 95,1 m.kr. Það stafar af því að heildarútgjöld nefndarinnar hækka um 8% og danska krónan, grunngjaldmiðill að fjárlögum nefndarinnar, hefur hækkað gagnvart íslenskri krónu. Loks hækkar hlutur Íslands í heildarfjárlögum nefndarinnar úr 0,9% í 1%, en það byggist á útreikningi á vergum þjóðartekjum á Norðurlöndunum.

241 ***Umboðsmaður barna.*** Þetta er nýr fjárlagaliður. Embætti umboðsmanns barna var stofnað með lögum nr. 83/1994. Fjárveiting til embættisins nemur 6 m.kr. og er miðað við að það hefji störf á árinu 1995.

901 ***Húsameistari ríkisins.*** Gjöld embættisins nema samtals 49,2 m.kr. og er 55,7 m.kr. sértekjum ætlað að standa undir kostnaði og skila 6,5 m.kr. í ríkissjóð. Áfram er unnið að endurskoðun á umfangi embættisins og verkefnum þess.

902 ***Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.*** Heildarfjárveiting nemur 30,6 m.kr. og er nær óbreytt frá árinu 1994. Sú breyting er þó gerð að fjárveiting til viðfangsefnisins *602 Svæðisskipulag* fellur brott, en hún fór að mestu til endurbóta á göngustígum. Þess í stað hækkar fjárveiting til viðfangsefnisins *502 Þingvallakirkja* úr 1 m.kr. í 5 m.kr. til gagngerra endurbóta á kirkjunni og þess að færa hana til upprunalegs horfs.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	242,6	258,1	257,8	-0	6
Háskólar og rannsóknir	2.855,8	2.822,0	2.804,1	-1	-2
Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.175,8	4.493,3	4.653,2	4	11
Grunnskólar og sérskólar	5.327,0	5.284,1	5.483,8	4	3
Námsaðstoð	1.805,4	1.648,2	1.600,2	-3	-11
Söfn, listastofnanir o.fl.	1.293,9	1.222,3	1.187,4	-3	-8
Annað	1.049,7	1.009,2	686,3	-32	-35
Samtals	**16.750,2**	**16.737,2**	**16.672,8**	**-0**	**-0**
Rekstrarkostnaður	11.611,4	11.661,5	11.912,5	2	3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.027,0	3.036,9	2.965,9	-2	-2
Stofnkostnaður og viðhald	2.111,8	2.038,8	1.794,4	-12	-15
Samtals	**16.750,2**	**16.737,2**	**16.672,8**	**-0**	**-0**

Sú breyting hefur verið gerð á málefnaskipan ráðuneytisins að málefnaflokkurinn *Önnur fræðslumál* sem er í fjárlögum 1994 fellur nú niður og færast stofnanir hans undir aðra málefnaflokka. *Námsgagnastofnun* flokkast nú með grunnskólum enda þjónar stofnunin eingöngu grunnskólastigi. *Fullorðinsfræðsla* flokkast með framhaldsskólum og *Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra* flokkast undir málefnaflokkinn *Annað*. Að lokum fellur *Jöfnun á námskostnaði* nú undir nýjan málefnaflokk, *Námsaðstoð*, en til hans telst einnig *Lánasjóður íslenskra námsmanna*. Að auki er sú breyting gerð að fjárlagaliðurinn *Fullorðinsfræðsla fatlaðra* tilheyrir málefnaflokki framhaldsskóla.

Rekstrargjöld ráðuneytisins, án tillits til sértekna Happdrættis Háskóla Íslands sem renna til stofnkostnaðarviðfangsefna, eru áætluð 12.152,5 m.kr. og hækka um 2,8% frá fjárlögum 1994 eða um rúmar 330 m.kr. Hækkun er mest í grunnskólum, bæði hlutfallslega og í krónum talið en framhaldsskólar hækka einnig nokkuð. Annar rekstur breytist svo til ekkert ef frá er talinn tilflutningur á rekstri Háskólabókasafns frá málefnaflokknum *Háskólar og rannsóknir* til málefnaflokksins *Söfn, listastofnanir o.fl.* Launagjöld hækka um tæp 3% og er það í samræmi við áætlaða fjölgun ársverka milli ára, sbr. töflu á blaðsíðu 281. Ársverk voru rúmlega 7.600 árið 1992 og hefur þeim farið fækkandi síðan. Á næsta ári er hins vegar áætlað að þau verði milli 7.800 og 7.900 og endurspeglar það vöxt í skólakerfinu vegna fjölgunar nemenda og annarra þátta.

Rekstrartilfærslur lækka um 71 m.kr. og verða 2.966 m.kr. Munar þar mestu um lækkun framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 50 m.kr. milli ára.

Fjárveiting til stofnkostnaðar og viðhalds menntamálaráðuneytis nemur 1.794 m.kr. og lækkar um 244 m.kr. milli ára eða um 12% og verða nokkrar innbyrðis breytingar milli málefnaflokka. Uppgjöri við sveitarfélög lýkur á þessu ári og leiðir til um 330 m.kr. lækkunar. Einnig lækkar framlag til Þjóðarbókhlöðu um 100 m.kr. Á móti hækkar viðhalds- og stofnkostnaður málefnaflokksins *Háskólar og rannsóknir* og er að mestu leyti vegna hærra framlags til Háskóla Íslands en áætluð afkoma Happdrættis Háskóla Íslands batnar um 100 m.kr. milli ára. Þá hækkar viðhalds- og stofnkostnaðarframlag til framhaldsskóla verulega.

Í töflu hér á eftir eru sýnd útgjöld menntamálaráðuneytis árin 1991-1993 samanborið við áætluð útgjöld í fjárlögum 1994 og frumvarpi til fjárlaga 1995. Fjárhæðir eru allar á verðlagi frumvarps til fjárlaga 1995 og uppfærðar miðað við breytingar á verðlagi landsframleiðslu. Sértekjur koma til frádráttar nema í málefnaflokknum *Háskólar og rannsóknir* en þar eru rekstrargjöld án tillits til sértekna vegna Happdrættis Háskóla Íslands. Viðhalds- og stofnkostnaður er sýndur sér og er því ekki meðtalinn undir hverjum málefnaflokki fyrir sig. Viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingar Háskóla Íslands eru ekki meðtaldar en Happdrætti Háskóla Íslands fjármagnar þær og jafnast sértekjur og stofnkostnaður út hvort á móti öðru. Þar sem breytingar hafa orðið á málefnaflokkum og við tilflutning á stofnunum milli ráðuneyta er tekið tillit til þeirra fyrir öll árin.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Aðalskrifstofa	268	235	242	239	237
Háskólar og rannsóknir	2.704	2.517	2.564	2.560	2.498
Framhaldsskólar og héraðsskólar	3.865	3.800	3.722	3.782	3.855
Grunnskólar og sérskólar	5.764	5.639	5.401	5.266	5.460
Námsaðstoð	2.787	2.238	1.885	1.681	1.600
Annað	1.384	1.368	1.436	1.414	1.468
Viðhald og stofnkostnaður	2.002	1.507	1.947	1.916	1.554
Samtals	**18.774**	**17.303**	**17.197**	**16.858**	**16.673**

Í töflu hér á eftir er önnur framsetning á sömu upplýsingum en framlög til einstakra málefnaflokka eru sýnd sem hlutföll af heildarútgjöldum ráðuneytisins á hverju ári fyrir sig.

	Reikningur 1991	Reikningur 1992	Reikningur 1993	Fjárlög 1994	Frumvarp 1995
Aðalskrifstofa	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4
Háskólar og rannsóknir	14,4	14,5	14,9	15,2	15,0
Framhaldsskólar og héraðsskólar	20,6	22,0	21,6	22,4	23,1
Grunnskólar og sérskólar	30,7	32,6	31,5	31,2	32,8
Námsaðstoð	14,8	12,9	11,0	10,0	9,6
Annað	7,4	7,9	8,3	8,4	8,8
Viðhalds- og stofnkostnaður	10,7	8,7	11,3	11,4	9,3
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Áætluð útgjöld aðalskrifstofu lækka lítillega en ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á rekstri ráðuneytisins. Framlag til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra er 18 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum þessa árs.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-209 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldismála; 231 Rannsóknarráð Íslands; 236 Vísindasjóður; 237 Tæknisjóður; 238 Bygginga- og tækjasjóður; 239 Rannsóknarnámssjóður og 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

Heildarframlag til málefnaflokksins er 2.804,1 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	1.557,5	1.565,1	1.498,7	-4	-4
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	86,4	103,4	97,7	-6	13
Raunvísindastofnun Háskólans	119,7	121,7	121,2	-0	1
Stofnun Sigurðar Nordals	11,6	8,8	8,8	0	-24
Stofnun Árna Magnússonar	47,5	41,5	41,3	-0	-13
Orðabók Háskólans	18,1	14,1	14,1	0	-22
Íslensk málstöð	10,6	10,5	8,2	-22	-23
Örnefnastofnun	4,9	4,4	4,4	0	-10
Verkfræðistofnun Háskólans	-	5,8	6,1	5	.
Háskólinn á Akureyri	153,5	165,2	177,9	8	16
Tækniskóli Íslands	181,9	176,4	175,9	-0	-3
Kennaraháskóli Íslands	290,0	296,9	309,5	4	7
Rannsóknastofnun uppeldismála	36,9	31,3	46,1	47	25
Rannsóknarráð Íslands	20,7	20,3	30,3	49	46
Vísindaráð	13,9	10,1	-	.	.
Vísindasjóður	25,0	25,0	25,0	0	0
Tæknisjóður	183,2	115,0	115,0	0	-37
Bygginga- og tækjasjóður	63,1	40,0	60,0	50	-5
Rannsóknarnámssjóður	-	-	25,0	.	.
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	31,3	66,5	38,9	-42	24
Samtals	**2.855,8**	**2.822,0**	**2.804,1**	**-1**	**-2**

Nokkrar breytingar eru nú gerðar á fjárlagaliðum þessa málefnaflokks vegna setningar laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Það sem áður féll undir verksvið Vísindaráðs og Rannsóknarráðs ríkisins er sameinað undir Rannsóknarráði Íslands sem með breyttu heiti og hlutverki hefur fengið nýtt fjárlaganúmer. Sjóðir í vörslu Rannsóknarráðs eru Vísindasjóður, Tæknisjóður og Bygginga- og tækjasjóður. Að auki sér Rannsóknarráð Íslands um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar sjóðsins. Síðastnefndi sjóðurinn var áður færður sem viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*. Fjórir framangreindir sjóðir eru í B-hluta og er framlag í A-hluta tilfærsla til B-hluta. Þeir eru allir með óbreytt framlag frá fjárlögum ársins en nánar er fjallað um þá í athugasemdum um B-hluta fjárlaga í 7. kafla. Til viðbótar við áætlað framlag til Tæknisjóðs undir menntamálaráðuneyti er gert ráð fyrir því að sjóðurinn fái viðbótarframlag, m.a. af sölu ríkiseigna, þannig að framlag til sjóðsins verði 200 m.kr. á árinu 1995. Í umfjöllun um Rannsóknarráð Íslands hér á eftir er sýndur samanburður á fjárveitingum til rannsóknamála í menntamálaráðuneyti nokkur ár aftur í tímann.

Framlag til rekstrar og neyslu- og rekstrartilfærslna, án tillits til sértekna vegna Happdrættis Háskóla Íslands, er áætlað 2.498,1 m.kr. og lækkar um 54,4 m.kr. eða um rúm 2%. Lækkun skýrist aðallega af breytingum á starfsemi Háskóla Íslands sem skýrðar verða nánar í umfjöllun um skólann. Á móti hækkar framlag til Háskólans á Akureyri og til Rannsóknastofnunar uppeldismála. Rekstrarframlag Íslenskrar málstöðvar er óbreytt en fjárveiting lækkar þar sem tilfærsla til Málræktarsjóðs fellur niður. Sá sjóður fær nú framlag úr nýstofnuðum Lýðveldissjóði sem heyrir undir Alþingi. Fjárveitingar til annarra stofnana eru svipaðar milli ára. Heildarnemendafjöldi háskólanna fjögurra er um 6.700 og fjölgar nemendum um rúmlega 350. Miðað er við skráningu á svipuðum tíma, þ.e. annað hvort um mitt ár eða um haust bæði árin. Nemendafjöldi við Kennaraháskóla Íslands og Tækniskóla

Íslands breytist lítið milli ára en fjöldi nýnema við Kennaraháskólann er takmarkaður. Nokkur nemendafjölgun er hins vegar bæði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Heildarframlag til fjárfestingar og viðhalds er 546 m.kr. og hækkar um 115,5 m.kr. frá fjárlögum ársins. Hækkun um 100 m.kr. skýrist af auknu framkvæmdafé Háskóla Íslands og Bygginga- og tækjasjóðs. Einnig hækkar fjárveiting til viðhalds hjá Kennaraháskóla Íslands og Rannsóknastofnunar uppeldismála. Á móti lækkar viðhalds- og stofnkostnaður hjá Tilraunastöð Háskólans að Keldum og byggingarstyrkur til Félagsstofnunar stúdenta fellur niður. Aðrir liðir breytast óverulega.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Rekstrarframlag til Háskóla Íslands er áætlað 1.498,7 m.kr., án tillits til sértekna vegna Happdrættis Háskóla Íslands, og lækkar um 66,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Framlag til Háskólabókasafns, að fjárhæð 62,8 m.kr., fellur niður en rekstur safnsins fellur nú undir fjárlagalið *905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.* Í fjárlögum 1994 er 13,7 m.kr. framlag til viðfangsefnisins *1.08 Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ* sem stofnað var til vegna samnings milli Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar um samstarf á sviði rannsókna og þróunar. Af þeirri fjárhæð voru 11,9 m.kr. færðar sem eignakaup og ætlaðar til kaupa og endurbóta á húsnæði. Sú fjárveiting er nú felld niður en eftir standa 1,8 m.kr. sem eru launagjöld vegna starfsmanns í Vestmannaeyjum. Að teknu tilliti til breytinga vegna framangreindra liða er rekstrarframlag til skólans svo til óbreytt milli ára. Í fjárlögum áranna 1992-1994 miðaðist rekstrarframlag til skólans við um 5.000 nemendur. Í júlí á síðasta ári voru skráðir nemendur tæplega 4.960 en á sama tíma í ár voru þeir um 5.235. Reynslan sýnir þó að nemendum fjölgar enn frekar á haustin eftir að skráningu er lokið. Skólanum er ætlað að mæta nemendafjölguninni innan þeirra marka sem rekstrarfjárveitingin setur en fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á þessu þingi sem heimilar Háskóla Íslands að takmarka aðgang að skólanum. Innan skólans er auk þess verið að kanna leiðir til að hagræða í kennslu.

Áætlað er að Háskóli Íslands verji 240 m.kr. af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands til byggingaframkvæmda, viðhalds, tækja- og búnaðarkaupa. Þá er ætlast til að Háskólinn leggi fram fé til tækjakaupa Tilraunastöðvarinnar að Keldum og Raunvísindastofnunar Háskólans. Áætlaður hagnaður Happdrættis Háskóla Íslands hækkar um 100 m.kr. milli ára en nánar er fjallað um happdrættið í 7. kafla, um B-hluta fjárlagafrumvarpsins.

210 Háskólinn á Akureyri. Rekstrarframlag skólans hækkar um 12,7 m.kr. eða um tæp 9% milli ára. Hækkun er að mestu vegna nemendafjölgunar og kennaradeildar en einnig er nokkur viðbót vegna gæðastjórnunarnáms. Skólinn hefur verið í vexti undanfarin ár vegna lagabreytinga og ákvarðana í fjárlögum um aukið námsframboð. Kennaradeild tók til starfa við skólann haustið 1993 og er síðasti árgangurinn í því námi að bætast við haustið 1995. Aðrar deildir skólans eru á þessu skólaári komnar að fullu í starfrækslu og er því gert ráð fyrir að rekstur skólans verði kominn í jafnvægi á næsta skólaári, þ.e. skólaárið 1995/1996. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds er hið sama og í fjárlögum 1994, 15 m.kr.

*221 **Kennaraháskóli Íslands.*** Rekstrarframlag til skólans er áætlað 264,5 m.kr. og lækkar lítillega samanborið við fjárlög 1994. Nokkuð dregur úr starfsnámi grunnskólakennara en að öðru leyti er gert ráð fyrir lítt breyttum rekstri skólans. Heildarframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar verður 45 m.kr. og hækkar um 15 m.kr. milli ára. Viðfangsefnið *5.01 Fasteign* hækkar um 10 m.kr., úr 15 m.kr. í 25 m.kr., en húsnæði skólans þarfnast verulegra endurbóta. Til endurbóta á húsnæði fyrrum Hússtjórnarskólans að Varmalandi eru ætlaðar 10 m.kr. samanborið við 4 m.kr. í fjárlögum ársins. Kennaraháskólinn hefur húsið til afnota fyrir endurmenntun, fjarkennslu, réttindanám og fjölþætt námskeiðahald. Viðhaldsþörf var brýn og hafa endurbætur og viðgerðir staðið yfir. Með þessari fjárveitingu er gert ráð fyrir að viðhaldi utan húss verði lokið á næsta ári og við taki lagfæringar innan húss. *Tækja- og búnaðarkaup* lækka um 1 m.kr.

*223 **Rannsóknastofnun uppeldismála.*** Heildarframlag til stofnunarinnar hækkar um 14,8 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs, eða um rúm 47%. Áætlað rekstrarfé er 31,1 m.kr. samanborið við 27,3 m.kr. í fjárlögum 1994. Hækkun er vegna kostnaðar við framkvæmd samræmdra prófa en hann reyndist vanáætlaður í fjárlögum ársins. Sú breyting er gerð á framsetningu rekstrarframlags að það er nú fært á eitt viðfangsefni í stað tveggja áður. Framlag til viðfangsefnisins *5.01 Fasteign* hækkar um 11 m.kr. og verður 15 m.kr. Stofnunin flutti á þessu ári í Valhöll við Suðurgötu og er framlag ætlað til að ljúka endurbótum á húsinu.

*231 **Rannsóknarráð Íslands.*** Þetta er nýr fjárlagaliður en með lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, voru felld úr gildi lög um Vísindasjóð og Vísindaráð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Í lögunum segir að Rannsóknarráð sé sjálfstæð stofnun sem heyri undir menntamálaráðuneytið og er hlutverk þess að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun. Áætlað rekstrarframlag til hins nýja ráðs er 30,3 m.kr. en það er sama framlag og Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð hafa samanlagt í fjárlögum ársins. Eins og segir í upphafi umfjöllunar um þennan málefnaflokk þá hefur orðið nokkur breyting á skipan rannsóknamála í menntamálaráðuneyti með þessum nýju lögum. Í töflu hér á eftir eru sýndar fjárveitingar nokkur ár aftur í tímann samanborið við fjárlög 1994 og fjárlagafrumvarp 1995. Fjárhæðir eru allar á verðlagi frumvarps til fjárlaga 1995 en þær hafa verið uppfærðar miðað við verðlag landsframleiðslu. Fjárlaganúmer og heiti miðast við framsetningu í fjárlagafrumvarpi 1995.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Rannsóknarráð	35,0	33,2	36,1	31,2	30,3
Vísindasjóður	22,2	21,4	26,1	25,7	25,0
Tæknisjóður	122,0	116,8	191,3	205,4	200,0
Bygginga- og tækjasjóður	68,3	82,2	65,9	41,1	60,0
Rannsóknarnámssjóður	-	-	-	25,7	25,0
Alþjóðleg samskipti	19,1	36,2	45,6	89,3	156,0
Samtals	**266,6**	**289,8**	**365,0**	**418,4**	**496,3**

Á árunum 1994 og 1995 er gert ráð fyrir að Tæknisjóður fái 85 m.kr. til viðbótar við það framlag sem fært er á fjárlagalið sjóðsins af fjárlagalið *481-6.90 Átak á sviði rannsókna*

og þróunarstarfsemi undir fjármálaráðuneyti, þannig að heildarframlag til sjóðsins þessi tvö ár verði 200 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir að af framangreindum fjárlagalið renni samtals um 30 m.kr. til alþjóðlegra samskipta af fjárveitingu þessa og næsta árs. Í töflunni eru ekki meðtalin framlög til rannsóknastofnana í menntamálaráðuneyti og öðrum ráðuneytum en framlög til þeirra stofnana eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	86,4	103,4	97,7	-6	13
Raunvísindastofnun Háskólans	119,7	121,7	121,2	-0	1
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	140,9	128,6	133,7	4	-5
Veiðimálastofnun	37,5	36,1	38,5	7	3
Laxeldisstöðin Kollafirði	29,9	30,0	29,4	-2	-2
Hafrannsóknastofnun	608,6	603,4	598,6	-1	-2
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	94,1	89,1	91,5	3	-3
Iðntæknistofnun Íslands	99,7	96,5	96,6	0	-3
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	51,5	50,2	51,8	3	1
Orkustofnun	221,9	205,5	203,6	-1	-8
Samtals	**1.490,2**	**1.464,5**	**1.462,6**	**-0**	**-2**

Fjárveitingar nema alls 1.462,6 m.kr. og lækka um 1,9 m.kr. milli ára. Um nánari skýringar á breytingum einstakra stofnana vísast í greinargerð um þau ráðuneyti sem þær heyra undir. Að auki er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til eflingar íslenskri tungu og vistfræðirannsókna á lífríki sjávar en það framlag er úr Lýðveldissjóði sem heyrir undir Alþingi.

299 ***Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Framlag lækkar um 27,6 m.kr. og verður 38,9 m.kr. Tvö viðfangsefni falla brott. Fjárveiting til Rannsóknarnámssjóðs færist nú á sér fjárlagalið en sjóðurinn er í B-hluta fjárlaga. Í 6. gr. fjárlaga 1992 var heimild til að selja fasteignina Valhöll við Suðurgötu í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta. Horfið var frá því að selja húsið og fékk Rannsóknastofnun uppeldismála það til afnota og samið var við Félagsstofnun stúdenta um að menntamálaráðuneytið veitti byggingarstyrk, samtals að fjárhæð 15 m.kr. Lokagreiðsla var í fjárlögum þessa árs og fellur því niður viðfangsefnið *6.12 Félagsstofnun stúdenta, byggingarstyrkur*. Á móti lækkun vegna þessara tveggja viðfangsefna hækkar óskipt framlag til háskóla- og rannsóknastarfsemi um 2,4 m.kr. og verður 28,9 m.kr. Framlag til *Nýsköpunarsjóðs* er óbreytt, 10 m.kr.

Framhaldsskólar og héraðsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-307, 309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 308, 350-363 Fjölbrautaskólar; 440-441 Fullorðinsfræðsla; 506-581 Ýmsir sérskólar og 601-610 Héraðsskólar.

Heildarframlag til framhalds- og héraðsskóla er áætlað 4.653,2 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði og gjaldategundir sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mennta- og fjölbrautaskólar	2.354,8	2.357,4	2.450,9	4	4
Framhaldsskólar, safnliðir	578,4	947,0	977,5	3	69
Fullorðinsfræðsla	67,9	71,4	78,1	9	15
Sérskólar og iðnskólar	1.092,8	1.046,8	1.070,6	2	-2
Héraðsskólar	81,8	70,7	76,1	8	-7
Samtals	**4.175,7**	**4.493,3**	**4.653,2**	**4**	**11**
Rekstrarkostnaður	3.648,2	3.772,4	3.854,8	2	6
Viðhald	138,4	98,0	167,0	70	21
Stofnkostnaður	389,1	622,9	631,4	1	62
Samtals	**4.175,7**	**4.493,3**	**4.653,2**	**4**	**11**

Sú breyting hefur verið gerð á þessum málefnaflokki að til hans teljast nú einnig *440 Fullorðinsfræðsla* og *441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra*. Tölur úr reikningi fyrir árið 1993 og fjárlögum 1994 eru aðlagaðar að þessari breytingu.

Til rekstrar framhaldsskóla eru alls áætlaðar 3.854,8 m.kr. og hækkar framlag um 82,4 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs. Af heildarrekstrarkostnaði eru launagjöld 3.335,4 m.kr. eða um 87%. Skýringa á hækkun rekstrarkostnaðar milli ára er að mestu að leita í fjölgun nemenda. Í útgjaldaáætlun fyrir skólaárið 1994/1995 var miðað við um 16.400 nemendur. Þeir hafa í reynd orðið um 100 fleiri og er miðað við þá fjölgun í útgjaldatölum skólanna fyrir árið 1995, þ.e. skólaárið 1995/1996. Þó er fyrirséð að nemendum muni fjölga enn frekar næsta haust og er á fjárlagalið *319 Framhaldsskólar, almennt* fjárhæð til að mæta ófyrirséðum kostnaði, m.a. vegna nemendafjölgunar. Aðsókn að öldungadeildum er svipuð eða ívið meiri en gert var ráð fyrir í áætlun en ekki er áætlaður kostnaðarauki vegna þeirra. Rekstrarkostnaður hækkar einnig vegna samræmingar á fjárveitingum til einstakra skóla en nánar verður gerð grein fyrir því hér á eftir. Stofnkostnaður er svipaður og í fjárlögum þessa árs en áætlaður viðhaldskostnaður eykst verulega milli ára.

Fjárveiting til nokkurra skóla breytist allnokkuð frá fjárlögum. Við Fjölbrautaskóla Suðurlands er nú að nýju gert ráð fyrir fjárveitingu til reksturs fiskeldisbrautar en hún lá að mestu niðri á liðnu skólaári. Auk þess hækkar kostnaður talsvert vegna nemendafjölgunar og vegna rekstrar síðari áfanga skólahússins sem nú hefur verið tekið í notkun. Á móti lækkar fjárveiting til Fiskvinnsluskólans um rúm 40% frá fjárlögum. Starfandi er nefnd sem er ætlað að endurskoða sjávarútvegsnám í heild sinni, þ.m.t. starfsemi Fiskvinnsluskólans, og er því ekki gert ráð fyrir starfrækslu hans á vorönn 1995. Hins vegar er fjárveiting til rekstrar á haustönn á næsta ári og miðast hún við núverandi rekstur þar sem niðurstaða nefndarinnar liggur ekki enn fyrir. Aðra skóla er ekki ástæða til að tíunda sérstaklega þótt víða leiði aukning eða samdráttur til lítils háttar breytinga á fjárveitingum.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 var greint frá því að unnið sé að því að samræma útreikninga á fjölda kennslustunda í skólum og hefur nemendafjöldi eða umfang náms annars vegar og gerð skólastarfs hins vegar haft afgerandi áhrif á útreikninga á fjárveitingu til einstakra skóla. Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu var áður miðað við höfðatölu nemenda og áætlun því að mestu óháð umfangi námsins en nú er tekið meira tillit til þess í hve miklu námi nemendur eru, þ.e. hvort þeir eru skráðir í fullt nám eða ekki. Nemendur sem ekki eru í fullu námi vega þá hlutfallslega minna við ákvörðun fjárframlaga til einstakra skóla. Jafnframt er tekið aukið mið af samsetningu námsins, þ.e. hvert hlutfallið er milli dýrra og ódýrra námsáfanga. T.d. eru námsáfangar í verknámi mun dýrari en í hreinu

bóknámi. Skólunum hefur undanfarin ár verið úthlutað kennslustundum samkvæmt svonefndri gildistölu. Með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem lýst er hér að framan hefur gildistölum verið fjölgað og þær orðið nákvæmari. Lægstu gildistölu fá skólar sem eru eingöngu með bóknám en hæstu þeir skólar sem eru með hátt hlutfall verknáms. Einnig hefur verið unnið að samræmingu á framlögum til annarra starfa en kennslu, svo sem vegna skrifstofuþjónustu, bókavörslu og húsvörslu. Er þar bæði miðað við fjölda nemenda og einnig stærð og gerð húsnæðis. Verði fjöldi nemenda og námseininga annar en í áætlun er gert ráð fyrir að fjárveitingu til rekstrar verði breytt í samræmi við það. Að lokum hefur verið unnið að samræmingu á fé til tækjakaupa og er þá farið eftir stærð og eðli skóla. Við það hefur vægi verknámsskóla aukist og hefur fjárveiting til tækjakaupa hjá þeim skólum hækkað milli ára. Stefnt er að því að viðmið vegna fjárveitingaákvarðana verði útfærð í samvinnu við skólana og myndi að lokum heildstætt reiknilíkan. Heildarkostnaður vegna framangreindra breytinga er talinn vera um 10-20 m.kr. en ekki er alltaf hægt að tilgreina hvað er vegna breyttra viðmiðunarreglna og hvað vegna annarra breytinga í rekstri skóla. Þetta hefur einnig leitt til þess að innbyrðis breytingar hafa orðið á fjárveitingum til skóla þar sem sumir hafa lækkað en aðrir hækkað lítillega. Í töflu hér á eftir er borið saman nokkur ár aftur í tímann meðaltal nemenda á ársverk og meðalkostnað á ársverk, á verðlagi hvers árs, eftir mismunandi tegundum skóla.

	Nemendur á ársverk				Launakostnaður á ársverk, þús.kr.			
	1990	1991	1992	1993	1990	1991	1992	1993
Mennta- og fjölbrautaskólar	7,9	7,8	8,1	8,5	1.238	1.346	1.365	1.438
Iðnfræðsluskólar og sérskólar	5,7	6,1	6,3	6,3	1.237	1.356	1.377	1.420
Héraðsskólar	5,7	5,7	6,2	7,6	1.115	1.245	1.246	1.324
Samtals	**7,3**	**7,3**	**7,7**	**8,0**	**1.233**	**1.345**	**1.365**	**1.432**

*318 **Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*** Framlag er áætlað 716 m.kr. og hækkar um 71,5 m.kr. milli ára eða um rúm 11% frá fjárlögum 1994. Skipting á viðfangsefni er sem hér segir:

	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting %
Viðhald herma	9,0	9,0	-
Viðhald	85,0	158,0	86
Tæki og búnaður	9,0	9,0	-
Tölvubúnaður	10,0	10,0	-
Byggingarframkvæmdir	531,5	530,0	0
Samtals	**644,5**	**716,0**	**11**

Framlag til viðfangsefna þessa fjárlagaliðar er óbreytt eða svo til óbreytt ef frá er talið framlag til viðhalds en það hækkar um 73 m.kr. Viðhaldi hefur víða verið ábótavant á undanförnum árum og þarfnast mörg skólahús verulegra endurbóta. Til byggingarframkvæmda eru áætlaðar 530 m.kr. Af þessari fjárhæð skýrast um 430 m.kr. af bundnum greiðslusamningum ríkissjóðs við sveitarfélög um byggingu framhaldsskóla og 50 m.kr. vegna framkvæmda að Laugarvatni en fram undan eru verulegar endurbætur á skólamannvirkjum. Fjárveiting til annarra framkvæmda er því um 50 m.kr. Tillögur

menntamálaráðuneytis um ráðstöfun á óskiptu framlagi til byggingarframkvæmda, viðhalds og endurbóta verða lagðar fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga.

319 Framhaldsskólar, almennt. Framlag er 261,5 m.kr. og lækkar um 41 m.kr. frá fjárlögum ársins. Lækkun skýrist aðallega af óskiptu framlagi til framhaldsskóla og lækkar það um 55,6 m.kr. en við afgreiðslu fjárlaga 1994 var þessi liður hækkaður um 50 m.kr. vegna bókana við kjarasamninga kennara og skólastjóra á framhaldsskólastigi. Fjárhæðinni var dreift á einstaka skóla við gerð greiðsluáætlunar ársins 1994 og í áætlun fyrir árið 1995. Hækkar kennslukostnaður framhaldsskóla því sem þessu nemur. Framlag á viðfangsefninu *1.40 Framhaldsskólar, óskipt* er 29,9 m.kr. og er ætlað til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna frávika frá áætlun um nemendafjölda og vegna tilfærslu nemenda milli skóla. Á móti hækka viðfangsefnin *1.17 Námskrárgerð*, *1.18 Námsefnisgerð* og *1.19 Kennslueftirlit* alls um 9,4 m.kr.

440 - 441 Fullorðinsfræðsla. Framlag til fullorðinsfræðslu hækkar um rúm 9% borið saman við fjárlög ársins og skýrist eingöngu af tilflutningi. Í Safamýrarskóla og Hvammshlíðarskóla var nokkur kennsla vegna fullorðinsfræðslu fatlaðra og var áætlaður kostnaður vegna hennar flutt af þessum skólum yfir á fjárlagalið *441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra*. Annað breytist ekki.

601 - 610 Héraðsskólar. Heildarframlag til héraðsskóla er áætlað 76,1 m.kr. en það er tæplega 8% hærri fjárveiting en í fjárlögum þessa árs. Nokkrar innbyrðis breytingar eiga sér stað. Framlag til kennslu lækkar þar sem kennslukostnaður vegna grunnskólanemenda í héraðsskólum er nú færður á grunnskólalið viðkomandi fræðsluumdæmis. Á móti þessari lækkun hækkar framlag þar sem fallið er frá að innheimta sértekjur frá sveitarfélögum vegna nemenda í héraðsskólum sem eru á grunnskólastigi. Að lokum hækkar framlag til Héraðsskólans Reykholti en þar hefur nemendum fjölgað verulega og gerð og eðli skólans breyst. Hann er nú rekinn sem áfangaskóli og er eingöngu á framhaldsskólastigi. Aðrar breytingar á fjárveitingum eru til samræmis við breytingar á nemendafjölda.

Grunnskólar og sérskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710-719 Fræðsluskrifstofur; 720 Grunnskólar, almennt; 725 Námsgagnastofnun; 730 Skólabúðir að Reykjum; 750-758 Skólar fyrir fatlaða; 798 Einholtsskóli og 799 Heyrnleysingjaskólinn.

Nokkrar breytingar hafa orðið á þessum málefnaflokki sem miða að því að einangra þann kostnað sem tilheyrir grunnskólastiginu og færa hann allan á einn stað. Í því skyni er *Námsgagnastofnun* færð undir þennan málaflokk en var áður hluti af málefnaflokknum *Önnur fræðslumál*. Stofnunin þjónar eingöngu grunnskólastigi og er hluti af kostnaði ríkisins við rekstur grunnskóla. Nokkrar stofnanir sem fallið hafa undir fullorðinsfræðslu fatlaðra hafa verið hluti af grunnskólum þar sem þær urðu upphaflega til sem námstilboð fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga í skólum fyrir fatlaða nemendur á grunnskólastigi. Talið er eðlilegt að flokka þá með framhaldsskólum og flyst því fjárlagaliðurinn *Fullorðinsfræðsla fatlaðra* undir málefnaflokkinn *Framhaldsskólar og héraðsskólar*. Leiðrétt er fyrir framangreindum breytingum í samanburðartölum við fjárlög þessa árs og reikning 1993

þannig að tölur eru samanburðarhæfar. Að auki er nú áætlað fyrir grunnskólakennslu sem fram fer í héraðsskólum á viðkomandi fræðsluumdæmi þó að ekki verði breytingar á tilhögun kennslunnar.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar	4.415,4	4.221,9	4.455,2	6	1
Fræðsluskrifstofur	191,8	188,6	188,8	0	-2
Grunnskólar, almennt	85,1	239,1	227,6	-5	167
Námsgagnastofnun	228,3	228,2	234,2	3	3
Skólabúðir að Reykjum	14,6	11,4	11,5	1	-21
Skólar fyrir fatlaða og sérskólar	391,8	394,9	366,5	-7	-6
Samtals	**5.327,0**	**5.284,1**	**5.483,8**	**4**	**3**
Launagjöld	-	4.833,0	5.044,7	4	.
Önnur rekstrargjöld	-	333,9	358,0	7	.
Tilfærslur	-	154,2	120,0	-22	.
Sértekjur	-	-63,0	-62,4	-1	.
Stofnkostnaður og viðhald	-	26,0	23,5	-10	.
Samtals	-	**5.284,1**	**5.483,8**	**4**	**3**

Heildarkostnaður grunn- og sérskóla er áætlaður 5.483,8 m.kr. en þar af er launakostnaður áætlaður 5.044,7 m.kr. eða um 92% af heildarútgjöldum. Framlag hækkar alls um 199,7 m.kr. og skýrist nær eingöngu af hækkun kennsluliðar á fræðsluumdæmunum og er það skýrt nánar hér á eftir. Rekstur fræðsluskrifstofa er óbreyttur milli ára en framlag til viðhalds lækkar um 1 m.kr. og verður 2,5 m.kr. Framlag til rekstrar *Námsgagnastofnunar* er svo til óbreytt milli ára en við bætist nýr viðhaldsliður vegna Brautarholts 6 sem er sameign margra stofnana og fyrirtækja. Fjárveitingin er ætluð til lagfæringa vegna leka og er þetta hlutur Námsgagnastofnunar í viðgerðarkostnaði. Að lokum lækkar framlag til skóla fyrir fatlaða, aðallega vegna lækkunar á endurgreiðslum til sveitarfélaga vegna dagvistar fatlaðra forskólabarna.

Með lögum nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, var m.a. ákvæðum um lágmark vikulegs kennslutíma frestað skólaárið 1994-1995 en gert ráð fyrir að kennslutími sé ákveðinn í reglugerð. Skólaárið 1995/1996 er stefnt að því að viðmiðunarstundum fjölgi um sex og hefur þeim þá fjölgað um 12 á þessu og næsta skólaári. Í grunnskólalögum er við það miðað að hámarksfjöldi nemenda í 1. bekk sé 18, 22 nemendur í 2. og 3. bekk og 28 í öðrum bekkjum. Með ákvæðum framangreindra laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að hámarksfjöldi nema í 1. bekk sé 22 og 28 í 3. bekk. Aðrir bekkir eru óbreyttir. Ennfremur var heimildarákvæði, um að fjölga um allt að tvo nemendur í bekk, framlengt út skólaárið 1994-1995. Gert er ráð fyrir sömu tilhögun náms skólaárið 1995-1996.

Á þessu þingi er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til laga um grunnskóla. Í því felast ýmsar nýjungar og breytingar á skólastarfi en veigamesta breytingin sem lögð verður til í frumvarpinu er tilflutningur á rekstri grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga haustið 1995. Framsetning í fjárlagafrumvarpi miðast hins vegar við óbreyttan þátt ríkisins í rekstri grunnskóla en það verður tekið til endurskoðunar þegar séð verður hvort þessi áform ná fram að ganga og þá með hvaða hætti verður staðið að tilflutningnum.

222, 700-708 Grunnskólar. Framlag til fræðsluumdæmanna hækkar alls um 233,3 m.kr. og er skýringin tvíþætt, nemendafjölgun og fjölgun viðmiðunarstunda. Nemendum fjölgar alls um 700 og eru nú tæplega 42.000 talsins. Um 100 nemendur af þessum 700 eru grunnskólanemendur í héraðsskólum og er því ekki raunveruleg fjölgun milli ára, en hefur áhrif til hækkunar útgjalda fræðsluumdæmanna. Eins og áður segir er nú áætlað fyrir þessum nemendum í viðkomandi fræðsluumdæmi en ekki við héraðsskólana. Nemendum fjölgar lang mest í Reykjavík og á Reykjanesi en einnig verulega á Suðurlandi. Áætlun miðast við bekkjardeildir en ekki nemendur og getur því óveruleg nemendafjölgun haft mikil áhrif á kennslukostnað ef nauðsynlegt reynist að skipta bekk í tvennt vegna viðmiðunarfjölda í bekk. Áætlað er að bekkjardeildum muni fjölga um rúmlega 60. Í annan stað fjölgar viðmiðunarstundum um sex á fjárlagaliðum fræðsluumdæmanna. Í fjárlögum er fjárveiting á safnlið grunnskóla til að fjölga stundum og miðast sú fjárveiting við hálft árið 1994. Henni er nú í upphafi skólaárs 1994/1995 dreift á fræðsluumdæmin og miðast við heilt skólaár. Skýrir það um 60 m.kr. af hækkun kennsluliðar. Á safnlið grunnskóla *720 Grunnskólar, almennt* er nú fjárveiting til að fjölga stundum um sex til viðbótar og miðast hún við hálft ár, þ.e. haustönn 1995. Á móti framangreindum hækkunum er gert ráð fyrir að ná fram hagræðingu sem nemur tæpu 1% af rekstri eða um 40 m.kr. Fyllsta aðhalds verður gætt á öllum sviðum og tekið strangar á öllum viðmiðunarreglum.

Fræðsluumdæmin	Framlag á nemanda þús.kr.		Kennslustundir á nemanda		Meðalfjöldi nemanda í bekk	
	1994	1995	1994	1995	1994	1995
Reykjavík	93,41	97,41	1,44	1,48	21,8	21,6
Reykjanes	91,44	95,20	1,46	1,52	21,6	21,0
Vesturland	109,30	115,66	1,81	1,90	17,3	16,7
Vestfirðir	119,38	121,87	2,04	2,08	15,5	16,0
Norðurland vestra	121,05	126,31	2,01	2,07	15,7	15,4
Norðurland eystra	108,22	112,80	1,73	1,80	18,3	17,9
Austurland	123,84	125,06	2,07	2,07	15,7	15,7
Suðurland	113,24	115,53	1,82	1,86	17,2	17,1
Öll umdæmi	**101,13**	**104,93**	**1,62**	**1,67**	**19,5**	**19,2**

Hér að ofan er sýndur samanburður á fjárveitingu á nemanda fyrir hvert fræðsluumdæmi á verðlagi hvers árs, fjöldi vikulegra kennslustunda í almennri kennslu á nemanda og meðalfjöldi nemenda í bekk. Næsta tafla sýnir fjölda nemenda á ársverk í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig og kostnaður á ársverk fyrir árin 1990-1993, á verðlagi hvers árs.

Fræðsluumdæmin	Nemendur á ársverk				Kennslukostnaður á ársverk, þús.kr.			
	1990	1991	1992	1993	1990	1991	1992	1993
Reykjavík	12,5	12,4	12,4	12,4	1.168	1.270	1.299	1.310
Reykjanes	14,8	13,8	13,7	13,6	1.152	1.248	1.279	1.292
Vesturland	11,0	10,5	10,8	11,3	1.135	1.234	1.260	1.268
Vestfirðir	10,8	10,4	10,0	9,7	1.085	1.180	1.215	1.229
Norðurland vestra	10,3	10,2	10,2	10,3	1.138	1.226	1.250	1.267
Norðurland eystra	11,5	11,4	11,2	11,4	1.130	1.229	1.265	1.275
Austurland	10,1	9,8	9,8	10,1	1.115	1.212	1.246	1.273
Suðurland	11,2	11,0	11,2	11,0	1.138	1.232	1.257	1.274
Öll umdæmi	**12,3**	**12,0**	**11,9**	**12,0**	**1.145**	**1.243**	**1.273**	**1.287**

720 ***Grunnskólar, almennt.*** Framlag er áætlað 227,6 m.kr. og lækkar um 11,5 m.kr. Helstu breytingar eru þær að *kennsla á sjúkrastofnunum og Kvennaathvarfi* hækkar um 1,5 m.kr. til samræmis við raunkostnað. Framlag til *kennslu í norsku og sænsku* lækkar um tæp 60% en sú breyting er gerð að nú er einungis áætlað fyrir kostnaði við námsstjórn en ekki kennslukostnaði. Gert er ráð fyrir að einstök fræðsluumdæmi beri kostnað af þessari kennslu. *Höfundagreiðslur skv. gerðardómi* hækka til samræmis við samning sem gerður hefur verið um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum. Framlag til *starfsmenntunar* lækkar um þriðjung þar sem dregið er úr framboði starfsleiknináms kennara. Áætlaður kostnaður vegna *námsráðgjafar í grunnskólum* hækkar um tæp 20% vegna fjölgunar námsráðgjafa. Framlög til *leiðsagnar nýliða* lækkar og tekur mið af raunkostnaði. Að lokum lækkar óskipt fjárveiting til grunnskóla um 5,7 m.kr. og verður 26,3 m.kr. en þessari fjárveitingu er ætlað að mæta auknum kostnaði vegna nemendafjölgunar, breytinga á samsetningu bekkja og öðrum ófyrirséðum kostnaði. Aðrir liðir breytast óverulega.

750 - 799 ***Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar fyrir börn og unglinga.*** Heildarframlag lækkar um 28,4 m.kr. frá fjárlögum ársins og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skólar fyrir fatlaða	118,0	135,5	118,5	-13	0
Öskjuhlíðarskóli	110,0	106,0	106,6	1	-3
Safamýrarskóli	61,5	56,2	59,7	6	-3
Dalbrautarskóli	18,6	14,8	15,6	5	-16
Hvammshlíðarskóli	30,9	31,8	18,7	-41	-39
Einholtsskóli	14,5	14,5	15,1	4	4
Heyrnleysingjaskólinn	38,3	36,1	32,3	-11	-16
Samtals	**391,8**	**394,9**	**366,5**	**-7**	**-6**

Eins og greint er frá hér að framan er fjárlagaliðurinn *756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra* fluttur undir framhaldsskóla en tölur úr reikningi 1993 og fjárlögum 1994 hafa verið aðlagaðar að þessari breytingu. Einnig var nokkurt kennslumagn til fullorðinsfræðslu í Safamýrarskóla og Hvammshlíðarskóla nú fært á þennan fjárlagalið. Á móti þessari lækkun er kennsla aukin í Safamýrarskóla þannig að framlag til hans hækkar lítillega. Framlag til fjárlagaliðarins *750 Skólar fyrir fatlaða* lækkar um 17 m.kr. en tæplega 15 m.kr. af þeirri fjárhæð skýrist af áætlaðri lækkun endurgreiðslna til sveitarfélaga vegna dagvistar fyrir fatlaða forskólanemendur. Gert er ráð fyrir að herða eftirlit með framkvæmd greiðslna og greiða eingöngu fyrir þá nemendur sem falla undir lög um málefni fatlaðra. Einnig lækkar framlag til viðhalds og tækjakaupa. Á móti er nokkur hækkun til sérdeildar fyrir einhverf börn vegna fjölgunar einhverfra nemenda. Fjárveiting til *Heyrnleysingjaskólans* lækkar þar sem leikskóladeild skólans færist nú til dagvistar barna í Reykjavík.

Námsaðstoð

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði. Framlag til *Jöfnunar á námskostnaði* er svo til óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1994. Fjallað er um *Lánasjóð íslenskra námsmanna* í athugasemdum um B-hluta fjárlaga í 7. kafla.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 902-909 Ýmis söfn; 919 Söfn, ýmis framlög; 972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands og 977 Þjóðarbókhlaða.

Heildarframlag er 1.187,4 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landsbókasafn Íslands	62,4	53,7	-	.	.
Þjóðminjasafn Íslands	147,9	164,2	136,5	-17	-8
Þjóðskjalasafn Íslands	56,0	77,8	68,4	-12	22
Safnahúsið við Hverfisgötu	9,2	8,1	4,5	-44	-51
Landsbókasafn Ísl. - Háskólabókasafn	-	-	160,8	.	.
Listasafn Einars Jónssonar	6,1	7,4	7,0	-5	15
Listasafn Íslands	58,1	63,6	71,5	12	23
Kvikmyndasafn Íslands	6,1	-	-	.	.
Blindrabókasafn Íslands	32,2	27,5	27,3	-1	-15
Söfn, ýmis framlög	35,7	19,9	12,0	-40	-66
Ísl. dansflokkurinn og Listdansskólinn	64,4	52,1	51,4	-1	-20
Þjóðleikhús	340,2	307,0	306,0	-0	-10
Sinfóníuhljómsveit Íslands	102,0	101,0	102,0	1	-
Þjóðarbókhlaða	373,6	340,0	240,0	-29	-36
Samtals	**1.293,9**	**1.222,3**	**1.187,4**	**-3**	**-8**

Rekstrargjöld, þar með taldar neyslu- og rekstrartilfærslur, eru áætluð 789,4 m.kr. og hækka um 64 m.kr. Hækkun skýrist af því að rekstur Háskólabókasafns færist nú á nýjan fjárlagalið, *902 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn*, en var áður færður undir Háskóla Íslands. Þar færist einnig fjárveiting sem áður var færð á fjárlagalið *901 Landsbókasafn Íslands* en sá liður fellur nú niður. Framlag til reksturs Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar Íslands breytist lítils háttar en gerð er grein fyrir þessum stofnunum í umfjöllun um B-hluta fjárlaga í 7. kafla. Aðrir fjárlagaliðir breytast óverulega. Í fjárlögum 1994 er fjárveiting til Kvikmyndasafns færð á fjárlagalið Kvikmyndasjóðs en í reikningi fyrir árið 1993 birtast rekstrartölur safnsins á sér fjárlagalið.

Heildarframlag til stofnkostnaðar og viðhalds er áætlað 398 m.kr. og lækkar um 98,9 m.kr. samanborið við fjárlög yfirstandandi árs. Þar munar mestu um lækkun framlags til Þjóðarbókhlöðu en framlag til Þjóðminjasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands lækkar einnig. Gert er ráð fyrir að þegar framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu lýkur á árinu 1995 verði gert átak í viðhaldi og endurbótum ýmissa menningarbygginga. Á móti hækkar framlag til Listasafn Íslands og að auki er hækkun vegna hins nýja safns, *Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn*.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Heildarframlag til safnsins er áætlað 136,5 m.kr. samanborið við 164,2 m.kr. en lækkun er aðallega að rekja til viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitinga. Rekstrarframlag er 85,5 m.kr. og lækkar lítillega milli ára. Fjárveiting til *verndunar gamalla húsa* lækkar úr 30 m.kr. í 15 m.kr. Í fjárlögum 1994 eru 10 m.kr. ætlaðar til að ljúka endurbótum á Húsinu á Eyrarbakka og fellur sú fjárveiting nú niður. Liðurinn lækkar að auki um 5 m.kr. Framlag til *Nesstofu* lækkar um 5 m.kr. og verður 5 m.kr. Um er að ræða mótframlag ríkisins vegna uppbyggingar lækningaminjasafns

sem að stórum hluta er fjármagnað af arfsfé. Að lokum lækkar fjárveiting til endurbóta á *húseigninni við Suðurgötu* um 11 m.kr. og verður 19 m.kr. Á næsta ári verður utanhússviðgerðum lokið að mestu og undirbúið átak í endurbyggingu og viðhaldi innanhúss. Á móti þessum lækkunum hækkar framlag til viðfangsefnisins *6.10 Byggða- og minjasöfn* um 4,3 m.kr. og verður 10 m.kr. en þar er um að ræða tilflutning á fjárveitingu til Safnastofnunar Austurlands frá fjárlagalið *919 Söfn, ýmis framlög.*

904 Safnahúsið við Hverfisgötu. Framlag er áætlað 4,5 m.kr. og lækkar um rúm 44% en með flutningi Landsbókasafns í Þjóðarbókhlöðu mun draga verulega úr rekstrarkostnaði, svo sem ræstingakostnaði. Fjárveiting er ætluð til lágmarksrekstrar hússins.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Þetta er nýr fjárlagaliður en safnið er stofnað með lögum nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, og er sjálfstæð háskólastofnun. Samkvæmt lögunum er safnið þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Heildarframlag til safnsins verður 160,8 m.kr. en þar af eru 117,8 m.kr. ætlaðar til reksturs og 43 m.kr. til bókakaupa o.fl. Á móti fellur niður fjárveiting til *Háskólabókasafns* undir Háskóla Íslands að fjárhæð 62,8 m.kr. og fjárlagaliðurinn *901 Landsbókasafn* fellur niður en framlag í fjárlögum 1994 er 53,7 m.kr. Hækkun frá fjárlögum 1994 til þessa nýja safns er því 44,3 m.kr. en með flutningi safnanna í Þjóðarbókhlöðuhúsið eykst rekstrarkostnaður verulega. Til að mæta þessari hækkun munu 40 m.kr. af tekjum Endurbótasjóðs menningarstofnana renna til rekstrar safnsins á næsta ári en nánar er fjallað um sjóðinn undir fjárlagalið *977 Þjóðarbókhlaða.*

907 Listasafn Íslands. Rekstrarframlag er nær óbreytt milli ára og er áætlað 41,5 m.kr. Viðhalds- og stofnkostnaður verður 30 m.kr. og hækkar um 8 m.kr. samanborið við fjárlög yfirstandandi árs. Viðfangsefnið *6.20 Fríkirkjuvegur 7* hækkar um 7 m.kr. og verður 12 m.kr. en ráðist verður í að setja nýtt glerþak í tengibyggingu hússins. Fjárveiting til endurbóta á Landshöfðingjahúsinu við Skálholtsstíg verður 5 m.kr. Listasafn hefur húsið til afnota en það var áður nýtt af Menningarsjóði fram til ársloka 1992. Húsið var í slæmu ásigkomulagi og hafa þegar verið veittar 12 m.kr. til viðhalds og endurbóta á því. Önnur viðfangsefni safnsins eru óbreytt frá fjárlögum 1994.

919 Söfn, ýmis framlög. Heildarframlag er áætlað 12 m.kr. og lækkar um 7,9 m.kr. milli ára. Lækkun skýrist að hluta til af tilflutningi en fjárveiting til Safnastofnunar Austurlands sem færð var á viðfangsefnið *6.90 Söfn, stofnkostnaður* verður nú hluti af fjárveitingu til stofnkostnaðar byggða- og minjasafna sem er færð undir Þjóðminjasafn Íslands. Viðfangsefnið *6.90 Söfn, stofnkostnaður* fellur þá niður. Sama er að segja um viðfangsefnin *1.30 Sögusafn alþýðu* og *1.31 Kvennasögusafn* en framlag til þessara safna verður hluti af óskiptri fjárveitingu viðfangsefnisins *1.90 Söfn, ýmis framlög.*

977 Þjóðarbókhlaða. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal fram til aldamóta lagður á sérstakur eignarskattur sem á að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Á árinu 1995 eru áætlaðar tekjur af þessum skatti um 370 m.kr. og er það ráðstöfunarfé sjóðsins. Af þeirri fjárhæð eru 240 m.kr. færðar á fjárlagalið Þjóðarbókhlöðu en 90 m.kr. munu renna til annarra bygginga sem

falla undir skilgreiningu laganna. Sú fjárhæð sundurliðast sem hér segir: Endurbætur á húseign Þjóðminjasafns við Suðurgötu 19 m.kr., Nesstofa 5 m.kr., verndun gamalla húsa 15 m.kr., Þjóðskjalasafn 19 m.kr., Þjóðleikhús 10 m.kr., Listasafn Íslands, Skálholtsstígur 5 m.kr., Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegur 12 m.kr. og gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu 5 m.kr. Eftir standa 40 m.kr. af ráðstöfunarfé sjóðsins og verður leitað heimilda í lögum til að það fari til rekstrar Landsbókasafns Íslands, Háskólabókasafns á fyrsta rekstrarári safnsins í Þjóðarbókhlöðu.

Framkvæmdir við Þjóðarbókhlöðu eru á lokastigi og verður húsið tekið formlega í notkun 1. desember 1994. Af þeim 240 m.kr. sem færðar eru á fjárlagalið Þjóðarbókhlöðunnar eru 200 m.kr. til greiðslu á kostnaði sem fellur til á þessu ári og 40 m.kr. vegna kostnaðar sem fellur til á næsta ári.

Sérstakur eignarskattur til byggingar Þjóðarbókhlöðu var fyrst lagður á með lögum nr. 46/1986 en þeim var svo breytt með lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga. Tekjustofninn er sá sami og í fyrri lögum en heimildir til ráðstöfunar á skattinum voru rýmkaðar. Frá árinu 1987 hafa tekjur ríkissjóðs af þessum skatti verið um 2.500 m.kr. Af fjárhæðinni hafa um 1.600 m.kr. runnið til byggingar Þjóðarbókhlöðu en um 900 m.kr. til endurbóta á húsakosti menningarstofnana og bygginga í eigu ríkisins sem falla undir lögin. Þar er aðallega um að ræða Þjóðleikhús og Bessastaði. Meðtaldar eru áætlaðar tekjur af skattinum og fjárveiting til Þjóðarbókhlöðu í fjárlögum 1994 og frumvarpi til fjárlaga 1995. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs. Á árinu 1996 verður byggingu Þjóðarbókhlöðu væntanlega lokið en lögin kveða á um að sérstakur eignarskattur skuli lagður á til aldamóta. Á næsta ári verða gerðar tillögur um viðhald og endurbætur ýmissa menningarbygginga og forgangsröðun verka þannig að fyrir liggi áætlun um ráðstöfun eignarskattsins fram til aldamóta. Miðað við áætlun um tekjur af þessum skatti fyrir næsta ár má ætla að um 1.850 m.kr. verði til ráðstöfunar fram til aldamóta en þörfin fyrir endurbætur er víða mjög brýn.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsfriðunarsjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 985 Alþjóðleg samskipti; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Nokkrar breytingar verða á skipan þessa málefnaflokks. Fjárlagaliðurinn *430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra* taldist áður til málefnaflokksins *Önnur fræðslumál* sem nú er felldur niður. Tölur í reikningi fyrir árið 1993 og fjárlögum 1994 eru aðlagaðar þessari breytingu. Fjárlagaliðirnir *980 Listskreytingasjóður* og *997 Uppgjör við sveitarfélög* eru felldir niður en nánar verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Framlag til rekstrar og styrkja er áætlað 660,8 m.kr. og hækkar um 13,1 m.kr. eða um 2% en innbyrðis breytingar milli liða eru nokkrar. Þyngst vegur hækkun framlags til alþjóðlegra samskipta en einnig hækkar fjárveiting til listasjóða og til norrænnar samvinnu nokkuð. Á móti lækkar framlag til Kvikmyndasjóðs og ýmissa íþróttamála.

Heildarframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar er áætlað 25,5 m.kr. samanborið við 361,5 m.kr. í fjárlögum 1994. Mikil lækkun milli ára skýrist að mestu af uppgjöri við sveitarfélög. Því er nú lokið og fellur fjárveiting niður en hún er 330 m.kr. í fjárlögum ársins.

Einnig fellur framlag til Listskreytingasjóðs niður. Á móti hækkar framlag til æskulýðsmála og fjárlagaliðarins *999 Ýmislegt.*

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	12,3	9,0	12,8	42	4
Kvikmyndaeftirlit ríkisins	3,6	1,6	1,6	0	-56
Menningarsjóður	2,1	9,0	11,5	28	448
Listasjóðir	-	107,5	116,3	8	.
Húsfriðunarsjóður	21,0	10,5	10,5	0	-50
Listskreytingasjóður	12,2	12,0	-	.	.
Kvikmyndasjóður	108,1	101,0	80,1	-21	-26
Listir, framlög	283,6	185,4	180,5	-3	-36
Ýmis fræðistörf	26,0	19,0	14,0	-26	-46
Norræn samvinna	5,9	7,0	12,0	71	103
Alþjóðleg samskipti	43,7	87,0	126,0	45	188
Æskulýðsmál	29,9	30,5	31,0	2	4
Ýmis íþróttamál	77,6	77,0	63,0	-18	-19
Uppgjör við sveitarfélög	396,4	330,0	-	.	.
Ýmislegt	27,5	22,7	27,0	19	-2
Samtals	**1.049,9**	**1.009,2**	**686,3**	**-32**	**-35**

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Fjárlagaliður þessi var áður færður undir málefnaflokkinn *Önnur fræðslumál.* Framlag er 12,8 m.kr. og hækkar um 3,8 m.kr. milli ára. Hækkun er aðallega vegna *náms táknmálstúlka* sem hækkar um 2,4 m.kr. Þetta er nýtt viðfangsefni í fjárlögum 1994 og miðast fjárveiting við hálft ár en hækkar nú sem nemur kostnaði við hálfsárs rekstur.

976 Menningarsjóður. Framlag er 11,5 m.kr. samanborið við 9 m.kr. á þessu ári. Tekjustofn sjóðsins er gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum auk fjárveitingar sem veitt er í fjárlögum hverju sinni. Áætlaðar markaðar tekjur sjóðsins eru 9,5 m.kr. á næsta ári.

978 Listasjóðir. Fjárveiting hækkar um 8,8 m.kr. og verður 116,3 m.kr. Í lögum nr. 35/1991, um listamannalaun, er kveðið á um að almenn listamannalaun skuli veitt úr fjórum sjóðum: Launasjóði rithöfunda, launasjóði myndlistarmanna, tónskáldasjóði og listasjóði. Við gildistöku laganna voru samanlögð starfslaun miðuð við 900 mánaðarlaun en samkvæmt ákvæðum laganna skulu bætast við 60 mánaðarlaun á ári næstu 5 árin. Hækkun fjárveitingar stafar því af viðbót sem nemur 60 mánaðarlaunum. Miðað við forsendur laganna mun framlag til listasjóðanna ná jafnvægi í fjárlögum 1997.

980 Listskreytingasjóður. Ekki er gert ráð fyrir fjárframlagi til sjóðsins á árinu 1995 en framlag til sjóðsins var 12 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs. Allt frá því að lögin um Listskreytingasjóð voru sett hafa fjárveitingar til sjóðsins verið skertar. Menntamálaráðuneyti vinnur nú að endurskoðun laga um Listskreytingasjóð. Skipaður verður starfshópur er hafi það verkefni að kanna með hvaða hætti unnt er að tryggja að tiltekið hlutfall kostnaðar við opinberar byggingar renni til listskreytinga.

981 Kvikmyndasjóður. Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur sjóðsins söluskattur, nú virðisaukaskattur, af seldum miðum kvikmyndahúsa. Markaðar tekjur eru áætlaðar 121 m.kr. en þrátt fyrir ákvæði laga er lagt til að framlagið verði 80,1 m.kr.

982 Listir, framlög. Framlag verður 180,5 m.kr. en er 185,4 í fjárlögum ársins og er lækkun milli ára vegna *listahátíðar í Reykjavík*. Framlag til hátíðarinnar lækkar um 9,5 m.kr. og verður 5,5 m.kr. þar sem listahátíð var haldin á þessu ári. Framlag til *Menningarsjóðs félagsheimila* lækkar og verður 6,8 m.kr. vegna lækkunar markaðra tekna sjóðsins en þær eru 10% af skemmtanaskatti. Óskipt framlag hækkar um 3 m.kr. og verður 42,7 m.kr. en aðrir liðir breytast óverulega.

983 Ýmis fræðistörf. Áætluð fjárveiting er 14 m.kr. og lækkar um 5 m.kr. borið saman við fjárlög yfirstandandi árs. Lækkun er vegna fransk-íslenskrar orðabókar en gerð hennar er að ljúka.

984 Norræn samvinna. Framlag til norrænnar samvinnu hækkar um 5 m.kr. og verður 12 m.kr. en hækkun er vegna norrænnar menningarhátíðar á næsta ári.

985 Alþjóðleg samskipti. Framlag hækkar um 39 m.kr. og verður 126 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir að af fjárlagalið *481-6.90 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi* undir fjármálaráðuneyti renni samtals um 30 m.kr. til alþjóðlegra samskipta af fjárveitingu þessa og næsta árs. Alls munu því verða 156 m.kr. til ráðstöfunar til alþjóðlegra samskipta á árinu 1995. Fé þessu er að mestu leyti varið til samstarfs við Evrópusambandið á sviði vísinda, menntunar og menningar og er þar um að ræða aðildargjöld, stjórnunar- og ferðakostnað, þýðingar- og útgáfukostnað o.fl. Einnig er kostnaður vegna vísinda- og menntamálafulltrúa í Brussel færður á þennan lið. Loks eru áætluð útgjöld vegna annars alþjóðlegs samstarfs, svo sem UNESCO og ýmis vísinda- og menningarsamskipti, færð á þennan fjárlagalið.

989 Ýmis íþróttamál. Heildarframlag er áætlað 63 m.kr. og lækkar um 14 m.kr. samanborið við fjárlög ársins. Fjárveiting til íþróttafélaga að fjárhæð 14,5 m.kr. er felld niður. Fjárveiting þessi hefur verið nýtt til að styrkja framkvæmdir á vegum íþróttafélaga. Með breyttri verkaskiptingu á árinu 1990 tóku sveitarfélög að sér byggingu íþróttamannvirkja og stuðning við framkvæmdir á vegum íþróttafélaga. Viðfangsefnið *1.22 Launasjóður stórmeistara í skák* hækkar um 0,5 m.kr. og verður 6,5 m.kr. en áætlun miðast við fimm stórmeistara. Aðrir liðir breytast ekki.

997 Uppgjör við sveitarfélög. Í lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, segir um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga að fara skuli eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990-1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili. Greiðslur urðu verulega umfram upphaflega áætlun og var því ákveðið að skipta eftirstöðvum á árin 1993 og 1994. Uppgjörinu lýkur á þessu ári og fellur þessi fjárlagaliður því niður á næsta ári. Í eftirfarandi töflu eru sýndar greiðslur ríkissjóðs á árunum 1990-1994 á verðlagi hvers árs. Til samanburðar eru fjárhæðirnar sýndar á verðlagi fjárlaga 1994 og eru þær uppfærðar með verðvísitölu vergrar landsframleiðslu. Fjárhæð fyrir árið 1994 er áætluð en uppgjöri er ekki að fullu lokið.

	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Verðlag hvers árs	301,7	387,2	397,4	396,4	337,0	**1.819,7**
Verðlag fjárlaga 1994	350,6	418,2	413,7	402,7	337,0	**1.922,2**

999 Ýmislegt. Heildarframlag hækkar um 6,3 m.kr. og verður 27 m.kr. Við bætast tvö ný viðfangsefni, *1.43 Skriðuklaustur* og *6.92 Langabúð, styrkur*. Fjárveiting til Skriðuklausturs hefur verið færð á tvö ráðuneyti, menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti. Umsýsla húseignarinnar færist nú alfarið til menntamálaráðuneytis. Framlag sem er 2 m.kr. er fært á sér viðfangsefni en var áður hluti af óskiptu framlagi undir þessum fjárlagalið. Styrkur til Löngubúðar er nýtt viðfangsefni en menntamálaráðuneytið og sveitarstjórn Djúpavogshrepps hafa gert með sér samning um fjárframlög vegna uppbyggingar Listasafns Ríkharðs Jónssonar í Löngubúð á Djúpavogi. Alls er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið veiti styrk að fjárhæð 14 m.kr. og dreifist hann á næstu fjögur ár. Framlag, 3,5 m.kr., er fyrsta greiðsla. Framlag til gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu hækkar um 1,5 m.kr. og verður 5,5 m.kr. Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur fengið húsið til afnota en menntamálaráðuneytið mun standa straum af viðgerð hússins. Húsið hefur staðið nánast autt í nokkur ár og viðhald þess er brýnt. Viðfangsefnið *1.63 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* hækkar um 0,6 m.kr. og verður 4,5 m.kr. Að lokum lækkar óskipt framlag á þessum fjárlagalið um 3,3 m.kr. og verður 11,5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld utanríkisráðuneytisins breytast sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	345,1	328,5	362,1	10	5
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	168,7	135,1	138,0	2	-18
Sendiráð og fastanefndir	478,6	488,6	635,3	30	33
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	526,2	622,8	607,0	-3	15
Samtals	**1.518,6**	**1.575,0**	**1.742,4**	**11**	**15**
Rekstrarkostnaður	958,8	914,2	1.010,0	10	5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	535,7	632,9	618,3	-2	15
Stofnkostnaður og viðhald	24,1	27,9	114,1	309	373
Samtals	**1.518,6**	**1.575,0**	**1.742,4**	**11**	**15**

Framlög til utanríkisráðuneytis samkvæmt frumvarpi þessu nema alls 1.742 m.kr. sem er 11% hækkun milli ára. Þar ræður mestu að gert er ráð fyrir að sendiráð verði sett á stofn í Peking, keyptur verði hlutur í lóð undir sendiráðsbyggingu í Berlín, aðalskrifstofa ráðuneytisins flytjist í nýtt húsnæði og haldin verði ráðstefna ræðismanna Íslands hér á landi á næsta ári.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun útgjalda hjá utanríkisráðuneyti árin 1991 til frumvarps 1995. Tölur eru færðar til áætlaðs verðlags 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Ráðuneyti	454	435	360	328	362
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	237	185	176	136	138
Sendiráð og fastanefndir	415	447	500	492	635
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	485	395	549	629	607
Samtals	**1.591**	**1.462**	**1.585**	**1.585**	**1.742**
Rekstrarkostnaður	1.050	1.021	1.001	920	1.010
Neyslu- og rekstrartilfærslur	518	407	559	637	618
Stofnkostnaður og viðhald	23	34	25	28	114
Samtals	**1.591**	**1.462**	**1.585**	**1.585**	**1.742**

Tafla þessi ber með sér að útgjöld ráðuneytisins hafa verið nokkuð stöðug á tímabilinu 1991-1994. Talsverðar sveiflur í neyslu- og rekstrartilfærslum skýrast af útgjöldum til þróunarmála og alþjóðastofnana. Rekstrarkostnaður lækkar talsvert á árinu 1994 en hækkar aftur 1995 með tilkomu nýrra verkefna, svo sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir. Einnig hækkar stofnkostnaður mikið á næsta ári vegna fyrirhugaðra kaupa á sendiráðslóð í Berlín. Fjöldi ársverka hefur lítið breyst frá 1992. Nokkur fjölgun ársverka er áætluð í utanríkisráðuneytinu á árinu 1995, m.a. á yfirstjórn ráðuneytisins, viðskiptaskrifstofu og í sendiráðum, þ. á m. með tilkomu sendiráðs í Peking. Á móti fækkar störfum hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli.

Ráðuneyti

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 101 Aðalskrifstofa; 102 Varnarmálaskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé ráðherra. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 362 m.kr. og hækkar um 10% milli ára.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 34 m.kr. í 321 m.kr. eða nær 12%. Að hluta til stafar þessi hækkun af því að 20 m.kr. er varið til ráðstefnu ræðismanna á næsta ári, en ætlunin er að halda ráðstefnu sem öllum kjörræðismönnum Íslands erlendis verður boðið til. Þá hækkar framlag til *1 01 Yfirstjórnar* um 15 m.kr. sem að hluta stafar af því að ráðgert er að flytja í nýtt húsnæði á næsta ári og hlýst talsverður kostnaður þar af, m.a. við skipulag skjalasafns, tölvubúnað, fjarskiptakerfi og öryggisgæslu. Aukið framlag á liðnum *1 21 Alþjóðaráðstefnur* skýrist einkum af þátttöku í úthafsveiðiráðstefnu svo og auknu samstarfi við Evrópusambandið (ESB), Evrópuráðið og ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Fjárveiting til *1 50 Viðskiptaskrifstofu* hækkar um 2,4 m.kr., m.a. vegna þess að með brotthvarfi landa úr EFTA tekur skrifstofan við hlutverki sem áður var gegnt í samvinnu við önnur EFTA- lönd, bæði í samskiptum við ESB og GATT. Þá er áformuð rúmlega 3 m.kr. lækkun á framlagi til *1 53 Þýðingamiðstöðvar* þar sem dregið hefur úr verkefnum hennar. Lokið er að mestu þýðingum á þeim gerðum sem fylgdu í kjölfar EES-samningsins, þótt allmargir textar kunni að bætast við á ári komanda. Með því að önnur EFTA-ríki kunna væntanlega að ganga í ESB um næstu áramót mun starfsemi í þýðingamiðstöð EFTA falla niður og verkefni miðstöðvarinnar að nokkru leyti flytjast hingað heim.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Framlög til embættisins úr ríkissjóði hafa lækkað verulega á undanförnum árum. Á næsta ári er lagt til að heildarfjárveiting til embættisins nemi 138 m.kr. Nokkur samdráttur hefur orðið í starfsemi embættisins á yfirstandandi ári. Ekki hefur verið endurráðið í tvö störf sem losnuðu á þessu ári.

Sendiráð og fastanefndir

Undir þennan málefnaflokk heyra öll sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 147 m.kr. í 635 m.kr., og er það 30% hækkun. Stafar hún fyrst og fremst af tvennu, sem áður getur, þ.e. að ákveðið hefur verið að setja á stofn sendiráð Íslands í Peking og ennfremur að keyptur verði hlutur í lóð undir sendiráðsbyggingu í Berlín, sem Norðurlandaþjóðirnar hyggjast standa að í sameiningu.

Snemma á þessu ári ákvað ríkisstjórnin að sett verði á stofn fyrsta sendiráð Íslands í Asíu og var því valinn staður í Peking. Skipað hefur verið í stöðu sendiherra frá næstu áramótum. Þegar hafa verið lögð drög að aðstöðu fyrir skrifstofu sendiráðsins í samráði við stjórnvöld Alþýðulýðveldisins Kína og verður gengið frá þeim málum fyrir áramót. Ætlunin er að sendiherra hafi sér til aðstoðar í sendiráðinu tvo þarlenda starfsmenn. Lagt er til að fjárveiting til sendiráðsins nemi 26,4 m.kr. á fyrsta ári. Einnig er gert ráð fyrir að allt að 6 m.kr. af stofnkostnaðarfjárveitingu á lið *320 Sendiráð, almennt; 6.90 Tæki og búnaður* verði varið til að koma upp aðstöðu í Peking.

Í júlí sl. kynnti utanríkisráðherra áform um að flytja sendiráð Íslands í Þýskalandi frá Bonn til Berlínar. Er þetta gert í samvinnu við þýsk stjórnvöld sem smám saman eru að flytja stjórnsýslu sambandsríkisins þangað. Utanríkisráðuneytið hefur gert forkönnun á því hvernig aðstöðu fyrir sendiráð Íslands verði best fyrir komið, og komist að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast verði að taka þátt í samstarfi Norðurlandaþjóða um að sendiráð þeirra allra verði á sama stað. Í því skyni hafa borgaryfirvöld í Berlín boðið þeim lóð til kaups og yrði hlutur Íslands í kostnaðarverði hennar 82 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 3 m.kr. kostnaði við arkitektasamkeppni um byggingu sendiráðsins og 1 m.kr. í ferða- og umsjárkostnað, samtals 86 m.kr. Fjárhæð þessi er færð á lið *320 6 21 Sendiráð í Berlín*. Kostnaður við lóðarkaupin miðast við að hægt verði að undirrita lóðasamning fyrir mitt næsta ár. Utanríkisráðuneytið gerir ráð fyrir um 350 m^2 byggingu fyrir sendiráðið og er heildarkostnaður að meðtalinni lóð áætlaður á bilinu 155 - 180 m.kr.

Frá fastanefnd Íslands í Genf flyst eitt starf til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Við sendiráð Íslands í Brussel hafa nú fjögur ráðuneyti aðstöðu, þ.e. ráðuneyti menntamála, sjávarútvegs, fjármála svo og iðnaðar og viðskipta. Öll hafa þau skrifstofuherbergi og njóta þjónustu frá starfsliði utanríkisráðuneytis. Rétt þykir að umrædd ráðuneyti greiði fyrir útlagðan kostnað af þessari þjónustu og í því skyni er gert ráð fyrir 3,2 m.kr. sértekjum á lið *310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu*. Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að eitt starf sendiráðsritara yrði lagt niður við fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að skipað verði í starfið að nýju. Þá verður nokkur hækkun á húsnæðiskostnaði starfsfólks við sendiráðið í Kaupmannahöfn.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir. Áður tilheyrði liður *399 Ýmis utanríkismál* þessum málefnaflokki. Hann hefur verið fluttur undir málefnaflokkinn

Ráðuneyti og heitir nú *190 Ýmis verkefni.* Samtals nemur fjárveiting undir þessum málefnaflokki 607 m.kr. og lækkar um 16 m.kr. milli ára. Til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi renna 271 m.kr., sem er aukning um 7,6 m.kr. milli ára, en á móti lækkar framlag til alþjóðastofnana um 23,4 m.kr.

390 ***Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*** Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar nemur 156,5 m.kr. og hækkar um 9,5 m.kr. frá þessu ári. Áfram verður unnið að verkefnum í þremur löndum, Namibíu, Malaví og á Grænhöfðaeyjum. Í Namibíu er unnið að hafrannsóknum og lagðir til yfirmenn á hafrannsóknaskip auk kennslu í sjómennsku. Er þetta stærsta verkefnið og starfa alls við það um 15 manns. Í Malaví er unnið að rannsóknum á nýtingu fiskistofna í Nyasavatni auk þess sem aðstoðað er við háskólakennslu í fiskilíffræði og veittar leiðbeiningar við fiskeldi. Á Grænhöfðaeyjum er unnið við hafrannsóknir og veitt tilsögn í sjómennsku.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Framlög á þessum lið nema 114,3 m.kr. og lækka um tæpar 2 m.kr. Fjárveiting til einstakra verkefna breytist lítið milli ára og ræðst að mestu af gengisbreytingum einstakra gjaldmiðla. Framlag á lið *1 14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael* nemur 33,8 m.kr. og samsvarar 500 þús. dollara greiðslu til þessa verkefnis. Ríkisstjórnin samþykkti á sl. ári að veita samtals 1,3 milljónir dollara til verkefnisins og skal sú fjárhæð greiðast á þremur árum. Þegar er búið að veita heimild til 500 þús. dollara fjárveitingar á þessu ári, en fjárhæð þessi hefur ekki verið innt af hendi að fullu vegna óvissunnar fyrir botni Miðjarðarhafs.

401 ***Alþjóðastofnanir.*** Fjárveitingar á þessum fjárlagalið lækka um 23,4 m.kr. í 336,2 m.kr. Aðalástæða þessarar lækkunar er að framlög til friðargæsluverkefna hafa lækkað milli ára en litlar breytingar hafa orðið á framlögum til annarra verkefna. Fjárveitingum á þessum fjárlagalið má skipta í þrennt: framlög til friðargæsluverkefna, framlög í tengslum við EFTA og loks önnur framlög til alþjóðastofnana.

Framlög til friðargæsluverkefna ná til viðfangsefnanna *1.45 - 1.52* og *1.58 til 1.69.* Samtals nema þessar fjárveitingar 60,4 m.kr. og lækka um 31,8 m.kr. milli ára. Framlög til stærstu verkefnanna, í Sómalíu og Kambódíu, dragast saman um 32,6 m.kr.; í Kambódíu leggst framlag til friðargæslu alveg niður. Þá lækkar framlag til friðargæslu í Júgóslavíu um 4,9 m.kr. og framlag til friðargæslu á Kýpur fellur niður. Á móti er stofnað til þriggja nýrra friðargæsluverkefna, í Úganda, Líberíu og Vestur-Sahara.

Framlög í tengslum við EFTA er að finna á viðfangsefnunum *1.70 - 1.73.* Samtals nemur fjárveiting á þessum fjárlagaliðum 157,7 m.kr. og hækkar lítillega frá þessu ári. Fjárveitingar þessar eru miðaðar við að starfsemi EFTA haldi áfram allt næsta ár, en eins og kunnugt er áforma önnur EFTA-ríki en Ísland og Sviss að ganga í ESB um næstu áramót og að starfsemi EFTA í núverandi mynd verði lögð niður um mitt næsta ár í framhaldi þar af. Verði af þessu verður að endurskoða þessar fjárveitingar og má þá allt eins búast við að viðbótarskyldur falli á Ísland sem og önnur EFTA-ríki vegna starfsloka stofnunarinnar. Utanríkisráðuneytið hefur ekki undir höndum nægar forsendur til að gera áætlun um þetta efni en mun vinna að því nú á haustmánuðum. Bent skal á að á liðnum *09 990 1.90 Aðild Íslands að EES o.fl.* er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi sem ætlað er að ráðstafa eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Því framlagi er annars

vegar ætlað að mæta óvissum útgjöldum vegna starfsemi EFTA og styrkja markaðssókn íslenskra fyrirtækja á EES-svæðinu.

Önnur framlög til alþjóðastofnana. Hér er um framlög að ræða til ýmissa stofnana á alþjóðavettvangi sem Ísland er aðili að. Átt er við viðfangsefnin *1.10 - 1.16, 1.39 - 1.41, 1.54 - 1.57 og 1.75*. Samtals nema fjárveitingar 115,6 m.kr. og hækka um 2,5 m.kr. milli ára.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	108,8	101,4	106,3	5	-2
Landbúnaðarstofnanir	485,7	473,7	483,8	2	0
Skógrækt og landgræðsla	421,3	404,1	405,1	0	-4
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.058,1	5.216,0	5.319,0	2	-12
Ýmis framlög	747,2	667,4	598,8	-10	**-20**
Samtals	**7.821,1**	**6.862,6**	**6.913,0**	**1**	**-12**
Rekstrarkostnaður	904,7	864,3	896,2	4	-1
Rekstrar- og neyslutilfærslur	6.584,6	5.833,5	5.859,9	0	-11
Stofnkostnaður og viðhald	331,8	164,8	156,9	-5	-53
Samtals	**7.821,1**	**6.862,6**	**6.913,0**	**1**	**-12**

Heildarútgjöld ráðuneytisins eru áætluð 6.913 m.kr. á næsta ári samanborið við 6.863 m.kr. í fjárlögum 1994 og eru nánast óbreytt milli ára að raungildi. Frá árinu 1991 hafa framlög til landbúnaðarmála lækkað um 3.500 m.kr., aðallega vegna brottfalls útflutningsbóta og lækkana á öðrum tilfærsluliðum.

Fjöldi ársverka hjá landbúnaðarráðuneyti er um 500 og hefur hann verið nokkuð stöðugur á undanförnum árum. Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarframlag nemur 106,3 m.kr. samanborið við 101,4 m.kr. í fjárlögum 1994 og er nánast óbreytt að raungildi milli ára.

Landbúnaðarstofnanir

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 231 Yfirdýralæknir; 261 Bændaskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum; 281 Garðyrkjuskóli ríkisins og 291 Hagþjónusta landbúnaðarins. Heildarframlag nemur 483,8 m.kr. samanborið við 473,7 m.kr. í fjárlögum 1994.

Gert er ráð fyrir að framlag til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins nemi 133,7 m.kr. á næsta ári samanborið við 128,6 m.kr. í fjárlögum 1994. Á næsta ári er fyrirhugað að verja 3 m.kr. til matvælarannsókna á Akureyri. Einnig er gert ráð fyrir 3 m.kr. framlagi til land-

græðslurannsókna og skal því fé ráðstafað í samráði við Landgræðslu ríkisins. Á undanförnum árum hefur staðið yfir umfangsmikil endurskipulagning á rekstri tilraunastöðva. Henni er nú að mestu lokið og lækkar því stofnkostnaðarframlag um 8,6 m.kr. milli ára. Á móti er hins vegar ekki gert ráð fyrir innheimtu sérstaks bútæknigjalds fyrir prófanir á búvélum eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 1994. Þá skal þess getið að bæði gjöld og sértekjur stofnunarinnar hafa verið hækkuð um 35 m.kr. milli ára sem er vegna verkefna sem hafa verið fjármögnuð með styrkjum. Það er talið gefa réttari mynd af rekstri stofnunarinnar að sýna þau með þessum hætti.

Framlag til Veiðimálastofnunar er áætlað 38,5 m.kr. á árinu 1995 samanborið við 36,1 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkun er vegna sérstaks 2 m.kr. framlags til eftirlits með laxveiðum í sjó og er það í samræmi við ný lög um lax- og silungsveiðar.

Framlag til búnaðarskólanna er áætlað samtals 192,1 m.kr. á næsta ári samanborið við 188,6 m.kr. í fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. framlagi til Bændaskólans á Hólum vegna kynbótarannsókna á bleikju og 1 m.kr. framlagi til gerðar kennsluefnis um íslenska hestinn fyrir erlenda reiðskóla. Þá er gert ráð fyrir 7 m.kr. framlagi á næsta ári til byggingar 1. áfanga nýs tilraunagróðurhúss við Garðyrkjuskóla ríkisins.

Skógrækt og landgræðsla

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins og 331 Héraðsskógar. Heildarframlag nemur 405,1 m.kr. samanborið við 404,1 m.kr. í fjárlögum 1994.

Gert er ráð fyrir 2 m.kr. framlagi til Landgræðslu ríkisins vegna átaks í landgræðslu í Mývatnssveit og 3 m.kr. framlagi til Skógræktar ríkisins vegna ræktunar skjólbelta. Þá eru veittar 3 m.kr. til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna landgræðslurannsókna, en því fé skal ráðstafa í samráði við Landgræðslu ríkisins. Þá skal þess getið að allur kostnaður við Rannsóknastöðina á Mógilsá er nú færður undir viðfangsefni stöðvarinnar.

Af viðfangsefninu *Sérstök verkefni* hjá Landgræðslu ríkisins eru 20 m.kr. ætlaðar til landgræðslustarfa bænda. Einnig eru 20 m.kr. ætlaðar til skógræktarstarfa bænda af viðfangsefninu *Sérstök verkefni* hjá Skógrækt ríkisins. Eru þetta sömu fjárhæðir og á yfirstandandi ári.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks falla fjárlagaliðirnir 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag nemur 5.319 m.kr. samanborið við 5.216 m.kr. í fjárlögum 1994.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Heildarframlag er áætlað 2.616 m.kr. á næsta ári samanborið við 2.568 m.kr. í fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir að greiðslumark í mjólkurframleiðslu verði 101 milljón lítrar á næsta ári samanborið við 100 milljón lítra á yfirstandandi ári. Hækkun skýrist af breyttri viðmiðun við umreikning mjólkurafurða í lítra mjólkur. Til þessa hefur umreikningurinn eingöngu tekið mið af fitu í mjólk. Miðað við þá viðmiðun hefði greiðslumarkið á næsta ári numið 98 milljónum lítra. Hin breytta viðmiðun tekur mið af prótein í mjólk að 3/4 hlutum og fitu í mjólk að 1/4 hluta. Þá nemur framlag til Lífeyrissjóðs bænda 99 m.kr. á næsta ári auk þess sem gert er ráð fyrir 15 m.kr. framlagi til Afleysingarþjónustu kúabænda.

*805 **Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.*** Framlag nemur 2.703 m.kr. á næsta ári samanborið við 2.648 m.kr. í fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir að greiðslumark í sauðfjárframleiðslu verði 7.820 tonn á næsta ári samanborið við 7.670 tonn á yfirstandandi ári. Hækkun milli ára tekur mið af heildarneyslu á árinu 1993 og neysluþróun á fyrri helming þessa árs. Þá er gert ráð fyrir 250 m.kr. framlagi til niðurgreiðslu á ull og gærum og 290 m.kr. framlagi vegna vaxta- og geymslukostnaðar á næsta ári. Eru það sömu fjárhæðir og á yfirstandandi ári. Kostnaður við uppkaup á fullvirðisrétti er áætlaður samtals 460 m.kr. sem er áþekk fjárhæð og í fjárlögum 1994. Loks er gert ráð fyrir 66 m.kr. framlagi til Lífeyrissjóðs bænda, þar af eru 10 m.kr. vegna viðbótarframlags samkvæmt ákvæðum búvörusamnings.

Ýmis framlög

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 811 Búnaðarfélag Íslands; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir og 851 Greiðslur vegna riðuveiki.

Heildarframlag nemur 598,8 m.kr. samanborið við 667,4 m.kr. í fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir að framlag til niðurgreiðslu loðdýrafóðurs falli niður á næsta ári en til þess eru veittar 14 m.kr. á yfirstandandi ári.

*811 **Búnaðarfélag Íslands.*** Undir þennan fjárlagalið er fært hið almenna framlag til Búnaðarfélags Íslands auk framlaga samkvæmt búfjárræktarlögum og jarðræktarlögum sem Búnaðarfélagið annast greiðslu á fyrir hönd ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að heildarframlag nemi 201,7 m.kr. á næsta ári samanborið við 201,2 m.kr í fjárlögum 1994. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 800 þús. kr. til rannsókna á erfðabreytileika íslenska búfjárstofnsins. Á næsta ári er gert ráð fyrir 1.300 þús. kr. framlagi til þessa verkefnis og hækka *búfjárræktarframlög* sem því nemur. Fyrirhugað er að sameina Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda á næsta ári. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvaða áhrif það muni hafa á ýmis verkefni sem Búnaðarfélag Íslands sinnir fyrir hönd landbúnaðarráðuneytis og fjárveitingar vegna þeirra.

*821 **Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Framlag til sjóðsins nemur 250 m.kr. á næsta ári og lækkar um 50 m.kr. milli ára. Er það í samræmi við ákvæði búvörusamnings. Úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins er veitt fé til atvinnueflingar í sveitum, þar á meðal uppbyggingar ferðaþjónustu bænda.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	132,8	153,6	200,3	30	51
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	993,2	936,2	888,4	-5	-11
Samtals	**1.126,0**	**1.089,8**	**1.088,7**	**-0**	**-3**
Rekstrarkostnaður	914,9	887,1	866,8	-2	-5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	54,2	77,5	101,7	31	88
Stofnkostnaður og viðhald	156,9	125,2	120,2	-4	-23
Samtals	**1.126,0**	**1.089,8**	**1.088,7**	**-0**	**-3**

Heildarframlag til ráðuneytisins nemur 1.089 m.kr. og er sem næst óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs. Nokkrar tilfærslur verða á fjárveitingum milli stofnana. Veldur það verulegum breytingum milli gjaldategunda þannig að neyslu- og rekstrartilfærslur hækka en rekstrarkostnaður lækkar á móti.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun útgjalda þeirra mála er heyra undir sjávarútvegsráðuneytið árin 1991-1995. Tölur eru færðar til áætlaðs verðlags 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Ráðuneyti	213	207	139	154	200
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	948	904	1.037	943	888
Samtals	**1.161**	**1.111**	**1.176**	**1.097**	**1.088**
Rekstrarkostnaður	878	782	955	893	867
Neyslu- og rekstrartilfærslur	153	154	57	78	101
Stofnkostnaður og viðhald	130	175	164	126	120
Samtals	**1.161**	**1.111**	**1.176**	**1.097**	**1.088**

Nokkrar breytingar hafa orðið á skipulagi stofnana sjávarútvegsráðuneytis á árunum 1991-1995. Fiskistofa hóf störf á árinu 1992 og tók við starfsemi annarra stofnana að öllu eða hluta. Af því hlutust nokkur aukaútgjöld á árunum 1992 og 1993, en sparnaður af þessum ráðstöfunum kemur fram á árunum 1994 og 1995 þegar heildarútgjöld ráðuneytisins lækka umtalsvert. Þessi þróun útgjalda endurspeglast einnig í fjölda ársverka. Þeim fjölgar verulega 1993 þegar Fiskistofa er tekin til starfa og enn eru greidd biðlaun vegna brottfallinna starfa í öðrum stofnunum. Upp frá því fækkar störfum.

Ráðuneyti

Undir þennan málefnaflokk heyra fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé ráðherra og 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins. Samtals eru 200,3 m.kr. ætlaðar til þessa málefnaflokks sem jafngildir 30% aukningu milli ára. Aukningin

stafar annars vegar af því að við hafa bæst tvær nýjar nefndir, skiptaverðsnefnd og málsskotsnefnd, auk þess sem 30,2 m.kr. hafa verið færðar af liðnum *204 Fiskistofa* á *190 Ýmis verkefni.*

190 Ýmis verkefni. Framlag á þessum fjárlagalið nær til ellefu viðfangsefna. Heildarfjárveiting nemur 125,7 m.kr. og hækkar um 50,1 m.kr. milli ára. Hækkunin stafar af því að bætt er við þrem nýjum liðum, svo sem nánar er skýrt hér á eftir.

Til viðfangsefnisins *1.20 Eldi sjávardýra* er varið 19,4 m.kr., nær sömu fjárhæð og á þessu ári. Vaxtabroddur í framleiðslu sjávarfangs í heiminum er talinn vera í fiskeldi. Á undanförnum árum hefur stærstum hluta fjárveitingar á þessum lið verið ráðstafað samkvæmt tillögum sérstaks verkefnishóps til tilrauna á lúðu og lúðuseiðum sem fyrst og fremst hafa farið fram hjá Fiskeldi Eyjafjarðar. Til viðfangsefnisins *1.31 Stjórn fiskveiða* eru veittar 11,8 m.kr., nær óbreytt fjárhæð milli ára. Fjárhæð þessi á að standa undir ýmsum útgjöldum tengdum fiskveiðistjórnun. Má þar nefna að fyrir dyrum stendur að semja nýjan hugbúnað sem komið verður fyrir í höfnum landsins og hefur það hlutverk að halda utan um landaðan afla og senda daglega upplýsingar um hann í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Þessi nýi hugbúnaður mun koma í stað núverandi lóðskerfis.Viðfangsefnið *1.32 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi* tekur til ýmissa verkefna. Fjárveiting nemur 27,2 m.kr. og hækkar um 500 þús.kr. milli ára. Verkefni sem kostuð eru undir þessu viðfangsefni eru meðal annars starfsmenntun í fiskvinnslu og samstarfsverkefni sjávarútvegs og iðnaðar.

Bæst hefur við nýtt viðfangsefni, *142 Verktakasamningur um upplýsingaöflun.* Til þessa verkefnis eru ætlaðar 30,2 m.kr. Hér er um að ræða fjárhæð þá sem Fiskistofa hefur á þessu ári til að greiða Fiskifélagi Íslands fyrir öflun gagna í aflaskýrslur. Ráðuneytið mun sjá um að greiða fyrir samningi þessum og þykir því rétt að fjárveitingin verði á fjárlagalið ráðuneytisins. Efnislega breytir þetta engu fyrir Fiskistofu eða Fiskifélagið. Með lögum nr. 79/1994 var sett á stofn fimm manna nefnd sem fjalla skal um álitaefni og ágreining er tengist áhrifum viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut sjómanna. Nefnd þessi, skiptaverðsnefnd, mun þurfa að afla víðtækra gagna um fiskverð, forsendur þess og önnur atriði sem kunna að hafa áhrif á aflahlut sjómanna. Hér er um verulega gagnaöflun að ræða, og er því 15,1 m.kr. varið til viðfangsefnisins *1.43 Skiptaverðsnefnd.* Lögin gilda til ársloka 1995. Viðfangsefnið *1.44 Málsskotsnefnd* er nýtt. Fjárveiting nemur 1,5 m.kr. og er ætlað að kosta starf málsskotsnefndar sbr. lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Eftirtaldir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk: 202 Hafrannsóknastofnun; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Tvö viðfangsefni falla brott af fjárlögum yfirstandandi árs, þ.e. 201 Fiskifélag Íslands og 216 Ríkismat sjávarafurða. Fjárveiting til Fiskifélagsins í formi beins styrkjar fellur niður en verktakasamningur við félagið verður áfram í gildi. Fjárveitingum til Ríkismats sjávarafurða er lokið, þar sem búið er að leggja stofnunina niður, og síðustu biðlaun verða greidd á árinu 1994.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskifélag Íslands	6,9	6,8	-	.	.
Hafrannsóknastofnun	608,6	603,4	598,6	-1	-2
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	94,1	89,1	91,5	3	-3
Fiskistofa	161,0	140,4	106,2	-24	-34
Ríkismat sjávarafurða	24,9	1,0	-	.	.
Bygging rannsóknast. sjávarútvegsins	25,0	25,0	24,0	-4	-4
Skrifstofa rannsóknast. sjávarútvegsins	72,7	70,5	68,1	-3	-6
Samtals	**993,2**	**936,2**	**888,4**	**-5**	**-11**
Rekstrarkostnaður	820,3	795,1	759,2	-5	-7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	16,0	15,9	9,0	-43	-44
Stofnkostnaður og viðhald	156,9	125,2	120,2	-4	-23
Samtals	**993,2**	**936,2**	**888,4**	**-5**	**-11**

202 Hafrannsóknastofnun. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur tæpum 600 m.kr. og lækkar um 5 m.kr. milli ára sem eingöngu stafar af því að stofnuninni er gert að taka á sig hagræðingu á við aðrar stofnanir. Í stórum dráttum er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá yfirstandandi ári, en bent skal á stofnun Lýðveldissjóðs, sem nánar er fjallað um í greinargerð með fjárveitingum til æðstu stjórnar ríkisins hér að framan. Eins og þar kemur fram, er ætlað að verja 50 m.kr. til vistfræðirannsókna á lífríki sjávar.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur 91,5 m.kr. Rekstrarútgjöld fyrir sértekjur eru 179,1 m.kr. en sértekjur nema 103,2 m.kr. og lækka um 4 m.kr. milli ára sökum samdráttar í viðskiptum. Því hækkar fjárveiting til reksturs sem þessu nemur og verður 75,9 m.kr.

204 Fiskistofa. Til Fiskistofu er varið samtals 106,2 m.kr. sem er 34,2 m.kr. lækkun milli ára. Af þeirri lækkun skýrast 30,2 m.kr. með því að sú fjárhæð hefur verið færð á lið *190 1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun* og 4 m.kr. hafa verið færðar á lið *202 1.01 Hafrannsóknastofnun, almenn starfsemi,* og er sú fjárhæð ætluð til að standa undir aflaskýrsludeild stofnunarinnar. Sértekjur eru áætlaðar 112,1 m.kr. Gert er ráð fyrir að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að innheimt verði sérstakt gjald af afla báta er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum .

205 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Framlag nemur 24 m.kr. og rennur til áframhaldandi endurbóta á Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu. Á sl. ári var ætlað að viðhaldsframkvæmdum við húsið yrði að mestu lokið á árinu 1995. Það mun eitthvað dragast fram yfir það ár. Á árunum 1991 til 1994 hefur samtals verið veitt um 100 m.kr. úr ríkissjóði til endurbóta á húsinu til viðbótar við 65 m.kr. framlag frá Happdrætti Háskóla Íslands, samtals 165 m.kr., reiknað til verðlags 1994.

901 Skrifstofa rannóknastofnana atvinnuveganna. Framlag nemur alls 68,1 m.kr., þ.e. 2,4 m.kr. lægra en á þessu ári. Lækkunin er nær öll á framlagi til viðhalds, en rekstrarframlag er nær óbreytt.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	129,5	140,3	150,7	7	16
Dómsmál	553,1	643,5	560,7	-13	1
Löggæslustofnanir og öryggismál	1.928,7	1.824,4	2.084,1	14	8
Sýslumenn	2.089,8	2.004,7	2.021,9	1	-3
Fangelsismál	326,0	380,0	431,0	13	32
Kirkjumál	508,4	424,3	436,1	3	-14
Samtals	**5.535,5**	**5.417,2**	**5.684,5**	**5**	**3**
Rekstrarkostnaður	5.075,2	4.897,6	4.998,8	2	-2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	33,3	37,9	35,7	-6	7
Viðhald og stofnkostnaður	427,0	481,7	650,0	35	52
Samtals	**5.535,5**	**5.417,2**	**5.684,5**	**5**	**3**

Heildarframlag nemur 5.685 m.kr. samanborið við 5.417 m.kr í fjárlögum 1994. Hækkun milli ára stafar af kostnaði vegna kaupa á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Auk þess hækkar rekstrarframlag til Lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og til Fangelsismálastofnunar.

Fjöldi ársverka hjá dómsmálaráðuneyti er um 2.200 og hefur hann verið nokkuð stöðugur á undanförnum árum. Hér á eftir er fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Framlag til málefnaflokksins nemur 150,7 m.kr. samanborið við 140,3 m.kr. í fjárlögum 1994. Hækkun milli ára stafar af útgjöldum vegna komandi Alþingiskosninga. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að draga úr kostnaði við framkvæmd þeirra með lækkun auglýsingakostnaðar og verður tillaga að nauðsynlegum lagabreytingum þess efnis lagðar fyrir Alþingi.

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 201 Hæstiréttur; 211-218 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómstóla.

Heildarframlag nemur 560,7 m.kr. samanborið við 643,5 m.kr. í fjárlögum 1994. Lækkun milli ára skýrist af minni framlögum til byggingar nýs Hæstaréttarhúss. Framkvæmdir við byggingu hússins hafa tafist frá því sem upphaflega var áætlað og er gert ráð fyrir að um 115 m.kr. af fjárheimild ársins 1994 færist yfir á næsta ár. Þannig verða 215 m.kr. til ráðstöfunar á næsta ári vegna framkvæmdanna. Rekstrarframlög til dómstóla eru nánast óbreytt milli ára að raungildi.

Löggæsla og öryggismál

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 302 Rannsóknarlögregla ríkisins; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 331 Umferðarráð; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslukostnaður; 391 Húsnæði löggæslustofnana og 395 Landhelgisgæsla Íslands.

Heildarframlag nemur 2.084,1 m.kr. samanborið við 1.824,4 m.kr. í fjárlögum 1994. Á næsta ári koma til greiðslu um 250 m.kr. vegna kaupa á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og skýrir það að mestu þá hækkun sem verður á heildarframlagi til þessa málefnaflokks. Á yfirstandandi ári verða greiddar 535 m.kr. vegna kaupanna samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga. Áætlað er að kostnaður við rekstur þyrlunnar verði um 10 m.kr. á mánuði. Stofnuninni er ætlað að hagræða í rekstri á öðrum sviðum til að mæta þessum kostnaði.

Þá hækkar framlag til Lögreglustjórans í Reykjavík um 30,8 m.kr. milli ára og er það í samræmi við endurskoðaða fjárþörf embættisins.

Sýslumenn

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumannsembætta. Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 2.021,9 m.kr. á næsta ári samanborið við 2.004,7 m.kr. í fjárlögum 1994 og er nánast óbreytt að raungildi milli ára.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 var fyrirhugað að sameina sýslumannsembætti og fækka þeim úr 27 í 18. Áætlað var að sameining þessara embætta skilaði um 260 m.kr. í minni rekstrarkostnaði á ári, frá og með öðru ári, þ.e. árinu 1995. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga eins og kunnugt er.

Fangelsismál

Allir fjárlagaliðir þessa málefnaflokks hafa verið sameinaðir undir fjárlagaliðnum *501 Fangelsismálastofnun ríkisins* að frátöldum fjárlagaliðnum *591 Fangelsisbyggingar*. Er það í samræmi við stefnu ráðuneytisins um að auka sjálfstæði og ábyrgð stofnana á vegum þess.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	31,7	35,6	40,9	15	29
Hegningarhúsið í Reykjavík	50,8	45,3	45,3	-	-11
Fangelsið Síðumúla	40,2	34,5	34,4	-0	-14
Fangelsið Kópavogsbraut	29,7	29,4	29,4	-	-1
Fangelsið Litla-Hrauni	109,7	111,6	138,8	24	27
Fangelsið Kvíabryggju	24,3	23,8	23,5	-1	-3
Ýmis fangamál	12,0	11,8	10,7	-9	-11
Viðhald og stofnkostnaður	27,6	88,0	108,0	23	291
Samtals	**326,0**	**380,0**	**431,0**	**13**	**32**

Heildarframlag nemur 431 m.kr. samanborið við 380 m.kr. í fjárlögum 1994. Á næsta ári lýkur framkvæmdum við gerð nýrrar fangelsisbyggingar á Litla-Hrauni og er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til þess. Á yfirstandandi ári eru veittar 80 m.kr. til framkvæmdanna

en heildarkostnaður við þær er áætlaður um 230 m.kr. Gert er ráð fyrir að taka nýju bygginguna í notkun um mitt næsta ár og eru veittar um 25 m.kr. til reksturs hennar í hálft ár. Með tilkomu nýju byggingarinnar mun vistunarrými opnast fyrir 27 afbrotamenn.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn *701 Biskup Íslands* og eru öll framlög þessa málefnaflokks nú færð undir þann fjárlagalið. Gert er ráð fyrir að Biskupsstofa hafi umsjón með ráðstöfun fjár samkvæmt þessum fjárlagalið og beri fjárhagslega ábyrgð á honum.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	42,5	31,2	31,0	-1	-27
Vígslubiskup Skálholti	-	-	3,3	.	.
Vígslubiskup Hólum	-	-	3,3	.	.
Prestaköll og prófastsdæmi	337,3	344,1	360,6	5	7
Prestssetur	55,6	-	-	.	.
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	19,1	-	-	.	.
Kristnisjóður	18,0	18,3	18,3	0	2
Kirkjubyggingarsjóður	2,0	1,0	-	.	.
Ýmis kirkjumál	33,9	29,7	19,6	-34	-42
Samtals	**508,4**	**424,3**	**436,1**	**3**	**-14**

Heildarframlag nemur 436,1 m.kr. samanborið við 424,3 m.kr. í fjárlögum 1994. Hækkun á viðfangsefninu *Prestar og prófastsdæmi* stafar af úrskurði kjaradóms í launamálum presta. Þá eru framlög til Vígslubiskupsins í Skálholti og Vígslubiskupsins á Hólum nú færð sem sérstök viðfangsefni en voru áður færð undir viðfangsefninu Prestar og prófastsdæmi. Framlag til Kirkjubyggingarsjóðs fellur niður þar sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði aflagður. Tillaga að nauðsynlegum lagabreytingum þess efnis verða lagðar fyrir Alþingi. Ýmis framlög á sviði kirkjumála dragast saman um 10,1 m.kr. milli ára þó ýmsar innbyrðis breytingar eigi sér stað. Þannig er gert ráð fyrir 6,1 m.kr. framlagi til reksturs Skálholtsstaðar en að önnur framlög dragist saman um 16,2 m.kr., aðallega stofnkostnaðarframlög.

Auk ofangreindra framlaga fær þjóðkirkjan ákveðna hlutdeild í tekjuskatti, svokölluð sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld. Áætlað er að þau nemi um 1.430 m.kr. á næsta ári og er sú fjárhæð færð um tekjugrein frumvarpsins.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld félagsmálaráðuneytis breytast þannig milli ára:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	74,8	99,2	94,6	-5	26
Húsnæðismál	925,3	918,0	1.008,0	10	9
Stjórnsýslustofnanir	152,5	148,9	150,7	1	-1
Málefni barna og ungmenna	196,0	234,4	261,8	12	34
Málefni fatlaðra	1.856,6	1.876,7	1.893,3	1	2
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.496,0	1.857,0	1.947,0	5	30
Vinnumál	2.609,0	3.425,4	3.388,4	-1	30
Annað	217,2	192,5	134,4	-30	-38
Rekstrarhagræðing	-	9,6	20,0	108	.
Samtals	**7.527,4**	**8.761,7**	**8.898,2**	**2**	**18**
Rekstrarkostnaður	1.778,8	1.831,4	1.845,5	1	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.522,0	5.683,8	6.076,2	7	34
Stofnkostnaður og viðhald	1.226,6	1.246,5	976,5	-22	-20
Samtals	**7.527,4**	**8.761,7**	**8.898,2**	**2**	**18**

Heildarútgjöld ráðuneytisins verða 8.898,2 m.kr. og hækka um 2% frá fjárlögum 1994. Hækkunin er 18% ef miðað er við reikning 1993 og veldur hækkun á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs mestu þar um.

Sú breyting er gerð á málefnaflokkum félagsmálaráðuneytisins frá fjárlögum 1994 að framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru flutt til þessa ráðuneytis frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í ofangreindu yfirliti er tekið tillit til þeirrar breytingar.

Frá fjárlögum 1994 er einn nýr liður undir neyslu- og rekstrartilfærslum, húsaleigubætur, og nemur fjárveiting til hans 400 m.kr.

Árið 1994 eru ársverk hjá félagsmálaráðuneytinu talin vera um 1230 og aukist um 8,7% frá árinu 1993. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ársverka á árinu 1995 eða um 2,3% og er það minni aukning milli ára en verið hefur um langt árabil. Mest er aukningin í stofnunum fatlaðra, enda hefur mikil uppbygging verið í þeim málefnaflokki.

Ráðuneyti

Í þessum málefnaflokki eru 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Framlag til þessa málefnaflokks lækkar frá fjárlögum 1994 úr 99,2 m.kr. í 94,6 m.kr. eða 5%. Skýringin er að tveir starfsmenn aðalskrifstofu flytjast á vinnumálaskrifstofu ráðuneytisins sem verður sérstakur fjárlagaliður 07-980 og verður nánar vikið að honum síðar.

Húsnæðismál

Til þessa málefnaflokks heyra 272 Byggingarsjóður verkamanna og 275 Húsaleigubætur, sem er nýr liður og byggist á lögum nr. 100/1994, um húsaleigubætur. Lögin öðlast gildi 1. janúar 1995. Markmið þeirra er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Stefnt er að því að ná þeim markmiðum með sameiginlegri kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélög, sem greiða íbúum

sínum húsaleigubætur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu leggja út fé til greiðslu bótanna en ríkið endurgreiðir þeim 60% af útlögðum kostnaði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annast greiðslur frá ríki til sveitarfélaga vegna þessa. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna verður 608 m.kr. í stað 918 m.kr. í fjárlögum 1994. Lánveitingar miðast við 400 íbúðir í stað 500. Nánar verður fjallað um byggingarsjóðina í B-hluta frumvarpsins.

Stjórnsýslustofnanir

Til þessa málefnaflokks teljast 302 Ríkissáttasemjari; 311 Jafnréttisráð; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Í fjárlögum 1994 er viðfangsefni undir Jafnréttisráði sem nefnist *1.10 Sérstök verkefni* og var m.a. fé varið til að styrkja kvennaráðstefnuna Nordisk Forum í Finnlandi s.l. sumar. Nafni viðfangsefnisins hefur verið breytt í *1.10 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál* og verður hlutverk þess einkum að standa undir kostnaði við ýmis verkefni sem ráðuneytið felur Jafnréttisráði. Undir fjárlagaliðnum 07-321, Brunamálastofnun ríkisins, er nýtt viðfangsefni *1.20 Brunamálaskóli* en til hans var stofnað með reglugerð nr.195/1994 sem félagsmálaráðherra gaf út 14. apríl 1994. Kostnaður er áætlaður 8,2 m.kr. Sértekjur Brunamálastofnunar, sem eru fyrst og fremst brunavarnargjald, eru áætlaðar 81,1 m.kr. sem er 10,8 m.kr. umfram áætluð gjöld. Tekjur Vinnueftirlits ríkisins af tryggingagjaldi eru áætlaðar um 140 m.kr. og renna rúmlega 117 m.kr. af því til að standa undir rekstri eftirlitsins.

Málefni barna og ungmenna

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir 400 Málefni barna og ungmenna og 401 Barnaverndarráð. Fjárlagaliðurinn 400 er eins konar safnliður sem verður skipt á viðkomandi verkefni fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga og nær yfir eftirtalda liði í fjárlögum 1994: 400 Málefni barna og ungmenna; 402 Unglingaheimili ríkisins og 410 Heimili fyrir börn og unglinga. Þá er undir fjárlagaliðnum 400 nýtt viðfangsefni *6.20 Bygging húsnæðis*. Áformað er að byggja eða kaupa húsnæði fyrir móttöku- og meðferðarstöð unglinga. Byggingin verður á höfuðborgarsvæðinu og er ætlað að hýsa þann rekstur sem nú er í þremur deildum Unglingaheimilis ríkisins, en þær eru meðferðarheimilið Sólheimum 7, móttökudeild Efstasundi 86 og meðferðarheimilið Tindum á Kjalarnesi. Stefnt er að sölu þessara húseigna og verja andvirðinu til að standa straum af nýju byggingunni að svo miklu leyti sem fjárveitingin hrekkur ekki til.

Málefni fatlaðra

Þessi málefnaflokkur nær til allra stofnana fatlaðra undir fjárlagaliðunum 700-722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Sú breyting er gerð á framsetningu þessara fjárlagaliða að *Tjaldanesheimilið* sem talist hefur sérstakur fjárlagaliður (719) telst nú viðfangsefni undir fjárlagalið 702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Breytingar á framlagi til stofnana fatlaðra sjást á eftirfarandi yfirliti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Laun	1.103,5	1.162,9	1.178,2	1	7
Önnur gjöld	278,5	229,2	213,7	-7	-23
Neyslu- og rekstrartilfærslur	177,7	164,6	171,4	4	-4
Framkvæmdasjóður fatlaðra	296,9	320,0	330,0	3	11
Samtals	**1.856,6**	**1.876,7**	**1.893,3**	**1**	**2**

Fjárveitingar til málefna fatlaðra hækka um 16,6 m.kr. frá fjárlögum 1994.

Á árinu 1994 var hafinn rekstur fjögurra heimila fatlaðra, þ.e. vistheimilis í Reykjavík og sambýla á Reykjanesi, Sauðárkróki og Akureyri.

Fjárveiting til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* verður 330 m.kr. og er það hækkun um 10 m.kr. frá fjárlögum 1994. Stafar það af því að tekjur af erfðafjárskatti eru áætlaðar hærri sem þessari fjárhæð nemur eða 310 m.kr. Gert er ráð fyrir að um 25% af þessu fé verði heimilað að verja til viðhalds á byggingum fatlaðra og að framlengt verði heimildarákvæði til að verja allt að 40% (í stað 25%) af því til rekstrar- og tilfærsluverkefna. Um er að ræða svipuð viðfangsefni og í fjárlögum 1994 eins og kostnað skv. 27. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, frekari liðveislu skv. 25 gr. sömu laga og kostnað vegna starfa stjórnarnefndar um málefni fatlaðra.

Eins og undanfarin ár er 20 m.kr. fjárveiting úr ríkissjóði til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða. Þessi greiðsla er bundin í 39. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og er þetta þriðja greiðsla af fimm.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Samkvæmt frumvarpinu verður framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1.947 m.kr. Í fyrsta lagi er 1,4% af skatttekjum ríkisins og nemur 1.427 m.kr. Í öðru lagi er 520 m.kr. fjárveiting úr ríkissjóði í stað landsútsvars sem lagt var niður með niðurfellingu aðstöðugjalds. Hún er jafngildi 0,227% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs samkvæmt 3. gr. laga nr. 124/1993 um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Í þriðja lagi er 400 m.kr. fjárveiting til sjóðsins til greiðslu húsaleigubóta, sem er vistað á fjárlagaliðnum *07-275 Húsaleigubætur*. Í mars 1994 var gert samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar. Var samkomulag um að vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga legði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fram 300 m.kr. árin 1995-1998 eða allt að 75 m.kr. árlega. Þessum 75 m.kr. auknu útgjöldum sjóðsins verði mætt með árlegu 35 m.kr. framlagi úr ríkissjóði en 40 m.kr. verði teknar af ráðstöfunarfé sjóðsins. Láðst hefur að reikna með fjárveitingu að fjárhæð 35 m.kr. í frumvarpinu en farið verður fram á leiðréttingu í meðförum Alþingis.

Vinnumál

Undir þennan málefnaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 980 Vinnumálaskrifstofa; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðarsjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður og 985 Félagsmálaskóli alþýðu.

980 Vinnumálaskrifstofa. Hér er um nýja stofnun að ræða. Eins og fyrr segir fluttust tveir af starfsmönnum aðalskrifstofu ráðuneytisins til þessarar stofnunar en alls eru starfsmenn 15. Af þessum starfsmönnum koma níu frá Atvinnuleysistryggingasjóði, fjórir frá Ábyrgðarsjóði launa og tveir frá aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Kostnaður er áætlaður 60,8 m.kr. en verður 12,4 m.kr. að frádregnum sértekjum.

981 Vinnumál. Þessi liður samanstendur af sömu viðfangsefnum og í fjárlögum 1994, en viðfangsefnið *1.90 Ýmislegt* sundurliðast þannig:

	Frumvarp 1995 m.kr.
Leigjendasamtökin	1,3
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	4,0
Tölfræði um vinnu- og kjaramál	3,5
NORDJOBB	1,6
Samtals	**10,4**

Frá fjárlögum 1994 lækkar þetta viðfangsefni um 11,0 m.kr. sem skýrist þannig að 8,4 m.kr. framlag til samtaka vinnumarkaðarins fellur niður og framlög til tölvuvinnslu vinnumiðlunar 1,0 m.kr. og ráðgjafanefndar vinnumiðlunar 1,6 m.kr. flytjast til Vinnumálaskrifstofu (980).

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Sú breyting var gerð á árinu 1994 að atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna voru teknar inn í Atvinnuleysistryggingasjóð en þær höfðu áður verið á sérstökum fjárlagalið. Eins og áður er getið er þessi fjárlagaliður fluttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins. Fjárveiting í fjárlögum 1994 er 2.950 m.kr. en lækkar í 2.870 m.kr. eða um 80 m.kr. sem er tæplega 3%. Gert er ráð fyrir 4,9% atvinnuleysi á árinu 1995, sbr. þjóðhagsáætlun. Auk minnkandi atvinnuleysis skýrist lækkun á framlagi til sjóðsins af áformum um að spara 200 m.kr. í útgjöldum auk þess sem áformað er að ekki verði greiddar að óbreyttu eingreiðslur á atvinnuleysisbætur sem áætlað er að spari 130 m.kr. Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að afnema sjálfvirka verðlagstengingu. Þess í stað er gert ráð fyrir hækkun atvinnuleysisbóta í samræmi við verðlagsforsendur í þjóðhagsáætlun sbr. liðinn launa- og verðlagsmál undir fjármálaráðuneytinu. Nánar verður fjallað um sjóðinn í B-hluta frumvarpsins.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast á milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	118,7	119,3	119,2	-0	0
Tryggingamál	26.001,0	26.143,4	26.659,6	2	3
Eftirlits-og stjórnsýslustofnanir	201,5	188,3	166,9	-11	-17
Sjúkrastofnanir	16.801,0	16.088,3	16.420,6	2	-2
Heilsugæsla	1.858,1	1.565,9	1.606,2	3	-14
Annað	340,1	359,3	344,7	-4	1
Rekstrarhagræðing	-	58,6	58,8	0	.
Samtals	**45.320,4**	**44.523,1**	**45.376,0**	**2**	**0**
Rekstrarkostnaður	17.761,7	16.880,0	17.252,5	2	-3
Neyslu-og rekstrartilfærslur	26.077,8	26.387,5	26.928,7	2	3
Stofnkostnaður og viðhald	1.480,9	1.255,6	1.194,8	-5	-19
Samtals	**45.320,4**	**44.523,1**	**45.376,0**	**2**	**0**

Heildarútgjöld eru 45,4 milljarðar króna og aukast um 1% að raungildi frá fjárlögum 1994. Sú breyting hefur verið gerð á framsetningu fjárlagafrumvarps að Atvinnuleysistryggingasjóður og atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna hafa verið flutt til félagsmálaráðuneytis og Hollustuvernd ríkisins til umhverfisráðuneytis. Í meðfylgjandi töflum hefur verið tekið tillit til þessara breytinga. Rekstrarkostnaður og tilfærsluliðir hækka um 1% að raungildi frá fjárlögum 1994, en fjárfesting og viðhald lækka hins vegar um tæp 7%. Fjöldi ársverka hjá ráðuneytinu er nær óbreyttur frá fjárlögum 1994. Á móti fjölgun ársverka í nýjum deildum hjúkrunarheimila og sjúkrahúsa er gerð krafa um hagræðingu hjá stofnunum ráðuneytisins, annarra en sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Að öðru óbreyttu hefðu útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis vaxið milli ára vegna aukinna útgjalda til lífeyris- og sjúkratrygginga sem stafa af breytingum á mannfjölda og aldurssamsetningu þjóðarinnar. Þá hafa verið tekin í notkun ný hjúkrunarheimili og kröfur til sjúkrahúsa fara vaxandi. Til að halda aftur að vexti útgjalda er í frumvarpinu lagt til að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða. Aðgerðir til lækkunar og fjármögnunar rekstrarútgjalda nema samtals um 600 m.kr. Þær helstu eru að Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að fjármagna 175 m.kr. af rekstri hjúkrunarheimila, sértekjur sjúkrahúsa eru auknar um 100 m.kr. og endurskoðun á hlutverki og skipulagi sjúkrahúsaþjónustu í Reykjavík og á landsbyggðinni á að skila 100 m.kr. Þá eru rekstrarútgjöld til heilsugæslu og sjúkraflutninga lækkuð um samtals 100 m.kr. Loks er gengið út frá 80 m.kr. almennri hagræðingu hjá stofnunum ráðuneytisins, annarra en sjúkrahúsanna í Reykjavík. Útgjöld lífeyristrygginga lækka samtals um 850 m.kr. Eins og greint er frá í kafla 6.3 hér að framan er ekki áætlað fyrir eingreiðslum á fjárlagalið lífeyristrygginga, einnig er áformað að endurskoða heimildarbætur lífeyristrygginga í m.a. ljósi nýrra laga um húsaleigubætur. Þá er áformað að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 420 m.kr., þar af eru 200 m.kr. í lyfjakostnaði, 100 m.kr. í sérfræðikostnaði og afgangurinn í meinefnarannsóknum og kostnaði við sjúkraþjálfun. Stofnkostnaður og viðhald lækkar um 40 m.kr. sem dreifist á ýmis verkefni. Samtals lækka útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála um tvo milljarða króna frá því sem hefði orðið ef ekkert hefði verið að gert.

Heildarútgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála hafa lækkað að raungildi um 10% frá árinu 1991, eða um fimm milljarða króna, gangi áform í fjárlagafrumvarpinu eftir. Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamála á áætluðu meðalverðlagi 1995.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Ráðuneyti	124	138	123	118	119
Tryggingamál	29.040	28.419	26.917	25.935	26.660
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	177	183	209	187	167
Sjúkrastofnanir	18.767	17.326	17.393	15.960	16.421
Heilsugæsla	1.858	1.657	1.924	1.553	1.606
Annað	481	358	352	415	404
Samtals	**50.446**	**48.081**	**46.917**	**44.168**	**45.376**

Lækkun útgjalda kemur fram í öllum málefnaflokkum ráðuneytisins frá 1991 til 1995. Tekist hefur að lækka framlög til stofnana og verkefna með því að hagræða í rekstri heilbrigðisstofnana, endurskoða ýmsa þætti í bótakerfi almannatrygginga og auka kostnaðarþátttöku notenda. Til mótvægis við aukna greiðsluþátttöku hefur lífeyrisþegum

og barnafjölskyldum verið sérstaklega hlíft og ný úrræði fundin fyrir þá sem hafa lægstar tekjur og há útgjöld af heilbrigðisþjónustu.

Hér á eftir verður fjallað nánar um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni eru til.

Tryggingamál

Eftirfarandi tafla sýnir helstu útgjaldaliði tryggingamála:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	425,1	388,2	412,6	6	-3
Lífeyristryggingar	15.545,0	15.875,0	15.800,0	0	2
Sjúkratryggingar	9.327,0	9.230,0	9.800,0	6	5
Slysatryggingar	575,0	534,0	540,0	1	-6
Eftirlaunasjóður aldraða	128,0	116,2	107,0	-8	-16
Samtals	**26.000,1**	**26.143,4**	**26.659,6**	**2**	**3**

201 Tryggingastofnun ríkisins, yfirstjórn. Framlag til yfirstjórnar hækkar um 6% frá fjárlögum 1994. Rekstrargjöld og sértekjur lækka vegna brottflutnings sjóða úr umsjón stofnunarinnar. Starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa færast frá Tryggingastofnun ríkisins til nýrrar Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Þá hefur umsjón með Lífeyrissjóði sjómanna flust frá stofnuninni. Tekjur Tryggingastofnunar af umsjón þessara sjóða var nokkru hærri en beinn kostnaður. Stofnunin telur ekki mögulegt að draga úr umsvifum í réttu hlutfalli við minni verkefni þar sem nokkur hagkvæmni er af samrekstri slíkra sjóða, m.a. vegna yfirstjórnar, afgreiðslu og bókhalds. Útgjöld til yfirstjórnar lækka um 40 m.kr. vegna brottflutnings sjóða úr vörslu stofnunarinnar, en að auki um 5,7 m.kr. vegna leiðréttingar á bókfærslu hjálpartækja af yfirstjórn á aðra liði Tryggingastofnunar. Á móti lækka sértekjur um 68 m.kr., að mestu vegna minni tekna af umsjón sjóða.

204 Lífeyristryggingar. Eftirfarandi tafla sýnir helstu bótaflokka lífeyristrygginga:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyris- og örorkubætur	13.092,0	13.296,0	13.100,0	-1	0
Elli- og örorkulífeyrir	4.033,7	4.183,0	4.260,0	3	6
Tekjutrygging	6.195,0	6.150,0	5.950,0	-3	-4
Uppbót o.fl.	1.602,8	1.678,0	1.600,0	-5	-0
Heimilisuppbót	821,6	834,0	860,0	3	5
Sérstök heimilisuppbót	192,6	193,0	190,0	-2	-1
Örorkustyrkur	246,3	258,0	240,0	-7	-3
Barnalífeyrir	529,2	557,0	630,0	13	19
Ekkju-, ekkla- og makabætur	151,2	136,0	150,0	10	-1
Mæðra- og feðralaun	291,2	272,0	270,0	-1	-7
Fæðingarorlof	1.232,3	1.202,0	1.200,0	-0	-3
Bílakaupastyrkir	134,3	154,0	160,0	4	19
Umönnunarbætur	251,2	258,0	290,0	12	15
Mismunur	-136,4	-	-	.	.
Samtals	**15.545,0**	**15.875,0**	**15.800,0**	**0**	**1**

Ár hvert er nokkur vöxtur í útgjöldum lífeyristrygginga vegna breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar og almennari bótarétti. Þar til viðbótar hafa svokallaðar eingreiðslur í kjarasamningum aukið útgjöldin með óreglulegum hætti. Á yfirstandandi ári er áætlað að þær nemi um 600 m.kr. Til að raska ekki jafnvægi ríkisfjármála hefur undanfarin ár verið ráðist í breytingar m.a. á bótakerfi almannatrygginga til að hefja upp útgjöld vegna eingreiðslna. Áformað er að aftengja sjálfvirka hækkun bótagreiðslna lífeyristrygginga vegna ófyrirséðra launabreytinga og miða þær þess í stað við forsendur fjárlaga hverju sinni. Því er nú áætlað fyrir allri hækkun á almennum bótum almannatrygginga á árinu 1995 á liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* hjá fjármálaráðuneyti.

Áformað er að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 250 m.kr. Þar af eru 200 m.kr. vegna endurskoðunar á svokölluðum heimildarbótum í kjölfar upptöku húsaleigubóta og að umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar í sjúkratryggingum vegna þeirra sem hafa háan lyfja- og lækniskostnað. Má líta á þá lækkun sem tilfærslu innan almannatryggingakerfisins. Til viðbótar er stefnt að 50 m.kr. lækkun lífeyristrygginga með almennri endurskoðun bótakerfisins. Að öllu samanlögðu er stefnt að því að útgjöld lífeyristrygginga verði nær óbreytt frá fjárlögum 1994.

206 Sjúkratryggingar. Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að útgjöld sjúkratrygginga nemi 9,8 milljörðum króna og hækki um 6% frá fjárlögum 1994, eða um 570 m.kr., þrátt fyrir áform um 420 m.kr. sparnað, eins og nánar verður vikið að. Samtals er því í raun þörf fyrir tæplega eins milljarðs króna hækkun frá fjárlögum 1994. Skýringin á mikilli hækkun milli ára er sú að útgjöld árið 1994 stefna í að verða umfram forsendur fjárlaga. Það sem skýrir vöxt umfram fjárlög í ár er einkum þrennt: Útgjöld voru að einhverju leyti vanmetin í grunni fjárlaga, áform um sparnað 1994 hafa ekki náð fram að ganga og heimiluð hafa verið útgjöld til hjúkrunarheimila umfram forsendur fjárlaga. Loks stefnir vöxtur í lyfja- og sérfræðilækniskostnaði í að verða mun meiri en áætlað var.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.284,1	2.297,0	2.400,0	4	5
Hjálpartæki	473,3	405,0	440,0	19	-7
Útgjöld skv. 33. gr.	358,4	341,0	320,0	-6	-11
Lækniskostnaður	1.417,6	1.386,0	1.590,0	15	12
Tannlæknakostnaður	677,3	676,0	610,0	-10	-10
Sérreikningar sjúkrastofnana	1.108,1	1.016,0	920,0	-9	-17
Ferða- og flutningskostnaður	144,7	146,0	140,0	-4	-3
Erlendur sjúkrakostnaður	211,7	177,0	180,0	2	-15
Lyfjakostnaður	2.603,6	2.600,0	2.980,0	15	14
Sjúkradagpeningar	224,1	211,0	230,0	9	3
Annað	157,7	82,0	70,0	-15	-56
Sértekjur	-69,4	-77,0	-80,0	4	15
Framkvæmdasjóður aldraðra	-199,0	-30,0	-	.	.
Mismunur á rekstrar- og greiðslugr. o.fl.	-65,2	-	-	.	.
Samtals	**9.327,0**	**9.230,0**	**9.800,0**	**6**	**5**

Nokkur útgjaldavöxtur er í lækniskostnaði og lyfjakostnaði og er allt útlit fyrir að útgjöldin vaxi um 10 til 15% milli áranna 1993 og 1994. Þá er útlit fyrir að kostnaður vegna hjálpartækja verði umfram forsendur fjárlaga. Hluti af skýringunni á hækkun lækniskostnaðar Tryggingastofnunar er að nýtt fyrirtæki í röntgengreiningu, sem fær greitt af sérfræði-

læknislið sjúkratrygginga, tók til starfa á þessu ári. Á móti hefði kostnaður vegna röntgenrannsókna sjúkrastofnana átt að lækka, sbr umfjöllun um St. Jósepsspítala, Landakoti.

Nokkur árangur hefur náðst undanfarin ár í að draga úr svokölluðum sjálfvirkum vexti útgjalda sjúkratrygginga, þótt ekki hafi tekist að hrinda öllum þeim áformum í framkvæmd sem stefnt var að. Þannig frestaðist gildistaka nýrra lyfjalaga og ekki hefur tekist samkomulag við sérfræðilækna um breytingar á samningi um þjónustu þeirra.

Áformað er að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 420 m.kr. frá því sem annars hefði orðið. Í fyrsta lagi er ráðgert að lækka lyfjaútgjöld um 200 m.kr. með aðgerðum í kjölfar þess að gildistökuákvæðum nýrra lyfjalaga um verðlagningu og sölu lyfja verði flýtt. Í öðru lagi er áformað að taka upp tilvísanaskyldu til sérfræðinga og spara með því 100 m.kr. Í þriðja lagi er áformað að bjóða út meinefnarannsóknir fyrir sjúklinga sem þarfnast ekki innlagnar og lækka útgjöld þannig um 70 m.kr. Í fjórða og síðasta lagi er áformað að lækka útgjöld vegna sjúkraþjálfunar um 50 m.kr.

Daggjaldastofnanir	Fjöldi rúma	Reikningur 1993 m.kr.	Daggjald í sept. '94 kr. á rúm	Áætlaður kostnaður á ári m.kr.
Droplaugarstaðir, Reykjavík	36	97	5.628	74
Seljahlíð, Reykjavík	13	37	5.628	27
Hornbrekka, Ólafsfirði	13	30	5.628	27
Dalbær, Dalvík	20	40	5.628	41
Hlíð, Akureyri	75	150	5.628	154
Skjólgarður, Höfn	32	69	5.628	66
Huldulíð, Eskifirði	15	35	5.628	31
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	15	31	4.605	25
Barmahlíð, Reykhólum	13	24	4.605	22
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	12	22	5.628	25
Fellaskjól, Grundarfirði	5	8	4.605	8
Jaðar, Ólafsvík	4	6	4.198	6
Heiðarbær, Kirkjubæjarklaustri	12	14	5.628	25
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	10	12	4.198	15
Hjallatún, Vík í Mýrdal	10	18	5.628	21
Dvalarheimili aldraðra, Þórshöfn	5	11	4.605	8
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	12	26	5.628	25
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík	183	368	5.628	376
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hafnarfirði	146	317	6.010	320
Grund, Reykjavík	146	245	5.000	266
Ás, Hveragerði	64	80	3.581	84
Rauði kross Íslands, Reykjavík	49	31	2.558	46
Vinnuheimili SÍBS, Reykjalundi	166	422	6.872	416
Heimili fyrir heilaskaðaða, Reykjalundi	7	-	9.382	24
Hjúkrunarheimili, Fellsenda	17	19	3.525	22
Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi, Stokkseyri	40	75	5.220	76
Hlíðarbær, Flókagötu 53, Reykjavík	18	18	4.111	19
MS félag Íslands	25	19	3.410	21
Múlabær	42	27	2.504	26
Dvalarheimili við Vesturhlíð	5	5	2.804	5
Lundur, Hellu	12	2	4.198	18
Dagvistarstofnanir	183	56	1.427	65
Samtals	**1.405**	**2.310**	**154.954**	**2.384**
Áætlun miðað við 98% nýtingu rúma				2.336
Annað, verðlag o.fl.				64
Samtals áætlun fjárlagafrumvarps				**2.400**

Framlög til daggjaldastofnana hækka um rúmlega 100 m.kr., eða 4% frá fjárlögum 1994. Stafar hækkunin af rekstri nýrra hjúkrunarrúma sem heimilaður hefur verið á þessu ári. Verða þau í notkun allt næsta ár og sífellt er knúið á um að vistrými aldraðra verði breytt í hjúkrunarrými. Nú er unnið að úttekt á einingarkostnaði hjúkrunarheimila, svipað þeirri sem gerð var um heilsugæslustöðvar. Áætlað er að því verki ljúki fyrir árslok. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis er unnið að undirbúningi þess að gerðir verði samningar milli þeirra sem reka hjúkrunarheimili og ríkisins um þjónustu og greiðslur fyrir hana. Vonast er til að sú vinna ásamt samræmdu vistunarmati nýtist til að bæta áætlanir um fjárframlög til hjúkrunarheimila og stuðli að bættri nýtingu fjármuna. Taflan hér að framan sýnir fjölda hjúkrunarrúma á daggjöldum og áætlaðan kostnað við rekstur stofnana miðað við fulla nýtingu og daggjöld í september 1994.

Áætlað er að meðalnýting rúma sé að jafnaði 98% og getur hún verið mismunandi milli stofnana og ber því að taka tölum um hverja stofnun með fyrirvara.

208 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 540 m.kr. eða svipuð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Sú breyting tók gildi í ársbyrjun 1994 að trygging stjórnenda aflvéla og bifreiða var flutt til almennra tryggingafélaga. Af þeim sökum má búast við að útgjöld slysatrygginga fari lækkandi á næstu árum þegar áfallnar skuldbindingar hafa verið greiddar. Ekki er gert ráð fyrir framlagi í varasjóð slysatrygginga.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 323 Tryggingaeftirlitið; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands og 327 Geislavarnir ríkisins. Stofnunum sem falla undir málefnaflokkinn fækkar um þrjár frá yfirstandandi fjárlögum. Hollustuvernd ríkisins flyst til umhverfisráðuneytis og áformað er að gera verulega breytingu á starfsemi héraðslækna, m.a. með því að færa verkefni til heilsugæslustöðva og Landlæknis.

Heildarframlag til málefnaflokksins er tæplega 167 m.kr. og lækkar um 11% frá fjárlögum 1994, eða um rúmlega 21 m.kr. Áðurnefnd áform um breytingu á embættum héraðslækna lækkar útgjöld um 8 m.kr. Þá er ekki gert ráð fyrir 11 m.kr. framlagi til Krísuvíkursamtakanna undir fjárlagalið Landlæknis. Loks lækka framlög til stofnkostnaðar Heyrnar- og talmeinastöðvar um 2 m.kr. frá fjárlögum.

Sjúkrastofnanir

Undir málefnaflokkinn falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 350-373 Ýmis sjúkrahús; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 400-490 Ýmis sjúkrahús og stofnanir. Málefnaflokkurinn spannar mjög vítt svið, m.a. endurhæfingarstofnanir, hjúkrunarheimili og áfengismeðferðarstofnanir auk sjúkrahúsa. Heildarframlög til sjúkrastofnana eru 16,4 milljarðar króna í frumvarpinu og aukast um 2% frá fjárlögum 1994, eða um 0,5% að raungildi. Stofnunum er bættur kostnaðarauki af kjarasamningi við hjúkrunarfræðinga og framlög til barnaheimila lækkuð þar sem það á við í samræmi við fjárlög 1994. Hér á eftir verður fjallað nánar um einstaka liði málefnaflokksins þar sem tilefni er til. Fyrst er fjallað um stóru sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík, ásamt liðnum *Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi*, en megninu af þeim lið hefur verið ráðstafað til þeirra. Í öðrum hluta er fjallað um aðrar sjúkrastofnanir.

1. Sjúkrahús í Reykjavík. Í samræmi við breytingar á verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík hefur bráðavöktum verið jafnað milli Borgarspítala og ríkisspítala og framlög flutt varanlega af liðnum *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi*. Þá eru framlög til barnaheimila sjúkrahúsanna í Reykjavík lækkuð í samræmi við stefnu í fjárlögum 1994. Í frumvarpi til fjárlaga 1995 er ekki gerð almenn hagræðingarkrafa til sjúkrahúsanna í Reykjavík og er sú stefna óbreytt frá fjárlögum 1994. Aftur á móti er framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri lækkað um 100 m.kr. vegna áforma um að innheimta gjald fyrir svokölluð ferliverk. Er þar um að ræða samræmingu á gjaldtöku fyrir þjónustu sérfræðinga á einkareknum stofum og á sjúkrahúsum vegna þeirra sem þarfnast ekki innlagnar og falla undir ferliverk. Framlög til ríkisspítala og Borgarspítala eru nær óbreytt milli ára. Útlit er fyrir að hallarekstur verði allnokkur á Borgarspítala í ár. Einnig verður nokkur halli á Landakotsspítala vegna þess að ekki varð af áformum í fjárlögum 1994 um breytta verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Á þessum fjárlagalið eru 82,5 m.kr. Með fyrirhuguðum aðgerðum ætti liðurinn að standa í 182,5 m.kr., en hann var lækkaður um 100 m.kr. vegna sparnaðar sem á að nást með breytingu á verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og endurskoðun á þjónustu sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Liðurinn lækkaði því sem áformuðum sparnaði nemur. Gert er ráð fyrir að skipting á sparnaðinum á einstakar stofnanir liggi fyrir við afgreiðslu fjárlaga frá Alþingi og verða framlög til viðkomandi sjúkrahúsa þá lækkuð um 100 m.kr. samtals, en liðurinn hækkaður samsvarandi á móti og verði þannig 182,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð eiga 73 m.kr. að fara í að auka hjarta- og bæklunaraðgerðir og tæplega 30 m.kr. í ýmis önnur rekstrarverkefni. Loks eru 80 m.kr. ætlaðar til stofnkostnaðar sem er lækkun um 20 m.kr. frá fjárlögum 1994.

371 Ríkisspítalar. Framlag til spítalanna hækkar um 4% frá fjárlögum 1994, eða um rúmlega 200 m.kr. Þar af eru 134 m.kr. færðar af fjárlagalið *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi* og breytir því ekki raunverulegu rekstrarumfangi milli ára. Um er að ræða 87 m.kr. vegna yfirtöku bráðavakta frá Borgarspítala á þessu ári og afgangurinn er vegna áhrifa kjarasamninga undangengin ár og fleiri atriða. Framlög til spítalans hækka einnig um 60 m.kr. vegna kjarasamninga við hjúkrunarfræðinga. Á móti aukningu útgjalda eru sértekjur hækkaðar um 50 m.kr. vegna innheimtu á tekjum af ferliverkum eins og þegar hefur komið fram. Verðlagsuppfærsla annarra gjalda skýrir að mestu aðrar hækkanir. Framlög til stofnkostnaðar eru óbreytt frá fjárlögum 1994.

372 Borgarspítalinn. Framlög til Borgarspítalans eru 6% hærri en í fjárlögum ársins 1994, sem er hækkun um 150 m.kr. Hækkunin skýrist af 50 m.kr. framlagi vegna fyrirhugaðrar yfirtöku á barnadeild Landakotsspítala. Þá eru 45 m.kr. færðar af liðnum *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi* og breytir því ekki umfangi milli ára, þar af eru 14 m.kr. vegna reksturs háþrýstiklefa. Loks er 35 m.kr. hækkun vegna kjarasamninga við hjúkrunarfræðinga. Sértekjur Borgarspítalans af núverandi starfsemi lækka um 20 m.kr. en hækka á móti um 15 m.kr. vegna tekna af ferliverkum. Aðrar breytingar eru minni og mismunur skýrist af verðlagsuppfærslu annarra rekstrargjalda. Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds eru óbreytt milli ára.

373 St. Jósepsspítali, Landakoti. Framlag til spítalans er nær óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1994. Af liðnum *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi* eru færðar 5,5 m.kr. og vegna kjarasamninga hjúkrunarfræðinga er framlagið aukið um 10,6 m.kr. Gert er ráð fyrir

að sértekjur af ferliverkum aukist um 15 m.kr. á næsta ári. Þá lækka sértekjur af núverandi starfsemi um 43,5 m.kr. vegna minni tekna af röntgengreiningu og minni umsvifa. Áætlað er að önnur rekstrargjöld lækki til samræmis við lækkun sértekna, eða um 43,5 m.kr. Framlög til viðhalds og stofnkostnaðar eru óbreytt milli ára. Áformað er að áfram verði unnið að breytingu á verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og barnadeild Landakotsspítala verði flutt til Borgarspítala og ríkisspítala í lok yfirstandandi árs.

2. Aðrar sjúkrastofnanir. Undir þennan lið falla sjúkrastofnanir á landsbyggðinni og í Reykjavík, að frátöldum sjúkrahúsunum þremur sem fjallað er um í kaflanum hér að framan. Gert er ráð fyrir að hlutverk sjúkrahúsa á landsbyggðinni verði tekið til endurskoðunar með skipulagsbreytingar í huga, sem að meðtöldum sparnaði vegna sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík á að skila 100 m.kr. sparnaði. Þá er gert ráð fyrir almennri hagræðingarkröfu á launalið sjúkrahúsanna er nemur 80 m.kr. samtals, sem þeim er ætlað að mæta með aukinni hagkvæmni í rekstri. Framlög til annarra sjúkrastofnana hækka um rúmlega 163 m.kr. frá fjárlögum 1994, eða um 3%. Helstu breytingar eru þær að framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði hækkar um 27 m.kr. vegna opnunar nýrrar hjúkrunarálmu. Framlög til reksturs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru nær óbreytt frá fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir 10 m.kr. framlagi vegna kjarasamnings við hjúkrunarfræðinga en á móti hækka sértekjur vegna ferliverka um sömu fjárhæð. Framlag til hjúkrunarheimilisins Víðihlíð, Grindavík hækkar um tæplega 30 m.kr., en það verður í fullum rekstri á næsta ári. Framlag til hjúkrunarheimilisins Eirar í Reykjavík hækkar úr 70 m.kr. í 125,6 m.kr., en gert er ráð fyrir fullum rekstri 120 rúma á næsta ári. Áætlað er að rekstrarkostnaður hjúkrunarheimilisins Eirar verði samtals 300 m.kr. á ári, miðað við fullan rekstur. Mismunurinn, eða um 175 m.kr., verður greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra á næsta ári. Framlög til meðferðarstofnunar SÁÁ og Hlaðgerðarkots hækka vegna þess að fallið var frá innheimtu meðferðargjalda. Framlag til Víðiness hækkar um tæplega 5 m.kr. þar sem hluti af sparnaði í ár er dreginn til baka. Sértekjur stofnunarinnar eru einnig hækkaðar án þess að það komi niður á nettó framlagi úr ríkissjóði.

Framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa eru á fjárlagaliðunum 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 372 Borgarspítalinn; 373 St. Jósepsspítali, Landakoti og 385 Framkvæmdasjóður aldraðra. Samtals nema framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á framangreindum fjárlagaliðum 933 m.kr. og lækka um 61 m.kr. frá fjárlögum 1994. Stærsti hluti lækkunarinnar fellur á liðinn 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir, eða 51 m.kr. Framlag til nýbyggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hækkar um 10 m.kr. og verður 40 m.kr. í samræmi við samning um framkvæmdina.

Greiðslugrunnur	Stöðu-gildi	Fjöldi rúma	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn %
Sjúkrahúsið Akranesi	161,0	93	419	409	405	-1	-3
Sjúkrahúsið Patreksfirði	31,5	24	73	69	71	3	-3
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	67,5	30	173	166	191	15	11
Sjúkrahús A-Hún. Blönduósi	56,6	40	115	113	115	2	0
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	121,6	84	265	260	260	0	-2
Sjúkrahúsið Siglufirði	53,0	43	126	124	126	1	-0

Greiðslugrunnur	Stöðu-gildi	Fjöldi rúma	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn %
Fjórðungssjúkrahúsið, Akureyri	403,0	214	1.141	1.160	1.169	1	2
Sjúkrahúsið Húsavík	98,0	62	229	225	226	0	-1
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	32,0	26	85	86	87	2	3
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	60,0	44	166	161	159	-1	-4
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39,0	32	97	95	96	2	-0
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	93,5	61	214	209	210	0	-2
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,8	40	170	167	171	2	0
Sjúkrahús Suðurnesja	72,0	36	190	173	173	0	-9
Hjúkrunarheimilið Víðihlíð, Grindavík	23,6	28	38	31	60	95	58
Sólvangur, Hafnarfirði	123,7	101	216	217	218	0	1
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	98,0	53	193	200	200	-0	3
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	46,0	42	100	97	99	2	-0
Sjúkrahús Hvammstanga	38,5	35	87	86	87	2	0
Sjúkrahús Bolungarvíkur	20,0	18	43	42	43	1	-1
Sjúkraskýlið Hólmavík	12,0	13	26	25	26	1	0
Sjúkraskýlið Þingeyri	7,0	4	12	12	12	2	1
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5,0	7	11	11	12	11	10
Sundabúð II, Vopnafirði	13,0	12	27	26	26	0	-2
Sunnuhlíð, Kópavogi	58,0	54	117	117	119	2	2
Hjúkrunarheimilið Skjól	129,0	106	264	262	263	0	-1
Hjúkrunarheimilið Eir	78,0	74	70	71	126	77	79
Garðvangur, Garði	42,0	41	94	95	97	2	4
Meðferðarstofnanir SÁÁ	79,0	120	186	184	201	10	8
Víðines	24,6	67	76	62	67	8	-12
Hlaðgerðarkot	16,0	30	41	33	36	8	-12
Sjálfsbjörg, hjúkr.- og endurhæf.stofn.	91,0	45	170	167	167	-0	-2
Heilsuhæli NLFÍ	70,0	160	193	189	192	1	-0
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	26,1	7	72	71	70	-1	-3
Samtals	**2.311,0**	**1.846**	**5.496**	**5.414**	**5.578**	**3**	**2**

Heilsugæsla

Framlög til heilsugæslu hækka um 3%, eða um 40 m.kr. Hækkunin stafar m.a. af því að samið hefur verið við Reykjavíkurborg um sjúkraflutninga í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, Kópavogi og í Mosfellsbæ og greiðir ríkissjóður um 100 m.kr. vegna þeirra árlega. Undanfarið hafa sjúkraflutningar í landinu öllu verið í sérstakri skoðun hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Stefnt er að því að semja við einn eða fleiri aðila um sjúkraflutninga á stórum svæðum eða bjóða þá út á tilteknum stöðum. Talið er að hagræða megi nokkuð í þessum rekstri og er gert ráð fyrir að lækka útgjöldin um 50 m.kr. á næsta ári.

Í kjölfar skýrslu Hagsýslu ríkisins um samanburð á einingarkostnaði heilsugæslustöðva er ráðgert að lækka rekstrarkostnað við heilsugæslu í landinu um 50 m.kr. á næsta ári. Skýrslan sýnir að framlög til heilsugæslustöðva eru mjög mismunandi milli sambærilegra stöðva og hægt sé að nýta fé ríkissjóðs betur en nú er gert með breyttu skipulagi. Til upplýsinga er eftirfarandi tafla tekin úr skýrslunni, en vísað er til athugasemda þar. Rétt er þó að taka fram að rekstrartölur eru miðaðar við reikning 1992 og eru án sjúkraflutninga, húsaleigu og fleiri ósambærilegra þátta.

Heilsugæslustöð	Rekstrar-kostnaður þús.kr., 1992	Fjöldi unninna verka	Fjöldi verka á íbúa	Kostnaður kr. á hvern íbúa	Kostnaður kr. á hvert verk
Raufarhöfn	12.361	3.349	9,0	33.229	3.691
Flateyri	11.179	1.747	3,8	24.092	6.399
Kópasker	10.365	2.016	4,0	20.688	5.141
Þingeyri	7.972	1.784	3,2	14.135	4.469
Þórshöfn	15.159	2.200	3,6	24.729	6.890
Kirkjubæjarklaustur	10.609	3.664	5,8	16.893	2.895
Samtals	**67.645**	**14.760**	**4,7**	**21.529**	**4.583**
Vík í Mýrdal	8.793	4.063	5,2	11.172	2.164
Grundarfjörður	8.797	4.437	5,2	10.289	1.983
Seyðisfjörður	10.212	3.192	3,6	11.423	3.199
Hólmavík	10.699	3.843	4,1	11.529	2.784
Djúpivogur	16.245	3.254	3,3	16.696	4.992
Samtals	**54.746**	**18.789**	**4,2**	**12.338**	**2.914**
Vopnafjörður	15.356	4.089	4,0	15.055	3.756
Fáskrúðsfjörður	12.567	4.158	3,7	11.092	3.022
Bolungarvík	8.941	5.057	4,2	7.482	1.768
Ólafsfjörður	11.335	4.179	3,5	9.438	2.712
Búðardalur	16.934	5.208	4,3	13.812	3.251
Þorlákshöfn	11.109	6.102	4,6	8.328	1.821
Stykkishólmur	14.422	6.370	4,4	9.932	2.264
Samtals	**90.664**	**35.163**	**4,1**	**10.590**	**2.578**
Hella	11.977	8.572	5,6	7.772	1.397
Hvolsvöllur	9.597	5.401	3,5	6.152	1.777
Hvammstangi	12.660	5.688	3,6	7.967	2.226
Neskaupstaður	10.902	4.115	2,3	6.187	2.649
Eskifjörður	21.482	9.558	5,3	11.928	2.248
Patreksfjörður	18.529	9.109	4,9	9.930	2.034
Ólafsvík	23.307	11.721	6,2	12.391	1.989
Siglufjörður	12.038	9.561	5,0	6.296	1.259
Hveragerði	9.572	4.250	2,2	4.949	2.252
Grafarvogur	14.007	5.123	2,6	7.046	2.734
Samtals	**144.071**	**73.098**	**4,1**	**8.078**	**1.971**
Laugarás	17.204	7.846	3,6	7.795	2.193
Höfn í Hornarfirði	20.425	12.280	5,2	8.567	1.663
Dalvík	15.013	6.574	2,7	6.217	2.284
Blönduós	18.428	7.830	3,2	7.413	2.354
Egilsstaðir	24.583	10.757	3,5	7.948	2.285
Borgarnes	27.500	16.240	4,6	7.770	1.693
Samtals	**123.153**	**61.527**	**3,8**	**7.638**	**2.002**
Ísafjörður	40.174	29.987	7,2	9.630	1.340
Húsavík	30.330	10.202	2,4	7.185	2.973
Sauðárkrókur	25.935	13.749	3,1	5.762	1.886
Hlíðar	23.899	16.687	3,6	5.181	1.432
Fossvogur	25.196	15.268	3,2	5.262	1.650
Reykjalundur	29.092	22.287	4,3	5.639	1.305
Mjódd	24.569	19.133	3,4	4.401	1.284
Selfoss	34.742	23.352	4,0	5.978	1.488
Akranes	28.157	18.581	3,2	4.800	1.515
Samtals	**262.094**	**169.246**	**3,8**	**5.861**	**1.549**

Heilsugæslustöð	Rekstrar-kostnaður þús.kr., 1992	Fjöldi unninna verka	Fjöldi verka á íbúa	Kostnaður kr. á hvern íbúa	Kostnaður kr. á hvert verk
Miðbær	29.015	20.935	3,1	4.285	1.386
Garðabær	24.288	15.700	2,1	3.295	1.547
Árbær	33.450	23.582	3,2	4.478	1.418
Efra-Breiðholt	37.387	30.427	3,8	4.724	1.229
Álftamýri í Reykjavík	33.794	22.549	2,4	3.648	1.499
Seltjarnarnes	59.293	39.982	3,9	5.785	1.483
Samtals	**217.227**	**153.175**	**3,1**	**4.430**	**1.418**
Suðurnes	74.629	50.669	3,3	4.818	1.473
Kópavogur	61.233	49.661	3,0	3.636	1.233
Hafnarfjörður	67.731	52.922	3,1	3.929	1.280
Akureyri	100.327	57.381	3,3	5.781	1.748
Samtals	**303.920**	**210.633**	**3,2**	**4.541**	**1.443**
Samtals allt landið	**1.263.519**	**736.391**	**3,5**	**5.995**	**1.716**

Gert er ráð fyrir að fyrstu skrefin í átt til breytinga á starfsháttum og fjármögnun verði tekin á næsta ári. Að meðtöldum áformuðum 50 m.kr. sparnaði í sjúkraflutningum er sparnaður í málefnaflokknum 100 m.kr. og er hann færður undir safnliðinn *500 Heilsugæslustöðvar almennt*. Stefnt er að því að búið verði að skipta sparnaðinum á einstakar stöðvar við afgreiðslu fjárlaga. Aðrar breytingar eru minni: Á liðnum heilsugæslustöðvar almennt eru færðar 10 m.kr. vegna aukinnar heimahjúkrunar og stækkunar heilsugæslustöðva í Reykjavík. Þá eru gæsluvaktir fluttar frá stöðinni í Garðabæ til stöðvarinnar í Hafnarfirði og 3,4 m.kr. færðar þar á milli. Loks er framlag til heilsugæslustöðvarinnar á Reykjalundi hækkað vegna hallareksturs undanfarin ár og framlag til heilsugæslustöðvarinnar á Neskaupstað hækkar vegna þess að hluti sértekna er fluttur yfir á sjúkrahúsið. Sértekjur allnokkurra heilsugæslustöðva aukast frá fjárlögum 1994 og er það í flestum tilfellum látið renna óskert til reksturs þeirra.

Annað

Málefnaflokkurinn nær til ýmissar starfsemi sem fellur undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: 330 Manneldisráð; 340 Málefni fatlaðra, 393-396 Lyfjamál; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 601 Ljósmæðraskóli Íslands og 621 Áfengisvarnir og bindindismál. Samtals lækkar liðurinn um tæplega 15 m.kr., eða um 4% frá fjárlögum. Lækkunin kemur öll á liðinn *399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi*, sem lækkar um tæplega 17 m.kr. en á móti hækkar framlag til Málefna fatlaðra og til lyfjamála um 1 m.kr. hvor liður. Tímabundið framlag til Landlæknis vegna rannsókna á slysum og þróun myndsendibúnaðar, 5 m.kr., fellur niður og þá fellur niður 10 m.kr. framlag til Bláalónsnefndar sem ljúka mun störfum á yfirstandandi ári.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	403,5	402,3	403,7	0	0
Skatta-, tolla- og innheimtumál	1.522,6	1.496,2	1.558,3	4	2
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.198,0	1.275,2	2.465,0	.	.
Vextir	9.731,9	11.450,0	12.000,0	5	23
Annað	1.276,7	1.572,0	1.549,1	-1	21
Rekstrarhagræðing	-	5,2	3,1	-40	.
Samtals	**14.132,7**	**16.200,9**	**17.979,2**	**11**	**27**
Rekstrarkostnaður	2.428,5	2.366,2	2.419,7	2	-0
Verðbætur	-	65,2	1.330,0	.	.
Vextir	9.731,9	11.450,0	12.000,0	5	23
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.227,7	1.335,6	1.335,2	-0	9
Stofnkostnaður og viðhald	744,6	983,9	894,3	-9	20
Samtals	**14.132,7**	**16.200,9**	**17.979,2**	**11**	**27**

Heildarútgjöld ráðuneytisins lækka um tæp 3% að raungildi miðað við gildandi fjárlög ef vaxtagreiðslur ríkissjóðs og launa- og verðlagsmál er frátalið.

Breytingar á útgjöldum til hækkunar nema um 1.959,3 m.kr. frá fjárlögum 1994. Þar vega þyngst 1.264,8 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsmála, en framlaginu er ætlað að mæta launabreytingum ríkisstarfsmanna og hækkun tryggingabóta. Að auki hækka vaxtagreiðslur um 550 m.kr., innheimtukostnaður um 62,8 m.kr, framlag til Gjaldheimtunnar í Reykjavík hækkar um 32,7 m.kr. og til Skattstofunnar í Reykjavík um 18,7 m.kr. Ýmsir útgjaldaliðir lækka samtals um 181 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Mest munar um 75 m.kr. lækkun vegna ríkisábyrgða. Þá lækkar framlag vegna ýmissa útgjalda í skattamálum um 69,5 m.kr. og framlag til framkvæmda á vegum Fasteigna ríkissjóðs lækkar um 15 m.kr.

Fjöldi ársverka fyrstu sex mánuði 1994 samanborið við sama tímabil 1993 hefur aukist um 2,7% í ráðuneytinu. Fjölgunin er að mestu tengt nýju embætti Skattrannsóknarstjóra ríkisins og auknu skatteftirliti hjá skattstofum. Samanborið við fjárlög 1994 fækkar áætluðum ársverkum á árinu 1995 um 1,1%. Ástæður þessa eru m.a. að stefnt er að lægri eftirlitskostnaði með innheimtu olíugjalds í stað þungaskatts og gert er ráð fyrir hagræðingu í starfsmannahaldi nokkurra stofnana ráðuneytisins.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Rekstrarkostnaður	2.721	2.390	2.502	2.399	2.420
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.352	1.537	1.282	1.372	1.335
Viðhald og stofnkostnaður	2.063	1.169	777	1.011	894
Launa- og verðlagsmál	-	-	-	67	1.330
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	10.952	8.922	10.160	11.759	12.000
Samtals	**17.088**	**14.017**	**14.722**	**16.607**	**17.979**

Í töflunni hér að framan eru sýnd útgjöld fjármálaráðuneytis árin 1991-1993 samanborið við áætluð útgjöld í fjárlögum 1994 og frumvarpi til fjárlaga 1995. Fjárhæðir eru allar á sambærilegu verðlagi. Þar sem breytingar hafa orðið við tilflutning á stofnunum milli ráðuneyta er tekið tillit til þeirra.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla; 105 Ríkislögmaður og 199 Ráðstöfunarfé.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	265,5	258,7	258,5	-0	-3
Ríkisbókhald	91,2	88,5	89,7	1	-2
Ríkisfjárhirsla	30,1	30,0	30,2	1	0
Ríkislögmaður	16,7	19,1	19,3	1	16
Ráðstöfunarfé	-	6,0	6,0	-	.
Samtals	**403,5**	**402,3**	**403,7**	**0**	0

Skatta-, tolla- og innheimtumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skattamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 251 Gjaldheimtan í Reykjavík; 259 Gjaldheimta Suðurnesja; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	310,2	300,4	292,1	-3	-6
Skattstofur	430,5	416,7	457,6	10	6
Skattamál, ýmis útgjöld	25,4	102,2	32,7	-68	29
Yfirskattanefnd	37,8	36,4	39,2	8	4
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	51,3	55,3	55,5	0	8
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	330,3	249,1	345,0	38	4
Tollaembætti	337,1	336,1	336,2	0	-0
Samtals	**1.522,6**	**1.496,2**	**1.558,3**	**4**	**2**
Rekstrarkostnaður	1.455,0	1.451,0	1.481,3	2	2
Stofnkostnaður	67,6	45,2	77,0	70	14
Samtals	**1.522,6**	**1.496,2**	**1.558,3**	**4**	**2**

Heildarframlag til þessa málaflokks hækkar um 4% frá gildandi fjárlögum. Hækkunina má að mestu rekja til laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. *Skattamál, ýmis útgjöld* lækkar m.a. vegna flutnings fjárveitingar af *skatteftirliti* yfir á skattstofur.

201 Ríkisskattstjóri. Heildarframlag lækkar um 3% miðað við fjárlög 1994. *Yfirstjórn* hækkar um 4 m.kr. vegna tveggja stöðugilda í skatteftirlit. Á móti lækkar liðurinn *212-1.10 Skatteftirlit* um sömu fjárhæð. *Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa* lækka um 10,1 m.kr. miðað við gildandi fjárlög en ætlunin er að hagræða m.a. með sameiningu útsendra gagna. Auk þess lækkar framlag til kaupa á tækjum og búnaði um 3 m.kr.

202 - 211 Skattstofur og 212 Skattamál, ýmis útgjöld. Framlög lækka um 28,6 m.kr. frá fjárlögum 1994. Viðfangsefnið *skatteftirlit* lækkar um 49,4 m.kr. frá fjárlögum 1994. Í fjárlögum 1994 voru 63,7 m.kr. veittar á óskiptum lið til skatteftirlits og stafar lækkunin að mestu leyti af tilflutningi á framlagi á skattstofur og önnur skattaembætti. Í hlut skattstofa koma 34 m.kr., þar af til *Skattstofunnar í Reykjavík* 14 m.kr. og *Skattstofu Reykjaness* 8 m.kr. Skattstofan í Reykjavík fær auk þess 4,1 m.kr. hækkun á framlagi vegna aukins rekstrarkostnaðar við stærra húsnæði. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttum rekstri á öllum skattstofum landsins. Í yfirliti hér á eftir eru borin saman raunveruleg og áætluð rekstrargjöld skattstofa á hvern íbúa sextán ára og eldri, á verðlagi hvers árs (miðað er við íbúafjölda 1. desember 1993):

Skattstofur	Rekstrargjöld á íbúa		
	Reikningur 1993 kr.	Fjárlög 1994 kr.	Frumvarp 1995 kr.
Skattstofan í Reykjavík	2.114	2.003	2.244
Skattstofa Vesturlands	2.491	2.587	2.819
Skattstofa Vestfjarða	2.850	2.763	3.070
Skattstofa Norðurlands vestra	2.652	2.507	2.520
Skattstofa Norðurlands eystra	2.437	2.305	2.616
Skattstofa Austurlands	2.495	2.326	2.548
Skattstofa Suðurlands	2.460	2.443	2.460
Skattstofa Vestmannaeyja	3.301	3.102	3.358
Skattstofa Reykjaness	1.620	1.642	1.812

Viðfangsefnið *212-1.30 Skattkerfisbreytingar* fellur niður en framlag í fjárlögum 1994 nam 20,2 m.kr.

251 - 259 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður. Framlög hækka um 95,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er vegna *innheimtukostnaðar*, eða um 62,8 m.kr. og 32,7 m.kr. eru vegna *Gjaldheimtunnar í Reykjavík*. Ýmsar aukatekjur ríkissjóðs, svo sem gjöld fyrir fullnustuaðgerðir, sem innheimtumaður ríkissjóðs greiðir í ríkissjóð, eru færð á tekjuhlið ríkisreiknings, en á gjaldahlið, viðfangsefni *250-1.10 Ýmis innheimtukostnaður*, færist útlagður kostnaður innheimtumannanna vegna sömu gjalda. Beri aðgerð árangur endurgreiðir gerðarþoli gjaldið og færist sú greiðsla þá sem sértekjur til lækkunar á útlögðum kostnaði innheimtumanna. Á áðurnefnt viðfangsefni færist einnig kostnaður við búskipti, þóknun Póst- og símamálastofnunarinnar og Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fyrir innheimtu gjalda o.fl. Vegna þeirrar óvissu sem ávallt ríkir um fjölda fjárnámsgerða og búskipta hefur reynst erfitt að áætla fjárframlag á þennan lið. Ekki er áætlað fyrir framlagi vegna *þungaskattsálagningar með ökumælum* á næsta ári þar sem verkefnið hefur verið fært yfir til Vegagerðar ríkisins og stefnt er að innheimtu olíugjalds í stað þungaskatts. Framlagið er 5,6 m.kr. í gildandi fjárlögum.

261 - 262 Tollaembætti. Heildarframlög eru óbreytt miðað við fjárlög 1994. Rekstrarframlag til embættis ríkistollstjóra lækkar um 1,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ætlast er til að lækkuninni verði mætt með hagræðingu í starfsmannahaldi og samdrætti í aðkeyptri þjónustu. Rekstrarfjárveiting til Tollstjórans í Reykjavík lækkar um 3,9 m.kr. frá fjárlögum 1994 en gert er ráð fyrir að t.d. með breyttum afgreiðslutíma megi ná fram þessum sparnaði. Framlag til kaupa á tækjum og búnaði hækkar hins vegar um 5,5 m.kr. og

verður 9 m.kr. Breytingar á tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs kalla á töluverðan stofnkostnað í tölvubúnaði.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur og 989 Launa- og verðlagsmál.

*381 **Uppbætur á lífeyri.*** Á þennan lið eru færðar greiðslur ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna en ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins almenna hækkun á áður úrskurðuðum lífeyrisgreiðslum vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að LSR, ábyrgjast og greiða þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af skuldabréfaeign. Framlag A-hluta ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins lækkar um 85 m.kr. frá fjárlögum 1994 vegna lægri verðbólgu og aukinna vaxtatekna sjóðsins. Á þennan lið eru einnig færðar greiðslur lífeyris samkvæmt sérlögum, m.a. til fyrrverandi hæstaréttardómara og starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Með lögum nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, yfirtók ríkissjóður ábyrgð bankans á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Áætlun um uppbætur á lífeyri sundurliðast annars sem hér segir:

Áætlunarliðir	m.kr.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-hluti	575
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	45
Lífeyrissjóður alþingismanna	110
Lífeyrissjóður ráðherra	15
Ljósmæðraeftirlaun	10
Lífeyrir hæstaréttardómara o.fl.	75
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	30
Eftirlaun skv. ákvörðun bankaráðs Útvegsbanka Íslands	30
Samtals	**890**

*971 **Ríkisábyrgðir og tjónabætur.*** Greiðslur sem ætla má að falli á ríkissjóð vegna tapaðra ábyrgða á næsta ári eru áætlaðar 225 m.kr. Hér er um 75 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1994 að ræða. Vísað er til umfjöllunar um Lánasýslu ríkisins í 7. kafla um nánari athugasemdir. Framlag vegna fjármunatjóna, er stofnanir ríkisins verða fyrir og skyldutryggingar ná ekki til, er 20 m.kr. í frumvarpinu og er því óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1994.

*989 **Launa- og verðlagsmál.*** Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1995. Launagjöld einstakra stofnana í frumvarpinu sem og bætur almannatrygginga eru miðaðar við það launastig sem nú gildir og hefur þá verið tekið tillit til kjarasamninga og kjaraúrskurða sem tekið hafa gildi á árinu 1994. Helstu launa- og verðlagsforsendur eru nánar skýrðar í 4. kafla og inngangi að 6. kafla. Þar kemur fram að horfur um tekjur og verðlag á næsta ári mótast af nokkurri óvissu um niðurstöðu kjarasamninga. Spá Þjóðhagsstofnunar um tekjuþróun tekur mið af almennum skilyrðum þjóðarbúsins. Í þessu felst að tekjur almennt hækka í takt við aukinn hagvöxt og þjóðartekjur. Þessar forsendur liggja til grundvallar tekjuáætlun. Til þess að gæta samræmis milli tekna- og

gjaldahliðar er ætlað fyrir launabreytingum á næsta ári með því að færa 1.300 m.kr. á launa- og verðlagslið fjárlagafrumvarps. Þetta samsvarar um 2 ½ % hækkun launa, atvinnuleysistrygginga, lífeyrisbóta og launatengdra þátta sjúkratrygginga. Ávallt hafa starfsaldurshækkanir, flokkatilfærslur og fleiri samningsbundin ákvæði í för með sér nokkra útgjaldaaukningu, en einnig er gert ráð fyrir að almennar og sérgreindar launahækkanir vegna kjarasamninga og kjaraúrskurða hafi nokkra hækkun í för með sér á næsta ári. Hvað breytingar á bótum almannatrygginga varðar þá er miðað við að m.a. sé rúm til að mæta hækkunum á bótagreiðslum, sem svara til orlofs- og desemberuppbóta lífeyristrygginga. Þær og aðrar hækkanir bóta eru ákvörðunaratriði stjórnvalda og tengjast m.a. fyrirhugaðri uppstokkun á heimildarbótum sem greint er frá í umfjöllun um bætur lífeyristrygginga. Einnig ráðast ákvarðanir um hækkun bóta að einhverju marki af almennum launa- og verðbreytingum í þjóðfélaginu. Að lokum eru 30 m.kr. ætlaðar til að mæta ófyrirséðum stofnkostnaðargreiðslum vegna verðbóta á verksamningum sem ríkissjóður er eða verður skuldbundinn af.

Vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1995 nemi um 12.000 m.kr. Nokkur óvissa ríkir um væntanleg lánskjör, bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum. Flestar innlendar skuldir til lengri tíma eru bundnar föstum vöxtum og tengdar lánskjaravísitölu. Hlutdeild óverðtryggðra lána til skemmri tíma, svo sem ríkisvíxlar og ríkisbréf, hefur vaxið hin síðustu ár. Vaxtagreiðslur vegna þeirra hafa því aukist en á móti kemur að vextir hafa lækkað milli ára. Að undanförnu hefur verið unnið að því að skuldbreyta erlendum lánum með breytilegum vöxtum í lán með föstum vöxtum, þegar erlendir langtímavextir hafa verið hagstæðir.

Áætlaðar breytingar á vaxtagreiðslum ríkissjóðs á árinu 1995 samanborið við áætlun 1994 eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi hækka vextir af erlendum lánum um 650 m.kr. Ástæðan er annars vegar auknar erlendar lántökur vegna hallareksturs ríkissjóðs á undanförnum árum og hins vegar hækkun á erlendum skammtímavöxtum að undanförnu. Í öðru lagi hækka vaxtagreiðslur af innlausn spariskírteina um 500 m.kr. vegna lokagjalddaga á stórum flokki sem gefinn var út á árinu 1990. Loks lækka vaxtagreiðslur vegna ríkisvíxla og ríkisbréfa um 700 m.kr. vegna lækkunar skammtímavaxta milli ára og minni halli á ríkissjóði.

Innheimtir vextir af þeim lánum sem ríkissjóður endurlánar öðrum aðilum eru áætlaðir um 2,5 milljarðar króna og færast um tekjuhlið frumvarpsins. Hreinar vaxtagreiðslur eru því áætlaðar um 9,5 milljarðar eða 8,2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Í yfirliti hér á eftir er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1992-1994:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Spariskírteini	1.283	2.200	2.700
Önnur innlend lán	594	600	700
Skammtímalán	2.085	2.000	1.300
Erlend lán	5.770	6.650	7.300
Samtals	**9.732**	**11.450**	**12.000**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdasýslan; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 995 Skýrsluvélakostnaður og 999 Ýmislegt.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	77,8	43,0	43,5	1	-44
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,1	410,0	410,0	-	.
Framkvæmdasýslan	5,8	5,0	4,5	-10	-22
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	307,5	60,0	45,0	-25	-85
Ríkisstjórnarákvarðanir	-	150,0	150,0	-	.
Skýrsluvélakostnaður	429,1	450,7	441,8	-2	3
Ýmislegt	456,4	453,3	454,3	0	-0
Samtals	**1.276,7**	**1.572,0**	**1.549,1**	**-1**	**21**

402 Fasteignamat ríkisins. Með lögum nr. 51/1994, um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, var fellt niður ákvæði laga nr. 94/1976 þar sem kveðið var á um að Fasteignamat ríkisins væri A-hluta stofnun. Stofnunin er sett fram í B-hluta fjárlagafrumvarpsins. Framlag úr ríkissjóði er óbreytt frá áætlun fjárlaga 1994 eða 43,5 m.kr. Um frekari athugasemdir er vísað til umfjöllunar um Fasteignamat ríkisins í 7. kafla.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Fjárveiting til þessa er 410 m.kr. Heimildargrein frumvarpsins skiptist þannig: Í fyrsta lagi er ríkisstjórn og fjármálaráðherra veitt heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar, sem leiðir af nýjum lögum og sérstökum ákvörðunum. Í öðru lagi eru heimildir um eftirgjöf gjalda sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í frumvarpinu. Í þriðja lagi eru heimildir til eignasölu og er áætlað fyrir sölutekjum í tekjugrein frumvarpsins. Í fjórða lagi eru heimildir til eignakaupa og lántöku sem þeim fylgir. Loks eru ýmsar útgjaldaheimildir, m.a. heimild til að verja allt að 20% af andvirði seldra ríkisfyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna. Áætlað er að þessi fjárhæð geti numið um 100 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt frá áætlun fjárlaga 1994.

901 Framkvæmdasýslan. Stjórn Ríkiskaupa, áður Innkaupastofnunar ríkisins, ákvað að skilja rekstur Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, sem nú heitir Framkvæmdasýslan, frá rekstri Ríkiskaupa, þ.á m. fjárreiður og bókhald. Ríkiskaup munu hins vegar sjá um greiðsluþjónustu fyrir stofnunina. Rekstrargjöld Framkvæmdasýslunnar eru áætluð 51,2 m.kr. á næsta ári og sértekjur 50 m.kr. Áætlað framlag ríkissjóðs nemur 4,5 m.kr. en þar af eru 3,3 m.kr. ætlaðar til stofnkostnaðar.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Á þessum lið eru færðar fjárveitingar til ýmissa framkvæmda á vegum ríkisins. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í endurnýjun og breytingum á stjórnsýsluhúsi Akraness er áætluð 20 m.kr. á næsta ári. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi yfirlits:

Viðfangsefni	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Stjórnsýsluhús Akranesi	27	20
Tollhúsið við Tryggvagötu	5	-
Sölvhólsgata 7	10	-
Sölvhóll	8	10
Listaskóli, Laugarnesi	10	15
Samtals	**60**	**45**

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Á þennan fjárlagalið eru færð framlög sem ríkisstjórnin mun ráðstafa. Liðurinn skiptist í tvö viðfangsefni. Hið fyrra er *til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar*. Framlagið er sem fyrr 100 m.kr. og er því ætlað að mæta ýmsum ófyrirséðum útgjöldum sem ekki teljast vera á ábyrgð einstakra ráðherra heldur ríkisstjórnarinnar allrar. Í annan stað er áformað að verja 50 m.kr. til *aðildar Íslands að EES o.fl.* Framlagi þessu er annars vegar ætlað að mæta óvissum útgjöldum vegna starfsemi EFTA og einnig til að styrkja markaðssókn íslenskra fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu.

995 Skýrsluvélakostnaður. Á þessum lið er áætlað fyrir útgjöldum vegna rekstrar, viðhalds og nýsmíði stærstu upplýsingakerfa ríkisins. Til stofnkostnaðar teljast allar meiri háttar endurbætur eldri forrita og hönnunar hugbúnaðar. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útgjöld vegna skýrsluvélakostnaðar lækki um 8,9 m.kr. frá fjárlögum 1994 og verði 441,8 m.kr. Eitt nýtt viðfangsefni, *hugbúnaðargerð fyrir BÁR*, hefur bæst við þennan lið. Til þessa verkefnis eru ætlaðar 10 m.kr. Tvö viðfangsefni, *fjármagnstekjuskattskerfi* og *hugbúnaðargerð fyrir fjármagnstekjuskattskerfi*, falla niður og framlag vegna *sívinnslu notenda* flyst yfir á *tekjubókhaldskerfi*. Rekstrarframlag vegna *skattvinnslukerfis* hækkar um 23,5 m.kr. frá fjárlögum 1994 en á móti lækkar framlag til *hugbúnaðargerðar fyrir skattvinnslukerfi* um 18 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu kostnaðar og framsetningu í fjárlögum 1994 og frumvarpi 1995:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Launagreiðslukerfi	65,4	60,7	61,0	0	-7
Tekjubókhaldskerfi	73,8	62,7	119,0	90	61
Skattvinnslukerfi	104,8	90,0	113,5	26	8
Bókhalds- og áætlanakerfi	47,5	46,8	47,0	0	-1
Innheimtuskilakerfi	14,1	12,9	14,5	12	3
Forsendukerfi innheimtugagna	15,1	13,9	15,8	14	5
Fjármagnstekjuskattskerfi	-	6,0	-	.	.
Sívinnsla notenda	59,8	54,7	-	.	.
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	0,1	5,0	4,0	-20	.
Hugbúnaðargerð f. tekjubókhaldskerfi	15,1	33,0	30,0	-9	99
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	21,2	45,0	27,0	-40	27
Hugb.gerð f. fjármagnstekjuskattskerfi	-	20,0	-	.	.
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	-	-	10,0	.	.
Annað	12,2	-	-	.	.
Samtals	**429,1**	**450,7**	**441,8**	**-2**	**3**

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið er færður ýmis kostnaður sem ekki verður heimfærður til annarra málefnaflokka. Heildarframlag hækkar um 1 m.kr. frá fjárlögum 1994. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á þessum lið á næsta ári.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	71,6	72,9	2
Kjarasamningar	17,9	18,0	1
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19,9	19,9	-
Kjararannsóknir	5,2	5,2	-
Ýmis sameiginlegur kostnaður	13,8	14,0	1
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	98,0	98,0	-
Ýmsar endurgreiðslur	20,0	20,0	-
Lífeyrissjóður bænda	144,0	143,0	-1
Ýmsar nefndir	3,0	3,0	-
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,6	1,7	6
Dómkröfur	16,5	16,8	2
Kjaradómur og kjaranefnd	4,5	4,5	-
Óviss útgjöld	17,3	17,3	-
Ríkisbifreiðar, framlag	5,0	5,0	-
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15,0	15,0	-
Samtals	**453,3**	**454,3**	**-0**

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	203,6	218,2	238,6	9	17
Vegamál	7.317,3	6.970,2	6.175,0	-11	-16
Siglingamál	1.229,5	1.092,9	875,5	-20	-29
Flugmál	569,3	532,0	477,4	-10	-16
Ferðamál	94,8	94,8	97,4	3	3
Samtals	**9.414,5**	**8.908,1**	**7.863,9**	**-12**	**-16**
Rekstrarkostnaður	667,1	593,0	635,8	7	-5
Rekstrar- og neyslutilfærslur	125,8	144,3	133,0	-8	6
Viðhald og stofnkostnaður	8.621,6	8.170,8	7.095,1	-13	-18
Samtals	9.414,5	8.908,1	7.863,9	-12	-16

Heildarframlag til samgönguráðuneytis er áætlað 7.864 m.kr. samanborið við 8.908 m.kr. í fjárlögum 1994. Á næsta ári mun hið sérstaka framlag til Vegagerðar ríkisins vegna ráðstafana í atvinnumálum falla niður, en til þess eru veittar 900 m.kr. í fjárlögum 1994. Skýrir það að langmestu leyti lækkun milli ára á heildarframlagi til ráðuneytisins. Auk þess eru framlög til hafnagerðar og framkvæmda við flugvelli lægri á næsta ári en í fjárlögum 1994.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til. Það skal tekið fram að gerð er krafa um almenna hagræðingu í rekstri allra stofnana ráðuneytisins en þess er ekki getið í umfjöllun um hverja þeirra.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarframlag nemur 238,6 m.kr. samanborið við 218,2 m.kr. í fjárlögum 1994. Rannsóknarnefnd sjóslysa er nú færð sem viðfangsefni undir fjárlagaliðnum 190 Ýmis verkefni, en var áður færð sem sérstakur fjárlagaliður í málefnaflokknum Siglingamál.

101 Aðalskrifstofa. Á næsta ári flyst reglugerðarsmíð á sviði fjarskiptamála til ráðuneytisins frá Póst- og símamálastofnun. Er það í samræmi við ákvæði nýsettra fjarskiptalaga og EES-samnings. Kostnaður vegna þessa er áætlaður um 10 m.kr. á næsta ári. Á móti hækkar arðgreiðsla Póst- og símamálastofnunar til ríkissjóðs um samsvarandi fjárhæð og er hún færð um tekjuhlið frumvarpsins. Þá eru veittar 10 m.kr. til samræmingar framkvæmdaáætlana á sviði samgöngumála, þ.e. veg-, hafna- og flugmálaáætlana. Verkefninu er m.a. ætlað að kanna áhrif bættra vegasamgangna á forsendur fyrir gerð hafna og flugvalla.

190 Ýmis verkefni. Framlag til Flugeftirlitsnefndar hækkar um 1,4 m.kr. en starfsemi nefndarinnar hefur reynst umfangsmeiri en áður var áætlað. Að öðru leyti eru framlög samkvæmt þessum fjárlagalið nánast óbreytt milli ára.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst eingöngu 211 Vegagerð ríkisins. Heildarframlag er áætlað 6.175 m.kr. á næsta ári samanborið við 6.970,2 m.kr. í fjárlögum 1994. Lækkun milli ára skýrist af brottfalli hins sérstaka *framkvæmdaátaks vegna atvinnumála*, en til þess eru veittar 900 m.kr. í fjárlögum 1994. Forsendur tekna samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, þ.e. bensíngjald og þungaskattur, eru skýrðar í 5. kafla greinargerðarinnar. Framlag til vegamála er 275 m.kr. lægri fjárhæð en markaðir tekjustofnar eru taldir gefa. Í fjárlögum 1994 nam samsvarandi skerðing 370 m.kr. og lækkar því um nær 100 m.kr. milli ára. Skerðingunni er m.a. ætlað að standa undir útgjaldaaukningunni á þessu og síðasta ári vegna hins sérstaka *framkvæmdaátaks vegna atvinnumála*. Þegar farið var af stað með átakið var gert ráð fyrir að því yrði mætt með skerðingu vegafjár á næstu árum. Nákvæm áætlun verður væntanlega kynnt í næstu vegáætlun.

Siglingamál

Til þessa málefnaflokks falla fjárlagaliðirnir 330 Vita- og hafnamálastofnun og 341 Siglingamálastofnun ríkisins. Undir fyrrnefnda fjárlagaliðinn hafa verið sameinaðir eftirfarandi liðir samkvæmt fjárlögum 1994: 331 Vita- og hafnamálaskrifstofan, 332 Vitastofnun Íslands og 333 Hafnamál. Þá hafa viðfangsefni á fjárlagaliðnum 341 Siglingamálastofnun verið sameinuð. Loks er Rannsóknarnefnd sjóslysa nú færð undir fjárlagaliðinn 190 Ýmis verkefni, eins og áður er getið.

Heildarframlag nemur 875,5 m.kr. samanborið við 1.092,9 m.kr. í fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir að veita um 441 m.kr. til hafnamannvirkja á næsta ári samanborið við 728,6 m.kr. í fjárlögum 1994. Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar hins vegar verulega milli ára og verður 128 m.kr. samanborið við 90 m.kr. á yfirstandandi ári. Er það í samræmi við ný hafnalög. Þess skal getið að sjóðsstaða Hafnabótasjóðs er sterk og gæti hún komið á móti lækkun framlags til hafnamannvirkja að verulegu leyti. Þá er gert ráð fyrir að framlag til sjóvarnar-

garða hækki um 45 m.kr. milli ára sem skýrist meðal annars af framkvæmdum við Hornafjarðarós og að framlag til ferjubryggja við Ísafjarðardjúp hækkar um 5 m.kr. milli ára. Framlag til vitabygginga lækkar um 8,9 m.kr. milli ára þar sem uppsetningu GPS-staðsetningarbúnaðs er nú lokið.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks falla fjárlagaliðirnir 471 Flugmálastjórn og 472 Flugvellir. Undir síðarnefnda fjárlagaliðinn er færður kostnaður og sértekjur vegna reksturs og framkvæmda við flugvelli. Heildarframlag á næsta ári er áætlað 477,4 m.kr. samanborið við 532 m.kr. í fjárlögum 1994.

471 ***Flugmálastjórn.*** Í kjölfar Hæstaréttardóms kom til framkvæmda á þessu ári kjarasamningur sem gerður var við flugumferðarstjóra á árinu 1990. Viðbótarkostnaður vegna hans er áætlaður um 50 m.kr. á næsta ári. Af þessari fjárhæð er áætlað að nær helmingur sé vegna Alþjóðaflugþjónustunnar og mun sá kostnaður endurheimtast að lang mestu leyti með þjónustugjöldum af flugfélögum sem fljúga um íslenskt flugumferðarstjórnarsvæði. Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur umsjón með innheimtu þeirra þjónustugjalda.

472 ***Flugvellir.*** Gert er ráð fyrir að framvegis verði markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, notaðir til að fjármagna rekstur flugvalla jafnt sem framkvæmdir við flugvelli. Er þetta sama fyrirkomulag og gildir um ráðstöfun markaðra tekjustofna vegáætlunar. Tillaga að nauðsynlegum breytingum á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, verða lagðar fyrir Alþingi. Áætlað er að rekstrarkostnaður flugvalla á árinu 1995 verði um 268 m.kr. og að 75 m.kr. endurheimtist með sértekjum, aðallega lendingargjöldum. Þannig er rekstrarhalli flugvalla áætlaður um 193 m.kr. Áætlað er að markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar gefi samtals 393 m.kr. á næsta ári sem er sama fjárhæð og á þessu ári. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að verja 70 m.kr. til reksturs flugvalla en 323 m.kr. til framkvæmda við flugvelli.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Framlag nemur 97,4 m.kr. samanborið við 94,8 m.kr. í fjárlögum 1994. Hækkun skýrist af kostnaði við rekstur skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri sem nýlega tók til starfa. Á viðfangsefninu *Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma fram skil ríkissjóðs af hluta tekna Fríhafnarinnar í Keflavík. Áætlað er að þau nemi 68 m.kr. á næsta ári sem er sama fjárhæð og á þessu ári.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	52,1	55,4	55,4	-	6
Iðnaðarmál	228,5	221,3	229,4	4	0
Orkumál	748,5	744,5	719,5	-3	-4
Samtals	**1.029,1**	**1.021,2**	**1.004,3**	**-2**	**-2**
Rekstrarkostnaður	491,5	463,3	451,0	-3	-8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	448,7	476,2	483,0	1	8
Stofnkostnaður og viðhald	88,9	81,7	70,4	-14	-21
Samtals	**1.029,1**	**1.021,2**	**1.004,4**	**-2**	**-2**

Heildarframlag til iðnaðarráðuneytisins er 1.004 m.kr. sem er 2% lækkun frá gildandi fjárlögum.

Ársverkum stofnana ráðuneytisins hefur fækkað á síðustu árum og stafar það af því að dregið hefur verið úr ráðningum og yfirvinnu á sviði orkumála. Rekstrarkostnaður hefur þannig lækkað um fjórðung að raungildi frá árinu 1991 eða 150 m.kr. og neyslu- og rekstrartilfærslur hafa haldist óbreyttar ef frá er talin um 50 m.kr. hækkun á niðurgreiðslu á rafhitun. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds hefur einnig lækkað að raungildi hin síðustu ár.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði eftir því sem tilefni gefst til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé. Framlag til málefnaflokksins er óbreytt frá fjárlögum 1994.

103 Einkaleyfastofan. Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu á starfsemi stofunnar vegna nýrra laga um hönnunarvernd sem tóku gildi á árinu 1994 og aukningu erlendra samskipta vegna EES- samningsins. Rekstur stofunnar er að fullu fjármagnaður með sértekjum og mun þetta ekki hafa í för með sér útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Framlög til málefnaflokksins eru áætluð 229,4 m.kr. í stað 221,3 m.kr. í fjárlögum 1994 og er það hækkun um 4%.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar nokkuð frá fjárlögum 1994 eða um 3%. Á árinu 1994 var ákveðið að gera tilraun með

samningsstjórnun milli nokkurra ríkisstofnana og viðkomandi fagráðuneyta og fjármálaráðuneytis. Ein þeirra stofnana sem valin var í þessu sambandi er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Gerð hafa verið drög að slíkum samningi og er þess vænst að unnt verði að ganga frá honum í haust með gildistöku um næstu áramót. Í samningi þessum er kveðið á um þær áherslur sem iðnaðarráðuneytið setur í starfsemi stofnunarinnar, skilgreinir það starf sem hún skuldbindur sig til að inna af hendi og tilgreinir endurgjald ráðuneytis. Þar sem samningsgerðinni er ekki lokið hefur áætlun stofnunarinnar verið sett upp með hefðbundnu sniði.

*240 **Iðnaðarrannsóknir.*** Fjárveiting til iðnaðarrannsókna er nánast hin sama og í fjárlögum 1994. Henni er varið til athugana á ýmsum iðnaðar- og orkunýtingarkostum og til kynningar á virkjanamöguleikum. Má þar nefna athugun á möguleikum nýrrar stóriðju og útflutningi á orku. Einnig er greitt af þessum lið framlag ráðuneytisins til Norrænu orkurannsóknaáætlunarinnar.

*299 **Iðja og iðnaður.*** Hér er um safnlið að ræða sem ætlað er að standa straum af kostnaði við ýmis verkefni á sviði iðnaðarmála. Liðurinn hækkar úr 58,6 m.kr. í 65,1 m.kr. eða um 11%. Þar munar mest um nýtt viðfangsefni *Kostnaður vegna samninga við ISAL* 5,5 m.kr. Þetta er kostnaður sem endanlega er greiddur af óskiptu álgjaldi og verður svo áfram og því ekki um að ræða kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 302 Rafmagnseftirlit ríkisins; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 719,5 m.kr. á móti 744,5 m.kr. í fjárlögum 1994. Lækkunin nemur 25 m.kr. eða 3%.

*302 **Rafmagnseftirlit ríkisins.*** Framlag lækkar frá fjárlögum 1994 úr 65,7 m.kr. í 60,4 m.kr. og nemur lækkunin 5,3 m.kr. eða 8%. Stafar þessi lækkun af breytingu á rekstri og starfsháttum Rafmagnseftirlits ríkisins eins og rakið er í athugasemdum við fjárlagafrumvarp 1994.

*371 **Orkusjóður.*** Framlagið er 44,6 m.kr. en er í fjárlögum 1994 62,3 m.kr. Lækkunin nemur því 17,7 m.kr. eða 28,4%. Framlag ríkissjóðs til lánagreiðslna, sem er mismunur á innheimtu afborgana og vaxta sjóðsins og þeim afborgunum og vöxtum sem sjóðurinn þarf að standa skil á, lækkar um 11,6 m.kr. frá fyrra ári. Framlag til dreifikerfis í sveitum er á þessu stigi áætlað að lækki um 4,6 m.kr. en nefnd skipuð fulltrúum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Rafmagnsveitna ríkisins hefur verið falið að athuga hvernig fjármögnuninni verði hagað í framtíðinni. Loks lækka lán til jarðhitaleitar um 2 m.kr. og verða 6 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	69,8	78,8	77,5	-2	11
Viðskiptamál	100,8	89,4	95,1	6	-6
Samtals	**170,6**	**168,2**	**172,6**	**3**	**1**
Rekstrarkostnaður	154,4	147,5	152,5	3	-1
Rekstrar- og neyslutilfærslur	6,7	11,6	11,0	-5	64
Stofnkostnaður og viðhald	9,5	9,1	9,1	-	-4
Samtals	**170,6**	**168,2**	**172,6**	**3**	**1**

Heildarútgjöld viðskiptaráðuneytisins verða 172,6 m.kr. samanborið við 168,2 m.kr. í fjárlögum 1994 og hafa þau breyst óverulega að raungildi á síðustu árum.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

190 Ýmis verkefni. Í fjárlögum 1994 var liðurinn í fyrsta skipti flokkaður með þessum málefnaflokki. Helstu viðfangsefni undir liðnum eru *1.10 Neytendasamtökin*, *1.20 Iceprofnefnd* og *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál*, en þar er að finna ýmsan kostnað eins og við prófnefnd verðbréfamiðlara, samráðsnefnd um gjaldeyrismál og framlag til tækniaðstoðar European Bank for Reconstruction and Development.

Viðskiptamál

Undir málefnaflokkinn heyra: 301 Löggildingarstofan; 902 Samkeppnisstofnun og 903 Skráning hlutafélaga.

301 Löggildingarstofan. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 var gerð grein fyrir breytingum sem fyrirhugaðar voru á rekstri stofnunarinnar. Af ýmsum ástæðum hafa breytingar þessar tekið lengri tíma en búist var við. Gert er ráð fyrir að stofnunin haldi verulegum hluta tekna sinna út næsta ár og fjárveiting til hennar verði nánast óbreytt frá árinu 1994.

902 Samkeppnisstofnun. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 4,8 m.kr. Gert er ráð fyrir aukningu sem nemur tveimur störfum vegna nýrra verkefna á sviði samkeppnis- og neytendamála í kjölfar nýrra samkeppnislaga. Framlag til stofnunarinnar verður 73,4 m.kr.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld Hagstofu Íslands eru áætluð sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	117,3	119,7	125,8	5	7
Þjóðskrá	20,7	26,9	20,6	-23	-0
Samtals	**138,0**	**146,6**	**146,4**	**-0**	**6**
Rekstrarkostnaður	125,1	134,3	134,1	-0	7
Rekstrar- og neyslutilfærslur	-	3,8	3,8	-	.
Stofnkostnaður og viðhald	12,9	8,5	8,5	-	-34
Samtals	**138,0**	**146,6**	**146,4**	**-0**	**6**

Eins og yfirlitið sýnir eru framlög til Hagstofu Íslands óbreytt frá fjárlögum 1994. Í lögum nr. 5/1984, um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan kauplagsnefndar, skal Kauplagsnefnd láta kanna eigi sjaldnar en á fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurnýja grunn vísitölunnar. Síðasta neyslukönnun í þessu skyni var gerð árið 1990 og er gert ráð fyrir nokkurri fjárhæð til að gera slíka neyslukönnun á árinu 1995. Af könnunum á vegum Hagstofu Íslands sem unnið hefur verið að undanfarin ár eru vinnumarkaðskannanir fyrirferðarmestar, en þær eru gerðar tvisvar á ári.

Ársverkum fjölgaði lítillega á árunum 1992 til 1994 en ekki er gert ráð fyrir fjölgun þeirra á næsta ári.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	172,9	134,3	132,0	-2	-24
Umhverfisvernd	178,4	164,6	171,1	4	-4
Skipulagsmál	113,1	100,0	102,7	3	-9
Rannsóknir o.fl.	263,2	264,3	270,9	2	3
Samtals	**727,6**	**663,2**	**676,7**	**2**	**-7**
Rekstrarkostnaður	563,4	559,5	561,3	0	-0
Rekstrar- og neyslutilfærslur	83,7	67,5	69,7	3	-17
Viðhald og stofnkostnaður	80,5	36,2	45,7	26	-43
Samtals	**727,6**	**663,2**	**676,7**	**2**	**-7**

Heildarframlag til ráðuneytisins verður 676,7 m.kr. Að teknu tilliti til flutnings Hollustuverndar ríkisins frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis

hækkar heildarframlagið um 1% að raungildi frá fjárlögum 1994. Málaflokkurinn rekstrarhagræðing fellur niður og flyst framlag yfir á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Ársverkum í umhverfisráðuneyti fjölgaði um 5,8% fyrstu sex mánuði 1994 samanborið við sama tímabil 1993. Fjölgunin var mest hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en stofnunin tók við rekstri Náttúrugripasafns á Akureyri í samræmi við lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Einnig fjölgaði á Veðurstofu Íslands en á móti kemur hins vegar fækkun ársverka hjá Landmælingum Íslands en á árinu 1993 lauk umfangsmiklum tilraunaverkefnum í stafrænni kortagerð. Samanborið við fjárlög 1994 fjölgar áætluðum ársverkum á árinu 1995 um 5,5%. Ástæður þessa má m.a. rekja til Veðurstofu Íslands, Landmælinga Íslands og þess að ráðgert er að hefja rekstur náttúrustofu á Austurlandi á næsta ári.

Í töflu hér á eftir eru sýnd útgjöld umhverfisráðuneytis árin 1991-1993 samanborið við áætluð útgjöld í fjárlögum 1994 og frumvarpi til fjárlaga 1995. Fjárhæðir eru færðar til sambærilegs verðlags með vísitölu landsframleiðslu. Þar sem breytingar hafa orðið við tilflutning á stofnunum milli ráðuneyta er tekið tillit til þeirra.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Rekstrarkostnaður	507	572	576	563	561
Neyslu- og rekstrartilfærslur	97	101	87	69	70
Viðhald og stofnkostnaður	61	20	84	37	46
Samtals	**664**	**693**	**747**	**669**	**677**

Á árinu 1993 var um 28 m.kr. varið til kaupa og uppsetningar á mengunarvarnabúnaði fyrir hafnir og 33 m.kr. til stafrænnar kortagerðar. Þessi tvö verkefni leiða til þess að reikningur 1993 er nokkru hærri en rauntölur 1992 og áætlun 1994 sýna.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 950 Rekstrarhagræðing.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting verður 68,8 m.kr. og hækkar um 5,5 m.kr. frá fjárlögum. Hækkunin skýrist af flutningi viðfangsefnanna *190-1.27 Útgáfu- og fræðslumál*, *190-1.30 Alþjóðasamstarf* og fjárlagaliðarins *950-1.90 Rekstrarhagræðing* til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Í reynd lækkar því framlag til óbreyttrar starfsemi aðalskrifstofu um 6% að raungildi.

190 Ýmis verkefni. Á þessum fjárlagalið eru veittar 59,5 m.kr. sem skiptast á þrettán viðfangsefni í umhverfismálum. Þar af er eitt viðfangsefnanna, *rannsóknastöð á Kvískerjum*, nýtt og annað, *undirbúningur náttúrustofa*, hefur fengið nýtt heiti. Viðfangsefnin *ósonmál*, *rannsóknir á loftmengun* og *rannsóknir á íslenskum vötnum* falla niður á næsta ári, viðfangsefnið *náttúrustofa á Austurlandi* flyst á nýjan fjárlagalið, *403 Náttúrustofur*. Eins og áður hefur komið fram eru viðfangsefnin *útgáfu- og fræðslumál* og *alþjóðasamstarf* flutt af þessum fjárlagalið á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Fjárveitingin skiptist milli viðfangsefna með eftirfarandi hætti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Uppgræðsla og gróðurvernd	2,5	1,0	1,0	-	-60
Ósonmál	5,9	1,0	-	.	.
Stefnumörkun í umhverfismálum	2,1	3,0	1,0	-67	-52
Ýmis umhverfisverkefni	5,0	9,6	10,0	4	.
Rannsóknir á loftmengun	0,1	1,5	-	.	.
Átak í frárennslismálum	1,4	1,5	5,0	-	-
Útgáfu- og fræðslumál	3,3	2,0	-	.	.
Átak í sorphirðumálum	1,4	9,0	2,5	-72	79
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6,9	6,5	6,5	-	-6
Alþjóðasamstarf	6,8	2,5	-	.	.
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	3,5	2,0	2,0	-	-43
Umhverfisvöktun	-	10,9	20,0	83	.
Gróðurkortagerð	3,0	2,0	1,0	-50	-67
Mengunarslys	2,4	0,5	0,5	-	-79
Alþjóðastofnanir	8,3	6,5	8,5	31	2
Náttúrustofa á Austurlandi	-	1,5	-	.	.
Rannsóknir á íslenskum vötnum	-	1,0	-	.	.
Náttúrugripasafn á Vestfjörðum	-	0,8	-	.	.
Undirbúningur náttúrustofa	-	-	1,0	.	.
Rannsóknastöð á Kvískerjum	-	-	0,5	.	.
Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	28,1	-	-	.	.
Annað	13,5	-	-	.	.
Samtals	**94,2**	**62,8**	**59,5**	**-5**	**-37**

Framlag til *undirbúnings náttúrustofa* skiptist þannig að 0,2 m.kr. eru áætlaðar til undirbúnings að stofnun náttúrustofu á Vestfjörðum og 0,8 m.kr. til náttúrustofu á Suðurlandi. Rannsóknastöð á Kvískerjum er samvinnuverkefni umhverfisráðuneytis og Háskóla Íslands. Nokkrar áherslubreytingar hafa orðið í fjárveitingum til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið og má þar m.a. nefna að framlag vegna *átaks í sorphirðumálum* lækkar um 6,5 m.kr. miðað við gildandi fjárlög en á þessu ári lýkur umfangsmikilli úttekt á sorphirðumálum sveitarfélaga sem ráðuneytið hefur unnið að í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarfélög. Aukin áhersla verður lögð á umhverfiseftirlit á næsta ári og hækkar framlag til *umhverfisvöktunar* um 9,1 m.kr.

Umhverfisvernd

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Náttúruverndarráð; 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 210 Veiðistjóri og 221 Hollustuvernd ríkisins.

201 Náttúruverndarráð. Heildarframlag til ráðsins hækkar að raungildi um 10% miðað við fjárlög 1994. Þessi hækkun stafar einungis af 4,3 m.kr. hækkun á framlagi til viðhalds þjóðgarða og friðlýstra svæða. Á undanförnum árum hefur lítið verið hægt að sinna stærri viðhaldsverkefnum á þeim eignum sem tilheyra þjóðgörðunum og er þörfin þó sérstaklega brýn í Skaftafelli.

210 Veiðistjóri. Umhverfisráðherra ákveður árlega, skv. lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi og minka. Ríkissjóður endurgreiðir síðan eftir viðmiðunartöxtum helming kostnaðar við veiðarnar. Ætlunin er að draga úr hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna refaveiða um sem nemur 6 m.kr. á næsta ári.

Framlag ríkissjóðs vegna refa- og minkaveiða verður því 27 m.kr. á árinu 1995, en talið er að kostnaðurinn muni nema 33 m.kr. á þessu ári. Við áætlun rekstrargjalda til almennrar starfsemi stofnunarinnar er gert ráð fyrir kostnaði vegna flutnings til Akureyrar á næsta ári.

*221 **Hollustuvernd ríkisins.*** Stofnunin var flutt frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti yfir til umhverfisráðuneytis 1. júní síðastliðinn. Heildarframlag hækkar um 4,8 m.kr. frá fjárlögum 1994. Hækkunin skýrist af tveimur nýjum störfum; annars vegar vegna eftirlits með framleiðslu og dreifingu matvæla og annarra neysluvara og hins vegar vegna mengunareftirlits. Framlag til eignakaupa hækkar um 2,2 m.kr. Alls aukast umsvif stofnunarinnar um 9,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum en gert er ráð fyrir að sértekjur aukist á móti um 4,8 m.kr.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 301 Skipulagsstjóri ríkisins og 310 Landmælingar Íslands.

*301 **Skipulagsstjóri ríkisins.*** Heildarframlag verður 32,6 m.kr. sem er nær óbreytt fjárhæð að raungildi miðað við fjárlög 1994. Vegna samdráttar í byggingariðnaði er gert ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar í formi skipulagsgjalda dragist saman um 4 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að lækka endurgreiðslu innheimtra skipulagsgjalda til þeirra sveitarfélaga sem annast eigin skipulagsmál um 6 m.kr. Landfræðilegt upplýsingakerfi sem áður var sérstakt viðfangsefni vistast nú undir yfirstjórn stofnunarinnar en við bætist nýtt viðfangsefni, *1.12 Skipulag miðhálendis*. Með lögum nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum, var ráðherra heimilað að ákveða að samvinnunefnd gerði tillögu að skipulagi á miðhálendi Íslands. Skipulagsstjóra er ætlað að sjá um framkvæmd skipulagsvinnunnar sem gert er ráð fyrir að fari fram á næstu þremur árum. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er áætluð 75% en sveitarfélaga 25%.

Rannsóknir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir; 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur og 410 Veðurstofa Íslands.

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Heildarframlag hækkar um 3,7 m.kr. eða 6% að raungildi. Rekstrarframlag hækkar um 6,1 m.kr. en á móti lækkar framlag til kaupa á tækjum og búnaði um 2,4 m.kr. Hækkun á framlagi stofnunarinnar er einkum ætlað að mæta þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af lögum nr. 60/1992.

*403 **Náttúrustofur.*** Þetta er nýr fjárlagaliður. Í kjölfar laga frá 1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er ráðherra heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi og geta heimaaðilar átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Í ár er gert ráð fyrir að verja 1,5 m.kr. til undirbúnings náttúrustofu á Austurlandi. Framlag þetta var fært undir *190-1.50 Náttúrustofa á Austurlandi*. Á næsta ári hefst formlegur rekstur náttúrustofunnar og er


2,5 m.kr. framlag ætlað til hennar. Þar af skal verja 2,4 m.kr. til launa forstöðumanns og 0,1 m.kr. til stofnkostnaðar.

*410 **Veðurstofa Íslands.*** Heildarframlag verður 208,1 m.kr. sem er lækkun um tæpt 1% að raungildi miðað við gildandi fjárlög. Þrátt fyrir þessa raunlækkun eykst heildarvelta stofnunarinnar. Rekstrargjöld vegna almennrar starfsemi hækka um 7,8 m.kr. en á móti aukast sértekjur um 10,1 m.kr. Ætlunin er að ná auknum sértekjum m.a. með því að hækka gjald fyrir þjónustu sem fram til þessa hefur verið veitt ýmsum aðilum undir kostnaðarverði og hefur gjaldskrá stofnunarinnar þegar verið breytt í því skyni.

7 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Áætlanir í B-hluta frumvarpsins bera vott um þann efnahagslega stöðugleika sem ríkt hefur að undanförnu. Lág verðbólga, stöðugt gengi, lækkun vaxta og hófsamir kjarasamningar á vinnumarkaði hafa styrkt stöðu fyrirtækja og lánasjóða í B-hluta á sama hátt og hjá einkafyrirtækjum. Horfur á hægum bata í efnahagslífinu á næsta ári koma einnig fram á nokkrum sviðum B-hlutans, t.d. hvað varðar atvinnuleysisbætur. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að velta og afkoma B-hluta aðila taki litlum breytingum á komandi ári. Er þá miðað við að gildandi gjaldskrár og verðlagning hjá fyrirtækjunum verði nánast óbreytt. Fjárhagsáætlanir standa á traustari grunni en oft áður og er hvergi gert ráð fyrir fjárvöntun í fyrirliggjandi áætlunum, sem leysa þurfi úr fyrir afgreiðslu fjárlaga, eins og stundum áður. Má því ætla að í flestum tilvikum verði ekki þörf á miklum breytingum við endurmat á afkomu undir lok þessa árs.

Framlög ríkissjóðs til B-hluta



Breytingar sem verða á niðurstöðutölum í B-hluta frumvarpsins skýrast að stórum hluta af því að aðilarnir í frumvarpinu eru ekki allir þeir sömu og í gildandi fjárlögum. Reikningur Háskólabíós hefur verið felldur niður, þar sem sjálfseignarstofnunin Sáttmálasjóður telst vera formlegur eigandi kvikmyndahússins. Í kjölfar nýrra laga um *Rannsóknarráð Íslands* er talinn fram nýr *Rannsóknarnámssjóður*, auk þess sem sjóðirnir sem störfuðu samkvæmt eldri lögunum fá breytt heiti og fjárlaganúmer. Haldið er áfram á þeirri braut að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum og eru því hvorki Áburðarverksmiðjan né Lyfjaverslunin lengur taldar til B-hlutans. *Þróunarsjóður sjávarútvegsins*, sem stofnsettur var fyrr á árinu, kemur nú inn í frumvarpið með talsvert umfang bæði á rekstrarhlið og í fjármunahreyfingum. Þá má merkja áhrif nýlegrar löggjafar um hertar kröfur og eftirlit á samkeppnismörkuðum með því móti að sala símabúnaðar til notenda er nú aðskilin frá annarri starfsemi *Póst- og símamálastofnunar* og sett fram sem sjálfstæð rekstrareining í B-hlutanum. Einnig er vakin athygli á því hér að í samræmi við breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands er *Atvinnuleysistryggingasjóður* nú talinn fram undir félagsmálaráðuneyti í stað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis áður. Breytingar í vaxta- og lánahreyfingum skýrast auk þess að verulegu leyti af því að greiðsluflæði sumra sjóðanna er ennþá í vexti, einkum í húsbréfakerfinu.

Eins og verið hefur undanfarin ár er í frumvarpinu nú gert ráð fyrir að ríkisfyrirtæki skili arði í ríkissjóð miðað við eiginfjárbindingu. Að þessu sinni er fjórum fyrirtækjum ætlað að greiða arð sem nemur alls um 990 m.kr. Er það tæplega 30 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Sem fyrr skilar *Póst- og símamálastofnunin* stærstum hluta arðsins, eða 860 m.kr. Í launaáætlunum fyrirtækjanna er jafnframt miðað við að þau fjármagni sjálf verðbætur á lífeyri starfsmanna sinna. Þau útgjöld eru talin nema um 110 m.kr. á næsta ári.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit um rekstrarumsvif og fjármunahreyfingar B-hlutans þar sem starfseminni hefur verið skipt niður í fjögur svið með sama hætti og í fyrri frumvörpum.

Í milljónum króna	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir	B-hluti samtals
Gjöld	28.726	8.462	6.840	1.778	45.806
Tekjur af vörusölu og þjónustu o.fl.	36.861	9.185	1.550	1.873	49.469
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	471	2.376	3.759	39	6.645
Mismunur	8.606	3.099	-1.531	134	10.308
Veitt lán	-	21.383	174	-	21.557
Fjárfesting	2.796	45	32	196	3.069
Afborganir lána	2.167	16.378	1.280	119	19.944
Arðgreiðslur í ríkissjóð	993	-	-	-	993
Önnur skil í ríkissjóð	7.745	-	-	-	7.745
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	320	1.197	-89	2	1.430
Innheimtar afborganir	75	9.156	343	-	9.574
Afskriftir	2.600	3	-	33	2.636
Tekin lán	1.984	25.930	2.380	150	30.444
Ráðstöfun eigin fjár	8.606	3.099	-1.531	134	10.308
Annað	756	815	205	-	1.776

Áætlað er að í heild skili B-hlutinn 10,3 milljarða króna tekjuafgangi á árinu 1995 eða 1,2 milljörðum króna minna en í ár. Framlög ríkissjóðs til B-hluta lækka um hálfan milljarð króna. Á móti vegur aukning annarra tekna þannig að heildartekjur lækka einungis lítillega. Lakari heildarafkoma skýrist nær öll af auknum tilfærslum á gjaldahlið að fjárhæð 1 milljarði króna, en þar er um að ræða úreldingarstyrki *Þróunarsjóðs sjávarútvegsins*, sem verða fyrst um sinn fjármagnaðir með lántökum, eða þar til hafin verður gjaldtaka á úthlutað aflamark haustið 1996.

Fyrir utan tæplega eins milljarðs króna arðgreiðslu í ríkissjóð, eins og getið er um hér að framan, er áætlað að gjald af einkasöluleyfum skili ríkissjóði 7,7 milljörðum króna. Þar af eru um 6,8 milljarðar króna frá *Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins*, tæplega 0,6 milljarðar króna frá *Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli* og 0,3 milljarðar króna frá *Happdrætti Háskóla Íslands*, en af þeirri fjárhæð renna 240 m.kr. aftur til framkvæmda við stofnanir Háskólans.

Fyrirhuguð fjárfesting lækkar um tæplega 0,4 milljarða króna frá fjárlögum og verður 3 milljarðar króna. Lætur nærri að ⅔ hlutar fjárhæðarinnar séu vegna fjárfestingar *Póst- og símamálastofnunar*, eða um 1,9 milljarðar króna, en þar á eftir vega þyngst 0,5 milljarðar króna hjá *Rafmagnsveitum ríkisins*.

Lántökur vegna B-hluta aðila eru áætlaðar um 30,4 milljarðar króna. Þar af er gert ráð fyrir að útgáfa húsbréfa verði 13 milljarðar króna í samræmi við fyrirsjáanlega aukingu fasteignaviðskipta á yfirstandandi ári. Þessu til viðbótar er fyrirhugað að húsbyggingarsjóðirnir afli 8,9 milljarða króna með sölu skuldabréfa á markaði. Þá mun ríkissjóður taka um 8,5

milljarða króna að láni vegna endurlána til B-hluta aðila. Sú lánafyrirgreiðsla skiptist þannig að 4 milljarðar króna eru vegna *Lánasjóðs íslenskra námsmanna*, um 2,4 milljarðar króna eru vegna tímabundinnar fjármögnunar fyrsta heila starfsárs *Þróunarsjóðs sjávarútvegsins*, tæpir 2 milljarðar króna vegna þess að nokkur stór lán vegna byggingar *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar* falla í gjalddaga á árinu og 150 m.kr. vegna fjármögnunar á ratsjárkerfi *Alþjóðaflugþjónustunnar*. Lántökur vegna B-hluta hækka af þessum ástæðum um 5,2 milljarða milli ára.

Sem fyrr eru allar fjárhæðir í B-hluta frumvarpsins settar fram á áætluðu meðalverðlagi næsta árs. Hér á eftir er fjallað nánar um starfsemi og fjárreiður þeirra B-hluta aðila sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Tekjuafgangur happdrættisins eykst um þriðjung frá gildandi fjárlögum og verður 300 m.kr. Skýringa er að mestu að leita til hins nýja skjávélahappdrættis, Gullnámunnar, en sá rekstur hófst í árslok 1993. Með tilkomu Gullnámunnar eykst rekstrarkostnaður verulega en það er m.a. vegna leigu til eigenda skjávélakerfisins, viðhalds og auglýsinga. Á móti hækka tekjur en þær eru áætlaðar 1.730 m.kr. á næsta ári. Til samanburðar eru tekjur ársins 1993 tæplega 1.370 m.kr. og 1.160 m.kr. í áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Happdrættið greiðir í ríkissjóð einkaleyfisgjald sem nemur 20% af rekstrarhagnaði ársins, eða 60 m.kr., og ríkissjóður veitir jafnhátt framlag til *Bygginga- og tækjasjóðs*. Það sem eftir stendur af hagnaðinum, eða 240 m.kr., rennur til Háskóla Íslands og er varið til viðhalds og stofnkostnaðar vegna bygginga og tækjabúnaðar háskólans og stofnana sem tengjast honum.

236 Vísindasjóður. Um Vísindasjóð gilda ný lög, nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Með þeim lögum falla úr gildi lög nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Samkvæmt lögunum er hlutverk sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir og í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til skilgreindra rannsóknaverkefna. Tekjur Vísindasjóðs eru fjárveiting á fjárlögum hverju sinni og helmingur árlegra tekna arðsjóðs Seðlabanka Íslands, auk gjafa frá einstaklingum eða fyrirtækjum og önnur framlög. Fjárveiting ríkissjóðs er 25 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Framlag úr arðsjóði Seðlabanka Íslands er áætlað 125 m.kr. Að viðbættum fjármunatekjum að fjárhæð 3,5 m.kr. hefur sjóðurinn því 153,5 m.kr. til ráðstöfunar í styrkveitingar á næsta ári.

237 Tæknisjóður. Þetta er nýr sjóður sem stofnaður er með lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Hlutverk Tæknisjóðs er að efla tækniþekkingu, rannsóknir og þróunarstarf og styrkir hann vísindastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í þessu skyni. Tekjur sjóðsins eru fjárveiting í fjárlögum ár hvert, tekjur af einkaleyfum eða endurgreiddir styrkir til verkefna sem leitt hafa til arðbærrar framleiðslu, auk gjafa frá einstaklingum og fyrirtækjum og annarra framlaga. Framlag úr ríkissjóði er 200 m.kr., sem er sama framlag og *Rannsóknasjóður* fær í fjárlögum þessa árs. Fjárhæðin skiptist þannig að 115 m.kr. eru úr A-hluta af fjárlagalið Tæknisjóðsins en 85 m.kr. koma af fjárlagalið *485-6.90 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi* undir fjármála-

ráðuneyti. Er það í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að gera sérstakt átak í rannsókna- og þróunarmálum.

238 ***Bygginga- og tækjasjóður.*** Þetta er nýr sjóður sem tekur við hlutverki *Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna* en hann er felldur niður með lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til þess að byggja eða kaupa húsnæði vegna rannsókna- og þróunarstarfsemi. Tekjur eru fjárveiting á fjárlögum hverju sinni og einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar samsvarandi tekjur, auk annarra framlaga. Tekjur sjóðsins á næsta ári eru áætlaðar 60 m.kr. eða sem nemur einkaleyfisgjaldi af hagnaði Háskóla Íslands. Ráðstöfunarfé sjóðsins umfram greiddar afborganir og vexti verður 48,2 m.kr.

239 ***Rannsóknarnámssjóður.*** Sjóðurinn var stofnaður í ár með lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Hlutverk hans er að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms og eru tekjur hans framlag á fjárlögum ár hvert. Rannsóknarráð Íslands sér um rekstur sjóðsins. Framlag úr ríkissjóði er 25 m.kr., sem er sama fjárveiting og veitt er til rannsóknatengds framhaldsnáms í A-hluta í fjárlögum þessa árs.

872 ***Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Framlag úr ríkissjóði verður 1.500 m.kr. á næsta ári samanborið við 1.550 m.kr. í ár. Framlag ríkissjóðs er tæp 49% af áætluðum lánveitingum sem eru 3.070 m.kr. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur í samráði við Ríkisendurskoðun metið það svo að raunkostnaður ríkissjóðs vegna námsaðstoðar, þ.e. niðurgreiðsla vaxta, afföll af útlánum o.s.frv., nemi 54% af veittum námslánum hjá lánasjóðnum. Þá er miðað við útlán á grundvelli laga nr. 21/1992 um sjóðinn, gildandi úthlutunarreglur og 6% raunvexti á ári. Við gerð fjárlaga fyrir árin 1993 og 1994 ákvað ríkisstjórnin að miða við þetta hlutfall og festa þar með í sessi þá reglu að fjárveitingar skuli ákveðnar með tilliti til þess kostnaðar sem hverju sinni er talinn falla á ríkissjóð vegna námsaðstoðarinnar. Menntamálaráðherra hefur sett á laggirnar starfshóp sem er skipaður fulltrúum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Ríkisendurskoðunar og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hópnum er falið, með aðstoð Hagfræðistofnunar Háskólans, að meta að nýju þetta kostnaðarhlutfall ríkissjóðs að fenginni reynslu af framkvæmd laga og reglna um sjóðinn. Í frumvarpinu er fjárveiting vegna námsaðstoðar ákveðin um 150 m.kr. lægri upphæð en samsvarar 54% af áætlaðri námsaðstoð. Reynslan af nýju lögunum bendir til þess að hlutfallið megi nú lækka um þessa fjárhæð. Þar að auki er unnið að lækkun lántökukostnaðar sjóðsins. Leiði endurmat á kostnaðarhlutfallinu til annarrar niðurstöðu verða útlánareglur og vaxtakjör sjóðsins endurskoðuð í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar sem áður er lýst.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að lánveitingar sjóðsins verði 3.070 m.kr. á næsta ári en í fjárlögum þessa árs eru þær áætlaðar 2.870 m.kr. Endurskoðuð áætlun í ár bendir hins vegar til þess að þær verði um 2.830 m.kr. Greiddar afborganir umfram innheimtar eru 1.410 m.kr. og vaxtagjöld umfram vaxtatekjur 947 m.kr. Rekstrarkostnaður er áætlaður 91 m.kr. og fjárfest verður fyrir 12 m.kr. Heildarfjárþörf sjóðsins verður því 5.530 m.kr. sem mætt verður með 4.030 m.kr. lántökum og 1.500 m.kr. framlagi úr ríkissjóði. Eftirfarandi tafla sýnir breytingar á sjóðstreyminu milli áranna 1994 og 1995.

	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útstreymi	**6.202**	**6.165**	**6.623**	**7**	**7**
Rekstrarkostnaður	89	93	91	-2	2
Afborganir	2.258	2.255	2.430	8	8
Vextir	973	975	1.020	5	5
Fjárfesting	12	12	12	-	-
Veitt lán	2.870	2.830	3.070	8	7
Innstreymi	**6.202**	**6.165**	**6.623**	**7**	**7**
Framlag ríkissjóðs	1.550	1.550	1.500	-3	-3
Tekin lán	3.640	3.570	4.030	13	11
Afborganir	935	975	1.020	5	9
Vextir og lántökugjöld	77	70	73	4	-5

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður. Fé framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins er varið til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis, tækjabúnaðar og dreifikerfis fyrirtækisins. Samkvæmt útvarpslögum skulu aðflutningsgjöld af útvarps- og sjónvarpstækjum renna til sjóðsins. Með gildistöku EES-samningsins miðast þessi álagning eingöngu við tolla og vörugjöld. Gert er ráð fyrir að þessir skattar renni í ríkissjóð samkvæmt frumvarpinu. Framkvæmdasjóðurinn hefur tekjur sem nema 10% af afnotagjöldum og auglýsingum hljóðvarps og sjónvarps og eru þær áætlaðar 212 m.kr. á næsta ári. Af þeirri fjárhæð verður 14 m.kr. varið til að greiða kostnað af þeim hluta útvarpshússins sem ekki er í notkun. Afborganir lána eru taldar verða 16 m.kr. og verða þá 182 m.kr. notaðar til að fjármagna fjárfestingu Ríkisútvarpsins en það er lítils háttar hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs.

971 - 972 Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp. Samanlagðar tekjur hljóðvarps og sjónvarps eru áætlaðar 2.246 m.kr. samanborið við 2.243 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að afnotagjald verði óbreytt, 1.754 kr. á mánuði. Miðað er við að fjöldi greiðenda verði 73.000 og tekjur af afnotagjöldum verði því um 1.540 m.kr. Afnotagjöld hjá um 8.300 tryggingaþegum falla niður og jafngildir það um 175 m.kr. tekjutapi. Að auki fellir stofnunin niður afnotagjöld hjá öllum starfsmönnum sínum sem náð hafa þriggja ára starfsaldri. Auglýsingatekjur er alls áætlaðar 585 m.kr. Aðrar tekjur en afnotagjöld og auglýsingar eru áætlaðar 48 m.kr. og er þar m.a. um að ræða útseldan útsendingartíma í sjónvarpi fyrir Íslenska getspá. Við það er miðað að Ríkisútvarpið fái úthlutað úr Menningarsjóði útvarpsstöðva til dagskrárgerðar, en á síðustu árum hefur RÚV fengið 17-30 m.kr. úr sjóðnum árlega nema á árinu 1989. Fjármunatekjur eru áætlaðar alls 78 m.kr. Heildargjöld án afskrifta verða 2.226 m.kr. og er það 11 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1994. Tekjuafgangur verður þá 20 m.kr. sem gengur til afborgana af lánum.

Í eftirfarandi töflu er sýnd heildarafkoma Ríkisútvarpsins, þ.e. framkvæmdasjóðs, hljóðvarps og sjónvarps.

	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.	Breyting m.kr.	Breyting %
Gjöld	**2.215**	**2.191**	**-24**	**-1,1**
Rekstrarkostnaður	1.988	1.993	5	0,3
Fjármagnskostnaður	53	35	-18	-34,0
Afskriftir	174	163	-11	-6,3
Tekjur	**2.243**	**2.246**	**3**	**0,1**
Seldar vörur og þjónusta	2.165	2.168	3	0,1
Fjármunatekjur	78	78	-	-
Mismunur	**28**	**55**	**27**	**96,4**
Fjármunahreyfingar út	**202**	**218**	**16**	**7,9**
Fjárfesting	180	182	2	1,1
Afborganir lána	22	36	14	63,6
Fjármunahreyfingar inn	**202**	**218**	**16**	**7,9**
Afskriftir	174	163	-11	-6,3
Ráðstöfun eigin fjár	28	55	27	96,4

*973 **Þjóðleikhús.*** Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til starfsemi Þjóðleikhússins verður 296 m.kr. og lækkar um 1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Framlagið jafngildir tæpum 70% af áætluðum heildargjöldum næsta árs. Bæði tekjur og gjöld lækka milli ára þar sem rekstur Leikhúskjallara og mötuneytis starfsmanna var boðinn út. Trésmíða- og málaraverkstæðum var lokað á árinu 1993 og samið við þjónustuaðila um að annast þann þátt starfseminnar. Leiðir þetta einnig til sparnaðar þó að hann hafi að mestu komið fram á þessu ári. Áætluð gjöld næsta árs, án afskrifta, eru 417 m.kr. samanborið við 443,4 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Sala aðgöngumiða og aðrar tekjur eru taldar verða 134 m.kr. og lækka um 27,4 m.kr. Leikárið 1994/1995 er fyrirhugað að sýna alls 10 verk, þar af eru fimm á stóra sviðinu og jafnmörg á litlu sviðunum, auk tveggja verka frá síðasta leikári.

*974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Framlag ríkissjóðs til rekstrar hljómsveitarinnar verður 102 m.kr. á næsta ári og nemur um 56% af áætluðum útgjöldum umfram tekjur. Hluti af framlagi ríkissjóðs er 10% af skemmtanaskatti og nemur um 6,8 m.kr. Í lögum um hljómsveitina er kveðið á um að þetta framlag skuli renna til hljómsveitarinnar til að greiða kostnað við tónleikaferðir innan lands. Aðrir fjármögnunaraðilar en ríkissjóður greiða 44% af rekstri og skiptist það þannig að Menningarsjóður útvarpsstöðva á að greiða 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Í reynd hefur Menningarsjóður útvarpsstöðva ekki greitt nema óverulegan hlut í rekstri hljómsveitarinnar og hefur ríkissjóður greitt það sem á hefur vantað. Þannig hefur safnast upp skuld hjá Sinfóníuhljómsveitinni við ríkissjóðs sem í árslok 1993 var tæplega 132 m.kr. Á sama tíma skuldaði Menningarsjóðurinn hljómsveitinni um 125 m.kr. Hlutur Seltjarnarness hefur heldur ekki skilað sér að öllu leyti og nam skuld kaupstaðarins við hljómsveitina rúmlega 9 m.kr. í árslok 1993. Nauðsynlegt er að huga að uppgjöri skulda og tryggja að framlög skili sér eins og til er ætlast í lögum. Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings 1992 og Ríkisendurskoðunar kemur þetta sjónarmið fram. Í mennta- og fjármálaráðuneyti er nú verið að vinna að lausn þessara mála og er ákvarðana að vænta á næstunni.

Á undanförnum árum hefur hljómsveitin farið fram úr áætlunum um rekstrargjöld og áætlanir um sjálfsaflafé hafa heldur ekki staðist. Fjárveiting í fjárlögum hefur verið svo til óbreytt að raungildi undanfarin ár en með hagræðingu og aðhaldi í rekstri hljómsveitarinnar hefur munur milli rekstraráætlunar í fjárlögum og raunkostnaðar þó minnkað. Nauðsynlegt er að endurskoða starfsumfang hljómsveitarinnar til að unnt verði að brúa þetta bil að fullu.

23 Utanríkisráðuneyti

101 ***Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.*** Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 1.415 m.kr. á árinu 1995 og rekstrartekjur 1.985 m.kr. Fjöldi farþega sem fer um flughöfnina er áætlaður um 750 þúsund og sala um 2.650 kr. á hvern farþega. Gert er ráð fyrir að skil fyrirtækisins í ríkissjóð nemi 580 m.kr. og hækki um 50 m.kr. frá fjárlögum 1994. Áformuð fjárfesting nemur 10 m.kr., aðallega í tölvukerfi og verslunarinnréttingum.

111 ***Flugmálastjórn. Keflavíkurflugvelli.*** Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 234 m.kr. og hækka um 20 m.kr. milli ára, fyrst og fremst vegna hækkunar á launum flugumferðarstjóra. Tekjur eru alls áætlaðar 246,5 m.kr. Stærstur hluti þeirra eru lendingargjöld sem eru áætluð 220 m.kr. og byggst sú áætlun á því að nokkur hækkun verði á lendingargjaldi á hvert tonn, sem nú er 7,05 dalir, en það hefur verið óbreytt frá 1989. Ætlast er til að 20 m.kr. af lendingargjöldum verði skilað til reksturs *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar*, sem er óbreytt framlag frá fjárlögum 1994. Til fjárfestingar verður varið 20 m.kr., en gert er ráð fyrir að blindflugslendingartæki vallarins verði endurnýjuð á næstu fjórum árum.

114 ***Flugstöð Leifs Eiríkssonar.*** Rekstrarstaða flugstöðvarinnar hefur versnað mjög frá fjárlögum 1994. Tekjur eru áætlaðar 384 m.kr. en gjöld 507 m.kr. og halli mundi því nema 123 m.kr. borið saman við 58 m.kr. á fjárlögum 1994. Mestu ræður þar um að vaxtagreiðslur eru taldar munu nema 229 m.kr. og hækka um 48 m.kr. milli ára. Húsaleigutekjur, sem eru bundnar Bandaríkjadölum, lækka um 13 m.kr. milli ára vegna gengislækkunar dalsins auk þess sem endurgreiðsla leigutaka á sameiginlegum kostnaði er talin lækka um 10 m.kr. Hluti Flugstöðvarinnar í lendingargjöldum er 20 m.kr., óbreyttur frá fjárlögum 1994.

Á árinu 1995 falla nokkur stór lán vegna byggingar Flugstöðvarinnar í gjalddaga. Samtals nema afborganir 1.965 m.kr. en á móti er gert ráð fyrir nýjum lántökum að fjárhæð 1.980 m.kr.

Með tilliti til slæmrar fjárhagsstöðu Flugstöðvarinnar er utanríkisráðuneytið að vinna að tillögum um fjárhagslega endurskipulagningu hennar og kann því fjárhagsáætlunin að taka breytingum í meðförum Alþingis.

Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega sem fara um völlinn hefur verið sem hér segir á árunum 1985-1993:

	Fjöldi lendinga	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar í millilendingu	Farþegar samtals
1985	4.045	182.393	183.469	201.374	567.236
1986	4.337	213.056	211.539	179.292	603.887
1987	5.342	263.441	258.857	226.476	748.774
1988	5.719	266.264	266.077	273.838	806.179
1989	5.909	262.651	259.507	178.629	700.787
1990	6.262	271.888	271.592	191.584	735.064
1991	6.441	278.380	278.755	183.766	740.901
1992	6.449	278.504	276.679	201.078	756.261
1993	6.354	284.443	284.018	192.883	761.344

25 Sjávarútvegsráðuneyti

911 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn var stofnaður með lögum nr. 92/1994. Hlutverk hans er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi með því að draga úr umframafkastagetu sjávarútvegsins. Það verður gert með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og kaupa á fiskvinnslustöðvum ásamt framleiðslutækjum þeirra. Ennfremur veitir sjóðurinn lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

Sjóðurinn yfirtók allar eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs, atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja og einnig eignir og skuldbindingar hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Frá þessu drógust 950 m.kr. af endurlánum til atvinnutryggingardeildar sem ríkissjóður yfirtekur.

Eigendur fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni greiða árlega gjald til Þróunarsjóðs er miðast við stærð skipa í brúttótonnum. Undanþegnir eru bátar minni en 6 brúttórúmlestir sem stunda veiðar með línu og handfærum við dagatakmarkanir. Áætlað er að gjald þetta gefi um 80 m.kr. í tekjur. Sérstakt gjald er lagt á eigendur fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslu og er áætlað að tekjur af því gjaldi nemi einnig 80 m.kr. Frá og með fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1996 skal innheimta gjald til Þróunarsjóðs af úthlutuðu aflamarki og skal gjaldið nema a.m.k. 1.000 kr. á hverja þorskígildislest. Er gert ráð fyrir að gjaldið skili sjóðnum að meðaltali um 525 m.kr. í tekjur árlega. Samkvæmt 3. gr. laganna skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 4 milljarða króna í lánsfé á árunum 1994 og 1995. Þá er sjóðsstjórn heimilt að taka lán í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að verja 2 milljörðum króna til úreldingar fiskiskipa og 700 m.kr. til annarra verkefna, svo sem kaupa á fiskvinnslustöðvum og þróunarverkefna. Greiddar afborganir og vextir nema 1.210 m.kr. Á móti koma þriggja milljarða króna lántökur, þar af 2,7 milljarðar króna af stofnláni frá ríkissjóði. Lántökuheimildir Þróunarsjóðs 1994 eru annars vegar í ákvæði til bráðabirgða í lögum um sjóðinn og hins vegar í lánsfjárlögum 1994 að því er snertir atvinnutryggingardeildina. Til viðbótar lántökum koma innheimtar afborganir af verðbréfum í eigu Hagræðingarsjóðs, 500 m.kr., innkomið fé til atvinnutryggingardeildar, 340 m.kr., og 60 m.kr. gjald af fiskiskipum.

Á árinu 1995 er áætlað að úreldingarstyrkir til fiskiskipa nemi 900 m.kr. og 300 m.kr. fari til fiskvinnslustöðva og þróunarverkefna. Í þessu skyni er gert ráð fyrir 1.100

m.kr. í styrkveitingar og 100 m.kr. í veitt lán. Greiddar afborganir og vextir nema samtals nærri 1,9 milljörðum króna. Á móti koma lántökur að fjárhæð 2,4 milljarðar króna, en þar af nema eftirstöðvar af stofnláni ríkissjóðs 1.280 m.kr. og aðrar lántökur 1.120 m.kr. Vextir og aðrar tekjur nema um 550 m.kr. og innkomnar afborganir eru áætlaðar um 110 m.kr.

27 Félagsmálaráðuneyti

270 ***Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild.*** Rekstrarkostnaður deildarinnar er áætlaður 150 m.kr. en á móti koma inn 67 m.kr. tekjur, svo sem af lántökugjaldi, kaupum og sölu uppboðsíbúða og útseldri vinnu. Vaxtatekjur verða mun hærri en vaxtagjöld, eða sem nemur 2.755 m.kr., en greiddar afborganir verða á hinn bóginn verulega umfram innheimtar, eða sem nemur 2.315 m.kr. Stafar þetta einkum af því að útlán húsbréfadeildarinnar eru jafngreiðslulán, þar sem vextir vega þyngra en afborganir framan af endurgreiðslutímanum. Gert er ráð fyrir að útgáfa húsbréfa nemi 13 milljörðum króna á næsta ári. Gangi þessi áætlun eftir verður sjóðsaukning húsbréfadeildar 225 m.kr. á árinu 1995.

Vanskil í húsbréfakerfinu eru komin á það stig að nær fjórðungur allra lána eru í 90 daga vanskilum eða meir. Ástæður mikilla vanskila og viðbrögð við þeim eru nú til sérstakrar athugunar hjá ráðuneytum fjármála og félagsmála í samvinnu við Húsnæðisstofnun ríkisins. Einkum þrennt er nú til skoðunar. Í fyrsta lagi endurskoðun reglna um greiðslumat íbúðarkaupenda og hvernig þær megi herða. Í öðru lagi reglur um veðmat þeirra eigna sem standa sem trygging fyrir fasteignaveðbréfum íbúðarkaupenda. Loks hækkun núgildandi ábyrgðargjalds, sem er 0,25%, í allt að 0,5% þannig að húsbréfakerfið geti mætt áföllum.

271 ***Byggingarsjóður ríkisins.*** Með lögum nr. 47/1991 voru felldir niður helstu lánaflokkar hjá Byggingarsjóði ríkisins en eftir standa þrír lánaflokkar: Lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir og lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði. Á næsta ári er gert ráð fyrir að lánveitingar til þessara flokka nemi alls 300 m.kr., samanborið við 313 m.kr. á yfirstandandi ári. Þá verða 320 m.kr. lánaðar til *Byggingarsjóðs verkamanna* vegna endursölu- og kaupleiguíbúða. Verða lánveitingar því alls 620 m.kr. Að öðru leyti eru fjárreiður sjóðsins í fjárlagafrumvarpi 1995 eftirfarandi: Greiddar afborganir umfram innheimtar eru áætlaðar 1.312 m.kr., útstreymi vegna skyldusparnaðar 750 m.kr. og útstreymi vegna uppboðsíbúða er 200 m.kr. Rekstrarkostnaður er áætlaður 88 m.kr. og fjárfesting er áætluð 33 m.kr. Tekjur vegna útseldrar vinnu, greiðsluseðla og vanskila eru áætlaðar 221 m.kr. og vaxtatekjur umfram vaxtagjöld eru áætlaðar 182 m.kr. Fjárþörf sjóðsins verður samkvæmt þessu 2.600 m.kr. og verður henni mætt með nýjum lántökum.

272 ***Byggingarsjóður verkamanna.*** Framlag ríkisins til sjóðsins verður 608 m.kr. og lækkar um 300 m.kr. frá fjárlögum 1994. Þeirri lækkun er ætlað að fjármagna $^3/_4$ af hlut ríkisins í húsaleigubótum sem áformað er að taka upp í byrjun næsta árs. Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður 117 m.kr. Fjármagnskostnaður umfram fjármagnstekjur er áætl-

aður 1.477 m.kr. og greiddar afborganir umfram innheimtar nema 1.514 m.kr. Heimiluð verða útlán til byggingar eða kaupa á allt að 400 félagslegum íbúðum í stað 500 íbúða eins og verið hefur hin síðustu ár. Samtals nema lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna 4.220 m.kr. á árinu 1995, þar af eru 3.520 m.kr. til framkvæmdalána og 700 m.kr. til endusöluíbúða. Auk framlags úr ríkissjóði fær byggingarsjóðurinn verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör, 297 m.kr., greiðslur frá kaupendum eldri íbúða, 50 m.kr., úr tryggingarsjóði koma 39 m.kr. og ýmsar aðrar tekjur gefa 34 m.kr. þannig að þessar tekjur eru áætlaðar alls um 420 m.kr. Fjárþörf sjóðsins verður samkvæmt þessu 6.300 m.kr. og verður henni mætt með nýjum lántökum.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Áætlað er að útgjöld sjóðsins verði 3.976 m.kr. á næsta ári samanborið við 4.011 m.kr. í fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir 4,9% atvinnuleysi í samræmi við þjóðhagsspá. Þá er ráðgert að lækka útgjöld sjóðsins um 200 m.kr. með endurskoðun á fyrirkomulagi og reglum um úthlutun bóta. Meðal áforma um sparnað er að endurskipuleggja og samræma störf úthlutunarnefnda samhliða því að þeim verði fækkað, gefa út upplýsinga- og fræðsluefni fyrir nefndirnar og lengja og tekjutengja biðtíma eftir bótum. Loks er áformað að 130 m.kr. sparist með niðurfellingu á launabótum. Á móti minnkandi atvinnuleysi og sparnaðaraðgerðum kemur að atvinnuleysisbætur til fyrrverandi starfsmanna hins opinbera eru nú greiddar úr sjóðnum, en útgjöld vegna þeirra eru áætluð 170 m.kr. Eftirfarandi tafla sýnir helstu fjárreiður sjóðsins:

Greiðslugrunnur	m.kr.
Útstreymi	**3.976**
Hlutdeild í rekstri Vinnumálaskrifstofu	38
Kostnaður við úthlutun, þóknanir	72
Kjararannsóknarnefnd	20
Atvinnuleysisbætur og átaksverkefni	3.184
Atvinnuleysisbætur til sjálfstætt starfandi og utan stéttarfélaga	160
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	170
Styrkir skv. II. kafla, 40% af vaxtatekjum	52
Eftirlaunasjóður aldraða	280
Innstreymi	**3.976**
Lögbundnar tekjur	2.000
Aðrar tekjur	601
Vaxtatekjur og innheimtar afborganir	305
Seld verðbréfaeign	200
Viðbótarframlag úr ríkissjóði	870

Með lögum nr. 53/1993 öðluðust þeir sem standa utan stéttarfélaga og sjálfstætt starfandi einstaklingar rétt til atvinnuleysisbóta. Í umsögn með lagafrumvarpinu var áætlað að kostnaðarauki vegna þessara hópa yrði 300 til 500 m.kr. á ári, eftir því hve atvinnuleysi yrði mikið. Kostnaður hefur ekki vaxið eins hratt og gert var ráð fyrir, en þó er ekki talin ástæða til að endurskoða matið fyrr en meiri reynsla er komin á framkvæmdina.

Lögboðin framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru 0,5% af stofni tryggingagjalds, sem er framlag atvinnurekenda, og jafnhátt framlag úr ríkissjóði. Áætlað er að tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi verði einn milljarður króna þannig að lögbundin framlög verði tveir milljarðar króna. Áformað er að leita eftir samkomulagi við sveitarfélögin um áframhald á 600 m.kr. framlagi þeirra til átaksverkefna og atvinnuskapandi

aðgerða. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin fái sömu fjárhæð greidda úr sjóðnum og sparast í atvinnuleysisbótum til þeirra sem fá atvinnu með átaksverkefnunum. Samstarf við sveitarfélögin um annars konar fyrirkomulag til að draga úr atvinnuleysi kemur einnig til álita, með eða án þátttöku Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá er áætlað að sjóðurinn innheimti 305 m.kr. í afborganir og vexti af verðbréfaeign á næsta ári og fái 1,3 m.kr. í tekjur af húsaleigu. Loks er gert ráð fyrir að sjóðurinn gangi á eignir sínar með því að selja verðbréf að verðmæti 200 m.kr. Til að brúa bilið milli innstreymis og útstreymis leggur ríkissjóður sjóðnum til 870 m.kr. Til viðbótar 600 m.kr. framlagi sveitarfélaganna hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því að allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins fari til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi. Framlög frá A-hluta fjárlagafrumvarps verða samtals 2.870 m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti

101 ***Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Útsölustaðir ÁTVR eru nú 22 og þar af 7 á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 1993 nam sala tóbaks, án virðisaukaskatts, 3.590 m.kr. og sala áfengis 6.153 m.kr. eða 8,2 milljónum lítra. Tekjur af sölu áfengis og tóbaks eru áætlaðar 10,4 milljarðar króna á árinu 1995 og hækka um rúm 11% frá áætlun fjárlaga 1994 en 8% ef miðað er við reikning 1993. Sala áfengra drykkja jókst fyrstu sex mánuði ársins 1994 og tekur áætlun um sölu á árinu 1995 mið af því. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum á verði áfengis og tóbaks á næsta ári. Skil ÁTVR í ríkissjóð á árinu 1995 eru áætluð 6.865 m.kr., sem er hækkun um 8% frá gildandi fjárlögum. Fjárfesting er áætluð 15 m.kr. en ætlunin er að endurnýja hluta af tölvubúnaði stærstu verslana ÁTVR.

103 ***Ríkiskaup.*** Laun og önnur rekstrargjöld hækka um tæp 6% frá áætlun fjárlaga 1994 en endursölureikningur lækkar um 162 m.kr. eða 11%. Stefnt er að því að draga úr beinni vörusölu en auka tekjur af gerð útboða.

402 ***Fasteignamat ríkisins.*** Með lögum nr. 51/1994, um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, var fellt niður ákvæði laga nr. 94/1976 þar sem kveðið var á um að Fasteignamat ríkisins væri A-hluta stofnun. Fasteignamat er grunnur að fasteignagjöldum sveitarfélaga og stærstum hluta eignarskatts. Sem dæmi um umsvif Fasteignamats ríkisins má nefna að á hverju ári eru á milli 30 til 40 þúsund eigendur skráðir, nýmat eða endurmat fer fram á u.þ.b. 15.000 húsum og 6.000 lóðum. Auk þess eru um 400 matskærur úrskurðaðar. Gert er ráð fyrir að á árinu 1995 hækki rekstrargjöld stofnunarinnar um tæpt 1% frá áætlun fjárlaga 1994 en að þjónustutekjur lækki um 5%. Fyrr á þessu ári felldi tölvunefnd niður heimild til að fletta upp í fasteignamatsskrá eftir kennitölum einstaklinga. Þessi ákvörðun nefndarinnar dregur úr sértekjum stofnunarinnar. Fjárfesting er áætluð 17 m.kr. Þar af falla 4 m.kr. innan rekstraráætlunar. Til áframhaldandi undirbúnings að gerð Landskrár fasteigna eru ætlaðar 8 m.kr.

971 ***Lánasýsla ríkisins.*** Starfsemi Lánasýslu ríkisins skiptist í tvennt: Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og Ríkisábyrgðasjóð. Auk þess annast Lánasýslan rekstur Framkvæmda-

sjóðs, en í framsetningu fjárlagafrumvarpsins er honum haldið aðgreindum. Gjöld stofnunarinnar eru áætluð 84,9 m.kr. og lækka um rúm 7% frá áætlun fjárlaga 1994. Söluþóknun vegna viðskipta þjónustumiðstöðvar á eftirmarkaði, umsýsluþóknun Lánasýslu ríkisins o.fl. eru áætlaðar 43,8 m.kr. á árinu 1995. Fyrir gildistöku fjárlaga 1995 verður söluþóknun ríkissjóðs til Lánasýslu ríkisins vegna frumsölu ríkisskuldabréfa endurskoðuð og má ætla að sölulaunin lækki all verulega miðað við núverandi fyrirkomulag.

Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur Ríkisábyrgðasjóðs verði 38,2 m.kr. Framlag úr ríkissjóði verður 225 m.kr. og er ætlað að mæta töpuðum útlánum í ábyrgð hjá sjóðnum. Undir liðinn veitt lán eru færðar vanskilakröfur sem Ríkisábyrgðasjóður þarf að leysa til sín á næsta ári. Innheimtar afborganir eru afborganir af skuldabréfaeign sjóðsins og áætlaðar endurgreiðslur vanskilakrafna sem sjóðurinn hefur leyst til sín.

*972 **Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands.*** Líkt og undangengin ár dregst rekstrarumfang Framkvæmdasjóðs Íslands saman á árinu 1995. Laun og rekstrargjöld lækka milli ára um 18% og verða 48,2 m.kr. Áætlað er fyrir sex störfum.

Samkvæmt reikningi sjóðsins námu útistandandi kröfur 16,2 milljörðum króna í árslok 1993 en skuldir á móti námu 19,7 milljörðum króna. Vaxtagjöld á árinu 1995 eru áætluð 698 m.kr. og er það í samræmi við lánasamninga um vaxtakjör og endurgreiðslur tekinna lána. Vaxtatekjur eru hins vegar áætlaðar 676 m.kr., en þá er ekki reiknað með fullum skilum af nokkrum ótryggum lánum. Innheimtar afborganir eru í samræmi við fyrirliggjandi lánasamninga. Reiknað er með töluverðum vanskilum á afborgunum, einkum vegna lána til fiskeldis. Ganga þarf á sjóðsinnstæðu sem nemur 815 m.kr. til að fjármagna neikvæðar fjármunahreyfingar.

30 Samgönguráðuneyti

*101 **Póst- og símamálastofnun og 110 Söludeild Póst- og símamálastofnunar.*** Söludeild Póst- og símamálastofnunar er nú aðskilin frá annarri starfsemi fyrirtækisins og er sett fram eins og um sjálfstætt fyrirtæki sé að ræða. Starfsemi Söludeildar nær til sölu, uppsetningar og viðhalds notendabúnaðar. Á næsta ári er velta hennar áætluð um 496 m.kr. og hagnaður um 41 m.kr. Velta Póst- og símamálastofnunar, þ.e. án Söludeildar, er áætluð 9.610 m.kr. og hagnaður 960 m.kr. Tekjuáætlun miðast við óbreytta gjaldskrá fyrirtækisins á næsta ári. Gert er ráð fyrir að stofnunin greiði arð í ríkissjóð sem nemur 860 m.kr. á næsta ári og að hún standi sjálf undir greiðslum vegna lífeyrisuppbóta starfsmanna eins og á undanförnum árum. Fjárfesting á vegum stofnunarinnar er áætluð 1.850 m.kr. og er fjármögnuð að öllu leyti með fé úr rekstri. Fjárfestingin beinist einkum að uppbyggingu stafræna símakerfisins, bæði í almenna símakerfinu og farsímakerfinu. Hins vegar lýkur greiðslum vegna þátttöku í lagningu Cantat-3 ljósleiðarans yfir Norður-Atlantshafið á þessu ári en sú fjárfesting var fjármögnuð með lánsfé.

*471 **Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, tekur að sér að greiða með yfirflugsgjöldum fyrir þá þjónustu sem veitt er á íslenska

flugstjórnarsvæðinu af Flugmálastjórn, Póst- og símamálastofnun og Veðurstofu Íslands. Þessar endurgreiðslur eru áætlaðar 722 m.kr. á næsta ári og er þóknunin sýnd sem önnur rekstrargjöld í reikningi Alþjóðaflugþjónustunnar en samsvarandi tekjur frá ICAO sem seld þjónusta. Áætlað er að fjárfesta fyrir samtals 150 m.kr. á næsta ári í nýju ratsjárkerfi og öðrum tækjabúnaði vegna flugstjórnarmiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli og er sú fjárfesting fjármögnuð með samsvarandi lántöku. Um er að ræða nýja flugstjórnarmiðstöð sem verið er að taka í notkun um þessar mundir. Kostnaður vegna hennar verður síðan endurgreiddur að langmestu leyti í formi húsaleigugreiðslna frá ICAO.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Samkvæmt frumvarpinu er áformað að auka fjárfestingu fyrirtækisins miðað við fjárlög 1994 úr 525 m.kr. í 540 m.kr. sem aðallega verður varið til aðveitustöðva, stofnlína og innanbæjarkerfa. Sem fyrr verða framkvæmdir fjármagnaðar með fé úr rekstri. Heildargjöld fyrirtækisins eru talin verða tæplega 4 milljarðar króna. Miðað er við gjaldskrá Landsvirkjunar og söluskilmála frá 1. janúar 1994. Áætlað er að heildartekjur verði tæplega 3,9 milljarðar króna en eru í fjárlögum 1994 áætlaðar 3,8 milljarðar króna. Seldar vörur og þjónusta miðast við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1994. Arðgreiðsla í ríkissjóð hækkar í 100 m.kr. en er í fjárlögum 1994 áætluð 50 m.kr. Jafngildir það um 1,0% arðkröfu af eigin fé fyrirtækisins en stefnt er að því að hún hækki í áföngum.

Á árinu 1989 gerðu ríkissjóður og Rafmagnsveitur ríkisins með sér samning, sem fól m.a. í sér að ríkissjóður yfirtók rúmlega 1.400 m.kr. af skuldum RARIK á verðlagi í árslok 1988. Í samningnum eru ákvæði um að RARIK beri að greiða ríkissjóði árlega hluta af framlegð rekstrar fyrirtækisins til að mæta greiðslubyrði ríkisins af þessum yfirteknu lánum. Ríkisendurskoðun hefur árlega reiknað út fjárhæðina og tilkynnt Rafmagnsveitum ríkisins. Í apríl s.l. voru vanskil fyrirtækisins við ríkissjóð vegna þessa um 59 m.kr. Af þessari skuld eru tæpar 45 m.kr. vegna ársins 1989 en 14 m.kr. vegna ársins 1992.

Iðnaðarráðherra hefur skipað fulltrúa iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Rafmagnsveitna ríkisins í nefnd til þess að fara yfir málefni fyrirtækisins. Umfangsmikil verkefni við endurnýjun rafdreifikerfis í sveitum eru fyrirliggjandi á næstu árum. Er því verkefni nefndarinnar að endurskoða umræddan samning í samræmi við stefnumótun um arðgreiðslur fyrirtækisins. Þess er vænst að niðurstöður nefndarinnar fáist fyrir afgreiðslu fjárlaga á Alþingi.

8 Lánsfjármál

Í þessum kafla er fjallað um helstu þætti lánsfjármála hins opinbera, einkum ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um stöðu fjármagnsmarkaðarins, þá gerð grein fyrir framboði og eftirspurn lánsfjár 1994 og 1995, því næst er fjallað um lánsfjárþörf hins opinbera og loks er fjallað um ráðstöfun á lántökum A-hluta ríkissjóðs.

8.1 Staða fjármagnsmarkaðarins

Innlendur fjármagnsmarkaður hefur breyst á allra síðustu árum bæði að því er tekur til framboðs á sparifé en einkum hvað snertir tilhögun á lántökum. Lánsfjármarkaðurinn hefur einnig verið til þess að gera staðbundinn við Ísland þar til á allra síðustu misserum er frelsi til fjármagnsflutninga milli landa hefur komist á. Síðasti áfangi í því efni tekur gildi um nk. áramót þegar hömlum á skammtímafjárskuldbindingum verður aflétt. Í þessu ljósi þarf að skoða fjármagnsmarkaðinn. Ríkissjóður hefur verið og verður væntanlega fyrst um sinn stærsti lántakandinn innanlands og hefur því veigamikil áhrif á þróun peningamarkaðarins.

Bjartari horfur í ríkisfjármálum á árunum 1994 og 1995 benda til þess að ríkissjóður muni draga úr lántökum. Á árinu 1994 stefnir í að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar verði um 22,1 milljarður króna og samsvarandi fjárhæð fyrir 1995 er áætluð um 14,4 milljarðar króna. Lægri lánsfjárþörf ætti að hafa áhrif á vexti til lækkunar ef markaðurinn starfar óheftur og lántökur annarra aðila, þ.e. sveitarfélaga, heimila og atvinnufyrirtækja, aukast ekki. Nokkur veigamikil atriði sem tengjast vaxtaþróuninni verða nú rædd.

Vextir ríkisverðbréfa. Ríkisstjórnin markaði mjög skýra stefnu í vaxtamálum í lok október 1993. Stefnt var að því að ávöxtun spariskírteina færi undir 5% úr 7-8% og aðrir vextir opinberra aðila og lánastofnana tækju mið af því. Þetta náðist í janúar á þessu ári þegar ávöxtun spariskírteina fór undir 5% bæði á 5 og 10 ára bréfum. Ávöxtunarkrafa húsbréfa fylgdi í kjölfarið og fór undir 5% í apríl s.l. Vextir á skammtímaverðbréfum ríkissjóðs, þriggja mánaða ríkisvíxlum, lækkuðu samhliða og urðu lægstir 4,41%. Árangurinn má einkum rekja til þess að Seðlabankinn, sem er viðskiptavaki spariskírteina ríkissjóðs, húsbréfa og húsnæðisbréfa, hefur beitt peningamálaaðgerðum, þ.e.a.s. kaupum og sölu verðbréfa, eftir því sem aðstæður hafa gefið tilefni til og þannig haft áhrif á vextina. Bankinn rýmkaði einnig reglur um lausafjár- og bindiskyldu innlánsstofnana sem hefur örvað viðskipti með óverðtryggða ríkisvíxla og skammtímaverðbréf. Þá hefur ríkissjóður tekið erlend lán til þess að jafna áhrif á lánamarkaðinn.

Um þessar mundir reynir töluvert á markmið í vaxtamálum frá síðastliðnu ári. Ávöxtun húsbréfa hefur um nokkurt skeið verið yfir settu viðmiði og útboðum á húsnæðisbréfum Húsnæðisstofnunar hefur verið frestað fyrst um sinn. Einungis spariskírteini ríkissjóðs seljast nú miðað við 5% ávöxtun. Áhugi fjárfesta beinist einkum að skammtímaverðbréfum ríkissjóðs og verðbréfum til lengri tíma sem gefin eru út af öðrum aðilum svo sem lánasjóðum og ríkisfyrirtækjum. Þá er líflegur markaður fyrir skuldabréfaútgáfu sveitarfélaga og einkafyrirtækja. Skuldabréf þessara aðila bera hærri vexti en spariskírteini ríkissjóðs. Það sem af er þessu ári lætur nærri að bæjar- og sveitarfélög hafi boðið verðbréf fyrir um 2,5

milljarða króna, opinberir sjóðir og ríkisfyrirtæki svipaða upphæð sem og atvinnufyrirtæki í einkaeign. Alls eru þetta því um 6,5-7 milljarðar króna. Raunhæft er að ætla að verðbréfaútgáfa þessara aðila verði 10-12 milljarðar króna á árinu. Þá má nefna að verðbréfasjóðir hafa vaxið hröðum skrefum á árinu, eða um 60%. Útgefin hlutdeildarskírteini þeirra hafa vaxið úr 9 milljörðum króna í ársbyrjun 1993 í um 19 milljarða króna á miðju ári 1994. Aukninguna má að mestu leyti rekja til hárrar ávöxtunar í kjölfar vaxtalækkunar í lok síðasta árs og framan af þessu ári hjá þeim sjóðum sem fjárfestu í íslenskum verðbréfum.

Ávöxtunarkrafa á útgáfu vísitölubundinna spariskírteina að undanförnu hefur farið hækkandi á Verðbréfaþingi Íslands. Þrátt fyrir það hefur eftirspurn eftir bréfum úr eldri flokkum spariskírteina aukist. Ávöxtunarkrafa Seðlabanka á þessum bréfum við sölu er nú 4,4-4,9% eftir gjalddögum. Þetta er vísbending um að fjárfestar hneigist til viðskipta með styttri verðbréf, bæði verðtryggðra og óverðtryggðra, vegna óvissu um verðlagsþróun, niðurstöðu komandi kjarasamninga og Alþingiskosninga. Einnig ríki óvissa um þróun vaxta á erlendum fjármagnsmörkuðum, en þar hafa vextir verið að hækka. Í alþjóðlegum samanburði má fullyrða að langtímavextir á verðtryggðum spariskírteinum séu fyllilega samkeppnisfærir við áþekk verðbréf erlendis. Á sama tíma eru vextir á óverðtryggðum ríkisvíxlum og ríkisbréfum svipaðir því sem er erlendis.


Ný markaðsbréf ríkissjóðs. Ríkissjóður og Húsnæðisstofnun ríkisins hafa á síðastliðnum þremur árum aukið fjölbreytni verðbréfa til skamms og langs tíma. Í boði hafa verið óverðtryggð 3 til 24 mánaða bréf og verðtryggð 5 til 20 ára bréf. Jafnan hefur verið leitast við að koma til móts við sjónarmið fjárfesta og tryggja að eftirmarkaður myndist með verðbréfin. Fjármálaráðherra hefur nýverið ákveðið að bjóða til sölu nú í október bréf með viðmiðun í evrópsku mynteiningunni ECU, m.a. til þess að koma til móts við þarfir þeirra fjárfesta sem kjósa að dreifa áhættu og ávaxta hluta eigna í erlendum verðbréfum eða ígildi þeirra. Jafnframt liggur fyrir að fjárstreymi úr landi hefur reynst meira á árinu en reiknað var með, en nú er spáð að það geti numið allt að 8 milljörðum króna á árinu öllu. Nýju bréfin eiga að vera til þess fallin að vega gegn fjármagnsflutningi.

Spariskírteini ríkissjóðs eiga langa sögu að baki. Upp á síðkastið hafa spariskírteini með gjalddaga að 5 og 10 árum liðnum verið einráð. Til athugunar er að gefa út skírteini til 15 eða jafnvel 20 ára enda ættu þau að verða álitleg eign fyrir fjárfesta eins og lífeyrissjóði sem hafa langtímaávöxtun í huga. Þá er þess að geta að snemma árs 1994 var hafin sala óverðtryggðra verðbréfa til tveggja ára, ríkisbréfa. Viðtökur markaðarins voru góðar og hafa selst bréf fyrir um 3,5 milljarða króna. Þessi bréf eru eðlilega næm fyrir þróun vaxta og óvissu sem kann að ríkja. Sala þessara bréfa er þáttur í því að koma í framkvæmd stefnu stjórnvalda um að draga úr verðtryggingu fjárskuldbindinga til skamms tíma. Þegar aðstæður leyfa er stefnt að því að bjóða áþekk bréf til 3-5 ára.

Vextir bankakerfisins. Það sem af er árinu 1994 hefur lánastarfsemi innlánsstofnana dregist saman. Fyrirtæki hafa greitt niður bankaskuldir samtímis því sem sveitarfélög hafa aukið skuldsetningu sína. Lausafjárstaða innlánsstofnana hefur þegar á heildina er litið batnað um 2,2 milljarða króna s.l. 12 mánuði og er um 1,2 milljarðar króna á árinu. Stóraukin útboð sveitarfélaga, lánasjóða, ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja einkenna peningamarkaðinn í ár. Þetta má án efa að nokkru leyti skýra með því að fyrirtæki leita á verðbréfamarkað til þess að ná hagstæðum vaxtakjörum enda hafa útlánsvextir innlánsstofnana verið háir þrátt fyrir almenna vaxtalækkun á verðbréfamarkaði.

Afkoma banka og annarra fjármálastofnana hefur batnað hröðum skrefum á árinu og kemur þar margt til. Rekstrarhagræðing hefur orðið, þjónustugjöld sett á og afskriftaþörf minnkað vegna batnandi afkomu atvinnufyrirtækja. Þrátt fyrir þetta hefur vaxtamunur almennra víxillána lánastofnana og skammtíma ríkisverðbréfa fremur aukist heldur en hitt, sbr. mynd.

Skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði




Lífeyrissjóðir. Árlegt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er yfir 40 milljarðar króna og eru því langveigamesta uppspretta nýs fjármagns í landinu. Geta lífeyrissjóðanna til þess að greiða sjóðsfélögum lífeyri hefur styrkst verulega á síðari árum þar sem háir vextir í landinu hafa gert sjóðunum fært að ávaxta eignir mjög vel. Liður í vaxtaaðgerðum stjórnvalda á s.l. ári var að afnema samningsviðskipti lífeyrissjóðanna við Byggingarsjóð ríkisins en beina fjáröflun sjóðsins þess í stað á verðbréfamarkaðinn. Fjáröflun með þessum hætti hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi, en eðlilegt verður að telja að langtímafjárfestar standi undir fjárþörf Byggingarsjóðsins. Ríkissjóður hefur því þurft að endurlána Byggingarsjóði ríkisins verulega fjármuni á árinu til þess að gera Húsnæðisstofnun fært að verða við skuldbindingum sínum. Nú er talið að fjárfyrirgreiðsla ríkissjóðs á árinu geti numið allt að 6-7 milljörðum króna.

Lífeyrissjóðir hér á landi hafa ekki tekið þátt í uppbyggingu atvinnulífsins með sama hætti og hliðstæðir sjóðir gera í öðrum löndum. Kaup sjóðanna á hlutabréfum hafa verið óveruleg enda virðast þeir ekki líta á hlutabréf sem langtíma fjárfestingu. Hlutabréfaviðskipti eru í eðli sínu áhættufjárfesting til langs tíma og geta skilað miklum arði um leið og þau treysta þær stoðir sem lífeyrissjóðirnir byggja tilveru sína á. Samkvæmt skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármál lífeyrissjóðanna 1993 nemur hlutabréfaeign þeirra um 2% af heildareign til greiðslu lífeyris.

Húsbréfakerfið. Fasteignaviðskipti hafa tekið við sér á árinu. Í kjölfar þess hefur framboð af húsbréfum verið með meira móti enda hefur ávöxtunarkrafa þeirra hækkað frá miðju þessu ári. Nú er talið að heimild til útgáfu húsbréfa samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1994, alls 11,5 milljarðar króna, verði að fullu nýtt í október eða nóvember nk. Þar sem húsbréfin bera ríkisábyrgð, og fyrir þau er virkur eftirmarkaður, virðast veik rök standa til þess að þau beri 0,3-0,4% hærri vexti en gildir um spariskírteini ríkissjóðs. Ljóst er að leita þarf heimildar til viðbótarútgáfu húsbréfa á þessu ári sem gæti numið 2-4 milljörðum króna. Óvíst er hvaða áhrif þetta hefur á ávöxtunarkröfu bréfanna. Í áætlun um lánsfjárþörf fyrir árið 1995 er gengið út frá að útgáfa húsbréfa fari ekki umfram 13 milljarða króna enda verði gripið til viðeigandi aðgerða.

Vanskil í húsbréfakerfinu

Hlutfall gjaldfallinna afborgana í þriggja mánaða vanskilum eða meir



Heildarútgáfa húsbréfa frá því hún hófst í árslok 1989 nemur nú nær 60 milljörðum króna. Veilur hafa verið að koma í ljós í húsbréfakerfinu. Eins og fram kemur á myndinni að ofan hafa vanskil vaxið á síðustu misserum og nú lætur nærri að fjórðungur gjaldfallinna afborgana húsbréfalána séu í alvarlegum vanskilum, þ.e. þriggja mánaða eða meir.

Ef innheimta er skoðuð sést að dráttarvextir reiknast á meira en helming lána, send er ítrekun vegna um 40% lána og greiðsluáskorun vegna um 25% þeirra. Fyrir liggur að vanskil í húsbréfakerfinu eru verulega meiri en þekkist í sambærilegum lánakerfum nágrannalanda.

Ástæður mikilla vanskila og viðbrögð við þeim eru nú til sérstakrar athugunar hjá ráðuneytum fjármála og félagsmála í samvinnu við Húsnæðisstofnun ríkisins. Einkum þrennt er til skoðunar. Í fyrsta lagi endurskoðun reglna um greiðslumat íbúðarkaupenda og hvernig

þær megi herða. Í öðru lagi reglur um veðmat þeirra eigna sem standa sem trygging fyrir fasteignaveðbréfum íbúðarkaupenda. Loks hækkun núgildandi ábyrgðargjalds, sem er 0,25%, í allt að 0,5% þannig að húsbréfakerfið geti mætt áföllum.

Fjármálaráðherra hefur lagt áherslu á að flytja beri ábyrgð og umsjón með húsbréfakerfinu til banka og sparisjóða. Mikilvægt er að flutningurinn valdi hvorki kollsteypu á fasteignamarkaði né fjármagnsmarkaði. Fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra hafa mótað ákveðnar tillögur sem gætu verið fyrsta skref í þessa átt. Þær miða að því að húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar starfi sem einskonar heildsala, og öll viðskipti íbúðarkaupenda fari um viðkomandi banka og sparisjóð. Tillögurnar eru nú til frekari skoðunar og hafa viðræður farið fram við bankakerfið um frekari útfærslu þeirra.

Ríkisábyrgðir. Gildi ríkisábyrgðar fyrir lánskjör og stöðu opinberra fjármálastofnana í samkeppni við þær sem eru á einkamarkaði er stöðugt að koma betur í ljós. Hér að framan hefur verið vikið að ábyrgð ríkissjóðs á útgefnum húsbréfum en ábyrgðin nær einnig til stærstu fjármálastofnana landsins og fjölmargra annarra þátta. Að undanförnu hafa opinberir fjárfestingarlánasjóðir og ríkisfyrirtæki leitað milliliðalaust eftir fjármagni á innlendum markaði og verið þannig í samkeppni við ríkissjóð um sparifé. Án nokkurs efa hefði gengið verr en raun ber vitni að selja verðbréf þessara aðila án ríkisábyrgðar og vextirnir reynst hærri. Fjárfestingarlánasjóðir og opinber fyrirtæki hafa boðið ávöxtun sem er frá 0,3-0,6% hærri en ríkissjóður hefur miðað við. Þetta hefur vakið spurningar um gildi ríkisábyrgðarinnar og hvernig með hana skuli fara. Rökrétt sýnist að stefna að því að nema ríkisábyrgðina af sjóðum og samkeppnisfyrirtækjum með því að þeim verði breytt í hlutafélög. Að öðrum kosti kemur til álita að ábyrgðin verði takmörkuð í lánsfjárlögum hverju sinni og innheimt ábyrgðargjald líkt og um erlend lán sé að ræða. Þessu til stuðnings má benda á að brátt verður lítill eða enginn greinarmunur gerður á lántökum á innlendum og erlendum markaði. Að öðrum kosti kemur sterklega til álita að umræddum aðilum verði gert að samræma kjör í verðbréfaútgáfum þeim kjörum sem ríkissjóður miðar við. Þannig yrði Lánasýslu ríkisins og Seðlabanka Íslands falið að hafa eftirlit með kjörum innlendrar verðbréfaútgáfu með ríkisábyrgð líkt og gildir um erlendar lántökur, sbr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

8.2 Framboð og eftirspurn lánsfjár

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands hefur lánsfjáreftirspurn aukist um 2,7%, eða 19,7 milljarða króna, á fyrri hluta árs 1994 í stað 7,6%, eða 51,3 milljarða króna, á sama tíma í fyrra. Á það ber hins vegar að líta að gengisfelling krónunnar í lok júní 1993 hafði talsverð áhrif á reiknaða lánsfjáreftirspurn á fyrri hluta þess árs. Sé leiðrétt fyrir áhrifum hennar óx lánsfjáreftirspurnin um 4-5% á fyrri hluta árs 1993. Vöxturinn er engu að síður mun hægari á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra.

Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er. Hér er um að ræða ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Á eftirfarandi töflu kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurn hefur þróast hjá þessum aðilum að undanförnu:

Lánsfjáreftirspurn innlendra aðila

Í milljörðum króna	Staða í lok tímabils 1992	1993	Júní 1993	Júní 1994	Hreyfing, % jan.-jún. 1993	jan.-jún. 1994
Ríkið	97,7	125,9	113,7	130,8	16,4	3,9
Sveitarfélög	28,5	31,8	28,6	31,9	0,4	0,3
Fyrirtæki	306,5	328,4	330,2	327,1	7,7	-0,4
Heimili	239,1	266,5	250,5	282,5	4,8	6,0
Samtals	671,8	752,6	723,0	773,0	7,6	2,7

Það er einkum tvennt sem vekur athygli við lestur ofangreindrar töflu. Í fyrsta lagi er það aukning í lántökum heimilanna, en lántökur þeirra jukust um 6% á fyrri helmingi ársins. Þessi mikla aukning kemur nokkuð á óvart þar sem búist hafði verið við því að draga kynni úr henni eftir mikla aukningu á undanförnum árum. Svo virðist sem lækkun vaxta á lánsfjármarkaði sl. haust hafi örvað eftirspurn heimila eftir lánsfé og kemur það glöggt fram meðal annars í eftirspurn eftir húsbréfalánum. Ef litið er á heildarskuldir heimilanna lætur nærri að hver fjögurra manna fjölskylda hafi skuldað um 4,3 m.kr. í lok júní 1994. Til samanburðar var þessi fjárhæð um 3 m.kr. í árslok 1990 á sama verðlagi. Í öðru lagi vekur athygli samdráttur í lántökum fyrirtækja, en hann nemur um 0,4% á fyrri hluta ársins. Auk þess sem útlánaafskriftir lánastofnana leiða til beinnar niðurfærslu reiknaðra lána til fyrirtækja, endurspeglar þessi samdráttur þá kyrrstöðu sem ríkir í fjárfestingu á vegum þeirra. Talið er að fjárfesting á vegum fyrirtækja sé um 7 ½ % af landsframleiðslu hér á landi samanborið við um 10% í nágrannalöndunum.

Innlendur sparnaður og erlend lán. Áætlað er að innlendur sparnaður hafi aukist um 4,5% á fyrri hluta ársins og námu peningalegar eignir 525,5 milljörðum króna í lok júní sl. Um er að ræða svipaða hlutfallsaukningu á þessu ári og á fyrri hluta árs 1993. Frjáls sparnaður, þ.e. einkum bankainnlán og markaðsverðbréf, er áætlaður um 234 milljarðar króna og hafði aukist um 3,1% frá ársbyrjun samanborið við tæp 3% á fyrri hluta síðasta árs. Kerfisbundinn sparnaður, fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna, er talinn hafa numið 291,5 milljörðum króna í lok júní og hafði aukist um 5,6% á fyrri hluta ársins samanborið við 6,1% á sama tímabili í fyrra.

Áætlun um peningalegan sparnað

Í milljörðum króna	Staða í árslok 1993	1994	1995	Hrein aukning á meðalverðlagi 1993	1994	1995
Peningalegur sparnaður	503,3	543,9	591,5	26,7	34,9	36,5
Frjáls	227,3	242,7	261,0	6,4	12,4	13,4
Kerfisbundinn	276,1	301,2	330,5	20,3	22,5	23,2
Peningalegur sparnaður, % af landsframleiðslu				6,5	8,2	8,2

Við afgreiðslu fjárlaga 1994 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði um 28 milljarðar króna á árinu en hagstæðari efnahagshorfur valda því að frjáls sparnaður gæti orðið talsvert hærri. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að peningalegur sparnaður muni aukast um 34,9 milljarða króna á þessu ári.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 36,5 milljarðar króna á árinu 1995 eða 8,2% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 23,2 milljarðar króna en hinn frjálsi um 13,4 milljarðar króna. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því ber að skoða niðurstöðurnar með miklum fyrirvara.

Nokkur samdráttur hefur orðið í erlendum lántökum það sem af er árinu. Erlend skammtímalán hafa dregist saman um röska 4 milljarða króna en erlend langtímalán aukist aðeins um 1,9 milljarða króna. Á sama tíma hafa kaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum orsakað útstreymi fjármagns sem nemur um 5,5 milljörðum króna.

8.3 Lánsfjárþörf hins opinbera


Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af Iðnlánasjóði hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar fjallað um lántökur hins opinbera óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins. Þannig eru lántökur Húsnæðisstofnunar ríkisins og Iðnlánasjóðs taldar hluti af lánsfjárþörf hins opinbera.

Þetta er mjög víðtæk skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera. Fjármálastofnanir og fyrirtæki eru í eigu hins opinbera hér á landi í mun ríkara mæli en í öðrum aðildarríkjum OECD. Þannig getur þessi skilgreining gefið villandi mynd af umsvifum hins opinbera á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þeirra, sérstaklega í samanburði við önnur lönd.

Lánsfjárþörf hins opinbera er því skipt milli *opinberra aðila* annars vegar og *viðskiptalegra aðila* hins vegar. Undir *viðskiptalega aðila* fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeign í aðildarríkjum OECD. Hér er átt við fyrirtæki á borð við Landsvirkjun og Póst- og símamálastofnun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Undir heitið *opinberir aðilar* falla ríkissjóður og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátaldri. Það skal tekið fram að skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera nær ekki til sveitarfélaga og er að því leyti ekki tæmandi.

Á eftirfarandi mynd kemur fram hvernig lánsfjárþörf hins opinbera samkvæmt þessari skilgreiningu, þ.e. opinberir aðilar annars vegar og viðskiptalegir aðilar hins vegar, hefur þróast á undanförnum árum.

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



Lánsfjárþörf hins opinbera breytist milli ára sem hér segir:

Í milljörðum króna	Áætlun 1994			Áætlun 1995		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	-	-	**65,0**	-	-	**54,2**
Opinberir aðilar	-	-	38,6	-	-	30,1
Ríkissjóður A-hluti	-	-	36,5	-	-	21,2
Byggingarsjóðir	-	-	2,1	-	-	8,9
Viðskiptalegir aðilar	-	-	26,4	-	-	24,1
Ríkisfyrirtæki	-	-	5,0	-	-	3,0
Húsbréf	-	-	13,5	-	-	13,0
Aðrir	-	-	7,9	-	-	8,1
Afborganir	**20,5**	**22,4**	**42,9**	**27,5**	**12,3**	**39,8**
Opinberir aðilar	12,5	9,7	22,2	18,0	1,6	19,6
Ríkissjóður	6,2	9,7	15,9	10,9	1,6	12,5
Byggingarsjóðir	6,3	-	6,3	7,1	-	7,1
Viðskiptalegir aðilar	8,0	12,7	20,7	9,5	10,7	20,2
Ríkisfyrirtæki	-	5,5	5,5	-	4,5	4,5
Húsbréf	3,1	-	3,1	3,7	-	3,7
Aðrir	4,9	7,2	12,1	5,8	6,2	12,0
Hrein lánsfjárþörf	-	-	**22,1**	-	-	**14,4**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-	-	5,2	-	-	3,2

Heildarlántökur hins opinbera á árinu 1995 eru áætlaðar 54,2 milljarðar króna og afborganir 39,8 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf er þannig áætluð 14,4 milljarðar króna

eða 7,7 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Áætlað er að hrein lánsfjárþörf *opinberra aðila* nemi 10,5 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 16,4 milljarða króna árið 1994. Minni lánsfjárþörf ríkissjóðs skýrir lækkunina að nær öllu leyti. Hrein lánsfjárþörf *viðskiptalegra aðila*, þ.e. ríkisfyrirtækja, húsbréfadeildar og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, er talin nema 3,9 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 5,7 milljarða króna í ár. Lækkunin milli ára stafar annars vegar af minni umsvifum húsbréfadeildar og hins vegar aukinni uppgreiðslu lána ríkisfyrirtækja. Hér á eftir er gerð ítarleg grein fyrir lánsfjármálum ríkissjóðs en nánar verður greint í frumvarpi til lánsfjárlaga frá lánsfjárþörf annarra.

8.4 Lánsfjárþörf ríkissjóðs

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð um 21,2 milljarðar króna á árinu 1995. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 12,5 milljörðum króna þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin verða um 8,7 milljarðar króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1994 og 1995 og skiptingu hennar:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	10.875	6.521
Veitt lán, nettó	8.720	1.190
Eignfærð framlög	500	500
Viðskiptareikningar	500	500
Hrein lánsfjárþörf	**20.595**	**8.711**
Afborganir af teknum lánum	15.900	12.500
Heildarlánsfjárþörf	**36.495**	**21.211**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs er saman sett.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1995 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 8.540 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 7.350 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 1.190 m.kr á árinu 1995. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Veitt ný lán	**13.820**	**8.540**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.700	4.030
Alþjóðaflugþjónustan	100	150
Þróunarsjóður sjávarútvegs	3.020	2.380
Húsnæðisstofnun ríkisins	7.000	-
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	1.980

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**5.100**	**7.350**
Bundnar innlendu verðlagi	2.900	3.950
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	2.200	3.400
Veitt lán, nettó	**8.720**	**1.190**

Athygli er vakin á 1.980 m.kr. lánveitingu til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar en hér er um að ræða endurfjármögnun á eldra láni sem fellur í gjalddaga á næsta ári. Þá hefur ríkissjóður fjármagnað Húsnæðisstofnun ríkisins að verulegu leyti á yfirstandandi ári þar sem útgáfa húsnæðisbréfa á vegum stofnunarinnar hefur ekki gengið eftir. Er þetta gert samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 43/1990 , um Lánasýslu ríkisins.

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 500 m.kr á árinu 1995 samanber eftirfarandi yfirlit:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington, D.C.	91	91
Evrópubankinn, EBRD, London	49	50
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, D.C.	40	50
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	23	40
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	7
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	3	5
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	11	-
Norræni fjárfestingarbankinn, NIB, Helsinki	-	9
Annað	277	248
Samtals	**500**	**500**

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 12.500 m.kr. á árinu 1995 samanborið við 15.900 m.kr. á þessu ári. Greiddar afborganir af erlendum lánum dragast verulega saman milli ára þar sem uppgreiðsla dollaraláns hjá Citibank að fjárhæð 7.500 m.kr. fer fram á yfirstandandi ári. Afborganir af innlendum lánum aukast hins vegar verulega milli ára. Innlausn spariskírteina eykst um 2.800 m.kr. milli ára og 2.000 m.kr. koma til greiðslu vegna ríkisbréfa. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir á árunum 1994 og 1995:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Innlausn spariskírteina	4.700	7.500
Innlausn ríkisbréfa	-	2.000
Önnur innlend lán	1.500	1.400
Erlend lán	9.700	1.600
Samtals	**15.900**	**12.500**

Töfluviðauki

Bls.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1986-1995 376
2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1986-1995 377
3. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1986-1995 á verðlagi ársins 1995 378
4. Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs 1986-1995 379
5. Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs 1986-1995 á verðlagi ársins 1995 . 380
6. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1988-1995 381
7. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1988-1995 á verðlagi ársins 1995 .. 382
8. Markaðar ríkissjóðstekjur 1995 383
9. Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur 1994-1995 384
10. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1994-1995 385
11. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta 1994-1995 386
12. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1994-1995 387

II Fjárfesting, fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

13. Fjárfesting 1993-1995 388
14. Opinberar framkvæmdir 1986-1995 389
15. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1991-1995 390
16. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1995 391
17. Byggingarsjóður ríkisins 1993-1995 392
18. Byggingarsjóður ríkisins - húsbréfadeild 1993-1995 393
19. Byggingarsjóður verkamanna 1993-1995 393

III Greiðslujöfnuður, erlend lán og opinber lánastaða

20. Greiðslujöfnuður við útlönd 1986-1995 394
21. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1986-1995 395
22. Flokkun erlendra langtímalána 1984-1993 396
23. Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1986-1995 397
24. Skuldir og kröfur opinberra aðila 1986-1995 398

IV Efnahagssmál

25. Verðlags- og launaþróun 1986-1995 399
26. Þjóðhagsyfirlit 1986-1995 400
27. Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða 401

Tafla 1 **Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Tekjur	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	103 220	106 765	109 413
Gjöld	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	112 863	117 640	115 934
Rekstrarafkoma	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-9 643**	**-10 875**	**-6 521**
Veitt lán, nettó	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 871	-8 720	-1 190
Hlutafé og stofnfjárframlög	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 500	- 500
Viðskiptareikningar, nettó	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	226	- 500	- 500
Hrein lánsfjárþörf	**2 729**	**5 521**	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**10 698**	**20 595**	**8 711**
Lántökur, nettó	**5 642**	**3 847**	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**20 600**	**8 750**
Innlend lántaka	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	-	-
Ný lán	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	-	-
Afborganir	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 603	-3 821	-4 741	-6 200	-10 900
Erlend lántaka	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	-	-
Ný lán	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	-	-
Afborganir	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 265	-4 328	-1 159	-9 700	-1 600
Seðlabanki Íslands, nettó	**-2 188**	**954**	**- 646**	**-5 548**	**-2 031**	**- 755**	**- 776**	**-**	**-**	**-**
Greiðsluafkoma	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**5**	**39**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	23,7	23,4	25,1	26,0	25,4	25,2	26,0	25,1	25,0	24,7
Gjöld	24,9	24,7	27,9	27,9	26,6	28,4	27,8	27,5	27,6	26,1
Rekstrarafkoma	-1,2	-1,3	-2,8	-1,9	-1,2	-3,2	-1,8	-2,3	-2,5	-1,5
Hrein lánsfjárþörf	1,7	2,6	3,2	2,4	2,0	3,7	1,8	2,6	4,8	2,0
Greiðsluafkoma	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	0,0

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Beinir skattar	**5 508**	**6 103**	**9 363**	**13 017**	**17 690**	**19 263**	**20 348**	**20 311**	**22 243**	**22 530**
Einstaklingar	3 904	4 420	6 772	9 317	13 677	15 055	15 467	15 239	17 468	17 570
Fyrirtæki	1 604	1 683	2 591	3 700	4 013	4 208	4 881	5 072	4 775	4 960
Óbeinir skattar	**29 468**	**39 920**	**51 261**	**61 225**	**68 448**	**74 240**	**75 422**	**75 851**	**77 020**	**79 418**
Innflutnings- og vörugjöld	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	7 696	7 666	8 292
Virðisaukaskattur/söluskattur	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 497	40 000	40 850
Hagnaður ÁTVR	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 600	6 865
Launa- og tryggingagjöld	2 653	3 543	4 849	5 824	7 327	9 130	9 568	9 962	10 400	10 900
Bifreiðagjöld [1]	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 512	8 140	8 290
Aðrir skattar	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	4 035	4 214	4 221
Aðrar tekjur	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 058**	**7 502**	**7 465**
Vaxtatekjur	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 420	4 400	4 500
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 638	3 102	2 965
Heildartekjur ríkissjóðs	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**103 220**	**106 765**	**109 413**
Þar af skatttekjur	34 976	46 023	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 162	99 263	101 948
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	3,4	2,9	3,6	4,2	4,9	4,9	5,1	4,9	5,2	5,1
Óbeinir skattar	18,3	19,1	20,0	19,9	18,8	18,7	19,0	18,5	18,0	17,9
Skatttekjur	**21,7**	**22,0**	**23,6**	**24,1**	**23,7**	**23,6**	**24,1**	**23,4**	**23,3**	**23,0**
Aðrar tekjur	1,9	1,4	1,5	1,9	1,7	1,6	1,9	1,7	1,8	1,7
Heildartekjur ríkissjóðs	**23,7**	**23,4**	**25,1**	**26,0**	**25,4**	**25,2**	**26,0**	**25,1**	**25,0**	**24,7**

[1] Almennt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [1]	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Beinir skattar	**13 487**	**12 505**	**15 616**	**18 126**	**21 095**	**21 349**	**21 747**	**21 218**	**22 795**	**22 530**
Einstaklingar	9 560	9 056	11 295	12 974	16 310	16 685	16 530	15 920	17 902	17 570
Fyrirtæki	3 928	3 448	4 321	5 152	4 786	4 664	5 217	5 299	4 894	4 960
Óbeinir skattar	**72 157**	**81 795**	**85 495**	**85 253**	**81 624**	**82 278**	**80 607**	**79 240**	**78 933**	**79 418**
Innflutnings- og vörugjöld	14 168	16 002	8 618	10 339	9 962	10 484	8 758	8 040	7 856	8 292
Virðisaukaskattur/söluskattur	35 369	40 922	49 249	47 554	44 225	43 172	42 690	42 306	40 993	40 850
Hagnaður ÁTVR	5 953	6 565	7 130	7 477	7 060	7 189	6 877	6 425	6 764	6 865
Launa- og tryggingagjöld	6 496	7 259	8 087	8 110	8 737	10 119	10 226	10 407	10 658	10 900
Bifreiðagjöld 2)	5 250	5 612	6 289	6 592	6 524	7 097	7 510	7 848	8 342	8 290
Aðrir skattar	4 922	5 434	6 121	5 181	5 116	4 217	4 545	4 215	4 319	4 221
Aðrar tekjur	**7 681**	**6 012**	**6 475**	**8 154**	**7 531**	**7 148**	**8 205**	**7 373**	**7 688**	**7 465**
Vaxtatekjur	6 242	4 995	5 457	6 390	4 884	4 374	4 492	4 617	4 509	4 500
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	1 440	1 016	1 017	1 764	2 646	2 774	3 713	2 756	3 179	2 965
Heildartekjur ríkissjóðs	**93 326**	**100 311**	**107 585**	**111 533**	**110 250**	**110 775**	**110 558**	**107 832**	**109 417**	**109 413**
Þar af skatttekjur	85 645	94 300	101 111	103 379	102 720	103 627	102 353	100 459	101 728	101 948
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	3,4	2,9	3,6	4,2	4,9	4,9	5,1	4,9	5,2	5,1
Óbeinir skattar	18,3	19,1	20,0	19,9	18,8	18,7	19,0	18,5	18,0	17,9
Skatttekjur	**21,7**	**22,0**	**23,6**	**24,1**	**23,7**	**23,6**	**24,1**	**23,4**	**23,3**	**23,0**
Aðrar tekjur	1,9	1,4	1,5	1,9	1,7	1,6	1,9	1,7	1,8	1,7
Heildartekjur ríkissjóðs	**23,7**	**23,4**	**25,1**	**26,0**	**25,4**	**25,2**	**26,0**	**25,1**	**25,0**	**24,7**

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Almennt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Rekstrargjöld	**13 373**	**22 146**	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 512**	**44 000**	**45 018**
Laun	10 710	15 390	19 490	22 410	29 556	33 573	34 343	35 210	35 180	36 065
Önnur rekstrarútgjöld	3 913	8 637	10 969	13 292	12 911	13 445	14 859	16 102	15 550	15 790
Sértekjur	-1 250	-1 881	-3 174	-3 584	-5 140	-4 600	-6 820	-6 800	-6 730	-6 837
Tilfærslur	**17 405**	**18 303**	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**42 940**	**45 650**	**45 412**
Almannatryggingar	9 909	11 476	14 928	20 105	24 688	27 937	28 914	28 885	30 899	29 900
Greiðslur til landbúnaðar	2 087	2 522	5 120	7 067	8 072	9 049	9 415	6 517	5 677	5 732
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 072	927	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 550	1 500
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	...	...	...	...	1 207	1 366	1 497	1 496	1 890	1 947
Húsaleigubætur	...	...	...	...	...	...	...	...	...	400
Aðrar tilfærslur	4 337	3 378	5 895	5 036	3 469	4 325	4 421	4 343	5 634	5 933
Vextir	**3 916**	**4 289**	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**9 732**	**11 450**	**12 000**
Viðhald	**946**	**1 200**	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 363**	**3 132**	**3 434**
Stofnkostnaður	**4 471**	**5 750**	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 316**	**13 408**	**10 070**
Vegagerð	...	...	...	2 125	2 599	3 215	3 334	4 502	4 588	3 246
Flugvellir og hafnir	...	...	...	808	942	1 228	1 317	1 407	1 274	1 062
Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir	...	...	...	574	565	854	783	753	668	639
Húsnæðisstofnun	...	...	...	1 150	534	900	1 075	925	918	608
Annar stofnkostnaður	...	...	...	4 945	4 686	6 601	4 586	4 729	5 960	4 515
Gjöld samtals	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**117 640**	**115 934**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Rekstrargjöld	33,3	42,8	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	39,4	37,4	38,8
Tilfærslur	43,4	35,4	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,0	38,8	39,2
Vextir	9,8	8,3	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,6	9,7	10,4
Viðhald	2,4	2,3	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	3,0	2,7	3,0
Stofnkostnaður	11,1	11,1	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	10,9	11,4	8,7

Tafla 5 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [1]	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Rekstrargjöld	**32 746**	**45 376**	**45 507**	**44 723**	**44 512**	**47 011**	**45 295**	**46 501**	**45 093**	**45 018**
Laun	26 225	31 534	32 506	31 205	35 246	37 208	36 704	36 783	36 054	36 065
Önnur rekstrarútgjöld	9 582	17 697	18 294	18 509	15 396	14 901	15 880	16 821	15 936	15 790
Sértekjur	-3 061	-3 854	-5 294	-4 991	-6 129	-5 098	-7 289	-7 104	-6 897	-6 837
Tilfærslur	**42 619**	**37 502**	**45 949**	**47 352**	**47 235**	**49 993**	**49 422**	**44 858**	**46 784**	**45 412**
Almannatryggingar	24 264	23 514	24 897	27 995	29 440	30 962	30 902	30 176	31 666	29 900
Greiðslur til landbúnaðar	5 110	5 168	8 539	9 840	9 626	10 029	10 062	6 808	5 818	5 732
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 625	1 899	2 680	2 504	2 592	2 695	2 133	1 775	1 588	1 500
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	...	...	...	...	1 439	1 514	1 600	1 563	1 937	1 947
Húsaleigubætur	...	...	...	...	...	...	...	...	...	400
Aðrar tilfærslur	10 620	6 921	9 832	7 012	4 137	4 793	4 725	4 537	5 774	5 933
Vextir	**9 589**	**8 788**	**11 448**	**11 903**	**9 867**	**10 944**	**8 920**	**10 167**	**11 734**	**12 000**
Viðhald	**2 316**	**2 459**	**2 460**	**2 481**	**2 817**	**2 535**	**2 716**	**3 513**	**3 210**	**3 434**
Stofnkostnaður	**10 948**	**11 782**	**14 025**	**13 370**	**11 121**	**14 184**	**11 858**	**12 866**	**13 741**	**10 070**
Vegagerð	...	...	...	2 959	3 099	3 563	3 563	4 703	4 702	3 246
Flugvellir og hafnir	...	...	...	1 125	1 123	1 361	1 408	1 470	1 306	1 062
Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir	...	...	...	799	674	946	837	787	685	639
Húsnæðisstofnun	...	...	...	1 601	637	997	1 149	966	941	608
Annar stofnkostnaður	...	...	...	6 886	5 588	7 316	4 901	4 940	6 108	4 515
Gjöld samtals	**98 218**	**105 907**	**119 388**	**119 829**	**115 552**	**124 666**	**118 210**	**117 905**	**120 562**	**115 934**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Rekstrargjöld	33,3	42,8	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	39,4	37,4	38,8
Tilfærslur	43,4	35,4	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,0	38,8	39,2
Vextir	9,8	8,3	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,6	9,7	10,4
Viðhald	2,4	2,3	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	3,0	2,7	3,0
Stofnkostnaður	11,1	11,1	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	10,9	11,4	8,7

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

Tafla 6 Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Æðsta stjórn ríkisins	679	825	1 052	1 090	1 040	1 106	1 103	1 241
Forsætisráðuneyti	386	897	731	778	346	379	694	474
Menntamálaráðuneyti	11 618	13 556	15 144	17 357	16 629	16 750	17 066	16 673
Utanríkisráðuneyti	807	1 009	1 322	1 540	1 453	1 584	1 628	1 742
Landbúnaðarráðuneyti	2 893	3 889	3 621	5 426	5 688	7 821 [2]	6 901	6 913
Sjávarútvegsráðuneyti	1 620	2 123	923	1 040	1 028	1 126	900	1 089
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 639	3 987	4 536	5 022	5 165	5 535	6 017	5 685
Félagsmálaráðuneyti	3 162	3 009	3 760	4 977	4 962	5 362	9 067 [3]	8 898
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	26 997	32 313	39 765 [1]	45 095	46 391	47 679	46 189 [3]	45 376
Fjármálaráðuneyti	10 188	12 534	12 099	15 374	13 142	14 133	16 706	17 979
Samgönguráðuneyti	4 700	5 770	7 118	7 589	7 824	9 398	9 364	7 864
Iðnaðarráðuneyti	1 191	1 453	1 205	1 303	1 011	1 029	1 091	1 004
Viðskiptaráðuneyti	3 618	4 596	5 478	5 224	5 197	171 [2]	168	173
Hagstofa Íslands	85	95	110	142	145	138	147	146
Umhverfisráðuneyti	-	-	34	533	586	652	599	677
Samtals	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**117 640**	**115 934**

[1] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem jók útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

[2] Niðurgreiðslur búvöru fluttar frá viðskiptaráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis.

[3] Atvinnuleysistryggingasjóður fluttur frá heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

Tafla 7 **Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum**

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995 3)
Æðsta stjórn ríkisins	1 132	1 149	1 255	1 208	1 111	1 156	1 130	1 241
Forsætisráðuneyti	644	1 249	872	862	369	396	711	474
Menntamálaráðuneyti	19 377	18 876	18 059	19 236	17 772	17 499	17 490	16 673
Utanríkisráðuneyti	1 346	1 405	1 577	1 706	1 553	1 655	1 668	1 742
Landbúnaðarráðuneyti	4 825	5 415	4 318	6 014	6 079	8 171 [3]	7 072	6 913
Sjávarútvegsráðuneyti	2 702	2 956	1 101	1 152	1 099	1 176	922	1 089
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 069	5 552	5 409	5 565	5 520	5 782	6 167	5 685
Félagsmálaráðuneyti	5 274	4 190	4 484	5 515	5 303	5 602	9 292 [4]	8 898
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	45 026	44 994	47 420 [2]	49 977	49 580	49 809	47 336 [4]	45 376
Fjármálaráðuneyti	16 992	17 453	14 428	17 039	14 045	14 764	17 121	17 979
Samgönguráðuneyti	7 839	8 034	8 489	8 410	8 362	9 818	9 597	7 864
Iðnaðarráðuneyti	1 986	2 023	1 437	1 444	1 080	1 075	1 118	1 004
Viðskiptaráðuneyti	6 034	6 400	6 532	5 789	5 555	178 [3]	172	173
Hagstofa Íslands	142	132	131	157	155	144	150	146
Umhverfisráðuneyti	-	-	41	591	626	681	614	677
Samtals	**119 388**	**119 829**	**115 552**	**124 666**	**118 210**	**117 905**	**120 562**	**115 934**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem jók útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

[3] Niðurgreiðslur búvöru fluttar frá viðskiptaráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis.

[4] Atvinnuleysistryggingasjóður fluttur frá heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

Tafla 8 Markaðar ríkissjóðstekjur 1995

Milljónir króna	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	60	
Bygginga- og tækjasjóður		60
Skemmtanaskattur	68	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		7
Menningarsjóður félagsheimila		7
Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna		54
Miðagjald í Menningarsjóð	10	
Menningarsjóður		10
Sérstakur eignarskattur	370	
Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu o.fl.		370
Félagsmálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	140	
Vinnueftirlit ríkisins		120
Ábyrgðargjald	400	
Ábyrgðarsjóður launa vegna gjaldþrota		400
Erfðafjárskattur	310	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		310
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	10 360	
Tryggingastofnun ríkisins		9 240
Atvinnuleysistryggingasjóður		1 000
Samúðarskeyti Landssímans	9	
Minningarsjóður Landspítalans		9
Hluti gjalds af einkasöluvörum	8	
Gæsluvistarsjóður		-
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	480	
Framkvæmdasjóður aldraða		480
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	350	
Ríkisábyrgðir		225
Samgönguráðuneyti:		
Sérstakt vörugjald af bensíni	4 375	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	1 490	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	585	
Vegagerð ríkisins		6 175
Vitagjald	58	
Vitastofnun Íslands		58
Skipaskoðunargjald	64	
Siglingamálastofnun ríkisins		64
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	200	
Ferðamál, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985		68
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	88	
Rafmagnseftirlit ríkisins		61
Markaðir tekjustofnar alls	**19 424**	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		**18 717**
Skerðing markaðra tekjustofna		**707**

Tafla 9 Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1994	Frumvarp 1995
Einstaklingar og ýmis samtök:	**36 344**	**37 797**
Lífeyristryggingar	15 875	15 800
Sjúkratryggingar	9 230	9 800
Atvinnuleysistryggingasjóður	3 070	2 870
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1 857	1 947
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 550	1 500
Uppbætur á lífeyri	890	890
Launa- og verðlagsmál	-	560
Slysatryggingar	534	540
Ábyrgðarsjóður launa vegna gjaldþrota	400	400
Húsaleigubætur	-	400
Niðurgreiðsla á rafhitun	397	397
Alþjóðastofnanir	360	336
Þjóðleikhús	297	296
Þróunarmál	263	271
Framkvæmdasjóður aldraðra	186	251
Framlög til lista	185	181
Lífeyrissjóður bænda, lög nr. 50/1984	144	143
Heilsuhæli Náttúrulækningarfélags Íslands	133	135
Alþjóðleg samskipti	87	126
Listasjóðir skv. lögum nr. 9/1981	108	116
Eftirlaunasjóður aldraðra	116	107
Sinfóníuhljómsveit Íslands	101	102
Jöfnun á námskostnaði	98	100
Lýðveldissjóður	-	100
Greiðslur vegna riðuveiki	87	87
Vinnumál	100	82
Framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar	61	78
Kvikmyndasjóður	89	68
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	61	62
Íþróttamál	66	52
Fyrirtæki og atvinnuvegir:	**5 723**	**5 776**
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu og framlag í Framleiðnisjóð	5 352	5 404
Lífeyrissjóður bænda, mótframlag	164	165
Búnaðarfélag Íslands	80	80
Héraðssambönd og kynbótastöðvar	78	78
Aðild Íslands að EES o.fl.	50	50
Annað:	**1 964**	**1 847**
Samtals	**44 031**	**45 420**

Tafla 10 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1994	Frumvarp 1995
Stofnkostnaður	**7 195**	**6 587**
Vegagerð án þéttbýlisvega	3 451	2 399
Almennir framhaldsskólar	551	549
Sjúkrahús í Reykjavík	374	394
Framkvæmdasjóður fatlaðra	320	330
Flugvellir	335	323
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	310	310
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	289	260
Landhelgisgæsla Íslands	6	253
Þjóðarbókhlaða	340	240
Háskóli Íslands	100	150
Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	183	105
Sendiráð	10	100
Fangelsisbyggingar	80	100
Húsnæði og búnaður sýslumanna	98	99
Bessastaðir	82	82
Fasteignir ríkissjóðs	60	45
Þjóðminjasafn	48	36
Annað	559	812
Fjármagnstilfærslur	**4 633**	**3 483**
Hafnamál	939	739
Byggingarsjóður verkamanna	918	608
Ferjur og flóabátar	530	569
Vegagerð í þéttbýli	258	278
Framkvæmdasjóður aldraðra	229	229
Ríkisábyrgðir	300	225
Byggðastofnun	185	210
Tæknisjóður	115	115
Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	100	100
Ferðamál, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985	68	68
Bygginga- og tækjasjóður	40	60
Framlög skv. lögum um jarðrækt og búfjárrækt	44	45
Orkusjóður	58	40
Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins	35	31
Uppgjör við sveitarfélög	330	-
Annað	484	167
Samtals	**11 828**	**10 070**

Tafla 11 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs		Fjárlög 1994	Frumvarp 1995	Breyting m.kr.	Breyting %
51	Launagjöld	8 001	7 777	- 223	-2,8
54-58	Önnur rekstrargjöld	9 944	9 306	- 639	-6,4
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	9 681	10 087	407	4,2
571	Fjármagnskostnaður	8 470	9 079	608	7,2
51-57	Viðhald	820	749	- 71	-8,6
593	Afskriftir	2 689	2 637	- 52	-1,9
59	Tilfærslur	5 159	6 173	1 015	19,7
5,8	Gjöld samtals	44 762	45 807	1 045	2,3
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	37 507	37 664	158	0,4
48	Fjármunatekjur	9 321	9 325	4	0,0
4910	Framlög ríkissjóðs	7 144	6 645	- 499	-7,0
49	Aðrar tekjur	2 301	2 480	179	7,8
4,7	Tekjur samtals	56 273	56 114	- 159	-0,3
	Mismunur	11 510	10 307	-1 204	-10,5
Fjármunahreyfingar út:		**50 816**	**54 737**	**3 921**	**7,7**
16	Veitt lán	21 559	21 557	- 2	0,0
18	Fjárfesting	3 445	3 070	- 375	-10,9
26	Afborganir lána	15 415	19 943	4 528	29,4
59	Arðgreiðslur í ríkissjóð	965	993	28	2,8
59	Önnur skil í ríkissjóð	7 147	7 745	598	8,4
	Annað	2 285	1 430	- 855	-37,4
Fjármunahreyfingar inn:		**50 816**	**54 737**	**3 921**	**7,7**
16	Innheimtar afborganir	9 544	9 574	30	0,3
18	Sala eigna	217	211	- 6	-2,6
19	Afskriftir	2 689	2 637	- 52	-1,9
26	Tekin lán	25 247	30 444	5 197	20,6
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 510	10 307	-1 204	-10,5
	Annað	1 610	1 565	- 45	-2,8

Tafla 12 Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
	Fjárlög 1994	Frumvarp 1995	Fjárlög 1994	Frumvarp 1995	Fjárlög 1994	Frumvarp 1995
22-215 Háskólabíó	-	-	-	-	20	-
22-236 Vísindasjóður	25	25	-	-	-	-
22-237 Tæknisjóður	200	200	-	-	-	-
22-238 Bygginga- og tækjasjóður	40	60	-	-	-	-
22-239 Rannsóknanámssjóður	-	25	-	-	-	-
22-679 Sam. kostn. við skólana á Laugarvatni	-	-	1	1	-	-
22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 550	1 500	12	12	3 640	4 030
22-970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður	-	-	180	182	-	-
22-973 Þjóðleikhúsið	297	296	-	-	-	-
22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	101	102	3	3	-	-
23-101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	-	-	18	10	-	-
23-111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	-	-	4	20	-	4
23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur	-	-	-	-	-	1 980
24-831 Jarðeignir ríkisins og jarðasjóður	35	31	36	32	-	-
24-841 Laxeldisstöðin Kollafirði	30	29	1	2	-	-
24-911 Áburðarverksmiðja ríkisins	-	-	40	-	-	-
25-272 Rannsóknarst. sjávarútvegsins, bygging	25	24	35	34	-	-
25-911 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-	-	-	-	-	2 380
26-701 Kristnisjóður	18	18	-	-	-	-
26-732 Kirkjubyggingasjóður	1	-	-	-	-	-
27-270 Byggingarsjóður ríkisins - húsbréfadeild	-	-	-	-	11 500	13 000
27-271 Byggingarsjóður ríkisins	-	-	11	33	2 250	2 600
27-272 Byggingarsjóður verkamanna	918	608	-	-	7 450	6 300
27-982 Ábyrgðarsjóður launa	400	400	-	-	-	-
27-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	2 950	2 870	-	-	-	-
28-378 Læknishéraðasjóður	3	3	-	-	-	-
29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	-	-	15	15	-	-
29-102 Lyfjaverslun ríkisins	-	-	103	-	72	-
29-103 Ríkiskaup	-	-	2	2	-	-
29-402 Fasteignamat ríkisins	43	44	19	13	-	-
29-931 Arnarhvoll	-	15	8	12	-	-
29-971 Lánasýsla ríkisins	300	225	-	-	-	-
30-101 Póst- og símamálastofnun	-	-	2 120	1 850	215	-
30-211 Vegagerð ríkisins, umdæmi og vinnufl.	-	-	15	15	-	-
30-212 Vegagerð ríkisins, vélamiðstöð	-	-	133	140	-	-
30-213 Vegagerð ríkisins, birgðamiðstöð	-	-	0	1	-	-
30-330 Hafnabótasjóður	90	128	-	-	-	-
30-331 Vita- og hafnarmálastofnun, þjónustum.	-	-	6	4	-	-
30-471 Alþjóðaflugþjónustan	58	-	158	150	100	150
31-321 Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	525	540	-	-
31-371 Orkusjóður	60	43	-	-	-	-
Samtals	**7 144**	**6 645**	**3 445**	**3 070**	**25 247**	**30 444**

Tafla 13 Fjárfesting [1]

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar [2] frá fyrra ári %		
	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Fjárfesting alls	**64 950**	**67 176**	**70 015**	**-10,4**	**0,0**	**2,2**
Atvinnuvegir	**29 260**	**31 476**	**34 015**	**-23,9**	**2,0**	**5,5**
Landbúnaður	1 600	1 700	1 650	-6,9	1,5	-5,0
Fiskveiðar [3]	2 150	3 200	2 000	-67,1	39,6	-38,0
Vinnsla sjávarafurða	1 600	2 200	2 250	5,1	30,4	0,0
Álverksmiðja	580	300	650	59,0	-50,8	112,0
Járnblendiverksmiðja	40	110	70	289,8	161,8	-38,0
Annar iðnaður	4 900	5 200	5 600	-10,5	0,0	5,0
Rafvirkjanir og rafveitur	2 200	1 600	1 550	-9,3	-28,5	-5,0
Hitaveitur	900	950	1 000	-7,9	3,1	3,0
Vatnsveitur	650	650	650	15,9	-2,3	-2,0
Byggingarstarfsemi o.fl.	1 528	1 600	1 600	-12,1	-2,5	-2,0
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4 130	3 900	4 000	-8,1	-7,8	0,0
Samgöngur	4 190	4 400	7 250	-46,3	-1,3	60,0
Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	1 900	2 400	2 100	-3,2	20,3	-14,0
Tölvu- og skrifstofubúnaður	2 892	3 266	3 645	-1,8	4,4	6,0
Íbúðarhús	**18 550**	**19 400**	**20 800**	**-4,0**	**2,0**	**5,0**
Opinberar framkvæmdir	**17 140**	**16 300**	**15 200**	**15,1**	**-7,1**	**-8,6**
Vegir og brýr	4 440	3 800	2 400	64,2	-16,4	-38,0
Götur og holræsi	3 400	3 300	3 600	5,2	-5,2	7,0
Byggingar hins opinbera	9 300	9 200	9 200	3,8	-3,4	-2,0
Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %						
Þjóðhagslegur sparnaður	15,6	16,7	16,3	.	.	.
- Heildarfjárfesting	15,8	15,7	15,8	.	.	.
- Birgðabreytingar	0,2	-0,3	-	.	.	.
Mismunur=viðskiptajöfnuður	**0,0**	**0,7**	**0,5**	.	.	.

[1] Skilgreiningu á því hvað telst til framkvæmda hins opinberra hefur verið breytt nokkuð frá því sem áður var. Fjárfesting sem áður taldist til opinberra framkvæmda er nú flokkuð með fjárfestingu atvinnuveganna.

[2] Magnbreytingar 1993 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990, en spá 1994 og 1995 á verðlagi fyrra árs.

[3] Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Opinberar framkvæmdir [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Vegir og brýr	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 602	2 641	4 440	3 800	2 400
Götur og holræsi	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 373	3 156	3 400	3 300	3 600
Skólar og íþróttamannvirki	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 220	3 700	3 800	3 800
Sjúkrahús	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 680	1 700	1 750	1 650
Félagsheimili og kirkjur	292	149	189	217	280	280	720	650	650	600
Aðrar byggingar hins opinbera	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	3 250	3 000	3 150
Samtals	**4 365**	**5 884**	**8 510**	**10 292**	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 140**	**16 300**	**15 200**
Hlutfallsleg skipting, %										
Vegir og brýr	21,9	17,5	18,1	16,8	17,9	17,6	18,1	25,9	23,3	15,8
Götur og holræsi	21,8	24,7	22,9	21,6	20,0	22,8	21,7	19,8	20,2	23,7
Skólar og íþróttamannvirki	20,8	26,0	23,9	26,5	21,2	20,0	22,1	21,6	23,3	25,0
Sjúkrahús	18,3	12,8	14,5	13,0	11,6	13,0	11,5	9,9	10,7	10,9
Félagsheimili og kirkjur	6,7	2,5	2,2	2,1	2,2	1,9	4,9	3,8	4,0	3,9
Aðrar byggingar hins opinbera	10,6	16,4	18,4	20,1	27,1	24,7	21,6	19,0	18,4	20,7
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

[1] Skilgreiningu á því hvað telst til framkvæmda hins opinberra hefur verið breytt nokkuð frá því sem áður var. Fjárfesting sem áður taldist til opinberra framkvæmda er nú flokkuð með fjárfestingu atvinnuveganna.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Hreyfingar í milljónum króna	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Uppruni fjármagns					
1 Eigið framlag	**20 487**	**24 040**	**30 070**	**35 300**	**40 550**
Innborgaðar afborganir og vextir	21 060	24 605	30 275	35 000	41 000
Annað innstreymi	75	136	531	1 120	450
Rekstrarkostnaður	- 648	- 701	- 736	- 820	- 900
2 Framlög, nettó	**9 056**	**9 433**	**9 166**	**7 700**	**7 550**
Iðgjöld	15 478	16 637	16 982	16 400	16 850
Lífeyrisgreiðslur	-6 394	-7 194	-7 816	-8 700	-9 300
Annað, nettó	- 28	- 10	...	...	...
3 Uppruni (1+2)=Ráðstöfun (4+5+6)	**29 543**	**33 473**	**39 236**	**43 000**	**48 100**
Ráðstöfun fjármagns					
4 Útlán og skuldabréfakaup [1]	**28 597**	**33 083**	**38 430**	**42 400**	**47 500**
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	950	2 442	3 580	...	...
Bæjar- og sveitarfélög	1 003	1 394	2 700	...	...
Fjárfestingarlánasjóðir	17 900	18 141	20 800	...	...
þ.a. húsbréf	7 276	9 125	12 300	...	...
þ.a. húsnæðisbréf	...	1 200	4 712	...	...
þ.a. skuldabréf Húsnæðisstofnunar	9 234	6 012	2 395	...	...
Aðrar fjármálastofnanir	3 002	3 587	3 900	...	...
Fyrirtæki	1 076	1 845	2 050	...	...
Hlutabréf	1 183	998	750	...	...
Einstaklingar (sjóðsfélagar)	3 483	4 676	4 650	...	...
5 Aðrar greiðslur, nettó	**135**	**453**	**206**	**100**	**100**
6 Innstæðu- og sjóðsbreyting	**811**	**- 63**	**600**	**500**	**500**

[1] Áætlun, byggð á úrtaki ársfjórðungsgagna.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 16 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1995

Milljónir króna	Framkvæmda-sjóður	Byggða-stofnun	Fiskveiða-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Iðnlána-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi	**4 270**	**2 710**	**7 430**	**1 360**	**5 000**	**2 140**	**-2 450**	**20 460**
Sjóðslækkun	800	-	-	-	-	50	-	**850**
Innheimtar afborganir	2 770	900	2 030	870	1 460	620	-1 920	**6 730**
Fjárfestingarlánasjóðir	1 920	-	-	-	-	-	-1 920	**-**
Aðrir	850	900	2 030	870	1 460	620	-	**6 730**
Innheimtir vextir	660	600	1 850	470	790	400	- 530	**4 240**
Fjárfestingarlánasjóðir	530	-	-	-	-	-	- 530	**-**
Aðrir	130	600	1 850	470	790	400	-	**4 240**
Tekin lán	-	1 000	3 500	-	2 600	700	-	**7 800**
Framlög og skatttekjur	-	210	-	-	150	360	-	**720**
Ríkissjóður	-	210	-	-	-	-	-	**210**
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Aðrir	-	-	-	-	150	360	-	**510**
Aðrar tekjur	40	-	50	20	-	10	-	**120**
Útstreymi	**4 270**	**2 710**	**7 430**	**1 360**	**5 000**	**2 140**	**-2 450**	**20 460**
Sjóðsaukning	-	-	160	120	-	-	-	**280**
Rekstrarkostnaður	50	170	150	70	130	60	-	**630**
Fjárfesting	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Greiddar afborganir	3 540	1 375	4 200	180	1 920	1 200	-1 920	**10 495**
Framkvæmdasjóður	-	200	900	-	420	400	-1 920	**-**
Aðrir innlendir aðilar	900	400	1 500	70	640	800	-	**4 310**
Erlendir aðilar	2 640	775	1 800	110	860	-	-	**6 185**
Greiddir vextir	680	515	1 270	220	750	500	- 530	**3 405**
Framkvæmdasjóður	-	80	200	-	50	200	- 530	**-**
Aðrir innlendir aðilar	200	60	380	60	170	300	-	**1 170**
Erlendir aðilar	480	375	690	160	530	-	-	**2 235**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	170	-	-	-	**170**
Veitt lán og styrkir	-	650	1 500	600	2 200	380	-	**5 330**
Annað	-	-	150	-	-	-	-	**150**

Tafla 17 Byggingarsjóður ríkisins [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Innstreymi	**8 641**	**10 245**	**8 928**
Innlend lántaka (húsnæðisbréf)	1 675	-	2 643
Innlend lántaka (ríkissjóður)	700	3 644	-
Innheimtar afborganir	2 760	3 221	3 332
Innheimtir vextir	3 144	3 814	3 526
Endurgreitt bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði verkamanna	116	126	-
Húsbréfadeild, bráðabirgðalán	1 542	-	-
Endurgreitt bráðabirgðalán frá húsbréfadeild	55	125	-
Skyldusparnaður, nettó	-1 850	- 850	- 750
Ýmsar tekjur	197	165	177
Sjóðsminnkun	302	-	-
Útstreymi	**8 641**	**10 245**	**8 928**
Rekstrarkostnaður	108	142	125
Veitt lán, samkvæmt 11. gr.	212	313	300
Lán til Byggingarsjóðs verkam. vegna endursölu- og alm. kaupleiguíbúða	381	332	320
Bráðabirgðalán til Byggingarsjóðs verkamanna	126	-	-
Bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	125	-	-
Endurgreitt bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	-	1 542	-
Greiddar afborganir	3 067	4 278	4 636
Greiddir vextir	4 427	3 482	3 347
Annað	195	156	200

[1] Fjármagnshreyfingar við Byggingarsjóð verkamanna vegna lífeyrissjóða eru ekki teknar með í yfirlitinu.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 18 Byggingarsjóður ríkisins - húsbréfadeild

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Innstreymi	**16 144**	**19 649**	**17 987**
Seld húsbréf	11 871	13 500	13 000
Innheimtar afborganir	984	1 174	1 415
Innheimtir vextir	2 189	3 398	3 505
Bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði ríkisins	125	-	-
Endurgreitt bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði ríkisins	-	1 542	-
Annað	68	35	67
Sjóðsminnkun	907	-	-
Útstreymi	**16 144**	**19 649**	**17 987**
Rekstrarkostnaður	163	109	150
Keypt fasteignaveðbréf	12 016	13 650	13 131
Greiddar afborganir	2 084	3 065	3 730
Greiddir vextir	284	384	750
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán vegna kostnaðarhlutdeildar	55	125	-
Bráðabirgðalán til Byggingarsjóðs ríkisins	1 542	-	-
Annað	-	70	-
Sjóðsaukning	-	2 246	226

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 19 Byggingarsjóður verkamanna

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Innstreymi	**7 876**	**8 450**	**8 768**
Innlend lántaka (húsnæðisbréf)	5 430	2 355	6 300
Innlend lántaka (ríkissjóður)	-	3 405	-
Kaupendur eldri íbúða	62	92	50
Lán frá Byggingarsjóði ríkisins vegna endursölu- og alm. kaupleiguíbúða	381	334	320
Lán frá sveitarfélögum	156	261	260
Bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði ríkisins	126	-	-
Innheimtar afborganir	170	312	344
Innheimtir vextir	298	467	516
Uppgjör framkvæmdalána	247	261	297
Framlög ríkissjóðs	925	918	608
Framlög sveitarfélaga	11	-	-
Annað	70	45	73
Útstreymi	**7 876**	**8 450**	**8 768**
Rekstrarkostnaður o.fl.	129	87	117
Veitt lán	4 597	4 700	4 800
Greiddar afborganir	1 108	1 560	1 858
Greiddir vextir	1 858	1 977	1 993
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	116	126	-
Sjóðsaukning	68	-	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 20 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Vöruskiptajöfnuður	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**12 311**	**14 707**	**14 001**
Útfluttar vörur	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 704**	**105 447**	**109 371**
Sjávarafurðir	34 627	40 322	43 819	56 812	69 898	73 236	69 881	72 800	81 380	82 983
Ál og kísiljárn	5 459	6 553	9 045	13 317	12 017	9 841	9 710	10 753	13 200	15 432
Annað	4 882	6 178	8 803	9 943	10 537	8 483	8 242	11 151	10 867	10 956
Innfluttar vörur	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 393**	**90 740**	**95 370**
Sérstakur vöruinnflutningur	4 338	5 944	8 307	10 828	14 045	13 107	12 237	7 088	9 313	9 712
Almennur innflutningur	36 650	49 076	53 689	61 775	73 607	81 532	75 672	75 305	81 427	85 658
Olía	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406	7 088	7 357	7 536	7 918
Annað	32 957	45 352	50 031	55 785	65 264	74 126	68 584	67 948	73 891	77 740
Þjónustujöfnuður	**-3 201**	**-5 116**	**-8 556**	**-11 591**	**-12 550**	**-14 969**	**-11 924**	**-12 158**	**-11 647**	**-11 977**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**3 025**	**1 097**	**- 383**	**1 360**	**1 827**	**- 172**	**1 695**	**2 421**	**3 153**	**3 023**
Útflutt þjónusta án vaxta	18 006	20 217	22 052	28 516	34 452	36 377	36 461	43 489	47 000	49 600
Innflutt þjónusta án vaxta	14 981	19 120	22 435	27 156	32 625	36 549	34 766	41 068	43 847	46 577
Vaxtajöfnuður	**-6 226**	**-6 213**	**-8 173**	**-12 951**	**-14 377**	**-14 797**	**-13 619**	**-14 579**	**-14 800**	**-15 000**
Vaxtatekjur	727	893	957	1 617	1 813	1 783	2 375	2 631	2 700	3 000
Vaxtagjöld	6 953	7 106	9 130	14 568	16 190	16 580	15 994	17 210	17 500	18 000
Viðskiptajöfnuður	**779**	**-7 083**	**-8 885**	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**153**	**3 060**	**2 024**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,1	-4,6	-3,0	0,0	0,7	0,5
Framlög án endurgjalds	**160**	**-24**	**-42**	**-185**	**6**	**-301**	**-360**	**-155**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**484**	**10 076**	**9 344**	**3 982**	**7 782**	**17 044**	**11 698**	**- 387**	**-3 060**	**-2 024**
Langtímalántökur, nettó	6 099	6 740	9 675	15 945	16 362	14 572	13 075	5 874	-	-
Innkomin langtímalán	12 036	12 465	16 398	25 165	27 735	29 588	32 195	29 527	-	-
Afborganir	5 937	5 725	6 723	9 220	11 373	15 016	19 120	23 653	-	-
Skammtímafjármagnshreyfingar	-5 615	3 336	- 331	-11 963	-8 580	2 472	-1 377	-6 261	-	-
Skekkjur og vantalið	**-1 423**	**-2 969**	**- 417**	**325**	**- 38**	**1 305**	**662**	**389**	**-**	**-**

Heimild: Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 21 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs										
Erlend langtímalán	75 082	83 806	105 470	151 065	179 712	196 214	209 030	250 265	264 000	-
Erlend skammtímastaða, nettó	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-9 609	660	-	-
Gjaldeyrisstaða	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	-	-
Hrein skuldastaða við útlönd	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 033**	**189 620**	**222 251**	**235 000**	**232 000**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1995 [1]										
Erlend langtímalán	201 379	213 405	228 318	246 180	258 432	267 935	278 319	277 656	269 245	-
Hrein skuldastaða	191 401	214 292	230 221	231 983	232 509	245 840	252 475	246 576	239 669	232 000
Hlutfall af VLF, %										
Erlend langtímalán	46,6	40,1	41,1	49,0	49,4	49,5	52,5	60,9	61,9	-
Hrein skuldastaða	44,3	40,3	41,4	46,2	44,4	45,4	47,7	54,1	55,1	52,3
Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af erlendum langtímalánum	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	14 880	19 125	23 769	35 000	26 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 846	14 028	15 562	16 000	17 000
Samtals	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 726	33 153	39 331	51 000	43 000
Nettóvaxtagreiðslur	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 577	14 700	15 000
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,5	15,1	16,9	22,4	16,0
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	9,7	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	11,1	10,3	10,4
Samtals	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	22,9	26,2	27,9	32,7	26,4
Nettóvaxtagreiðslur	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	10,4	9,4	9,2
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	19,1	16,2	17,4	20,0	20,0	22,9	25,9	27,2	31,9	25,2

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 22 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993
Lántökur	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**30 022**	**32 403**	**30 464**
Opinberir aðilar	4 062	5 561	5 704	2 989	4 745	9 522	8 762	17 300	19 836	14 649
Lánastofnanir	2 715	3 485	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 615
Einkaaðilar	732	886	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	1 200
Afborganir	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 125**	**23 769**
Opinberir aðilar	1 377	1 632	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104
Lánastofnanir	1 427	1 794	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391
Einkaaðilar	1 474	1 030	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 471	3 274
Nettó hreyfing	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**15 142**	**13 278**	**6 695**
Opinberir aðilar	2 685	3 929	3 223	675	2 977	6 791	5 815	13 373	10 649	6 545
Lánastofnanir	1 288	1 691	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 224
Einkaaðilar	- 742	- 144	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	293	-2 074
Vaxtagreiðslur	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 846**	**14 028**	**15 562**
Opinberir aðilar	2 830	3 573	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 483
Lánastofnanir	868	1 210	1 313	1 438	2 074	4 100	5 231	4 964	4 381	4 222
Einkaaðilar	479	476	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 788	1 857
Staða í árslok	**42 559**	**60 857**	**75 083**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**209 030**	**250 265**
Opinberir aðilar	28 946	41 602	50 050	51 547	61 994	85 308	98 093	112 091	122 467	149 563
Lánastofnanir	9 595	14 179	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 852
Einkaaðilar	4 018	5 076	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 487	23 850
Gengisforsendur; krónur/SDR	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6
Meðalvextir	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**6,4**
Opinberir aðilar	10,5	9,2	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,8	6,9	6,6
Lánastofnanir	10,1	9,4	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6
Einkaaðilar	10,5	9,2	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	7,3

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 23 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Tekin lán	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 785**	**127 112**	**152 961**	**180 639**	**207 494**	**217 491**
Seðlabanki Íslands	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	6	-	-
Spariskírteini	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	36 301	39 089	46 257	-	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	1 257	2 487	6 012	-	-
Ríkisvíxlar	-	931	725	5 892	8 142	8 244	12 545	13 742	-	-
Aðrir innlendir aðilar	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	12 600	11 554	12 318	-	-
Erlend lán	29 304	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	-	-
Lánveitingar	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**62 859**	**66 780**	**65 015**	**75 825**	**78 360**
Veitt lán	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 557	41 352	46 600	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 089	22 472	26 132	-	-
Gengisbundin lán	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 468	18 880	20 468	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	25 302	25 428	18 415	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 727**	**64 253**	**86 181**	**115 624**	**131 668**	**139 131**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	67,1	68,5	69,7	50,6	47,0	49,5	43,7	36,0	36,5	36,0
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	27,3	24,1	25,0	30,0	30,7	31,6	38,3	43,7	48,5	48,8
Þar af erlend lán	18,3	14,5	14,7	17,9	16,4	17,1	21,9	24,9	-	-
Veitt lán	14,0	11,0	11,0	10,4	9,2	9,3	10,4	11,3	13,3	13,2
Þar af gengisbundin lán	6,9	5,2	5,2	5,5	4,3	3,9	4,7	5,0	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	4,0	5,0	6,4	4,6	5,1	6,2	6,3	4,4	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**9,3**	**8,0**	**7,6**	**15,0**	**16,3**	**16,1**	**21,6**	**28,0**	**30,8**	**31,3**

[1] Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 24 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Verðlag og gengi hvers árs										
Heildarskuldir hins opinbera	**49 272**	**58 775**	**77 345**	**110 254**	**127 983**	**144 309**	**172 934**	**203 839**	**234 206**	**247 785**
Innlendar skuldir	19 925	28 767	37 068	51 505	68 003	75 738	82 761	98 135	-	-
Erlendar skuldir	29 347	30 008	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	105 704	-	-
Kröfur hins opinbera	**34 780**	**41 727**	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**77 198**	**88 534**	**91 605**
Veitt lán	25 600	27 518	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	53 783	62 334	64 605
Skatta- og viðskiptakröfur	9 180	14 209	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	23 415	26 200	27 000
Hreinar skuldir hins opinbera	**14 493**	**17 048**	**21 871**	**50 607**	**63 704**	**69 066**	**94 276**	**126 641**	**145 671**	**156 180**
Ríkissjóður	14 574	16 394	20 704	47 960	59 727	64 253	86 181	115 624	131 668	139 131
Bæjar- og sveitarfélög	926	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	13 017	16 003	19 049
Almannatryggingar	-1 007	-1 191	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-2 000	-2 000	-2 000
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1995 [2]										
Heildarskuldir hins opinbera	125 765	134 250	147 588	166 609	167 277	177 491	208 429	219 503	239 510	247 785
Hreinar skuldir hins opinbera	36 548	38 844	41 491	76 053	83 755	85 390	113 093	136 214	148 970	156 180
Hlutfall af VLF, %										
Skuldir hins opinbera	**30,6**	**28,1**	**30,1**	**35,8**	**35,2**	**36,4**	**43,5**	**49,6**	**54,9**	**55,9**
Innlendar skuldir	12,4	13,8	14,4	16,7	18,7	19,1	20,8	23,9	-	-
Erlendar skuldir	18,2	14,4	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	25,7	-	-
Kröfur hins opinbera	**21,6**	**20,0**	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,8**	**20,7**	**20,7**
Hreinar skuldir hins opinbera	**9,0**	**8,2**	**8,5**	**16,4**	**17,5**	**17,4**	**23,7**	**30,8**	**34,1**	**35,2**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við lánskjaravísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 25 **Verðlags- og launaþróun**

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Spá 1994	Spá 1995
Vísitölur (1980 = 100)										
Framfærsluvísitala	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 995	2 077	2 108	2 150
Byggingarvísitala	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 843	1 884	1 931	1 979
Lánskjaravísitala	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 894	1 964	2 013	2 045	2 097
Meðalgengi	659	684	781	982	1 104	1 103	1 109	1 201	1 261	1 261
Verðvísitala samneyslu	789	1 003	1 242	1 440	1 601	1 734	1 798	1 843	1 878	1 927
Verðvísitala einkaneyslu	879	1 018	1 277	1 575	1 842	1 970	2 062	2 159	2 191	2 234
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	853	1 019	1 252	1 499	1 751	1 884	1 954	1 999	2 038	2 088
Ráðstöfunartekjur á mann	977	1 424	1 738	1 937	2 131	2 334	2 364	2 357	2 397	2 457
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	112	138	134	123	118	121	119	113	114	114
Breyting milli ára, %										
Framfærsluvísitala	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,6	4,1	1,5	2,0
Byggingarvísitala	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,5	2,5
Lánskjaravísitala	24,6	17,4	23,4	18,4	15,5	7,6	3,7	2,5	1,6	2,5
Meðalgengi	15,0	3,7	14,2	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,0	0,0
Verðvísitala samneyslu	27,0	27,1	23,9	15,9	11,2	8,3	3,7	2,5	1,9	2,6
Verðvísitala einkaneyslu	20,1	15,9	25,4	23,3	17,0	6,9	4,7	4,7	1,5	2,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	25,5	19,5	22,8	19,8	16,8	7,6	3,7	2,3	1,9	2,5
Ráðstöfunartekjur á mann	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,5	1,3	-0,3	1,7	2,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	8,4	22,8	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,2	-4,2	0,2	0,5

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 26 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Á verðlagi hvers árs										
Einkaneysla	99 196	133 557	161 068	190 254	223 729	248 999	249 044	248 952	257 808	268 153
Samneysla	28 776	38 980	50 537	60 341	69 989	78 157	80 375	84 037	86 539	90 215
Fjárfesting	30 778	42 593	50 503	58 730	70 007	76 060	69 599	64 951	67 176	70 015
Neysla og fjárfesting alls	158 750	215 130	262 108	309 325	363 725	403 216	399 018	397 940	411 523	428 383
Birgðabreytingar	-3 748	-3 783	-3 085	-8 143	-4 546	-1 226	- 406	557	-	-
Þjóðarútgjöld alls	**155 003**	**211 347**	**259 023**	**301 182**	**359 179**	**401 990**	**398 612**	**398 496**	**411 523**	**428 382**
Útflutningur vöru og þjónustu	61 961	71 681	81 721	106 282	124 246	124 943	121 248	135 018	149 772	157 017
Innflutningur vöru og þjónustu	55 880	73 965	84 100	99 240	119 595	130 305	121 943	122 759	134 585	141 986
Verg landsframleiðsla	**161 085**	**209 063**	**256 644**	**308 224**	**363 830**	**396 628**	**397 917**	**410 755**	**426 709**	**443 413**
Verg þjóðarframleiðsla	**155 782**	**204 264**	**250 138**	**297 060**	**351 429**	**383 942**	**386 612**	**398 649**	**414 582**	**430 405**
Á föstu verðlagi ársins 1995										
Einkaneysla	251 850	292 488	281 477	269 485	270 950	282 089	269 533	257 689	262 964	268 153
Samneysla	70 170	74 739	78 292	80 601	84 140	86 758	86 042	87 774	88 789	90 215
Fjárfesting	74 803	89 115	89 086	82 061	84 221	85 918	76 396	68 482	68 499	70 015
Neysla og fjárfesting alls	396 824	456 342	448 855	432 146	439 310	454 765	431 972	413 945	420 253	428 383
Birgðabreytingar	-8 451	-6 972	-1 969	-4 726	-5 533	1 513	165	935	- 335	-
Þjóðarútgjöld alls	**388 373**	**449 370**	**446 886**	**427 421**	**433 778**	**456 278**	**432 137**	**414 880**	**419 918**	**428 382**
Útflutningur vöru og þjónustu	146 612	151 522	145 953	150 301	150 228	141 585	139 092	148 008	155 283	157 017
Innflutningur vöru og þjónustu	141 018	173 750	165 924	148 831	150 302	158 684	146 234	133 806	137 963	141 986
Verg landsframleiðsla	**393 967**	**427 143**	**426 916**	**428 891**	**433 704**	**439 179**	**424 996**	**429 082**	**437 238**	**443 413**
Verg þjóðarframleiðsla	**384 621**	**418 829**	**421 870**	**416 040**	**420 819**	**425 696**	**411 144**	**414 018**	**423 993**	**430 405**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 27 Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Vísitölur (1980 = 100)										
Einkaneysla	122	142	136	131	131	137	131	125	127	130
Samneysla	137	146	153	157	164	169	168	171	173	176
Fjármunamyndun	96	115	115	106	108	111	98	88	88	90
Þjóðarútgjöld alls	**116**	**135**	**134**	**128**	**130**	**136**	**129**	**124**	**125**	**128**
Útflutningur vöru og þjónustu	125	129	125	128	128	121	119	126	133	134
Innflutningur vöru og þjónustu	116	143	136	122	124	130	120	110	113	117
Verg landsframleiðsla	**119**	**130**	**130**	**130**	**131**	**133**	**129**	**130**	**132**	**134**
Jöfnuður þáttatekna	205	212	244	263	262	279	278	294	294	294
Verg þjóðarframleiðsla	**117**	**127**	**127**	**127**	**128**	**130**	**125**	**126**	**129**	**131**
Vergar þjóðartekjur	**117**	**130**	**128**	**126**	**127**	**130**	**125**	**124**	**126**	**128**
Breyting milli ára, %										
Einkaneysla	6,9	16,2	-3,8	-4,2	0,5	4,1	-4,4	-4,5	2,0	2,0
Samneysla	7,3	6,5	4,7	3,0	4,4	3,2	-0,8	2,0	1,1	1,6
Fjármunamyndun	-1,9	19,1	0,0	-7,8	2,6	2,0	-11,1	-10,4	0,0	2,2
Þjóðarútgjöld alls	**4,4**	**15,8**	**-0,7**	**-4,4**	**1,4**	**5,2**	**-5,3**	**-4,0**	**1,2**	**2,0**
Útflutningur vöru og þjónustu	5,9	3,3	-3,6	2,9	0,0	-5,8	-1,7	6,4	4,9	1,1
Innflutningur vöru og þjónustu	0,9	23,3	-4,6	-10,3	1,0	5,5	-7,8	-8,5	3,1	2,9
Verg landsframleiðsla	**6,2**	**8,5**	**-0,1**	**0,3**	**1,1**	**1,3**	**-3,3**	**0,9**	**1,9**	**1,4**
Jöfnuður þáttatekna	1,0	3,5	14,8	8,0	-0,5	6,5	-0,4	5,7	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**6,4**	**8,8**	**-0,6**	**0,0**	**1,2**	**1,1**	**-3,4**	**0,8**	**2,4**	**1,5**
Vergar þjóðartekjur	**8,9**	**10,7**	**-0,9**	**-1,6**	**0,5**	**2,6**	**-4,1**	**-0,9**	**1,7**	**1,8**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagfrumvarpsins. Sótt verður um nauðsynlegar heimildir til breytinga á lögum til skerðingar á framlögum og til innlendrar og erlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess verður leitað heimilda til ábyrgðarveitnga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarps:

Lög nr. 75/1981, um tekju- og eignaskatt. Endurskoðuð verði ákvæði um flýtifyrningar, skattmeðferð húsaleigutekna, lánskjaravísitölu o.fl.

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Endurskoðuð verði ákvæði um lánskjaravísitölu.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarps:

Menntamálaráðuneyti
Lög nr. 49/1991, um grunnskóla. Frestað verði framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma og ákvæðis um lengingu kennslutíma nemenda. Einnig er ráðgert að fresta ákvæði um að koma skuli upp skólaathvarfi við hvern grunnskóla og ákvæði um fækkun nemenda í bekkjum.

Sjávarútvegsráðuneyti
Lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Sérstakt gjald verði lagt á afla báta er veiðar stunda með línu og handfæri með dagatakmörkunum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Kirkjubyggingasjóður. Framlagsskylda ríkissjóðs verði numin úr lögum nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð.

Kosningalög. Lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, verði breytt þannig að dregið verði úr auglýsingakostnaði vegna Alþingiskosninga.

Lög nr. 90/1989, um aðför. Kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga fái sömu réttarstöðu og skattkröfur hins opinbera hvað aðfararbeiðnir snertir.

Félagsmálaráðuneyti
Um málefni fatlaðra. Lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðara, verði breytt á þann veg að heimilt verði að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til greiðslu á tilteknum rekstrarkostnaði vegna fatlaðra. Einnig verði bætt inn ákvæði er heimili hert eftirlit með greiðslu á kostnaði sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna í leikskólum.

Atvinnuleysistryggingar. Lögum númer 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, verði breytt til endurskoðunar á verðlags- og launatengingu bótafjárhæða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Almannatryggingar. Lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, verði breytt til endurskoðunar á verðlags- og launatengingu bótafjárhæða og framlaga fyrir veitta þjónustu.

Félagsleg aðstoð. Lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, verði breytt til endurskoðunar á verðlags- og launatengingu heimildarbóta.

Lyfjamál. Lögum nr. 93/1994, lyfjalögum, verði breytt þannig að gildistöku VII. og XIV. kafla laganna verði flýtt.

Heilbrigðisþjónusta. Lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Breyting verði á verkefnum héraðslækna, m.a. með því að flytja þau til heilsugæslustöðva og landlæknis.

Samgönguráðuneyti

Framlag til flugvalla. Lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, verði breytt þannig að markaðir tekjustofnar nýtist einnig til reksturs flugvalla.

Tímabundin ákvæði til skerðingar fjárframlaga, eða frestunar á greiðslum:

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 5. og 7. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál,verður framlag til Kvikmyndasjóðs og reksturs Kvikmyndasafns Íslands eigi hærra en 80,1 m.kr. á árinu 1995.

Endurbætur menningarbygginga. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, er heimilt að ráðstafa 40 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til reksturs Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns á árinu 1995.

Listskreytingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995. Verið er að endurskoða lögin um sjóðinn.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1995 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

Húsafriðunarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1995. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr Húsafriðunarsjóði.

Stofnlánadeild. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1995.

Búfjárrækt. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1995.

Jarðræktarlög. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1995.

Mat á sláturafurðum. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

Fiskveiðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, falli framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs niður á árinu 1995.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995.

Gæsluvistarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1995.

Lyfsölusjóður. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi vera hærra en 2,8 m.kr. á árinu 1995. Sjóðurinn verður lagður niður 1. júlí 1995 skv. 45. gr. lyfjalaga.

Lánasýsla ríkisins. Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 43/1990, um Lánsýslu ríkisins, skal eigi verja hærri fjárhæð en nemur 225 m.kr. af innheimtu áhættugjaldi á árinu 1995 skv. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, til að standa straum af kostnaði við starfsemi Lánasýslu ríkisins.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1995.

Fjáröflun vegna vegagerðar. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 275 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1995.

Skipulagslög. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, skal endurgreiðsla ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 21 m.kr. á árinu 1995.

Eyðing refa og minka. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, skal framlag ríkissjóðs til refa og minkaveiða eigi nema hærri fjárhæð en 27 m.kr. á árinu 1995.

Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl. í stafrófsröð
A- og B-hluti

A

	Bls.
Aðild Íslands að EES o.fl.	179
Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	74, 310
Afleysingarþjónusta kúabænda	83
Almannavarnir ríkisins	98, 318
Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	31, 295
Alþingi	11, 287
Alþjóðaflugþjónustan (B-hluti)	229, 363
Alþjóðaflugþjónusta	185
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	86
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	141
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	91
Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO	182
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	91
Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	189
Alþjóðastofnanir, umhverfisráðuneyti	197
Alþjóðastofnanir, utanríkisráðuneyti	75, 310
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	180
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	124
Alþjóðleg samskipti	66, 304
Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf	189
Alþýðuskólinn Eiðum	48, 295
Arnarhvoll (B-hluti)	223
ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	125
Atvinnuleikhópar	65
Atvinnuleysistryggingasjóður (B-hluti)	219, 361
Atvinnuleysistryggingasjóður	125, 322
Atvinnumál kvenna	124

Á

Ábyrgðasjóður launa	124, 322
Ábyrgðasjóður launa (B-hluti)	218
Áfengis- og fíkniefnamál	99, 318
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (B-hluti)	222, 362
Áfengisvarnaráð	167
Áfengisvarnir og bindindismál	167, 333
Áhugaleikfélög	65
Átak í sorphirðumálum	197
Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	177
Átak í frárennslismálum	197

B

	Bls.
Bandalag íslenskra leikfélaga	65
Bandalag íslenskra skáta	66
Barnaverndarráð	116, 321
Beinar greiðslur til bænda	83
Bessastaðir	13, 287
Biskup Íslands	112, 319
Blindrabókasafn Íslands	62, 302
Borgarspítalinn	138, 328
Brunamálaskóli	115
Brunamálastofnun ríkisins	115, 321
Búfjárræktarframlög	83
Búnaðarfélag Íslands	83, 313
Bústaður forseta Íslands, Laufásvegi 72	11
Byggða- og minjasöfn	59
Byggðastofnun	16, 289
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	89, 315
Bygginga- og tækjasjóður	27, 291
Bygginga- og tækjasjóður (B-hluti)	205, 354
Byggingarsjóður ríkisins (B-hluti)	217, 360
Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild (B-hluti)	217, 360
Byggingarsjóður verkamanna	113, 320
Byggingarsjóður verkamanna (B-hluti)	218, 360
Bændaskólinn á Hólum	80, 311
Bændaskólinn á Hvanneyri	79, 311

D

Dagvist fatlaðra Siglufirði	119
Dagvistun fatlaðra Akranesi	118
Dagvistun fatlaðra Keflavík	117
Dagvistun fatlaðra, Reykjavík	117
Dagvistun Styrktarfélags vangefinna, Bjarkarási	121
Dagvistun Styrktarfélags vangefinna, Lyngási	121
Dagvistun Styrktarfélags vangefinna, Lækjarási	121
Dalbrautarskóli	57, 298
Dómkröfur	180
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	90, 317
Dómsmál, ýmis kostnaður	96, 317
Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	192

E

	Bls.
Efling íslenskrar tungu	12
EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu	76
EFTA-dómstóllinn	76
Eftirlaunasjóður aldraðra	129, 325
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	76
Einholtsskóli	57, 298
Einkaleyfastofan	187, 344
Eldi sjávardýra	86
Embætti forseta Íslands	11, 286
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	131
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	131
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	131
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	131
Evrópska lyfjaskráin	140
Evrópuráðið	75

F

Fangahjálp	111
Fangavarðaskóli	111
Fangelsið Kópavogsbraut	111, 318
Fangelsið Kvíabryggju	111, 318
Fangelsið Litla-Hrauni	111, 318
Fangelsið Síðumúla	111, 318
Fangelsisbyggingar	111, 318
Fangelsismálastofnun ríkisins	111, 318
FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna	74
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	73, 309
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	73, 309
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	72
Fasteignamat ríkisins	176, 339
Fasteignamat ríkisins (B-hluti)	223, 362
Fasteignir ríkissjóðs (B-hluti)	225
Fálkaorðan	11
Ferðamálaráð	186, 343
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	182
Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	184
Ferjur og flóabátar	183
Félag heyrnarlausra	117
Félagsdómur	124
Félagsmál, ýmis starfsemi	125
Félagsmálaráðuneyti	113, 320

Bls.
Félagsmálaskóli alþýðu 125, 322
Fiskeldisrannsóknir 84, 313
Fiskistofa 88, 315
Fiskvinnsluskólinn 43, 295
Fíkniefnaeftirlit, Keflavíkurflugvelli 69
Fjallvegir 183
Fjarskiptaeftirlit ríkisins 186
Fjármálaráðuneyti 168, 334
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 134, 328
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði 133, 328
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað 135, 328
Fjölbrautaskóli Suðurlands 36, 295
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 34, 295
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi 35, 295
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki 36, 295
Fjölbrautaskólinn Ármúla 33, 295
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 33, 295
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 38, 295
Fjölstofnarannsóknir 87
Flensborgarskóli, fjölbraut 34, 295
Flugeftirlitsnefnd 182
Flugmálastjórn 185, 343
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 209, 358
Flugskóli Íslands 182
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur (B-hluti) 210, 358
Flugvallagjöld 185
Flugvellir 185, 343
Forsætisráðuneyti 15, 288
Fósturskóli Íslands 44, 295
Framhaldsskólar, almennt 32, 295
Framhaldsskóli Vestfjarða 30, 295
Framhaldsskólinn á Húsavík 39, 295
Framhaldsskólinn á Laugum 39, 295
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 38, 295
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 35, 295
Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 125
Framkvæmd búvörusamnings 77
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál 114
Framkvæmdasjóður aldraðra 140, 328
Framkvæmdasjóður fatlaðra 123, 321
Framkvæmdasýslan 177, 339
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 84, 313
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II 75
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL 75
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL 76

Bls.
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ 75
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAMIR 75
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM 75
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Úganda, UNOMUR 75
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Sahara, MINURSO 76
Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR 75
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 209, 358
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 182
Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis 53, 298
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra 53, 298
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra 52, 298
Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis 52, 298
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis 51, 298
Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis 53, 298
Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis 52, 298
Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis 52, 298
Fræðsluskrifstofur, almennt 54, 298
Fullorðinsfræðsla 40, 295
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 41, 295
Fyrirhleðslur 81

G

Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu 67
Garðvangur, Garði 146, 328
Garðyrkjuskóli ríkisins 80, 311
GATT, Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti 75
Geislavarnir ríkisins 131, 328
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 131
Gistiheimili fatlaðra Kópavogi 117
Gjaldheimta Suðurnesja 175, 335
Gjaldheimtan í Reykjavík 174, 335
Gjöf Jóns Sigurðssonar 15
GPS-staðsetningarkerfi 182
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 83, 312
Greiðslur vegna riðuveiki 85, 313
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 83, 312
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 122, 321
Gróðurkortagerð 197
Grunnskólar, almennt 54, 298
Grunnskólar, Austurlandi 51, 298
Grunnskólar, Norðurlandi eystra 51, 298
Grunnskólar, Norðurlandi vestra 50, 298
Grunnskólar, Reykjanesi 50, 298

Bls.
Grunnskólar, Reykjavík 50, 295
Grunnskólar, Suðurlandi 51, 298
Grunnskólar, Vestfjörðum 50, 298
Grunnskólar, Vesturlandi 50, 298
Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir 86
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs 75
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa 75
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL 75

H

Hafnabótasjóður (B-hluti) 228
Hafnabótasjóður 184
Hafnamannvirki 184
Hafnarannsóknir og mælingar 184
Hafrannsóknastofnun 87, 315
Hafsbotnsrannsóknir 191
Hagstofa Íslands 195, 347
Hagþjónusta landbúnaðarins 81, 311
Hallgrímskirkja 112
Happdrætti Háskóla Íslands (B-hluti) 203, 354
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 27, 291
Háskóli Sameinuðu þjóðanna 74
Háskóli Íslands 19, 291
Háskólinn á Akureyri 23, 291
Hegningarhúsið í Reykjavík 111, 318
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 65
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 127, 323
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 141, 333
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra 149, 331
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra 149, 331
Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi 150, 331
Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi 150, 331
Heilsugæslustöð Suðurnesja 164, 331
Heilsugæslustöðin Akranesi 151, 331
Heilsugæslustöðin Akureyri 157, 331
Heilsugæslustöðin Árbæ 149, 331
Heilsugæslustöðin Blönduósi 155, 331
Heilsugæslustöðin Bolungarvík 154, 331
Heilsugæslustöðin Borgarnesi 151, 331
Heilsugæslustöðin Búðardal 153, 331
Heilsugæslustöðin Dalvík 157, 331
Heilsugæslustöðin Djúpavogi 161, 331
Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti 149, 331

Bls.
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum 159, 331
Heilsugæslustöðin Eskifirði 160, 331
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 160, 331
Heilsugæslustöðin Flateyri 154, 331
Heilsugæslustöðin Fossvogi 150, 331
Heilsugæslustöðin Garðabæ 165, 331
Heilsugæslustöðin Grafarvogi 149, 331
Heilsugæslustöðin Grundarfirði 152, 331
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 165, 331
Heilsugæslustöðin Hellu 163, 331
Heilsugæslustöðin Hlíðum 150, 331
Heilsugæslustöðin Hólmavík 155, 331
Heilsugæslustöðin Húsavík 157, 331
Heilsugæslustöðin Hvammstanga 155, 331
Heilsugæslustöðin Hveragerði 164, 331
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 162, 331
Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði 161, 331
Heilsugæslustöðin Ísafirði 153, 331
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 161, 331
Heilsugæslustöðin Kópaskeri 158, 331
Heilsugæslustöðin Kópavogi 165, 331
Heilsugæslustöðin Laugarási 163, 331
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík 151, 331
Heilsugæslustöðin Miðbæ 150, 331
Heilsugæslustöðin Mjódd 149, 331
Heilsugæslustöðin Neskaupstað 160, 331
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 156, 331
Heilsugæslustöðin Ólafsvík 152, 331
Heilsugæslustöðin Patreksfirði 153, 331
Heilsugæslustöðin Raufarhöfn 158, 331
Heilsugæslustöðin Reykjalundi 166, 331
Heilsugæslustöðin Sauðárkróki 156, 331
Heilsugæslustöðin Selfossi 163, 331
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 166, 331
Heilsugæslustöðin Seyðisfirði 159, 331
Heilsugæslustöðin Siglufirði 156, 331
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi 152, 331
Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum 162, 331
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 162, 331
Heilsugæslustöðin Vopnafirði 159, 331
Heilsugæslustöðin Þingeyri 154, 331
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 164, 331
Heilsugæslustöðin Þórshöfn 158, 331
Heilsugæslustöðvar, almennt 148, 331
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands 147, 328

Bls.
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík ... 149, 331
Heimili einhverfra ... 121
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ... 130, 328
Heyrnleysingjaskólinn ... 58, 295
Héraðsbúnaðarsambönd ... 83
Héraðsdómur Austurlands ... 94, 317
Héraðsdómur Norðurlands eystra ... 94, 317
Héraðsdómur Norðurlands vestra ... 93, 317
Héraðsdómur Reykjaness ... 95, 317
Héraðsdómur Reykjavíkur ... 93, 317
Héraðsdómur Suðurlands ... 94, 317
Héraðsdómur Vestfjarða ... 93, 317
Héraðsdómur Vesturlands ... 93, 317
Héraðsskógar ... 82, 312
Héraðsskólar, almennt ... 49, 295
Héraðsskólinn Núpi ... 49
Héraðsskólinn Reykholti ... 48, 295
Héraðsskólinn Reykjanesi ... 49
Héraðsskólinn Skógum ... 49, 295
Hið íslenska þjóðvinafélag ... 11
Hjartavernd ... 141
Hjartavernd, Monica-rannsóknir ... 141
Hjúkrunarheimilið Eir ... 145, 328
Hjúkrunarheimilið Skjól ... 145, 328
Hjúkrunarheimilið Víðihlíð ... 137
Hlaðgerðarkot ... 147, 328
Hlíðardalsskóli ... 54
Hollustuvernd ríkisins ... 199, 349
Hóladómkirkja ... 112
Hótel- og veitingaskóli Íslands ... 43, 295
Hrafnseyri ... 15
Hús Jóns Sigurðssonar ... 11
Húsafriðunarsjóður ... 64, 304
Húsaleigubætur ... 114, 320
Húsameistari ríkisins ... 17, 289
Húsnæði löggæslustofnana ... 99, 318
Húsnæði og búnaður dómstóla ... 96, 317
Húsnæði og búnaður sýslumanna ... 110, 318
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað ... 45, 295
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík ... 45, 295
Hvammshlíðarskóli ... 57, 298
Hæfingarstöðvar fatlaðra, Reykjanesi ... 117
Hæstiréttur, dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 92, 317
Hæstiréttur, æðsta stjórn ríkisins ... 12, 287

I

	Bls.
IAEA, Alþjóðakjarnorkumálastofnunin	75
Icepro-nefnd	192
Iðja og iðnaður, framlög	189, 344
Iðjulundur, verndaður vinnustaður	119
Iðnaðarrannsóknir	189, 344
Iðnaðarráðuneyti	187, 344
Iðnskólinn í Hafnarfirði	42, 295
Iðnskólinn í Reykjavík	42, 295
Iðntæknistofnun Íslands	188, 344
Iðnþróun og tækninýjungar	189
Innheimtukostnaður	174, 335

Í

Íslensk málstöð	22, 291
Íslenska óperan	65
Íslenski dansflokkurinn	62, 302
Íþróttakennaraskóli Íslands	44, 295
Íþróttamiðstöð Íslands	67
Íþróttasamband fatlaðra	67
Íþróttasamband Íslands	67

J

Jafnréttisráð	114, 321
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	84, 313
Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður (B-hluti)	212
Jöfnun á námskostnaði	59, 301
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	123, 322

K

Keldnaholt	89
Kennaraháskóli Íslands	24, 291
Kirkjubyggingasjóður (B-hluti)	215
Kirkjugarðasjóður (B-hluti)	216
Kjaradómur og kjaranefnd	180
Kjararannsóknir	180
Kjarasamningar	180
Kosningar	91, 317

Bls.
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 141
Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 125
Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 174
Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 189
Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 141
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 141
Kristnisjóður (B-hluti) 215
Kristnisjóður 112, 319
Kvennaathvarf í Reykjavík 125
Kvennaskólinn í Reykjavík 31, 295
Kvikmyndaeftirlit ríkisins 58, 304
Kvikmyndasafn Íslands 64
Kvikmyndasjóður 64, 304
Kynbótastöðvar 83
Kynsjúkdómar, alnæmi 141

L

Lagasafn 90, 317
Lambhagi 120
Landakotsskóli 54
Landbúnaðarráðuneyti 77, 311
Landgræðsla ríkisins 81, 312
Landgræðsluáætlanir 77
Landgræðslusjóður 77
Landhelgisgæsla Íslands 100, 318
Landlæknir 129, 328
Landmælingar Íslands 200, 350
Landsbjörg 182
Landsbókasafn Íslands, háskólabókasafn 60, 302
Landþurrkun 77
Langabúð 67
Launa- og verðlagsmál 178, 337
Launasjóður stórmeistara í skák 67
Laxeldisstöðin Kollafirði (B-hluti) 212
Lán til jarðhitaleitar 191
Lánasjóður íslenskra námsmanna 58, 301
Lánasjóður íslenskra námsmanna (B-hluti) 206, 355
Lánasýsla ríkisins (B-hluti) 224, 362
Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands (B-hluti) 224, 363
Leikfangasafn Akureyri 119
Leikfangasafn Keflavík 117
Leikfangasafn Vestmannaeyjum 120
Leikfangasöfn Norðurlandi vestra 119

Bls.
Leikfangasöfn Vestfjörðum 118
Leikfangasöfn Vesturlandi 118
Leikfélag Akureyrar 65
Leiklistarskóli Íslands 46, 295
Lendingarbætur 184
Listahátíð í Reykjavík 65
Listasafn ASÍ 62
Listasafn Ásgríms Jónssonar 61
Listasafn Einars Jónssonar 61, 302
Listasafn Íslands 61, 302
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 62
Listasjóðir 64, 304
Listaskóli, fasteignir ríkissjóðs 178
Listdansskólinn 62, 302
Listir, framlög 65, 304
Lífeyrissjóður bænda, fjármálaráðuneyti 180
Lífeyrissjóður bænda, landbúnaðarráðuneyti 83
Lífeyristryggingar 128, 325
Ljósmæðraskóli Íslands 166, 333
Lúðueldi á Reykjanesi 87
Lyfjabúð Háskóla Íslands (B-hluti) 204
Lyfjaeftirlit ríkisins 141, 333
Lyfjamál 140, 333
Lyfjanefnd 141, 333
Lyfsölusjóður 140
Lýðveldissjóður 12, 287
Læknaráð 129
Læknishéraðasjóður 139
Læknishéraðasjóður (B-hluti) 221
Lög- og réttindaskráning sjómanna 182
Lögbirtingablað (B-hluti) 215
Löggildingarstofan 193, 346
Lögregluskóli ríkisins 97, 317
Lögreglustjórinn í Reykjavík 97, 318

M

Mannanafnanefnd 91
Manneldisráð 131, 333
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 75
Manntal 195
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar 191
Mat á búvörum 77
Mat á umhverfisáhrifum 200

Bls.
Matsnefnd eignarnámsbóta 91
Málefni barna og ungmenna 115, 321
Málefni fatlaðra, Austurlandi 120, 321
Málefni fatlaðra, félagsmálaráðuneyti 116, 321
Málefni fatlaðra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 131, 333
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 119, 321
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 119, 321
Málefni fatlaðra, Reykjanesi 117, 321
Málefni fatlaðra, Reykjavík 117, 321
Málefni fatlaðra, Suðurlandi 120, 321
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum 118, 321
Málefni fatlaðra, Vesturlandi 118, 321
Málskostnaður í opinberum málum 95, 317
Málsskotsnefnd heilbrigðiskrafna 86
Meðferðarheimili fatlaðra Búhamri 17, Vestmannaeyjum 120
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra 121, 321
Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981 125
Mengunarslys 197
Menningarsjóður félagsheimila 65
Menningarsjóður 63, 304
Menntamálaráðuneyti 19, 290
Menntaskólinn á Akureyri 28, 295
Menntaskólinn á Egilsstöðum 30, 295
Menntaskólinn á Laugarvatni 29, 295
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut 31, 295
Menntaskólinn í Reykjavík 28, 295
Menntaskólinn við Hamrahlíð 29, 295
Menntaskólinn við Sund 29, 295
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 67
Miðskólinn 54
Minningarsjóður Landspítalans 141
Myndlista- og handíðaskóli Íslands 46, 295
Myndlistarskólinn Akureyri 32
Myndlistarskólinn í Reykjavík 32

N

NATO, Atlantshafsbandalagið 75
Námsgagnastofnun 55, 298
Námsleyfi lögfræðinga 91
Náttúrufræðistofnun Íslands 201, 350
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 199, 349
Náttúrustofur 201, 350
Náttúruverndarráð 198, 349

Bls.
Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla ... 86
Nesstofa ... 59
Neytendasamtökin ... 192
Niðurgreiðsla á rafhitun ... 191
Niðurgreiðslur á ull og gærum ... 83
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ... 77
Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO ... 86
Norðurlandaráð ... 11
Norræn samvinna á sviði sakfræði ... 91
Norræn samvinna ... 66, 304
Norræn samvinna í lyfsölumálum ... 140
Norræna ráðherranefndin ... 17, 289
Norræni verkalýðsskólinn í Genf ... 125
Norræni heilsugæsluskólinn ... 141
Nýlistasafn ... 62
Nýsköpun og markaðsmál ... 189
Nýsköpunarsjóður ... 27

O

OECD, Efnahags- og framfarastofnunin ... 75
Opinber réttaraðstoð ... 95, 317
Opinberar heimsóknir ... 13, 287
Orator, almenn lögfræðiaðstoð ... 91
Orðabók Háskólans ... 22, 291
Orkusjóður (B-hluti) ... 231
Orkusjóður ... 191, 345
Orkustofnun ... 190, 345
Ólympíunefnd fatlaðra ... 67
Ólympíunefnd Íslands ... 67

P

Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar ... 189
Póst- og símamálastofnun (B-hluti) ... 226, 363
Prestar og prófastar ... 112, 319
Próf fasteignasala ... 91
Próf málflytjenda ... 91
Próf skjalaþýðenda ... 91

R

	Bls.
Rafmagnseftirlit ríkisins	190, 345
Rafmagnsveitur ríkisins (B-hluti)	231, 364
Rannsóknadeild fisksjúkdóma	20
Rannsóknanefnd flugslysa	182
Rannsóknanefnd sjóslysa	182
Rannsóknarlögregla ríkisins	97, 318
Rannsóknarnámssjóður	27, 291
Rannsóknarnámssjóður (B-hluti)	205, 355
Rannsóknarráð Íslands	26, 291
Rannsóknarskip	87
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging (B-hluti)	214
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	188, 344
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	87, 315
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	78, 311
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	25, 291
Rannsóknastöð Kvískerjum	197
Rannsóknastöðin Mógilsá	82
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	197
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	197
Ratsjárstöðvar, rekstur (B-hluti)	210
Raunvísindastofnun Háskólans	21, 291
Ráðherrabústaður Tjarnargötu	15
Ráðherrabústaður Þingvöllum	15
Ráðstefna ræðismanna	68, 307
Ráðstöfunarfé, dóms- og kirkjumálaráðuneyti	92, 317
Ráðstöfunarfé, félagsmálaráðuneyti	113, 320
Ráðstöfunarfé, fjármálaráðuneyti	169, 335
Ráðstöfunarfé, forsætisráðuneyti	16, 288
Ráðstöfunarfé, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	127
Ráðstöfunarfé, iðnaðarráðuneyti	188, 344
Ráðstöfunarfé, landbúnaðarráðuneyti	78, 311
Ráðstöfunarfé, menntamálaráðuneyti	19, 291
Ráðstöfunarfé, samgönguráðuneyti	183, 342
Ráðstöfunarfé, sjávarútvegsráðuneyti	87, 314
Ráðstöfunarfé, umhverfisráðuneyti	198, 348
Ráðstöfunarfé, utanríkisráðuneyti	69, 308
Ráðstöfunarfé, viðskiptaráðuneyti	193, 346
Rekstrarhagræðing, félagsmálaráðuneyti	123
Rekstrarhagræðing, fjármálaráðuneyti	178
Rekstrarhagræðing, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	167
Reynslusveitarfélög	113
Rithöfundasjóður Íslands	65
Ríkisábyrgðir	178, 337
Ríkisbifreiðar	180

Bls.
Ríkisbókhald 168, 335
Ríkisendurskoðun 13, 287
Ríkisfjárhirsla 169, 335
Ríkiskaup (B-hluti) 222, 362
Ríkislögmaður 169, 335
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 69
Ríkissaksóknari 96, 318
Ríkissáttasemjari 114, 321
Ríkisskattstjóri 170, 335
Ríkisspítalar 138, 328
Ríkisspítalar, dauðhreinsun (B-hluti) 220
Ríkisspítalar, þvottahús (B-hluti) 220
Ríkisstjórn 12, 287
Ríkisstjórnarákvarðanir 179, 339
Ríkistollstjóri 175, 335
Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður (B-hluti) 206, 356
Ríkisútvarpið, hljóðvarp (B-hluti) 207, 356
Ríkisútvarpið, sjónvarp (B-hluti) 207, 356
RÖSE, Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu 76

S

Safamýrarskóli 56, 298
Safnahúsið við Hverfisgötu 60, 302
Sala varnarliðseigna (B-hluti) 211
Sambýli, Styrktarfélag vangefinna 121
Sambýli fatlaðra Akranesi 118
Sambýli fatlaðra Akurgerði 20 117
Sambýli fatlaðra Bitru 120
Sambýli fatlaðra Borgarnesi 118
Sambýli fatlaðra Egilsstöðum 120
Sambýli fatlaðra Hlíðartungu 120
Sambýli fatlaðra Ísafirði 118
Sambýli fatlaðra Norðurlandi eystra 119
Sambýli fatlaðra Norðurlandi vestra 119
Sambýli fatlaðra Reykjanesi 117
Sambýli fatlaðra Reykjavík 117
Sambýli fatlaðra Selfossi 120
Sambýli fatlaðra Stigahlíð 71 117
Sambýli fatlaðra Vestmannaeyjum 120
Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 170
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) 205
Sameinuðu þjóðirnar, UN 75
Samgönguráðuneyti 182, 341

	Bls.
Samheitaverðskrá lyfja	140
Samkeppnisstofnun	193, 346
Samráðsnefnd um ferlimál	116
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	40, 304
Samskipti við Vestur-Íslendinga	69
Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ	19, 293
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	146, 328
Samvinnuskólinn	47, 295
Sauðfjárveikivarnir	79
Sendiráð Íslands í Berlín	74, 309
Sendiráð Íslands í Bonn	70
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	72, 309
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	70
Sendiráð Íslands í London	70
Sendiráð Íslands í Moskvu	71, 309
Sendiráð Íslands í Ósló	71, 309
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	71
Sendiráð Íslands í Peking	73, 309
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	71, 309
Sendiráð Íslands í Washington	72, 309
Sendiráð, viðhald og stofnkostnaður	74, 309
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	11
Siglingamálastofnun ríkisins	184, 342
Sinfóníuhljómsveit Íslands	63, 302
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti)	208, 357
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	180
Sjálfsbjörg Akureyri	131
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	147, 328
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	182
Sjávarútvegsráðuneyti	86, 314
Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	75
Sjómannaskólahúsið	47, 295
Sjómannastofur	125
Sjónstöð Íslands	130, 328
Sjóvarnargarðar	184
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur	86
Sjúkraflutningaráð	129
Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	133, 328
Sjúkrahús Bolungarvíkur	143, 328
Sjúkrahús Hvammstanga	143, 328
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	137, 328
Sjúkrahús og læknisbústaðir	139, 328
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	136, 328
Sjúkrahúsið Akranesi	132, 328

Bls.
Sjúkrahúsið Egilsstöðum 135, 328
Sjúkrahúsið Húsavík 134, 328
Sjúkrahúsið Patreksfirði 132, 328
Sjúkrahúsið Sauðárkróki 133, 328
Sjúkrahúsið Seyðisfirði 135, 328
Sjúkrahúsið Siglufirði 134, 328
Sjúkrahúsið Suðurnesjum 137, 328
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum 136, 328
Sjúkrakostnaður refsifanga 111
Sjúkraskýlið Hólmavík 143, 328
Sjúkraskýlið Þingeyri 144, 328
Sjúkratryggingar 128, 325
Skaftholt 120
Skammtímavistun fatlaðra Álfalandi 6 117
Skammtímavistun fatlaðra Hólabergi 117
Skammtímavistun fatlaðra, Norðurlandi vestra 119
Skammtímavistun fatlaðra, Norðurlandi eystra 119
Skammtímavistun fatlaðra, Reykjadal 117
Skammtímavistun fatlaðra, Reykjanesi 117
Skammtímavistun fatlaðra, Vesturlandi 118
Skammtímavistun Styrktarfélags vangefinna, Víðihlíð 9 121
Skattamál, ýmis útgjöld 173, 335
Skatteftirlit 173
Skattrannsóknarstjóri ríkisins 174, 335
Skattstofa Austurlands 172, 335
Skattstofa Norðurlands eystra 171, 335
Skattstofa Norðurlands vestra 171, 335
Skattstofa Reykjaness 173, 335
Skattstofa Suðurlands 172, 335
Skattstofa Vestfjarða 171, 335
Skattstofa Vestmannaeyja 172, 335
Skattstofa Vesturlands 170, 335
Skattstofan í Reykjavík 170, 335
Skákskóli Íslands 67
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 122, 321
Skálholtsstaður 112, 319
Skiptaverðsnefnd 86
Skipulag miðhálendis 200
Skipulagsstjóri ríkisins 200, 350
Skógrækt ríkisins 82, 312
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 82
Skógræktarfélag Íslands 77
Skólabúðir að Reykjum 55, 298
Skólar fyrir fatlaða 56, 298
Skráning hlutafélaga 194, 346

Bls.
Skriðuklaustur 67
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 89, 315
Skýrsluvélakostnaður 179, 339
Slysatryggingar 129, 325
Slysavarnafélag Íslands 182
Slysavarnaskóli sjómanna 182
Smáiðnaður í dreifbýli 189
Snjóflóða- og skriðufallavarnir 125
Snorrastofa 112
Sólheimar Grímsnesi 122, 321
Sólvangur, Hafnarfirði 137, 328
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi 142, 328
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 142, 328
St. Jósefsspítali, Landakoti 139, 328
Staðlaráð 189
Starfsmenntun í atvinnulífinu 124
Starfsþjálfun fatlaðra 116
Stefnumörkun í umhverfismálum 197
Stígamót 125
Stjórn fiskveiða 86
Stjórnarráðshús 15
Stjórnartíðindi 90, 317
Stjórnsýsluhús Akranesi 178
Stofnun Sigurðar Nordals 21, 291
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 21, 291
Styrking dreifikerfis í sveitum 191
Styrktarfélag vangefinna 121, 321
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar 180
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 41, 295
Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum 35, 295
Suðurhlíðaskóli 54
Sumardvalarheimili fatlaðra í Reykjadal 131
Sundabúð II, Vopnafirði 144, 328
Sunnuhlíð, Kópavogi 145, 328
Sýslumaðurinn á Akranesi 100, 318
Sýslumaðurinn á Akureyri 105, 318
Sýslumaðurinn á Blönduósi 103, 318
Sýslumaðurinn á Eskifirði 107, 318
Sýslumaðurinn á Hólmavík 103, 318
Sýslumaðurinn á Húsavík 105, 318
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli 108, 318
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði 107, 318
Sýslumaðurinn á Ísafirði 103, 318
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 69, 309
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði 105, 318

Bls.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði 102, 318
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki 104, 318
Sýslumaðurinn á Selfossi 109, 318
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði 106, 318
Sýslumaðurinn á Siglufirði 104, 318
Sýslumaðurinn í Bolungarvík 102, 318
Sýslumaðurinn í Borgarnesi 101, 318
Sýslumaðurinn í Búðardal 101, 318
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði 109, 318
Sýslumaðurinn í Keflavík 109, 318
Sýslumaðurinn í Kópavogi 110, 318
Sýslumaðurinn í Neskaupstað 106, 318
Sýslumaðurinn í Reykjavík 100, 318
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi 101, 318
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum 108, 318
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal 107, 318
Sýsluvegir 183
Söfn, ýmis framlög 62, 302
Söludeild Póst- og símamálastofnunar (B-hluti) 226, 363
Sölvhóll 178

T

Tannverndarsjóður 141
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 179
Tilkynningarskylda íslenskra skipa 182
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 20, 291
Tjarnarskóli 54
Tjónabætur 178, 337
Tollgæsla 175
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 69
Tollstjórinn í Reykjavík 175, 335
Tóbaksvarnir 141
Tónlistarskólinn í Reykjavík 46, 295
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 180
Tryggingaeftirlitið 129, 328
Tryggingastofnun ríkisins 127, 325
Tæknisjóður 27, 291
Tæknisjóður (B-hluti) 204, 354
Tækniskóli Íslands 24, 291
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands 117
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl. 180
Tölvumiðstöð fatlaðra 116
Tölvunefnd 91

U

	Bls.
Umboðsmaður Alþingis	13, 287
Umboðsmaður barna	17, 289
Umferðarráð	98, 318
Umhverfisráðuneyti	197, 347
Umhverfisvöktun	197
Undirbúningur náttúrustofa	197
UNDP, Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	74
Ungmennafélag Íslands	66
UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna	75
UNICEF, Alþjóðabarnahjálparstofnunin	74
Uppbætur á lífeyri	176, 337
Uppgræðsla og gróðurvernd	197
Uppkaup á fullvirðisrétti	83
Utanríkisráðuneyti	68, 307

Ú

Útflutningsráð Íslands	68
Útgáfa hæstaréttardóma	92
Útgáfa norræns dómasafns	91
Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	140
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	177, 339

V

Varnarmálaskrifstofa	68, 308
Vaxta- og geymslukostnaður	83
Veðurstofa Íslands	201, 350
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	201
Vegagerð ríkisins	183, 342
Vegagerð ríkisins, birgðamiðstöð og fasteignir (B-hluti)	228
Vegagerð ríkisins, umdæmi og vinnuflokkar (B-hluti)	227
Vegagerð ríkisins, vélamiðstöð (B-hluti)	227
Veiðarfærakostnaður	87
Veiðimálastofnun	79, 311
Veiðistjóri	199, 349
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	77
Verðlagsráð sjávarútvegsins	88, 314
Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	23, 291
Verkmenntaskóli Austurlands	37, 295
Verkmenntaskólinn á Akureyri	37, 295
Verkstjórnarfræðsla	189

Bls.
Verktakasamningur um upplýsingaröflun 86
Verndaður vinnustaður Akranesi 118
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum 120
Verndaður vinnustaður Norðurlandi eystra 119
Verndaður vinnustaður Selfossi 120
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum 120
Verndaður vinnustaður, Örvi 117
Verndun gamalla húsa 59
Verslunarskóli Íslands 47, 295
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar 182
Vélskóli Íslands 41, 295
Viðskiptaráðuneyti 192, 346
Vinnueftirlit ríksins 115, 321
Vinnumál 124, 322
Vinnumálaskrifstofa 124, 322
Vinnustofa Blindrafélagsins 117
Vinnustofan Ás 121
Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar 12, 287
Vistheimili fyrir fötluð börn, Norðurlandi vestra 119
Vistheimili fyrir fötluð börn, Reykjanesi 117
Vistheimili fyrir fötluð börn, Reykjavík 117
Vistheimili fyrir fötluð börn, Suðurlandi 120
Vistheimilið Sólborg 119
Vistheimilið Tjaldanesi 117
Vistun geðfatlaðra 116
Vistun ósakhæfra afbrotamanna 148, 328
Vita- og hafnamálastofnun 184, 342
Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð (B-hluti) 229
Vitabyggingar 184
Víðines 146, 328
Vígslubiskup Hólum 112, 319
Vígslubiskup Skálholti 112, 319
Vísindasjóður 26, 291
Vísindasjóður (B-hluti) 204, 354

Y

Yfirdýralæknir 79, 311
Yfirskattanefnd 174, 335
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð 138

Ý

Bls.

Ýmis fræðistörf 65, 304
Ýmis íþróttamál 67, 304
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 177, 338
Ýmis löggæslukostnaður 99, 318
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 110, 318
Ýmis umhverfisverkefni 197
Ýmis viðskipta- og bankamál 192
Ýmsar endurgreiðslur 180
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 178, 339

Þ

Þéttbýlisvegir 183
Þingvallabær 18
Þingvallakirkja 18, 289
Þjóðarbókhlaða 64, 302
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 198
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 18, 289
Þjóðhagsstofnun 16, 289
Þjóðleikhús 63, 302
Þjóðleikhúsið (B-hluti) 208, 357
Þjóðminjasafn Íslands 59, 302
Þjóðskjalasafn Íslands 59, 302
Þjóðskráin 195, 347
Þjónustumiðstöð fatlaðra Bræðratungu 118
Þjónustumiðstöð fatlaðra Vonarlandi 120
Þroskaþjálfaskóli Íslands 44, 295
Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði 120
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 74, 310
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 74, 309
Þróunarsjóður EFTA 76
Þróunarsjóður leikskóla 54
Þróunarsjóður sjávarútvegsins (B-hluti) 214, 359
Þýðingarsjóður 65

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11, 286
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 25, 298
Æskulýðsmál 66, 304
Æskulýðsráð ríkisins 66

Ö

	Bls.
Ökunám	98
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	144, 328
Örnefnastofnun	22, 291
Örorkumatsnefnd	91
Öskjuhlíðarskóli	56, 298

Efnisyfirlit

		Bls.
A-hluti:	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs (1. grein)	3
	Rekstrarreikningur (2.-3. grein)	4
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda (4. grein)	11
	Æðsta stjórn ríkisins	11
	Forsætisráðuneyti	15
	Menntamálaráðuneyti	19
	Utanríkisráðuneyti	68
	Landbúnaðarráðuneyti	77
	Sjávarútvegsráðuneyti	86
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	90
	Félagsmálaráðuneyti	113
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	127
	Fjármálaráðuneyti	168
	Samgönguráðuneyti	182
	Iðnaðarráðuneyti	187
	Viðskiptaráðuneyti	192
	Hagstofa Íslands	195
	Umhverfisráðuneyti	197
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign (5. grein)	203
Heimildir (6. grein)		233
Athugasemdir		237
	Inngangur	237
	1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	239
	2. Stefnumörkun í ríkisfjármálum á næstu árum	244
	3. Helstu þættir ríkisfjármála	249
	4. Framvinda og horfur í efnahagsmálum	254
	5. Tekjur	265
	6. Gjöld	278
	7. Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	352
	8. Lánsfjármál	365
Töfluviðauki		375
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar		403
Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl.		407

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 1995.

(Lögð fram af forsætisráðherra 1. október 1994.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Batamerki má nú víða sjá í efnahagslífinu. Útflutningur vöru og þjónustu hefur aukist verulega á þessu ári, afgangur er á viðskiptum við önnur lönd og umsvif í þjóðarbúskapnum fara vaxandi. Jafnframt ríkir stöðugleiki í verðlagsmálum og betur horfir í atvinnumálum en áður, þótt þar sé enn við ramman reip að draga.

Að baki batanum liggja ýmsar ástæður. Aukinn útflutningur sjávarafurða vegur þungt en víða annars staðar má einnig sjá vöxt. Þannig virðist útflutningsiðnaður vera að ná sér á strik, ferðaþjónusta er í örum vexti og ýmsar samkeppnisgreinar hafa sótt í sig veðrið á heimamarkaði. Vöxturinn kemur því fram á mörgum sviðum sem sýnir að hagstæð almenn skilyrði í þjóðarbúskapnum geta áorkað miklu.

Þessi umskipti í almennum skilyrðum eiga sér bæði innlendar og erlendar skýringar. Betri tíð í alþjóðaefnahagsmálum skiptir miklu máli. Eftirspurn og umsvif í helstu viðskiptalöndum Íslendinga hafa aukist verulega að undanförnu. Þetta kemur innlendum framleiðendum til útflutnings og ferðaþjónustu til góða. Ekki skiptir síður máli að stjórnvöld hafa fylgt aðhaldssamri efnahagsstefnu og aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt raunsætt mat á þjóðhagsleg skilyrði. Þetta tvennt hefur skapað grundvöll fyrir stöðugleika í þjóðarbúskapnum.

Mikilsverður árangur hefur því náðst á sviði efnahagsmála á undanförnum árum. Enginn vafi leikur á að höfuðverkefni hagstjórnar á næstu árum er að festa í sessi stöðugleikann og leggja um leið grunn að varanlegum framförum og hagvexti. Í því efni vegur þyngst að stjórn ríkisfjármála og peningamála stuðli að því að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum og að kjarasamningagerðin sem nú fer í hönd verði til lykta leidd á forsendum sem samrýmast þjóðhagslegum skilyrðum.


Í ríkisfjármálum blasir við það erfiða verkefni að eyða halla ríkissjóðs í áföngum á nokkrum árum. Halli á opinberum búskap þrengir að innlendum lánsfjármarkaði og verði hann viðvarandi mun hann leiða til hærra vaxtastigs en samrýmst getur viðunandi hagvexti. Þess vegna þarf að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum og skapa þannig forsendur fyrir frekari lækkun raunvaxta þegar fram í sækir. Þetta er þeim mun mikilvægara þegar höfð er í huga opnun fjármagnsmarkaðarins sem gerir kröfur um ábyrga og aðhaldssama fjármálastjórn ef koma á í veg fyrir að vextir hér á landi verði til lengdar mun hærri en erlendis. Verkefni hagstjórnar í þessu sambandi er að stilla saman strengi ríkisfjármála og peningamála þannig að jafnvægi haldist á peningamarkaði og í framhaldi náist fram lækkun raunvaxta þegar árangur í ríkisfjármálum fer að skila sér. Þetta verkefni tengist að sjálfsögðu öðrum þáttum efnahagsmála, ekki síst ákvörðunum um kaup og kjör á vinnumarkaði. Niðurstaðan á þeim vettvangi þarf að byggjast á raunsæju mati á efnahagslegum forsendum til þess að árangur verði tryggður.

Áætlað er að landsframleiðsla á þessu ári verði um 1,9% meiri en í fyrra og þjóðartekjur 1,7% meiri. Þjóðarútgjöld eru talin aukast töluvert minna, eða um 1,2%. Í þessu felst að afgangurinn á viðskiptajöfnuði eykst verulega, fer úr 150 milljónum króna í fyrra í rúmlega 3 milljarða króna á þessu ári.

Horfur eru á að landsframleiðslan aukist einnig á næsta ári, en þó ívið minna en í ár. Spáð er 1,4% hagvexti. Það sem einkum heldur aftur af vexti landsframleiðslunnar er skerðing aflaheimilda. Á öðrum sviðum útflutnings en þeim sem byggja á sjávarútvegi er reiknað með verulegum vexti. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöldin aukist um 2% á næsta ári sem má bæði rekja til aukinnar neyslu og fjárfestingar. Þessi vöxtur þjóðarútgjalda veldur því að viðskiptajöfnuðurinn verður ekki jafn hagstæður og á þessu ári. Búist er við að afgangurinn verði um 2 milljarðar króna. Talið er að atvinnuástand verði svipað og á þessu ári og verðbólga verði um 2% milli áranna 1994 og 1995.

Horfurnar eftir næsta ár eru venju fremur óráðnar. Þetta stafar bæði af því að þorskstofninn er í lægð og óvissa ríkir um fiskafla Íslendinga á fjarmiðum. Hér er gert ráð fyrir að árlegur þorskafli á heimamiðum verði svipaður á næstu árum og stefnt er að á nýbyrjuðu fiskveiðiári og afli af fjarmiðum verði að öllu samanlögðu áþekkur og áætlað er á þessu ári. Jafnframt er byggt á því að stöðugleiki ríki í þjóðarbúskapnum og raunvextir lækki. Þetta gerir miklar kröfur til hagstjórnar. Á þessum forsendum er reiknað með að hagvöxtur geti orðið að jafnaði á bilinu 1½-2% á ári á árunum 1996-1999. Þótt þetta sé betri árangur en verið hefur mörg undanfarin ár þarf að stefna að því að hagvöxtur verði svipaður og í nágrannalöndunum á næstu árum án þess þó að raska þeim stöðugleika sem nú ríkir.

Hér á eftir er gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum.



II. EFNAHAGSSTEFNAN

Við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum, þegar rofar til í efnahagslífinu, er mikilvægasta markmið efnahagsstefnunnar að tryggja áframhaldandi stöðugleika. Hann er veigamesta forsenda fyrir jöfnum hagvexti, aukinni atvinnu og batnandi lífskjörum á næstu árum. Stefna ríkisstjórnarinnar í gengismálum, peningamálum og ríkisfjármálum miðar öll að þessu marki. Jafnframt vilja stjórnvöld örva nýsköpun í atvinnulífinu til þess að auka verðmætasköpun og skapa fjölbreytt störf.

Meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1994 voru að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu, milda áhrif af efnahagssamdrætti á atvinnulíf og heimili og búa í haginn fyrir hagvöxt og bætt lífskjör.

Framvindan á árinu hefur á öllum sviðum orðið mun hagstæðari en búist var við þegar stefnan var kynnt í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1994. Verðbólga er minni en reiknað var með, viðskiptajöfnuður hagstæðari og vextir hafa lækkað. Atvinnuleysi er minna en spáð var og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur aukist lítillega en í fyrrahaust var því spáð að hann minnkaði. Hagvöxtur hefur glæðst á ný og verður meiri en nokkurt eitt ár síðan 1987. Þennan árangur má að nokkru leyti rekja til veiða á fjarlægum miðum, sem leitt hafa til meiri útflutningstekna en gert var ráð fyrir, og að nokkru leyti til bata í heimsbúskapnum. Lykilatriði er þó að efnahagsstefnunni hefur verið fylgt af festu og stöðugleiki varðveittur.

Hagstjórn

Á undanförnum misserum hafa verið gerðar umfangsmiklar breytingar á gengis- og gjaldeyrismálum. Komið hefur verið á fót skipulegum millibankamarkaði fyrir gjaldeyri og markaðsöflin hafa því meiri og beinni áhrif á ákvörðun gengisins en áður. Þessi þróun hefur engin áhrif á stefnuna í gengismálum sem er og verður sú að halda genginu stöðugu. Þessi stefna hefur átt ríkan þátt í hjöðnun verðbólgu á undanförnum árum og hún verður áfram mikilvæg í því að halda verðbólgu í lágmarki. Frá og með næstu áramótum verður frelsi í fjármagnshreyfingum gagnvart útlöndum enn aukið og því er mikilvægt að gengisstefnan njóti trausts. Því trúverðugri sem hún er því lægri verða innlendir nafnvextir. Til að varðveita trú á stöðugu nafngengi verður raungengið að vera í samræmi við efnahagsskilyrði. Raungengið er nú hagstæðara íslensku atvinnulífi en um áratugaskeið og því er mikilvægt að varðveita núverandi raungengi á þann hátt að verðbólga hér á landi verði ekki meiri en í helstu viðskiptalöndum.

Mikil umskipti urðu í þróun peningamála eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um samræmdar aðgerðir til lækkunar vaxta í lok október á síðasta ári. Raunvextir spariskírteina lækkuðu strax eftir yfirlýsinguna úr rúmlega 7% í um 5% og hafa haldist þar síðan.

Nafnvextir á skammtímamarkaði lækkuðu einnig verulega, svo og vextir innlánsstofnana. Þannig hefur ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla lækkað úr rúmlega 9% í fyrra í innan við 5% nú og vextir óverðtryggðra skuldabréfa banka og sparisjóða hafa lækkað úr nær 18% í fyrra í 10,8% nú.

Seðlabankinn hefur stuðlað að lækkun vaxta með aðgerðum sínum, fyrst með lækkun bindiskyldu og lausafjárhlutfalls og síðan með verðbréfakaupum bankans á innlendum markaði. Peningaframboð Seðlabankans hefur því verið umtalsvert að undanförnu. Á móti því koma hins vegar verðbréfakaup landsmanna erlendis auk þess sem talsvert hefur verið greitt niður af erlendum lánum. Í heild hefur því ekki komið til neinnar peningaþenslu og aukning peningamagns hefur verið hófleg. Verðbréfakaup erlendis og afborganir erlendra lána hafa valdið því að gjaldeyrisstaða Seðlabankans hefur rýrnað þrátt fyrir jákvæðan viðskiptajöfnuð. Hér skiptir þó miklu máli að það er ekki vegna óhóflegs innflutnings.

Mikil verðbréfakaup Seðlabankans á þessu ári þrengja svigrúm bankans til að hafa áhrif á vaxtastig með viðskiptum sínum. Hins vegar eru áframhaldandi efnahagslegar forsendur fyrir því að sú lækkun sem orðið hefur á vöxtum á verðtryggðum skuldbindingum haldi og að þeir geti jafnvel lækkað enn frekar þegar til lengri tíma er litið. Engin teikn eru um þensluhættu eða ójafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og raungengi krónunnar er lágt. Margt bendir til þess að bankarnir séu að komast yfir þá erfiðleika sem að þeim hafa steðjað og vaxtamunur þeirra geti því minnkað á næstunni. Síðast en ekki síst verður halli á ríkissjóði minni á næsta ári en á þessu ári og lánsfjárþörf ríkisins því minni. Allt þetta á að stuðla að því að raunvextir á verðtryggðum skuldbindingum geti til lengri tíma litið verið lægri hér á landi en þeir eru nú. Það hlýtur að vera keppikefli til þess að fjárfesting í atvinnulífinu geti aukist á ný. Erlendir langtímavextir hafa hækkað talsvert á þessu ári og munur á innlendum og erlendum raunvöxtum er því minni en áður var. Vextir af verðtryggðum fjárskuldbindingum eru þó enn tiltölulega háir hér á landi í samanburði við sambærilega vexti erlendis. Hins vegar hafa skammtímavextir á Íslandi verið lágir miðað við það sem gengur og gerist í Evrópu.

Lækkun vaxta hér á landi hefur hvatt ýmis fyrirtæki og sjóði til að afla sér lánsfjár á innlendum skuldabréfamarkaði. Framboð bréfa á þessum markaði hefur því aukist verulega og íslenskar lánastofnanir hafa fengið samkeppni frá markaðnum. Hér er um jákvæða þróun að ræða sem styrkir markaðinn og veitir lánastofnunum aðhald.

Unnið er að ýmsum endurbótum á fjármagnsmarkaði og nauðsynlegt er að auka samkeppni á markaðnum. Á næstunni verða gefnar út fleiri tegundir ríkisverðbréfa en verið hefur, meðal annars bréf tengd ECU og bréf til lengri tíma en nú er. Einnig þarf að athuga sérstaklega fjármögnun húsnæðis sem er mjög fyrirferðamikil á innlendum lánsfjármarkaði og hefur afgerandi áhrif á vaxtamyndun. Settar hafa verið nýjar reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár sem meðal annars fela í sér að frá næstu áramótum verður innlánsstofnunum óheimilt að verðtryggja óbundin innlán. Þetta er veigamikið skref í þá átt að draga enn frekar úr notkun verðtryggingar á fjármagnsmarkaði.

Meginmarkmið stefnunnar í ríkisfjármálum er að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og festa í sessi þann árangur sem náðst hefur. Mikilvægt er að efnahagsbatinn verði nýttur til að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum. Trúverðug

stefna í ríkisfjármálum sem byggir á þessum grunni er forsenda fyrir lægri vöxtum, auknum hagvexti, eflingu atvinnulífs og bættum lífskjörum. Skilningur í þjóðfélaginu á mikilvægi hallalausra fjárlaga fer vaxandi enda ljóst að hallarekstur nú þýðir skattahækkanir í framtíðinni.

Ríkisstjórnin hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við þeim erfiðleikum sem íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum undanfarin misseri. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðuðu að því að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið með því að lækka skatta, ná niður vöxtum og treysta þannig almenn starfsskilyrði þess. Jafnframt hefur verið leitast við að draga úr áhrifum efnahagssamdráttarins á hag hinna tekjulægstu og efnaminni. Þessar aðgerðir hafa aukið halla ríkissjóðs um sinn. Ríkisstjórnin mat aðstæður hins vegar svo að það væri réttlætanlegt til þess að varðveita stöðugleikann.

Auk þessara almennu aðgerða hafa ýmsar veigamiklar ráðstafanir verið gerðar á sviði ríkisfjármála. Aðhald í rekstri hefur verið hert og ábyrgð stjórnenda aukin. Fjárlagagerðin er markvissari og ábyrgð einstakra ráðherra og ráðuneyta meiri en áður. Enn fremur hafa ýmsar umbætur orðið í ríkisrekstri. Ríkisstjórnin hefur markað ákveðna stefnu í útboðum verkefna á vegum ríkisins. Þessi stefna hefur þegar skilað umtalsverðum sparnaði og aukið samkeppni. Athyglisverð nýjung í ríkisrekstri er svokölluð samningstjórnun, en það er nýtt form á samskiptum ráðuneyta og ríkisstofnana. Markmiðið er að dreifa valdi, auka ábyrgð stjórnenda og starfsfólks og stuðla þannig að hagkvæmari rekstri og betri þjónustu við almenning. Á undanförnum árum hafa nokkur ríkisfyrirtæki verið seld einkaaðilum og öðrum verið breytt í hlutafélög sem greiðir fyrir sölu þeirra síðar.

Fyrr á þessu ári kynnti fjármálaráðherra skýrslu um áætlun í ríkisfjármálum til næstu ára. Skýrslan var unnin í fjármálaráðuneytinu í samráði við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands. Í henni eru sýndar niðurstöður tveggja dæma um hugsanlega þróun efnahagsmála fram til ársins 1998. Þar kemur fram að eina örugga leiðin til þess að örva hagvöxt og efla atvinnulífið felst í stöðugleika í verðlagsmálum og lægri vöxtum. Forsenda fyrir því er að áfram verði dregið úr halla ríkissjóðs með ströngu aðhaldi að ríkisútgjöldum.

Útgjaldaáform fjárlagafrumvarpsins eru í samræmi við þessa stefnumörkun. Þannig er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Útgjöldum er haldið í skefjum og sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar fer allur í að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári. Halda þarf áfram þessu starfi og ná fullum jöfnuði milli tekna og gjalda á næstu árum. Þessi stefnumörkun kallar á endurskoðun á forgangsröð ýmissa verkefna, aukna hagræðingu í ríkisrekstri, meðal annars með sameiningu og fækkun ríkisstofnana.

Atvinnumál

Umræða og aðgerðir í atvinnumálum hafa verið fyrirferðarmiklar á síðustu árum enda hefur ríkisstjórnin litið á það sem mikilvægt verkefni að hamla gegn vaxandi atvinnuleysi. Þegar til lengdar lætur eru þó takmörk fyrir því hversu langt stjórnvöld geta gengið í þá átt að skapa atvinnu með fjárframlögum til einstakra verkefna eða atvinnu-

greina. Reynslan sýnir ótvírætt að nýjar atvinnugreinar verða ekki byggðar upp fyrir frumkvæði hins opinbera eða með opinberu fé.

Mikilvægasta hlutverk stjórnvalda í atvinnumálum er að skapa atvinnulífinu öllu jöfn og stöðug starfsskilyrði svo að framtak fyrirtækja og einstaklinga fái notið sín. Efnahagslegur stöðugleiki er mikilvægasta forsenda framfara og nýsköpunar í atvinnulífi. Ríkisvaldið getur einnig stutt við framtak einstaklinga og fyrirtækja með margvíslegri aðstoð, einkum með því að draga úr þeirri áhættu sem óhjákvæmilega fylgir rannsóknar- og þróunarstarfsemi og sókn á nýja markaði. Einnig þarf hið opinbera að sjá fyrir öflugu og fjölbreyttu menntakerfi.

Í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 1993, við endurskoðun þeirra í nóvember og endurmat í maí síðastliðnum gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingar um margháttaðar aðgerðir til að festa í sessi þau markmið stöðugleika og atvinnusóknar sem stefnt var að með kjarasamningunum. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru í aðalatriðum þríþættar. Í fyrsta lagi hafa almenn starfsskilyrði atvinnuveganna verið bætt, meðal annars með umfangsmiklum skattalækkunum, í öðru lagi var verulegum fjárhæðum veitt til atvinnuskapandi verkefna og í þriðja lagi voru skattar á nauðsynjum lækkaðir til að verja kaupmátt launþega. Þessar aðgerðir og aðrar ráðstafanir stjórnvalda ásamt með skynsamlegum kjarasamningum lögðu grunninn að vaxtalækkuninni á síðastliðnu hausti.

Allar þær aðgerðir sem heitið var í tengslum við gerð kjarasamninga eru annaðhvort komnar til framkvæmda eða undirbúningur þeirra vel á veg kominn. Árangurinn kemur ræklega fram í þeim tölum um framvindu og horfur í efnahagsmálum sem lýst er í þessari skýrslu.

Þar sem betur horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar en um langt skeið, gefst nú tækifæri til að móta atvinnustefnu við nýjar aðstæður. Efnahagslegur stöðugleiki verður áfram mikilvægasta verkefni stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum. Jafnframt verður að nýta efnahagsbatann til þess að draga úr halla á ríkissjóði og stuðla þannig að frekari vaxtalækkun. Nú er mikilvægt að fjárfesting fyrirtækja taki við af opinberum framkvæmdum. Einnig má benda á að stórar framkvæmdir eru nú í undirbúningi þar sem eru vegaframkvæmdir með sérstakri fjáröflun, einkum á höfuðborgarsvæði, og gerð jarðganga undir Hvalfjörð. Endanlegar ákvarðanir í þessum efnum liggja þó ekki fyrir við gerð þjóðhagsáætlunar.

Ríkisstjórnin mun leggja áherslu á stuðning við rannsóknir, þróun og markaðssókn. Þegar hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á skipulagi vísinda- og tæknimála með stofnun Rannsóknarráðs Íslands. Með því er ætlunin að bæta stefnumörkun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar og efla samstarf vísinda- og rannsóknastofnana, atvinnulífs og stjórnvalda. Ríkisstjórnin hefur einnig mótað vísindastefnu þar sem kveðið er á um stuðning stjórnvalda við þessi mál. Ennfremur er í undirbúningi að móta stefnu um stuðning stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi þar sem tekið verður á þeim þáttum sem stjórnvöld geta lagt til í þessum efnum. Þar á meðal er fjárhagslegur stuðningur við vöruþróun og markaðssókn sem koma þarf í skipulegan farveg þar sem öllum atvinnugreinum er tryggð jöfn aðstaða í þessum efnum.

Með stöðugleika, góðum og jöfnum starfsskilyrðum og stuðningi við rannsóknir, þróun og markaðssókn leggja stjórnvöld sitt af mörkum til að atvinnulíf á Íslandi verði

sem fjölbreyttast og íslensk fyrirtæki standist samkeppni við erlenda keppinauta. Samkeppnishæfni einstakra atvinnugreina og fyrirtækja fer hins vegar fyrst og fremst eftir því hvernig stjórnendum og starfsfólki þeirra tekst að auka framleiðni og bæta stöðu sína gagnvart erlendum keppinautum. Þar liggur grundvöllur efnahagslegra framfara í landinu. Samkeppnishæfni hverrar þjóðar ræðst af samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Það er hlutverk einstaklinga og fyrirtækja að finna sóknarfærin á hverjum tíma og af því ræðst þróun einstakra atvinnugreina. Stjórnvöld geta ekki gefið forsögn um þróun íslensks atvinnulífs í framtíðinni. Þau þurfa hins vegar að tryggja að íslenskt atvinnulíf búi ekki við lakari kjör en erlendir keppinautar. Miklu máli skiptir að Íslendingar, hvort sem er atvinnulíf eða stjórnvöld, bregðist jafnan skjótt við síbreytilegum aðstæðum í alþjóðaviðskiptum og alþjóðlegri samkeppni. Hér skiptir til dæmis máli að tryggja snurðulausa framkvæmd EES-samningsins þótt aðrar EFTA-þjóðir gangi í Evrópusambandið og nýta sér kosti nýs GATT-samningsins um leið og landbúnaðurinn býr sig undir vaxandi erlenda samkeppni. En það er ekki aðeins alþjóðleg samkeppni sem fer vaxandi. Einnig á innlendum markaði hefur frjálsræði aukist og þar með samkeppni, meðal annars í kjölfar nýrra samkeppnislaga. Þetta er ótvírætt til hagsbóta fyrir neytendur og styrkir atvinnulífið þegar fram í sækir.

Í sjávarútvegsmálum hefur stjórn fiskveiða verið eitt helsta viðfangsefni Alþingis um langt skeið og jafnframt eitt umdeildasta mál sem þingið hefur fjallað um. Á síðastliðnu vori voru samþykkt lög um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða frá árinu 1990. Með þessari löggjöf voru fest í sessi þau grundvallaratriði sem fiskveiðistjórnun hér á landi hefur byggst á undanfarin ár, jafnframt því sem ákveðnir vankantar voru sniðnir af fyrri löggjöf. Með nýju lagasetningunni er lokið endurskoðunarstarfi sem hófst haustið 1991. Eru nú í fyrsta skipi í gildi hér á landi lög um stjórn fiskveiða sem hvorki eru tímabundin eða hafa að geyma ákvæði um endurskoðun. Þá voru á síðasta þingi samþykkt lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Er þess að vænta að Þróunarsjóðurinn, ásamt meiri vissu um að festa ríki í fiskveiðistjórnun, muni leiða til aukinnar hagræðingar í íslenskum sjávarútvegi á komandi misserum. Í þessu sambandi er rétt að benda á þá miklu hæfni, sem íslenskur sjávarútvegur hefur sýnt á undanförnum árum við að laga sig að breyttum aðstæðum og þá einkum minnkandi þorskafla, en Þjóðhagsstofnun áætlar nú að greinin í heild sé rekin með um 2½% hagnaði. Afkoman er þó mjög mismunandi eftir greinum. Margt hefur lagst á eitt um að ná þessum árangri, ekki síst bætt stjórnun atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Hitt er einnig víst að stöðugleiki í efnahagsmálum og sveigjanlegt fiskveiðistjórnunarkerfi, sem byggir á að hverju fyrirtæki sé best treystandi til að taka ákvarðanir í eigin málum án opinberrar forsjár, er sú umgjörð sem hefur gert þessa aðlögun mögulega.

Ekki er vafi á því að málefni er tengjast úthafsveiðum verða fyrirferðamikill þáttur í umfjöllun um sjávarútveg á komandi mánuðum. Ætla má að nefnd sú, sem hefur verið að endurskoða löggjöf um úthafsveiðar Íslendinga, skili áliti fyrri hluta vetrar og tillögur hennar í því efni komi til umfjöllunar á þessu þingi. Þá mun draga til úrslita á næsta ári í því starfi við þróun þjóðréttarins varðandi úthafsveiðar, sem unnið hefur verið að á undanförnum misserum á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og fiskveiðinefndar FAO. Síðast en ekki síst þarf að halda af yfirsýn og festu á samninga- og samskiptamálum okkar Íslendinga og grannþjóða okkar varðandi nýtingu fiskstofna í

Norður-Atlantshafi. Á það við um þorsk í Barentshafi, norsk-íslenska síldarstofninn, úthafskarfastofninn og þá stofna sem við eigum sameiginlega með Grænlendingum. Þessi mál eru flókin og hagsmunir Íslendinga margþættir. Ríkisstjórnin hefur sett á fót hóp embættismanna þriggja ráðuneyta til að undirbúa hugsanlega samninga um þessi mál, en fram undan eru viðræður við Norðmenn og Rússa, og til að undirbúa málflutning Íslendinga á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á næsta ári.

Í landbúnaðarmálum hefur verið unnið samkvæmt gildandi búvörusamningi við bændur. Í kjölfar búvörusamninganna 1991 og 1992 um framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkur voru útflutningsbætur afnumdar af þessum afurðum. Vegna þessa og breyttra neysluhátta innanlands hefur framleiðsla sauðfjárafurða dregist verulega saman og tekjur sauðfjárbænda minnkað. Jafnvægi hefur náðst í framleiðslu mjólkurafurða sem er í samræmi við innlenda markaðinn, en ennþá er fyrir hendi birgðavandi hjá sauðfjárbændum.

Afnám útflutningsbóta og samdráttur í framleiðslu kindakjöts og mjólkur í kjölfar búvörusamningsins hefur leitt til þess að útgjöld ríkisins til landbúnaðarmála eru nú um 40% minni en þau voru fyrir nokkrum árum. Hér er um að ræða varanlegan niðurskurð útgjalda.

Reiknað er með því að nýtt samkomulag innan GATT taki gildi á næsta ári. Á síðasta Alþingi var búvörulögunum breytt með tilliti til þess, að hægt væri að heimila innflutning landbúnaðarafurða í samræmi við þá alþjóðasamninga, sem Íslendingar eru aðilar að. Ennfremur var sett í lögin ákvæði um álagningu jöfnunargjalda á innflutning búvara og endurgreiðslu verðjöfnunar við útflutning unninna landbúnaðarvara og iðnaðarvara, sem innihalda landbúnaðarhráefni. Þessi ákvæði eru í samræmi við reglur sem gilda í nágrannaríkjum okkar og eru nauðsynleg til að landbúnaðurinn geti aðlagast þeim breytingum sem eru að verða í milliríkjaviðskiptum með búvörur. Nú er unnið að tillögum um útfærslu þeirra breytinga sem gera þarf vegna framkvæmdar á nýjum GATT-samningi.

Framundan eru miklir breytingatímar í íslenskum landbúnaði. Mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að greiða fyrir nauðsynlegri hagræðingu til þess að bæta samkeppnisstöðu landbúnaðarins gagnvart erlendum afurðum og til að mæta kröfum neytenda um lægra vöruverð og fjölbreytt vöruúrval. Nauðsynlegt verður að endurskoða vissa þætti búvörusamnings hvað sauðfjárræktina varðar með það að markmiði að draga úr framleiðslustýringu og auka sveigjanleika. Þá liggur fyrir að endurskoða ákvæðin um verðlagningu sauðfjárafurða og uppgjörsfyrirkomulag.

Afskipti stjórnvalda af málefnum sjávarútvegs og landbúnaðar eru með öðrum hætti en af málefnum annarra atvinnugreina og þess vegna er fjallað sérstaklega um þessar greinar hér. Í sjávarútvegi er stjórn fiskveiða ákveðin með lagasetningu og í landbúnaði er framleiðslu stýrt með opinberri íhlutun. Þess vegna verða stjórnvöld að marka skýra stefnu í málefnum þessara greina. Hin almennu sjónarmið efnahags- og atvinnustefnu, sem lýst var hér að framan, gilda um allar atvinnugreinar. Með skýrri efnahagsstefnu sem byggir á langtímamarkmiðum stuðlar ríkisvaldið best að uppbyggingu atvinnulífsins, ekki síst iðnaðar og þjónustu.

III. ÁSTAND OG HORFUR

Hagþróun á þessu ári og horfur fyrir árið 1995 benda til þess að þjóðarbúskapurinn sé að þokast upp úr þeirri lægð sem einkennt hefur efnahagslífið um árabil. Reiknað er með að landsframleiðsla aukist bæði árin, um 1,9% á þessu ári og 1,4% á því næsta. Til samanburðar stóð landsframleiðslan í aðalatriðum í stað á árunum 1988-1993. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöld aukist á ný eftir tveggja ára samdrátt eða um 1,2% á þessu ári og 2% á árinu 1995. Viðskiptajöfnuður verður samkvæmt áætluninni með afgangi bæði árin 1994 og 1995. Búist er við að atvinnuleysi verði svipað á árinu 1995 og á þessu ári. Spáð er 2% verðbólgu milli áranna 1994 og 1995. Í forsendum Þjóðhagsstofnunar um skilyrði þjóðarbúsins næstu árin eftir 1995 felst að hagvöxtur verði að jafnaði um 1½-2% á ári fram til aldamóta.

Alþjóðaefnahagsmál

Efnahagslífið í heiminum er nú óðum að jafna sig eftir nokkur erfið ár. Hagvöxtur hefur þegar náð sér á strik í Bandaríkjunum, er vel á veg kominn í Bretlandi, Kanada og Ástralíu og skýr batamerki hafa komið fram á meginlandi Evrópu og í Japan. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur í iðnríkjunum í heild verði 2,6% á þessu ári og 2,7% á því næsta. Til samanburðar var hagvöxturinn 1,2% í fyrra og 1,5% í hittiðfyrra. Jafnframt er spáð örum hagvexti áfram í mörgum Austur-Asíu löndum. Horfur eru hins vegar víða lakari í Austur-Evrópu, Mið-Asíu og sums staðar í Afríku.

Batinn í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi á sér ýmsar skýringar. Þyngst vega þó eflaust örvandi aðgerðir á sviði peningamála í efnahagslægðinni sem leiddu til verulegrar lækkunar á vöxtum í mörgum löndum. Í kjölfarið linaði kreppan tökin.

Brýnasta verkefnið á sviði efnahagsmála í heiminum er að tryggja að batinn verði varanlegur. Í því efni skiptir tvennt mestu máli. Annars vegar er víða nauðsynlegt að ná betri tökum á ríkisfjármálum. Viðvarandi halli og skuldasöfnun hins opinbera í mörgum löndum heldur uppi háum raunvöxtum og dregur því úr fjárfestingu í atvinnuvegum. Hins vegar er framhald stöðugleika í verðlagsmálum forsenda varanlegs hagvaxtar.

Halli og skuldasöfnun hins opinbera hefur einkennt þróun ríkisfjármála í iðnríkjunum frá því um miðjan áttunda áratuginn. Þannig hafa heildarskuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu hækkað úr 40% árið 1978 í um 70% nú. Enginn vafi er á því að þessi þróun hefur stuðlað að háum raunvöxtum í iðnríkjunum og minnkandi fjárfestingu í atvinnuvegum. Jafnvægisleysið í opinberum fjármálum hefur einnig ítrekað leitt til usla á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Þróun vaxta á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum að undanförnu veldur nokkrum áhyggjum. Vextir hafa hækkað töluvert, einkum langtímavextir. Að hluta virðist mega rekja þessa hækkun til traustari efnahags. Ekki er óeðlilegt að vextir hækki í uppsveiflu. Á hinn bóginn voru raunvextir háir fyrir og því vafasamt að hækkun þeirra, verði hún

viðvarandi, samrýmist ásættanlegum hagvexti. Öruggasta leiðin til að lækka langtímavexti er að styrkja fjárhagsstöðu hins opinbera. Það er því víða brýnt að nota hagstætt árferði til þess að koma opinberum fjármálum í betra horf.

Annað meginverkefni hagstjórnar í iðnríkjum er að halda verðbólgu í skefjum. Ekki fer á milli mála að verðbólga dregur úr hagkvæmni og afköstum í efnahagslífinu. Að auki fylgir verðbólgu oft óvissa og áhættuálag á vexti sem eykur kostnað fjárfesta. Lönd sem hafa búið við tiltölulega mikla verðbólgu virðast að jafnaði hafa átt í meiri erfiðleikum en önnur við að halda uppi viðunandi hagvexti til lengri tíma. Lækkun verðbólgunnar í iðnríkjum í 2½% að meðaltali, sem er minni verðbólga en síðan snemma á sjöunda áratugnum, er eitt af grundvallarskilyrðum viðunandi hagvaxtar á næstu árum.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum [1]

	1992	1993	Spá 1994	Spá 1995
Hagvöxtur	1,7	2,3	3,1	3,6
Iðnríki	1,5	1,3	2,7	2,7
Bandaríkin	2,3	3,1	3,7	2,5
Evrópusambandið	1,1	-0,3	2,1	2,9
Japan	1,1	0,1	0,9	2,5
Þróunarríki	5,9	6,1	5,6	5,6
Austur-Evrópa og fyrrum Sovétríkin	-15,5	-9,0	-8,3	-1,0
Alþjóðaviðskipti	4,7	4,0	7,2	5,9
Hráolíuverð	-0,5	-11,5	-6,0	0,0
Verðbólga				
Iðnríki	3,3	2,9	2,4	2,6
Vextir, LIBOR [2]				
Bandaríkjadollarar	3,9	3,4	5,0	6,0
Japönsk jen	4,3	3,0	2,3	2,9
Þýsk mörk	9,4	6,9	5,2	4,8

1) Hlutfallslegar breytingar frá fyrra ári nema annað sé tekið fram.
2) Millibankavextir í London á innlánum til sex mánaða.


Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir miklum vexti í alþjóðaviðskiptum. Talið er að þau muni aukast um 7,2% á þessu ári og 5,9% á því næsta borið saman við 4% aukningu í fyrra. Þessi vöxtur tengist bæði betri tíð og frjálsari viðskiptum milli landa. Áætluð gildistaka nýrra GATT samninga á næsta ári skiptir miklu máli í þessu sambandi. Svæðisbundnir samningar, þar á meðal EES, stækkun ESB og NAFTA, leggjast á sömu sveif.

Afli og útflutningur

Reiknað er með að heildarafli landsmanna verði lítið eitt meiri á árinu 1994 en hann var á árinu 1993, eða 1.750 þúsund tonn. Áætlað er að meira en helmingur þessa afla verði loðna eða tæp milljón tonn sem er álíka mikið og á árinu 1993. Þá er gert ráð fyrir að um 30-40 þúsund tonn af þorski og um 1.500 tonn af rækju komi frá öðrum miðum en Íslandsmiðum. Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn minnki um 3,8%, þar af verði samdráttur botnfiskaflans 6,3% og þorskaflans 11,5%. Áætlað er að veiðar á úthafskarfa aukist um 120% í 45 þúsund tonn og veiðar á rækju aukist um 10% í 62 þúsund tonn.

Reiknað er með að innlend fiskvinnsla muni kaupa um 14 þúsund tonn af þorski af erlendum fiskiskipum og um 4.500 tonn af rækju. Þetta er svipað og var á árinu 1993. Að teknu tilliti til þeirrar miklu verðmætasköpunar sem fékkst með frystingu loðnu og loðnuhrogna síðastliðinn vetur er áætlað að útflutningsframleiðsla ársins 1994 verði 2% meiri en hún var á árinu 1993.



Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað aflaheimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknarstofnunar. Úthlutunin felur í sér verulega minnkun þorskafla. Gert er ráð fyrir að þorskafli af Íslandsmiðum verði einungis 155 þúsund tonn sem er minnkun um 23% frá síðasta fiskveiðiári. Ekki er reiknað með að þorskafli Íslendinga af öðrum miðum aukist frá þessu ári og verður samdráttur í heildarþorskafla Íslendinga því um 20%. Reiknað er með að afli af öðrum botnfiski aukist um tæp 5% og að botnfiskaflinn í heild dragist saman um rúmlega 7%. Gert er ráð fyrir að loðnuaflinn verði 15% meiri á árinu 1995 en 1994 eða 1.150 þúsund tonn. Samkvæmt þessum forsendum verður heildaraflinn 1995 3,3% minni en 1994 reiknað á föstu verði.

Framleiðsla ÍSAL hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum þrátt fyrir erfiða stöðu áliðnaðar í heiminum. Á síðasta ári var heildarframleiðslan 94,5 þúsund tonn og út-

flutningsverðmætið nam 8,3 milljörðum króna. Áætlanir fyrir líðandi ár gera ráð fyrir því að framleiðslan aukist um 3,6% frá því í fyrra og miðað við verðþróun á áli það sem af er árinu má búast við að heildarverðmæti framleiðslunnar verði tæpir 11 milljarðar. Reiknað er með að framleiðslan aukist einnig á næsta ári og verði tæplega 100 þúsund tonn. Gera má ráð fyrir að verðmæti útflutts áls á næsta ári verði um 12,5 milljarðar króna, en þá er miðað við að verðþróun á álmarkaði verði hagstæð áfram.

Afli og aflaverðmæti 1994-1995


	Afli þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	1994	1995	1994-95,%
Þorskur	230	185	-19,6
Annar botnfiskur	343	349	4,8
Síld	103	120	16,5
Loðna	1.000	1.150	15,3
Rækja	62	60	-3,2
Hörpudiskur	11	10	-9,1
Annað	7	7	0,0
Botnfiskur	573	534	-7,5
Annað	1.183	1.347	4,5
Samtals	1.756	1.881	-3,4

Kísiljárnframleiðslan jókst mikið á síðasta ári vegna batnandi ástands á heimsmarkaði. Útlit var einnig fyrir aukningu í ár en vegna óhapps í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga fyrr á þessu ári er ljóst að framleiðslan muni dragast lítillega saman milli ára. Þrátt fyrir samdrátt í framleiðslu eru horfur á að verðmæti útflutnings aukist þar sem verð á kísiljárni hefur hækkað mjög á síðustu misserum. Í heild er áætlað að á þessu ári verði flutt út kísiljárn fyrir um 2,5 milljarða króna. Áformað er að auka framleiðsluna á næsta ári um 10% sem gæti aukið útflutningsverðmæti kísiljárns í 2,9 milljarða króna.

Svo virðist sem vöruútflutningur annar en sjávarafurðir og afurðir stóriðju sé nú að sækja í sig veðrið á nýjan leik. Fyrstu sjö mánuði ársins jókst útflutningur á öðrum iðnaðarvörum en afurðum stóriðju um rúmlega 12% að magni og útflutningur landbúnaðarafurða um rúm 20%. Þessa vaxtar gætir í mörgum atvinnugreinum og erfitt er að benda á einstakar vörutegundir í þessu sambandi. Líklega má að hluta rekja þennan vöxt til hagstæðari skilyrða fyrir útflutning nú en um árabil og bata í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi. Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla þessara greina aukist um tæp 10% milli ára og að á næsta ári verði magnaukningin svipuð.

Útflutt þjónusta að undanskildum þáttatekjum, þ.e. vaxtatekjum og launagreiðslum varnarliðsins, nam rúmum 40 milljörðum króna á síðasta ári. Búast má við að þessar tekjur aukist að raungildi um tæp 5% í ár sem fyrst og fremst má rekja til aukinna tekna af erlendum ferðamönnum. Fyrstu sjö mánuði ársins komu til landsins rúmlega 113

þúsund erlendir ferðamenn samanborið við rúmlega 97 þúsund á sama tíma í fyrra. Reiknað er með að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum aukist að raungildi um 10% milli ára. Í heild er áætlað að þjónustutekjur aukist um 4,6% að raungildi og nemi alls rúmum 44 milljörðum króna. Miðað við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár um þróun raungengis og hagvöxt í viðskiptalöndunum er útlit fyrir að gjaldeyristekjur af þjónustuviðskiptum aukist einnig á næsta ári. Hér er reiknað með rúmlega 5% raunaukningu og því stefnir í að útflutt þjónusta án þáttatekna verði tæpir 48 milljarðar króna á næsta ári.




Viðskiptakjör

Verðlag á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum mælt í SDR hefur í aðalatriðum staðið í stað það sem af er þessu ári og er það nú um 2% undir meðaltali síðasta árs. Því er næsta ljóst að verðlag á sjávarafurðum í erlendri mynt verður heldur lægra að meðaltali í ár en í fyrra, jafnvel þótt það kynni að hækka nokkuð á síðustu mánuðum ársins. Erfitt er að sjá fyrir verðþróun sjávarafurða á næsta ári. Hér er reiknað með að verðlag sjávarafurða hækki nokkurn veginn í takt við almennt verðlag í helstu viðskiptalöndum.

Verð á áli og kísiljárni hefur hækkað töluvert að undanförnu. Viðmiðunarverð á skyndimarkaði í London (London Metal Exchange) var í ágúst síðastliðnum 27% hærra í dollurum en að meðaltali í fyrra. Þessi mikla verðhækkun skýrist aðallega af aukinni eftirspurn á heimsmarkaði vegna betra efnahagsástands í iðnríkjunum auk þess sem nokkuð hefur verið dregið úr framleiðslu áls, sérstaklega í Evrópu. Almennt er búist við að verð á áli haldi áfram að hækka enda er það enn lágt miðað við fyrri verðuppsveiflur. Í þjóðhagsáætlun er miðað við að álverð hækki um 15% milli áranna 1994 og 1995. Verð á kísiljárni hefur einnig hækkað umtalsvert það sem af er árinu. Fyrstu sjö mánuði

ársins hækkaði verðið um tæp 16% umfram breytingu á gengi norsku krónunnar, en viðskipti með kísiljárn miðast við þá mynt. Útlit er fyrir að verðhækkunin fyrir árið í heild verði allnokkru minni eða tæp 5% umfram hækkun meðalgengis og að á næsta ári verði svipuð verðhækkun.




Verðlag á almennum innflutningi án stóriðju og olíu hækkaði einungis um rúmlega 1% umfram hækkun meðalgengis krónunnar fyrstu sjö mánuði ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Séu verðbreytingar á olíu teknar með í reikninginn stóð verðlag almenns innflutnings í stað miðað við meðalgengi. Þessi hagstæða þróun innflutningsverðlags er í allgóðu samræmi við spár um þróun útflutningsverðlags í viðskiptalöndunum. Samkvæmt spá OECD frá því í júní síðastliðnum er þess að vænta að almennt innflutningsverðlag hækki um 1% í erlendri mynt á þessu ári miðað við innflutningsvog og að á næsta ári megi búast við heldur meiri verðhækkun eða um 2%. Olíuverð á heimsmarkaði fór lækkandi allt síðasta ár og var í árslok komið niður í 13,7 dollara hráolíufatið, en meðalverðið á síðasta ári var 17,2 dollarar. Það sem af er þessu ári hefur verðþróunin snúist við og olíuverð hækkað jafnt og þétt. Í ágúst síðastliðnum var það komið í 17 dollara en hefur farið lækkandi á ný að undanförnu. Miðað er við að olíuverðið hafi náð hámarki í ágúst og reiknað með að meðalverðið í ár verði um 5% lægra en í fyrra. Mjög erfitt er að segja fyrir um þróun olíuverðs á næsta ári. Hér er miðað við að raunverð á olíu haldist óbreytt milli áranna 1994 og 1995.

Á þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar um þróun viðskiptakjara á þessu ári og því næsta haldast viðskiptakjör í vöruviðskiptum óbreytt í ár en batna um 1,6% á næsta ári. Án stóriðju rýrna viðskiptakjörin þó um rúmlega 1%, en batinn á næsta ári verður 1%.

Vaxtabreytingar á erlendum fjármagnsmörkuðum hafa áhrif á viðskiptakjör þar sem stór hluti af erlendum skuldum þjóðarbúsins bera breytilega vexti. Hækkandi vextir á síðustu mánuðum hafa því neikvæð áhrif. Hafa ber þó í huga að áhrif þessara vaxtahækkana koma ekki að fullu fram í vaxtagreiðslum fyrr en á næsta ári. Í þjóðhagsáætlun er miðað við að meðalvextir af erlendum lánum hækki um 0,3 prósentustig á þessu ári og um 0,5 prósentustig á því næsta.

Viðskiptakjör í heild eru talin rýrna á þessu ári um sem nemur 0,7% af þjóðarframleiðslu, en á næsta ári er útlit fyrir að viðskiptakjaraáhrifin verði jákvæð um 0,2% af þjóðarframleiðslu samkvæmt spánni.




Samkeppnisstaða

Raungengi krónunnar er mikilvægur mælikvarði á samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega. Raungengið hefur lækkað mikið á undanförnum árum og er nú hagstæðara innlendri atvinnustarfsemi en um áratugaskeið. Áætlað er að raungengið á mælikvarða verðlags verði á þessu ári um 10% lægra en að meðaltali á tímabilinu 1980-1993 og 19% lægra en það var hæst á umræddu tímabili. Á mælikvarða launa hefur lækkunin orðið enn meiri, 17% frá meðaltali tímabilsins 1980-1993 og 31% frá hæsta gildi. Áætlað er að raungengið muni lækka um 6% á þessu ári bæði á kvarða verðlags og launa, en horfur til næsta árs benda til óbreytts raungengis. Í þessum breytingum felst mikill bati á samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum fyrirtækjum.

En fleira hefur lagst á sömu sveif. Skattar fyrirtækja hafa lækkað, meðal annars var aðstöðugjaldið fellt niður í fyrra og skatthlutfall tekjuskatts lækkað. Jafnframt hefur vaxtaþróun verið hagstæð frá því í nóvember í fyrra þegar átak var gert til lækkunnar vaxta. Samanburður á lánskjörum fyrirtækja hér á landi og annars staðar leiðir þó í ljós að raunvextir eru enn tiltölulega háir á Íslandi. Þessi atriði koma aðeins að hluta fram í

breytingum á raungengi krónunnar en áhrif þeirra eru ótvírætt í þá átt að treysta samkeppnisstöðu innlendra atvinnugreina enn frekar.

Af þessu má sjá að innlend skilyrði eru atvinnulífinu um margt hagstæð. Stöðugleiki ríkir, raungengi er lágt í sögulegu ljósi og breytingar á sköttum og vöxtum hafa verið fyrirtækjum í hag. Við þetta bætist vaxandi eftirspurn í helstu viðskiptalöndum eftir því sem hagvöxtur í heiminum glæðist.



Hagur atvinnuveganna

Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið úr ársreikningum 786 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1993. Úrvinnslan nær þó hvorki til landbúnaðar né orkufyrirtækja. Á árinu 1992 var velta þessara fyrirtækja um þriðjungur heildarveltu þess árs. Velta þeirra jókst um 4,5% milli áranna 1992 og 1993 sem er svipað og almennar verðlagsbreytinar.

Niðurstöður eru dregnar saman í töflu hér á eftir og til samanburðar eru birtar niðurstöður sömu fyrirtækja fyrir árið 1992. Rétt er að leggja á það áherslu að hér er lýst afkomu þessara 786 fyrirtækja en ekki atvinnulífsins í heild. Helstu niðurstöður eru þær að bókfærður hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum hefur hækkað úr -0,2% árið 1992 í 1,1% árið 1993 eða um 1,3 prósentustig. Hér er átt við hagnað fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta og ekki er tekið tillit til óreglulegra gjalda og tekna.

Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi sem % af tekjum

	1992	1993
Samtals 786 fyrirtæki	-0,2	1,1
Án banka og sparisjóða	1,1	1,1

Eigið fé sem % af heildareignum

	1992	1993
Samtals 786 fyrirtæki	19,9	19,4
Án banka og sparisjóða	33,9	32,1


Afkomubatinn er mestur hjá bönkum og sparisjóðum, en þar aukast rekstrartekjur um 6,9% milli ára á sama tíma og rekstrargjöld að meðtalinni lækkun framlags til afskriftareiknings útlána lækkar um 8,7%. Þegar litið er á fyrirtæki önnur en banka og sparisjóði kemur í ljós að hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum er 1,1% bæði í fyrra og í hittiðfyrra. Eigið fé banka og sparisjóða er til muna lægra en fyrirtækja almennt og sé þessum fjármálastofnunum sleppt fæst að eiginfjárhlutfall fyrirtækja var 33,9% af heildareignum 1992 og 32,1% árið 1993. Vextir og verðbreytingarfærsla er nokkuð hár gjaldaliður bæði árin hjá fyrirtækjum sem skulda mikið í erlendri mynt og er það vegna gengisfellinganna í nóvember 1992 og aftur í júní 1993. Þetta kemur skýrt fram í sjávarútvegi, en þar eru vextir og verðbreytingarfærsla sem hlutfall af tekjum 10,7% árið 1992 og 12,7% árið 1993.

Samkvæmt þeim reikningum sem borist hafa Verðbréfaþingi Íslands fyrir fyrri hluta þessa árs hefur afkoma þingskráðra fyrirtækja batnað verulega frá sama tímabili í fyrra. Hjá 11 fyrirtækjum með samtals um 40 milljarða ársveltu hefur hagnaður fyrir fjármagnskostnað sem hlutfall af tekjum farið úr 1,2% í 4,7% eða aukist um 3,5 prósentustig og hagnaður fyrir skatta úr -6,5% í 0,2%. Fjármagnskostnaður þessara fyrirtækja hefur lækkað verulega eða úr 7,9% sem hlutfall af tekjum í 4,5% og gætir þar meðal annars áhrifa gengisfellingarinnar í júní í fyrra sem gerir fjármagnskostnað fyrri hluta ársins 1993 þungan.

Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst eins og ráða má í hann út frá bókhaldsuppgjöri fyrirtækjanna. Önnur hlið er einnig á þessu máli. Hún er sú að líta á þau verðmæti sem myndast í þjóðarbúskapnum eins og þau eru skráð í þjóðhagsreikningum og -spám og er þá öll atvinnustarfsemi meðtalin, bæði starfsemi fyrirtækja og hins opinbera. Unnt er að líta þannig á að lagt sé saman framleiðsluverðmæti alls atvinnurekstrar í landinu en síðan dregin frá sú vara og þjónusta sem hver atvinnugrein eða fyrirtæki kaupir frá öðrum fyrirtækjum. Eftir standa þá þau verðmæti sem vinnuaflið og fjármagnið bera úr býtum eða svonefndar vergar þáttatekjur.

Á nítján ára tímabili, 1973 til 1991, hefur þessi skipting verið með þeim hætti að í hlut vinnuaflsins hafa komið að meðaltali 64½% þáttatekna en hlutur fjármagnsins eða hagnaðarhlutfallið hefur verið 35½%. Á árunum 1987 og 1988 var hagnaðarhlutfallið með því lægsta sem það hefur verið á þessum tíma eða 31-32%. Það hækkaði síðan töluvert árin 1989 og 1990, fyrra árið í 35% og það síðara í rúm 37%. Hlutfallið lækkaði síðan talsvert á árunum 1991 og 1992 og fór þá niður í 34% fyrra árið og 33% síðara árið. Í fyrra fór hlutfallið hins vegar að þokast upp á við og er áætlað að það hafi verið um 33½% og í ár er talið að það verði áþekkt. Á meðfylgjandi mynd er þetta hlutfall sýnt fyrir undanfarna tvo áratugi og sambærilegar tölur fyrir OECD.



Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ekki verða dregnar óyggjandi ályktanir um breytingar í afkomu atvinnurekstrarins út frá breytingum á hagnaðarhlutfallinu í reikningum af þessu tagi. Ástæðan er sú að hér er um að ræða hagnað áður en gjaldfærðar eru afskriftir, laun eigenda í einstaklingsfyrirtækjum og raunvextir. Mestu munar hér um raunvextina vegna þess hve mjög þeir sveiflast frá ári til árs en þeir voru jafnvel neikvæðir framan af því tímabili sem hér er miðað við. Útreikningar af þessu tagi sýna því fremur skiptingu þeirra verðmæta sem til ráðstöfunar eru til greiðslu launa annars vegar og svonefnds vergs rekstrarafgangs hins vegar. En rekstrarafgangurinn sýnir þá fjárhæð sem eftir er til ávöxtunar þess fjármagns sem bundið er í starfseminni. Með ýmsum veigamiklum fyrirvörum má nálgast mat á afkomu atvinnurekstrarins undanfarin ár út frá þessu hagnaðarhugtaki með því að draga frá því reiknuð eigin laun sjálfstæðra atvinnurekenda, afskriftir og raunvaxtagjöld. Þessar aðferðir sýna lítið eitt betri afkomu á árinu 1993 en 1992 og er nú talið að hreinn hagnaður atvinnurekstrarins hafi numið um ½ % af tekjum á árinu 1993.

Afar lauslegar áætlanir um hag atvinnurekstrarins í heild á árinu 1994 sýna aftur á móti nokkru betri afkomu því nú er gert ráð fyrir að hreinn hagnaður verði um 1% af tekjum í ár.

Á árinu 1995 er áfram reiknað með batnandi afkomu atvinnurekstrarins og er þá byggt á forsendum þjóðhagsáætlunar. Rétt er að benda á að þær afkomuáætlanir sem hér hafa verið raktar byggja á gjaldfærslu afskrifta með hefðbundnum hætti. Þessar afskriftir nema nú 37 til 38 milljörðum króna og er ætlað að mæta sliti og úreldingu fjármuna í rekstri. Á móti afskriftunum kemur fjármunamyndunin en verulega hefur dregið úr henni síðustu árin. Sem dæmi má taka að í ár er fjármunamyndun atvinnurekstrarins áætluð tæpir 32 milljarðar króna og 29 milljarðar í fyrra en hún var 42 milljarðar króna á

árinu 1991. Mikill samdráttur í fjármunamyndun síðustu árin veldur því að hún er nú mun lægri en afskriftir og er munurinn áætlaður um 7 til 8 milljarðar í ár og í fyrra. Þegar á heildina er litið ætti því greiðsluafkoma fyrirtækjanna þessi tvö ár að vera mun betri en hreinn hagnaður gefur til kynna.

Afkoma sjávarútvegs

Þótt afkoma sjávarútvegs hafi verið erfið á árinu 1993 samkvæmt bókhaldsuppgjöri fyrirtækja sýna aðrar uppgjörsaðferðir sem dreifa fjármagnskostnaði vegna gengisfellingarinnar á miðju ári 1993 á lengri tíma góða afkomu. Þannig sýnir svokölluð árgreiðsluaðferð að hagnaður sjávarútvegs á árinu 1993 hafi numið 2% af tekjum miðað við 6% raunvexti af því fjármagni sem bundið er í greininni. Þessar afkomuáætlanir ná til greina sem spanna 90% af sjávarútvegi. Hefðbundnar bókhaldsaðferðir sýna hins vegar töluvert tap vegna áhrifa gengisbreytingarinnar á fjármagnskostnað í bókum fyrirtækja.

Afkoma í einstökum greinum var hins vegar mismunandi á árinu 1993 eins og tafla sem fylgir hér með sýnir. Talið er að afkoma botnfiskveiða og -vinnslu sé í járnum miðað við rekstrarskilyrði í ágúst síðastliðnum. Töluvert tap er hins vegar á vinnslunni, bæði frystingu og söltun, og jafnframt veiðum. Á hinn bóginn er mikill hagnaður af rekstri frystiskipa. Afkoma rækjuvinnslu er talin afar góð um þessar mundir og sömu sögu er að segja af afkomu loðnuveiða og mjöl- og lýsisvinnslu.

Hreinn hagnaður í hlufalli af tekjum

		Rekstrarskilyrði í ágúst 1994	
	1993	Aflahorfur 1994	Aflahorfur 1995
Sjávarútvegur í heild[1) 2)]	2	2½	½
Veiðar og vinnsla botnfisks[2)]	½	-½	-2½
Veiðar	0	1½	-½
Bátar	-5	-5	-8½
Togarar	-3	-3½	-4½
Frystiskip	10½	15	12
Botnfiskvinnsla	1	-3	-3½
Frysting	2½	-3	-3½
Söltun	-4½	-3	-3½
Veiðar og vinnsla rækju[2)]	6½	13½	12
Loðnuveiðar og -bræðsla[2)]	12½	14½	15

1) Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og bræðsla. Þessar greinar ná til tæplega 90% af allri framleiðslu sjávarafurða.

2) Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni.

Áætlanir um afkomu fyrirtækja á þessu ári benda til þess að hún verði áfram viðunandi. Miðað við rekstrarskilyrði í ágúst er talið að hagnaður sjávarútvegs samsvari 2½% af tekjum. Þar sem gengi krónunnar hefur verið stöðugt má ætla að bókhald fyrirtækja gefi áþekka mynd af afkomunni og árgreiðsluaðferðin sem Þjóðhagsstofnun

styðst við. Ársreikningar fyrirtækja munu því að líkindum sýna mikinn afkomubata milli áranna 1993 og 1994. Afkoma eftir greinum verður hins vegar áfram misjöfn eins og fram kemur í töflunni hér á undan. Sérstaklega er rétt að benda á að botnfiskveiðar og -vinnsla eiga undir högg að sækja vegna samdráttar í botnfiskveiðum.

Erfitt er að sjá fyrir afkomuþróunina fram á næsta ár. Aflahorfur og óbreytt rekstrarskilyrði frá því í ágúst síðastliðnum fela þó í sér lakari afkomu vegna minni afla. Á þessum forsendum minnkar hagnaður í sjávarútvegi úr 2½% af tekjum í ½%. Á móti þessu kann hins vegar að vega að verð sjávarafurða hækki.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur

Baráttan við verðbólguna hefur verið meginverkefni hagstjórnar á Íslandi frá lýðveldisstofnun. Á tímabilinu frá 1945 til 1990 2.770-faldaðist vísitala framfærslukostnaðar sem svarar til tæplega 19% árlegrar verðbólgu. Meðalverðbólga á níunda áratugnum var 33% á ári og á þeim hraða tvöfaldast verðlag á 3 árum. Mikil umskipti hafa orðið hér á landi í verðlagsmálum á nokkrum undanförnum árum en árleg verðbólga mældist síðast í tveggja stafa tölu árið 1990. Það sem af er þessum áratug er meðalverðbólga 4,2% og á þeim hraða tvöfaldast verðlag á 17 árum.


Enn hefur dregið úr verðhækkunum á þessu ári. Frá september í fyrra til jafnlengdar í ár sýnir vísitala framfærslukostnaðar einungis 0,7% hækkun og gætir þar mjög áhrifa lækkunar virðisaukaskatts af matvælum. Horfur eru á að vísitala framfærslukostnaðar verði 1,5% hærri á þessu ári en í fyrra og þá er gert ráð fyrir að hækkun frá upphafi til loka ársins verði um 1%. Hér er um mun minni verðhækkanir að ræða en í fyrra, en þá hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 4,1% milli ársmeðaltala og um rúm 3% frá upphafi til loka árs. Byggingarvísitalan mun hækka nokkru meira en framfærsluvísitalan eða um 2,5% og munar þar um lækkun virðisaukaskatts af matvælum. Spá um lánskjaravísitölu hljóðar upp á hækkun um 1,8% milli ársmeðaltala.

Meginmarkmið þeirra kjarasamninga sem gerðir voru um mitt síðasta ár var að treysta stöðugleikann í efnahagsmálum og draga úr atvinnuleysi. Í samningunum fólst að engar almennar launahækkanir yrðu á samningstímanum, sem lýkur um næstu áramót. Við endurmat samningsforsendna í maí síðastliðnum varð samkomulag í launanefnd ASÍ og VSÍ um sérstaka 6.000 kr. eingreiðslu, sem síðar gekk einnig til velflestra annarra launþegahópa.

Samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar eru dagvinnulaun í júlí 0,9% hærri en um áramót og 1,4% hærri en að meðaltali í fyrra. Eingreiðslan sem greidd var flestum launþegum í júní er talin samsvara hækkun launavísitölu um 0,4% en þá er miðað við heilsársáhrif. Aðrar vísbendingar er fyrir liggja um þróun launa á þessu ári benda til svipaðrar niðurstöður og áætlar Þjóðhagsstofnun því að laun muni hækka um 1½-2% á þessu ári.

Staðgreiðsluskyldar tekjur á fyrstu 7 mánuðum ársins eru 2,3 % hærri en á sama tímabili í fyrra en auk launa eru meðal annars lífeyrisgreiðslur og reiknuð laun staðgreiðsluskyld. Ætla má að lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingum hafi aukist um 3% og um 2% frá lífeyrissjóðum. Því er talið að staðgreiðsluskyld laun önnur en reiknuð laun hafi aukist um rúmlega 3% fyrstu 7 mánuði þessa árs. Eignastaða heimila hefur versnað á undanförnum árum og skuldir þeirra hafa vaxið með miklum hraða. Í kjölfar

þessa hafa vaxtagjöld umfram tekjur farið vaxandi, sem rýrir ráðstöfunartekjur og gætir þessa enn á þessu ári. Gert er ráð fyrir því sem næst óbreyttri skattbyrði á þessu og næsta ári. Helsti óvissuþáttur í spá um ráðstöfunartekjur er þróun ársverka. En atvinnuleysi undanfarinna ára hefur haft í för með sér fækkun vinnandi fólks miðað við fólksfjölda. Afleiðingin hefur verið sú að ráðstöfunartekjur hafa dregist saman. Nú er gert ráð fyrir að ársverkum fjölgi um allt að 1% sem þá yrði í takt við fólksfjölgun í stað samdráttar ársverka sem áður hafði verið reiknað með. Að þessu athuguðu er áætlað að ráðstöfunartekjur á mann aukist um 1½% í ár og kaupmáttur þeirra aukist lítillega.




Sem vonlegt er mótast horfur um tekjur og verðlag til næsta árs nokkuð af óvissu um kjarasamninga, en samningar alls þorra launþega renna út um næstu áramót. Af þessum sökum er spáin um tekjuþróun á næsta ári einkum byggð á almennum skilyrðum þjóðarbúsins. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunnartekna breytist í hátt við hagvöxt á næsta ári. Við mat á horfum um tekjubreytingar hér á landi er nauðsynlegt að hafa í huga hver launaþróunin er í öðrum löndum. Við fast gengi ræðst samkeppnisstaða fyrirtækjanna mjög af launaþróun. OECD gerir ráð fyrir að laun í aðildarríkjunum hækki um 3,1% á þessu ári og um 3,3% á því næsta sem felur í sér að kaupmáttur vex um 1%. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að spáð er nokkru örari hagvexti í aðildarríkjum OECD í heild en hér á landi.

Auk fyrrnefndrar forsendu um tekjuþróun er verðlagsspá fyrir 1995 reist á forsendu um óbreytt gengi krónunnar og óbreytta skattheimtu. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að framfærsluvísitalan hækki um 2% milli ársmeðaltala.

Vinnumarkaður


Áætlað er að um 35 milljónir manna, eða 8½% mannafla, séu án atvinnu í aðildarríkjum OECD í ár og að aðrar 15 milljónir hafi annað hvort horfið af vinnumarkaðnum eða farið í hlutastarf án þess að óska þess. Atvinnuleysi var enn meira meðal fólks á aldrinum 15-24 ára, eða um 15% árið 1993. Vinnuafl í OECD ríkjunum dróst lítillega saman í fyrra og hittiðfyrra en gert er ráð fyrir nokkrum vexti í ár og á næsta ári. Atvinnuástand meðal aðildarríkja í Evrópu er mun lakara, því bæði er atvinnuleysið meira, eða 11,7% í ár, og vinnuaflið dregst þar enn saman.

Flutningur mannafla úr framleiðslugreinum í þjónustugreinar, einkum á vegum hins opinbera, hefur einkennt hagþróun í vestrænum löndum undanfarna áratugi. Það er umhugsunarefni hversu stór hluti nýrra starfa í Evrópu verður til hjá hinu opinbera. Frá því um miðjan áttunda áratuginn og fram á þann níunda hefur vinnuafl í einkageiranum í Evrópuríkjum OECD dregist saman og tveir þriðju hlutar þeirra 10 milljóna starfa sem orðið hafa til í þessum ríkjum frá byrjun 8. áratugarins eru í opinbera geiranum.



Svipuð þróun hefur átt sér stað hér á landi. Vinnuaflið jókst að meðaltali um 2% á ári tímabilið 1963 til 1994. Vinnuafl í opinbera geiranum jókst að meðaltali um rúm 4% á ári á meðan vinnuafl í einkageiranum jókst aðeins um 1,7% árlega til jafnaðar. Samkvæmt áætlunum Þjóðhagsstofnunar fækkaði störfum, mælt í fjölda ársverka, um nær 7% frá 1987 til 1992. Þessi samdráttur kemur allur fram í einkageiranum, en áætlanir benda til að vinnuafl í einkageiranum hafi dregist saman um tæp 9% á umræddu tímabili. Opinberum starfsmönnum fjölgaði hins vegar um 2,5% á sama tímabili. Áætlanir um þetta ár sýna 1,5% aukningu vinnuafls. Spáð er aukningu vinnuafls í einkageira sem nemur 1,8%, samanborið við 0,8% aukningu í fyrra en óbreyttum fjölda opinberra starfsmanna.

Atvinnuleysi jókst verulega á árunum 1992 og 1993. Á árinu 1991 jafngilti atvinnuleysið því að um 1.900 manns hefðu verið án vinnu að meðaltali, eða 1,5% af mannafla. Árið 1993 voru að meðaltali 5.600 manns skráðir atvinnulausir, eða 4,3% af áætluðum mannafla. Áætlanir um þetta ár gefa til kynna að um 6.300 manns verði án vinnu að meðaltali, sem er 4,8% af áætluðum mannafla. Atvinnulausum hefur því fjölgað um 4.400 á aðeins þremur árum.



Vinnumarkaðsaðgerðir stjórnvalda hafa stuðlað að aukinni atvinnu í ár og í fyrra. Á árinu 1993 var hrundið af stað sérstökum átaksverkefnum til að draga úr atvinnuleysi. Talið er að þessi átaksverkefni hafi skapað um 630 ársverk á árinu 1993 og er áætlað að þau muni skila um 1.000 ársverkum í ár. Í fyrra veitti ríkisstjórnin 2,9 milljörðum króna til atvinnuskapandi aðgerða, meðal annars í formi viðhaldsverkefna og með því að flýta framkvæmdum. Af þeirri fjárhæð færðust um 500 milljónir króna yfir á þetta ár sem bættust við þær 1.000 milljónir sem ráðstafað var til þessa málaflokks í ár. Í atvinnukönnun Þjóðhagsstofnunar í apríl síðastliðnum var gert ráð fyrir svipuðum fjölda sumarstarfa í ár og undanfarin ár. Þó vinnumarkaðurinn hafi tekið frekar seint við sér í sumar virðist ástandið hafa verið nokkuð gott þegar á heildina er litið. Atvinnumiðlun námsmanna útvegaði um þriðjungi fleiri störf í ár en í fyrra og Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar réði allt skólafólk sem óskaði eftir starfi, eða um 3.150 manns, sem er um 20% aukning frá því í fyrra. Lausleg athugun sýnir að til vinnumarkaðsaðgerða í heild hafi verið varið 5,6 milljörðum króna í fyrra, eða 1,4% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að OECD ríkin vörðu að meðaltali 1,7% af landsframleiðslu til vinnumarkaðsaðgerða í fyrra. Atvinnuleysisbætur námu þar af um 1,2% af landsframleiðslu.

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að vinnuaflið aukist um ½-1% og að atvinnuleysi verði óbreytt frá þessu ári. Áætlanir fyrir þetta ár og það næsta gefa til kynna að fjölgun starfa færist í meira mæli frá hinu opinbera yfir til einkaaðila.

Fjármál hins opinbera

Eitt brýnasta verkefni innlendrar hagstjórnar er að ná betri tökum á fjármálum hins opinbera, en undanfarin ár hafa hallarekstur og skuldasöfnun verið viðvarandi vandamál. Á þessu ári er áætlað að tekjuhalli hins opinbera verði um 15½ milljarður króna á rekstrargrunni eða sem svarar til 3,6% af landsframleiðslu, sem er nokkru meiri halli en á árinu 1993. Hallinn á fjárlögum er hins vegar talinn verða 10½-11 milljarðar króna. Mismunurinn stafar annars vegar af því að fjárlögin eru á greiðslugrunni og hins vegar bætist tekjuhalli sveitarfélaga við halla ríkissjóðs. Tekjurnar eru áætlaðar um 153 milljarðar króna eða 35,8% af landsframleiðslu og útgjöldin rúmlega 168 milljarðar króna eða 39,4% af landsframleiðslu. Til samanburðar mældust tekjurnar 36,4% af landsframleiðslu árið 1993 og útgjöldin 39,5%. Skatttekjur hins opinbera eru taldar aukast um 3 milljarða króna milli áranna í krónum talið eða um ríflega ½% að raungildi. Útgjöld munu hins vegar hækka um tæplega 6 milljarða króna eða um 2% að raungildi.


Yfirlit um fjármál hins opinbera 1993-1994

	Í milljörðum króna			
	Brb.	Áætlun	Hlutfall af VLF	
	1993	1994	1993	1994
Heildartekjur	149,4	152,7	36,4	35,8
1. Skatttekjur	138,1	141,1	33,6	33,1
2. Aðrar tekjur	11,3	11,6	2,8	2,7
Heildarútgjöld	162,3	168,1	39,5	39,4
1. Samneysla	84,0	85,4	20,5	20,0
- þar af afskriftir	2,6	2,7	0,6	0,6
2. Önnur útgjöld	80,9	85,4	19,7	20,0
Tekjuafgangur/halli	-12,9	-15,4	-3,1	-3,6

Í fjárlögum A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1994, sem er á greiðslugrunni, var gert ráð fyrir 9,6 milljarða króna tekjuhalla, eða lítið eitt meiri tekjuhalla en í fyrra. Reiknað var með að heildartekjur ríkissjóðs yrðu ríflega 104,1 milljarður króna og útgjöld um 113,8 milljarðar króna í heild. Þá var gert ráð fyrir að kröfu- og hlutafjáraukning ríkissjóðs yrði ríflega 2,1 milljarður króna, þannig að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði um 11,8 milljarðar króna.

En forsendur þessara áforma hafa breyst talsvert, bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Á tekjuhlið er nú gert ráð fyrir að tekjur verði um 3 milljörðum króna meiri en í fjárlögum ársins. Vegur þar þyngst auknar tekjur af virðisaukaskatti og af tekjuskatti fyrirtækja og einstaklinga. Meiri umsvif í efnahagslífinu en áætlað var er meginskýring þessarar tekjuaukningar. Á gjaldahlið ríkissjóðs er áætlað að útgjöldin verði 3½-4

milljarðar króna meiri en fjárlög sögðu til um. Munar þar mest um viðbótarútgjöld til sjúkra- og lífeyristrygginga, þyrlukaup, aðstoð við Vestfirði og framlög til Vestfjarðarganga og til Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Tekjuafkoma ríkissjóðs verður því heldur verri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Talið er að hallinn verði á bilinu 10½ til 11 milljarðar króna á árinu 1994 á greiðslugrunni.



Afkoma sveitarfélaga í heild hefur farið versnandi síðustu árin. Bráðabirgðatölur fyrir árið 1993 benda til þess að tekjuhallinn hafi numið 2½-3 milljörðum króna eða sem svarar til 9% af tekjum sveitarfélaganna. Samsvarandi hlutfall var ríflega 5% af tekjum árið 1992. Í ár er gert ráð fyrir að tekjuhalli sveitarfélaganna verði svipaður og í fyrra.

Áætlað er að heildarskuldir hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs og sveitarfélaga, verði um 234 milljarðar króna á árinu 1994 sem samsvarar um 55% af landsframleiðslu, en skuldir hins opinbera hafa aukist jafnt og þétt síðustu ár eins og sést á meðfylgjandi mynd. Árið 1990 námu skuldirnar rúmlega 35% af landsframleiðslu. Svipaðrar þróunar hefur einnig gætt í flestum OECD-ríkjanna. Talið er að í ár mælist skuldir OECD-ríkja yfir 70% af landsframleiðslu að meðaltali en fyrir fimm árum var þetta hlutfall rúmlega 58% af landsframleiðslu. Þessi þróun hefur án efa stuðlað að hærri raunvöxtum en ella og dregið úr fjárfestingu atvinnuveganna.

Í lánsfjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila yrði um 23 milljarðar króna eða sem svarar til 5,3% af landsframleiðslu. Nýleg endurskoðun bendir til þess að lánsfjárþörfin verði ívið minni eða rúmlega 22 milljarðar króna. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs verður að vísu allnokkuð hærri en áætlað var en á móti lækkar lánsfjárþörf bygginga- og fjárfestingarlánasjóðanna. Lánsfjárþörfin verður því um 0,4 prósentustigum af landsframleiðslu minni en í fyrra. Í áætlunum er gert ráð fyrir


að sækja um 20,6 milljarða króna á innlendum lánamarkaði. Nýsparnaður á árinu er áætlaður um 35 milljarðar króna.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1993-1995

	Útkoma 1993	Horfur 1994	Breyting frá fyrra ári	Áætlun 1995
Í milljörðum króna:				
Hrein lánsfjárþörf, alls	23,2	22,1	-0,7	14,5
- Ríkissjóður A-hluti [1]	12,1	20,6	8,5	8,8
- Húsnæðiskerfið	13.0	6,2	-6,8	11,1
- Aðrir opinberir aðilar	-1,9	-4,7	-2,8	-5,4
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	5,6	5,2	-0,4	3,3
Aukning peningalegs sparnaðar	26,7	34,9	8,2	36,5

1) Hér er talin með lántaka ríkissjóðs vegna húsbréfakerfisins á þessu ári, samtals að fjárhæð 7 milljarðar króna.


Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1995 gerir ráð fyrir 6½ milljarðs króna tekjuhalla á A-hluta ríkissjóðs. Þetta er rúmlega 4 milljarða króna minni halli en stefnir í á þessu ári og um 3 milljarða króna minni halli en fjárlög líðandi árs byggðu á. Einnig er stefnt að því að draga verulega úr lánsfjárþörfinni. Reiknað er með að hún verði um 14½ milljarður króna samanborið við rúmlega 22 milljarða króna á þessu ári. Þá bendir flest til að allnokkur halli verði á rekstri sveitarfélaga á næsta ári. Hér er gert ráð fyrir að hann verði á bilinu 2-3 milljarðar króna sem felur í sér að tekjuhalli hins opinbera í heild verði um það bil 9 milljarðar króna á greiðslugrunni á árinu 1995.



Peningamál

Viðbrögð við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum í lok október á síðasta ári er gott dæmi um áhrif trúverðugrar stefnu. Í yfirlýsingunni kom fram að ávöxtun spariskírteina skyldi lækka niður í 5% og því meðal annars heitið að ríkissjóður myndi leita á erlendan lánsfjármarkað eftir lánsfé ef fé við lægri vöxtum byðist ekki hér á landi. Markaðurinn brást við þessari yfirlýsingu þannig að í kjölfar hennar lækkuðu raunvextir um 2% og vextir banka og sparissjóða fylgdu í humátt á eftir. Yfirlýsingar af þessu tagi geta gegnt mikilvægu hlutverki á óvissutímum, en áhrif þeirra hljóta að fara eftir markaðsaðstæðum og því hversu trúverðug efnahagsstefna stjórnvalda er.

Seðlabankinn fylgdi eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með rýmkun á bindiskyldu og lausafjárkvöðum og í framhaldi með verðbréfakaupum. Þessi tilslökun í peningamálum hefur ekki valdið peningaþenslu því á móti vega verðbréfakaup landsmanna erlendis og endurgreiðslur af erlendum lánum. Hins vegar hefur þessi þróun leitt til þess að gjaldeyrisstaða Seðlabankans hefur rýrnað þrátt fyrir jákvæðan viðskiptajöfnuð. Af þessu má sjá að viðunandi afgangur á viðskiptajöfnuði er lykilatriði til að tryggja jafnvægi á fjármagnsmarkaði á næstu misserum.



Vextir hækkuðu nokkuð á ný í sumar eða um 0,1-0,2 prósentustig á verðtryggðum bréfum til lengri tíma. Svipaða sögu er að segja af útboðum ríkistryggðra verðbréfa. Vextir innlánsstofnana hafa ennfremur hækkað, verðtryggð útlán um 0,4 prósentustig og nafnvextir almennra skuldabréfa um 0,6 prósentustig. Tefla má fram ýmsum skýringum á þessum hækkunum. Verðbólgan hefur verið heldur meiri en Seðlabankinn spáði nú um mitt ár og horfur frammávið mótast af gerð kjarasamninga í upphafi næsta árs. Tenging innlends markaðar við alþjóðamarkað verður æ meiri, því bæði er umtalsverður hlutur útlána bankakerfisins endurlánað erlent fé og aðgangur innlendra fjárfesta að

erlendum markaði eykst sífellt. Af þessum sökum hafa vaxtahækkanir erlendis nokkur áhrif hér á landi. Þá hefur framboð skuldabréfa, einkum til lengri tíma, verið afar mikið. Seðlabankinn hefur keypt mikið af ríkisbréfum og því hefur þrengt að svigrúmi hans til að hafa áhrif á vexti með peningaaðgerðum.

Seðlabankinn hefur verið mjög virkur á markaði fyrir ríkisskuldabréf. Frá áramótum til ágústloka hafa skuldabréfakröfur Seðlabankans með ríkisábyrgð, en þá eru meðtalin húsbréf og húsnæðisbréf, aukist um rúmlega 9 milljarða króna. Staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs hefur versnað á sama tíma um ríflega 2 milljarða króna.

Útgáfa húsbréfa hefur verið afar mikil á þessu ári, en í lánsfjárlögum er heimild til útgáfu húsbréfa að fjárhæð 11,5 milljarðar króna. Fyrirsjáanlegt er að sú heimild dugi ekki og hefur því verið afráðið að heimila útgáfu 3,7 milljarða til viðbótar. Ávöxtunarkrafa húsbréfa um miðjan september var 5,2% en ávöxtunarkrafan var lægst í apríl síðastliðnum rétt um 5%. Gert er ráð fyrir að íbúðabyggingar aukist í ár um 2% og um 5% á næsta ári en íbúðafjárfesting hefur dregist saman allt frá árinu 1989. Vöxtur húsbréfaútgáfunnar skýrist ekki nema að litlu leyti af auknum fjárfestingum í íbúðarhúsnæði. Viðskipti með eldra húsnæði hafa aukist til muna og útgáfa húsbréfa stóraukist í kjölfarið. Þær vísbendingar sem nú liggja fyrir um skuldastöðu heimilanna við lánakerfið sýna að heimilin eru enn að auka skuldir sínar. Á móti vegur að úr lánsfjáreftirspurn fyrirtækja hefur dregið, raunar svo mjög að skuldir þeirra minnkuðu í krónutölu á fyrri hluta ársins.

Vextir hafa hækkað umtalsvert það sem af er þessu ári í flestum löndum og veldur þar mestu að talin er hætta á að verðbólga vaxi á ný um leið og hagvöxtur glæðist. Nafnvextir á ríkisvíxlum og ríkisskuldabréfum eru til dæmis lægri hér á landi en nú bjóðast víða erlendis. Erfiðara er að bera saman langtímavexti því verðtrygging er ráðandi hér en óalgeng erlendis. Vextir verðtryggðra ríkisskuldabréfa, sem nú eru um 5%, teljast þó háir í samanburði við sambærileg skuldabréf þar sem þau finnast. Í byrjun þessa árs var aflétt hömlum á kaupum á erlendum skuldabréfum til langs tíma, en frelsi til fjárfestingar í skammtímabréfum mun fást um næstu áramót. Á fyrstu 8 mánuðum þessa árs hafa Íslendingar keypt erlend verðbréf fyrir um 5,8 milljarða króna, en þar af eru rúmir 3 milljarðar annað hvort útgefnir af ríkissjóði Íslands eða útgefnir í íslenskum krónum. Þess er að vænta að fjárfestar muni kaupa erlend skuldabréf í nokkrum mæli á næstu árum í því skyni að öðlast reynslu af slíkum viðskiptum og dreifa áhættu. Á meðan þessi skipulagsbreyting fer fram er því líklegt að erlend verðbréfakaup verði tiltölulega ónæm fyrir mismuni á ávöxtun hér á landi og erlendis. Þegar frammí sækir er hins vegar ljóst að vaxtastig hér á landi mun að hluta ákvarðast af þeim kjörum sem eru í boði erlendis.

Erfitt er að spá fyrir um hvernig vaxtaþróun verður á næsta ári. Ljóst er þó að hún mun einkum ráðast af framvindu ríkisfjármála og lánsfjárþarfar hins opinbera auk alþjóðlegrar vaxtaþróunar. Hér er gert ráð fyrir að raunvextir hækki ekki á næsta ári.


Neysla

Einkaneysla. Eftir tveggja ára samdrátt eru nú horfur á að einkaneyslan aukist frá árinu 1993. Að baki liggur meðal annars ívið meiri kaupmáttur ráðstöfunartekna en í fyrra, lækkun raunvaxta og tiltrú á að betri tíð fari í hönd. Þetta er talið leiða til þess að

einkaneyslan verði 2% meiri á þessu ári en í fyrra. Til samanburðar dróst einkaneysla saman um 4½% í fyrra og svipað árið þar á undan.

Af tölum um heildarveltu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum fyrir fyrri hluta þessa árs má ráða að einkaneyslan hafi því sem næst staðið í stað frá sama tíma í fyrra. Innflutningur á neysluvörum dróst lítillega saman á þessum tíma. Þótt þessar tölur beri með sér að einkaneysla hafi ekki aukist á fyrri hluta ársins virðist hún hafa farið vaxandi eftir því sem á árið hefur liðið. Þess vegna er gert ráð fyrir að einkaneysla á síðari hluta ársins verði nokkru meiri en á sama tíma í fyrra. Þessi þróun einkaneyslunnar bendir til að sparnaðarhneigð heimilanna á þessu ári og í fyrra sé svipuð þótt raunvextir hafi lækkað verulega. Rétt er þó að ítreka að neyslan innan ársins hefur farið vaxandi.

Á næsta ári er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1%, raungengi haldist óbreytt og raunvextir hækki ekki. Á þessum forsendum gæti einkaneysla aukist um 2% á næsta ári. Þá er ekki gert ráð fyrir að sparnaðarhneigð heimilanna breytist að marki.




Samneysla. Töluvert hefur dregið úr vexti samneyslunnar á síðustu árum. Bráðabirgðatölur fyrir síðasta ár benda til þess að samneyslan hafi aukist um 2% að magni en árið þar á undan dróst samneyslan saman um tæplega 1%. Til samanburðar má nefna að á tímabilinu 1980 til 1991 jókst samneyslan að meðaltali um 4,9% á ári. Skýringar á þessari miklu aukningu eru margþættar og bæði af efnahagslegum og stjórnmálalegum toga. Hröð fjölgun þjóðarinnar og auknar kröfur um samfélagslega þjónustu í mennta-, heilbrigðis- og félagsmálum eru án efa nærtækustu skýringarnar. Áætlanir um þetta ár benda til að samneyslan aukist um rúmlega 1% frá fyrra ári. Þótt samneyslan hafi aukist hægar síðastliðin tvö ár en um langt árabil er það umhugsunarefni hversu hátt hlutfall

samneyslan er orðin af landsframleiðslu. Hún samsvarar nú rúmlega 20% af landsframleiðslu en var 17,5% um miðjan síðasta áratug. Til samanburðar er þetta hlutfall að meðaltali um 17% í aðildarríkjum OECD og 18,9% í Evrópuríkjum OECD.

Á næsta ári er miðað við forsendur fjárlaga um opinber útgjöld og áform sveitarfélaga að því marki sem þau eru kunn. Þetta felur í sér að aukning samneyslunnar verði 1,6% að raungildi milli áranna 1994 og 1995.

Fjármunamyndun

Í töflu 3 í töfluviðauka er að finna endurskoðaðar tölur um fjármunamyndun fyrir árin 1992 og 1993 ásamt spá fyrir 1994 og 1995. Sú sundurliðun sem hér birtist er verulega breytt frá því sem áður hefur tíðkast þar sem nú er leitast við að flokka fjármunamyndunina eftir atvinnugreinum í ríkari mæli en áður var gert. Auk þess að breyta sundurliðuninni hefur einnig farið fram heildarendurskoðun á tölum um fjármunamyndun og fjármunaeign. Helstu breytingar eru þær að fjármunamyndun í íbúðarhúsnæði hefur verið hækkuð verulega allt aftur til ársins 1945 í þeim tilgangi að leiðrétta vanmat á fjármunaeign í íbúðarhúsnæði. Þessari endurskoðun er vandlega lýst í riti Þjóðhagsstofnunar *Þjóðhagsreikningar 1945-1992.*



Mjög hefur dregið úr fjármunamyndun í íslensku efnahagslífi á allra síðustu árum, sérstaklega í atvinnuvegum. Á síðasta ári nam samdrátturinn í fjármunamyndun atvinnuveganna tæpum 24% sem skýrist aðallega af minni fjármunamyndun í fiskveiðum og samgöngum. Hafa ber í huga að árið 1992 var fjármunamyndun í fiskveiðum óvenju mikil þar sem flutt voru inn fiskiskip fyrir rúma 5 milljarða króna. Þessum samdrætti í fjármunamyndun atvinnuveganna virðist nú lokið, en áætlanir benda til 2% magnaukningar frá fyrra ári. Þar munar mest um aukna fjárfestingu í sjávarútvegi bæði

veiðum og vinnslu auk þess sem mikil aukning er í fjárfestingu Pósts og síma. Á næsta ári er reiknað með svipaðri magnaukningu í fjárfestingu atvinnuveganna eða 5,5%. Þar vegur þungt að miðað er við að hafist verði handa um byggingu jarðganga undir Hvalfjörð.

Fjármunamyndun í íbúðarhúsnæði mun að öllum líkindum einnig taka við sér á þessu ári eftir samdrátt allt frá árinu 1989, en áætlanir gera ráð fyrir 2% raunaukningu milli ára. Á fyrstu sjö mánuðum ársins hafði Húsnæðisstofnun samþykkt skuldabréfaskipti vegna 3.200 íbúða sem er um 1.000 fleiri en í fyrra. Hér gætir án efa áhrifa frá vaxtalækkuninni sem varð í lok síðasta árs þegar ávöxtunarkrafan á húsbréfum lækkaði um 1½ prósentustig en ávöxtunarkrafan hefur haldið áfram að lækka og var í ágúst komin í 5,2%. Þessi aukna fjármunamyndun í íbúðarhúsnæði heldur áfram á næsta ári samkvæmt spánni sem byggir á þeim forsendum að raunvextir hækki ekki og kaupmáttur aukist nokkuð. Að öllu samanlögðu er því spáð að fjárfesting í íbúðarhúsnæði aukist um 5% á næsta ári.

Allnokkur breyting hefur orðið á flokkun fjármunamyndunar í töflu 3 í töfluviðaukanum frá því sem verið hefur í hliðstæðum töflum sama efnis. Auk ítarlegri sundurliðunar á fjármunamyndun eftir atvinnugreinum, eru framkvæmdir við virkjanir auk hita- og vatnsveitna ekki lengur taldar til opinbera geirans heldur taldar með atvinnuvegunum. Eftir stendur sem fjármunamyndun hins opinbera framkvæmdir við vegi og brýr og götur og holræsi ásamt byggingum hins opinbera. Samkvæmt spá fyrir þetta ár dregst fjármunamyndun hins opinbera saman um rúm 7% frá fyrra ári, en á síðasta ári varð umtalsverð aukning í framkvæmdum á vegum hins opinbera, sérstaklega í vega- og brúargerð. Áætlanir um framkvæmdir hins opinbera á næsta ári fela í sér samdrátt í opinberri fjármunamyndun sem nemur 8½% að raungildi.

Þegar á heildina er litið er reiknað með að fjármunamyndunin verði óbreytt á þessu ári frá því í fyrra, samtals 67 milljarðar króna sem svarar til um 16% af landsframleiðslu. Spáð er að fjármunamyndunin í heild aukist um 2,2% á næsta ári.

Þjóðarútgjöld í heild


Þegar öllu er til haga haldið felur sú spá um þjóðarútgjöld sem hér er kynnt í sér aukningu þjóðarútgjalda um 1,2% í ár og um 2% á því næsta. Til samanburðar má nefna að árin tvö á undan drógust þjóðarútgjöldin saman um 4% og 5,3%. Vöxtur útgjalda er minni en landsframleiðslu í ár, þannig að afgangur á viðskiptajöfnuði eykst. Þetta snýst við á næsta ári samkvæmt spánni og afgangur á viðskiptajöfnuði minnkar lítillega. Þjóðhagslegan sparnað má skilgreina sem samtölu fjármunamyndunar og viðskiptajafnaðar, eða allt það sem ekki gengur til neyslu. Undanfarin ár hefur fjármunamyndun dregist saman samtímis sem viðskiptajöfnuður hefur snúist úr halla í afgang. Viðsnúningur viðskiptajafnaðar reynist mun meiri en samdráttur fjármunamyndunar og þjóðhagslegur sparnaður eykst því úr 14½% af landsframleiðslu árið 1992 í 16,6% í ár. Í sögulegu samhengi er engu að síður um lítinn þjóðhagslegan sparnað að ræða þessi árin, því til samanburðar má nefna að á áttunda áratugnum nam sparnaðurinn 26% af landsframleiðslu til jafnaðar.

Endurmat á fjármunamyndun og birgðabreytingum hefur í för með sér lítilsháttar breytingar á þjóðarútgjöldum og skiptingu þeirra. Nú er gert ráð fyrir að í ár gangi

15,7% landsframleiðslu til fjármunamyndunar og 15,9% á næsta ári. Aldrei fyrr hefur hlutur fjármunamyndunar verið svo lítill. Í samanburði við önnur lönd er fjármunamyndun lítil hér á landi, en að meðaltali fer 19,8% landsframleiðslu OECD ríkjanna til fjármunamyndunar.

Viðskiptajöfnuður


Fyrstu sex mánuði ársins var viðskiptajöfnuður við útlönd hagstæður um 4,5 milljarða króna. Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður um 12,6 milljarða, þjónustujöfnuður án vaxta var hagstæður um 150 milljónir, en jöfnuður þáttatekna, þ.e. greiðslur vaxta og launa til og frá útlöndum, var hins vegar óhagstæður um 8,2 milljarða króna. Á sama tíma í fyrra var viðskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 3,2 milljarða og hefur því batnað um tæpa 7,7 milljarða króna. Þennan mikla bata á viðskiptum við önnur lönd má að mestum hluta rekja til aukinna útflutningtekna, einkum af sjávarafurðum. Miðað við fast gengi voru útflutningstekjur án vaxta um 13% hærri en á sama tímabili í fyrra og þar af var aukning vöruútflutnings um 15,5% á milli ára. Á sama tíma jókst innflutningur á vöru og þjónustu án vaxta um 1,4% miðað við fast gengi. Útflutningur sjávarafurða var 12% meiri mælt í erlendri mynt á fyrri helmingi þessa árs en á sama tímabili í fyrra. Einnig hefur orðið mikil breyting til hins betra í stóriðju sem rekja má til hækkandi verðs á áli og kísiljárni. Almennur vöruinnflutningur jókst um 2,7% og útgjöld vegna þjónustu jukust um 1% á föstu gengi fyrstu sex mánuði ársins. Athygli vekur að ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis dróst saman um 13,5% miðað við óbreytt gengi á fyrstu sex mánuðum ársins.



Vaxtajöfnuðurinn, það er mismunur á vaxtatekjum og vaxtagjöldum, var neikvæður um 8,2 milljarða króna samanborið við 7,7 milljarða í fyrra. Miðað við hækkun meðalgengis um 9,2% var vaxtajöfnuðurinn því ekki eins óhagstæður á fyrra helmingi þessa árs og á sama tíma í fyrra.

Fyrir árið í heild er því spáð að vöruskiptajöfnuðurinn verði hagstæður um 14,7 milljarða króna og þjónustujöfnuður án vaxta og fleira verði hagstæður um ½ milljarð. Á móti þessum tölum stendur síðan neikvæður jöfnuður þáttatekna að fjárhæð 12,1 milljarður króna. Viðskiptajöfnuðurinn í heild verður samkvæmt þessu hagstæður um 3,1 milljarð króna á þessu ári.

Horfur eru á að viðskiptajöfnuðurinn á næsta ári skili ívið minni afgangi en spáð er í ár. Reiknað er með að innflutningur vöru og þjónustu aukist nokkru meira en útflutningurinn, en á móti vega hagstæðari viðskiptakjör í vöruviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna er talin verða óhagstæðari vegna hækkandi vaxta. Viðskiptajöfnuðurinn í heild verður því hagstæður um 2 milljarða króna samkvæmt spánni sem samsvarar 0,5% af landsframleiðslu.



Erlendar skuldir

Hagstæður viðskiptajöfnuður felur í sér að erlendar skuldir lækka. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði með afgangi á næsta ári, þriðja árið í röð. Viðskiptajöfnuður hefur ekki áður verið hagstæður í svo langan tíma síðan á stríðsárunum.

Samkvæmt áætluninni verður samanlagður afgangur á þessum þremur árum 5,2 milljarðar króna. Í þessu felst að erlendar skuldir (nettó) lækka á næsta ári, bæði sem hlutfall af landsframleiðslu og að raungildi í erlendri mynt. Þannig stefnir í að þær

samsvari 55% af landsframleiðslu í árslok 1994 en lækki síðan í 52% í árslok 1995. Áætlað er að skuldirnar lækki að raungildi í erlendri mynt um 3,5% hvort árið 1994 og 1995.

Reiknað er með að afborganir og vaxtagreiðslur á þessu ári nemi 51 milljarði króna og greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningstekjum verði um 33%. Greiðslubyrðin hefur aukist ár frá ári um langt skeið. Nú eru hins vegar horfur á að þetta breytist. Áætlað er að greiðslubyrðin verði um 26½% á árinu 1995, þar af samsvari afborganir 16% og vextir 10½%. Léttari greiðslubyrði stafar bæði af hagstæðari þróun viðskiptajafnaðar og þar með lækkun erlendra skulda og jafnframt minni afborgunum en á þessu ári.

Eins og nú horfir í þjóðarbúskapnum er brýnt að tryggja framhald þessarar þróunar. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru miklar og greiðslubyrðin þung. Jafnframt er fjárfesting í atvinnuvegum lítil. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að afgangur sé á viðskiptajöfnuði. Hann er forsenda þess að unnt sé að endurgreiða erlendar skuldir.

Yfirlit þjóðhagsspár 1995

Þær forsendur og spár sem lýst hefur verið hér á undan leiða til þess að landsframleiðslan aukist um 1,4% á árinu 1995 og þjóðartekjur um 1,8%. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöld aukist ívið meira en þjóðartekjur. Í þessu felst að reiknað er með að aðhalds verði gætt í útgjaldaákvörðunum heimila, fyrirtækja og hins opinbera, en það hefur viljað brenna við að útgjöld aukist hraðar en tekjur þegar þjóðhagsleg skilyrði batna. Samkvæmt þessu verður áfram afgangur á viðskiptajöfnuði, en þó ívið minni en á þessu ári. Gangi þessar áætlanir eftir verður það í fyrsta skipti í fimmtíu ár sem afgangur er á viðskiptajöfnuði þrjú ár í röð.

Efnahagshorfur á næstu árum

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir mati á hugsanlegri efnahagsþróun áranna 1996-1999 að gefnum forsendum um þróun ytri skilyrða. Í þessu mati er gengið út frá því að unnið verði eftir ramma að langtímafjárlögum sem lagður var fram í sumarbyrjun og staðfestur er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995. Þar er gert ráð fyrir að jöfnuði verði náð í ríkisfjármálum á árabilinu 1995-1998. Þetta er grundvallaratriði, sem leiðir af sér forsendur fyrir lækkun raunvaxta og stöðugleika í verðlagsmálum. Af þessu leiðir svo að gera má ráð fyrir að fjárfesting og hagvöxtur glæðist hér á ný.

Helstu forsendur sem Þjóðhagsstofnun hefur stuðst við í mati á efnahagshorfum áranna 1996-1999 eru eftirfarandi:

Hið opinbera : Lagt er til grundvallar að samneysla standi nánast í stað á árunum 1996-1999, en að fjárfesting hins opinbera minnki um 6% á árinu 1996 en verði eftir það því sem næst óbreytt út tímabilið. Gert er ráð fyrir óbreyttri skattbyrði.

Alþjóðahorfur: Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í ríkjum OECD eflist enn og að meðaltal áranna 1996-1999 verði 3%. Reiknað er með að verðbólga erlendis verði 2,5% að jafnaði á sama skeiði og að nafnvextir á erlendum skuldum þjóðarbúsins verði óbreyttir frá árinu 1995. Þetta þýðir 0,2 prósentustiga lækkun raunvaxta frá árinu 1995.

Útflutningur: Reiknað er með að raunverð sjávarafurða hækki lítillega á árinu 1996 en haldist síðan óbreytt til 1999. Talið er að verð á áli og kísiljárni muni hækka í eðlileg langtímagildi á árunum 1995-1998, en síðan haldist verð þessara vara óbreytt að raungildi. Álverð hefur þegar hækkað nokkuð, en er enn töluvert fyrir neðan langtíma-meðaltal. Hækkunin stafar sennilega mestmegnis af samráði helstu álframleiðenda í byrjun þessa árs um að draga úr framleiðslu, en líklegt er að aukinn hagvöxtur og eftirspurn í iðnríkjunum búi einnig þar að baki.

Eftir samdráttinn í þorskveiðum á Íslandsmiðum árin 1994 og 1995 er ekki gert ráð fyrir að þorskveiðar aukist á ný fyrr en undir lok tímabilsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að aukin framleiðni og hagræðing skili nokkrum virðisauka í sjávarútvegi. Í heild er gert ráð fyrir að útflutningur sjávarafurða vaxi að jafnaði um 1½% árin 1996-1999.

Reiknað er með að álframleiðsla ÍSAL aukist lítillega á næstu árum, en ekki er gert ráð fyrir nýju álveri eða annarri nýrri stóriðju. Erfitt er að ráða í líkurnar á að þessi forsenda breytist, því varla er við að búast að ráðist verði í byggingu nýs álvers fyrr en álverð fer á varanlegum forsendum yfir 1.700 dollara á tonn.

Reiknað er með hröðum vexti vöruútflutnings utan sjávarafurða og stóriðjuafurða, eða um 10% árlega. Hlutfall þessa útflutnings er nú innan við 6% af vöruútflutningi í heild, svo að framlagið til vaxtar heildarinnar er aðeins 0,6% í byrjun. Forsendan um þennan hraða vöxt er einkum byggð á stöðugleika í verðlagsmálum, lækkun raunvaxta og hagvexti erlendis.

Á þessum forsendum verður hagvöxtur á árunum 1996-1999 að jafnaði um 1½-2% á ári. Driffjöðurinn er aukning útflutnings sem nemur 3½% að jafnaði á ári. Búast má við að þjóðarútgjöld vaxi um 1½% á ári og munar þar mest um vöxt í fjárfestingu atvinnuvega um nær 9% að jafnaði. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að fjárfesting atvinnuvega hefur verið í lægð undanfarin ár. Vegna minnkandi erlendra skulda og bættra viðskiptakjara vaxa þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur nokkru hraðar en lands-framleiðsla.

Búist er við að vöru- og þjónustujöfnuður verði jákvæður um 2½% að jafnaði á árunum 1996-1999. Hreinar þáttatekjur til útlanda, sem eru aðallega vaxtagreiðslur af erlendum lánum, vega ekki upp þennan afgang, svo að viðskiptajöfnuður verður með um 1½% afgangi að jafnaði á tímabilinu. Erlendar skuldir, sem má ætla að nemi 55% af landsframleiðslu í lok þessa árs, verða um 39% af landsframleiðslu í lok ársins 1999 gangi þessi spá eftir.

Rétt er að vekja athygli á því að spár af þessu tagi til langs tíma eru um margt óvissar. Í þessu sambandi nægir að benda á að fiskafli af fjarmiðum hefur aukist verulega að undanförnu og í þeim efnum er eðli málsins samkvæmt ekki á vísan að róa í framtíðinni. Við bætist að þorskstofninn á heimamiðum er í óvenju djúpri lægð. Á hinn bóginn er ekki reiknað með nýjum stórframkvæmdum í tengslum við nýtingu innlendra orkulinda. Með batnandi efnahag í iðnríkjunum kunna skilyrði að skapast fyrir slíkum framkvæmdum síðar á þessum áratug. Loks er rétt að ítreka að 1½-2% hagvöxtur á ári er minni vöxtur en að jafnaði er gert ráð fyrir í iðnríkjunum og því er brýnt að leita leiða til að ná meiri árangri. Hagvöxtinn má þó ekki örva á kostnað markmiðsins um afgang á viðskiptajöfnuði.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1992-1995

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994	Þjóðhags-áætlun 1995	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994	Þjóðhags-áætlun 1995
1. Einkaneysla	249.044	248.952	257.808	268.153	-4,4	-4,5	2,0	2,0
2. Samneysla	80.375	84.037	86.539	90.215	-0,8	2,0	1,1	1,6
3. Fjármunamyndun	69.599	64.950	67.176	70.015	-11,1	-10,4	0,0	2,2
4. Neysla og fjárfesting, alls	399.018	397.939	411.523	428.383	-5,0	-4,2	1,5	2,0
5. Birgðabreytingar [2]	-406	557	0	0	-0,3	0,2	-0,3	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	398.612	398.496	411.523	428.382	-5,3	-4,0	1,2	2,0
7. Útflutningur vöru og þjónustu	121.248	135.018	149.772	157.017	-1,7	6,4	4,9	1,1
8. Innflutningur vöru og þjónustu	121.943	122.759	134.585	141.986	-7,8	-8,5	3,1	2,9
9. Verg landsframleiðsla	**397.917**	**410.755**	**426.709**	**443.413**	**-3,3**	**0,9**	**1,9**	**1,4**
10. Jöfnuður þáttatekna	-11.305	-12.106	-12.128	-13.007	-	-	-	-
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	-12.000	153	3.059	2.024	-	-	-	-
12. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**386.612**	**398.649**	**414.582**	**430.405**	**-3,4**	**0,8**	**2,4**	**1,5**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	-0,7	-1,7	-0,7	0,2
14. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	**-4,1**	**-0,9**	**1,7**	**1,8**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	-3,0	0,0	0,7	0,5

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1992-1995

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994	Þjóðhags-áætlun 1995	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994	Þjóðhags-áætlun 1995
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	70.210	76.752	81.380	82.983	-2,0	6,0	2,0	-1,0
Ál	7.964	8.374	10.750	12.546	0,4	1,5	3,6	1,5
Kísiljárn	1.545	2.370	2.450	2.886	8,7	27,5	-4,4	10,0
Annað	7.714	8.161	9.467	10.556	-10,5	-1,4	9,5	9,6
Samtals	**87.433**	**95.657**	**104.046**	**108.971**	**-2,6**	**6,7**	**2,6**	**0,5**
Útflutt skip og flugvélar	523	1.221	1.400	400	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	123	2.174	0	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**87.833**	**94.704**	**105.446**	**109.371**	**-1,0**	**5,1**	**5,1**	**-0,5**
Vöruinnflutningur alls	**87.909**	**82.393**	**90.740**	**95.370**	**-7,6**	**-14,1**	**4,0**	**2,5**
Almennur vöruinnflutningur	75.672	75.305	81.426	85.6858	-7,4	-7,0	2,6	3,3
þ.a. olía	7.087	7.357	7.536	7.918	11,8	-3,5	2,7	2,7
þ.a. annað	68.585	67.948	73.891	77.740	-11,3	-10,2	2,5	3,4
Sérstakur vöruinnflutningur	12.237	7.088	9.313	9.712	-0,1	-37,2	13,9	-3,2
Vöruskiptajöfnuður	**-76**	**12.311**	**14.706**	**14.001**	-	-	-	-
Þjónustutekjur [2]	33.415	40.314	44.327	47.646	-3,7	9,9	4,6	5,2
Þjónustugjöld [2]	34.034	40.366	43.846	46.616	-8,2	6,4	1,2	3,9
Þjónustujöfnuður [2]	**-619**	**-52**	**481**	**1.030**	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna	**-11.305**	**-12.106**	**-12.128**	**-13.007**	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	**-12.000**	**153**	**3.059**	**2.024**	-	-	-	-

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Án þáttatekna.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1992-1995

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994	Þjóðhags-áætlun 1995	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994	Þjóðhags-áætlun 1995
Fjármunamyndun alls	**69.599**	**64.950**	**67.176**	**70.015**	**-11,1**	**-10,4**	**0,0**	**2,2**
I Atvinnuvegirnir	**36.120**	**29.260**	**31.476**	**34.015**	**-17,1**	**-23,9**	**2,0**	**5,5**
1. Landbúnaður	1.627	1.600	1.700	1.650	-12,8	-6,9	1,5	-5,0
2. Fiskveiðar [2]	5.950	2.150	3.200	2.000	98,8	-67,1	39,6	-38,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.408	1.600	2.200	2.250	-4,1	5,1	30,4	0,0
4. Álverksmiðja	342	580	300	650	-63,2	59,0	-50,8	112,0
5. Járnblendiverksmiðja	10	40	110	70	-77,1	289,8	161,8	-38,0
6. Annar iðnaður	5.080	4.900	5.200	5.600	-13,9	-10,5	0,0	5,0
7. Rafvirkjanir og rafveitur	2.352	2.200	1.600	1.550	-59,7	-9,3	-28,5	-5,0
8. Hitaveitur	956	900	950	1.000	27,9	-7,9	3,1	3,0
9. Vatnsveitur	549	650	650	650	-25,6	15,9	-2,3	-2,0
10. Byggingarstarfsemi o.fl. (Vinnuvélar)	1.562	1.528	1.600	1.600	-39,3	-12,1	-2,5	-2,0
11. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4.397	4.130	3.900	4.000	-0,8	-8,1	-7,8	0,0
12. Samgöngur	7.387	4.190	4.400	7.250	-37,4	-46,3	-1,3	60,0
13. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	1.854	1.900	2.400	2.100	23,5	-3,2	20,3	-14,0
14. Tölvu- og skrifstofubúnaður	2.646	2.892	3.266	3.645	-4,7	-1,8	4,4	6,0
II Íbúðarhús	**18.912**	**18.550**	**19.400**	**20.800**	**-3,3**	**-4,0**	**2,0**	**5,0**
III Fjárfesting hins opinbera	**14.567**	**17.140**	**16.300**	**15.200**	**-3,6**	**15,1**	**-7,1**	**-8,6**
1. Vegir og brýr	2.641	4.440	3.800	2.400	-0,4	64,2	-16,4	-38,0
2. Götur og holræsi	3.156	3.400	3.300	3.600	-8,2	5,2	-5,2	7,0
3. Byggingar hins opinbera	8.770	9.300	9.200	9.200	-2,7	3,8	-3,4	-2,0

Skýringar:

1) Magnbreytingar 1992-1993 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990, en spá 1994 og 1995 á verðlagi fyrra árs.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar en þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða á þessum árum.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1983-1993

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993
1. Einkaneysla	41.016	55.872	77.240	99.196	133.557	161.068	190.254	223.729	248.999	249.044	248.952
2. Samneysla	12.050	14.701	21.130	28.776	38.981	50.537	60.341	69.989	78.157	80.375	84.037
3. Fjármunamyndun	14.839	19.337	25.528	30.778	42.593	50.503	58.730	70.007	76.060	69.599	64.950
4. Birgðabreytingar	-1.070	-661	-3.111	-3.748	-3.783	-3.085	-8.143	-4.546	-1.226	-406	557
5. Þjóðarútgjöld alls	66.834	89.249	120.788	155.003	211.347	259.023	301.182	359.179	401.990	398.612	398.496
6. Útflutningur alls	26.683	33.765	48.774	61.961	71.681	81.721	106.282	124.246	124.943	121.248	135.018
6.1 Vörur, fob	18.623	23.557	33.750	44.968	53.053	61.667	80.072	92.452	91.560	87.833	94.704
6.2 Þjónusta	8.060	10.208	15.024	16.993	18.628	20.054	26.210	31.794	33.383	33.415	40.314
7. Frádr.:Innflutningur alls	25.275	33.871	48.663	55.880	73.965	84.100	99.240	119.595	130.305	121.943	122.759
7.1 Vörur, fob	18.156	23.889	33.760	40.988	55.020	61.996	72.603	87.652	94.639	87.909	82.393
7.2 Þjónusta	7.119	9.982	14.903	14.892	18.945	22.104	26.637	31.943	35.666	34.034	40.365
8. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	68.242	89.144	120.899	161.085	209.063	256.644	308.224	363.830	396.628	397.917	410.755
9. *Jöfnuður þáttatekna*	-2.671	-4.024	-4.824	-5.302	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-12.686	-11.305	-12.106
10. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	65.571	85.119	116.075	155.782	204.264	250.138	297.060	351.429	383.942	386.612	398.649
11. Viðskiptajöfnuður	-1.263	-4.130	-4.713	779	-7.083	-8.885	-4.122	-7.750	-18.048	-12.000	153
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	467	-332	-10	3.980	-1.967	-329	7.469	4.800	-3.079	-76	12.311
11.2 Þjónustujöfnuður	941	226	121	2.101	-317	-2.050	-427	-149	-2.283	-619	-52
11.3 Jöfnuður þáttatekna	-2.671	-4.024	-4.824	-5.302	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-12.686	-11.305	-12.106
12. Óbeinir skattar	15.094	20.918	27.638	35.823	48.320	61.324	72.152	79.162	83.965	83.763	86.500
13. Framleiðslustyrkir	2.511	2.866	4.107	5.273	5.988	9.107	12.835	12.953	12.320	13.225	13.700
14. Afskriftir af fjármunaeign	9.330	11.409	15.483	19.696	23.473	29.001	37.267	43.814	48.347	51.423	52.600
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði (15.=10.-12.+13.-14.)	43.658	55.658	77.061	105.536	138.459	168.919	200.476	241.406	263.951	264.650	273.250
Hlutfallsleg skipting											
1. Einkaneysla	60,1%	62,7%	63,9%	61,6%	63,9%	62,8%	61,7%	61,5%	62,8%	62,6%	60,6%
2. Samneysla	17,7%	16,5%	17,5%	17,9%	18,6%	19,7%	19,6%	19,2%	19,7%	20,2%	20,5%
3. Fjármunamyndun	21,7%	21,7%	21,1%	19,1%	20,4%	19,7%	19,1%	19,2%	19,2%	17,5%	15,8%
4. Birgðabreytingar	-1,6%	-0,7%	-2,6%	-2,3%	-1,8%	-1,2%	-2,6%	-1,2%	-0,3%	-0,1%	0,1%
5. Þjóðarútgjöld alls	97,9%	100,1%	99,9%	96,2%	101,1%	100,9%	97,7%	98,7%	101,4%	100,2%	97,0%
6. Útflutningur vöru og þjónustu	39,1%	37,9%	40,3%	38,5%	34,3%	31,8%	34,5%	34,1%	31,5%	30,5%	32,9%
6.1 Vörur, fob	27,3%	26,4%	27,9%	27,9%	25,4%	24,0%	26,0%	25,4%	23,1%	22,1%	23,1%
6.2 Þjónusta	11,8%	11,5%	12,4%	10,5%	8,9%	7,8%	8,5%	8,7%	8,4%	8,4%	9,8%
7. Frádr.:Innflutningur vöru og þjónustu	37,0%	38,0%	40,3%	34,7%	35,4%	32,8%	32,2%	32,9%	32,9%	30,6%	29,9%
7.1 Vörur, fob	26,6%	26,8%	27,9%	25,4%	26,3%	24,2%	23,6%	24,1%	23,9%	22,1%	20,1%
7.2 Þjónusta	10,4%	11,2%	12,3%	9,2%	9,1%	8,6%	8,6%	8,8%	9,0%	8,6%	9,8%
8. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
9. Jöfnuður þáttatekna	-3,9%	-4,5%	-4,0%	-3,3%	-2,3%	-2,5%	-3,6%	-3,4%	-3,2%	-2,8%	-2,9%
10. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	96,1%	95,5%	96,0%	96,7%	97,7%	97,5%	96,4%	96,6%	96,8%	97,2%	97,1%
11. Viðskiptajöfnuður	-1,9%	-4,6%	-3,9%	0,5%	-3,4%	-3,5%	-1,3%	-2,1%	-4,6%	-3,0%	0,0%
12. Óbeinir skattar	22,1%	23,5%	22,9%	22,2%	23,1%	23,9%	23,4%	21,8%	21,2%	21,1%	21,1%
13. Framleiðslustyrkir	3,7%	3,2%	3,4%	3,3%	2,9%	3,5%	4,2%	3,6%	3,1%	3,3%	3,3%
14. Afskriftir af fjármunaeign	13,7%	12,8%	12,8%	12,2%	11,2%	11,3%	12,1%	12,0%	12,2%	12,9%	12,8%
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði	64,0%	62,4%	63,7%	65,5%	66,2%	65,8%	65,0%	66,4%	66,5%	66,5%	66,5%
Magnvísitölur 1990=100											
1. Einkaneysla	80,4	83,4	86,9	92,9	107,9	103,8	99,5	100,0	104,1	99,5	95,1
2. Samneysla	72,6	73,0	77,8	83,4	88,9	93,0	95,8	100,0	103,2	102,3	104,3
3. Fjármunamyndun	82,0	89,6	90,6	88,8	105,8	105,7	97,5	100,0	102,0	90,7	81,3
4. Þjóðarútgjöld alls	78,5	83,5	85,8	89,5	103,6	103,1	98,6	100,0	105,2	99,6	95,6
5. Útflutningur alls	81,0	83,0	92,1	97,6	100,8	97,2	100,0	100,0	94,2	92,6	98,6
5.1 Vörur	76,0	77,5	86,3	95,0	99,2	98,0	101,4	100,0	92,1	91,2	95,9
5.2 Þjónusta	96,6	99,9	110,4	105,7	105,9	94,7	95,7	100,0	100,4	96,7	106,2
6. Frádr.:Innflutningur alls	77,8	84,9	92,9	93,8	115,6	110,3	99,0	100,0	105,5	97,3	89,0
6.1 Vörur	75,8	81,1	87,9	94,7	118,3	111,9	99,7	100,0	104,9	96,9	83,2
6.2 Þjónusta	83,6	96,2	107,7	91,4	107,8	105,8	97,0	100,0	107,4	98,6	104,9
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	79,6	82,9	85,6	90,9	98,7	98,7	98,9	100,0	101,3	98,0	98,8
8. Jöfnuður þáttatekna	63,2	74,7	77,5	78,3	81,0	93,0	100,5	100,0	106,5	106,1	112,2
9. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	80,3	83,2	86,0	91,5	99,5	98,9	98,9	100,0	101,1	97,7	98,3
10. VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR	79,5	82,3	84,7	92,2	102,0	101,1	99,5	100,0	102,6	98,4	97,5

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993
Verðvísitölur 1990=100											
1. Einkaneysla	22,8	29,9	39,7	47,7	55,3	69,3	85,5	100,0	106,9	111,9	117,0
2. Samneysla	23,7	28,8	38,8	49,3	62,7	77,6	90,0	100,0	108,3	112,3	115,1
3. Fjármunamyndun	25,9	30,8	40,3	49,5	57,5	68,2	86,1	100,0	106,5	109,6	114,1
4. Þjóðarútgjöld alls	23,7	29,7	39,2	48,2	56,8	70,0	85,1	100,0	106,4	111,4	116,0
5. Útflutningur alls	26,5	32,8	42,6	51,1	57,2	67,7	85,5	100,0	106,7	105,4	110,3
5.1 Vörur	26,5	32,9	42,3	51,2	57,9	68,1	85,4	100,0	107,5	104,1	106,8
5.2 Þjónusta	26,2	32,1	42,8	50,6	55,3	66,6	86,2	100,0	104,6	108,7	119,3
6. Frádr.:Innflutningur alls	27,2	33,3	43,8	49,8	53,5	63,7	83,8	100,0	103,2	104,8	115,3
6.1 Vörur	27,3	33,6	43,8	49,4	53,0	63,2	83,1	100,0	103,0	103,5	112,9
6.2 Þjónusta	26,7	32,5	43,3	51,0	55,0	65,4	85,9	100,0	104,0	108,1	120,5
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	23,6	29,6	38,8	48,7	58,2	71,5	85,6	100,0	107,6	111,6	114,2
8. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	23,2	29,1	38,4	48,5	58,4	72,0	85,5	100,0	108,0	112,6	115,3
%-br. frá fyrra ári, magn											
1. Einkaneysla	-5,6%	3,7%	4,2%	6,9%	16,2%	-3,8%	-4,2%	0,5%	4,1%	-4,4%	-4,5%
2. Samneysla	4,7%	0,6%	6,5%	7,3%	6,5%	4,7%	3,0%	4,4%	3,2%	-0,8%	2,0%
3. Fjármunamyndun	-12,7%	9,4%	1,0%	-1,9%	19,1%	-0,0%	-7,8%	2,6%	2,0%	-11,1%	-10,4%
4. Þjóðarútgjöld alls	-8,6%	6,4%	2,7%	4,4%	15,8%	-0,5%	-4,4%	1,4%	5,2%	-5,3%	-4,0%
5. Útfl. vöru og þjónustu	11,0%	2,4%	11,1%	5,9%	3,3%	-3,6%	2,9%	-0,0%	-5,8%	-1,7%	6,4%
5.1 Vörur	13,4%	2,0%	11,3%	10,1%	4,4%	-1,2%	3,5%	-1,4%	-7,9%	-1,0%	5,1%
5.2 Þjónusta	5,5%	3,4%	10,5%	-4,3%	0,2%	-10,6%	1,1%	4,5%	0,4%	-3,7%	9,9%
6. Frádr.:Innfl.vöru og þjónustu	-9,7%	9,1%	9,4%	0,9%	23,3%	-4,6%	-10,3%	1,0%	5,5%	-7,8%	-8,5%
6.1 Vörur	-10,8%	6,9%	8,4%	7,7%	25,0%	-5,5%	-10,9%	0,3%	4,9%	-7,6%	-14,1%
6.2 Þjónusta	-6,7%	15,1%	11,9%	-15,1%	18,0%	-1,8%	-8,3%	3,0%	7,4%	-8,2%	6,4%
7. **VERG LANDSFRAMLEIÐSLA**	-2,2%	4,1%	3,3%	6,2%	8,6%	-0,0%	0,3%	1,1%	1,3%	-3,3%	0,9%
8. Jöfnuður þáttatekna	32,5%	18,2%	3,7%	1,0%	3,5%	14,8%	8,0%	-0,5%	6,5%	-0,4%	5,7%
9. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	-3,1%	3,6%	3,3%	6,4%	8,8%	-0,6%	-0,0%	1,2%	1,1%	-3,4%	0,7%
10. VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR	-3,7%	3,4%	2,9%	8,9%	10,7%	-0,9%	-1,6%	0,5%	2,6%	-4,1%	-0,9%
%-br. frá fyrra ári, verð											
1. Einkaneysla	82,1%	31,4%	32,6%	20,1%	15,9%	25,4%	23,3%	17,0%	6,9%	4,7%	4,6%
2. Samneysla	65,8%	21,3%	35,0%	27,0%	27,1%	23,9%	15,9%	11,2%	8,3%	3,7%	2,5%
3. Fjármunamyndun	74,8%	19,2%	30,7%	22,9%	16,2%	18,7%	26,1%	16,2%	6,5%	2,9%	4,2%
4. Þjóðarútgjöld alls	76,4%	25,5%	31,8%	22,9%	17,8%	23,2%	21,6%	17,6%	6,4%	4,7%	4,1%
5. Útfl. vöru og þjónustu	92,8%	23,6%	30,1%	19,9%	12,0%	18,3%	26,3%	16,9%	6,7%	-1,3%	4,7%
5.1 Vörur	93,7%	24,0%	28,8%	21,0%	13,1%	17,7%	25,4%	17,1%	7,5%	-3,1%	2,6%
5.2 Þjónusta	91,6%	22,5%	33,2%	18,1%	9,4%	20,4%	29,3%	16,1%	4,6%	3,9%	9,8%
6. Frádr.:Innfl.vöru og þjónustu	95,3%	22,8%	31,3%	13,8%	7,4%	19,2%	31,5%	19,3%	3,2%	1,5%	10,1%
6.1 Vörur	96,4%	23,1%	30,4%	12,7%	7,4%	19,2%	31,4%	20,4%	3,0%	0,6%	9,1%
6.2 Þjónusta	92,4%	21,8%	33,4%	17,7%	7,8%	18,8%	31,4%	16,4%	4,0%	3,9%	11,5%
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	76,2%	25,4%	31,3%	25,5%	19,5%	22,8%	19,8%	16,8%	7,6%	3,7%	2,3%
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	237,041	239,498	241,403	243,209	245,962	249,885	252,746	254,788	257,965	261,103	263,785
Magnvísitala, 1990=100	93,0	94,0	94,7	95,5	96,5	98,1	99,2	100,0	101,2	102,5	103,5
Magnvísitölur á mann											
1. Einkaneysla	86,4	88,7	91,7	97,3	111,8	105,9	100,3	100,0	102,9	97,1	91,8
2. Samneysla	78,1	77,7	82,1	87,4	92,1	94,9	96,6	100,0	101,9	99,8	100,8
3. Fjármunamyndun	88,1	95,4	95,6	93,1	109,6	107,8	98,3	100,0	100,8	88,5	78,5
4. Þjóðarútgjöld alls	84,4	88,9	90,5	93,8	107,4	105,1	99,4	100,0	103,9	97,2	92,4
5. Útflutningur alls	87,1	88,3	97,2	102,3	104,4	99,1	100,8	100,0	93,1	90,4	95,2
6. Frádr.:Innflutningur alls	83,6	90,4	98,1	98,3	119,8	112,5	99,8	100,0	104,2	95,0	86,0
7. **VERG LANDSFRAMLEIÐSLA**	85,5	88,2	90,3	95,2	102,3	100,6	99,7	100,0	100,1	95,6	95,4
8. Jöfnuður þáttatekna	67,9	79,5	81,8	82,0	83,9	94,8	101,3	100,0	105,2	103,5	108,3
9. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	86,3	88,6	90,7	95,8	103,1	100,9	99,7	100,0	99,9	95,3	95,0
10. VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR	85,5	87,5	89,4	96,5	105,7	103,1	100,3	100,0	101,3	96,0	94,1

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1984-1995

		1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætl. 1994	Spá 1995
I	**Vísitölur 1980=100**												
	Tekjur												
	Ráðstöfunartekjur á mann	505	743	977	1.424	1.737	1.937	2.130	2.332	2.364	2.355	2.395	2.455
	Verðlag												
	Framfærsluvísitala	542	718	871	1.034	1.297	1.571	1.804	1.926	1.995	2.077	2.108	2.150
	Byggingarvísitala	505	668	832	979	1.153	1.420	1.673	1.800	1.843	1.884	1.931	1.979
	Lánskjaravísitala	546	713	888	1.043	1.287	1.524	1.760	1.894	2.013	2.013	2.045	2.097
	Kaupmáttur [1]												
	Ráðstöfunartekjur á mann	93	104	112	138	134	123	118	121	118	113	114	114
	Gengi												
	Meðalverð erl. gjaldmiðla	448	573	659	684	781	982	1.104	1.103	1.109	1.201	1.255	1.255
	Raungengi miðað við verð	95	93	95	104	109	101	97	100	100	94	89	88
	Raungengi miðað við laun	83	85	86	109	113	98	87	90	91	83	78	78
II	**Breytingar frá fyrra ári, %**												
	Tekjur												
	Ráðstöfunartekjur á mann	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,5	1,3	-0,3	1,7	2,5
	Verðlag												
	Framfærsluvísitala	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,6	4,1	1,5	2,0
	Byggingarvísitala	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,5	2,5
	Lánskjaravísitala	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,5	7,6	3,7	2,5	1,6	2,5
	Kaupmáttur [1]												
	Ráðstöfunartekjur á mann	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,9	-4,2	2,5	-2,2	-4,2	0,2	0,5
	Gengi												
	Meðalverð erl. gjaldmiðla	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,0	0,0
	Raungengi miðað við verð	4,9	-1,6	2,0	9,5	5,2	-8,1	-3,1	2,6	0,1	-6,2	-5,4	-0,3
	Raungengi miðað við laun	-1,0	1,3	2,2	26,2	4,0	-13,5	-10,9	6,4	3,3	-9,5	-6,5	-0,1

Skýringar:

1) Miðað við framfærsluvísitölu.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1986-1995

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðabirgðatölur 1994	Spá 1995
Þúsund tonn										
Þorskur	366	390	376	354	334	307	267	260	230	185
Annar botnfiskur	266	294	321	338	340	348	318	324	343	349
Ýsa	47	40	53	62	66	54	47	47	54	65
Ufsi	64	78	74	80	95	99	78	72	69	75
Karfi	86	88	94	92	91	97	94	97	90	77
Úthafskarfi	-	-	-	1	4	8	14	20	45	45
Steinbítur	12	13	15	14	14	18	16	11	14	14
Grálúða	31	45	49	58	37	35	32	34	30	30
Skarkoli	13	11	14	11	11	11	11	13	11	13
Annað	13	20	22	20	22	26	27	30	30	30
Síld	66	75	93	97	90	79	123	117	103	120
Loðna	898	810	911	653	694	260	798	941	1.000	1.150
Humar	3	3	2	2	2	2	2	2	2	2
Rækja	36	39	30	27	30	38	47	56	62	60
Hörpudiskur	16	13	10	11	12	11	12	11	11	10
Annað	5	13	15	14	4	6	7	8	5	5
Heildarafli	1.656	1.637	1.758	1.496	1.506	1.050	1.574	1.719	1.756	1.881
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði 1), %:										
Samtals	9,8	6,7	-1,0	-3,8	-2,9	-6,1	0,1	3,8	-1,2	-3,4
Samtals án loðnu	11,5	7,7	-1,3	-1,8	-3,4	-2,0	-5,8	2,1	-2,1	-5,8

Skýringar:


1) Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Aflamagn árin 1984-1989 er á verðlagi ársins 1987. Aflamagn árin 1989-1995 er á verðlagi ársins 1990. Allur afli, heima og erlendis er verðlagður miðað við innanlandsverð afla upp úr sjó. 30 þúsund tonna Smuguafli og rúmlega 1500 tonna rækjuafli úr Flæmska hattinum er innifalin í afla áranna 1994-1995.


Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1946-1995 [1)]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1946	15,5	4,4%	16,4	8,1%
1947	17,3	11,1%	17,7	8,2%
1948	17,6	2,0%	17,8	0,1%
1949	17,3	-2,0%	17,0	-4,5%
1950	16,9	-2,2%	16,0	-5,5%
1951	16,5	-2,1%	15,3	-4,3%
1952	16,4	-1,0%	15,2	-0,8%
1953	18,9	15,4%	18,0	18,1%
1954	20,6	9,4%	19,9	10,6%
1955	22,7	9,7%	21,9	10,2%
1956	23,2	2,4%	22,2	1,2%
1957	23,2	-0,1%	21,9	-1,2%
1958	25,0	7,9%	24,2	10,4%
1959	25,5	2,0%	24,8	2,3%
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,3	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,8	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,5	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,5	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,9	5,9%	74,3	6,1%
1979	72,3	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,4	5,7%	78,7	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,6	-2,2%	79,5	-3,7%
1984	82,9	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,0	10,7%
1988	98,7	-0,1%	101,1	-0,9%
1989	98,9	0,3%	99,5	-1,6%
1990	100,0	1,1%	100,0	0,5%
1991	101,3	1,3%	102,5	2,5%
1992	98,0	-3,3%	98,4	-4,1%
1993	98,8	0,9%	97,5	-0,9%
1994	100,7	1,9%	99,2	1,7%
1995	102,1	1,4%	100,9	1,8%

Skýringar:

1) Bráðabirgðatölur fyrir 1993, áætlun fyrir 1994 og spá fyrir 1995.


Verg landsframleiðsla 1945-1995
Vísitala 1990=100
120
100
80
60
40
20
0
1945 1950 1955 1960 1965 1970 1975 1980 1985 1990 1995


Verg landsframleiðsla 1945-1995
%
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári
20
15
10
5
0
-5
-10
1945 1950 1955 1960 1965 1970 1975 1980 1985 1990 1995

Tafla 8. Atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni árin 1982-1994

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætl. 1994
Fjöldi alls													
Höfuðborgarsvæði	264	464	519	311	253	114	177	859	913	696	1933	3173	3570
Landsbyggð	505	723	961	794	570	470	643	1267	1343	1205	1935	2428	2730
Vesturland	66	84	112	100	63	66	102	192	186	137	216	272	370
Vestfirðir	4	15	23	20	8	27	16	40	22	18	43	115	130
Norðurland vestra	110	127	110	81	75	58	101	179	155	151	196	227	300
Norðurland eystra	143	220	326	247	169	119	166	312	403	351	487	690	830
Austurland	63	75	119	90	59	58	74	160	198	169	219	282	300
Suðurland	48	106	143	104	107	98	134	231	236	202	339	424	440
Suðurnes	70	96	129	151	89	45	50	153	142	177	436	417	360
Samtals	**769**	**1187**	**1481**	**1105**	**823**	**584**	**820**	**2125**	**2255**	**1901**	**3868**	**5601**	**6300**
Fjöldi karla													
Höfuðborgarsvæði	131	265	264	148	158	52	93	450	479	394	1017	1535	1650
Landsbyggð	194	335	389	306	246	185	232	488	584	564	917	1178	1280
Vesturland	14	34	37	31	26	21	22	46	46	51	95	127	170
Vestfirðir	4	9	11	11	7	15	7	18	11	10	22	54	60
Norðurland vestra	39	62	50	37	36	28	42	71	74	82	112	119	130
Norðurland eystra	80	129	155	113	85	49	67	141	216	184	257	342	410
Austurland	24	42	56	40	32	31	32	68	81	82	116	164	160
Suðurland	19	37	43	32	37	30	45	94	107	93	164	201	200
Suðurnes	15	23	37	41	24	11	17	50	51	62	151	173	150
Samtals	**326**	**600**	**653**	**455**	**404**	**237**	**325**	**938**	**1063**	**959**	**1934**	**2713**	**2930**
Fjöldi kvenna													
Höfuðborgarsvæði	132	199	255	163	95	62	84	408	434	301	915	1639	1920
Landsbyggð	311	388	573	488	324	285	411	779	758	641	1018	1250	1450
Vesturland	52	50	74	69	38	45	80	147	140	86	121	146	200
Vestfirðir	0	6	12	9	2	12	9	23	11	9	21	62	70
Norðurland vestra	72	65	60	44	39	31	58	108	81	69	84	109	170
Norðurland eystra	64	91	171	134	84	70	99	171	187	166	230	348	420
Austurland	39	34	63	50	27	27	42	92	118	87	104	119	140
Suðurland	29	69	100	72	70	68	89	136	129	109	174	223	240
Suðurnes	55	73	92	110	65	33	33	103	91	115	284	244	210
Samtals	**443**	**587**	**828**	**650**	**419**	**347**	**495**	**1187**	**1192**	**942**	**1934**	**2889**	**3370**
Alls, %													
Höfuðborgarsvæði	0,4	0,7	0,8	0,4	0,4	0,1	0,2	1,1	1,2	0,9	2,6	4,2	4,7
Landsbyggð	1,0	1,4	1,8	1,5	1,1	0,8	1,2	2,4	2,5	2,3	3,7	4,5	5,0
Vesturland	1,0	1,2	1,6	1,4	0,9	0,9	1,4	2,6	2,6	1,9	3,0	3,7	5,0
Vestfirðir	0,1	0,3	0,4	0,4	0,1	0,5	0,3	0,8	0,4	0,3	0,8	2,1	2,3
Norðurland vestra	2,2	2,6	2,1	1,6	1,5	1,1	2,0	3,4	3,0	2,9	3,8	4,3	5,6
Norðurland eystra	1,2	1,9	2,8	2,1	1,4	1,0	1,4	2,6	3,3	2,9	4,0	5,5	6,5
Austurland	1,0	1,2	1,9	1,4	0,9	0,9	1,2	2,6	3,3	2,9	3,7	4,7	4,9
Suðurland	0,5	1,1	1,5	1,2	1,1	1,0	1,5	2,4	2,4	2,1	3,5	4,3	4,4
Suðurnes	0,9	1,3	1,7	1,9	1,1	0,5	0,7	2,0	1,9	2,3	5,7	5,4	4,6
Samtals	**0,7**	**1,0**	**1,3**	**0,9**	**0,7**	**0,4**	**0,6**	**1,7**	**1,8**	**1,5**	**3,1**	**4,3**	**4,8**
Karlar,%													
Höfuðborgarsvæði	0,4	0,7	0,7	0,4	0,4	0,1	0,2	1,1	1,1	0,9	2,4	3,6	3,8
Landsbyggð	0,6	1,1	1,2	1,0	0,7	0,5	0,7	1,5	1,8	1,8	2,9	3,6	3,8
Vesturland	0,3	0,8	0,9	0,7	0,6	0,5	0,5	1,0	1,1	1,2	2,2	2,8	3,8
Vestfirðir	0,1	0,3	0,3	0,3	0,2	0,5	0,2	0,6	0,3	0,3	0,7	1,6	1,8
Norðurland vestra	1,3	2,1	1,6	1,2	1,2	0,9	1,4	2,3	2,4	2,6	3,6	3,7	4,0
Norðurland eystra	1,1	1,8	2,2	1,6	1,2	0,7	0,9	2,0	3,0	2,5	3,5	4,6	5,4
Austurland	0,6	1,1	1,4	1,0	0,8	0,8	0,9	1,8	2,2	2,3	3,2	4,4	4,2
Suðurland	0,3	0,6	0,8	0,6	0,7	0,5	0,8	1,6	1,8	1,6	2,8	3,4	3,3
Suðurnes	0,3	0,5	0,8	0,9	0,5	0,2	0,4	1,1	1,1	1,3	3,2	3,6	3,1
Samtals	**0,5**	**0,9**	**0,9**	**0,6**	**0,5**	**0,3**	**0,4**	**1,2**	**1,4**	**1,3**	**2,6**	**3,6**	**3,8**
Konur,%													
Höfuðborgarsvæði	0,5	0,7	0,9	0,6	0,3	0,2	0,3	1,3	1,4	1,0	2,9	5,1	5,8
Landsbyggð	1,5	1,9	2,8	2,4	1,5	1,3	2,0	3,7	3,6	3,1	4,9	5,9	6,7
Vesturland	2,0	1,9	2,8	2,5	1,3	1,5	2,9	5,2	5,0	3,1	4,4	5,1	6,9
Vestfirðir	0,0	0,3	0,6	0,4	0,1	0,5	0,4	1,1	0,5	0,4	1,0	2,9	3,2
Norðurland vestra	3,7	3,3	2,9	2,2	1,9	1,5	3,0	5,2	4,0	3,4	4,2	5,3	8,1
Norðurland eystra	1,4	2,0	3,7	2,9	1,7	1,4	2,0	3,5	3,8	3,4	4,6	6,9	8,1
Austurland	1,6	1,4	2,6	2,1	1,1	1,1	1,8	3,9	5,1	3,8	4,5	5,1	5,9
Suðurland	0,8	1,9	2,8	2,0	1,9	1,9	2,6	3,8	3,4	2,8	4,6	5,7	6,0
Suðurnes	1,9	2,6	3,1	3,7	2,1	1,0	1,1	3,4	3,2	4,0	9,9	8,3	7,0
Samtals	**1,0**	**1,2**	**1,7**	**1,3**	**0,8**	**0,6**	**0,9**	**2,2**	**2,3**	**1,8**	**3,7**	**5,4**	**6,2**

3. Frumvarp til lánsfjárlaga [3. mál]

fyrir árið 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 21.250 m.kr. á árinu 1995.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1995 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 8.540 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 4.030 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegs, allt að 2.380 m.kr.
3. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 1.980 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 150 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1995 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.600 m.kr, sbr. 9. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 6.300 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 13.000 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóði, allt að 2.600 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.

8. Ferðamálasjóði, allt að 150 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1995:

1. Íþróttasamband Íslands, allt að 40 m.kr. til þátttöku í stækkun Laugardalshallar gegn veði í eignarhluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöllinni.
2. Flugmálastjórn, allt að 70 m.kr. til endurnýjunar á flugvél.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

8. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 7. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

9. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skal rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

10. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

11. gr.

Lög nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána, falla úr gildi 1. janúar 1995. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að breyta útistandandi ábyrgðarheimildum í lán sbr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

12. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allar skuldir atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar og afhenda Byggðastofnun allar eignir atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar. Jafnframt falla úr gildi 1. janúar 1995 ákvæði 20. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

13. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1995. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1996 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1995 nær til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á því ári. Þannig næst heildarsýn yfir lánsfjármál ríkissjóðs á einum vettvangi. Framsetning frumvarpsins er hliðstæð því sem kemur fram í núgildandi lánsfjárlögum.

Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti lánsfjármála hins opinbera, einkum ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um stöðu fjármagnsmarkaðarins, þá gerð grein fyrir framboði og eftirspurn lánsfjár 1994 og 1995 og því næst fjallað um lánsfjárþörf hins opinbera. Loks er fjallað um efni sérhverrar greinar frumvarpsins.

I. Staða fjármagnsmarkaðarins.

Innlendur fjármagnsmarkaður hefur breyst á allra síðustu árum bæði að því er tekur til framboðs á sparifé en einkum hvað snertir tilhögun á lántökum. Lánsfjármarkaðurinn hefur einnig verið til þess að gera staðbundinn við Ísland þar til á allra síðustu missirum er frelsi til fjármagnsflutninga milli landa hefur komist á. Síðasti áfangi í því efni tekur gildi um nk. áramót þegar hömlum á skammtímafjárskuldbindingum verður aflétt. Í þessu ljósi þarf að skoða fjármagnsmarkaðinn. Ríkissjóður hefur verið og verður væntanlega fyrst um sinn stærsti lántakandinn innan lands og hefur því veigamikil áhrif á þróun peningamarkaðarins.

Bjartari horfur í ríkisfjármálum á árunum 1994 og 1995 benda til þess að ríkissjóður muni draga úr lántökum. Á árinu 1994 stefnir í að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar verði um 22,1 milljarður króna og samsvarandi fjárhæð fyrir 1995 er áætluð um 14,4 milljarðar króna. Lægri lánsfjárþörf ætti að hafa áhrif á vexti til lækkunar ef markaðurinn starfar óheftur og lántökur annarra aðila, þ.e. sveitarfélaga, heimila og atvinnufyrirtækja, aukast ekki. Nokkur veigamikil atriði sem tengjast vaxtaþróuninni verða nú rædd.

Vextir ríkisverðbréfa. Ríkisstjórnin markaði mjög skýra stefnu í vaxtamálum í lok október 1993. Stefnt var að því að ávöxtun spariskírteina færi undir 5% úr 7–8% og aðrir vextir opinberra aðila og lánastofnana tækju mið af því. Þetta náðist í janúar á þessu ári þegar ávöxtun spariskírteina fór undir 5% bæði á 5 og 10 ára bréfum. Ávöxtunarkrafa húsbréfa fylgdi í kjölfarið og fór undir 5% í apríl sl. Vextir á skammtímaverðbréf-

um ríkissjóðs, þriggja mánaða ríkisvíxlum, lækkuðu samhliða og urðu lægstir 4,41%. Árangurinn má einkum rekja til þess að Seðlabankinn, sem er viðskiptavaki spariskírteina ríkissjóðs, húsbréfa og húsnæðisbréfa, hefur beitt peningamálaaðgerðum, þ.e. kaupum og sölu verðbréfa, eftir því sem aðstæður hafa gefið tilefni til og þannig haft áhrif á vextina. Bankinn rýmkaði einnig reglur um lausafjár- og bindiskyldu innlánsstofnana sem hefur örvað viðskipti með óverðtryggða ríkisvíxla og skammtímaverðbréf. Þá hefur ríkissjóður tekið erlend lán til þess að jafna áhrif á lánamarkaðinn.

Um þessar mundir reynir töluvert á markmið í vaxtamálum frá sl. ári. Ávöxtun húsbréfa hefur um nokkurt skeið verið yfir settu viðmiði og útboðum á húsnæðisbréfum Húsnæðisstofnunar hefur verið frestað fyrst um sinn. Einungis spariskírteini ríkissjóðs seljast nú miðað við 5% ávöxtun. Áhugi fjárfesta beinist einkum að skammtímaverðbréfum ríkissjóðs og verðbréfum til lengri tíma sem gefin eru út af öðrum aðilum svo sem lánasjóðum og ríkisfyrirtækjum. Þá er líflegur markaður fyrir skuldabréfaútgáfu sveitarfélaga og einkafyrirtækja. Skuldabréf þessara aðila bera hærri vexti en spariskírteini ríkissjóðs. Það sem af er þessu ári lætur nærri að bæjar- og sveitarfélög hafi boðið verðbréf fyrir um 2,5 milljarða króna, opinberir sjóðir og ríkisfyrirtæki svipaða upphæð, sem og atvinnufyrirtæki í einkaeign. Alls eru þetta því um 6,5–7 milljarðar króna. Raunhæft er að ætla að verðbréfaútgáfa þessara aðila verði 10–12 milljarðar króna á árinu. Þá má nefna að verðbréfasjóðir hafa vaxið hröðum skrefum á árinu, eða um 60%. Útgefin hlutdeildarskírteini þeirra hafa vaxið úr 9 milljörðum króna í ársbyrjun 1993 í um 19 milljarða króna á miðju ári 1994. Aukninguna má að mestu leyti rekja til hárrar ávöxtunar í kjölfar vaxtalækkunar í lok síðasta árs og framan af þessu ári hjá þeim sjóðum sem fjárfestu í íslenskum verðbréfum.

Ávöxtunarkrafa á útgáfu vísitölubundinna spariskírteina að undanförnu hefur farið hækkandi á Verðbréfaþingi Íslands. Þrátt fyrir það hefur eftirspurn eftir bréfum úr eldri flokkum spariskírteina aukist. Ávöxtunarkrafa Seðlabanka á þessum bréfum við sölu er nú 4,4–4,9% eftir gjalddögum. Þetta er vísbending um að fjárfestar hneigist til viðskipta með styttri verðbréf, bæði verðtryggðra og óverðtryggðra, vegna óvissu um verðlagsþróun, niðurstöðu komandi kjarasamninga og alþingiskosninga. Einnig ríki óvissa um þróun vaxta á erlendum fjármagnsmörkuðum en þar hafa vextir verið að hækka. Í alþjóðlegum samanburði má fullyrða að langtímavextir á verðtryggðum spariskírteinum séu fyllilega samkeppnisfærir við áþekk verðbréf erlendis. Á sama tíma eru vextir á óverðtryggðum ríkisvíxlum og ríkisbréfum svipaðir því sem er erlendis.

Ný markaðsbréf ríkissjóðs. Ríkissjóður og Húsnæðisstofnun ríkisins hafa á síðastliðnum þremur árum aukið fjölbreytni verðbréfa til skamms og langs tíma. Í boði hafa verið óverðtryggð 3 til 24 mánaða bréf og verðtryggð 5 til 20 ára bréf. Jafnan hefur verið leitast við að koma til móts við sjónarmið fjárfesta og tryggja að eftirmarkaður myndist með verðbréfin. Fjármálaráðherra hefur nýverið ákveðið að bjóða til sölu nú í október bréf með viðmiðun í evrópsku mynteiningunni ECU, m.a. til þess að koma til móts við þarfir þeirra fjárfesta sem kjósa að dreifa áhættu og ávaxta hluta eigna í erlendum verðbréfum eða ígildi þeirra. Jafnframt liggur fyrir að fjárstreymi úr landi hefur reynst meira á árinu en reiknað var með, en nú er spáð að það geti numið allt að 8 milljörðum króna á árinu öllu. Nýju bréfin eiga að vera til þess fallin að vega gegn fjármagnsflutningi.


Spariskírteini ríkissjóðs eiga langa sögu að baki. Upp á síðkastið hafa spariskírteini með gjalddaga að 5 og 10 árum liðnum verið einráð. Til athugunar er að gefa út skírteini til 15 eða jafnvel 20 ára enda ættu þau að verða álitleg eign fyrir fjárfesta eins og

lífeyrissjóði sem hafa langtímaávöxtun í huga. Þá er þess að geta að snemma árs 1994 var hafin sala óverðtryggðra verðbréfa til tveggja ára, ríkisbréfa. Viðtökur markaðarins voru góðar og hafa selst bréf fyrir um 3,5 milljarða króna. Þessi bréf eru eðlilega næm fyrir þróun vaxta og óvissu sem kann að ríkja. Sala þessara bréfa er þáttur í því að koma í framkvæmd stefnu stjórnvalda um að draga úr verðtryggingu fjárskuldbindinga til skamms tíma. Þegar aðstæður leyfa er stefnt að því að bjóða áþekk bréf til 3–5 ára.

Vextir bankakerfisins. Það sem af er árinu 1994 hefur lánastarfsemi innlánsstofnana dregist saman. Fyrirtæki hafa greitt niður bankaskuldir samtímis því sem sveitarfélög hafa aukið skuldsetningu sína. Lausafjárstaða innlánsstofnana hefur þegar á heildina er litið batnað um 2,2 milljarða króna sl. 12 mánuði og er um 1,2 milljarðar króna á árinu. Stóraukin útboð sveitarfélaga, lánasjóða, ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja einkenna peningamarkaðinn í ár. Þetta má án efa að nokkru leyti skýra með því að fyrirtæki leita á verðbréfamarkað til þess að ná hagstæðum vaxtakjörum enda hafa útlánsvextir innlánsstofnana verið háir þrátt fyrir almenna vaxtalækkun á verðbréfamarkaði.

Afkoma banka og annarra fjármálastofnana hefur batnað hröðum skrefum á árinu og kemur þar margt til. Rekstrarhagræðing hefur orðið, þjónustugjöld sett á og afskriftaþörf minnkað vegna batnandi afkomu atvinnufyrirtækja. Þrátt fyrir þetta hefur vaxtamunur almennra víxillána lánastofnana og skammtíma ríkisverðbréfa fremur aukist heldur en hitt, sbr. mynd.

Skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði.



Lífeyrissjóðir. Árlegt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er yfir 40 milljarðar króna og eru því langveigamesta uppspretta nýs fjármagns í landinu. Geta lífeyrissjóðanna til þess að greiða sjóðsfélögum lífeyri hefur styrkst verulega á síðari árum þar sem háir vextir í landinu hafa gert sjóðunum fært að ávaxta eignir mjög vel. Liður í vaxtaaðgerðum stjórnvalda á sl. ári var að afnema samningsviðskipti lífeyrissjóðanna við Byggingarsjóð ríkisins en beina fjáröflun sjóðsins þess í stað á verðbréfamarkaðinn. Fjáröflun með þessum hætti hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi en eðlilegt verður að telja að langtímafjárfestar standi undir fjárþörf Byggingarsjóðsins. Ríkissjóður hefur því þurft að endurlána Byggingarsjóði ríkisins verulega fjármuni á árinu til þess að gera Húsnæðisstofnun fært að verða við skuldbindingum sínum. Nú er talið að fjárfyrirgreiðsla ríkissjóðs á árinu geti numið allt að 6–7 milljörðum króna.

Lífeyrissjóðir hér á landi hafa ekki tekið þátt í uppbyggingu atvinnulífsins með sama hætti og hliðstæðir sjóðir gera í öðrum löndum. Kaup sjóðanna á hlutabréfum hafa verið óveruleg enda virðast þeir ekki líta á hlutabréf sem langtíma fjárfestingu. Hlutabréfaviðskipti eru í eðli sínu áhættufjárfesting til langs tíma og geta skilað miklum arði um leið og þau treysta þær stoðir sem lífeyrissjóðirnir byggja tilveru sína á. Samkvæmt skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármál lífeyrissjóðanna 1993 nemur hlutabréfaeign þeirra um 2% af heildareign til greiðslu lífeyris.

Húsbréfakerfið. Fasteignaviðskipti hafa tekið við sér á árinu. Í kjölfar þess hefur framboð af húsbréfum verið með meira móti enda hefur ávöxtunarkrafa þeirra hækkað frá miðju þessu ári. Nú er talið að heimild til útgáfu húsbréfa samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1994, alls 11,5 milljarðar króna, verði að fullu nýtt í október eða nóvember nk. Þar sem húsbréfin bera ríkisábyrgð, og fyrir þau er virkur eftirmarkaður, virðast veik rök standa til þess að þau beri 0,3–0,4% hærri vexti en gildir um spariskírteini ríkissjóðs. Ljóst er að leita þarf heimildar til viðbótarútgáfu húsbréfa á þessu ári sem gæti numið 2–4 milljörðum króna. Óvíst er hvaða áhrif þetta hefur á ávöxtunarkröfu bréfanna. Í áætlun um lánsfjárþörf fyrir árið 1995 er gengið út frá að útgáfa húsbréfa fari ekki umfram 13 milljarða króna enda verði gripið til viðeigandi aðgerða.

Vanskil í húsbréfakerfinu.
Hlutfall gjaldfallinna afborgana í þriggja mánaða vanskilum eða meiri.



Heildarútgáfa húsbréfa frá því hún hófst í árslok 1989 nemur nú nær 60 milljörðum króna.Veilur hafa verið að koma í ljós í húsbréfakerfinu. Eins og fram kemur á myndinni að ofan hafa vanskil vaxið á síðustu missirum og nú lætur nærri að fjórðungur gjaldfallinna afborgana húsbréfalána séu í alvarlegum vanskilum, þ.e. þriggja mánaða eða meiri.

Ef innheimta er skoðuð sést að dráttarvextir reiknast á meira en helming lána, send er ítrekun vegna um 40% lána og greiðsluáskorun vegna um 25% þeirra. Fyrir liggur að vanskil í húsbréfakerfinu eru verulega meiri en þekkist í sambærilegum lánakerfum nágrannalanda.

Ástæður mikilla vanskila og viðbrögð við þeim eru nú til sérstakrar athugunar hjá ráðuneytum fjármála og félagsmála í samvinnu við Húsnæðisstofnun ríkisins. Einkum þrennt er til skoðunar. Í fyrsta lagi endurskoðun reglna um greiðslumat íbúðarkaupenda og hvernig þær megi herða. Í öðru lagi reglur um veðmat þeirra eigna sem standa sem trygging fyrir fasteignaveðbréfum íbúðarkaupenda. Loks hækkun núgildandi ábyrgðargjalds, sem er 0,25%, í allt að 0,5% þannig að húsbréfakerfið geti mætt áföllum.

Fjármálaráðherra hefur lagt áherslu á að flytja beri ábyrgð og umsjón með húsbréfakerfinu til banka og sparisjóða. Mikilvægt er að flutningurinn valdi hvorki kollsteypu á fasteignamarkaði né fjármagnsmarkaði. Fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra hafa mótað ákveðnar tillögur sem gætu verið fyrsta skref í þessa átt. Þær miða að því að húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar starfi sem eins konar heildsala og öll viðskipti íbúðarkaupenda

fari um viðkomandi banka og sparisjóð. Tillögurnar eru nú til frekari skoðunar og hafa viðræður farið fram við bankakerfið um frekari útfærslu þeirra.

Ríkisábyrgðir. Gildi ríkisábyrgðar fyrir lánskjör og stöðu opinberra fjármálastofnana í samkeppni við þær sem eru á einkamarkaði er stöðugt að koma betur í ljós. Hér að framan hefur verið vikið að ábyrgð ríkissjóðs á útgefnum húsbréfum en ábyrgðin nær einnig til stærstu fjármálastofnana landsins og fjölmargra annarra þátta. Að undanförnu hafa opinberir fjárfestingarlánasjóðir og ríkisfyrirtæki leitað milliliðalaust eftir fjármagni á innlendum markaði og verið þannig í samkeppni við ríkissjóð um sparifé. Án nokkurs efa hefði gengið verr en raun ber vitni að selja verðbréf þessara aðila án ríkisábyrgðar og vextirnir reynst hærri. Fjárfestingarlánasjóðir og opinber fyrirtæki hafa boðið ávöxtun sem er frá 0,3–0,6% hærri en ríkissjóður hefur miðað við. Þetta hefur vakið spurningar um gildi ríkisábyrgðarinnar og hvernig með hana skuli fara. Rökrétt sýnist að stefna að því að nema ríkisábyrgðina af sjóðum og samkeppnisfyrirtækjum með því að þeim verði breytt í hlutafélög. Að öðrum kosti kemur til álita að ábyrgðin verði takmörkuð í lánsfjárlögum hverju sinni og innheimt ábyrgðargjald líkt og um erlend lán sé að ræða. Þessu til stuðnings má benda á að brátt verður lítill eða enginn greinarmunur gerður á lántökum á innlendum og erlendum markaði. Að öðrum kosti kemur sterklega til álita að umræddum aðilum verði gert að samræma kjör í verðbréfaútgáfum þeim kjörum sem ríkissjóður miðar við. Þannig yrði Lánasýslu ríkisins og Seðlabanka Íslands falið að hafa eftirlit með kjörum innlendrar verðbréfaútgáfu með ríkisábyrgð líkt og gildir um erlendar lántökur, sbr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

II. Framboð og eftirspurn lánsfjár.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands hefur lánsfjáreftirspurn aukist um 2,7%, eða 19,7 milljarða króna, á fyrri hluta árs 1994 í stað 7,6%, eða 51,3 milljarða króna, á sama tíma í fyrra. Á það ber hins vegar að líta að gengisfelling krónunnar í lok júní 1993 hafði talsverð áhrif á reiknaða lánsfjáreftirspurn á fyrri hluta þess árs. Sé leiðrétt fyrir áhrifum hennar óx lánsfjáreftirspurnin um 4–5% á fyrri hluta árs 1993. Vöxturinn er engu að síður mun hægari á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra.

Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er. Hér er um að ræða ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Á eftirfarandi töflu kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurn hefur þróast hjá þessum aðilum að undanförnu:

Lánsfjáreftirspurn innlendra aðila.

	Staða í lok tímabils				Hreyfing, %	
Í milljörðum króna	1992	1993	Júní 1993	Júní 1994	jan.-jún. 1993	jan.-jún. 1994
Ríkið	97,7	125,9	113,7	130,8	16,4	3,9
Sveitarfélög	28,5	31,8	28,6	31,9	0,4	0,3
Fyrirtæki	306,5	328,4	330,2	327,1	7,7	-0,4
Heimili	239,1	266,5	250,5	282,5	4,8	6,0
Samtals	671,8	752,6	723,0	773,0	7,6	2,7

Það er einkum tvennt sem vekur athygli við lestur ofangreindrar töflu. Í fyrsta lagi er það aukning í lántökum heimilanna en lántökur þeirra jukust um 6% á fyrri helmingi ársins. Þessi mikla aukning kemur nokkuð á óvart þar sem búist hafði verið við því að draga kynni úr henni eftir mikla aukningu á undanförnum árum. Svo virðist sem lækkun vaxta á lánsfjármarkaði sl. haust hafi örvað eftirspurn heimila eftir lánsfé og kemur það glöggt fram m.a. í eftirspurn eftir húsbréfalánum. Ef litið er á heildarskuldir heimilanna lætur nærri að hver fjögurra manna fjölskylda hafi skuldað um 4,3 m.kr. í lok júní 1994. Til samanburðar var þessi fjárhæð um 3 m.kr. í árslok 1990 á sama verðlagi. Í öðru lagi vekur athygli samdráttur í lántökum fyrirtækja en hann nemur um 0,4% á fyrri hluta ársins. Auk þess sem útlánaafskriftir lánastofnana leiða til beinnar niðurfærslu reiknaðra lána til fyrirtækja, endurspeglar þessi samdráttur þá kyrrstöðu sem ríkir í fjárfestingu á vegum þeirra. Talið er að fjárfesting á vegum fyrirtækja sé um 7½% af landsframleiðslu hér á landi samanborið við um 10% í nágrannalöndum.

Innlendur sparnaður og erlend lán. Áætlað er að innlendur sparnaður hafi aukist um 4,5% á fyrri hluta ársins og námu peningalegar eignir 525,5 milljörðum króna í lok júní sl. Um er að ræða svipaða hlutfallsaukningu á þessu ári og á fyrri hluta árs 1993. Frjáls sparnaður, þ.e. einkum bankainnlán og markaðsverðbréf, er áætlaður um 234 milljarðar króna og hafði aukist um 3,1% frá ársbyrjun samanborið við tæp 3% á fyrri hluta síðasta árs. Kerfisbundinn sparnaður, fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna, er talinn hafa numið 291,5 milljörðum króna í lok júní og hafði aukist um 5,6% á fyrri hluta ársins samanborið við 6,1% á sama tímabili í fyrra.

Áætlun um peningalegan sparnað.

Í milljörðum króna	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
	1993	1994	1995	1993	1994	1995
Peningalegur sparnaður	503,3	543,9	591,5	26,7	34,9	36,5
Frjáls	227,3	242,7	261,0	6,4	12,4	13,4
Kerfisbundinn	276,1	301,2	330,5	20,3	22,5	23,2
Peningalegur sparnaður, % af landsframleiðslu				6,5	8,2	8,2

Við afgreiðslu fjárlaga 1994 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði um 28 milljarðar króna á árinu en hagstæðari efnahagshorfur valda því að frjáls sparnaður gæti orðið talsvert hærri. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að peningalegur sparnaður muni aukast um 34,9 milljarða króna á þessu ári.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 36,5 milljarðar króna á árinu 1995 eða 8,2% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 23,2 milljarðar króna en hinn frjálsi um 13,4 milljarðar króna. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því ber að skoða niðurstöðurnar með miklum fyrirvara.

Nokkur samdráttur hefur orðið í erlendum lántökum það sem af er árinu. Erlend skammtímalán hafa dregist saman um röska 4 milljarða króna en erlend langtímalán aukist aðeins um 1,9 milljarða króna. Á sama tíma hafa kaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum orsakað útstreymi fjármagns sem nemur um 5,5 milljörðum króna.

III. Lánsfjárþörf hins opinbera.


Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af Iðnlánasjóði hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar fjallað um lántökur hins opinbera óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins. Þannig eru lántökur Húsnæðisstofnunar ríkisins og Iðnlánasjóðs taldar hluti af lánsfjárþörf hins opinbera.

Þetta er mjög víðtæk skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera. Fjármálastofnanir og fyrirtæki eru í eigu hins opinbera hér á landi í mun ríkara mæli en í öðrum aðildarríkjum OECD. Þannig getur þessi skilgreining gefið villandi mynd af umsvifum hins opinbera á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þeirra, sérstaklega í samanburði við önnur lönd.

Lánsfjárþörf hins opinbera er því skipt milli *opinberra aðila* annars vegar og *viðskiptalegra aðila* hins vegar. Undir *viðskiptalega aðila* fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeign í aðildarríkjum OECD. Hér er átt við fyrirtæki á borð við Landsvirkjun og Póst- og símamálastofnun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Undir heitið *opinberir aðilar* falla ríkissjóður og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins að húsbréfadeild frátaldri. Það skal tekið fram að skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera nær ekki til sveitarfélaga og er að því leyti ekki tæmandi.

Á eftirfarandi mynd kemur fram hvernig lánsfjárþörf hins opinbera samkvæmt þessari skilgreiningu, þ.e. opinberir aðilar annars vegar og viðskiptalegir aðilar hins vegar, hefur þróast á undanförnum árum.

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera.



Lánsfjárþörf hins opinbera breytist milli ára sem hér segir:

Í milljörðum króna	Áætlun 1994			Áætlun 1995		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	-	-	**65,0**	-	-	**54,2**
Opinberir aðilar	-	-	38,6	-	-	30,1
Ríkissjóður A-hluti	-	-	36,5	-	-	21,2
Byggingarsjóðir	-	-	2,1	-	-	8,9
Viðskiptalegir aðilar	-	-	26,4	-	-	24,1
Ríkisfyrirtæki	-	-	5,0	-	-	3,0
Húsbréf	-	-	13,5	-	-	13,0
Aðrir	-	-	7,9	-	-	8,1
Afborganir	**20,5**	**22,4**	**42,9**	**27,5**	**12,3**	**39,8**
Opinberir aðilar	12,5	9,7	22,2	18,0	1,6	19,6
Ríkissjóður	6,2	9,7	15,9	10,9	1,6	12,5
Byggingarsjóðir	6,3	-	6,3	7,1	-	7,1
Viðskiptalegir aðilar	8,0	12,7	20,7	9,5	10,7	20,2
Ríkisfyrirtæki	-	5,5	5,5	-	4,5	4,5
Húsbréf	3,1	-	3,1	3,7	-	3,7
Aðrir	4,9	7,2	12,1	5,8	6,2	12,0
Hrein lánsfjárþörf	-	-	**22,1**	-	-	**14,4**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-	-	5,2	-	-	3,2

Heildarlántökur hins opinbera á árinu 1995 eru áætlaðar 54,2 milljarðar króna og afborganir 39,8 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf er þannig áætluð 14,4 milljarðar króna eða 7,7 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Áætlað er að hrein lánsfjárþörf *opinberra aðila* nemi 10,5 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 16,4 milljarða króna árið 1994. Minni lánsfjárþörf ríkissjóðs skýrir lækkunina að nær öllu leyti. Hrein lánsfjárþörf *viðskiptalegra aðila*, þ.e. ríkisfyrirtækja, húsbréfadeildar og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, er talin nema 3,9 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 5,7 milljarða króna í ár. Lækkunin milli ára stafar annars vegar af minni umsvifum húsbréfadeildar og hins vegar aukinni uppgreiðslu lána ríkisfyrirtækja. Ítarlega umfjöllun um lánsfjármál ríkissjóðs og annarra opinberra aðila er að finna síðar í þessari greinargerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð um 21,2 milljarðar króna á árinu 1995. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 12,5 milljörðum króna þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin verða um 8,7 milljarðar króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1994 og 1995 og skiptingu hennar:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	10.875	6.521
Veitt lán, nettó	8.720	1.190
Eignfærð framlög	500	500
Viðskiptareikningar	500	500
Hrein lánsfjárþörf	**20.595**	**8.711**
Afborganir af teknum lánum	15.900	12.500
Heildarlánsfjárþörf	**36.495**	**21.211**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs er saman sett.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1995 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 8.540 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 7.350 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 1.190 m.kr á árinu 1995. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Veitt ný lán	**13.820**	**8.540**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.700	4.030
Alþjóðaflugþjónustan	100	150
Þróunarsjóður sjávarútvegs	3.020	2.380
Húsnæðisstofnun ríkisins	7.000	-
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	1.980

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**5.100**	**7.350**
Bundnar innlendu verðlagi	2.900	3.950
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	2.200	3.400
Veitt lán, nettó	**8.720**	**1.190**

Ríkissjóður hefur fjármagnað Húsnæðisstofnun ríkisins að verulegu leyti á yfirstandandi ári þar sem útgáfa húsnæðisbréfa á vegum stofnunarinnar hefur ekki gengið eftir. Er þetta gert samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 500 m.kr á árinu 1995. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 12.500 m.kr. á árinu 1995 samanborið við 15.900 m.kr. á þessu ári. Greiddar afborganir af erlendum lánum dragast verulega saman milli ára þar sem uppgreiðsla dollaraláns hjá Citibank að fjárhæð 7.500 m.kr. fer fram á yfirstandandi ári. Afborganir af innlendum lánum aukast hins vegar verulega milli ára. Innlausn spariskírteina eykst um 2.800 m.kr. milli ára og 2.000 m.kr. koma til greiðslu vegna ríkisbréfa. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir á árunum 1994 og 1995:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Innlausn spariskírteina	4.700	7.500
Innlausn ríkisbréfa	-	2.000
Önnur innlend lán	1.500	1.400
Erlend lán	9.700	1.600
Samtals	**15.900**	**12.500**

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þessi grein heimilar fjármálaráðherra að endurlána til fimm aðila í B-hluta fjárlaga allt að 8.540 m.kr. af þeirri fjárhæð er kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Þeir eru:

1. **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Gert er ráð fyrir að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 4.030 m.kr. á árinu 1995 og er það um 390 m.kr. hærri fjárhæð en á yfirstandandi ári.
2. **Þróunarsjóður sjávarútvegs.** Gert er ráð fyrir að endurlána nýstofnuðum Þróunarsjóði sjávarútvegs allt að 2.380 m.kr. á árinu 1995. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi með því að draga úr umframafkastagetu.
3. **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.** Gert er ráð fyrir að endurlána Flugstöð Leifs Eiríkssonar allt að 1.980 m.kr. á árinu 1995 til skuldbreytingar eldra láns.
4. **Alþjóðaflugþjónustan.** Áætlað er að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 150 m.kr. á árinu 1995 samanborið við 100 m.kr. í ár. Hér er um að ræða fé til kaupa á tækjum og búnaði fyrir nýja flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, endurgreiði stærstan hluta kostnaðarins á næstu 20 árum.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um viðkomandi stofnanir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett hámark á nýtingu þeirra lántökuheimilda sem kveðið er á um í sérlögum viðkomandi aðila. Er þetta í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem hljóðar svo: „Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert.“ Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. **Landsvirkjun.** Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 3.000 m.kr. á árinu 1995. Engar meiri háttar framkvæmdir eru fyrirhugaðar hjá fyrirtækinu og fer lántakan öll til að endurfjármagna lán sem falla í gjalddaga á næsta ári. Afborganir Landsvirkjunar á næsta ári eru áætlaðar samtals 4.400 m.kr. Þannig koma 1.400 m.kr. úr rekstri til greiðslu afborgana á næsta ári.
2. **Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins.** Gert er ráð fyrir að heimila afgreiðslu húsbréfa fyrir allt að 13.000 m.kr. á árinu 1995. Á yfirstandandi ári er útlit fyrir að afgreiðsla húsbréfa nemi allt að 13.500 m.kr. en var áætluð 11.500 m.kr. í lánsfjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir að nýjar reglur um greiðslumat vegna íbúðarkaupa og hækkun ábyrgðargjalds vegna fasteignaveðbréfa tryggi að starfsemi húsbréfadeildar verði í samræmi við ákvæði lánsfjárlaga á næsta ári.
3. **Byggingarsjóður ríkisins.** Miðað er við að Byggingarsjóði ríkisins verði heimilt að taka að láni allt að 2.600 m.kr. á árinu 1995 en lántökur sjóðsins eru áætlaðar samtals 2.250 m.kr. á yfirstandandi ári.
4. **Byggingarsjóður verkamanna.** Lagt er til að Byggingarsjóði verkamanna verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 6.300 m.kr. á árinu 1995. Lántökur sjóðsins eru áætlaðar samtals 7.450 m.kr. á árinu 1994. Útlán sjóðsins dragast saman milli ára.
5. **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Miðað er við að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 700 m.kr. á árinu 1995 og er það sama fjárhæð og á þessu ári. Til upplýsinga skal þess getið að Stofnlánadeild landbúnaðarins áætlar að taka 175 m.kr. að láni frá Lífeyrissjóði bænda og er sú lántaka að öllu leyti án ábyrgðar ríkissjóðs eins og fyrri lántökur sem þessar.
6. **Byggðastofnun.** Lagt er til að Byggðastofnun verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.000 m.kr. á árinu 1995. Lántökur Byggðastofnunar eru áætlaðar 600 m.kr. á þessu ári. Miðað er við að útlánageta stofnunarinnar sé óbreytt milli ára en afborganir og vextir af teknum lánum aukast verulega milli ára.
7. **Iðnlánasjóður.** Lagt er til að Iðnlánasjóði verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 2.600 m.kr. á árinu 1995 og er það sama fjárhæð og á yfirstandandi ári. Umsvif sjóðsins hafa aukist verulega á undanförnum árum. Lántökur sjóðsins námu til að mynda samtals um 1.700 m.kr. á árinu 1992.
8. **Ferðamálasjóður.** Ferðamálasjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 150 m.kr. á árinu 1995 og er það sama fjárhæð og sjóðnum er heimilað að taka að láni á yfirstandandi ári.

Engin takmörk eru sett á ábyrgð ríkissjóðs á lántökum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, með áorðnum breytingum, önnur en þau sem þar koma fram.

Iðnþróunarsjóður mun ekki taka lán á næsta ári. Útlán sjóðsins verða hins vegar áþekk milli ára þar sem nær engar afborganir af teknum lánum falla til á árinu 1995. Þess skal getið að Iðnþróunarsjóður verður alfarið í eigu íslenska ríkisins í byrjun árs 1995 þar sem endurgreiðslu stofnfjárframlaga til annarra Norðurlanda verður þá lokið.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var ríkisábyrgð afnumin af öllum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992. Þannig er ekki sett þak á lántökur Fiskveiðasjóðs í 4. gr. frumvarpsins. Til upplýsinga eru lántökur Fiskveiðasjóðs áætlaðar 3,5 milljarðar króna á næsta ári.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjármálaráðherra veitt heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur sjálfstæðra aðila sem ekki hafa lántökuheimild í sérlögum, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Á árinu 1995 er gert ráð fyrir að veita tvær almennar ríkisábyrgðir:

1. **Íþróttasamband Íslands.** Ráðgert er að veita Íþróttasambandi Íslands ábyrgð fyrir allt að 40 m.kr. láni til þátttöku í stækkun Laugardalshallar gegn veði í eignarhluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöllinni. Hér er um að ræða samvinnuverkefni Íþróttasambands Íslands og Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar heimsmeistarakeppni í handbolta.
2. **Flugmálastjórn.** Óskað er eftir heimild til að veita Flugmálastjórn ábyrgð fyrir allt að 70 m.kr. láni til endurnýjunar á flugvél stofnunarinnar. Flugvélin er rekin sem sjálfstæð eining innan stofnunarinnar og mun afla tekna til að standa undir endurgreiðslu þessa láns með útseldri þjónustu.

Þá skal þess getið að í 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, segir að fjármálaráðherra sé heimilt að taka lán í stað þess að veita ábyrgðir á veittum lánum þegar það þykir hagkvæmara. Slíkt hefur venjulega verið gert þegar um smærri og áhættusamari lántökur er að ræða.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að lántökur samkvæmt lögum þessum skuli fara fram innan lands eða utan.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að samþykkja að þeir aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, geti ýmist endurfjármagnað lánin þegar hagstæðari kjör bjóðast, stofnað til vaxta- eða skuldaskipta eða nýtt skammtímalánsform þegar það á við, til þess að komast hjá áhrifum af vaxtasveiflum. Í síðastnefnda liðnum felst m.a. heimild til þess að semja um hámark eða lágmark á breytilegum vöxtum.

Um 8. gr.

Hér er áréttað ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, þar sem fram kemur að bera þurfi undir hana lánskjör á nýjum erlendum lánum, sbr. II. kafla þessa frumvarps, svo og lánabreytingar, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Með greininni er ætlað að tryggja að kjör á erlendum lánum þessara aðila séu ávallt í samræmi við það að þau beri ríkisábyrgð.

Um 9. gr.

Í þessari grein segir að til lántöku viðkomandi aðila teljist yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila eða milliganga um töku lána þeirra. Þessar lántökur skulu rúmast innan heimildar sem tilgreind er í II. kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að erlendar fjárhæðir miðist við kaupgengi gjaldmiðla samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að lög nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána, falli úr gildi 1. janúar 1995. Jafnframt er fjármálaráðherra veitt heimild til að breyta útistandandi ábyrgðarheimildum í lán, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins. Er þetta í samræmi við álit nefndar sem fjallaði um stöðu fiskeldis á Íslandi og óskir Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 5. júlí 1994 námu útistandandi ábyrgðarheimildir um 60 m.kr. hjá samtals þremur aðilum.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um ráðstöfun þeirra eigna og skulda atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar sem eftir sitja eftir stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegs. Hér er um að ræða fyrirgreiðslu vegna iðnaðar- og fiskeldisfyrirtækja. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 31. maí 1994 nema skuldir atvinnutryggingardeildar um 830 m.kr. og eignir 200 m.kr.

Með lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, voru felld úr gildi ákvæði 3.–12. gr. laga nr. 9/1989, um aðgerðir í efnahagsmálum, með áorðnum breytingum. Þau ákvæði vörðuðu starfsemi atvinnutryggingardeildar. Lagt er til að ákvæði 20. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, falli úr gildi 1. janúar 1995. Ákvæðið varðar umsjón Byggðastofnunar með iðnaðar- og fiskeldislánum atvinnutryggingardeildar.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Tafla 1 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Hreyfingar í milljónum króna	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Uppruni fjármagns					
1 Eigið framlag	**20 487**	**24 040**	**30 070**	**35 300**	**40 550**
Innborgaðar afborganir og vextir	21 060	24 605	30 275	35 000	41 000
Annað innstreymi	75	136	531	1 120	450
Rekstrarkostnaður	- 648	- 701	- 736	- 820	- 900
2 Framlög, nettó	**9 056**	**9 433**	**9 166**	**7 700**	**7 550**
Iðgjöld	15 478	16 637	16 982	16 400	16 850
Lífeyrisgreiðslur	-6 394	-7 194	-7 816	-8 700	-9 300
Annað, nettó	- 28	- 10	...	...	...
3 Uppruni (1+2)=Ráðstöfun (4+5+6)	**29 543**	**33 473**	**39 236**	**43 000**	**48 100**
Ráðstöfun fjármagns					
4 Útlán og skuldabréfakaup 1)	**28 597**	**33 083**	**38 430**	**42 400**	**47 500**
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	950	2 442	3 580	...	...
Bæjar- og sveitarfélög	1 003	1 394	2 700	...	...
Fjárfestingarlánasjóðir	17 900	18 141	20 800	...	...
þ.a. húsbréf	7 276	9 125	12 300	...	...
þ.a. húsnæðisbréf	...	1 200	4 712	...	...
þ.a. skuldabréf Húsnæðisstofnunar	9 234	6 012	2 395	...	...
Aðrar fjármálastofnanir	3 002	3 587	3 900	...	...
Fyrirtæki	1 076	1 845	2 050	...	...
Hlutabréf	1 183	998	750	...	...
Einstaklingar (sjóðsfélagar)	3 483	4 676	4 650	...	...
5 Aðrar greiðslur, nettó	**135**	**453**	**206**	**100**	**100**
6 Innstæðu- og sjóðsbreyting	**811**	**- 63**	**600**	**500**	**500**

1) Áætlun, byggð á úrtaki ársfjórðungsgagna.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 2 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1995

Milljónir króna	Framkvæmda-sjóður	Byggða-stofnun	Fiskveiða-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Iðnlána-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi	**4 270**	**2 710**	**7 430**	**1 360**	**5 000**	**2 140**	**-2 450**	**20 460**
Sjóðslækkun	800	-	-	-	-	50	-	**850**
Innheimtar afborganir	2 770	900	2 030	870	1 460	620	-1 920	**6 730**
Fjárfestingarlánasjóðir	1 920	-	-	-	-	-	-1 920	**-**
Aðrir	850	900	2 030	870	1 460	620	-	**6 730**
Innheimtir vextir	660	600	1 850	470	790	400	- 530	**4 240**
Fjárfestingarlánasjóðir	530	-	-	-	-	-	- 530	**-**
Aðrir	130	600	1 850	470	790	400	-	**4 240**
Tekin lán	-	1 000	3 500	-	2 600	700	-	**7 800**
Framlög og skatttekjur	-	210	-	-	150	360	-	**720**
Ríkissjóður	-	210	-	-	-	-	-	**210**
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Aðrir	-	-	-	-	150	360	-	**510**
Aðrar tekjur	40	-	50	20	-	10	-	**120**
Útstreymi	**4 270**	**2 710**	**7 430**	**1 360**	**5 000**	**2 140**	**-2 450**	**20 460**
Sjóðsaukning	-	-	160	120	-	-	-	**280**
Rekstrarkostnaður	50	170	150	70	130	60	-	**630**
Fjárfesting	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Greiddar afborganir	3 540	1 375	4 200	180	1 920	1 200	-1 920	**10 495**
Framkvæmdasjóður	-	200	900	-	420	400	-1 920	**-**
Aðrir innlendir aðilar	900	400	1 500	70	640	800	-	**4 310**
Erlendir aðilar	2 640	775	1 800	110	860	-	-	**6 185**
Greiddir vextir	680	515	1 270	220	750	500	- 530	**3 405**
Framkvæmdasjóður	-	80	200	-	50	200	- 530	**-**
Aðrir innlendir aðilar	200	60	380	60	170	300	-	**1 170**
Erlendir aðilar	480	375	690	160	530	-	-	**2 235**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	170	-	-	-	**170**
Veitt lán og styrkir	-	650	1 500	600	2 200	380	-	**5 330**
Annað	-	-	150	-	-	-	-	**150**

Tafla 3 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs										
Erlend langtímalán	75 082	83 806	105 470	151 065	179 712	196 214	209 030	250 265	264 000	-
Erlend skammtímastaða, nettó	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-9 609	660	-	-
Gjaldeyrisstaða	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	-	-
Hrein skuldastaða við útlönd	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 033**	**189 620**	**222 251**	**235 000**	**232 000**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1995 [1]										
Erlend langtímalán	201 379	213 405	228 318	246 180	258 432	267 935	278 319	277 656	269 245	-
Hrein skuldastaða	191 401	214 292	230 221	231 983	232 509	245 840	252 475	246 576	239 669	232 000
Hlutfall af VLF, %										
Erlend langtímalán	46,6	40,1	41,1	49,0	49,4	49,5	52,5	60,9	61,9	-
Hrein skuldastaða	44,3	40,3	41,4	46,2	44,4	45,4	47,7	54,1	55,1	52,3
Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af erlendum langtímalánum	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	14 880	19 125	23 769	35 000	26 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 846	14 028	15 562	16 000	17 000
Samtals	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 726	33 153	39 331	51 000	43 000
Nettóvaxtagreiðslur	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 577	14 700	15 000
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,5	15,1	16,9	22,4	16,0
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	9,7	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	11,1	10,3	10,4
Samtals	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	22,9	26,2	27,9	32,7	26,4
Nettóvaxtagreiðslur	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	10,4	9,4	9,2
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	19,1	16,2	17,4	20,0	20,0	22,9	25,9	27,2	31,9	25,2

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 4 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993
Lántökur	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**30 022**	**32 403**	**30 464**
Opinberir aðilar	4 062	5 561	5 704	2 989	4 745	9 522	8 762	17 300	19 836	14 649
Lánastofnanir	2 715	3 485	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 615
Einkaaðilar	732	886	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	1 200
Afborganir	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 125**	**23 769**
Opinberir aðilar	1 377	1 632	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104
Lánastofnanir	1 427	1 794	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391
Einkaaðilar	1 474	1 030	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 471	3 274
Nettó hreyfing	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**15 142**	**13 278**	**6 695**
Opinberir aðilar	2 685	3 929	3 223	675	2 977	6 791	5 815	13 373	10 649	6 545
Lánastofnanir	1 288	1 691	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 224
Einkaaðilar	- 742	- 144	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	293	-2 074
Vaxtagreiðslur	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 846**	**14 028**	**15 562**
Opinberir aðilar	2 830	3 573	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 483
Lánastofnanir	868	1 210	1 313	1 438	2 074	4 100	5 231	4 964	4 381	4 222
Einkaaðilar	479	476	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 788	1 857
Staða í árslok	**42 559**	**60 857**	**75 083**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**209 030**	**250 265**
Opinberir aðilar	28 946	41 602	50 050	51 547	61 994	85 308	98 093	112 091	122 467	149 563
Lánastofnanir	9 595	14 179	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 852
Einkaaðilar	4 018	5 076	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 487	23 850
Gengisforsendur, krónur/SDR	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6
Meðalvextir	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**6,4**
Opinberir aðilar	10,5	9,2	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,8	6,9	6,6
Lánastofnanir	10,1	9,4	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6
Einkaaðilar	10,5	9,2	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	7,3

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 5 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Frumvarp 1995
Tekin lán	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 785**	**127 112**	**152 961**	**180 639**	**207 494**	**217 491**
Seðlabanki Íslands	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	6	-	-
Spariskírteini	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	36 301	39 089	46 257	-	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	1 257	2 487	6 012	-	-
Ríkisvíxlar	-	931	725	5 892	8 142	8 244	12 545	13 742	-	-
Aðrir innlendir aðilar	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	12 600	11 554	12 318	-	-
Erlend lán	29 304	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	-	-
Lánveitingar	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**62 859**	**66 780**	**65 015**	**75 825**	**78 360**
Veitt lán	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 557	41 352	46 600	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 089	22 472	26 132	-	-
Gengisbundin lán	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 468	18 880	20 468	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	25 302	25 428	18 415	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 727**	**64 253**	**86 181**	**115 624**	**131 668**	**139 131**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	67,1	68,5	69,7	50,6	47,0	49,5	43,7	36,0	36,5	36,0
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	27,3	24,1	25,0	30,0	30,7	31,6	38,3	43,7	48,5	48,8
Þar af erlend lán	18,3	14,5	14,7	17,9	16,4	17,1	21,9	24,9	-	-
Veitt lán	14,0	11,0	11,0	10,4	9,2	9,3	10,4	11,3	13,3	13,2
Þar af gengisbundin lán	6,9	5,2	5,2	5,5	4,3	3,9	4,7	5,0	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	4,0	5,0	6,4	4,6	5,1	6,2	6,3	4,4	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**9,3**	**8,0**	**7,6**	**15,0**	**16,3**	**16,1**	**21,6**	**28,0**	**30,8**	**31,3**

[1] Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 6 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Verðlag og gengi hvers árs										
Heildarskuldir hins opinbera	**49 272**	**58 775**	**77 345**	**110 254**	**127 983**	**144 309**	**172 934**	**203 839**	**234 206**	**247 785**
Innlendar skuldir	19 925	28 767	37 068	51 505	68 003	75 738	82 761	98 135	-	-
Erlendar skuldir	29 347	30 008	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	105 704	-	-
Kröfur hins opinbera	**34 780**	**41 727**	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**77 198**	**88 534**	**91 605**
Veitt lán	25 600	27 518	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	53 783	62 334	64 605
Skatta- og viðskiptakröfur	9 180	14 209	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	23 415	26 200	27 000
Hreinar skuldir hins opinbera	**14 493**	**17 048**	**21 871**	**50 607**	**63 704**	**69 066**	**94 276**	**126 641**	**145 671**	**156 180**
Ríkissjóður	14 574	16 394	20 704	47 960	59 727	64 253	86 181	115 624	131 668	139 131
Bæjar- og sveitarfélög	926	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	13 017	16 003	19 049
Almannatryggingar	-1 007	-1 191	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-2 000	-2 000	-2 000
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1995 [2]										
Heildarskuldir hins opinbera	125 765	134 250	147 588	166 609	167 277	177 491	208 429	219 503	239 510	247 785
Hreinar skuldir hins opinbera	36 548	38 844	41 491	76 053	83 755	85 390	113 093	136 214	148 970	156 180
Hlutfall af VLF, %										
Skuldir hins opinbera	**30,6**	**28,1**	**30,1**	**35,8**	**35,2**	**36,4**	**43,5**	**49,6**	**54,9**	**55,9**
Innlendar skuldir	12,4	13,8	14,4	16,7	18,7	19,1	20,8	23,9	-	-
Erlendar skuldir	18,2	14,4	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	25,7	-	-
Kröfur hins opinbera	**21,6**	**20,0**	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,8**	**20,7**	**20,7**
Hreinar skuldir hins opinbera	**9,0**	**8,2**	**8,5**	**16,4**	**17,5**	**17,4**	**23,7**	**30,8**	**34,1**	**35,2**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við lánskjaravísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

4. Fyrirspurn [4. mál]

til forsætisráðherra um starfslokasamninga.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve margir svokallaðir starfslokasamningar hafa verið gerðir á vegum ráðuneytanna í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?
2. Um hvaða laun og önnur kjör hefur verið samið í þessum samningum í hverju tilviki?
3. Á hvaða forsendum hafa þessir samningar verið gerðir, almennt og í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.

5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

4. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað, en dýralæknar hafa heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjaverðsnefnd, sbr. 40. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lok 117. löggjafarþings hlutu afgreiðslu ný lyfjalög. Minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar gagnrýndi frá upphafi ýmis atriði frumvarps til lyfjalaga og telur hin nýju lög í heild sinni meingölluð. Auk þess hafa komið í ljós einstakir gallar á lögunum sem nauðsynlegt er að leiðrétta án tafar og er frumvarp þetta flutt af því tilefni.

Við þinglega meðferð frumvarps til lyfjalaga gerði meiri hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar fjölmargar breytingar, þar á meðal varðandi lyfsölu dýralækna. Samkvæmt 58. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, sem ný lyfjalög leystu af hólmi, höfðu héraðsdýralæknar heimild til lyfjasölu og bar skylda til að sjá um sölu lyfjanna í þeim héruðum þar sem ekki voru lyfjabúðir. Kveðið er á um lyfsölu dýralækna í 30. gr. nýrra lyfjalaga. Samkvæmt ákvæðinu er öllum dýralæknum nú heimilt að kaupa lyf í heildsölu og nota á eigin stofum og í sjúkravitjunum og fram kom í máli sérfræðinga heil-

brigðis- og tryggingamálaráðuneytis að með breytingunni væri ætlunin að rýmka starfsmöguleika dýralækna. Síðan hefur komið á daginn að í raun er verið að þrengja þá verulega. Þannig hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti úrskurðað að með lyfjaafhendingu dýralækna sé einungis átt við að þeir megi afhenda lyf til að sinna meðferðarþörf þar til hægt sé að ná í lyf í lyfjabúð. Breytingin felur því í raun í sér verulega skerðingu á þjónustu við bændur og aukinn kostnað þeirra þar sem dýralæknar gátu áður skilið eftir hjá bændum nauðsynleg lyf til eftirmeðferðar. Samkvæmt túlkun 30. gr. núgildandi lyfjalaga er gert ráð fyrir að bændur verði sjálfir að nálgast slík lyf og reyndar einnig fyrirbyggjandi lyf sem þeir gátu áður keypt af dýralæknum, en bent skal á að í sex dýralæknishéruðum eru ekki lyfjaverslanir. Stéttarsamband bænda, sem hefur innan sinna vébanda um 4.500 bændur, og einstök hagsmunasamtök önnur hafa hvatt til þess að þegar verði gerðar breytingar í þessu efni þar sem mikið óhagræði fylgi hinu nýja fyrirkomulagi. Stéttarsambandið telur að eldra fyrirkomulag hafi reynst vel og m.a. átt þátt í því að lyfjanoktun í landbúnaði sé, eins og rannsóknir sýni, minni hér en víða annars staðar. Þá hafa dýralæknar bent á að í reglum sem Evrópusamband dýralækna hefur samþykkt er stefnt að því að skilja lyf ætluð mönnum frá dýralyfjum.

Með vísan til framangreinds er hér lagt til að sú takmörkun, sem felst í 30. gr. lyfjalaga, verði afnumin og dýralæknum veitt svigrúm til að veita sömu þjónustu og áður.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Sigurður Hlöðvesson, Ragnar Elbergsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr., nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1995 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild Alþingis en varð ekki útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Á 113. löggjafarþingi fjallaði iðnaðarnefnd neðri deildar allítarlega um frumvarpið, en ekki vannst tími til að afgreiða það frá nefndinni. Iðnaðarnefnd barst m.a. erindi frá iðnaðarráðuneytinu 26. nóvember 1990 með tillögum um breytingar á frumvarpinu ásamt athugasemdum og er það birt sem fylgiskjal.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi var lagt fram á ný snemma á 117. löggjafarþingi. Iðnaðarnefnd, sem fékk málið til umfjöllunar, taldi rétt að hinkra við með efnislega umfjöllun þar eð fram kom hjá fulltrúa iðnaðarráðuneytis að í ráðuneytinu væri verið að ljúka vinnu við stjórnarfrumvarp um sama efni og væri stefnt að því að leggja það fyrir þingið. Það frumvarp kom hins vegar ekki fram þrátt fyrir ákvæði í málefnasamningi stjórnarflokkanna.

Lögfesting fyrirliggjandi frumvarps eða annarra hliðstæðra ákvæða er brýnni nú en nokkru sinni fyrr vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem meiri hluti á Alþingi samþykkti í ársbyrjun 1993.

Um greinargerð frumvarpsins ásamt fylgiskjali vísast til greinargerðar og fylgiskjals á þskj. 71, 69. mál 116. löggjafarþings, bls. 929–943 í A-deild Alþt. 1992–93. Greinargerð og fylgiskjal þessa máls eru samhljóða á 116., 117. og 118. þingi nema ártal breytist á einum stað í textanum í athugasemdum við 8. gr. Þar kemur 1995 á 118. þingi í stað 1988 á 116. þingi og 1994 á 117. þingi. Sjá einnig þskj. 17, 17. mál 117. löggjafarþings, bls. 522 í A-deild Alþt. 1993–94.

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Elbergsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Sigurður Hlöðvesson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1964, að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 mw. eða vatnsmiðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, kemur: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á 107., 108., 116. og 117. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt.

Flutningsmenn tillögunnar telja að vel komi til álita að breyta viðmiðunum varðandi stærð þeirra virkjana sem heimildir þarf fyrir, sbr. 2. og 3. gr., en í frumvarpinu er miðað við gildandi ákvæði orkulaga. Mætti athuga þetta sérstaklega við endurskoðun þeirra laga.

Um greinargerð frumvarpsins vísast til greinargerðar á þskj. 179, 157. mál 116. löggjafarþings, bls. 1736–1742 í A-deild Alþt. 1992–93. Um fylgiskjöl frumvarpsins vísast til þskj. 61, 59. mál 108. löggjafarþings, bls. 600–604 í A-deild Alþt. 1985–86. Sjá einnig þskj. 18, 18. mál 117. löggjafarþings, bls. 524 í A-deild Alþt. 1993–94.

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um rétt til launa í veikindaforföllum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt launþegi hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill launþegi neyta réttar síns skv. 4.–6. gr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda vottorð læknis er sýni að forföll hafi verið óhjákvæmileg, sbr. og ákvæði 5. mgr. 5. gr.

II. KAFLI

Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985.

3. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Ef skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er forfallaður af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns skv. 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis er sýni að hann hafi verið forfallaður.

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt skipverji hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launþega hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi réttarþróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Um rétt launþega til launa í veikindaforföllum gilda lög nr. 19/1979, sem ná til landverkafólks, lög nr. 35/1985, sem gilda um sjómenn, og lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, nr. 411/1989. Auk þess eru í flestum kjarasamningum ákvæði um rétt til launa í veikindaforföllum.

Í stuttu máli má segja að réttarþróun undanfarinna ára hafi aukið misrétti milli einstakra hópa launþega hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Þannig má sem dæmi nefna að ýmis fjölmenn samtök launþega, svo sem starfsmenn ríkis og bæja, hafa fengið viðurkenndan rétt til launa í forföllum vegna tæknifrjóvgunar. Sé litið til réttarþróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa í dag lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur“ og „óvinnufærni“ í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Vist á heilsuhæli að læknisráði vegna slæmrar vöðvabólgu hefur ekki verið talin veita rétt til launa í veikindaforföllum, né heldur fjarvist vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga svo að dæmi séu nefnd. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla enda þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar. Þá hafa opinberir starfsmenn fengið greidd laun sem um veikindaforföll væri að ræða vegna áfengismeðferðar

í fyrsta sinn þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í dómi 1984:439 þar sem áfengissýki er ekki talin sjúkdómur og því ekki veita rétt til launa í veikindaforföllum. Ekki þótti rétt í frumvarpi þessu að leggja til að atvinnurekendur yrðu í lögum skyldaðir til greiðslu launa í forföllum starfsmanns vegna áfengismeðferðar. Það efni þarfnast sérstakrar athugunar, m.a. þar eð skiptar skoðanir eru um hvaða reglur eigi að gilda þar að lútandi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launþega til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega. Enn hefur ekki reynt á rétt þessa hóps fyrir dómstólum en þegar hafa komið upp dæmi um að atvinnurekendur neiti að greiða heilbrigðum líffæragjöfum laun vegna fjarvista þeirra við líffæragjöf, enda þótt margir vinnuveitendur muni væntanlega kjósa að greiða starfsfólki sínu laun í slíkum tilvikum. Þess má geta að árið 1993 voru skráð fjögur tilvik líffæragjafa hjá Íslendingum.

Eins og að framan greinir hafa opinberir starfsmenn fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa þó algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annarrar manneskju. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að réttur launþega til launa í veikindaforföllum verði rýmkaður þannig að til sjúkdóma teljist hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, enda þótt launþegi hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Eins og fram kemur í greinargerð er þessari breytingu ætlað að tryggja þeim sem gangast m.a. undir hjartaþræðingu rétt til launa í forföllum af þeim sökum, jafnvel þótt þeir hafi ekki verið óvinnufærir við upphaf læknismeðferðar. Ákvæðum frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að lögskylda atvinnurekendur til geiðslu launa vegna áfengismeðferðar. Þá er lögð til sú grundvallarbreyting að heilbrigðum líffæragjöfum sé tryggður réttur til launa á meðan þeir eru fjarri vinnu af þeim sökum á sama hátt og um sjúkling væri að ræða.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að menn séu óvinnufærir, sbr. það sem segir í greinargerð. Í stað þess er lagt til að kveðið verði á um að forföll hafi verið óhjákvæmileg vegna veikindanna eða slyssins, en með því er tryggt að forföll viðkomandi séu í raun að læknisráði án þess að gert sé að skilyrði að viðkomandi teljist óvinnufær, sbr. þó undantekningu í 5. mgr. 5. gr. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í ákvæðinu að læknisvottorð varði „veikindi og slys“ og er sú breyting í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting á rétti sjómanna til launa í veikindaforföllum að ekki verði lengur gert að skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær, enda hefur það skilyrði þrengt verulega rétt sjómanna þar sem þeir geta eðli málsins samkvæmt ekki leit-

að sér lækninga fyrr en að lokinni veiðiferð. Þannig hefur ósérhlífni sjómanna, sem reyna að vinna störf sín til loka veiðiferðar, þrátt fyrir óumdeilanleg veikindi, leitt til brottfalls réttar til veikindalauna. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í 5. mgr. að vottorð læknis varði „veikindi“ eða „slys“ og er sú breyting í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 36. gr. Bent skal á ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna sem veitir útgerðarmanni rétt til að kanna hvort sá sem vill ráða sig á skip sé haldinn sjúkdómi eða meiðslum sem gerir hann ófæran til að gegna skipsstörfum og á 33. gr. laganna um skyldu skipverja til að gangast undir læknisrannsókn að kröfu skipstjóra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

9. Frumvarp til laga [9. mál]

um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Opinber mál vegna brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og lögum um bókhald, með síðari breytingum, sem og vegna brota á reglugerðum og öðrum stjórnvaldsákvörðunum settum samkvæmt þeim, skulu rekin og dæmd fyrir sérstökum héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum.

2. gr.

Héraðsdómur í skatta- og bókhaldsmálum hefur aðsetur í Reykjavík. Heimilt er þó að halda dómþing hvar sem er á landinu.

3. gr.

Dómarar í héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum skulu vera þrír. Um skipan og störf dómsins skal farið að ákvæðum 5.–8. gr. a laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingum. Við skipun dómara skal auk almennra skilyrða þess sérstaklega gætt að þeir hafi sérþekkingu á skattskilum og reikningshaldi.

4. gr.

Ákvæði II.–XXIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með áorðnum breytingum, skulu gilda um meðferð mála fyrir dóminum.

5. gr.

Mál, sem rannsókn sæta af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins, skulu rekin fyrir dóminum, nema mál sæti refsimeðferð af hálfu yfirskattanefndar. Að lokinni rannsókn máls hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins skal mál sent ríkissaksóknara til ákvörðunar.

6. gr.

Nú þykir við rannsókn skattsvikamála eða mála vegna bókhaldsbrota vera þörf á aðgerðum sem um getur í X. og XI. kafla um meðferð opinberra mála og getur þá rannsóknaraðili snúið sér til héraðsdóms í skatta- og bókhaldsmálum með beiðni um aðgerðir.

7. gr.

Ef fram kemur í máli, sem er til meðferðar fyrir héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum, að ætla megi að sökunautur hafi gerst sekur um aðra refsiverða háttsemi getur ríkissaksóknari ákveðið að meðferð skatta- og bókhaldsbrotanna skuli fram haldið fyrir almennum héraðsdómstóli ásamt öðrum ákæruatriðum. Í þeim tilfellum skulu fyrri athafnir héraðsdóms í skatta- og bókhaldsbrotum halda gildi sínu.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um starfshætti héraðsdómstóls í skatta- og bókhaldsmálum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Mál, sem þingfest hafa verið fyrir almennum héraðsdómstólum fyrir gildistöku laga þessara, skulu rekin þar áfram.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót sérstökum dómstóli er einbeiti sér að skatta- og bókhaldsbrotum. Á sl. tæpum 10 árum hafa tvær nefndir skilað áliti sínu um umfang skattsvika hérlendis. Niðurstaða síðari nefndarinnar, sem skilaði áliti sínu 16. september 1993, var sú að umfang skattsvika væri hið sama og var á árinu 1985 og að ríki og sveitarfélög yrðu af 11 milljörðum kr. í sköttum vegna skattsvika. Er niðurstaða þessi þeim mun athyglisverðari fyrir þá sök að á undanförnum árum hefur skattkerfinu verið gjörbylt með upptöku á virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda og stórfelldri fækkun frádráttarliða á skattframtali. Í áliti fyrri nefndarinnar var talið nauðsynlegt að einfalda skattkerfið verulega, m.a. með framangreindum skattkerfisbreytingum, og var það talin forsenda þess að minnka skattundandrátt. Að gerðum þeim breytingum væri ástæða til að ætla að skattsvik hefðu minnkað en svo virðist ekki vera raunin. Í áliti síðari nefndarinnar er hvatt til að refsingar verði hertar og sett fram gagnrýni á störf dómstóla.

Taka þarf upp nýjar aðferðir til að takast á við skattsvik. Er því með frumvarpi þessu og frumvörpum til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og virðisaukaskatt sem flutt eru samhliða, auk tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á viðmiðunarreglum um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs eða sjálfstæðrar starfsemi sem einnig er flutt samhliða, lagt til að gripið verði til róttækra aðgerða í því skyni að stemma stigu fyrir skattsvikum. Eiga þær tillögur það sameiginlegt að skattsvikurum verði sýnd aukin harka og að málsmeðferð skattsvikamála verði skilvirkari en verið hefur.

Lagðar eru til eftirfarandi aðgerðir:
— Komið verði á fót sérstökum skattadómstóli.
— Embætti skattrannsóknarstjóra verði gert að rannsaka mál að opinberum hætti.
— Lágmarkssektir við skattsvikum verði a.m.k. þrefaldur undandreginn skattur.
— Unnt verði að krefjast ábyrgða vegna innskattsgreiðslna.
— Endurskoðaðar verði viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs eða sjálfstæðrar starfsemi.

Skattsvik hafa valdið miklu tjóni hérlendis og lamað siðferðisþrek þjóðarinnar. Sú staðreynd að stór hópur manna kemst upp með skattsvik óáreittur er óásættanlegt ástand sem taka verður á. Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur sagt í blaðaviðtali að með þessu ástandi sé vegið að réttarríkinu. Með frumvarpi þessu er leitast við að koma til móts við þá gagnrýni hans.

Með stofnun skattadómstóls er stigið stórt skref í þá átt að gera meðferð skattsvikamála í sem mestum mæli opinbera en það er forsenda þess að unnt sé að takast á við hið mikla umfang skattsvika. Meðferð skattsvikamála mun ganga greiðlegar fyrir sig hjá sérstökum skattadómstóli en almennum dómstólum sem virðast vera ofhlaðnir störfum. Fá skattsvikamál hafa sætt meðferð dómstóla, enda hefur dómskerfið verið seinvirkt og þar hefur vantað starfskrafta með sérþekkingu á skattskilum og reikningshaldi. Þannig hefur á mörgum undanförnum árum verið valin sú leið að senda flest mál til meðferðar yfirskattanefndar, áður ríkisskattanefndar, en ekki til opinberrar meðferðar dómstóla.

Á árunum 1985–1991 voru 16 mál send til opinberrar rannsóknar. Árið 1992 voru send 7 mál og 20 mál árið 1993. Til samanburðar voru á árunum 1985–1991 send 134 mál til ríkisskattanefndar til sektarmeðferðar. Benda má einnig á að óeðlilegt verður að telja að skattrannsóknarstjóri taki ákvörðun um hvort mál séu send yfirskattanefnd, áður ríkisskattanefnd, til meðferðar eða hvort þau séu send til opinberrar meðferðar hjá dómstólum. Eðlilegra er að kveða á um í lögum að meginreglan sé sú að skattsvikamál sæti opinberri rannsókn. Ætla má einnig að miklu fleiri mál en æskilegt hefði verið hafi á umliðnum árum verið send til einfaldrar sektarmeðferðar, en ekki til opinberrar meðferðar dómstóla, vegna seinvirkni dómskerfisins. Algengt er að mál fyrir yfirskattanefnd taki 3–6 mánuði, en algengt er að mál fyrir dómstólum taki 2–3 ár, þótt dæmi finnist um styttri tíma. Dæmi eru einnig til í dómskerfinu um að skattsvikamál séu þar árum saman og tilvik eru um að öll brot séu löngu fyrnd þegar kemur að dómi í skattsvikamáli. Telja má að með stofnun sérstaks héraðsdóms í skattsvikamálum þurfi mál ekki að taka lengri tíma en nú gerist fyrir yfirskattanefnd, en augljóst er að opinber meðferð skattsvikamála veitir miklu meira aðhald og varnaðaráhrif gegn skattsvikum. Með því er lögð áhersla á að með skattsvik eigi að fara eins og hvert annað alvarlegt afbrot.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að settur verði á fót sérstakur héraðsdómur í skatta- og bókhaldsmálum sem taka skuli til meðferðar og dæma í öllum opinberum málum vegna brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, svo og lögum um virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, auk brota á lögum um tryggingagjald og lögum um bókhald, svo og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsákvörðunum settum samkvæmt þeim lögum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lagt er til vegna umfangs og fjölda skattsvikamála að dómarar í héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum skuli vera þrír. Auk þess getur komið til að það kunni að vera lögbundin nauðsyn að þrír dómarar dæmi í einstaka málum þegar um mjög alvarleg og flókin skattsvikamál er að ræða. Í þessari grein er einnig kveðið á um að um skipan og störf dómaranna verði farið í samræmi við ákvæði 5.–8. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Auk þess er áskilið að dómarar, sem skipaðir eru við sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum, verði að hafa sérþekkingu á skattskilum og reikningshaldi.

Um 4. gr.

Kveðið er á um að lög um meðferð opinberra mála skuli gilda um meðferð mála fyrir héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að öll skattsvikamál skulu rekin fyrir dómnum, nema mál sem sæta refsimeðferð af hálfu yfirskattanefndar. Það skal tekið fram að hugsanlega geta aðrir aðilar eins og sýslumenn sent mál til dómsins.

Um 6. gr.

Kveðið er á um að rannsóknaraðili geti snúið sér beint til héraðsdóms í skattsvikamálum í þeim tilvikum þegar aðgerða er þörf skv. X. og XI. kafla um meðferð opinberra mála sem fjallar um hald á munum og leit.

Um 7. gr.

Kveðið er á um að ríkissaksóknari geti í þeim tilvikum sem ætla má að sökunautur hafi gerst brotlegur um aðra refsiverða háttsemi en lýtur að skattsvikamálum sent málið til framhaldsmeðferðar fyrir almennum héraðsdómi. Athafnir héraðsdóms í skatta- og bókhaldsbrotum, svo sem varðandi þingfestingu, fyrirtekt o.fl., skulu þó engu að síður halda gildi sínu.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

7. mgr. 102. gr. A laganna orðast svo:

Mál, sem skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur til rannsóknar, skulu sæta meðferð opinberra mála.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðast svo: Skýri skattaðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða sekt er nemur að lágmarki þrefaldri þeirri fjárhæð og allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin.

3. gr.

1. málsl. 4. mgr. 107. gr. laganna orðast svo: Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi skattframtöl annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 92. gr. skal greiða sekt að lágmarki tvöfalda þá fjárhæð og að hámarki fjórfalda þá fjárhæð er undan skyldi dregin með upplýsingum eða vanrækt var að gefa upplýsingar um, þó aldrei lægri en 1.000.000 kr.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 108. gr. laganna orðast svo: Héraðsdómur í skatta- og bókhaldsmálum úrskurðar sektir skv. 107. gr. nema mál sæti refsimeðferð hjá yfirskattanefnd sem þá úrskurðar sektir samkvæmt sömu grein.

5. gr.

2. mgr. 108. gr. laganna orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins telur rannsókn máls lokið og gögn komin fram sem leitt geta til saksóknar skal hann senda ríkissaksóknara skýrslu um rannsóknina ásamt rannsóknargögnum. Í minni háttar málum getur skattrannsóknarstjóri ríkisins í stað þess að senda málið til ríkissaksóknara krafist refsimeðferðar hjá yfirskattanefnd. Dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara hvaða mál skuli sæta refsimeðferð hjá yfirskattanefnd. Ef sökunautur vill ekki hlíta því að mál verði afgreidd af yfirskattanefnd er skylt að senda málið til ríkissaksóknara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Málum sem ólokið er hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins við gildistöku laga þessara skal lokið þar þrátt fyrir ákvæði 5. gr.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að aukinni skilvirkni á rannsókn og málsmeðferð skattsvikabrota og auknum varnaðaráhrifum. Um er að ræða brot á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, svo og á öðrum lögum um skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim er falin framkvæmd á.

Á síðasta ári var lögð fram skýrsla nefndar um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim. Ein af tillögum nefndarinnar var að auka þyrfti notkun refsiákvæða í skattalögum. Um það segir svo í skýrslu nefndarinnar: „Ekki er talin þörf á að breyta refsimörkum í refsiákvæðum skattalaga. Því fer fjarri að nokkurn tímann hafi verið dæmt nálægt refsihámarki skattalaga fyrir sönnuð skattsvik. Hér er um það að ræða að herða refsiframkvæmd með því að beita gildandi ákvæðum í ríkari mæli en nú er gert fremur en að hækka gildandi refsihámark þeirra. Til athugunar gæti þó verið að rýmka efni refsihækkunarákvæðisins í 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og í samsvarandi ákvæðum um virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda. Enn fremur væri æskilegt að lögfesta tiltekið refsilágmark, sérstaklega fyrir skattsektir svo að tryggt sé að sektarfjárhæðir séu a.m.k. jafnháar og undandregnum skatti nemur. Nefndin er þeirrar skoðunar að háar sektir séu helst til þess fallnar að hafa varnaðaráhrif að þessu leyti. Loks kemur til greina að lögfesta ákvæði um skyldubundnar refsivistarákvarðanir þegar um alvarleg skattsvik er að ræða."

Enn fremur segir í skýrslu nefndarinnar: „Breitt bil er milli refsiheimilda skattalaga annars vegar og réttarframkvæmdar hins vegar. Dómar í skattsvikamálum verða að teljast vægir í samanburði við refsidóma vegna ýmiss konar auðgunarbrota og annarra fjármunabrota. Ástæður eru ekki ljósar en viðhorf almennings og jafnvel afstaða réttarkerfisins gagnvart skattsvikum virðist vera á þann veg að vægar sé litið á slík brot en rétt er að mati nefndarinnar. Héraðsdómstólar, en þó einkum Hæstiréttur, hafa í dómum sínum dæmt sektir sem eru töluvert lægri en það skattundanskot sem sannað hefur verið. Varnaðaráhrif slíkra dóma hljóta að vera hverfandi lítil og gefa almenningi tilefni til að ætla að brot gegn skattalögum séu ekki eins ámælisverð og önnur fjármunabrot. Á síðustu árum hafa tiltölulega fá mál sætt rannsókn og refsimeðferð hjá ríkisskattanefnd, nú yfirskattanefnd, og dómstólum. Nefndin er þeirrar skoðunar að á þessu ástandi verði óhjákvæmilega að verða breyting."

Nefndin tekur dæmi um sjö dóma í skattsvikamálum. Þar kemur fram að sektir, sem undirréttur hafi dæmt í þessum málum sem hlutfall af skattsvikum, hafi verið frá 17% til 116% og sektir Hæstaréttar sem hlutfall af skattsvikum frá 7% til 68%.

Þegar um svo alvarleg brot er að ræða sem skattsvik vekur það furðu að jafnlágum sektum skuli beitt sem raun ber vitni þegar heimilt er í skattalögum að beita sekt sem nemur allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan er dregin. Ljóst er að það aðhald gegn skattsvikum, sem refsiákvæði skattalaga eiga að vera, virkar langt í frá sem skyldi þegar þeim er svo mildilega beitt, enda segir svo í skýrslu nefndarinnar: „Líklegt er að ótti manna við skatteftirlit og skattrannsóknir hafi sífellt minnkað hin síðari ár. Áhættan af skattsvikum hefur ekki verið mikil því að líkur á að upp komist um þau eru ekki verulegar. Þannig má leiða líkur að því að ótti við ranga skýrslugjöf sé ekki umtalsverður af hálfu þeirra sem stunda skattsvik."

Með frumvarpi þessu eru lagðar til þær breytingar að lögfest verði tiltekið refsilágmark og að málsmeðferð skattsvikamála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins verði háð meðferð opinberra mála. Með tilteknu refsilágmarki á að tryggja betur að refsiákvæðum skattalaga sé beitt á þann hátt að þau veiti raunverulegt aðhald gegn skattsvikum samhliða því að skattrannsóknir verði að hætti opinberra mála sem á að tryggja að fleiri skattsvikamál sæti refsimeðferð fyrir dómi. Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp um sérstakan skattadómstól í skattsvikamálum sem ætti að gera meðferð skattsvikamála fyrir dómi skilvirkari og fljótari en verið hefur.

Segja má að frumvarp þetta sé í samræmi við vilja Alþingis sem fram kom í þingsályktun um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1984. Þar var ríkisstjórninni falin tafarlaus framkvæmd á ýmsum tillögum til að draga úr skattsvikum, m.a. með því að beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum og hækkuðum sektum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að mál, sem skattrannsóknarstjóri ríkisins rannsakar, sæti meðferð opinberra mála.

Um 2. gr.

Ákvæðið setur tiltekið sektarlágmark, að upphæð sektar verði þreföld sú fjárhæð sem undan er dregin.

Um 3. gr.

Ákvæðið setur lágmarksrefsingu við að sinna eigi upplýsingaskyldu.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að ákvörðun um sektir verði aðallega hjá héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum en í minna mæli hjá yfirskattanefnd.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum fer rannsókn skattsvikamála fram hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, endurákvörðun opinberra gjalda fer fram hjá ríkisskattstjóra, nema hann feli hana skattstjóra, og refsiþáttur mála er að meginstefnu til einnig afgreiddur í skattkerfinu, þ.e. hjá yfirskattanefnd. Er það stefna laganna að skattsvikamál séu þannig að jafnaði að öllu leyti afgreidd í skattkerfinu.

Í samræmi við þessa meginstefnu laganna er meðferð mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins stjórnsýslumeðferð, m.a. samkvæmt stjórnsýslulögum, þótt gætt skuli ákvæða laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við getur átt, eins og segir í 7. mgr. 102. gr. A núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt. Augljóst er að við slíka málsmeðferð, þar sem bæði skal gætt málsmeðferðarreglna stjórnsýslu og reglna um opinbera meðferð eftir atvikum, geta komið upp flókin lögfræðileg álitamál.

Í frumvarpi þessu er lagt til að mál, sem skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur til rannsóknar, skuli sæta meðferð opinberra mála. Þá er jafnframt lagt til að þegar rannsókn mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sé lokið skuli mál send ríkissaksóknara. Þegar um minni háttar mál er að ræða skulu þau sæta refsimeðferð í skattkerfinu, þ.e. hjá yfirskattanefnd. Með þessum hætti er stefnt að því að meginreglan verði sú að skattsvika-

mál sæti úrlausn dómstóla. Þessi breyting hefur vafalítið meiri skilvirkni á rannsókn og málsmeðferð í för með sér þar sem mál fara strax til ákæruvalds en þurfa ekki að lokinni rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins að sæta opinberri rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eins og nú er. Þá er einnig líklegt að breytingin hafi aukin varnaðaráhrif í för með sér. Mál, sem koma til kasta dómstóla, fá umfjöllun í fjölmiðlum, en slík umfjöllun er ekki tæk um mál sem sæta úrlausn í stjórnsýslunni.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé innskattur að jafnaði hærri en útskattur er skattstjóra heimilt að krefja viðkomandi um tryggingu fyrir endurgreiddum virðisaukaskatti enda verði ekki talið að hagsmunir ríkissjóðs verði tryggðir með öðrum hætti. Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari skilyrði um tilhögun þessarar tryggingar.

2. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Skýri skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann auk ógreidds skatts greiða sekt er nemi að lágmarki þrefaldri þeirri fjárhæð en að hámarki tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða ofendurgreidd var.

3. gr.

Fyrri málsliður 4. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 38. gr., skal greiða sekt er nemi að lágmarki tvöfaldri þeirri fjárhæð og að hámarki fjórfaldri þeirri fjárhæð er undan var dregin, þó aldrei lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða frumvarpi um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og frumvarpi um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Um er að ræða að í lögum verði kveðið um á tiltekið refsilágmark sem tryggi betur að refsiákvæðum skattalaga sé beitt á þann hátt að þau veiti raunverulegt aðhald gegn skattsvikum.

Þá er í frumvarpi þessu kveðið á um að skattstjórum sé heimilt að krefjast tryggingа vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts úr ríkissjóði. Að undanförnu hafa gengið dómar vegna sviksamlegrar háttsemi manna við að fá virðisaukaskatt ranglega greiddan úr ríkissjóði. Hér er um nýja tegund skattsvika að ræða og hætta á misferli er veruleg. Uppbygging skattsins er þannig að innskattur getur alloft orðið hærri en útskattur. Oft á tíðum hafa aðilar því fengið umtalsverðar fjárhæðir ranglega endurgreiddar áður en í ljós hefur komið að um skattsvik hafi verið að ræða. Nauðsyn ber til að sporna við tilhneigingu af þessu tagi og því er gert ráð fyrir að unnt verði að krefja aðila, sem fá greiddar verulegar fjárhæðir úr ríkissjóði, um tryggingu, t.d. bankaábyrgð eða veðsetningar. Með þeim hætti ættu hagsmunir ríkissjóðs að vera betur tryggðir ef í ljós kæmi að forsendur endurgreiðslu virðisaukaskatts ættu ekki rétt á sér. Þá verður að telja líkur á að unnt verði að draga úr tilhneigingu af þessu tagi þegar aðilar þurfa að leggja fram tryggingar. Þessu ákvæði mætti beita þegar innskattur er að jafnaði hærri en útskattur. Er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um í reglugerð hvernig að þessu skuli standa.

Gróft má áætla að um 10% framteljenda virðisaukaskatts fái endurgreiddan virðisaukaskatt þegar innskattur reynist hærri en útskattur. Er það m.a. í þeim tilvikum þegar um er að ræða fjárfestingar, útflutning eða breytingu á eignaraðild.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

1. málsl. 6. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi og skulu þær að lágmarki nema þrefaldri þeirri upphæð sem undan var dregin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða frumvarpi til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt sem lögð hafa verið fram á Alþingi en með þeim er lagt til að lögfest verði tiltekið refsilágmark sem tryggja á betur að refsiákvæðum skattalaga sé beitt á þann hátt að þau veiti raunverulegt aðhald gegn skattsvikum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sektir vegna skattsvika skuli aldrei nema lægri fjárhæð en þrefaldri þeirri upphæð sem undan er dregin, en algengt er að sektirnar nemi aðeins hluta af þeirri fjárhæð sem undan er dregin þótt heimildir skattalaga kveði á um að þær geti numið allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um endurskoðun á viðmiðunarreglum um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs eða sjálfstæðrar starfsemi.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd með aðild skattyfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem hafi það verkefni að endurskoða viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs eða sjálfstæðrar starfsemi og kanna hvort rétt sé að lögfesta slíkar reglur eða setja þær í reglugerð.

Við það skal miða að breyttar viðmiðunarreglur taki gildi 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Í skýrslu nefndar frá síðasta ári, sem kannaði umfang skattsvika og lagði fram tillögur um aðgerðir gegn þeim, kom fram sú skoðun nefndarinnar að fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem sjálfstætt starfandi einstaklingum við atvinnurekstur ber að telja sér til tekna sé allt of lágt metin, jafnvel þó með lögum nr. 111/1992 hafi ríkisskattstjóra verið gert að hækka reiknað endurgjald um 15%. Fram kom sú skoðun nefndarinnar að sú hækkun hafi verið lágmarkshækkun og nauðsynlegt sé að endurmeta fjárhæð reiknaðs endurgjalds til umtalsverðrar hækkunar. Með því að hafa reiknað endurgjald svo lágt sem raun ber vitni taldi nefndin líkur á að þeir sem reikni sér slík laun telji einungis fram þá lágmarksfjárhæð reiknaðra launa og það sem umfram er kunni að tapast í formi skattsvika.

Tillaga nefndarinnar var að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um staðgreiðslu opinberra gjalda varðandi reiknað endurgjald verði tekin til endurskoðunar, einnig að þær matsreglur, sem notaðar hafa verið, verði endurákvarðaðar frá grunni og nýjar settar.

Fyrirkomulagið nú er með þeim hætti að ríkisskattstjóri ákveður lágmark reiknaðs endurgjalds samkvæmt viðmiðunarreglum sem hann ákveður fyrir upphaf staðgreiðsluárs. Þessar viðmiðunarreglur hafa verið óbreyttar sl. 13–14 ár ef undan er skilin sú 15% hækkun reiknaðs endurgjalds sem áður var um getið og einungis tekið breytingum í samræmi við þróun launa og tekna í viðkomandi starfsgrein. Flutningsmaður þessarar tillögu tekur undir það sjónarmið nefndarinnar sem fram kemur í skýrslunni að til greina komi að ákvæði þar sem kveðið er á um hvernig breytingar skuli verða milli ára verði sett í reglugerð, jafnvel með lögum.

Í skattframtölum fyrir yfirstandandi ár kemur fram að fjöldi einstaklinga sem reiknuð voru endurgjöld var 25.293 og að heildarfjárhæð reiknaðs endurgjalds hafi verið rúmlega 15,6 milljarðar kr. eða að meðaltali á einstakling um 619 þús. kr. Hér þarf að hafa í huga að allmargir framteljendur eru með reiknað endurgjald vegna hlutastarfs, svo sem þýðendur, fjölmiðlafólk o.fl., og fá því lágar greiðslur. Skekkir það verulega allan meðaltalsútreikning hvað þetta varðar og er óhjákvæmilegt að meðaltöl þessi verði tekin með nokkrum fyrirvara. Á hinn bóginn eru hæstu viðmiðunarmörk fyrir ýmsa sjálfstætt starfandi aðila, svo sem löggilta endurskoðendur, tannlækna, lögmenn o.fl. ákaflega lág og

virðast ekki vera í samræmi við tekjur í þeim atvinnugreinum almennt. Þá eru mörg dæmi þess að sjálfstætt starfandi atvinnurekendur séu á lægri meðallaunum en óbreyttir starfsmenn þeirra.

Í skýrslu nefndarinnar, sem kannaði umfang skattsvika á síðasta ári, kemur einnig fram að nefndin sé þeirrar skoðunar að mjög verulega verði að hækka þau viðmiðunarlaun sem gildandi hafa verið. Orðrétt segir í skýrslu nefndarinnar:

„Það er ótækt með öllu að viðmiðunarreglur þær sem notaðar hafa verið séu mun lægri en meðallaun launþega í sömu starfsgreinum. Gerir nefndin það að tillögu sinni að reiknuð viðmiðunarlaun verði í heild sinni tekin til endurskoðunar og hækkuð mjög verulega þannig að þau verði eigi lægri en meðallaun í viðkomandi starfsgrein."

Flutningsmaður þessarar tillögu tekur undir þessi sjónarmið og því er þessi tillaga flutt.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Kristín Einarsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Ingibjörg Pálmadóttir, Svavar Gestsson, Ragnar Elbergsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar þar sem álagsumferð er meiri en 5 þúsund bílar á dag, jafnframt til brúargerðar og á vegi við þéttbýli þar sem umferð er 5 þúsund bílar á sólarhring og meira. Vegagerð ríkisins hafi að markmiði við nýlagningu og endurnýjun slitlags að nota steinsteypu þar sem umferðarþungi og álag er mikið.

Greinargerð.

Mjög ítarlegar og markvissar rannsóknir hafa verið unnar á síðustu tveimur áratugum á notkun steinsteypu til vega- og gatnagerðar. Fyrir liggur að mun hagkvæmara er að nota steypu þar sem umferð og álag af völdum veðurfars og þungaflutninga er mikið. Í þessari greinargerð er vísað til meðfylgjandi gagna um rannsóknir sem unnar hafa verið og kynntar af Íslendingum. Notkun íslenskra efna til vegagerðar er kappsmál þar sem saman fara atvinnuskapandi og gjaldeyrissparandi þættir, auk meiri gæða.

Um greinargerð með tillögunni vísast í samhljóða greinargerð með máli sama efnis á þskj. 547, 355. mál 117. löggjafarþings, bls. 2278–2279 í A-deild Alþt. 1993–94.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdi eitt fylgiskjal þar sem prentuð var greinargerð frá því í mars 1992 um hástyrkleikasteypu úr íslenskum efnum eftir Ólaf Wallevik og Karsten Iversen hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Sjá einnig bls. 2279 í A-deild Alþt. 1993–94.

15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um að gera átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Eggert Haukdal, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að gert verði sérstakt átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína í dreifikerfi á þeim svæðum þar sem mest veðurálag er eða æskilegt er frá umhverfissjónarmiði að þær hverfi. Ríkisstjórnin leggi fram, sem lið í atvinnuátaki, sérstakt fjármagn til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Mjög mikið tjón hefur orðið á raflínum á undanförnum árum og hefur það valdið miklu tjóni, sérstaklega í sveitum og dreifðum byggðakjörnum. Varla þarf að lýsa þeim erfiðleikum og hættum sem viðgerðarmenn hafa búið við og verið samfara viðgerðum við hrikalegar veðurfarsaðstæður.

Þar til fyrir 2–3 árum hefur ekki verið fjárhagslegur grundvöllur fyrir framkvæmdum af þessum toga en samkvæmt upplýsingum Rarik er orðið ódýrara að leggja jarðstreng en reisa nýjar loftlínur.

Jarðstrengir hafa lækkað umtalsvert í verði og er heildarkostnaður um 80–90% af kostnaði við tréstauralínur.

Rafdreifilínur eru um 7.000 km langar á Íslandi. Mjög víða hagar þannig til að auðvelt er að plægja niður strengi jafnvel þótt jarðvegur sé grýttur og væri þannig auðvelt að koma fyrir jarðstrengjum því að meginhluti lína liggur á þannig svæðum.

Íbúar í sveitum hafa orðið að búa við kulda og ljósleysi vegna rafmagnsleysis allt að 7–8 dögum þegar verstu veður hafa gengið yfir. Mikil tæknivæðing við meðferð mjólkur og gripafóðrun hefur átt sér stað tengd raforku og skapast mikil vandamál einnig af þeim sökum þegar rafmagnsleysi verður eins og kunnugt er. Af þessum ástæðum, svo og af fjölmörgum öðrum, er eðlilegt að ríkisstjórnin setji fjármagn til þessa verks sem yrði tengt atvinnuátaki sem skilar sér sem trygging fyrir öruggari búsetu á landinu.

Hlutföll milli vinnu og efnis við framkvæmd þá sem hér er um rætt eru: Efni 65–70%, vélavinna 15–20% og mannvinna 10–20%. Í þessari tillögu er miðað við að vinnulaunaþáttur verði fjármagnaður af ríkisfé enda verði verkefnið atvinnuátakstengt.

Oft er rætt um að sjónmengun sé af raflínum og að þær séu lýti á landslagi. Á það er ekki lagður dómur með þessari tillögu en hún kemur þó til móts við sjónarmið þar að lútandi. Fyrst og fremst er verið að hugsa um öryggismál, hagkvæmni og atvinnuaukningu og má benda á að miðað við núverandi vaxtakjör stendur jákvæður mismunur á kostnaði við að leggja rafstreng í jörð undir kostnaði af lántöku vegna framkvæmdanna.

Með þingsályktunartillögu þessari var birt fylgiskjal, greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins um uppbyggingu og endurnýjun rafdreifikerfa til sveita ásamt línuriti yfir fjárfestingu og fjárfestingarþörf sveitaveitna.

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnabúnað í bifreiðar ríkisins.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Petrína Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir að allar bifreiðar í eigu ríkisins verði búnar eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnabúnaði, svokölluðum brennsluhvata.

Greinargerð.

Með ítarlegum prófunum hefur verið sannað að sá búnaður, sem hér er lögð fram tillaga um að settur verði í ríkisbifreiðar, minnkar umtalsvert mengandi efni í útblæstri farartækja ásamt því að draga úr eldsneytisnotkun.

Eldsneytissparnaður reynist mismunandi eftir vélategundum en liggur á bilinu 4–10% sem leitt getur til sparnaðar sem nemur tugum milljóna króna á ári hjá ríkinu. Minnkun skaðlegra efna og lofttegunda í útblæstri vegna betri brennslu og þar með lægri útblásturshita liggur á bilinu 15–60% eftir gastegundum. Minnkun er t.d. að meðaltali sem hér segir:

HC	kolvetni	40%
NO_x	köfnunarefnisoxíð	18%
CO	kolmónoxíð	60%
PAH	í kolvetniskeðjum	50%

CO_2-mælingar sýna að hlutfallið í útblæstri eykst lítillega en gengur til baka vegna þess að brennt er minna magni af olíu/bensíni til þess að fá sömu orku út úr vélinni. Án þess að framkvæma kostnaðarsamar breytingar geta flestir bílar með notkun „Powerplus" brennt blýlausu (blýminna) bensíni og þar af leiðandi minnkar blýmengun af völdum fólksbíla um u.þ.b. 20 tonn á ári.

Tæknideild Fiskifélags Íslands hefur ásamt Vélskóla Íslands, með styrk frá LÍÚ og umhverfisráðuneyti, gert mjög nákvæma rannsókn á vél togarans Snorra Sturlusonar þar sem niðurstöður sýna fram á að ef íslenski togara- og fiskiskipaflotinn notaði Cleanburn eða CEP Cleanburn brennsluhvatann gæti verið um að ræða 200–300 millj. kr. sparnað á ári. Niðurstöður tæknideildar Fiskifélags Íslands og Vélskóla Íslands staðfesta niðurstöður tæknideildar British Rail sem gert hefur ítarlega prófun á a.m.k. átta hraðlestum síðustu 18 mánuði. Að beiðni Vegagerðar ríkisins framkvæmdi Vélskóli Íslands mengunarmælingu á fjórum farartækjum, útbúnum með brennsluhvata. Eins og við fyrri mælingu á bv. Snorra Sturlusyni kom í ljós að mengandi efni í útblæstri minnkuðu og það

bendir til betri nýtingar eldsneytisins. Í kjölfar jákvæðra niðurstaðna bíladeildar Eimskipafélags Íslands hf. var tekin ákvörðun um að setja brennsluhvatann í öll stærri tæki og bíla þeirra.

Dæmi um sparnað: Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er nálægt 4 milljörðum kr. á ári. Ef 4–5% sparnaður næst mun hann nema um 200 millj. kr. sem svarar til 650–1.120 þús. kr. á togara eftir olíutegundum.

Útvegsmenn hafa vaxandi áhuga á Cleanburn og margir þeirra hafa sett þennan búnað í skip sín á grundvelli staðreynda frá þeim sem hafa notað og gert úttekt á búnaðinum undanfarin fjögur ár. Eðlilegt væri að veita úr Fiskveiðasjóði sérstaka fyrirgreiðslu til að flýta fyrir uppsetningu þessa búnaðar í flotann með tilliti til sparnaðar og minni mengunar.

DEB-þjónustan á Akranesi hefur safnað miklu efni um reynslu af brennsluhvatanum frá opinberum stofnunum víða í heiminum undanfarin fimm ár. Teknar hafa verið saman skýrslur með tæknilegum upplýsingum um niðurstöður prófana á íslenskum fiskiskipum og togurum. Þessar upplýsingar hafa m.a. verið notaðar í tæknilegar ritgerðir hjá British Rail og sem kynningarefni í Bandaríkjunum, Bretlandi og Noregi.

Umhverfisráðherra hefur sagt að undir vissum kringumstæðum sé mengun frá útblæstri bifreiða á ákveðnum stöðum í Reykjavík mjög mikil. Sú staðreynd að unnt er að draga svo um munar úr þeirri mengun er óyggjandi og er hún ein helsta ástæðan fyrir flutningi þessarar þingsályktunartillögu, svo og sparnaður sem kemur ríkissjóði til góða. Opinberum stofnunum hefur verið falið að leita leiða til þess að minnka olíunotkun og CO_2-mengun til að standa við fyrirheit varðandi Ríó-sáttmálann. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram í þessu sambandi, t.d. notkun vetnis- og rafmagnsvéla og aukin notkun rafmagns almennt. Sumt af þessari tækni er enn á þróunar- og tilraunastigi. Ef Íslendingar ætla að standa við Ríó-skuldbindingar sínar er margt sem bendir til að brennsluhvatinn sé hagkvæmasta leiðin sem við höfum til þess.

Það er von flutningsmanna að þessi ályktun hljóti skjóta og góða afgreiðslu í þinginu.

Á fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari var birt grein úr *Fiskifréttum* frá 17. desember 1993 um leiðir til olíusparnaðar og um könnun íslenskra rannsóknaraðila á gagnsemi Cleanburn-hvata.

Um fylgiskjalið vísast til þskj. 517, 326. mál 117. löggjafarþings, bls. 2248–2249 í A-deild Alþt. 1993–94.

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðunum „sem við á“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sbr. 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, (frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri), kemur: svo og stofnfjárbréf í stofnfjársjóðum sparisjóða samkvæmt lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

2. gr.

Við B-lið 2. mgr. 2. gr. bætast orðin: enn fremur kaup á stofnfjárbréfum í stofnfjársjóðum sparisjóða samkvæmt lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á gjaldaárinu 1995 vegna fjárfestinga á árinu 1994.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, er samþykkt voru á 116. löggjafarþingi, var kveðið á um að allir sparisjóðir verði stofnfjársjóðir með takmarkaðri ábyrgð. Stofnfé verði lagt fram af stofnendum sem verði eigendur stofnfjárhluta og verði ábyrgð hvers og eins takmörkuð við inngreidda stofnfjáreign hvers þeirra um sig. Starfandi sparisjóðum veittist þriggja ára frestur til að breyta samþykktum, þannig að stofnfé komi í stað ábyrgða samkvæmt eldri lögum, og fá stofnfjárframlög frá ábyrgðarmönnum og/eða öðrum í þeirra stað ellegar til viðbótar þeim. Með þeim lögum er stefnt að eigin fjármögnun sparisjóða með sambærilegum hætti og eigin fjármögnun hlutafélagabanka, þ.e. með sama hætti hjá almenningshlutafélögum.

Í lögunum er m.a. kveðið á um rétt og takmörkun á rétti stofnfjárhluta, eða stofnfjárhlutabréfa og stofnfjáreigenda. Er hann þar markaður með sambærilegum hætti og er um hlutabréf og hluthafa í hlutafélögum, í lögum um hlutafélög og í lögum um tekjuskatt og eignarskatt um skattalega meðferð hlutafjár, arðs og endurmats. Á það við um takmörkun ábyrgðar við inngreidda stofnfjáreign sem fyrr er nefnd, arð af innborguðu stofnfé, skattalega meðferð stofnfjár og arðs, endurmat og skattalega meðferð endurmats.

Í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er hins vegar ekki ráðgert að stofnendur og aðrir er leggja fram stofnfé í sparisjóði fái heimild til að draga frá tekjum sínum vegna þeirrar fjárfestingar með sama hætti og heimilt er þeim sem leggja fram hlutafé í samvinnufélögum og hlutafélögum, þar á meðal viðskiptabönkum sem eru hlutafélög, þ.e. hlutafélagabönkum.

Réttmætt virðist að sparisjóðum verði veitt sömu réttindi til að stofnfjáreigendur fái frádregna frá skattskyldum tekjum fjárfestingu í sparisjóðum eins og í hlutafélögum og samvinnufélögum og þannig opnaðir möguleikar til að afla eigin fjár með sölu stofnfjárbréfa er standist samkeppni við hlutabréf og samvinnuhlutabréf sem fjárfestingarvalkostur.

Liðlega þrjátíu sparisjóðir starfa hérlendis. Þeir undirbúa nú allir útgáfu og sölu stofnfjárbréfa til að afla eigin fjár í samræmi við ákvæði laganna nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Við þann undirbúning hefur komið í ljós að með því ganga sparisjóðirnir til samkeppni við hlutafélög, þar á meðal hlutafélagabanka, um ávöxtun fjárfestingar þeirra sem bréfin kaupa og skattaleg réttindi þeirra vegna hennar. Við núgildandi ákvæði standast stofnfjárbréf sparisjóðanna ekki þann samanburð. Til að tryggja áframhaldandi starfsgrundvöll sparisjóðanna og jafnræði við viðskiptabankana er brýnt að gera bragarbót á skattalegum réttindum þeirra er kaupa stofnfjárbréf sparisjóðanna.

Í ákvæðum gildandi laga um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri með kaupum á hlutabréfum eða samvinnuhlutabréfum er gerð sú krafa að engar hömlur verði lagðar á frjáls viðskipti með bréfin. Við athugun á því hvort réttmætt muni að gera sömu kröfu til sparisjóðanna er nauðsynlegt að gæta samræmis hvað varðar kvaðir eða skyldur og réttindi. Sparisjóðirnir starfa nær allir samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 15. gr. laganna nr. 43/1993, þ.e. innan afmarkaðs landsvæðis eða héraðs, og skulu því eigendur stofnfjárbréfa vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði. Er því ekki unnt að gera þá kröfu að engar hömlur verði lagðar á frjáls viðskipti með stofnfjárbréf þeirra, né heldur getur það samrýmst hagsmunum þeirra.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur heimilað einstaklingum, sem verið hafa án atvinnu og á atvinnuleysisbótum í a.m.k. eitt ár, að stunda nám á bótum í allt að átta mánuði í senn í því skyni að bæta með varanlegu móti atvinnumöguleika sína með formlegri menntun, enda liggi fyrir rökstutt einstaklingsbundið mat og meðmæli þess efnis frá stjórn vinnumiðlunarskrifstofu í heimasveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 93/1993 er einstaklingi heimilt að stunda lengst átta vikna nám á atvinnuleysisbótum. Slík námskeið eru gagnleg en breyta í reynd litlu um forsendur til atvinnuleitar fyrir þann hóp atvinnulausra sem hafa ófullkomna grunnmenntun og hafa því orðið harðast úti. Með þeirri takmörkuðu og einstaklingsbundnu heimild, sem hér er lagt til að verði lögfest, er leitast við að opna leið til að nýta Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að breyta verulega vinnuhorfum einstaklinga þar sem þessi leið þykir vænleg til árangurs.

Ljóst er að sú skipan, sem hér er gerð tillaga um, getur ekki orðið að almennri reglu, en heimild talin vera til bóta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 117. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson.

1. gr.

Við B-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði, enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100.000 kr., og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði að núvirði um 1.200 milljarðar kr. en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Mál þetta var lagt fram á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu í nefnd. Er málið nú endurflutt óbreytt.

Um greinargerð frumvarpsins vísast til samhljóða greinargerðar á þskj. 902, 583. mál 117. löggjafarþings, bls. 4287–4288 í A-deild Alþt. 1993–94.

20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Einar K. Guðfinnsson, Árni R. Árnason,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ingi Björn Albertsson, Sólveig Pétursdóttir.

1. gr.

2. mgr. 112. gr. laganna orðast svo:

Nú verður ljóst þegar lýkur álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Komi í ljós við endurákvörðun skatta samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar eða samkvæmt niðurstöðu dómstóla að gjaldandi hafi greitt meira en endanlegri álagningu nemur skal endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem gjaldendum opinberra gjalda er gert að greiða skv. 3. málsl. 1. mgr. þessarar greinar. Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að inneignarvextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gjaldendum ber að greiða dráttarvexti af vangreiddum opinberum gjöldum, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en gjaldandi sem hefur greitt meira en sem nemur endanlega ákvörðuðum sköttum er hins vegar samkvæmt gildandi lögum bætt upp það tímabil sem fé hans var í vörslu ríkissjóðs með vöxtum sem miðaðir eru við vexti af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

Mál þetta var lagt fram á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu í nefnd. Er málið nú endurflutt óbreytt.

Um greinargerð frumvarpsins vísast í samhljóða greinargerð á þskj. 319, 266. mál 117. löggjafarþings, bls. 1639–1640 í A-deild Alþt. 1993–94.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 9. gr. laganna orðast svo:

Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi vera einn mánuður. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í fyrstu almennu siglingalögunum, nr. 63/1913. Þó voru ákvæði um uppsagnarfrest á einn veg, þ.e. alfarið í höndum skipstjóra. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög, nr. 41/1930. Með þeim lögum var fyrst getið um tiltekinn uppsagnarfrest sjómanna. Með lögum nr. 67/1963 er uppsagnarfresti yfirmanna á öllum íslenskum skipum og undirmanna á kaupskipum verulega breytt, en á fiskiskipum er hann aðeins sjö dagar. Með breytingum, sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði á réttarstöðu verkafólks og uppsagnarfresti, svo og þeirri breytingu sem orðin er með tilkomu aflaheimilda á fiskiskip, er það með öllu óviðunandi fyrir eina starfsstétt hér á landi, þ.e. undirmenn á fiskiskipum, að búa við sjö daga uppsagnarfrest eins og núverandi lög kveða á um.

Í ákvæðum siglingalaga, nr. 63 22. nóvember 1913, sagði svo í 30. gr.: „Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann er hann veit að er ráðinn annars staðar.“ Í 87. gr. kemur fram að skipstjóri geti ráðið skipverja til tiltekinnar ferðar eða í tiltekinn tíma.

Í sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, er uppsagnarfrestur tiltekinn og þá mismunandi eftir því hvort um er að ræða stýrimann og vélstjóra eða aðra í áhöfn. 2. mgr. 13. gr. hljóðaði svo: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef ekki er öðruvísi samið, en sjö dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum einn dagur.“

Þessi ákvæði sjómannalaga voru í gildi þar til ný sjómannalög voru sett, nr. 67 31. desember 1963. Þá var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. um uppsagnarfrest breytt verulega og voru þau þannig: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar.“ Með þessari lagasetningu var uppsagnarákvæðum yfirmanna á kaupskipum breytt, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, hjá öðrum skipverjum úr sjö dögum í einn mánuð. Á fiskiskipum urðu sömu breytingar hjá yfirmönnum, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, en hjá öðrum skipverjum úr einum degi í sjö daga.

Við endurskoðun sjómannalaga, sem fram fór síðari hluta árs 1984 og fyrri hluta árs 1985, urðu nokkrar umræður um þann mismun á uppsagnarákvæðum íslenskra sjómanna sem fram kom í sjómannalögunum frá 1963, einkum þá um mismun skipverja (annarra en yfirmanna) á kaupskipum og fiskiskipum. Við þær aðstæður, er þá voru varðandi fiskveiðar, töldu samtök sjómanna ekki ástæðu til breytinga á uppsagnarákvæðum fiskimanna og var 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, m.a. þess vegna ekki breytt. Eins og fram kemur hafa nú allar forsendur breyst hvað varðar starfsöryggi þeirra fiskimanna sem nú þurfa lögum samkvæmt að búa við sjö daga uppsagnarfrest og er því þetta frumvarp til breytingar á sjómannalögum lagt fram, enda löggjafans að taka á máli þessu, hvar sjómannalögin kveða á um þann minnsta rétt til uppsagnar sem fyrirfinnst í íslenskri launþegastétt.

22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um skipun nefndar um vatnsútflutning.

Flm.: Jón Helgason, Stefán Guðmundsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd um vatnsútflutning. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar allra þingflokka. Hlutverk hennar verði að móta framtíðarstefnu um nýtingu á þessari miklu náttúruauðlind. Enn fremur geri nefndin í samstarfi við Byggðastofnun áætlun um hvernig sú nýting megi verða til að efla byggð í þeim héruðum þar sem gnótt lindarvatns er fyrir hendi. Þá veiti nefndin í samvinnu við Útflutningsráð þeim aðilum, sem nú eru að hasla sér völl á þessu sviði, ráðgjöf og stuðning, sérstaklega við markvissa markaðssetningu.

Greinargerð.

Þingsályktun þessi var flutt í lok síðasta þings í framhaldi af nefndaráliti flutningsmanns um þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–97. Í því nefndaráliti er bent á að þurft hefði að taka þá byggðaáætlun fastari tökum og setja fram markvissa áætlun um eflingu atvinnulífs, sérstaklega þar sem hægt er að byggja á þeim landgæðum sem eru fyrir hendi eins og úrvalsneysluvatni. Ekki hefur orðið vart við neina slíka vinnu á vegum ríkisstjórnarinnar og því ástæða til að flytja þessa þingsályktun á ný. Á síðasta þingi fylgdi tillögunni eftirfarandi greinargerð:

Um greinargerðina vísast í greinargerð á þskj. 1123, 618. mál 117. löggjafarþings, bls. 4946 í A-deild Alþt. 1993–94. Greinargerðirnar eru samhljóða nema tvær málsgreinar bætast aftan við greinargerð málsins á þessu þingi, svohljóðandi:

Á sl. sumri komu hingað nokkrir bandarískir krabbameinslæknar til að kynnast hinu ómengaða umhverfi. Eftir heimkomuna héðan sagði einn þeirra, Jonelle Reynolds, m.a. eftirfarandi í bréfi:

„Ég vildi eiga kost á að fá íslenskt vatn hvar sem ég ferðast. Það er besta vatnið sem ég hef drukkið og þið megið vera viss um að ég mun kynna og auglýsa ykkar ágæta vatn hvar sem ég get. Til viðbótar við þann markað, sem þið hafið þegar leitað á, mundi ég leggja til að þið leituðuð fyrir ykkur á öllum stærri hressingarhælum. Hver sá sem líkar framleiðsla ykkar verður góður sölumaður hvar sem hann býr og vekur áhuga hjá fólki sem hugsar um heilsu sína."

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um nýtingu landkosta.

Flm.: Jón Helgason, Jón Kristjánsson, Stefán Guðmundsson,
Pétur Bjarnason, Ingibjörg Pálmadóttir,
Valgerður Sverrisdóttir, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka og aðilar vinnumarkaðarins, til að gera úttekt á þeim möguleikum sem lega landsins og aðrir landkostir í víðtækum skilningi gefa þar sem m.a. verði metin eftirfarandi atriði:

a. Tækifærin sem lega landsins á krossgötum fjarlægra heimshluta gefa til aukinna viðskipta og þjónustu.
b. Geta þjóðarinnar til að nýta þessi tækifæri gæti hún þess að halda stöðu til þess og lokast ekki inni innan múra svæðisbundinna hagsmunasamtaka.
c. Hvað strjálbýlt land gæti orðið gjöful undirstaða að öflugu atvinnulífi verði því haldið hreinu og ómenguðu og þeir kostir nýttir til framleiðslu gæðaafurða og þjónustu.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur verið á síðustu árum um hvernig framtíð þjóðarinnar verður best tryggð með samskiptum hennar við aðrar þjóðir. Augljóst er að sú umræða mun halda áfram og innan skamms verður að taka afdrifaríkar ákvarðanir fyrir framtíð þjóðarinnar bæði á innlendum vettvangi og með samningum við aðrar þjóðir.

Vegna einhæfrar framleiðslu og annarra aðstæðna þurfa Íslendingar á miklum samskiptum við aðrar þjóðir að halda og skiptir því miklu máli hvernig þeim er hagað. Það er því mikilvægt að ákvarðanir á þeim vettvangi byggist á vandlegri athugun og skýrum rökum.

Í umræðum um ávinning af inngöngu í Evrópusambandið er því haldið fram að hún sé okkur nauðsynleg því að öðrum kosti munum við einangrast eins og það er orðað. Ekki hefur verið rökstutt nánar í hverju sú einangrun er fólgin og hverju við kunnum að fórna með inngöngunni.

Hins vegar hefur verið bent á að lega landsins á krossgötum á norðurhvelinu milli Evrópu, Norður-Ameríku og Austur-Asíu gefi okkur sérstök tækifæri sem við mundum að meira eða minna leyti glata ef við lokuðum okkur innan múra Evrópusambandsins, þar sem áhrif okkar yrðu harla lítil vegna fámennis þjóðarinnar. Sjálfstæði okkar utan bandalaga gæti eitt sér skapað okkur eftirsóknarverða sérstöðu auk hinnar landfræðilegu staðsetningar.

Í hinni ört vaxandi fólksfjölgun með miklum mengunarvandamálum er líklegt að strjálbýlt og hreint land verði eftirsóknarverðari áningar- og dvalarstaður. Viljum við varðveita þann möguleika verður að miða fjárfestingar- og atvinnustefnuna við það. Að undanförnu hefur lítið heyrst minnst á að tugir stóriðjuvera muni leysa vanda okkar, enda hafa tilraunir til að taka næsta skref á þeim vettvangi orðið þjóðinni þungar í skauti síðsta áratuginn. Og ein vanhugsuð framkvæmd gæti sett slæman stimpil á landið.

Vonir um ávinning af hreinni ásýnd landsins eru líka ekki eingöngu bundnar við heimsóknir ferðamanna. Á síðustu árum hefur margfaldast eftirspurn eftir matvælum, sem framleidd eru við slíkar aðstæður. Íslensku bændasamtökin hafa því beitt sér fyrir könnun á því hvort það gæti skapað landbúnaði hér nýja möguleika og fyrstu vísbendingar gefa til kynna að svo geti orðið. Það er líka í samræmi við stefnu Alþjóðabændasamtakanna, sem þau hafa mótað eftir ráðstefnu þeirra hér á landi árið 1991, að umhverfis- og mengunarvarnir séu mikilvægustu málefni framtíðarinnar. Alþjóða viðurkenning á hreinleika Íslands gæti líka orðið ómetanlegur styrkur fyrir útflutning sjávarafurða sem unnar eru hér.

Ítarleg úttekt á þessum málum er því ákaflega brýn og til þess að fá sem breiðasta samstöðu um þá vinnu og væntanlega niðurstöðu er lagt til að aðild að henni eigi fulltrúar allra stjórnmálaflokka og þeirra samtaka sem nefnd hafa verið aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. launþegasamtök, vinnuveitendur og bændur.

24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Matthías Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich, Egill Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn og Seyðisfjarðarhöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um greinargerð með frumvarpinu vísast til samhljóða greinargerðar á þskj. 295, 254. mál 117. löggjafarþings, bls. 1534 í A-deild Alþt. 1993–94.

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiði til afnáms tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og jafnræðis í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyrisins.

Um greinargerð með frumvarpinu vísast til samhljóða greinargerðar á þskj. 513, 322. mál 117. löggjafarþings, bls. 2237–2238 í A-deild Alþt. 1993–94.

26. Fyrirspurn [26. mál]

til umhverfisráðherra um átak í fráveitumálum sveitarfélaga.

Frá Sigurði Hlöðvessyni.

1. Má vænta þess að stjórnvöld standi við það markmið sitt, sem sett er fram í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar“, að framkvæmdir í fráveitumálum verði hafnar um land allt eigi síðar en árið 1995?
2. Mun ráðherra fylgja málinu eftir, eins og lagt er til í skýrslu fráveitunefndar umhverfisráðuneytisins, með því að fara fram á að ríkið veiti sveitarstjórnum styrk til framkvæmda í fráveitumálum?
3. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir 5 millj. kr. til átaks í fráveitumálum. Hvernig hyggst ráðherra ráðstafa þeim 5 millj. kr.? Telur hann að þar með sé hafið raunverulegt átak í fráveitumálum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í desember 1991 flutti fyrirspyrjandi ásamt Margréti Frímannsdóttur tillögu til þingsályktunar um fráveitumál sveitarfélaga. Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera úttekt á stöðu fráveitumála hjá sveitarfélögum í landinu, meta kostnað við úrbætur og gera tillögur um hvernig sveitarfélögum verði auðveldað að standa undir kostnaði við úrbætur."

Öllum má ljóst vera að verulegt átak verður að gera í umhverfismálum á Íslandi, bæði hvað varðar frágang fráveitumála og sorpmála. Ísland hefur gefið sig út fyrir að vera hreint og ómengað matvælaframleiðsluland þar sem við framleiðum úrvals vörur, unnar úr hráefni úr hreinu og ómenguðu umhverfi. Ef ekki verður gert verulegt átak í umhverfismálum alveg á næstunni munu yfirlýsingar sem þessar hljóma sem öfugmæli. Möguleikar okkar sem matvælaframleiðenda til útflutnings liggja fyrst og fremst í að framleiða hágæðavörur.

Til þess að nýta þessa möguleika, sem tvímælalaust er raunhæft, verðum við að gera verulegar úrbætur í umhverfismálum þannig að við getum staðið undir og viðhaldið þeirri ímynd sem tekist hefur að skapa, að Ísland sé hreint og ómengað matvælaframleiðsluland.

Þann 12. febrúar 1992 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera úttekt á ástandi fráveitumála og móta stefnu í þeim. Nefndin skilaði áfangaskýrslu til umhverfisráðherra í september 1992 og lokaskýrslu í lok nóvember 1993. Um er að ræða mjög vandaða úttekt.

Í skýrslunni eru ágætar tillögur og ábendingar, m.a. um fjármögnun framkvæmda. Þar segir m.a. í greinargerð fráveitunefndar í 2.5. Aðstoð af hálfu ríkisvalds:

„Í ritinu *Á leið til sjálfbærrar þróunar* með undirtitlinum *Stefna og framkvæmdir ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks í umhverfismálum* segir m.a.: „Stefna ríkisstjórnarinnar er að leggja grunn að þróun sem fær staðist til frambúðar með því: Að efla aðgerðir sem koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum manna og dýra á náttúrulegt umhverfi, bæta umhverfið og eftir megni að koma í veg fyrir, draga úr eða tefja óæskilegar breytingar á umhverfi okkar af völdum náttúruafla."

Stjórnvöld hafa jafnframt sett sér það mark að framkvæmdir í fráveitumálum verði hafnar um land allt eigi síðar en árið 1995.

Nefndin telur að til þess að fylgja þessum málum eftir og koma þeim á skrið fari ráðherra fram á að ríkið veiti sveitarstjórnum styrk til framkvæmda í fráveitumálum. Lagt er til að þessi styrkur jafngildi um það bil fjórðungi af kostnaði við framkvæmdir í fráveitumálum og greiðist þegar verkinu eða tilteknum verkþætti er lokið."

Fyrirspurn þessi er því borin fram til að ganga úr skugga um hvort eitthvað verði úr efndum ríkisstjórnarinnar og hvort farið verður eftir tillögum fráveitunefndar um styrki til framkvæmda í fráveitumálum sveitarfélaga.

27. Fyrirspurn [27. mál]

til menntamálaráðherra um forgangsröð kennslu erlendra tungumála í grunnskólum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er menntamálaráðherra því meðmæltur að breytt verði forgangsröð erlendra tungumála sem kennd eru í grunnskólum?
2. Er fyrirhugað að breyta fyrirkomulagi kennslu í erlendum tungumálum þannig að hún hefjist fyrr eða síðar en nú er gert ráð fyrir?

28. Fyrirspurn [28. mál]

til samgönguráðherra um skuldir Vegasjóðs.

Frá Ragnari Elbergssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverjar verða heildarskuldir Vegasjóðs um næstkomandi áramót vegna sérstaks framkvæmdaátaks í atvinnumálum á þessu kjörtímabili, að meðtöldum lántökum á yfirstandandi ári, framreiknað á núgildandi verðlagi?
2. Hvernig skiptast lántökurnar á einstök ár?
3. Hvernig hefur verið staðið að lántökum, hver eru lánskjör og skilmálar?
4. Hvernig verður endurgreiðslum háttað, á hvaða árum verða endurgreiðslurnar og hverjar verða þær í heild, sundurliðað á einstök ár, að meðtöldum öllum kostnaði?

Skriflegt svar óskast.

29. Fyrirspurn [29. mál]

til menntamálaráðherra um álitsgerðir Háskóla Íslands um ESB-aðild.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig var orðuð beiðni ríkisstjórnarinnar til Háskóla Íslands um athugun á áhrifum aðildar Íslands að Evrópusambandinu (ESB).
2. Hvernig var staðið að málinu innan Háskólans, m.a.:
   a. ákvörðun um það hvaða deildir eða stofnanir ynnu að málinu,
   b. ákvörðun um hvaða einstaklingar kæmu að málinu,
   c. samræmingu og mati á niðurstöðum?
3. Hvaða einstaklingar unnu verkið á vegum einstakra stofnana Háskólans?
4. Hvernig var staðið að og gengið frá lokaniðurstöðum stofnananna og hver ber ábyrgð á þeim?
5. Hvað kostar umrædd verkbeiðni ríkisstjórnarinnar í heild og hvaða stofnanir og einstaklingar hafa hlotið greiðslur fyrir einstaka verkþætti og hversu háar?

6. Hefur Háskóli Íslands mótað samræmdar reglur um hvernig sinnt skuli óskum um álit aðila utan skólans gegn gjaldi eða ókeypis og hvernig Háskólinn leggur nafn sitt við álitsgerðir, m.a. af pólitískum toga?

Skriflegt svar óskast.

30. Fyrirspurn [30. mál]

til iðnaðarráðherra um bindandi samning á grundvelli orkusáttmála Evrópu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða undirbúnings að fyrsta framkvæmdarsamningi (first implementation treaty) á grunni orkusáttmála Evrópu sem formaður ráðstefnunnar um sáttmálann fullyrðir að hafi þegar verið sendur aðilum að sáttmálanum til samþykktar?
2. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til fyrirliggjandi samningstexta?
3. Hvenær og með hvaða hætti verður staða málsins kynnt Alþingi og leitað eftir afstöðu þingsins?

Skriflegt svar óskast.

31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu og samræmingu á launakjörum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að gera heildarúttekt á þróun tekju- og eignaskiptingar í þjóðfélaginu sl. tíu ár. Jafnframt skal nefndin leggja mat á hvaða leiðir eru best færar til að jafna kjör í þjóðfélaginu og endurmeta störf láglaunahópa, einnig hvernig betur megi beita jöfnunaraðgerðum af hálfu stjórnvalda. Markmiðið er að auka hlut láglaunahópa í tekjuskiptingunni og stuðla að jafnrétti kynja í launamálum. Enn fremur skal nefndin leggja fram tillögur um aðferðir sem tryggi að heildarlaunagreiðslur, þar með talið yfirborganir, hlunnindi, föst og óunnin yfirvinna og hvers konar aðrar greiðslur er mynda heildarlaunakjör, verði felldar inn í opinbera launataxta.

Í nefndinni eigi sæti einn fulltrúi frá hverjum eftirtaldra aðila: Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneyti, svo og aðilum vinnumarkaðarins. Skal nefndin í starfi sínu hafa samráð við kjararannsóknarnefnd og kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.

Úttektin á tekju- og eignaskiptingunni, sem mat og tillögur nefndar skulu grundvallast á, skal miða að því að upplýsa eftirfarandi þætti:

1. Dreifingu atvinnutekna eftir atvinnugreinum og starfsgreinum eins og kostur er, kyni og tekjuhópum annars vegar og launatöxtum, yfirborgunum, hlunnindagreiðslum og öðrum greiðslum hins vegar.
2. Upplýsingar um þróun launaskriðs eftir því sem kostur er á milli starfsgreina, á almenna vinnumarkaðnum annars vegar og hjá hinu opinbera hins vegar.
3. Upplýsingar um launagreiðslur hjá hinu opinbera, skipt eftir kyni, dagvinnu, fastri yfirvinnu og annarri yfirvinnu, bílagreiðslum og öðrum hlunnindum.
4. Samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa eða starfsstétta er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almenna markaðinum hins vegar.
5. Upplýsingar um neysluútgjöld einhleypra, einstæðra foreldra og vísitölufjölskyldunnar, skipt eftir tekjuhópum. Þar skal m.a. koma fram hlutfall matarútgjalda í heildarútgjöldum annars vegar og útgjöld vegna rafmagns og hita hins vegar, skipt eftir landshlutum.
6. Þróun á hlut launa í framleiðslukostnaði fyrirtækja, skipt eftir atvinnugreinum.
7. Þróun eigna skipt eftir tekjuhópum og kyni annars vegar og fasteignum, ökutækjum, peningalegri eign og hreinni eign hins vegar.

Niðurstöður nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi á haustþingi 1995.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Flestir eru sammála um að misréttið í tekju- og eignaskiptingunni í þjóðfélaginu sé orðið gífurlegt og enginn þekki orðið lengur frumskóg launa- og kjaramála í þjóðfélaginu.

Jafnt og þétt hefur á síðustu áratugum þróast hér tvöfalt launakerfi. Í fyrsta lagi er um að ræða sýnilega launakerfið sem samið er um í kjarasamningum sem að stærstum hluta láglaunafólk þiggur laun samkvæmt. Í öðru lagi er það neðanjarðarkerfið í launakjörunum sem byggir á einstaklingsbundum samningum launþega við vinnuveitanda sinn í formi yfirborgana og hvers kyns hlunnindagreiðslna sem fæstir geta hent reiður á. Slíkt tvöfalt launakerfi býður heim miklu misrétti í þjóðfélaginu, auk þess sem öll viðleitni til að bæta kjör tekjulægstu hópa sérstaklega hefur reynst erfið þar sem allur raunhæfur samanburður á raunverulegum launakjörum í þjóðfélaginu er ekki fyrir hendi.

Þótt viðmiðanir úr skattframtölum séu ýmsum annmörkum háðar gefa þau þá mynd að launamunur þeirra lægst og hæst launuðu geti verið 20–25-faldur. Dreifing atvinnutekna hér á landi 1986–90 sem Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman sýnir einnig að hlutur þeirra tekjuhæstu í þjóðfélaginu hefur vaxið en hlutur meðal- og lágtekjufólks hefur minnkað. Á árinu 1990 voru launatekjur þess fimmta hluta fólks á vinnumarkaðnum, sem hæstar hafði tekjurnar, tæp 44% af heildaratvinnutekjum, meðan hlutur þess fimmta hluta fólks á vinnumarkaði, sem lægstar hafði tekjurnar, var innan við 4%. Tveir þættir skekkja nokkuð þessa mynd ef reynt er að meta ráðstöfunartekjur. Í fyrsta lagi eru það áhrif jöfnunaraðgerða hins opinbera, svo og ráðstöfunartekjur eftir skatt, og hins vegar gífurlegur skattundandráttur í þjóðfélaginu, en gera má ráð fyrir að stærstur hluti undanskots liggi hjá tekjuhærri hluta þjóðarinnar.

Allar kannanir benda líka til að allt of lítið hafi gengið að jafna launakjör kynjanna fyrir sambærileg störf í þjóðfélaginu. Bæði virðist svo að yfirborganir og hlunnindi á almenna vinnumarkaðinum og hjá hinu opinbera gangi frekar til karla en kvenna og einnig hitt að í sumum tilvikum, þegar bornar eru saman hefðbundnar kvennastarfsgreinar og hefðbundnar starfsgreinar karla sem krefjast sambærilegs námstíma, virðist einnig vera um verulegan launamismun að ræða. Í þessari tillögu til þingsályktunar er m.a. lagt til að störf láglaunahópa verði endurmetin. Brýnt er að gera könnun á því og meta hvort, og þá hvers vegna, láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Við mat á láglaunastörfum þyrfti að athuga sérstaklega hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem umönnunar- og uppeldisstörf. Til grundvallar í starfsmati ætti einnig að leggja þætti eins og ábyrgð, á jafnt mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu, hæfni, óþrifnað, erfiði, menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu og aðra þá þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör. Á sama hátt er eðlilegt að meta hvort hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sé óeðlilega lág miðað við vinnuframlag. Við þann samanburð er nauðsynlegt að taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar.

Ljóst er einnig að hið opinbera hefur í samkeppni við hinn almenna vinnumarkað tekið þátt í þessu tvöfalda launakerfi þar sem stöðuheiti, föst yfirvinna og bílahlunnindi eru notuð til að bæta lág laun sem samið er um í kjarasamningum. Í athugun, sem gerð var fyrir nokkrum árum, kom einnig fram að að stærstum hluta renna þessar aukagreiðslur til karla, en um 90% komu í hlut karla sem störfuðu hjá hinu opinbera meðan um 10% komu í hlut kvenna.

Til að hægt sé með raunhæfum hætti að jafna kjör í þjóðfélaginu, jafnt að bæta kjör láglaunahópa og jafna kjör kvenna og karla fyrir sambærileg störf, er nauðsynlegt að Alþingi og ríkisvaldið grípi til aðgerða sem stuðli að opnu launakerfi þar sem heildarlaunagreiðslur og kjör verði sýnileg. Það er forsendan fyrir því að hægt sé að jafna eigna- og tekjuskiptinguna í landinu, bæði með jöfnunaraðgerðum hjá hinu opinbera sem og með því að bæta hlut láglaunahópa á raunhæfan hátt í kjarasamningum.

Sama er uppi á teningnum hvort sem litið er til eigna- eða tekjuskiptingarinnar í þjóðfélaginu. Samkvæmt framtölum 1993 eru um 9.800 hjón og einstaklingar með að meðaltali 2,7 milljónir kr. í skuldir umfram eignir á sama tíma og 320 hjón og einstaklingar eiga hver um sig að meðaltali 103 milljónir kr. í eignir umfram skuldir. Af því eiga þau um 43 milljónir kr. í skattfrjálsum peningalegum eignum.

Af ofansögðu er ljóst að misréttið í eigna- og tekjuskiptingunni er hrikalegt og virðist fara vaxandi. Það er því löngu orðið tímabært að reynt sé að leita raunhæfra leiða til að jafna eigna- og tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

32. Fyrirspurn [32. mál]

til menntamálaráðherra um húsnæðisaðstöðu Fjölbrautaskólans við Ármúla í Reykjavík.

Frá Finni Ingólfssyni.

Eru uppi áform hjá menntamálaráðherra um að ljúka við byggingu Fjölbrautaskólans við Ármúla? Ef svo er, hvaða fjármunir eru ætlaðir til þess á árinu 1995 og hvenær er stefnt að að ljúka við byggingu skólans?

33. Fyrirspurn [33. mál]

til félagsmálaráðherra um heildarútlán og vanskil við Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hver eru heildarútlán í húsbréfakerfinu sem tók gildi 15. nóvember 1989, hve mikil eru vanskilin miðað við 1. október sl. og hve margir einstaklingar eru í vanskilum við stofnunina?
2. Hver eru heildarútlán í almenna húsnæðiskerfinu sem tók gildi 1. september 1986, hve mikið er í vanskilum og hve margir einstaklingar eru í vanskilum við stofnunina miðað við 1. október sl.?
3. Hver eru heildarútlán í húsnæðiskerfinu sem var í gildi fyrir 1. september 1986, hve mikil eru vanskilin við stofnunina og hver er sá fjöldi einstaklinga sem er í vanskilum miðað við 1. október sl.?
4. Hver eru heildarútlán Byggingarsjóðs verkamanna, hve mikil voru vanskilin við sjóðinn 1. október sl., hafa vanskil aukist sem hlutfall af heildarútlánum frá því vextir voru hækkaðir úr 1% í 2,4%?
5. Hve lengi þurfa menn að bíða eftir afgreiðslu Húsnæðisstofnunar á húsbréfum?

Skriflegt svar óskast.

34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um endurskoðun laga um ráðherraábyrgð.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Greinargerð.

Hér er flutt einföld tillaga um að Alþingi kjósi fimm manna nefnd til að endurskoða lögin um ráðherraábyrgð. Ekki er gerð tillaga um sérstaka forskrift fyrir nefndina. Hins vegar gerir flutningsmaður ráð fyrir að nefndin fari yfir þær umræður sem fram hafa farið um málið á Alþingi, bæði nú á seinni árum og áður, auk þess sem hafa verður til hliðsjónar lögin um ráðherraábyrgð í Danmörku og framkvæmd þeirra. Okkar lög tóku á margan hátt mið af dönsku lögunum en eftir samþykkt gildandi laga um ráðherraábyrgð, 1963, var dönsku lögunum síðan breytt.

Til að auðvelda umræðuna birtist með tillögunni sem fylgiskjal þýðing á dönsku lögunum um ráðherraábyrgð. Við samningu greinargerðarinnar hefur flutningsmaður haft til hliðsjónar greinina „Ábyrgð ráðherra — í ljósi Tamílamálsins“ eftir lic. jur. Jens Peter Christensen, lektor við Lagastofnun Háskólans í Árósum. Þar er ítarlega fjallað um ráðherraábyrgð fyrr og nú í ljósi nýjasta málsins af þessu tagi í Danmörku. Umfjöllun um Tamílamálið varpar einnig ljósi á stöðu mála á Íslandi í þessum efnum. Í framsöguræðu fyrir tillögunni verður einnig gerð grein fyrir fyrirkomulagi sömu mála í grannlöndum okkar.

Frumvarp Páls Péturssonar.

Páll Pétursson hefur á undanförnum þingum flutt tillögur um breytingar á lögum um ráðherraábyrgð. Í breytingartillögu hans felst að kveðið verði sérstaklega á um ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi ef hann fer með villandi upplýsingar gagnvart Alþingi eða leynir Alþingi mikilvægum upplýsingum. Í greinargerð með frumvarpi Páls vitnar hann til dönsku laganna um ráðherraábyrgð. Um frumvarp þetta hafa orðið talsverðar umræður á tveimur þingum. Í umræðum um málið hefur Björn Bjarnason lagt áherslu á að Alþingi sjálft hljóti að úrskurða um ábyrgð ráðherra hverju sinni; það geti ekki verið verkefni annarra aðila. Í lögunum um landsdóm er það einnig grundvallaratriðið að Alþingi sjálft ákveði málshöfðun gegn ráðherra.

Í umræðunum um frumvarp Páls Péturssonar greindi flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu frá umræðunum um frumvarpið sem varð að gildandi lögum um ráðherraábyrgð. Alfreð Gíslason læknir, sem þá sat á Alþingi, taldi óþarfa eða gagnslaust að setja sérstök lög um ráðherraábyrgð. Þeir ættu eins og aðrir að standa ábyrgir gerða sinna frammi fyrir ákvæðum hegningarlaga, auk þess sem þeir ættu landsdóm yfir höfði sér. Engu að síður varð það niðurstaðan að setja lög um ráðherraábyrgð þótt margir tækju í raun undir sjónarmið Alfreðs Gíslasonar læknis. Sjónarmið hans byggðust auðvitað á þeim veruleika að ríkisstjórnir slá alltaf skjaldborg um ráðherra og meiri hluti Alþingis, sem ber ábyrgð á ríkisstjórn, ver einstaka ráðherra vantrausti fram í rauðan dauðann.

Mál Guðmundar Árna Stefánssonar.

Í umræðum um mál Guðmundar Árna Stefánssonar félagsmálaráðherra að undanförnu hafa menn bent á að ráðherrann sé í raun varinn af meiri hluta Alþingis. Margir hafa þá ályktað sem svo að þar með séu ákvæðin um vantraust eða landsdóm gagnslaus. Það er ekki rétt. Þau geta komið að notum þótt þau hafi aldrei verið notuð.

Það var Ólafur Jóhannesson, þá prófessor, seinna forsætisráðherra, sem samdi fyrir ríkisstjórnina undir forustu Bjarna Benediktssonar drög að frumvarpi um ráðherraábyrgð sem seinna varð að lögum. Þeir töldu báðir vafamál hvort rétt væri að setja svona lög, en niðurstaða þeirra varð engu að síður sú þar sem kveðið er á um það í stjórnarskránni.

Verður ekki annað séð af umræðum um málið en að þeir hafi í raun báðir talið lögin óþörf eða gagnslítil af því að hið endanlega úrskurðarvald er alltaf í höndum Alþingis.

Það er vandi að finna leið.

Vandinn er sá að finna leið sem er í senn ábyrg og getur um leið þjónað markmiðum lýðræðis og réttarríkis. Er hægt að finna leið sem tryggir að ráðherrar verði látnir sæta ábyrgð án þess að meiri hluti Alþingis hlutist alltaf til um málið og stöðvi í raun meðferð þess? Í umræðum um lögin um ráðherraábyrgð í fyrra kom fram að í EFTA-ríkjunum öllum er slík leið til. Þar er gert ráð fyrir sérstökum nefndum, rannsóknarnefndum eða skoðunarnefndum, til að fara yfir einstök mál. Þessar nefndir skila svo áliti og um afleiðingarnar af störfum þeirra er tvennt til. Annað er það að viðkomandi ráðherra segi af sér af því að honum er ekki sætt vegna þrýstings frá almenningsáliti. Hitt er líka til að niðurstaða nefndar sé lögð fyrir viðkomandi þing til samþykktar eða synjunar. Fer þá oftast svo að sá meiri hluti þings, sem ver ríkisstjórn vantrausti, kýs einnig að verja ráðherrann vantrausti. Engu að síður er mikilvægt að þessi leið sérstakra skoðunarnefnda sé til því að hún skapar farveg sem er á forsendum viðkomandi þings en byggist ekki á því hvað t.d. flokkur viðkomandi ráðherra óskar eftir að gert verði eða ráðherrann sjálfur óskar eftir að gert verði.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa komið fram, er tillaga þessi flutt, en nánari grein verður gerð fyrir henni í framsöguræðu. Efni tillögunnar er í raun einfalt og áreitnislaust. Þar er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi nefnd til að fjalla um málið í ljósi fenginnar reynslu um liðlega þrjátíu ára skeið. Í tillögunni er nefndinni ekki sett nein forskrift, en með því móti má ætla að sátt geti fengist um tillöguna. Þá væri eðlilegt að endurskoða í framhaldi af henni lögin um ráðherraábyrgð.

Úrræðin nú.

Flutningsmaður telur augljóst að rík þörf sé fyrir sérstaka skoðun þeirra mála sem ráðherra kann að vera sakaður um umfram það sem kveðið er á um í dag.

Úrræðin eru þrenns konar. Í fyrsta lagi getur ráðherrann auðvitað sagt af sér eftir mikinn þrýsting frá almenningsáliti. Um það eru mörg dæmi í grannlöndum okkar. Ætla má að þau dæmi hafi orðið til vegna þess að viðkomandi ráðherrar hafa setið í minnihlutastjórnum. Meiri hluti þingsins hefur því ekki verið tilbúinn til að verja ráðherrana þó að hann hafi verið tilbúinn til að verja ríkisstjórnina í heild vantrausti. Þess vegna telur flutningsmaður að afsagnir ráðherranna í grannlöndum okkar eigi fremur rætur að rekja þess að þar hafa minnihlutastjórnir verið við lýði en til þess að þar sé siðferðið þroskaðra en hér á landi. Í annan stað er sá möguleiki til að ráðherra sé dæmdur í landsdómi, en til þess þarf málshöfðun sem Alþingi samþykkir. Sú málshöfðun jafngildir þá í raun vantrausti á ráðherrann, en þarf þó ekki endilega alltaf að þýða það sama. Í þriðja lagi er svo sá kostur til að ráðherrann sé borinn vantrausti á Alþingi. Það hefur aldrei gerst á Íslandi en er engu að síður framkvæmanlegt.

Of oft kallað á Ríkisendurskoðun.

Hér á landi hafa menn í seinni tíð gripið til þess æ ofan í æ að kalla til Ríkisendurskoðun. Það er óeðlilegt hversu oft er gripið til þess ráðs, en ástæðan er vafalaust sú að skortur er á öðru betra. Greinilegt er að setja verður reglur um það hverjir geti skilyrðislaust ætlast til þess af Ríkisendurskoðun að hún skoði fjárhagsmálefni eða stjórnsýslu ráðuneyta. En er hugsanlegt að tengja þessi vandamál saman þegar lögin um ráðherra-

ábyrgð verða endurskoðuð, þannig að jafnframt verði hugað að því hvernig yfirstjórn Ríkisendurskoðunar verður komið fyrir og um leið hvernig háttað verður í framtíðinni kosningu á yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga sem nú eru kjörnir samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ekki má þó skilja þessi orð svo að sú nefnd, sem fjallaði um ráðherraábyrgð, ætti að einskorða starf sitt við fjárhagsmálefni, en hér hafa þó nokkrir aðilar verið nefndir til sögunnar sem í dag hafa óljóst en engu að síður allmikilvægt hlutverk.

Fylgiskjal I.

Dönsku lögin um ráðherraábyrgð.
(Lög 1964-04-15 nr. 117.)

1. gr.
Lögin gilda um ábyrgð ráðherra á embættisfærslu sinni.

2. gr.
Ákvæði almennra hegningarlaga taka einnig til starfa ráðherra.

3. gr.
Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild í lögbroti taka til ráðherra fyrir athafnir undirmanns hans þegar:
1. honum hefur verið kunnugt um þær og ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær,
2. brotið er nauðsynlegur eða eðlilegur þáttur framkvæmdar á ákvörðun sem ráðherrann ber ábyrgð á,
3. hann hefur stuðlað að brotinu með því að sinna ekki eðlilegu eftirliti eða setja skýr fyrirmæli.

4. gr.
Ábyrgð á embættisathöfn, sem atbeina konungs þarf til, hvílir bæði á þeim ráðherra sem hefur áritað með konungi og þeim ráðherrum sem hafa stuðlað að þeirri athöfn.

5. gr.
Ráðherra skal sæta refsingu ef hann af ásetningi eða af vítaverðu gáleysi vanrækir þær skyldur sem á honum hvíla samkvæmt stjórnarskrá, almennum lögum eða embættisstöðu hans.
Ákvæði 1. mgr. eiga við ef ráðherra veitir þinginu rangar eða villandi upplýsingar eða leynir mikilvægum upplýsingum við meðferð máls á þingi.

6. gr.
Brot á ákvæðum 5. gr. varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ef brotið er framið af gáleysi varðar það sekt eða varðhaldi.

Við ákvörðun fjársektar skal taka mið af ákvæðum almennra hegningarlaga um dagsektir.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. gilda því aðeins að önnur lög tiltaki ekki þyngri refsingu.

Ákvæði 155.–157. gr. almennra hegningarlaga gilda ekki um ráðherra.

8. gr.

Ábyrgð ráðherra fyrnist samkvæmt ákvæðum 93.–95. gr. almennra hegningarlaga. Fyrningarfrestur er þó aldrei skemmri en fimm ár.

9. gr.

Um skaðabótaábyrgð vegna embættisfærslu ráðherra gilda almennar reglur um skaðabætur vegna tjóns sem opinberir embættismenn valda í störfum sínum í þjónustu ríkisins.

Fylgiskjal II.

Könnun á hlutverki rannsóknarnefnda löggjafarþinga í tólf aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

(Þýtt úr ensku.)

A. INNGANGUR

Skýrsla þessi er niðurstaða könnunar á hlutverki rannsóknarnefnda löggjafarþinga í þjóðþingum hinna tólf aðildarríkja Evrópubandalagsins.

Könnunin byggðist í upphafi á svörum rannsóknardeilda þjóðþinga aðildarríkjanna við spurningalista sem útbúinn var af Evrópuþinginu (PE 201.734). Við þessar upplýsingar var fyrst bætt með því að kanna þingsköp viðkomandi ríkja eða viðeigandi fræðirit um stjórnskipunarrétt. Viðbótarupplýsingar fengust með vitnaleiðslum sem nefnd Evrópuþingsins um málefni stofnana skipulagði 16. september 1992.

Í fyrsta hluta skýrslunnar eru svörin, sem bárust frá þjóðþingunum, greind og hlutverki rannsóknarnefndar í hverju aðildarríkjanna lýst út frá lagagrundvelli, skipun, starfstíma, samsetningu, valdsviði og takmörkunum, völdum, árangri og stöðu mála í reynd. Í öðrum hluta eru borin saman og metin hlutverk rannsóknarnefndanna í aðildarríkjunum.

Könnuninni er ætlað að taka til Evrópubandalagsins í heild og koma til viðbótar drögum að ályktun um rannsóknarnefndir (PE 200.794) frá nefnd Evrópuþingsins um málefni stofnana.

B. RANNSÓKNARNEFNDIR ÞJÓÐÞINGA Í EINSTÖKUM AÐILDARRÍKJUM

I. Sambandslýðveldið Þýskaland.

1. Lagagrundvöllur.

44. gr. stjórnskipunarlaga Sambandslýðveldisins Þýskalands veitir lagagrundvöll fyrir skipun rannsóknarnefnda í þýska þjóðþinginu (Bundestag). Þó eru engin sérstök ákvæði um rannsóknarnefndir í þingsköpum þýska þjóðþingsins. Hvað skipun og störf slíkra nefnda áhærir er framkvæmdin sú í þýska þjóðþinginu að setja rannsóknarnefndum sérstakar starfsreglur í formi hinna svokölluðu „IPA-reglna frá 1969" (þingskjal þýska þjóðþingsins V/4209) sem eiga rætur að rekja til frumvarps til laga um rannsóknarnefndir sem aldrei varð að lögum. Gagnstætt því sem gerist um einstök ríki (Länder) eru nú engin alríkislög í gildi um lagalega stöðu rannsóknarnefnda. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa ný frumvörp hins vegar verið lögð fram á þýska þjóðþinginu (þingskjöl þýska þjóðþingsins 12/418, 12/1436).

Efri deild þýska þingsins (Bundesrat) gegnir ekki hefðbundnu þinglegu eftirlitshlutverki þar sem hún er í raun ekki önnur deild í skilningi tveggja þingdeilda kerfisins. Sem stjórnskipunaraðili Sambandsríkisins, skipuð fulltrúum ríkjanna (Länder), hefur hún einungis rétt til að skipa sérfræðinganefndir til ráðgjafar (52. gr. stjórnskipunarlaganna).

2. Skipun.

Ef fram kemur ósk frá að minnsta kosti fjórðungi þingmanna er þýska þjóðþinginu skylt að skipa rannóknarnefnd (minnihlutarannsókn). Þingið losnar einungis undan þessari kvöð ef beiðnin brýtur í bága við stjórnarskrána. Beiðninni um að skipa nefnd verður einnig að fylgja fullnægjandi skilgreining á því hvað skuli rannsaka. Við rannsóknarefnið, sem þannig er skilgreint af minni hlutanum, má ekki bæta öðrum umfjöllunarefnum sem meiri hlutinn leggur til. Ef um er að ræða óhæfilega skerðingu á rétti minni hlutans er unnt að leita verndar Alríkisstjórnskipunardómstólsins samkvæmt þeim réttarfarsreglum um lausn deilumála er varða alríkisaðila skv. 1. lið 1. mgr. 93. gr. stjórnskipunarlaganna.

Ef fram kemur ósk að minnsta kosti 5% þingmanna er þinginu einnig heimilt að ákveða, með meiri hluta atkvæða, að skipa rannsóknarnefnd (meirihlutarannsókn).

3. Starfstími.

Rannsóknarnefnd hættir störfum þegar hún er lögð niður. Þegar um minnihlutarannsókn er að ræða getur þýska þjóðþingið lagt rannsóknarnefndina niður ef meira en þrír fjórðu hlutar þingmanna eru því fylgjandi. Ef um meirihlutarannsókn er að ræða er unnt að leggja nefndina niður með einföldum meiri hluta atkvæða. Að auki lýkur starfstíma rannsóknarnefndar þegar lokaskýrsla hennar er rædd á allsherjarfundi þýska þjóðþingsins eða við lok yfirstandandi kjörtímabils þingsins.

4. Samsetning.

44. gr. stjórnskipunarlaga kveður ekki á um lágmarksfjölda nefndarmanna. Hins vegar verða allir stjórnmálaflokkar að eiga að minnsta kosti einn fulltrúa í nefndinni í samræmi við hlutfallslegan styrk sinn á þinginu. Að auki verða allir nefndarmenn að eiga sæti á þinginu. Nefndin kýs sér formann og varaformann með vísan til þingstyrks stjórnmálaflokka; bæði ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan verða að eiga þar fulltrúa. Þau frumvörp, sem hingað til hafa verið lögð fram um rannsóknarnefndir, kveða á um sjö nefndarmenn og sjö varamenn.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Rannsóknarnefndum er heimilt að rannsaka mál er varða almenningshagsmuni. Þetta víðtæka valdsvið nær yfir það eftirlitshlutverk sem þinginu er einkum falið, svo sem rannsókn á hugsanlegum brotum sem framkvæmdarvaldið ber ábyrgð á. Nefndunum ber skylda til að komast að staðreyndum málsins til upplýsingar fyrir þýska þjóðþingið. Réttur rannsóknar takmarkast við málefni sem falla innan stjórnskipulegs valds þingsins. Málefni, sem eru á ábyrgð ríkjanna (Länder), svo og dómsniðurstöður og hrein einkamál, er ekki unnt að rannsaka. Ekki er heldur unnt að rannsaka málefni sem varða beint sjálfstæði framkvæmdarvaldsins né störf ríkisvaldsins á hverjum tíma. Þing ríkjanna (Länder) hafa samkvæmt stjórnarskrá sinni rétt til að rannsaka sjálf málefni sem falla innan valdsviðs ríkjanna.

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. stjórnskipunarlaga eru dómstólar ekki skuldbundnir til þess að fallast á mat nefndar á staðreyndum þannig að frá fræðilegu sjónarmiði er ekkert því til fyrirstöðu að málsmeðferð geti farið fram samhliða á báðum stöðum. Í reynd bíða þó dómstólar jafnan eftir niðurstöðum af starfi nefndarinnar.

6. Völd.

Í þeim tilgangi að varpa ljósi á staðreyndir hefur rannsóknarnefnd sömu völd og sakadómur. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. grundvallarlaganna eiga ákvæði um meðferð sakamála við með lögjöfnun um öflun sönnunargagna við opinberar vitnaleiðslur. Þetta þýðir að vitnum og sérfræðingum ber að mæta fyrir rannsóknarnefndina. Ef þörf krefur er unnt að neyða þá til þess. Þó verður fyrst að afla dómsúrskurðar áður en unnt er að gefa út stefnu, leggja hald á skjöl eða framkvæma leit. Unnt er að krefjast þess að ríkisstjórnarmeðlimir mæti í eigin persónu fyrir rannsóknarnefndina. Alríkisstjórnin er í grundvallaratriðum skuldbundin til þess að veita upplýsingar um það málefni sem til rannsóknar er. Samkvæmt 3. mgr. 44. gr. stjórnskipunarlaganna eru dómstólar og stjórnsýsluaðilar skuldbundnir til að veita lagalega og stjórnsýslulega aðstoð. Í þessu felst að svara spurningum og veita upplýsingar, leggja fram skjöl, heimila aðgang að skrám og veita aðstoð. Synjun er einungis möguleg ef afhending skjala hefði í för með sér verulega skerðingu á hagsmunum Sambandsríkisins eða einkalífi einstaklings og þar með á grundvallarmannréttindum hans. Dómstólar geta úrskurðað í slíkum málum.

7. Málalok.

Í samræmi við þá skyldu sína að gefa skýrslu leggur rannsóknarnefnd fram niðurstöður rannsóknar sinnar í lokaskýrslu til allsherjarfundar þýska þjóðþingsins (Bundestag). Henni er heimilt að leggja pólitískt mat á staðreyndir og koma með tillögur. Einnig er skylt að gera grein fyrir skoðunum minni hluta nefndarmanna. Þingið tekur lokaskýrsluna til umfjöllunar og lýkur rannsókninni með formlegri ákvörðun.

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. stjórnskipunarlaganna er ekki unnt að fjalla um lokaskýrslur nefndanna fyrir dómstólum þar sem þær eru einungis pólitísk niðurstaða umræðna.

8. Framkvæmdin.

Sem stjórntæki er rannsóknarnefnd þingsins einkum notuð af stjórnarandstöðunni til að vekja athygli á misgjörðum. Hin víðtæka vernd, sem réttindi minni hlutans njóta, hvetur til þessa. Þetta skýrir einnig hinn mikla fjölda rannsóknarnefnda á þýska þjóðþinginu (28).

II. Belgía.

1. Lagagrundvöllur.

40. gr. belgísku stjórnarskrárinnar veitir bæði fulltrúadeildinni og öldungadeildinni rétt til rannsóknar. Nánari framkvæmdarákvæði, sem gilda um rannsóknarnefndir þingsins, eru í lögum frá 3. maí 1880. Þessi lög eru enn í gildi en nú stendur yfir endurskoðun á þeim og ný drög hafa verið lögð fyrir báðar þingdeildir. Þær upplýsingar, sem fram koma hér fyrir aftan, eiga við um lögin frá 3. maí 1880 sem nú eru í gildi.

Þó að báðar þingdeildir eigi samkvæmt ofangreindum ákvæðum rétt á að skipa sjálfstæðar rannsóknarnefndir er ekkert ákvæði í lögum um skipun sameiginlegrar rannsóknarnefndar beggja þingdeilda.

2. Skipun.

Rannsóknarnefnd er skipuð að beiðni meiri hluta þingmanna fulltrúadeildarinnar eða öldungadeildarinnar.

3. Starfstími.

Starfstíma rannsóknarnefndar lýkur þegar starfi hennar er lokið eða þegar hún er lögð niður af þingdeildinni sem fyrirskipaði rannsóknina. Starfi nefndarinnar lýkur einnig við lok kjörtímabils þingsins.

4. Samsetning.

Að því er varðar samsetningu rannsóknarnefnda vísar 3. gr. laganna frá 3. maí 1880 til þingskapa fulltrúadeildarinnar og öldungadeildarinnar. Í þingsköpum öldungadeildarinnar eru engin sérstök ákvæði um fjölda nefndarmanna. Í reynd eru nefndarmenn í rannsóknarnefndum þó venjulega 11. Þetta er nákvæmlega helmingur þess fjölda nefndarmanna sem sæti á í venjulegri þingnefnd.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Valdsvið rannsóknarnefnda er í grundvallaratriðum mjög víðtækt. Engar lagalegar takmarkanir eru á rétti nefndar til rannsóknar sem þýðir í grundvallaratriðum að hún getur rannsakað allar athafnir framkvæmdarvaldsins. Þetta er afleiðing hinnar stuttorðu skilgreiningar á réttinum til rannsóknar í belgísku stjórnarskránni. Samkvæmt Conseil d'État

er rétturinn til rannsóknar þó háður tveimur takmörkunum. Í fyrsta lagi má ekki raska grundvallarreglunni um skiptingu valdsins með því að fela rannsóknarnefnd verk eða ábyrgð sem í raun heyrir undir önnur opinber stjórnvöld eða dómstóla. Störf nefndarinnar mega því ekki fela í sér leynt valdaframsal. Rannsóknir nefndarinnar mega heldur ekki taka á sig form dómstólameðferðar. Ákvörðun deildarinnar sem skipar rannsóknarnefndina takmarkar einnig umfang valdsviðs hennar. Ekki er heimilt að afla upplýsinga um málefni sem koma því efni, sem til rannsóknar er, ekki við.

6. Völd.

Samkvæmt 4. gr. laganna frá 3. maí 1880 hafa nefndirnar og formenn þeirra sömu völd og rannsóknardómari í sakamálum. Þeir geta stefnt vitnum og sérfræðingum, sem skyldugir eru til að mæta fyrir nefndinni og eiga yfir höfði sér refsingu samkvæmt hegningarlögum sé framburður þeirra rangur. Rannsóknarnefndir geta enn fremur yfirheyrt vitni og látið þau sverja eið að framburði sínum. Að auki eiga þær rétt á að rannsaka öll skrifleg gögn. Dómstólarnir hafa hins vegar einir rétt til þess að beita þvingunarráðstöfunum sem fela í sér frelsissviptingu til að framfylgja þessu valdi og dómarar geta þannig einir fyrirskipað að gripið sé til slíkra aðgerða. Nefndin getur falið yfirdómurum sérstök rannsóknarverkefni.

Ráðherrar eru reglulega beðnir um að heimila opinberum starfsmönnum sínum að gefa yfirlýsingar hjá rannsóknarnefndum til að aðstoða þær við rannsóknir þeirra. Dómstólar verða að aðstoða nefndirnar með því að veita upplýsingar, jafnvel um mál sem þar eru til umfjöllunar á þeim tíma. Það verður hins vegar að tryggja að slíkt skaði ekki dómsrannsóknina eða hafi áhrif á réttindi málsaðila samkvæmt réttarfarslögum. Einnig getur þingdeildin takmarkað völd nefndar við skipun hennar.

7. Málalok.

Rannsóknarnefndin semur lokaskýrslu þar sem fram koma niðurstöður nefndarinnar og mat. Það er síðan undir þinginu komið að grípa til nauðsynlegra lagalegra eða pólitískra aðgerða. Lokaskýrsluna má einnig senda til dómstóla svo að rannsaka megi niðurstöðurnar og taka ákvörðun um hugsanlega málshöfðun.

8. Framkvæmdin.

Í framkvæmd er sjaldgæft að belgíska þingið skipi rannsóknarnefnd. Þetta stafar vafalaust af því að einungis eru heimilaðar meirihlutarannsóknir. Ríkisstjórnarmeirihlutanum á þinginu er gjarnt að líta á rannsóknarnefndir sem „fjandsamlega aðgerð“ gagnvart framkvæmdarvaldinu.

III. Lúxemborg.

1. Lagagrundvöllur.

Fulltrúadeild þjóðþings Lúxemborgar er veittur réttur til rannsóknar skv. 64. gr. stjórnarskrárinnar. Um samsetningu og starfsemi rannsóknarnefnda er nánar kveðið á í 167.–179. gr. þingskapa þingdeildarinnar sem eiga rætur að rekja til sérstakra laga frá 18. apríl 1911.

2. Skipun.

Rannsóknarnefndir þingsins eru skipaðar af fulltrúadeildinni eða af forseta deildarinnar að beiðni hennar.

3. Starfstími.

Starfstíma nefndarinnar lýkur þegar störfum hennar er lokið eða þegar fulltrúadeildin leggur hana niður. Rannsókn lýkur einnig við lok kjörtímabils þingsins nema þingdeildin ákveði annað.

4. Samsetning.

169. gr. þingskapanna kveður á um að um aðild að rannsóknarnefndunum fari eftir almennum ákvæðum þingskapa fulltrúadeildarinnar. Samkvæmt 16. gr. verða nefndarmenn að vera að minnsta kosti fimm en mega ekki vera fleiri en þrettán og þar skulu eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokkanna í samræmi við þingstyrk.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Valdsvið rannsóknarnefnda er í grundvallaratriðum ótakmarkað að því tilskildu að grundvallarreglan um skiptingu valdsins sé virt. Sér í lagi geta einungis dómstólar kveðið á um (refsi)ábyrgð. Rannsóknir rannsóknarnefnda þingsins teljast algjörlega óháðar dómstólameðferð. Að formi til líkjast þær ekki rannsókn mála fyrir dómstólum en eru hins vegar pólitískt mat á þeim staðreyndum sem til rannsóknar eru. Af þessari ástæðu geta þessar tvenns konar rannsóknir farið fram annaðhvort samhliða eða hvor á eftir annarri.

6. Völd.

Samkvæmt 170. gr. þingskapa fulltrúadeildarinnar hafa rannsóknarnefndir sömu völd og rannsóknardómari í sakamálum. Þennan víðtæka rétt til rannsóknar getur fulltrúadeildin hins vegar takmarkað þegar nefndin er skipuð. Almennt má ekki framselja valdið til annarra. Þar sem valdið til rannsóknar er ótakmarkað geta rannsóknarnefndir kvatt til og yfirheyrt vitni til að hjálpa til við að varpa ljósi á staðreyndir og, ef við á, látið þau sverja eið að framburði sínum. Þetta nær einnig til embættismanna ríkisins og stjórnsýsluaðila sem venjulega verða að fá sérstakt leyfi til þess að bera vitni. Þó má ekki láta þá sverja eið að framburði sínum ef þeir eru sakaðir um refsivert athæfi eða eru starfandi hjá stjórnvaldi sem sakað er um refsivert athæfi. Stjórnvöld eru almennt skuldbundin til að veita aðstoð.

Ef rannsóknarnefndir vilja gera leit eða leggja til að lagt verði hald á skjöl eða bréf verður að skírskota til sérstakra laga. Við beitingu valda sinna geta rannsóknarnefndir lagt á sömu viðurlög og rannsóknardómarar. Refsa má fyrir rangan framburð og hvatningu til vitna eða sérfræðinga um að fremja meinsæri með fangelsisvist eða sekt (175. gr. þingskapa deildarinnar). Saksókn er á hendi ríkissaksóknara.

Að auki er rannsóknin tvíhliða ferli. Allir einstaklingar, sem rannsóknin beinist að, eiga heimtingu á að leita til dómstóla. Þeir eiga einnig rétt á að setja af stað eigin rannsókn. Rannsóknarnefndin ákveður hvort slíkar rannsóknir skuli leyfðar.

7. Málalok.

Rannsóknarnefndin semur lokaskýrslu þar sem niðurstöður hennar og mat koma fram. Þessi lokaskýrsla hefur engin áhrif að lögum en pólitísk áhrif hennar geta verið töluverð ef í henni felst gagnrýni á vanrækslu af hálfu framkvæmdarvaldsins. Sá pólitíski þrýstingur, sem af því leiðir, knýr framkvæmdarvaldið venjulega til þess að gera úrbætur.

IV. Frakkland.

1. Lagagrundvöllur.

Grundvöllinn fyrir skipan rannsóknarnefnda þingsins samkvæmt frönskum lögum er ekki að finna í stjórnarskránni sjálfri heldur í 6. gr. tilskipunar frá 17. nóvember 1958 um starfsaðferðir þingfunda. Henni hefur verið breytt með lögum frá 19. júlí 1977 og 20. júlí 1991 (nr. 91–698), svo og 140.–144. gr. þingskapa þjóðþingsins.

Ekkert ákvæði er um sameiginlegar rannsóknarnefndir þjóðþingsins og öldungadeildarinnar. Hins vegar getur hvor þingdeild um sig skipað eigin sjálfstæða rannsóknarnefnd til að rannsaka sama málefnið. Þetta hefur þegar gerst þrisvar sinnum í reynd. Í slíkum tilvikum framkvæma rannsóknarnefndirnar rannsóknir sínar samhliða og hvor um sig gefur skýrslu til þeirrar þingdeildar sem hana skipaði.

2. Skipun.

Í báðum þingdeildum eru rannsóknarnefndir skipaðar með þingsályktun sem samþykkt er með meiri hluta atkvæða.

3. Starfstími.

Starfstíma rannsóknarnefndar lýkur með framlagningu lokaskýrslu hennar og eigi síðar en sex mánuðum eftir að ályktunin um að skipa nefndina var samþykkt. Hámarksstarfstími hennar er þannig sex mánuðir. Lögin kveða einnig á um að nefndin skuli almennt hætta störfum þegar dómsrannsókn hefst.

4. Samsetning.

Ákvæðin um rannsóknarnefndir tilgreina ekki lágmarksfjölda nefndarmanna en takmarka hins vegar fjölda nefndarmanna við 13. Í raun er þó höfuðatriðið að tryggja að allir stjórnmálaflokkar eða hópar eigi að minnsta kosti einn fulltrúa í nefndinni í hlutfalli við þingstyrk sinn í deildinni.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Báðar þingdeildirnar geta skipað rannsóknarnefndir til að rannsaka vissar staðreyndir eða til að hafa eftirlit með opinberri þjónustu eða ríkisfyrirtækjum. Í framkvæmd er því gerður greinarmunur á tveimur tegundum nefnda: Rannsóknarnefndum og eftirlitsnefndum. Hinar fyrrnefndu rannsaka svið sem athygli almennings beinist venjulega mjög að (t.d. fjármögnun stjórnmálaflokka) en hinar síðarnefndu hafa eftirlit með opinberum aðilum sem stunda starfsemi í vissum greinum, ýmist á efnhagssviðinu, félagsmálasviðinu eða menningarsviðinu (orkumál, atvinnumál, bifreiðaiðnaður o.s.frv.).

Samkvæmt lögunum geta rannsóknarnefndir þingsins ekki rannsakað mál sem krefjast atbeina dómstóla eða mál sem þegar eru til umfjöllunar hjá dómstólum. Ströng túlkun á fyrstu undanþágunni mundi þó hindra störf rannsóknarnefnda þar sem hún næði einnig til rannsókna sem fram færu áður en dómsstólameðferð hefst. Af þessari ástæðu var ákveðið árið 1971 að skipun rannsóknarnefndar skyldi ekki sjálfkrafa útilokuð þótt

yfirvofandi væri málshöfðun, heldur skyldu rannsóknir nefndarinnar takmarkaðar í slíkum tilvikum. Afleiðingin er sú að þjóðþingið hefur alloft skipað rannsóknarnefndir jafnvel þó að dómstólameðferð hafi verið hafin. Þetta hefur þingið þó ekki gert fyrr en staðreyndirnar, sem málareksturinn byggðist á, hafa verið rannsakaðar að fullu af dómstólunum. Valdsvið nefndanna tók þá ekki lengur til þessa sviðs rannsóknarinnar. Sú skoðun er tiltölulega nýleg að það sé til hagsbóta fyrir dómstólameðferð að rannsóknarnefndir rannsaki staðreyndirnar samtímis.

Ekki er hægt að skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka sama mál og fyrri rannsóknarnefnd fyrr en að 12 mánuðum liðnum frá lokum fyrri rannsóknarinnar.

6. Völd.

Rannsóknarnefndir hafa rétt til að kalla fyrir og yfirheyra hvern sem er ef vitnisburður hans er talinn skipta máli fyrir tilgang rannsóknarinnar og láta hann sverja eið að framburði sínum. Þetta gildir einnig um opinbera starfsmenn, jafnvel þó að þeir verði, formsins vegna, að fá leyfi til þess að bera vitni. Sömuleiðis getur nefnd beðið um að fá að sjá öll opinber skjöl. Stjórnvöld eru skuldbundin til þess að veita alla aðstoð sem þau geta. Þau verða að veita aðgang að öllum skrám sem beðið er um, að því tilskildu að þær séu ekki sérstaklega auðkenndar sem trúnaðarmál vegna öryggis ríkisins, varna þess eða utanríkismála eða falli undir grundvallarregluna um skiptingu valdsins. Í öllum öðrum tilvikum getur framsögumaður nefndarinnar ekki einungis beðið um skrár heldur einnig framkvæmt sjálfstæðar rannsóknir á vettvangi.

Nefndinni er einnig heimilt að nota þvingunarráðstafanir við beitingu valds síns. Vitni, sem vanrækt hefur að mæta fyrir nefndinni, má færa fyrir hana. Neitun um að mæta, bera vitni eða sverja eið, líkt og neitun um að láta gögn af hendi, leiðir til viðurlaga samkæmt hegningarlögum (fangelsisvist frá sex mánuðum allt að tveimur árum; sektir á bilinu frá 3.000 frönkum upp í 50.000 franka). Ef vitni ber ljúgvitni getur það átt yfir höfði sér opinbera ákæru. Að beiði formanns nefndarinnar er mál höfðað á hendur öllum þeim sem brotlegir gerast. Rannsóknarnefndin getur einnig beðið endurskoðunardómstólinn um að rannsaka stjórnun opinberra þjónustufyrirtækja sem undir hann heyra.

7. Málalok.

Rannsóknarnefndin semur lokaskýrslu þar sem fram koma niðurstöður hennar og mat. Vegna grundvallarreglunnar um skiptingu valdsins tekur nefndin sjálf ekki ákvarðanir um það til hvaða ráðstafana skuli gripið á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar. Lokaskýrslur rannsóknarnefnda eru birtar opinberlega nema viðkomandi þingdeild ákveði annað með sérstakri atkvæðagreiðslu. Sá pólitíski þrýstingur, sem þær stofnanir, sem völd hafa til að grípa til aðgerða, verða fyrir, er venjulega slíkur að þær eru reiðubúnar til að bregðast við.

8. Framkvæmdin.

Í Frakklandi hefur oft verið gripið til þess að skipa rannsóknarnefnd.

V. Holland.

1. Lagagrundvöllur.

Rétturinn til rannsóknar kemur fram í 70 gr. hollensku stjórnarskrárinnar (Grondwet). Lögin um rannsóknir þingsins (Wet op de Parlamentaire Enquete — WPE) frá 5. ágúst 1950 voru samin á grundvelli þessarar greinar og þeim hefur síðan verið breytt 7. september 1977 og 1. júlí 1991. Frekari framkvæmdaákvæði er að finna í 137.–150. gr. þingskapa fyrstu málstofu og 147.–157. gr. þingskapa annarrar málstofu.

Í Hollandi getur hvor málstofa um sig, sjálfstætt eða báðar málstofurnar sameiginlega, beitt réttinum sem þingið hefur til rannsóknar. Rannsóknina er ýmist hægt að fela fastanefnd innan þingsins eða sérstaklega skipaðri rannsóknarnefnd.

2. Skipun.

Rannsóknarnefnd er skipuð ef um það berst skrifleg beiðni frá einni hinna starfandi nefnda eða einum eða fleiri þingmönnum. Beiðnina verður að rökstyðja. Í henni skal enn fremur tilgreina efni rannsóknarinnar og nöfn vitna og sérfræðinga sem kalla skal fyrir, ef unnt er. Beiðnin um að skipa rannsóknarnefnd er háð undangenginni athugun nefndar sem hefur það hlutverk að athuga slíkar beiðnir. Rannsóknarnefndin er í raun skipuð með ákvörðun þingdeildarinnar. Ákvörðunin og nöfn þeirra þingmanna, sem þátt taka í rannsókninni, eru birt í þingtíðindum.

3. Starfstími.

Starfstími rannsóknarnefndar er tilgreindur í ákvörðuninni um að skipa nefndina. Þingdeildin, sem nefndina skipar, getur ákveðið að framlengja starfstíma hennar.

4. Samsetning.

1. gr. WPE veitir hvorri þingdeild heimild til að ákveða fjölda nefndarmanna og varamanna þeirra. Æskilegur fjöldi er venjulega tilgreindur í upprunalegu beiðninni og samþykktur.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Í ofangreindum lagagrundvelli fyrir rétti þingsins til rannsóknar eru engin ákvæði þar sem valdsvið nefndanna er skilgreint nánar eða afmarkað. Valdsviðið er því víðtækt og er ekki í grundvallaratriðum takmarkað við þau málefni sem heyra undir þingdeildina. Umfang rannsóknarinnar er einkum skilgreint í ákvörðuninni um að nefndin skuli skipuð.

Í hollenskri lögspeki leikur þó vafi á því hvort rannsóknarnefnd geti fjallað um atvik sem löngu eru liðin, athæfi sem refsing liggur við eða málefni sem einungis hafa sögulegt gildi. Sú skoðun er almennt ríkjandi að einungis skuli grípa til réttarins til rannsóknar þegar aðrar leiðir hafa brugðist. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í WPE ákveður þingdeildin sjálf, sem nefndina skipar, efni rannsóknarinnar.

6. Völd.

Rannsóknarnefndir í Hollandi hafa víðtæk völd. Þær geta yfirheyrt alla hollenska ríkisborgara og íbúa í Hollandi. Formaðurinn og aðrir nefndarmenn, sem til þess eru tilnefndir, hafa rétt til að yfirheyra vitni, hlýða á álit sérfræðinga og færa þá fyrir nefndina ef nauðsyn krefur. Einnig er hægt að yfirheyra vitni og láta þau vinna eið að framburði sínum. Einstaklingar, sem vanrækja að mæta, geta sætt sektum eða varðhaldi. Rang-

ur framburður er háður saksókn samkvæmt hegningarlögum. Nefnd hefur óskoraða heimild til að sjá, afrita eða fá með öðrum hætti aðgang að öllum skjölum sem nauðsynleg eru til þess að hún geti lokið rannsókn sinni. Einungis er gerð undantekning frá þessum almennt ótakmarkaða rétti til upplýsinga þegar vernda þarf þjóðarhagsmuni eða iðnaðar- eða viðskiptaleyndarmál.

Samkvæmt 3. gr. WPE eru allir opinberir starfsmenn skuldbundnir til þess að aðstoða við rannsókn rannsóknarnefndar með því að bera vitni. Þetta á jafnt við um ráðherra og aðstoðarmenn þeirra. Opinberir starfsmenn eiga einnig rétt á að neita að bera vitni til þess að vernda þjóðarhagsmuni eða iðnaðarleyndarmál. Í slíkum tilvikum getur viðkomandi ráðherra þurft að færa fram nánari rök til réttlætingar (20. gr. WPE). Ráðherrar eru skuldbundnir til þess að veita upplýsingar sem nefndin biður um skriflega að því tilskildu að það stríði ekki gegn þjóðarhagsmunum.

7. Málalok.

Sé slíks óskað semur rannsóknarnefndin lokaskýrslu sem lögð er fyrir þingdeildina. Niðurstöður nefndarinnar eru birtar opinberlega og þeim fylgir því töluverður pólitískur þrýstingur. Þær hafa því veruleg áhrif á síðara pólitískt starf og löggjafarstarf þingdeildarinnar. Skjölin, sem tengjast rannsókninni, má einnig birta opinberlega nema nefndin ákveði annað.

VI. Stóra-Bretland.

1. Lagagrundvöllur.

Þar eð Stóra-Bretland hefur ekki ritaða stjórnarskrá er ákvæði um skipun rannsóknarnefnda einungis að finna í starfsreglum þingsins (þingsköpum). Þessar nefndir eru hins vegar hugsaðar sem ráðgafaraðilar þingsins sem rannsaka staðreyndir fyrir pólítíska stefnumörkun eða til undirbúnings aðgerðum af hálfu þingsins. Málstofurnar báðar (neðri málstofan, *House of Commons*, og lávarðadeildin, *House of Lords*) geta skipað slíkar ráðgjafanefndir sameiginlega en slíkt er mjög óvenjulegt. Hin almenna regla er að þær séu skipaðar sjálfstætt.

Þessar þingnefndir gegna ekki (lengur) því hlutverki að hafa eftirlit með ríkisstjórninni eða framkvæmdarvaldinu með rannsókn alvarlegra brota. Frá árinu 1921 hafa rannsóknardómar, skipaðir lögfræðingum og óháðir þinginu, annast rannsókn slíkra mála í Bretlandi. Þingnefndirnar hafa verið sviptar rétti til að rannsaka málefni sem varða verulega almenningshagsmuni til þess að tryggja að rannsóknirnar fari fram óháð pólítískum áhrifum stjórnmálaflokka.

Greinargerðin hér á eftir á þannig aðeins við um þingnefndir sem skipaðar eru til ráðgjafar og skipulagningar.

2. Skipun.

Hvor málstofa um sig skipar rannsóknarnefndir í samræmi við hefðbundnar starfsreglur um skipun þingnefnda. Samkomulag verður að vera á milli fulltrúa helstu stjórnmálaflokkanna um að æskilegt sé að skipa rannsóknarnefnd. Um er að ræða bæði fastar rannsóknarnefndir og sérstakar rannsóknarnefndir. Hinar fyrrnefndu hafa venjulega með höndum stöðuga ráðgjöf og fjalla um pólítísk umræðuefni sem á döfinni eru á hverjum tíma en sérstöku rannsóknarnefndirnar eru skipaðar til að rannsaka sérstök svið stefnumörkunar.

3. Starfstími.

Engar reglur eru í gildi um starfstíma nefndar. Starfstíminn er því ákveðinn með ákvörðun þeirrar málstofu sem nefndina skipar.

4. Samsetning.

Ekkert ákvæði er um lágmarksfjölda nefndarmanna. Venjulega er ákvörðunarbær meiri hluti í nefndum lávarðadeildarinnar þrír nefndarmenn nema kveðið sé á um annað.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Rannsóknir nefndar geta í grundvallaratriðum tekið til allra efna. Yfirgrip þeirra verður einungis skilgreint og takmarkað í ákvörðun þingsins um að skipa nefndina. Skilmálum þessarar ákvörðunar má hins vegar breyta eða gera víðtækari. Engar reglur eru heldur til um að nefnd megi ekki rannsaka mál sem eru til umfjöllunar hjá dómstólum. Samt sem áður er í þingsköpum neðri málstofu breska þingsins (House of Commons) tilgreint að pólítískt mat nefndar megi ekki hafa áhrif á mál sem bíða umfjöllunar dómstóla.

6. Völd.

Rannsóknarnefndir geta yfirheyrt vitni og beðið um að fá að sjá skjöl. Ríkisstofnanir verða einnig að aðstoða við rannsóknina með því að leggja til upplýsingar og skjöl. Til þess að beita þessu valdi þarf nefndin hins vegar sérstök fyrirmæli frá málstofu. Einnig þurfa að koma til sérstök fyrirmæli ef nefndin vill skipa undirnefnd eða framselja völd til slíkrar nefndar. Önnur völd nefndarinnar eru ákveðin þegar hún er skipuð.

7. Málalok.

Rannsóknarnefnd semur skýrslu þar sem gerð er grein fyrir skoðun meiri hluta nefndarmanna. Í lávarðadeildinni inniheldur lokaskýrslan engin sérálit. Rannsókninni lýkur þegar lokaskýrslan er lögð fyrir málstofuna. Málstofan er ekki skuldbundin til þess að taka niðurstöður nefndarinnar til umfjöllunar.

VII. Írland.

1. Lagagrundvöllur.

Í stjórnarskránni eru engin ákvæði um skipun rannsóknarnefnda en um þær er kveðið á í þingsköpum Dáil Eireann (fulltrúadeildarinnar, reglur 69–75) og Seanad Eireann (öldungadeildarinnar, reglur 58–67).

Báðar deildir þingsins geta skipað rannsóknarnefndir, annaðhvort sameiginlega eða sjálfstætt. Þegar um sameiginlega nefnd er að ræða skipar hvor þingdeild um sig sína eigin nefnd og nefndirnar eru síðan sameinaðar. Kjörnefnd skipar nefndarmenn.

2. Skipun.

Rannsóknarnefnd er skipuð á grundvelli ályktunar sem þingdeidin samþykkir með einföldum meiri hluta. þetta eru sérstakar nefndir sem skipaðar eru einungis ef og þegar þörf krefur.

3. Starfstími.

Starfstíminn er tilgreindur í ályktuninni þegar nefndin er skipuð. Þingdeildin getur sett rannsóknarnefndinni ákveðinn frest til að skila þinginu skýrslu.

4. Samsetning.

Fjöldi nefndarmanna er ákveðinn í ályktuninni um skipun nefndarinnar, en ekki er kveðið á um neinn lágmarksfjölda. Sérstök kjörnefnd hefur með höndum raunverulega skipun nefndarmanna. Samsetning nefndarinnar verður að endurspegla hlutfallslegan styrk stjórnmálaflokkanna eða hópanna sem fulltrúa eiga á þinginu. Nefndarmenn kjósa sér formann.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Rannsóknarnefndir geta í grundvallaratriðum rannsakað öll frumvörp og öll málefni sem almenning varða. Samt sem áður er það efni, sem í raun skal rannsaka, afmarkað með þingsályktuninni um nefndarskipunina. Nefndin getur ekki farið út fyrir hin tilgreindu mörk rannsóknarinnar.

Á grundvelli samkomulags (úrskurðar forsetans, Dáil Eireann) er rannsóknarnefndinni ekki heimilt að rannsaka málefni sem eru til umfjöllunar fyrir dómstólum eða hjá einhverri evrópskri stofnun á þeim tíma til þess að skaða ekki málalok þar. Undantekningar hafa þó verið gerðar um málefni er varða almenningshagsmuni.

6. Völd.

Völd rannsóknarnefnda eru einnig ákveðin í ályktununum um að skipa þær. Nefndirnar geta venjulega stefnt vitnum og yfirheyrt þau, kallað fyrir sérfræðinga og beðið um að fá að sjá öll skrifleg gögn. Nefndinni er hins vegar ekki heimilt að beita þvingunum í þessu skyni. Hæstiréttur Írlands taldi 4. mgr. 3. gr. laga fulltrúadeildarinnar (Dáil Eireann Act 1970) um nefnd um endurskoðun ríkisreikninga, þar sem rannsóknarnefndum var heimilað að nota refsiviðurlög við beitingu valds síns, stríða gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

7. Málalok.

Lokaskýrslan, þar sem fram koma niðurstöður nefndarinnar og mat, er lögð fyrir þingdeildina sem skipaði nefndina (fyrir báðar þingdeildir þegar um sameiginlegar nefndir er að ræða). Þingdeildinni ber engin skylda til þess að fjalla um niðurstöður rannsóknar nefndarinnar. Þegar skýrslan hefur verið lögð fram er heimilt að birta hana opinberlega.

VIII. Ítalía.

1. Lagagrundvöllur.

82. gr. ítölsku stjórnarskrárinnar kveður á um skipun rannsóknarnefnda. Nánari málsmeðferðarreglur eru síðan settar fram í 140.–142. gr. þingskapa fulltrúadeildarinnar og 162.–163. gr. þingskapa öldungadeildarinnar. Á heildina litið er fátt um sérstakar skriflegar reglur um starfsemi og málsmeðferð rannsóknarnefnda þingsins. Hvor þingdeildin um sig getur skipað rannsóknarnefndir en einnig geta báðar þingdeildir skipað rannsóknarnefndir sameiginlega.

2. Skipun.
Rannsóknarnefndir eru skipaðar með ákvörðun þingdeildarinnar.

3. Starfstími.
Starfstími nefndarinnar er ákveðinn af forseta deildarinnar sem hana skipar. Þingdeildin getur hins vegar framlengt hann að beiðni rannsóknarnefndarinnar.

4. Samsetning.
Um samsetningu og aðild að rannsóknarnefndum fer eftir sömu reglum og settar hafa verið um yfirferð lagafrumvarpa. Samsetningu nefndarinnar verður í fyrsta lagi að vera svo háttað að tryggt sé að allir stjórnmálaflokkar og hópar á þinginu eigi þar fulltrúa í hlutfalli við þingstyrk sinn. Hver hópur verður að eiga að minnsta kosti einn fulltrúa í rannsóknarnefndinni og af þessu ræðst (lágmarks)fjöldi nefndarmanna. Afleiðingin er sú að í sameiginlegum rannsóknarnefndum beggja deilda á tíunda kjörtímabilinu voru nefndarmenn t.d. 41.

5. Valdsvið og takmarkanir.
Samkvæmt viðeigandi lagaákvæðum getur rannsóknarnefnd rannsakað öll málefni er varða almenningshagsmuni. Í lögum eru ekki settar neinar takmarkanir á starfssviðið.

6. Völd.
Við framkvæmd rannsóknarinnar hafa rannsóknarnefndir sömu völd og dómstólar og eru háðar sömu takmörkunum og þeir. Þeim er heimilaður aðgangur að skjölum, sem nauðsynleg eru fyrir rannsókn þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru ekki auðkennd sem leyndarmál. Stjórnvöld og dómstólar eru skuldbundin til að aðstoða og opinberum starfsmönnum er skylt að mæta fyrir nefndinni og bera vitni. Samkvæmt þingskapareglunum getur nefndin ekki kosið sér eigin formann nema þingdeildin hafi framselt henni það vald. Nefndin getur framkvæmt rannsóknir sínar utan þingstaðarins eftir að hafa fyrst tilkynnt forseta viðkomandi þingdeildar um það.

7. Málalok.
Nefnd lýkur rannsókn sinni með nokkrum ályktunum sem birtar eru í Stjórnartíðindum lýðveldisins.

IX. Spánn.

1. Lagagrundvöllur.
Í 76. gr. spænsku stjórnarskrárinnar frá 1978 er kveðið á um skipun rannsóknarnefnda þingsins. Frekari framkvæmdaákvæði um málsmeðferð eru í 51.–53. gr. þingskapa fulltrúadeildarinnar frá 1982 og í 50., 59. og 60. gr. þingskapa öldungadeildarinnar frá 1982. Þar er tilgreint að þingdeildirnar geti hvor um sig skipað sjálfstæðar rannsóknarnefndir eða framkvæmt rannsóknir með sameiginlegri rannsóknarnefnd.

2. Skipun.

Í öldungadeildinni er rannsóknarnefnd skipuð með ákvörðun deildarinnar að beiðni ríkisstjórnarinnar eða 25 öldungadeildarþingmanna sem ekki eru allir úr sama þingflokki. Í fulltrúadeildinni er ákvörðun um að skipa rannsóknarnefnd tekin að beiðni ríkisstjórnarinnar, stjórnarnefndar, tveggja stjórnmálaflokka eða eins fimmta hluta þingmanna. Sameiginleg rannsóknarnefnd er skipuð af báðum deildum þingsins.

3. Starfstími.

Rannsóknarnefndir ákveða sjálfar starfstíma sinn. Þær eru þó jafnan lagðar niður er yfirstandandi kjörtímabili þingsins lýkur.

4. Samsetning.

Nefndarmenn í rannsóknarnefnd öldungadeildarinnar eru að minnsta kosti 25, og þar eiga allir stjórnmálaflokkar fulltrúa í hlutfalli við styrk þeirra í öldungadeildinni. Í fulltrúadeildinni er ekkert ákvæði um lágmarksfjölda nefndarmanna, þannig að fjöldi þeirra er ákveðinn af þingdeildinni þegar ákveðið er að skipa nefndina. Tillit verður að taka til þingstyrks stjórnmálaflokkanna í fulltrúadeildinni. Þegar um sameiginlegar nefndir er að ræða verður skipan nefndarmanna að vera hlutfallsleg að tvennu leyti. Báðar þingdeildirnar verða að eiga nægilegan og sanngjarnan fjölda fulltrúa í nefndinni og sama gildir um hvern þeirra stjórnmálaflokka sem þar eiga fulltrúa.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar, 59. gr. þingskapa öldungadeildarinnar og 52. gr. þingskapa fulltrúadeildarinnar er rannsóknarnefndum heimilt að rannsaka öll málefni er varða almenningshagsmuni. Að þessu ákvæði undanskildu eru engar skriflegar takmarkanir á því hvað sé heimilt að rannsaka.

Nefndum er í grundvallaratriðum einnig heimilt að rannsaka málefni sem eru til umfjöllunar hjá dómstólum eða sem dómstóll hefur þegar kveðið upp úrskurð um. Ástæða þessa er sú að rannsóknarnefndir gegna einungis pólitísku eftirlitshlutverki en dómstólar hafa hins vegar dómsvald með höndum. Valdi er þannig skipt á milli tveggja þátta ríkisvaldsins sem gerir rannsóknarnefndir óháðar úrlausnum dómstóla. Hins vegar eru niðurstöður rannsóknarnefndar ekki bindandi fyrir dómstóla og hafa ekki áhrif á úrlausnir þeirra. Þessar tvær stofnanir starfa óháð hvor annarri í þágu réttrar beitingar laganna.

6. Völd.

Rannsóknarnefndir starfa á grundvelli starfsáætlunar sem gerð er fyrir fram. Þar er sett fram hvernig málsmeðferð skuli hagað og áætlunin er lögð fyrir forseta þeirrar þingdeildar sem nefndina skipar. Einnig er nefndinni skylt að veita þingdeildinni reglulega upplýsingar um störf sín.

Við rannsóknina geta nefndir stefnt og yfirheyrt alla einstaklinga eða lögaðila. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. og 4. mgr. 2. gr. laganna um framkvæmd ákvæða stjórnarskrárinnar (Ley orgánica de comparecencia ante las comisiones de investigacíon 5/84 frá 24. maí) verða allir spænskir ríkisborgarar eða útlendingar búsettir á Spáni að mæta í eigin persónu fyrir rannsóknarnefnd þingsins sé þeim stefnt. Þetta tekur sömuleiðis til allra opinberra starfsmanna þegar yfirmaður þeirra hefur fengið afrit af stefnunni.

Vanræksla á því að hlíta þeirri lagaskyldu að mæta fyrir nefnd er talin alvarlegt athæfi skv. 1. mgr. 4. gr. „Ley orgánica“ og eru viðurlög í samræmi við það. Samkvæmt 109. gr. stjórnarskrárinnar, 67. gr. þingskapa öldungadeildarinnar og 1. mgr. 44. gr. þingskapa fulltrúadeildarinnar geta rannsóknarnefndir farið þess á leit við forseta þeirrar þingdeildar sem nefndina skipaði að fá frá stjórnvöldum allar upplýsingar eða skjöl sem henni eru nauðsynleg til að ljúka rannsókninni. Rannsóknarnefnd öldungadeildarinnar þarf samþykki eins þriðja hluta nefndarmanna áður en hún getur beðið um skjöl frá stjórnvöldum. Þingnefnd fulltrúadeildarinnar getur hins vegar beðið um skjöl undir öllum kringumstæðum. Stjórnvöld verða að leggja fram rökstuðning innan 30 daga ef þau neita að láta skjöl af hendi við forseta fulltrúadeildarinnar.

7. Málalok.

Rannsóknarnefnd semur skýrslu þar sem fram koma niðurstöður hennar og sendir hana til þeirrar þingdeildar sem nefndina skipaði. Um skýrsluna er fjallað á allsherjarfundi þingdeildarinnar. Ef niðurstöðurnar hljóta samþykki eru þær birtar í þingtíðindum. Þær eru einnig sendar fjármálaráðuneytinu til frekari meðferðar.

X. Portúgal.

1. Lagagrundvöllur.

Í 181. gr. portúgölsku stjórnarskrárinnar (eins og henni var breytt árið 1989) er kveðið á um skipun rannsóknarnefnda þingsins. Frekari framkvæmdaákvæði er að finna í lögum N-43/77 og 253.–261. gr. þingskapa þingsins. Tvö ný frumvörp voru einnig lögð fram (N-5/VI og 53/VI) á þingtímabilinu 1991–92.

2. Skipun.

Rannsóknarnefnd er skipuð með ályktun þingins. Ályktunartillöguna geta lagt fram nokkrir óháðir þingmenn, stjórnmálaflokkur eða einn fimmti hluti opinbers fjölda þingmanna. Í síðastnefnda tilvikinu þýðir þetta að 30 þingmenn verða að styðja tillöguna. Forsætisráðherra getur einnig skipað nefnd að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Að lokum eiga hinar sérstöku fastanefndir þingsins eða hinar tímabundnu þingnefndir rétt á að leggja til að skipuð verði rannsóknarnefnd.

3. Starfstími.

Starfstími rannsóknarnefndar er ákveðin af þinginu þegar hún er skipuð. Í grundvallaratriðum á hann ekki að vera lengri en sex mánuðir en þingið getur framlengt hann.

4. Samsetning.

Við skipun nefndar skal reynt að tryggja að í nefndinni eigi sæti fulltrúar hinna ýmsu stjórnmálaflokka sem sæti eiga á löggjafarsamkomunni.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Rannsóknarnefndir geta rannsakað öll mál er varða almenningshagsmuni að svo miklu leyti sem þau heyra undir vald og ábyrgð þingsins. Þetta tekur til rannsóknar á lögum og athöfnum ríkisvaldsins og stjórnsýsluaðila. Nefndirnar eru að sjálfsögðu skuldbundnar í störfum sínum til að virða stjórnarskrána og gildandi lög. Rannsóknarnefnd getur ekki rannsakað málefni sem ekki falla undir valdsvið[1] þingins.

6. Völd.

Rannsóknarnefndir í Portúgal hafa sömu völd og dómstólar við framkvæmd rannsókna sinna. Þær geta stefnt og yfirheyrt hvern þann sem aðstoðað getur við rannsóknina. Mætingarskylda fyrir rannsóknarnefnd nær í grundvallaratriðum til embættismanna ríkisins og annarra opinberra starfsmanna en þeir kunna að vera undanþegnir henni vegna ástæðna er varða ríkis- eða öryggismál. Samvinna við stjórnsýsluaðila og dómsvöld er með sama hætti og upplýsingaskipti milli dómstólanna og stjórnvalda.

7. Málalok.

Niðurstöðurnar, sem rannsóknarnefndir taka saman, eru lagðar fyrir löggjafarsamkomuna, annaðhvort í einu lagi eða hver um sig. Einnig er heimild til þess að niðurstöðunum fylgi tillaga að þingsályktun. Lokaskýrsla rannsóknarnefndarinnar er síðan birt í þingtíðindum. Vert er að vekja á því athygli að yfirlýsingar, sem gefnar eru fyrir nefndinni, eru trúnaðarmál og ekki má birta þær opinberlega án leyfis vitnisins.

XI. Grikkland.

1. Lagagrundvöllur.

Réttur gríska þingsins til rannsóknar er skráður í 2. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar. Þessu til viðbótar koma 144.–148. gr. þingskapanna.

2. Skipun.

Rannsóknarnefndir eru skipaðar með ákvörðun þingsins. Venjulega er krafist hreins meiri hluta atkvæða viðstaddra þingmanna. Ákvörðunarbær meiri hluti í þessu tilviki er tveir fimmtu hlutar þingmanna. Þó er krafist hreins meiri hluta allra þingmanna til þess að skipa rannsóknarnefndir ef rannsaka á utanríkismál eða málefni er varða varnir ríkisins. Tillaga um að þingið ákveði að skipa rannsóknarnefnd verður að hljóta stuðning eins fimmta hluta heildarfjölda þingmanna. Tillaga um skipun nefndar verður í öllum tilvikum að vera rökstudd að fullu.

3. Starfstími.

Starfstími rannsóknarnefndar er ákveðinn af þinginu um leið og nefndin er skipuð. Þó er hægt að framlengja hann með sérstakri ákvörðun allsherjarfundar þingsins. Hvað sem öðru líður verður störfum rannsóknarnefndar að vera lokið áður en kjörtímabili þingsins lýkur.

---

[1] Í textanum stendur „remit" sem venjulega hefur merkinguna „það að (endur)senda mál til (óæðri) dómstóls". Á samhenginu verður ekki annað séð en að átt sé við valdsvið eða umboð. — Þýð.

4. Samsetning.

Samsetning nefndarinnar verður að taka mið af þingstyrk hinna ýmsu stjórnmálasamtaka á þinginu.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Nefndirnar geta rannsakað sérstök málefni er varða almenningshagsmuni. Engar lagalegar takmarkanir eru settar á störf þeirra. Sérstakar rannsóknarnefndir má einnig skipa til að hafa eftirlit með og rannsaka hvaða opinbera stofnun eða fyrirtæki sem er.

6. Völd.

Rannsóknarnefnd hefur sömu völd og sakadómur. Formaður nefndarinnar tekur að sér skyldur rannsóknardómara að því er varðar efnið sem til rannsóknar er. Á meðan á rannsókninni stendur er hægt að fela einum eða fleiri nefndarmönnum eða dómurum að vinna að sérstökum skýrt afmörkuðum verkefnum.

Meðal þess valds, sem nefndin hefur, er réttur til að kveðja til einstaklinga eða lögaðila samkvæmt allsherjarrétti eða einkarétti til að mæta fyrir nefndinni. Dómstólar geta stefnt vitnum til að mæta. Nefnd getur yfirheyrt vitni, fengið álit sérfræðinga og framkvæmt rannsóknir á vettvangi.

Vanræksla af hálfu vitna að uppfylla skuldbindingar sínar er refsiverð samkvæmt hegningarlögum. Nefndirnar eiga enn fremur rétt á að biðja um öll skjöl frá ríkisvaldinu eða frá lögaðilum samkvæmt allsherjarrétti eða einkarétti. Undantekning er einungis gerð varðandi skjöl ef birting þeirra gæti skaðað hagsmuni eða öryggi ríkisins. Allar ráðstafanir, sem rannsóknarnefnd grípur til, verða að vera nauðsynlegar til þess að ná markmiðum hennar.

7. Málalok.

Niðurstöður nefndarinnar eru lagðar fram á allsherjarfundi þingsins og að tillögu eins fimmta hluta þingmanna eru þær teknar á dagkrá.

XIII. Danmörk.

1. Lagagrundvöllur.

51. gr. dönsku stjórnarskrárinnar (Grundloven) veitir þinginu rétt til þess að skipa rannsóknarnefndir. Frekari framkvæmdaákvæði eru í 7. og 8. gr. þingskapa danska þjóðþingsins (Folketinget).

2. Skipun.

Rannsóknarnefnd er skipuð að beiðni eins eða fleiri þingmanna með meirihlutaákvörðun danska þjóðþingsins.

3. Starfstími.

Starfstíma nefndar lýkur annaðhvort þegar rannsóknum hennar er lokið eða þegar yfirstandandi kjörtímabili þingsins lýkur og fer það eftir ákvörðun danska þjóðþingsins við skipun nefndarinnar.

4. Samsetning.

Í rannsóknarnefndum danska þjóðþingsins eru að meginstefnu til 17 nefndarmenn og verður við skipun þeirra að tryggja að stjórnmálaflokkar eða hópar á þinginu eigi þar sæti í hlutfalli við þingstyrk sinn. Þetta á að tryggja að hinar mismunandi stjórnmálaskoðanir eigi sér fulltrúa í nefndinni.

5. Valdsvið og takmarkanir.

Rannsóknarefni eru venjulega almennt mikilvæg málefni. Þegar mikilvægt málefni er rannsóknarvert tekur danska þjóðþingið eitt ákvörðun um það. Slík tilvik fela oft í sér rannsókn og umræður um vanrækslu og yfirsjónir af hálfu stjórnvalda. Sú staðreynd að slík vanræksla kunni einnig að leiða til saksóknar samkvæmt lögum kemur ekki í veg fyrir rannsókn. Rannsóknarnefndir geta einnig rannsakað einstök afmörkuð mál eða hrein tæknileg atriði.

Almennt séð er starfi rannsóknarnefnda ekki ætlað að koma í staðinn fyrir rannsóknir af hálfu viðeigandi stjórnvalda heldur öllu fremur að koma sem gagnrýnin viðbót við þær. Valdsvið rannsóknarnefndanna er þar af leiðandi víðtækt. Ekkert svið er undanþegið rannsókn. Innihald og yfirgrip starfa nefndarinnar takmarkast einungis af ákvörðun danska þjóðþingsins þegar nefndin er skipuð. Með ákvörðuninni er nefndinni settur rammi og innan hans er nefndinni gert að vinna að rannsókn sinni.

6. Völd.

Við framkvæmd rannsóknar eiga nefndirnar rétt á að beina spurningum skriflega eða munnlega til einstaklinga eða opinberra stofnana með það fyrir augum að afla upplýsinga. Ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum ríkisins er skylt að aðstoða nefndina við störf hennar með því að láta í té upplýsingar. Einnig kann að vera nauðsynlegt að yfirheyra ráðherra beint (ef við á fyrir nefndinni). Rannsóknarnefndir geta skipulagt vitnaleiðslur og stefnt þangað vitnum og sérfræðingum sem að meginstefnu til eru einnig skuldbundin til að bera vitni.

Lögin veita nefndunum hins vegar ekkert vald til að beita þvingunarúrræðum. Að þessu leyti eru þær háðar íhlutun og aðstoð dómstólanna. Íhlutun dómstólanna er þó í reynd undantekning og sjaldan er gripið til slíkra aðgerða.

7. Málalok.

Skýrslu rannsóknarnefndar notar danska þjóðþingið sem grundvöll að umræðum á þinginu og til frekari aðgerða.

C. SAMANBURÐUR OG MAT

Samburður á ákvæðum í aðildarríkjunum hlýtur að hefjast með frumtúlkun á hlutverki rannsóknarnefnda þjóðþinga. Svo virðist sem þeim séu í meginatriðum falin tvö mismunandi hlutverk.

Annars vegar getur rannsóknarnefnd verið notuð til þess að ryðja brautina fyrir tillögur að löggjöf með vitnaleiðslum og almennri upplýsingasöfnun og hins vegar getur rannsóknarnefnd verið notuð til þess að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og upplýsa um lögbrot eða tilhneigingar í þá átt með því að rannsaka athafnir ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda. Einungis hið síðarnefnda hlutverk, sem felur í sér rannsókn á lögbrotum, samsvarar því hlutverki sem rannsóknarnefndum er ætlað að gegna sem tæki fyr-

ir þingið til þess að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Þannig er einungis unnt að flokka nefndir, sem rannsaka ólögmætt athæfi, sem rannsóknarnefndir í raunverulegum stjórnskipunarlegum skilningi. Vegna þessa beindist spurningalisti Evrópuþingsins einkum að rannsóknum á lögbrotum.

Þegar svörin frá aðildarríkjunum eru skoðuð kemur í ljós að einungis í 11 aðildarríkjum er rannsóknarnefndum veitt þetta eftirlitsvald. Í Bretlandi einu hefur það verkefni að rannsaka lögbrot hjá hinu opinbera verið falið stofnunum óháðum þinginu frá árinu 1921. Ætlunin með því er að tryggja að rannsóknirnar verði ekki fyrir pólitískum áhrifum frá stjórnmálaflokkum. Rannsóknardómarnir, sem fara með eftirlitsvaldið, eru skipaðir lögfræðingum. Hin aðildarríkin nota stjórnskipunarreglur um samsetningu nefndanna og viðurkenningu á réttindum minni hlutans til að tryggja sjálfstæði rannsóknarnefnda þjóðþinganna. Bretland fer þannig sínar eigin leiðir, óháð þinginu, við rannsóknir á ólögmætu athæfi opinberra aðila.

Þegar lagt er mat á afstöðu Breta hér á eftir verður að hafa hugfasta þá staðreynd að starfsemi rannsóknarnefndanna í Bretlandi er takmörkuð við undirbúning lagafrumvarpa.

I. Lagagrundvöllur.

Samanburður á lagagrundvelli fyrir starfi rannsóknarnefnda þjóðþinga leiðir í ljós að réttur til rannsóknar er varðveittur í stjórnarskrám níu af tólf aðildarríkjum. Þetta sýnir mikilvægi þessara nefnda sem stjórnunartækja fyrir þingin. Í stjórnarskrám flestra aðildarríkjanna er ekki gert meira en að veita þennan rannsóknarrétt en í nokkrum þeirra (t.d. á Ítalíu, Spáni og í Þýskalandi) eru ítarlegri upplýsingar um hvaða form þessi réttur til rannsóknar eigi að taka. Almennt eru þó reglurnar um málsmeðferð og völd nefndanna skráðar í sérstökum lögum eða í þingsköpum viðkomandi þingdeilda.

Það er sérstakt fyrir Þýskaland að 44. gr. þýskra grundvallarlaga kveður á um grunnreglurnar en þess utan eru engin önnur framkvæmdaákvæði sett svo bindandi séu. Á grundvelli viðtekinnar venju samkvæmt lögum er þess í stað notast við hinar svokölluðu „IPA-reglur". Það stendur þó til að bæta úr þessu með setningu lagagrundvallar.

Um rétt þjóðþingsins til rannsókna í Frakklandi er kveðið á í tilskipun en um beitingu réttarins fer eftir sérstökum lögum og þingsköpum. Einungis í Bretlandi og Írlandi eru þingsköp þingdeildanna eini lagagrundvöllurinn fyrir rannsóknum.

II. Skipun.

Í öllum aðildarríkjunum eru rannsóknarnefndir þjóðþinganna skipaðar með ákvörðun meiri hluta annarrar eða beggja þingdeilda. Þetta er aðferðin við það sem nefnt er meirihlutarannsókn. Á undan ákvörðun þingsins verður að koma rökstudd beiðni um skipun rannsóknarnefndar. Fjöldi þingmanna, sem þarf til að leggja fram beiðni, er breytilegur frá einu aðildarríki til annars. Í sumum tilvikum (í Danmörku og Hollandi) getur einn þingmaður lagt fram beiðni en í flestum aðildarríkjanna er krafist nánar tilgreinds lágmarksfjölda. Á Spáni getur beiðni einnig komið frá ríkisstjórninni, tveimur stjórnmálaflokkum eða stjórnarnefndinni og í Portúgal frá ríkisstjórninni, einum stjórnmálaflokki eða þingnefnd sem þegar er starfandi.

Þýskaland er eina ríkið í Evrópubandalaginu sem hefur ákvæði um minnihlutarannsókn sem heimilar einum fjórða hluta þingmanna þýska þjóðþingsins að fá skipaða rannsóknarnefnd jafnvel þótt meiri hlutinn hafi greitt atkvæði gegn því. Réttur þjóðþingsins til rannsóknar verður þannig ákveðinn réttur minni hlutans sem á að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar á þingi. Hugsunin að baki þessu er sú, að ríkjandi þingmeirihluti sjái sér

almennt ekki hag í því að flett sé ofan af ríkisstjórn „hans“ og því sé líklegt að hann hafi efasemdir um eða setji sig á móti skipun rannsóknarnefndar til þess að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Það er athyglisvert að það er einmitt þessi röksemd sem hin aðildarríkin færa fram sem útskýringu á því hve fáar rannsóknarnefndir hafa verið skipaðar. Sé þetta rétt mundi það styrkja töluvert hlutverk rannsóknarnefnda sem skilvirkrar aðferðar til þess að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu ef möguleikinn á minnihlutarannsóknum yrði látinn ná til Evrópubandalagsins í heild. Þörfin á því að koma á minnihlutarannsókn á Evrópuþinginu er ekki eins knýjandi vegna þess að þar er ekki sama togstreitan á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

III. Starfstími.

Í öllum aðildarríkjunum hætta rannsóknarnefndir störfum þegar þær hafa lokið rannsóknum sínum og samið lokaskýrslu sína. Raunverulegur starfstími rannsóknarnefndar er ákveðinn þegar þingið skipar nefndina. Rannsóknarnefndin er þannig bundin sem undirstofnun þingsins af þeim tímamörkum sem viðkomandi þing setur. Venjulega getur þingið þó framlengt þennan frest. Þingdeildin, sem nefndina skipar, hefur einnig rétt til að leggja nefndina niður áður en fyrirskipaður starfstími nefndarinnar er liðinn. Það er einungis í Frakklandi sem starfsemi nefndarinnar verður, hvað sem öðru líður, að ljúka að minnsta kosti sex mánuðum eftir skipun hennar eða um leið og dómsrannsókn hefst. Annað atriði, sem er sérstakt fyrir Frakkland, er að ekki er unnt að endurskipa rannsóknarnefnd til að rannsaka efni fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því að hún lauk fyrri rannsókn sinni á sama efni. Þar eru þannig strangari (tíma)takmarkanir á starfsemi nefnda.

Í sex af aðildarríkjunum tólf (Þýskalandi, Belgíu, Lúxemborg, Spáni, Grikklandi og Danmörku) setja lok yfirstandandi kjörtímabils þingsins rannsóknum rannsóknarnefndar einnig tímamörk. Störfum nefndarinnar lýkur sjálfkrafa við lok kjörtímabilsins með þeirri afleiðingu að hið nýkjörna þing verður að ákveða að skipa nýja nefnd í byrjun næsta kjörtímabils ef halda á rannsóknum áfram. Þetta er einnig afleiðing þeirrar staðreyndar að rannsóknarnefnd er einungis undirstofnun þingsins og því er hún alltaf háð umboði hins (ný)kjörna þings.

IV. Samsetning.

Í flestum aðildarríkjanna eru engin skilyrði um fastan fjölda nefndarmanna í rannsóknarnefndum. Venjulega er lögð áhersla á að tryggja að allir stjórnmálaflokkar eða stjórnmálahópar eigi fulltrúa í nefndinni (að minnsta kosti einn) í hlutfalli við þingstyrk. Þessu er ætlað að tryggja að allir stjórnmálaflokkar eigi rétt til þátttöku í yfirstandandi rannsóknum. Sem undirstofnun þingsins endurspeglar nefndin þannig samsetningu þingsins í smækkaðri mynd. Kröfurnar um hlutfallslega þátttöku einstakra þingflokka leiða þannig sjálfkrafa af sér lágmarksfjölda nefndarmanna.

Í öllum aðildarríkjunum er greinilega reynt að halda fjölda nefndarmanna í lágmarki. Einungis með þessum hætti er nefndinni kleift að sinna rannsóknum sínum, sem oft eru víðtækar, á skilvirkan og fljótlegan hátt án þess að verða föst í seinvirku innra ákvörðunartökuferli eða annarri málsmeðferð. Einungis á Írlandi eru nefndarmenn sjálfir skipaðir af sérstakri kjörnefnd.

V. Valdsvið og takmarkanir.

Rannsóknarnefndir þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum hafa mjög víðtækt starfssvið. Þær eiga rétt á að rannsaka „málefni eða atriði er varða almenningshagsmuni“ eða „málefni sem skipta almennt miklu máli“. Eins og er mundi þetta orðalag heimila rannsóknarnefndum að stunda rannsóknir á nærri öllum sviðum. Af þessari ástæðu beita sum aðildarríkin (Þýskaland, Lúxemborg, Belgía og Portúgal) skýlaust grundvallarreglunni um skiptingu valdsins til að takmarka starfsemi þeirra.

Rannsóknarnefnd getur því ekki rannsakað málefni sem ekki heyra undir stjórnskipulega ábyrgð þingsins. Þessu er ætlað að tryggja að starfsemi rannsóknarnefndar þingsins leiði ekki til valdframsals sem lög gera ekki ráð fyrir og raski þannig skiptingu ríkisvaldsins. Rannsóknarnefndum í Þýskalandi er einnig bannað að rannsaka yfirstandandi athafnir ríkisstjórnarinnar. Í öllum aðildarríkjunum er inntak og yfirgrip rannsóknar ákveðið í ákvörðun þingsins um að skipa nefndina. Allar rannsóknir verða að fara fram innan þessa skipulagsramma.

Munur er á því frá einu aðildarríki til annars hvort yfirstandandi eða yfirvofandi málsókn girði fyrir rannsókn þingnefndar eða valdi því að henni ljúki sjálfkrafa. Mikill meiri hluti aðildarríkjanna telur þessar tvær málsmeðferðir algjörlega óháðar hvor annarri. Ástæða þessa er sú að nefndir leggja hreint pólitískt mat á þau málefni sem til rannsóknar eru en dómstólameðferð varðar hins vegar einungis mat á grundvelli laga. Samkvæmt grundvallarreglunni um skiptingu valdsins er þannig um að ræða tvö algjörlega aðgreind ábyrgðarsvið. Afleiðingin er sú að rannsóknarnefndir og dómstólar eru ekki bundin af niðurstöðum hvorra annarra. Þessi trygging fyrir sjálfstæði útilokar einnig möguleikann á því að annað matið geti haft áhrif á hitt.

Í Frakklandi er rannsóknarnefndum hins vegar bannað með lögum að rannsaka málefni þar sem atbeina dómstóla er krafist eða sem þegar eru til umfjöllunar hjá dómstólum. Um leið og dómstólarannsókn hefst verður nefndin að hætta störfum. Í reyndinni hefur þó verið slakað á þessum ströngu ákvæðum í Frakklandi til þess að koma í veg fyrir að starfsemi nefnda lamist. Eins og útskýrt var hér að ofan eru viss tilvik þar sem þessar tvenns konar meðferðir geta haldið áfram samhliða, og aðstæður verða þannig svipaðri því sem gerist í hinum aðildarríkjunum. Slökun á þeirri grundvallarreglu að ekki megi skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka málefni, sem heyra undir dómstóla, er einnig greinileg á Írlandi. Hér er reglan um ósamrýmanleika brotin í framkvæmd með því að samþykkja undantekningartilvik.

VI. Völd.

Í nærri öllum aðildarríkjunum eru völd rannsóknarnefnda hin sömu og völd rannsóknardómara í sakamáli. Í sumum tilvikum er ákvæðum, sem gilda um rannsókn sakamála, beitt með lögjöfnun. Rannsóknarnefndum er í öllum löndum Evrópubandalagsins heimilað að stefna vitnum og yfirheyra þau og hlýða á sérfræðinga. Í Frakklandi og Benelúx-löndunum er beinlínis kveðið á um yfirheyrslu eiðsvarinna vitna. Ríkisstarfsmenn og opinberir starfsmenn eru einnig að meginstefnu til skyldugir til að mæta fyrir nefndum og bera vitni.

Vegna hins almenna skilyrðis um samvinnu stjórnvalda er yfirmönnum opinberra starfsmanna, sem kvaddir eru til að mæta fyrir nefnd, yfirleitt skylt að veita þeim leyfi til að bera vitni. Undanþága frá þessari vitnaskyldu er einungis möguleg ef um ríkis- eða iðnaðarleyndarmál er að ræða. Rangur framburður fyrir rannsóknarnefnd er almennt tilefni til saksóknar af hálfu dómstóla. Að auki hafa rannsóknarnefndir í nærri [öllum][2] aðildarríkjunum rétt til að leggja hald á skjöl eða krefjast aðgangs að skrám sem komið gætu að notum við rannsókn þeirra. Neitun er hér einnig einungis möguleg ef um leyndarmál er að ræða.

Í flestum aðildarríkjanna er það enn á ábyrgð dómstólanna að framfylgja því valdi sem nefndunum er veitt. Nefnd getur þannig farið fram á að vitnum sé stefnt, hald sé lagt á skjöl eða húsleit framkvæmd en slíkt er þó háð samþykki dómara. Í sumum tilfellum hafa nefndirnar þó heimild til þess að beita þvingunum til þess að fást við vitni sem vanrækja að mæta eða neita að bera vitni (sbr. Lúxemborg og Holland). Einungis í Frakklandi er rannsóknarnefndum heimilað að stefna vitnum eða framkvæma rannsókn á vettvangi á eigin ábyrgð.

Á heildina litið virðast dómstólarnir í flestum aðildarríkjanna eiga einir rétt á íhlutun sem varðar grundvallarmannréttindi borgaranna. Rannsóknarnefndir eru þannig háðar samvinnu við dómstólana sem þýðir að þörfina fyrir þvingunarráðstafanir verður að rökstyðja að fullu. Það hefur svo í för með sér aukna vernd á réttindum viðkomandi einstaklinga.

VII. Málalok.

Rannsóknarnefndir í öllum aðildarríkjunum ljúka rannsókn sinni með framlagningu lokaskýrslu. Þessi skýrsla hefur að geyma niðurstöður nefndarinnar og mat hennar á þessum niðurstöðum í tengslum við rannsóknarefnið. Í Þýskalandi koma einnig í lokaskýrslunni fram skoðanir þeirra nefndarmanna sem ekki styðja skoðun meiri hlutans. Nefndin getur í lokaskýrslu sinni einnig gert sérstakar tillögur um aðgerðir til úrbóta eða tillögu til þingsályktunar. Um lokaskýrsluna er síðan fjallað á allsherjarfundi þingdeildarinnar. Það er síðan undir allsherjarfundinum komið hvort ákveðið verður að grípa til þeirra aðgerða sem tillaga er gerð um í lokaskýrslunni.

Þótt lokaskýrsla rannsóknarnefndar hafi þannig engin lagaleg áhrif hefur hún töluverð pólítísk áhrif. Þetta er vegna þess að lokaskýrslurnar eru venjulega birtar opinberlega og pólitíski þrýstingurinn sem af því leiðir neyðir þingið til þess að grípa til sérstakra ráðstafana. Tilhögunin í Hollandi gengur skrefi lengra og leyfir að meginstefnu til birtingu allra skjala sem rannsóknina varða. Í Portúgal er þó sérstakur gaumur gefinn að skilyrðum um trúnað. Það er vegna pólitískra áhrifa þeirra sem rannsóknarnefndum hefur verið komið á sem skilvirkum þinglegum stjórntækjum. Í Belgíu er enn fremur sá möguleiki fyrir hendi að senda lokaskýrslu nefndarinnar beint til dómstólanna þannig að unnt verði að höfða mál. Þegar öllu er á botninn hvolft tryggir þessi tegund málsmeðferðar að yfirleitt er gripið til ráðstafana á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar.

---

[2] Orðið „all" virðist hafa fallið brott í frumtexta. — Þýð.

VIII. Niðurstöður.

Þó að smáatriði varðandi málsmeðferð kunni að vera breytileg er það verkefni rannsóknarnefnda þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum, að Bretlandi undanskildu, að framkvæma allar rannsóknir sem fylgja eftirliti með starfsemi ríkisvaldsins eða framkvæmdarvaldsins.

Skilvirk beiting eftirlitsvalds rannsóknarnefnda í Evrópubandalaginu er þó takmörkuð vegna ónógrar viðurkenningar á réttindum minni hluta. Möguleikinn á minnihlutarannsókn er einungis fyrir hendi í Þýskalandi. Víðtækari viðurkenning á réttindum minni hluta mundi auðvelda að koma í veg fyrir að stjórnmálaflokkar, sem meiri hluta hafa í ríkisstjórn, standi í vegi fyrir rannsókn, jafnvel þótt það yrði einnig til þess að auka áhrif rannsóknarnefnda í pólitísku áróðursskyni. Aukin viðurkenning á réttindum minni hluta í aðildarríkjum Evrópubandalagsins mundi því auðvelda skilvirkari aðgerðir gegn slæmri stjórnun.

35. Fyrirspurn [35. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstöfun jöfnunaraðstoðar í skipasmíðaiðnaði.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvernig var ráðstafað þeim fjármunum sem ríkisstjórnin samþykkti fyrr á þessu ári að veita til jöfnunaraðstoðar í skipasmíðaiðnaði og til endurskipulagningar í greininni? Svar óskast sundurliðað þannig að fram komi hvað hvert einstakt fyrirtæki fékk í sinn hlut.
2. Hefur verið lagt mat á hvort þessi aðstoð hafi leitt til aukinna umsvifa og fjölgunar atvinnutækifæra við skipaviðgerðir?

Skriflegt svar óskast.

36. Fyrirspurn [36. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hyggst ríkisstjórnin leggja til að hvalveiðar verði hafnar að nýju á grundvelli skýrslu hvalveiðinefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði haustið 1993 og skilaði áliti snemma á þessu ári?

37. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um vegaframkvæmdir á Austurlandi.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um að gerð verði áætlun um byggingu og endurbætur vega í Austurlandskjördæmi sem miðist við að koma á samfelldu vegakerfi með bundnu slitlagi eftir öllu kjördæminu, auk vega til allra þéttbýlisstaða. Áætlunin miðist við að þessum verkefnum verði lokið um næstu aldamót.

Greinargerð.

Alkunna er að á undanförnum árum hefur náðst mikill árangur í vegaframkvæmdum. Um þetta vitna mörg stór mannvirki sem unnin hafa verið á síðustu árum eða eru í byggingu.

Nýlega hefur verið minnt á að vegurinn frá Reykjavík til Akureyrar og þaðan áfram til Húsavíkur hefur verið lagður bundnu slitlagi. Eins er um veginn til Hafnar að fráskildum tveim stuttum vegarköflum við Fjallsá og í Suðursveit. Þegar þessum vegleiðum sleppir fer bundna slitlagið að verða slitrótt.

Þessar staðreyndir leiða í ljós að til þess hefur verið horft við ákvörðun vegaframkvæmda að vegir út frá Reykjavík hefðu þar nokkurn forgang. Það skýrist vegna þeirra mikilvægu tengsla í viðskiptum og þjónustu sem höfuðborgin gegnir í samfélaginu.

Tveir áratugir eru nú liðnir frá því að endar hringvegarins voru með vega- og brúaframkvæmdum á Skeiðarársandi tengdir saman. Þetta var ein mikilvægasta vegaframkvæmd á síðari árum en þá fyrst opnuðust möguleikar til ferðalaga og flutninga landleiðina að sunnanverðu til Austurlands. Nú hefur hins vegar komið upp umræða um að tengja vegakerfi Austur- og Norðurlands með byggingu vegar með bundnu slitlagi milli Jökuldals og Mývatnssveitar og að sá vegur yrði að jafnaði opinn fyrir umferð allt árið. Núverandi samgönguráðherra hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga og raunar liggja nú fyrir af hans hendi mikilvægar ákvarðanir sem lúta að þessu markmiði.

Í núgildandi vegáætlun, sem nú er í endurskoðun, var þessum vegi skipað sem stórverkefni. Með vegagerð á Mývatnsöræfum og byggingu brúar á Jökulsá á Dal eru þessar framkvæmdir festar í sessi og skipulagður snjóruðningur staðfestir í raun ákvarðanir um að þessi vegur verði heilsársvegur. Raunar má nú þegar greina að viðskiptatengsl milli Austur- og Norðurlands eru orðin að raunveruleika. Það er góð vísbending um þær breytingar sem verða munu í vaxandi samskiptum á mörgum sviðum við bættar samgöngur í þessum landshluta.

Samkvæmt kostnaðaráætlun Vegagerðar ríkisins, sjá fylgiskjal, er kostnaður við þessar vegaframkvæmdir frá Biskupshálsi að nýju brúnni á Jökulsá tæpur milljarður kr. Vegarstæði til Vopnafjarðar hefur ekki enn verið valið og þess vegna liggur ekkert fyrir um áætlaðan kostnað en tæplega verður hann undir hálfum milljarði kr. Kostnaður við tengiveginn milli Austur- og Norðurlands nemur því um einum og hálfum milljarði kr.

Nú verður að hafa í huga að mikil verkefni eru enn óunnin á hringveginum sem valin hafa verið til uppbyggingar annars staðar í kjördæminu og auðvitað er nauðsynlegt að færa til nútímahorfs eins og annars staðar gerist. Þessir vegarkaflar eru víða í afar slæmu ástandi með tilheyrandi slysahættu.

Þegar litið er til brýnna verkefna í vegaframkvæmdum með ströndinni á Austurlandi er áætlaður kostnaður við uppbyggingu vega milli Hornafjarðar og Djúpavogs 290 millj. kr. Við Berufjörð er þessi kostnaður 190 millj. kr. og austan Breiðdalsvíkur til Reyðarfjarðarvegar 400 millj. kr., þar af austan Fáskrúðsfjarðar 280 millj. kr. Að viðbættu því sem óunnið er í Austur-Skaftafellssýslu er áætlaður kostnaður við að byggja upp vegi til Reyðarfjarðar og leggja þá bundnu slitlagi frá hinu samfellda vegakerfi við Fjallsá um 1 milljarður kr.

Önnur brýn verkefni í vegagerð í byggðum Austurlands, sem einkum eru tengivegir við þéttbýli, má áætla samkvæmt yfirliti Vegagerðarinnar að kosti um 1 milljarð kr. Samkvæmt þessu er kostnaður við að koma nútímavegi um Austurlandskjördæmi, sem tengdist öllu þéttbýli, u.þ.b. 2 milljarðar kr. en það er um það bil áttfalt framkvæmdafé til vegagerðar á Austurlandi eins og verið hefur á síðari árum.

Af þessu sem nú hefur verið rakið er augljóst að vegaframkvæmdir á Austurlandi verður að meta í heild sinni og sérstakar ráðstafanir þarf að gera til að koma vegasambandi þar eystra í nútímahorf. Hafa ber líka í huga að þótt árangur náist á grundvelli þess sem hér hefur einkum verið fjallað um eru margir vegir í kjördæminu sem ekki hefur verið minnst á en brýn þörf er á að bæta.

Þær bættu samgöngur á landi, sem leitt hefur af vegaframkvæmdum síðustu ára, hafa stuðlað að stóraukinni umferð um landið. Af því leiðir að kröfur um jafnræði í þessum málum, bæði hjá þeim sem ferðast um landið og þeim sem búa við slæma kosti í vegasamgöngum, verða því háværari. Óþarft er að fjölyrða um gildi góðra samgangna fyrir atvinnulíf og búsetu svo augljóst er gildi góðra vega í þessu sambandi. Vegaframkvæmdir síðustu ára hafa skilað mikilvægum árangri í vegagerð um allt land. Tímabært er að taka ákvarðanir um hvernig og hvenær ljúka beri uppbyggingu vega með bundnu slitlagi og tengingu allra þéttbýlisstaða við hann. Sú er ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu.

Fylgiskjal.

Vegagerð ríkisins:

Kostnaður við að koma bundnu slitlagi á malarkafla á hringvegi og tengingu til þéttbýlisstaða á Austurlandi.
(29. september 1994.)

v=4880

1 Austurlandsvegur				
Biskupsháls – Vopnafjaðarvegur	210	m.kr.		
Vopnafjarðarvegur – Ármótasel	490	"		
Ármótasel – Skjöldólfsstaðir	90	"		
Skjöldólfsstaðir – Hrólfsstaðir	190	"		
Skóghlíð – Tunguvegur	120	"		
Upphéraðsvegur – Axarvegur	280	"		
Axarvegur – Sel	100	"		
Sel – Suðurfjarðavegur	210	"		
Búðaá – Axarvegur	90	"		
Axarvegur – Fossá	100	"		
Valtýskambur – Sandbrekka	50	"		
Melrakkanes – Blábjörg	70	"		
Þvottá – Krossanes	60	"		
Hvalnes – Víkurá	30	"		
Syðri Fjörður – Friðsæld	80	"		
Uppsalaá – Staðará	110	"		
Um Fjallsá	130	"	2.410	m.kr.
85 Vopnafjarðarvegur				
Hlíðarvegur– Austurlandsvegur			320	"
93 Seyðisfjarðarvegur				
Norðfjarðarvegur – Langahlíð	140	"		
Fjarðarheiði – Efri Stafur	80	"	220	"
94 Borgarfjarðarvegur				
Eiðar – Sandur	240	"		
Sandur – Framnes	230	"	470	"
96 Suðurfjarðavegur				
Handarhald – Götuhjalli	140	m.kr.		
Eyrará – Hafranes	40	"		
Hafranes – Staðarskriða	80	"		
Sævarendi – Selárgil	20	"		
Kambanes – Breiðdalsvík	120	"	400	"

38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um sérstakar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu foreldra á vinnumarkaðnum.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót nefnd sem móti markvissar tillögur og geri áætlanir um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu foreldra á vinnumarkaðnum, með sérstöku tilliti til foreldra ungra barna. Tillögurnar nái jafnt til ríkiskerfisins, sveitarfélaga, sem og hins almenna vinnumarkaðar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar kvennasamtaka, ríkis og sveitarfélaga, Jafnréttisráðs og aðila hins almenna vinnumarkaðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú lögð fram í þriðja sinn.

Staða íslenskra kvenna hefur breyst mikið ef horft er svo sem 100 ár aftur í tímann. Þjóðfélagsbreytingar og barátta kvenna fyrir almennum mannréttindum hafa fært konum lagalegt jafnrétti á flestum sviðum. Möguleikar kvenna til að afla sér menntunar og til að sjá sér og sínum farborða hafa batnað verulega á þessari öld. Við búum þó enn við misrétti á ýmsum sviðum. Þjóðfélag okkar er mótað af aldagömlum hugsunarhætti karla og stofnana karlveldisins. Enn búum við í karlstýrðu þjóðfélagi þar sem allar helstu valdastöður eru „mannaðar“ körlum. Enn er mikið verk að vinna til að staða kvenna geti talist góð og samskipti kynjanna með viðunandi hætti.

Í rúmlega 300 ár hefur það verið ríkjandi stefna fremstu hugsuða og margra stjórnmálahreyfinga á Vesturlöndum að vinna að sem mestum jöfnuði þegnanna, sem mestri hamingju og sem mestum áhrifum hvers og eins á eigið líf og mótun samfélagsins. Lengi vel náði þessi hugmyndafræði aðeins til vel stæðra hvítra karlmanna, en smátt og smátt var látið undan kröfum þeirra sem knúðu á um aukinn rétt verkamanna, svertingja og loks kvenna.

Rótgrónar en um margt úreltar hugmyndir, sem liggja að baki kristni og kirkju, stjórnarháttum, hernaðarbrölti, stéttaskiptingu, forréttindum, hlutverkum kynjanna, svo og hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, lifa góðu lífi í okkar hugmyndaheimi. Seint gengur að breyta þeim, enda oft miklir hagsmunir í húfi. Því er það sem kvennalistakonur hafa lagt mikla áherslu á nauðsyn hugarfarsbyltingar til að takast megi að jafna stöðu kynjanna.

Hægt er að beita margvíslegum aðgerðum til að breyta hugarfari. Það má gera með umræðum, rannsóknum, markvissum aðgerðum og eflingu réttlætiskenndar hvers og eins. Þegar kemur að veruleikanum sjálfum, hinu daglega lífi, er röðin komin að stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins, fjölskyldufeðrum, eiginmönnum og konum sjálfum sem vita best hvar skórinn kreppir. Það má ekki bíða lengur að grípa til aðgerða til að draga úr því óþolandi misrétti sem einkennir íslenskan vinnumarkað og bitnar fyrst og fremst á konum. Stjórnvöld eiga að beita tiltækum ráðum til að jafna stöðu þegnanna og hafa almannahag að leiðarljósi. Aðilar vinnumarkaðarins, sem hafa með samningum sínum mikil áhrif á daglegt líf fólks og aðstæður fjölskyldnanna í landinu, þar með talið stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum, eiga að semja um aukinn jöfnuð. Samtökum kvenna í landinu

verður að gefast kostur á að ræða beint við fulltrúa þeirra sem geta beitt sér fyrir breytingum og hafa vald til að koma þeim á þannig að hugmyndir og kröfur kvenna komist milliliðalaust á framfæri jafnframt því sem knúið verði á um aðgerðir.

Þótt margt megi segja um nauðsyn almennrar hugarfarsbyltingar í íslensku samfélagi til hagsbóta fyrir konur og börn er misréttið mest á vinnumarkaðnum. Það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af vaxandi launamun kynja og „kvengervingu“ fátæktarinnar sem lýsir sér í því hve stór hópur kvenna vinnur fyrir launum sem verða að teljast við eða undir fátæktarmörkum. Þær upplýsingar, sem birtar voru sl. sumar um launamun kynja hér á landi, sýna að bilið milli kvenna og karla fer vaxandi. Það er öfugþróun vem verður að stöðva. Þá er atvinnuleysi vaxandi í röðum kvenna og fleiri konur verða því að bráð en karlar hér á landi. Einnig ber að nefna þær aðstæður sem þjóðfélagið býður barnafjölskyldum upp á, einkum þar sem ung börn eru á heimilum.

Þrátt fyrir lög um sömu laun fyrir sömu vinnu frá árinu 1960 og margendurskoðuð lög um jafnrétti kynja blasir sú staðreynd við að launamunur kynja hér á landi er verulegur. Heildartekjur kvenna í fullu starfi eru aðeins um 60% af heildartekjum karla. Skortur er á dagvistun fyrir börn, einkum í þéttbýlinu. Þar hefur hvergi nærri verið komið til móts við þarfir foreldra eða vinnumarkaðarins. Skóladagur barna er ekki í neinu samræmi við vinnutíma foreldra, þótt nú hilli loks undir átak í þeim efnum. Vinnumarkaðinn skortir átakanlega sveigjanleika, t.d. hvað varðar vinnutíma, og aðbúnaður á vinnustöðum, einkum með tilliti til heilsufars, má víða batna. Þannig mætti lengi benda á aðgerðir sem bætt geta daglegt líf, dregið úr misrétti og gert samfélagið betra.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem komi með markvissar tillögur um aðgerðir til að draga úr misrétti kynja á vinnumarkaðnum og til að bæta stöðu barnafjölskyldna. Sem dæmi um nauðsynlegar aðgerðir á vinnumarkaðnum má benda á eftirfarandi:

1. Tryggja þarf að jafnréttislögunum sé framfylgt og þau virt.
2. Grípa þarf til aðgerða til að draga úr launamisrétti. Þar er efst á blaði nýtt starfsmat sem tekur tillit til mikilvægis starfa kvenna og metur uppeldis-, umönnunar- og þjónustuþætti hefðbundinna kvennastarfa sérstaklega og hefur að markmiði að bæta kjör kvenna.
3. Skattkerfinu verði breytt þannig að tillit verði tekið til þess kostnaðar sem því fylgir að eiga og ala upp börn.
4. Áætlun verði gerð um að fullnægja þörfinni fyrir dagvistun barna.
5. Samræmi verði komið á milli skóladags barna og vinnutíma foreldra.
6. Vinnumarkaðurinn bjóði upp á sveigjanlegan vinnutíma.
7. Unnið verði að jöfnun foreldraábyrgðar utan sem innan heimilis.
8. Aðbúnaður á vinnustöðum verði bættur með tilliti til heilsufars, afkasta og vinnuanda.
9. Gripið verði til aðgerða til að breyta hugarfari karla í garð kvenna í þeim tilgangi að útrýma rótgrónum fordómum og sjálfsvitund kvenna styrkt, t.d. hvað það varðar að meta störf sín til launa.

10. Grípa þarf til aðgerða til að auka hlut kvenna í stjórnarstörfum, nefndum og ráðum, ekki síst þar sem vinnumarkaðurinn á í hlut.
11. Styrkja þarf framboð á endurmenntun og fullorðinsfræðslu.
12. Sérstökum aðgerðum verði beitt til atvinnusköpunar fyrir konur.
13. Auka þarf vitund um kynferðislega áreitni á vinnustöðum í því skyni að koma í veg fyrir slíkt.
14. Auðvelda á feðrum að taka fæðingarorlof.
15. Koma þarf í veg fyrir launaleynd og vinna að því að hækka grunnlaun þannig að ekki sé samið um ýmiss konar launauppbætur sem einkum koma körlum til góða.
16. Taka þarf á rótgrónum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna með fræðslu, áróðri og umræðum.
17. Auka þarf rannsóknir á vinnumarkaðnum með tilliti til stöðu kynjanna.
18. Fyrirtæki og stofnanir eigi kost á ráðgjöf þegar tekið verður á hvers kyns misrétti á vinnustað.
19. Bannað verði að afla persónulegra upplýsinga um starfsmenn sem ekkert koma starfinu við, en þær eru iðulega notaðar gegn konum.

Það er von flutningsmanna að sú nefnd, sem hér er lagt til að sett verði á fót, geti ýtt undir umræður í þjóðfélaginu jafnframt því sem hún setur fram raunhæfar tillögur sem orðið gætu til þess að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Það er löngu viðurkennt að aukinn jöfnuður skilar sér í betra samfélagi fyrir alla. Nú á ári fjölskyldunnar er kjörið tækifæri til að stíga skref sem bætt geta stöðu kvenna er munu um leið bæta hag fjölskyldnanna.

39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um foreldrafræðslu.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Kristín Einarsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Guðrún J. Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að markviss foreldrafræðsla verði stóraukin í skólum landsins, í fjölmiðlum og í samvinnu við heilbrigðisráðherra á heilsugæslustöðvum. Skipaður verði vinnuhópur sem komi með tillögur um æskilegt inntak, form og umfang foreldrafræðslu á fyrrgreindum stöðum.

Greinargerð.

Nær samhljóða tillaga var flutt á 113., 116. og 117. löggjafarþingi.

Um greinargerð tillögunnar vísast til greinargerðar á þskj. 726, 472. mál 117. löggjafarþings, bls. 3367–3368 í A-deild Alþt. 1993–94. Greinargerðirnar eru samhljóða nema á einum stað í 2. tölul. 4. mgr. koma orðin: skila sér, í stað „komast“.

40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um varðveislu arfs og eigna húsmæðraskólanna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að setja fram tillögur um hvernig best megi varðveita arf og eignir gömlu húsmæðraskólanna í landinu. Verði sérstaklega hugað að stofnun eða eflingu heimilisiðnaðarsafna eða heimilisiðnaðardeilda í byggðasöfnum landsins. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar Kvenfélagasambands Íslands, landshlutasamtaka kvenfélaganna, Sambands íslenskra sveitarfélaga, safnamanna og menntamálaráðuneytis.

Um greinargerðina vísast til samhljóða greinargerðar á þskj. 748, 490. mál 117. löggjafarþings, bls. 3419–3420 í A-deild Alþt. 1993–94, og um fylgiskjalið til þskj. 946, 430. mál 116. löggjafarþings, bls. 5237–5239 í A-deild Alþt. 1992–93.

41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um endurskoðun á launakerfi ríkisins.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Guðrún J. Halldórsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins. Hlutverk nefndarinnar verði að einfalda launakerfi ríkisins, auka hlut umsaminna grunnlauna, draga úr eða afnema með öllu yfirborganir og aukagreiðslur af ýmsu tagi og endurskoða röðun í launaflokka. Sérstaklega ber nefndinni að benda á leiðir til að hækka lægstu laun og draga úr launamun kynjanna. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins og samtaka opinberra starfsmanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 117. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu.

Samskipti ríkis við starfsmenn sína hafa vægast sagt verið með sérkennilegum hætti undanfarin ár. Grunnlaunum hefur markvisst verið haldið niðri þannig að lægstu laun ríkisstarfsmanna eru á sultarmörkum meðan hvers kyns yfirborganir og sérgreiðslur hafa aukist til ákveðinna hópa. Samskipti ríkisins og háskólamenntaðra starfsmanna þess hafa verið afar slæm enda bráðabirgðalögum beitt til þess að taka til baka umsamdar launahækkanir. Eins og kunnugt er reyndist sú lagasetning lögleysa og hefur þegar kostað ríkissjóð um 400 millj. kr. Þegar Kjaradómur kvað upp úrskurð sumarið 1992, þar sem reynt

var að taka á margföldu og óréttlátu launakerfi ríkisins, brást ríkisstjórnin enn við með bráðabirgðalögum í kjölfar mótmæla úti í þjóðfélaginu.

Á undanförnum árum hefur fjöldi mála verið rekinn fyrir dómstólum vegna samskipta ríkisstarfsmanna við vinnuveitanda sinn sem gefur til kynna að mikið er að launakerfi ríkisins og samskiptum við ríkisstarfsmenn. Þá má nefna það fjaðrafok sem varð sl. haust vegna launamála bankastjóra ríkisbankanna sem ekki eru í neinu samhengi við það sem tíðkast í öðrum ríkisstofnunum. Í því sambandi má minna á þá yfirlýsingu iðnaðarráðherra að launakerfi ríkisins sé handónýtt. Undir þá lýsingu tökum við kvennalistakonur, enda höfum við margoft bent á þá staðreynd. Enn má bæta við þessa lýsingu á launakerfinu því launamisrétti milli karla og kvenna sem tíðkast hjá ríkinu og á meðal annars rætur að rekja til úrelts starfsmats og forréttinda sem karlar njóta.

Það er löngu tímabært að hefja endurskoðun á launakerfi ríkisins með þau markmið í huga að draga úr launamisrétti, hækka lægstu laun, einfalda kerfið og gera það gagnsærra þannig að ljóst sé hver launakjörin eru í raun og veru.

Margt þarf að endurbæta í ríkiskerfinu, svo sem í mennta- og heilbrigðisgeiranum, þannig að rekstur ríkisins verði sem hagkvæmastur og þjóni landsmönnum sem best. Árangur næst ekki nema ríkisstarfsmenn séu sáttir við sinn hlut og séu hafðir með í ráðum. Það gengur ekki lengur að ríkisvaldið standi í eilífum styrjöldum við starfsmenn sína og beiti lögum og dómstólum gegn þeim ef það kallar ekki sjálft yfir sig málaferli. Besta leiðin til að bæta samskiptin er að ganga í það nauðsynjaverk að stokka upp launakerfi ríkisins í góðri sátt við ríkisstarfsmenn. Kjarasamningar eru nú á næsta leiti. Áður en til þeirra verður gengið ber að marka stefnu sem felur í sér réttlátara og raunhæfara launakerfi.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdu þrjú fylgiskjöl.

Um fskj. I vísast til þskj. 843, 431. mál 116. löggjafarþings, bls. 4686–4695 í A-deild Alþt. 1992–93. Um fskj. II og III vísast til þskj. 810, 520. mál 117. löggjafarþings, bls. 3740–3744 í A-deild Alþt. 1993–94.

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Björn Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson,
Margrét Frímannsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Í upphafi hvers þings skal kjósa níu þingmenn í þingskapalaganefnd. Nefndin skal fjalla um framkvæmd þingskapa og setja nánari reglur um einstök atriði.

Vísa skal frumvörpum um þingsköp Alþingis til nefndarinnar, svo og frumvörpum og tillögum öðrum um breytingar á þeim. Heimilt er að vísa öðrum þingmálum til nefndarinnar ef þau varða störf Alþingis eða alþingismanna.

Nú telur þingmaður að úrskurður forseta eða fundarstjórn hans sé ekki í samræmi við þingsköp og getur hann þá gert skriflega grein fyrir andmælum sínum við nefndina. Þingskapalaganefnd er skylt að taka slíkt erindi til umfjöllunar og afgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1995.

Greinargerð.

Forseti Alþingis stjórnar fundum þingsins og skal skv. 8. gr. þingskapa sjá um að allt fari þar fram með góðri reglu. Samkvæmt ýmsum öðrum greinum þingskapanna sker forseti úr um framkvæmd þeirra og ákveður málsmeðferð í þinginu.

...

Frumvarp þetta var lagt fram á 117. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Um greinargerð frumvarpsins vísast til þskj. 885, 570. mál 117. löggjafarþings, bls. 4221–4222 í A-deild Alþt. 1993–94.

43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 2. desember 1980, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Eggert Haukdal, Matthías Bjarnason,
Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist: Réttur til biðlauna fellur niður ef fyrrverandi alþingismaður tekur við starfi í þjónustu ríkis, sveitarfélags eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eign ríkisins enda fylgja stöðunni jafnhá eða hærri laun en þingfararkaup. Ella greiðist launamismunurinn til loka tímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum árum hefur komið í ljós að ósamræmi er í ákvæðum laga um biðlaun ráðherra og þingmanna. Frumvarp þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um að biðlaunagreiðslur falli niður ef sá sem þeirra á að njóta tekur við öðru starfi sem er jafnt eða hærra launað en þingfararkaup þegar hann lætur af þingmennsku.

44. Frumvarp til laga [44. mál]

um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Flm.: Eggert Haukdal, Matthías Bjarnason, Páll Pétursson,
Kristín Ástgeirsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir,
Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1995 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.fl., enda verði lánskjaravísitalan lögð niður.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hér flutt í áttunda sinn. Síðast var það flutt á 117. löggjafarþingi.

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir bera hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitalan er meiri verðbólguvaldur en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaður í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af slíkum innlánum.

Langtímaútlán verða hins vegar samkvæmt viðtekinni reglu erlendis háð breytilegum vöxtum. Er þá ýmist heimilt að breyta vaxtaprósentunni innan ákveðinna marka (t.d. 2–4%) eða binda hana í t.d. þrjú ár og láta hana síðan fylgja gildandi vöxtum á hverjum tíma.

Verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki lengur við lýði í viðskiptalöndum okkar sem við erum að aðlagast. Þau ríki, sem reyndu verðtryggingu (Finnland, Ísrael og að takmörkuðu leyti Bretland og Svíþjóð), hafa hætt henni. Enginn grundvöllur er því lengur fyrir verðtryggingu hér. Við getum ekki varið það að verðtryggja skuldir en ekki kaupgjald láglaunafólksins sem á að borga skuldirnar.

Ísland hefur ekki efni á að raska því jafnvægi í kjaramálum og verðlagi sem náðist með þjóðarsátt. Atvinnuvegirnir þola ekki nýja vaxtaskrúfu af völdum lánskjaravísitölu eins og þá er varð 1982–90 þegar skuldauppsöfnunin náði 100 milljörðum kr. hjá útgerð og fiskvinnslu. Það er grunnorsök vandans í dag, ekki aflasamdráttur sem oft hefur verið meiri án þess að valda sambærilegum erfiðleikum.

Það er út í hött að gera verðtryggingu frjálsa að vali lánveitenda og lántakenda. Hinir fyrrnefndu ráða ferðinni þannig að verðtryggingin yrði í reynd áfram lögþvinguð.

Það knýr á um afnám verðtryggingar að samkomulag er um að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur. Er þá hendi næst að bankar og sparisjóðir innheimti skattinn fyrir ríkissjóð eins og gert er í öðrum löndum. Hann reiknast á nafnvexti enda ógerningur að greina í hverju einstöku tilfelli á milli verðbótaþáttar og raunvaxta. (Ef verðbólga er umtalsverð má hins vegar til mótvægis lækka skattprósentuna.)

Þegar málið var til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á síðasta þingi barst nefndinni skýrsla Seðlabankans, dags. 21. mars 1994, þar sem reynt er að andæfa einstökum atriðum frumvarpsins.

Í skýrslunni er fyrst vikið að annarri skýrslu, Vaxtamyndun á fjármagnsmarkaði, sem gefin var út af viðskiptaráðherra í október 1993. Sú skýrsla kvað verðtryggingu enn gegna mikilvægu hlutverki og taldi það sjónarmið túlka stefnu stjórnvalda. Þetta er ekki rétt, enda er viðskiptaráðherrann annar nú, og þess utan eru flutningsmenn frumvarpsins að þessu sinni bæði úr stjórnar- og stjórnarandstöðuflokkum. Viðurkennt er og í seðlabankaskýrslunni að draga beri úr notkun verðtryggingar við skuldbindingar til skamms tíma. Það er vissulega spor í rétta átt.

Hitt er alrangt að fjármagnsmarkaðurinn eigi sjálfur að þróa kjör sín og skilmála. Heilbrigður efnahagur og stöðugleiki verður aðeins tryggður með náinni samvinnu peningastjórnar og ríkisfjármála. Einnig er rangt að víðtækari verðtrygging hér en með öðrum þjóðum helgist af langvarandi verðbólguþróun og fullkomnara verðtryggingarkerfi. Önnur Evrópuríki hafa lengi búið og búa enn við verðbólgu og þau þeirra sem verðtryggðu fjárskuldbindingar um tíma (Finnland, Ísrael o.fl.) tryggðu kaupgjald samhliða. Það er ekki gert hér og af þeim sökum er okkar kerfi með öllu ótækt. Þar eiga við orðin „löglegt en siðlaust".

Sú fjarstæða kemur fram í Seðlabankaskýrslunni að afnám verðtryggingar hérlendis muni leiða til fjárflótta. Hvert eiga menn að flýja með fé sitt þegar verðtrygging er hvergi við lýði nema í vanþróuðum ríkjum Suður-Ameríku? Staðreyndin er þvert á móti sú að sömu lánskjör verða að gilda hér og í viðskiptalöndum okkar ef fjármagnsstreymi á að haldast frjálst til frambúðar. Slagorð peningahyggjunnar um markaðslögmálin og jafnvægisvexti eru ekki svaraverð.

Þá er á bls. 2 í skýrslunni hneykslast á eftirfarandi setningu í 1. gr. frumvarpsins: „enda verði lánskjaravísitalan lögð niður". Verið sé að setja fram bann í aukasetningu! Langt er seilst í rökræðunni þegar málstaðurinn er veikur. Í 1. gr. frumvarpsins er verðtrygging fjárskuldbindinga gerð óheimil, svo sem sjá má hér að framan. Af því leiðir eðlilega að lánskjaravísitalan verði lögð niður. Enginn grundvöllur er lengur fyrir henni. Skýrsluhöfundar telja lánskjaravísitöluna verndaða af stjórnarskránni. *Þeir virðast gleyma því að henni hefur verið breytt til stórtjóns fyrir launþega. Kaupgjaldsbreytingar voru færðar inn í vísitöluna og það er þá líka stjórnarskrárbrot.* Einnig hækka húsnæðisskuldir við hverja kjarabót launþega og væri rétt að launþegarnir könnuðu skaðabótarétt sinn.

Skýrsluhöfundar virðast ekki skilja að aukin vaxtabyrði valdi atvinnuvegunum erfiðleikum. Vextir eru verð peninga sem fengnir eru að láni — allt verðið, raunvextir að viðbættum verðbótaþættinum. Taka verður mið af nafnvöxtunum sem að fullu leggjast við rekstrarkostnað fyrirtækja. Þeim kostnaði er ekki unnt að mæta með hækkun afurðaverðs þegar selt er á erlendum mörkuðum. Þá er gripið til gengislækkana. Þær ónýttu ávinning sem sjávarútvegurinn reyndi að tryggja sér með því að breyta innlendum lánum í erlend. Nafnvextir jukust um tugi prósentna á 9. áratugnum og náðu hámarki árið 1983 er þeir urðu 77%. Sama ár tvöfölduðust skuldir heimilanna og er lánskjaravísitalan fullnægjandi skýring á því sem og á síðari hækkunum.

Í seðlabankaskýrslu Jóns Sigurðssonar er sú fáránlega staðhæfing að notkun lánskjaravísitölu hafi dregið úr verðbólgu. Verðbólga jókst til muna með tilkomu hennar. Ólafslög komu ekki að fullu til framkvæmda fyrr en frá og með 1983. Þá tók verðbólgan heljarstökk er vísitala framfærslukostnaðar, árleg meðaltalshækkun, varð 84,28% og hélst hún há út allan 9. áratuginn. Skuldabyrðin olli greiðsluerfiðleikum bæði hjá fyrirtækjum og heimilum, svo og áður óþekktum fjártöpum banka. Allt þetta leiddi til hruns sem reynt var að leysa með þjóðarsátt 1990 að frumkvæði launþegasamtakanna.

Íslenskir bankar verða að kynnast starfsháttum erlendra banka í viðskiptalöndum okkar og temja sér þá eins og bent er stuttlega á í greinargerðinni hér að framan. Að öðrum kosti mun okkur ekki takast að viðhalda fjármagnsfrelsi og efnahagsjafnvægi.

Skattlagning fjármagnstekna er með öllu óframkvæmanleg ef hún á að ná til raunvaxta aðeins. Vinnan við það yrði dýrari en tekjunum næmi. Bankastjórar í Reykjavík hafa þegar gert grein fyrir þessu.

Í heild er umrædd seðlabankaskýrsla tilraun til réttlætingar á alvarlegum pólitískum mistökum sem verðtrygging fjárskuldbindinga var.

45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um sérstakt átak í málefnum barna og ungmenna.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta gera fjögurra ára framkvæmdaáætlun um úrbætur í málefnum barna og ungmenna. Áætlunin verði byggð á lögum um vernd barna og ungmenna, barnalögum og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Greinargerð.

Íslenskt þjóðfélag hefur gengið í gegnum miklar breytingar á síðustu árum. Þróunin hefur verið ör úr bændasamfélagi, sem staðið hafði öldum saman, í nútíma tæknivætt samfélag. Fjölskyldan var hornsteinn bændasamfélagsins og allir siðir og venjur voru í föstum skorðum. Stórfjölskyldan gat tekist sameiginlega á við mörg þau vandamál sem hin svokallaða kjarnafjölskylda nútímans hefur ekki bolmagn til. Nægir þar að nefna að fjöldi heimilismanna skapaði ákveðna samfélagsgerð. Heimilið var framleiðslueining sem sá meðlimum sínum farborða með sjálfsþurftarbúskap.

Þær stökkbreytingar sem hafa orðið í fjölskyldugerðinni og þar af leiðandi breyttar aðstæður allra, bæði barna og fullorðinna, hafa leitt til þess að margar fjölskyldur hafa misst fótfestu. Samfélagið hefur ekki brugðist sem skyldi við þessum breyttu aðstæðum. Afleiðingarnar bitna mest á börnunum. Hjónaskilnuðum og sambúðarslitum hefur fjölgað. Kynferðisafbrotum fer fjölgandi ár frá ári. Mörg börn eru vannærð bæði líkamlega og andlega.

Leikskólar í stærri bæjum anna víðast hvar ekki eftirspurn. Grunnskólinn er ekki samfelldur nema í undantekningartilfellum og þá helst á smærri stöðum. Sífellt fleiri börn þurfa aðstoðar við af ýmsum ástæðum.

Atriði, sem þarf að hafa í huga við gerð framkvæmdaáætlunar, eru t.d. eftirfarandi:

— Koma á fót skipulegri foreldrafræðslu sem m.a. væri liður í forvarnastarfi.
— Styðja við starfsemi áhugahópa sem starfa að íþrótta- og æskulýðsmálum.
— Huga sérstaklega að stöðu þeirra barna þar sem foreldrar eða forsjármenn hafa búið við langvarandi atvinnuleysi.
— Nýta sem best starf nefnda á vegum sveitarfélaga, t.d. með sameiningu félagsmálanefnda og barnaverndarnefnda í eina nefnd þar sem það á við og einnig að stækka umdæmi þeirra.
— Koma á markvissu eftirliti með útleigu myndbanda með ofbeldismyndum og sýningum ofbeldiskvikmynda í sjónvarpi og kvikmyndahúsum.
— Huga að málsmeðferð og úrlausn á kynferðisbrotamálum gagnvart börnum.
— Koma í veg fyrir útbreiðslu barnakláms hér á landi.

— Koma á skilvirkari og hraðari afgreiðslu dómsmála sem snerta börn og ungmenni.
— Samræma aðgerðir til að stemma stigu fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga og auka forvarnir.

Félagsmálaráðuneytið hafi forgöngu í málinu en hafi samvinnu við önnur ráðuneyti um mál á málefnasviði þeirra.

Ný barnalög, nr. 20/1992, og lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, ásamt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, hafa að geyma fyrirmæli um skyldur foreldra og stjórnsýsluhafa hvað varðar aðbúnað barna og ungmenna. Þar eru ýmis ákvæði sem skylda opinbera aðila til að gæta hagsmuna og velferðar barna og ungmenna í hvívetna. Þá hefur nú nýlega verið mælt fyrir frumvarpi um umboðsmann barna sem væntanlega verður samþykkt fyrir þinglok.

Alþingi hefur ítrekað sýnt vilja sinn til að sinna betur þörfum barna og ungmenna en gert hefur verið. Um það ber lagasetning nýrra barnalaga og barnaverndarlaga glöggt vitni. Þá má einnig minna á að þingsályktunartillögu um foreldrafræðslu, sem þingkonur Kvennalistans lögðu fram á síðasta löggjafarþingi, var mjög vel tekið. Hún hefur nú verið endurflutt þar sem ekki tókst að ljúka umfjöllun um hana fyrir þingfrestun vorið 1993. Samþykktar hafa verið ýmsar þingsályktanir sem kveða á um sérstakar aðgerðir til verndar börnum, svo sem þingsályktun nr. 7/1990, um átak gegn einelti meðal barna og unglinga, þingsályktun nr. 21/1991, um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla og forvarnir í þeim efnum, og þingsályktun nr. 7/1992, um velferð barna og unglinga. Á 117. löggjafarþingi var lögð fram skýrsla félagsmálaráðherra sem byggðist á starfi nefndar sem skipuð var samkvæmt síðastnefndri þingsályktun og er þar að finna margar gagnlegar ábendingar um betri skipan mála sem snerta börn og unglinga. Þáverandi félagsmálaráðherra boðaði að komið yrði á fót fjölskyldumiðstöð sem hefði það hlutverk að veita fjölskyldum og börnum sérhæfða ráðgjöf og meðferð. Ekki hefur enn orðið af því.

Við berum okkur gjarnan saman við önnur Norðurlönd í velferðarmálum og því er rétt að geta þess að í Noregi er nú í gangi þriggja ára áætlun í barnaverndarmálum, „Program for nasjonal utvikling av barnevernet“, sem á að leiða til þess að stytta biðtíma fólks sem þarf aðstoð, gera alla afgreiðslu mála skilvirkari og styðja fjölskyldur barna sem eiga í erfiðleikum af ýmsum toga. Áætlunin er unnin í barna- og fjölskyldumálaráðuneyti Noregs.

Hér á Íslandi erum við skemmra á veg komin í stefnumótun og skipulagningu mála sem snerta börn og unglinga. Allt of oft er gripið til skammtímalausna þegar atburðarásin krefst aðgerða. Það hefur orðið til þess að margar lausnir, sem gripið er til, skila ekki þeim árangri sem til er ætlast og nýting á þeim valkostum, sem í boði eru, er léleg.

Því er fyllilega tímabært að gera nú áætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna í samfélaginu og vernda þau gegn óæskilegum áhrifum. Til þeirrar áætlunar verði síðan varið sérstökum fjármunum á fjárlögum næstu fjögurra ára þar á eftir. Ár fjölskyldunnar væri vel til þess fallið að koma á fót slíkri framkvæmdaáætlun. Því er hér lagt til að Alþingi lýsi yfir vilja sínum þar að lútandi.

Hagsýsla ríkisins gerði úttekt á heildarskipan þess málaflokks sem snertir börn og unglinga og skilaði skýrslu í október 1993. Skýrslan var gerð að beiðni félagsmálaráðuneytisins og er þar að finna margar gagnlegar ábendingar og tillögur um markvissara skipulag og leiðir til úrbóta. Þar segir m.a.: „Meginvandi barna- og unglingamála er skortur á samhæfingu, ómarkviss stjórnsýsla, lítill sveigjanleiki og léleg nýting fjármuna. Úrbætur krefjast samstillts átaks allra sem starfa að málefnum barna og unglinga.“

Tillaga þessi var lögð fram á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt óbreytt.

46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um fjárframlög til stjórnmálaflokka.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa níu manna nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka. Jafnframt verði nefndinni falið að leggja mat á það hvort nauðsyn beri til að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti.

Nefndina skipi fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, fulltrúi Rannsóknastofnunar í siðfræði og fulltrúi Lögfræðingafélags Íslands auk fulltrúa frá fjármálaráðuneyti sem jafnframt sé formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram og rædd á 117. löggjafarþingi en var ekki formlega afgreidd. Hins vegar gaf forsætisráðherra fyrirheit um stofnun nefndar til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Fyrirheitið var gefið við 3. umr. á Alþingi um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt 20. desember 1993 en þá samþykkti meiri hluti Alþingis að framlög fyrirtækja til stjórnmálaflokka væru frádráttarbær frá skatti. Kvennalistinn greiddi atkvæði gegn þeirri tillögu, einn þingflokka, og taldi eðlilegt að fyrst yrðu mótaðar reglur um starfsemi stjórnmálaflokka og þar með fjárhagslegan stuðning við þá. Í febrúar á þessu ári óskaði forsætisráðuneytið eftir tilnefningum fulltrúa í fyrrgreinda nefnd og tilnefndi Kvennalistinn fulltrúa sinn í nefndina í mars. Nefndin hefur ekki enn verið kölluð saman, 5. október.

Þegar þessi tillaga var lögð fram á 117. löggjafarþingi fylgdi henni eftirfarandi greinargerð, lítillega breytt:

Nokkur umræða hefur öðru hverju verið hér á landi um það hvort setja eigi lög um stjórnmálaflokka en langt er síðan um það hefur verið flutt þingmál. Eftir því sem næst verður komist var það síðast gert af Benedikt Gröndal sem lagði fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka veturinn 1975–76. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það sé fyrst og fremst ætlað til þess að vekja umræðu. Sú umræða leiddi ekki til þess að frumvarpið yrði samþykkt. Síðar á sama þingi var samþykkt tillaga um skipun milliþinganefndar til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Nefndin samdi frumvarp en það var aldrei lagt fram á Alþingi. Nánar verður gerð grein fyrir því í framsögu málsins.

Síðustu missirin hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr við. Stjórnmálaflokkarnir eru þar ekki undanskildir og hefur gagnrýnin ekki síst beinst að því að um þá gilda ekki nein skýr lög eða reglur, hvorki varðandi fjárreiður né annað, og má m.a. minnast á áskorun átta háskólakennara frá 15. september 1993 sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni. Þar sem stjórnmálaflokkar og samtök eru tæki almennings til að hafa áhrif á stjórnkerfið er nauðsynlegt að eyða allri tortryggni um óeðlileg fjárhagsleg hagsmunatengsl flokkanna við fjársterk fyrirtæki eða hagsmunasamtök.

Í lögum nr. 62/1978 er kveðið á um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka. Lög nr. 56/1971 kveða á um sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Ekkert er hins vegar að finna í lögum um fjárframlög íslenskra aðila til stjórnmálaflokka. Þar sem það er eðlileg krafa að bókhald og fjárreiður stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra séu öllum landsmönnum opin og aðgengileg er hér lagt til að Alþingi beiti sér fyrir því að lög og reglur kveði skýrt á um það.

Um fylgiskjal með tillögunni vísast til þskj. 163, 147. mál 117. löggjafarþings, bls. 1109 í A-deild Alþt. 1993–94.

47. Frumvarp til laga [47. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo:

1. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til viðurkenndra lífeyrissjóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt í þriðja sinn af þingkonum Kvennalistans.

Árið 1987 var tekin upp staðgreiðsla skatta. Frá þeirri lagabreytingu hafa landsmenn búið við tvísköttun á lífeyrissjóðsgjöld. Framlag launþega í lífeyrissjóði er skattlagt þegar hann myndar réttindi sín með inngreiðslum og lífeyrisgreiðslur til hans eru einnig skattlagðar þegar launastarfi lýkur.

Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér mikið óréttlæti. Álagning tekjuskatts, bæði við myndun sjóðsins og úttekt úr honum, er óeðlileg. Fólk leggur fyrir í lífeyrissjóði til þess að búa í haginn fyrir elliárin. Einstaklingur getur hins vegar lagt fyrir sparifé eða keypt ríkisskuldabréf og myndað þannig eigin lífeyrissjóð eins og segir í auglýsingu frá ríkissjóði. Tekjuskattur er greiddur við myndun eigin sparnaðar en ekki þegar peningarnir eru

teknir út. Að þessu leyti er ólík skattaleg meðferð á frjálsum sparnaði og skyldusparnaði í lífeyrissjóði. Í þessu frumvarpi er lagt til að tekjuskattur verði aðeins greiddur einu sinni af sömu tekjunum.

Ástæður þess að fremur er valið að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins en úttekt úr honum eru nokkrar:

a. Ekki munu allir þeir sem greiða í lífeyrissjóð fá greiðslur úr honum. Hluti þeirra sem greiða í lífeyrissjóði lifa það ekki að njóta lífeyrisgreiðslna, jafnvel ekki heldur erfingjar þeirra. Enn aðrir fá aðeins lítinn hluta.

b. Verða lífeyrissjóðirnir til eftir nokkra áratugi? Nokkur ótti er meðal fólks um það að eftir nokkra áratugi muni einhverjir lífeyrissjóðanna ekki hafa bolmagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Allir vona að svo verði ekki, en fari svo munu aðeins þeir sem fá greiðslur úr sjóðunum greiða skatt af þeim. Hinir, sem mynduðu sjóðinn en fengu lítið eða ekkert, þyrftu a.m.k. ekki að greiða skatt af framlaginu ef þetta frumvarp verður samþykkt.

c. Betri nýting persónuafsláttar á efri árum vegna nokkru lægri tekna. Þorri fólks hefur lægri tekjur á eftirlaunum en það hafði í fullu starfi eða það mundi hafa í sams konar starfi nú. Það eru því meiri líkur til þess að nýting persónuafsláttar á lífeyrisgreiðslur verði betri hjá eftirlaunaþeganum en þegar launþegi er að afla tekna til að skapa framlag sitt í sjóðinn.

d. Hvetja þarf fólk til að mynda lífeyrissjóði. Langtímasparnaður og fyrirhyggja varðandi afkomu fólks eftir starfslok eru nauðsynleg ef hægt á að vera að lifa mannsæmandi lífi. Hvetja þarf til fyrirhyggju með skattfrelsi við myndun slíkra varasjóða. Það er full ástæða til að hvetja til að jafnvel enn stærri hluti verði lagður fyrir en nú er gert. Skattfrelsi er hluti af slíkri hvatningu. Það er ljóst að ríkissjóður mun ekki geta staðið undir mannsæmandi eftirlaunagreiðslum til fólks ef lífeyrissjóðirnir bregðast.

e. Skattfrelsi á lífeyrisgreiðslur við útborgun getur falið í sér mismunun. Einstaklingar fá greiðslur úr mismunandi sterkum lífeyrissjóðum og framlag vinnuveitenda er mishátt. Ef lög væru þannig að allar lífeyrissjóðsgreiðslur til eftirlaunaþega væru skattfrjálsar hefði það í för með sér mikla mismunun því að endurgreiðslur eru mjög mismunandi. Allar tilraunir til að hafa skattfrelsið innan skynsamlegra marka kalla á mjög flóknar reglur. Einfaldasta leiðin og sú réttlátasta er því að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins.

Mikil umræða hefur verið um þessi mál í þjóðfélaginu. Á 113. löggjafarþingi var samþykkt ályktun að frumkvæði Guðmundar H. Garðarssonar, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Nýlega var lögð fram tillaga til þingsályktunar um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum. Flutningsmenn eru þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að sú leið, sem hér er lögð til, sé einföld og sú réttlátasta sem kostur er á.

48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um staðsetningu björgunarþyrlu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Pétur Bjarnason,
Valgerður Sverrisdóttir, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram úttekt á hvaða staðsetning björgunarþyrlu þjónar best skipulagi björgunarmála hérlendis. Úttektin fari fram í samvinnu dómsmálaráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar, Almannavarna, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Niðurstöður liggi fyrir 1. mars 1995.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 116. og 117. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Nú hefur loks verið gengið frá samningum um kaup á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna sem mun breyta mjög aðstöðu til björgunarstarfa. Þyrlukostur Landhelgisgæslunnar er að öllu jöfnu staðsettur í Reykjavík. Þá hefur varnarliðið á Keflavíkurflugvelli yfir fjórum þyrlum að ráða. Ætlunin mun vera að auka enn frekar samstarf við björgunarsveit varnarliðsins um björgunarmál. Í ljósi þessa er tímabært að endurskoða staðsetningu björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar með það fyrir augum að viðbragðstími til fjarlægra landshluta verði styttri. Benda má á að fyrir Norðausturlandi, Austurlandi og Suðausturlandi er mikill floti fiskiskipa á veiðum á ýmsum árstímum, auk flutningaskipa á leið til og frá Evrópu. Það tekur þyrlu drjúgan tíma að komast til þessara svæða þegar á þarf að halda. Ætla má að þyrla Landhelgisgæslunnar sé eina og hálfa til þrjár klukkustundir á leiðinni austur fyrir land ef flogið er með ströndinni. Flugtími þyrlunnar er einnig áætlaður um þrjár klukkustundir til Grímseyjar miðað við að flogið sé út fyrir Vestfirði. Má því færa sterk rök fyrir því að önnur staðsetning björgunarþyrlu mundi henta betur með tilliti til þessara landshluta og veiðisvæða fyrir norðan land og austan. Það er því rétt að menn hugi nú að hentugri staðsetningu björgunarþyrlu þegar til stendur að kaupa fullkomna þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Sú staðsetning hlýtur að miðast við að þyrlan þjóni sem best öryggi allra landsmanna. Við staðsetningu þyrlukostsins þarf einnig að taka tillit til sívaxandi hlutverks þessara tækja í björgun þegar slysfarir verða á landi og flytja þarf slasað fólk m.a. frá hálendinu til byggða og undir læknishendur.

Rétt þykir að Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg eigi hlut að þessari úttekt vegna þess hve stóran hlut björgunarsveitir eiga að björgun á sjó og landi og vegna þess hve brýnt er að skipulag samvinnu þeirra við Landhelgisgæsluna sé sem best.

49. Frumvarp til laga [49. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Finnur Ingólfsson.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo: Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá óráðstafaður persónuafsláttur annars makans bætast við persónuafslátt hins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1996 á tekjur ársins 1995.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úr gildi falli sú takmörkun, sem nú er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, að einungis 80% af persónuafslætti geti færst milli hjóna. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur óráðstafaður persónuafsláttur annars hjóna flytjist til hins.

Í einu af þeim fylgifrumvörpum, sem lögð voru fram með frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1986, var gert ráð fyrir þeirri breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að sá hluti persónuafsláttar annars hjóna, sem ekki nýttist því, yrði ekki millifæranlegur til hins aðilans að fullu heldur aðeins að þremur fjórðu hlutum. Þetta hlutfall var fært upp í 80% áður en lögin voru samþykkt og hefur haldist óbreytt síðan.

Lengi vel naut fólk í hjónabandi eða sambúð rýmri reglu í skattlagningu af hálfu ríkisins fram yfir einstaklinga. Á síðustu árum hefur þróunin verið þveröfug. Fólk, sem slítur samvistum, býr við rýmri reglur í fyrirgreiðslu og nýtur forgangs af hálfu bæjar- og sveitarfélaga hvað t.d. leikskóla o.fl. varðar. Nú er svo komið að ýmsir telja að hjónabandinu sem formi sé ógnað og hafa prestar sagt frá því að þeir hafi neyðst til að ráðleggja skilnað í fjárhagslegri neyð.

Hjón eða fólk í sambúð eiga eignir sínar saman og þær eru skattlagðar sem slíkar. Flutningsmenn telja sjálfsögð mannréttindi að vilji annað hjóna t.d. sinna uppeldi barna eða vera heima sé það frjálst án þess að sú ákvörðun leiði til þess að persónuafsláttur sé stórlega skertur. Flutningsmenn telja því að hjón eða fólk í sambúð eigi að fá að ráðstafa persónuafslætti sínum að fullu. Það er sanngirnismál. Flutningsmenn gera sér grein fyrir að hér er um talsvert tekjutap að ræða fyrir ríkið verði þetta frumvarp að lögum. Þann vanda verður að leysa með öðrum hætti, svo sem að viðhalda hátekjuskatti og taka upp samræmdan eignarskatt.

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sá sem gengst undir starfsþjálfun, stundar endurmenntun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun, endurmenntun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa, námslána eða námsstyrkja.
b. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans á hverju missiri samkvæmt framansögðu.
c. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Við 2. málsl. 5. mgr. 22. gr. laganna bætist: enda stundi hann ekki aðra endurmenntun, sbr. 18. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 117. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu.

Fyrirkomulag atvinnuleysisbóta hefur verið mjög til umfjöllunar í kjölfar vaxandi atvinnuleysis. Með breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar á sl. ári var stigið skref í átt til þess að auka svigrúm atvinnulausra til að afla sér frekari menntunar og starfsþjálfunar á meðan atvinnuleysi varir. Sá böggull fylgir þó skammrifi að aðeins er heimilt að sækja námskeið, starfsþjálfun og aðra endurmenntun í átta vikur á hverju ári. Er það varla í takt við þann veruleika sem atvinnulausir búa nú við. Það hlýtur að vera öllum til hagsbóta, jafnt atvinnulausum sem samfélaginu í heild, ef atvinnuleysistíminn er nýttur til endurmenntunar, námskeiða eða starfsþjálfunar. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að takmarka þessa heimild við átta vikna námskeið ef önnur skilyrði fyrir töku atvinnuleysisbóta eru uppfyllt.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, sem lá fyrir 117. löggjafarþingi, kemur m.a. fram að atvinnuleysi er útbreiddast hjá þeim hópum sem minnsta menntun hafa og hjá yngra fólki fremur en hinu eldra. Því er eðlilegt að opna þeim möguleika á námi og starfsþjálfun eftir því sem kostur er. Einnig kemur fram í sömu skýrslu að um það bil 70% atvinnulausra hafa áhuga á starfsnámi og 4% þeirra eru

í starfsnámi. Áhuginn er mestur í yngstu aldurshópunum og höfðu um 80% þeirra sem eru yngri en 40 ára áhuga á starfsnámi en aðeins um 30% hinna eldri. Af þessu má ráða að slíkt nám sé líklegt til að nýtast þeim atvinnulausa um langan tíma eftir að hann hefur lokið námi og fengið vinnu.

Um greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins vísast til þskj. 890, 575. mál 117. löggjafarþings, bls. 4243–4244 í A-deild Alþt. 1993–94.

51. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um aðgang almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að þingskjöl og umræður á Alþingi verði opin almenningi í tölvutæku formi. Sömuleiðis tölvutexti laga og lagasafns, reglugerða, EES-samnings, alþjóðasamninga og skjala sem varða almenning. Aðgangur að þessum upplýsingum verði ekki gjaldfærður.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 117. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu.

Um greinargerð tillögunnar vísast til þskj. 895, 576. mál 117. löggjafarþings, bls. 4252–4253 í A-deild Alþt. 1993–94. Greinargerðirnar eru samhljóða nema niðurlagið þar sem koma orðin: á vordögum 1995, í stað „fyrir árslok 1994“.

52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um málefni Héraðsskólans að Núpi.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíð Núpsskóla í Dýrafirði. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar menntamálaráðuneytis og heimamanna. Nefndin skili tillögum fyrir 1. mars 1995.

Greinargerð.

Rekstur héraðsskóla hefur verið á undanhaldi hin síðari ár. Sú staðreynd að flestir grunnskólar reyna nú að bjóða fram kennslu í efstu bekkjum grunnskólans í heimabyggð hefur valdið því að sífellt fækkar þeim nemendum sem sækja það nám í héraðsskólum. Vegna nemendafæðar var hætt við að reka Héraðsskólann að Núpi haustið 1992. Ekki hefur verið gerð tilraun til þess að taka þann rekstur upp að nýju. Staðurinn hefur skipað veglegan sess í skólastarfi í landinu og þar er mikill og góður húsakostur í eigu ríkisins sem stendur ónotaður. Það ætti að vera hagur ríkissjóðs að nýta hann sem best. Því er mikil nauðsyn á að Alþingi láti málið til sín taka og finni skólanum verkefni að nýju. Þar kemur ýmislegt til greina, svo sem skólastarf í nýjum búningi, skólabúðir í einhverju formi, námskeiðahald ýmiss konar eða að leigja aðstöðuna til ferðaþjónustu eða fyrirtækjarekstrar. Á sl. sumri var húsnæði skólans leigt til hótelrekstrar og virðist hafa gefist vel. Það skiptir miklu að nýta þessar eignir og halda þeim við. Það er allra hagur og getur einnig skapað ný atvinnutækifæri. Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

53. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um nýtingu og markaðssetningu rekaviðar.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Sigurður Hlöðvesson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót starfshóp á vegum landbúnaðarráðuneytis til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu. Starfshópurinn sé skipaður jafnt konum sem körlum. Þar eigi sæti m.a. fulltrúar frá bændasamtökunum og búnaðarráðunautar, sérfræðingar í markaðsmálum og aðilar frá samtökum iðnaðarins. Starfshópurinn skili niðurstöðum og tillögum fyrir 1. mars 1995.

Greinargerð.

Mikil þörf er á því að leita allra leiða til nýrrar atvinnusköpunar ekki síst í sveitum landsins. Víða um land er nokkur viðarreki og er nýting hans í lágmarki nema á örfáum stöðum. Fyrr á árum var mikil nýting viðarreka á sumum jörðum bæði á Ströndum og á Skaga við að framleiða girðingarstaura til sölu, auk þess sem viðurinn nýttist bændum til allra hluta sem timburs þurfti við. Með þeim samdrætti sem orðið hefur í hefðbundnum greinum landbúnaðar, svo sem mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, og minnkandi ræktun graslendis í framhaldi af því hefur sala girðingarstaura dregist mikið saman. Vegagerðin er þó ein af fáum stofnunum sem enn kaupir talsvert magn af girðingarstaurum. Á síðari árum hafa einstakir bændur hafið að nýta rekaviðinn til húsasmíða í meira mæli en áður. Rannsóknir sýna að rekaviður er vel til þess fallinn að nota í utanhússklæðningar þar sem hann er af náttúrunnar hendi fúavarinn með seltu sjávar.

Nokkrir bændur eru að leita nýrra leiða til að nýta þessa auðlind sem rekaviðurinn er en hafa naumast bolmagn við núverandi aðstæður til að fjármagna stofnkostnað og/eða markaðssetja afurðirnar.

Ótal möguleikar eru fyrir hendi í nýtingu rekaviðar. Fyrir utan framleiðslu á timbri til húsasmíða og í girðingarstaura má nefna að rætur trjánna eru oft hin sérstæðustu listaverk og eftirsótt til skreytinga í görðum. Ýmsar smáspýtur sem finna má á rekaströndum eru tilvaldar sem undirstaða í veggmyndir af ýmum gerðum, bæði einar sér eða með öðru efni, auk þess sem allt úrgangstimbur er orkugjafi til upphitunar húsa.

Viðarreki er vannýtt auðlind að miklu leyti og þar eru möguleikar fyrir þá bændur sem aðgang hafa að henni að auka tekjur sínar með nýrri framleiðslu. Brynjólfur Sæmundsson, búnaðarráðunautur á Hólmavík, hefur skrifað ítarlega grein um viðarreka á Ströndum og nýtingu hans. Greinin birtist árið 1993 í „Flóanum“ sem er héraðsfréttablað á Húnaflóasvæðinu. Þar er að finna gagnmerkar upplýsingar um viðarreka á Ströndum frá fyrri tíð og til þessa dags og nýtingu hans. Hluti greinarinnar er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Tillaga þessi var áður flutt á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Um fylgiskjal vísast til héraðsfréttablaðsins „Flóans“ 1993 og þingskjalsins (lausaskjalsins).

54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um greiðsluaðlögun húsnæðislána.

Flm.: Svavar Gestsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa tafarlaust til ráðstafana til að létta greiðslubyrði þeirra húsbyggjenda sem lent hafa í verulegum erfiðleikum með afborganir af fasteignaveðlánum húsbréfadeildar stafi greiðsluerfiðleikarnir af verulegri lækkun tekna vegna minnkandi atvinnu, veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Í því sambandi leggur Alþingi áherslu á eftirfarandi:

a. að ríkisstjórnin hefji strax viðræður við lífeyrissjóðina um endurfjármögnun fasteignaveðlána og lægri vexti þannig að unnt verði að létta greiðslubyrði fólks verulega frá því sem nú er;
b. að fjölgað verði í starfsliði Húsnæðisstofnunar svo að unnt verði að afgreiða fyrirliggjandi umsóknir um skuldbreytingar vegna greiðsluerfiðleika;
c. að undirbúin verði lagafrumvörp þar sem meðal annars verði kveðið á um þak á greiðslubyrði miðað við laun, greiðsluaðlögun og annað sem nauðsynlegt verður talið til að framkvæma vilja Alþingis samkvæmt þessari þingsályktun.

Alþingi felur fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra að undirbúa þau lagafrumvörp sem nauðsynleg eru þannig að Húsnæðisstofnun geti frá áramótum hafið skuldbreytingar samkvæmt breyttum lagaforsendum.

Greinargerð.

Fyrir tveimur árum fluttu flutningsmenn þessarar tillögu frumvarp til laga um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika. Þetta frumvarp gerði ráð fyrir því að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna fengju heimild til að fresta greiðslum af lánum sem þessir aðilar hafa veitt. Gert var ráð fyrir að þær greiðslur, sem frestað yrði, yrðu færðar á sérstakan jöfnunarreikning sem teldist til höfuðstóls lánsins. Með þessum hætti töldu flutningsmenn eðlilegast að leysa þann vanda sem blasir nú við fólki vegna minnkandi tekna á undanförnum árum. Skemmst er frá því að segja að ríkisstjórnin fékkst ekki til að hlusta á þær ráðleggingar sem komu fram í frumvarpinu sem birtist sem fylgiskjal með þessu þingmáli. Þess vegna er nú flutt þingsályktunartillaga sem setur málið á dagskrá Alþingis og felur ríkisstjórninni með þeim aðferðum sem hún kýs að taka á þessum hrikalegu vandamálum sem nú blasa við þúsundum heimila sem skulda sjóðum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Hér er því flutt tillaga um að Alþingi feli fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að breytingum á löggjöf svo að unnt verði að lengja fasteignaveðlán þegar fólk er að lenda í eða hefur lent í verulegum vanskilum með húsnæðislán. Telja flutningsmenn að verulega skorti á lagaheimildir til þess að unnt sé á hverjum tíma að laga greiðslubyrði af húsnæðislánum að greiðslugetu launafólks. Hér er því lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa þegar í stað frumvarp til laga um greiðsluaðlögun.

Í annan stað er lagt til að fleira fólk verði ráðið til Húsnæðisstofnunar þannig að biðlistar eftir þjónustu við þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum styttist og hverfi. Í þriðja lagi er lagt til að samin verði lagafrumvörp um þessi mál þannig að greiðslubyrði af húsnæðislánum taki framvegis mið af launum viðkomandi. Þess vegna geti lánstími orðið mismunandi eftir tekjum; þeim mun meiri tekjur, þeim mun styttri lánstími og öfugt. Tilgangurinn með tillögunni er að koma þessu máli tafarlaust á dagskrá Alþingis því að þúsundir einstaklinga búa nú við algjörlega óviðunandi ástand í húsnæðismálum þar sem greiðslugeta hrekkur ekki fyrir afborgunum af lánum.

Tölur um nauðungarsölu, þar sem Húsnæðisstofnun hefur hagsmuna að gæta, segja sína sögu: Árið 1991 þurfti Húsnæðisstofnun 293 sinnum að gæta hagsmuna sinna við nauðungarsölur, 1992 330 sinnum, 1993 464 sinnum og í ár eru horfur á að Húsnæðisstofnun eigi hagsmuna að gæta við nauðungarsölu í 370 skipti, en til loka ágústmánaðar var talan komin í 250. Þetta segir hins vegar ekki allt; á árinu 1994 er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun þurfi að leysa til sín 110 íbúðir á nauðungarsölum og er það hæsta talan á fimm ára tímabili. Árið 1991 var sambærileg tala 31 íbúð. Þannig er fjöldi þeirra íbúða, sem Húsnæðisstofnun leysir til sín á nauðungarsölum, fjórum sinnum hærri í ár en hann var árið 1991! Í lok ágústmánaðar sl. átti stofnunin 139 íbúðir og höfðu þá bæst við 46 íbúðir á þessu ári. Til samanburðar má geta þess að í lok ársins 1991 átti Húsnæðistofnun 48 íbúðir.

	Fjöldi nauðungar-sölubeiðna	Fjöldi greiðslu-áskorana
1992	2.511	13.460
1993	8.074	24.267
1994, ágúst	6.923	18.574
1994, spá	10.000	27.000

Uppboðsíbúðir Húsnæðisstofnunar skiptast þannig eftir kjördæmum í lok ágúst sl.

Reykjavík	26
Vesturland	6
Vestfirðir	13
Norðurland vestra	8
Norðurland eystra	13
Austurland	15
Suðurland	27
Reykjanes	30
Alls	**138**

Langflestir þeirra 1000 talsins, sem sækja um greiðsluerfiðleikalán, eru á aldrinum 30–50 ára. Samtals hefur verið farið yfir um 700 beiðnir vegna greiðsluerfiðleika á þessu ári, 1994. Ástæður vandans eru fyrst og fremst atvinnuleysi, 34%, og skertar tekjur, 32%. Helmingur umsækjenda er í Reykjavík en tæp 30% á Reykjanesi, þannig að það eru aðallega þessi tvö kjördæmi sem hér koma við sögu með um 80% þeirra umsókna sem Húsnæðisstofnun hefur fjallað um á þessu ári.

Í Morgunblaðinu 18. september sl. gat að líta frétt undir yfirskriftinni „Fimmta hvert húsbréf í vanskilum“. Þar er bent á að starfsmenn Húsnæðisstofnunar hafa ráðlagt um 30–40% þeirra sem sótt hafa um greiðsluerfiðleikalán að selja íbúðirnar. Þá er vandinn sá að ekkert hefur gengið að selja. Og skuldirnar hlaðast upp. Að lokum kemur að nauðungarsölu. Það er því nánast svo að í dag bíður fólk eftir nauðungarsölu til þess að finna lausn sinna mála. Svo harður er sá heimur sem þessu fólki er boðinn um þessar mundir. Í sama blaði, 29. september sl., er að finna grein þar sem sérstaklega er farið yfir vanskilin í húsbréfakerfinu. Þar kemur fram að um 5.000 af 17.000 lántakendum í húsbréfakerfinu eru með lán sín í vanskilum og um 20% þeirra hafa verið send lögfræðingum til innheimtu. Í ágústmánuði sl. námu vanskil, sem staðið höfðu í 30 daga eða lengur, 1,1 milljarði kr. Í þessari grein Morgunblaðsins segir m.a. frá fjölskyldu sem hóf að byggja sér 130 fermetra hús árið 1988. Þá hafði fjölskyldan ágætar tekjur og á sl. ári voru meðaltekjur hjóna samtals um 240 þús. kr. á mánuði. Nú hafa tekjurnar lækkað í 170 þús. kr. á mánuði. Þar með verður greiðslubyrði lána um 64% af heildartekjum. Dæmið gengur því ekki upp. Að vísu er unnt með skuldbreytingum að koma greiðslubyrðinni niður í 30% af heildartekjum, en Húsnæðisstofnun metur það svo að þessi ár verði fjölskyldunni afar erfið. Kannski sé best að selja. Allar áætlanir þessarar fjölskyldu voru réttar. Hún fór eftir reglum í einu og öllu. Hún hafði allt í skilum þar til yfir lauk og leitað var á náðir Húsnæðisstofnunarinnar. En þegar hún fór í greiðslumat í upphafi var ekki unnt að sjá fyrir þær hrikalegu kjarabreytingar sem orðið hafa síðan:

1. Vaxtabætur hafa verið lækkaðar.
2. Afföllin voru ekki reiknuð með inn í dæmið og afföllin teljast ekki vextir og skila því ekki vaxtabótum.
3. Atvinna hefur dregist saman.
4. Skattar hafa hækkað, sérstaklega hjá því fólki sem hér um ræðir.

Af þessum ástæðum og öðrum er óhjákvæmilegt að gripið verði tafarlaust til ráðstafana til að létta greiðslubyrði þess fólks sem hér um ræðir. Því er þessi tillaga flutt.

Saga húsbyggjenda.

Hér fer á eftir saga ungra hjóna sem hófu byggingu íbúðarhúsnæðis 1988. 29. september það ár keyptu þau lóðina og guldu fyrir hana 950 þús. kr. Skömmu áður höfðu þau sótt um lán í húsnæðiskerfinu eins og það var þá, svokölluðu „86-kerfi“, þar sem um var að ræða bein lán til verulegs hluta kostnaðar á miklu lægri vöxtum en greiddir eru af húsbréfum í dag. Hefðu þau sótt um 20 dögum fyrr hefðu þau örugglega verið inni í gamla kerfinu, en þessir 20 dagar áttu eftir að reynast örlagaríkir sem þó var ómögulegt að sjá fyrir á þessari stundu, í september 1988. 17. mars 1989 fengu þau tilkynningu um að þau væru með gilda umsókn og að svar um afgreiðslutíma láns mundi svo berast einum mánuði áður en fyrsti hluti lánsins kæmi til afgreiðslu. Hjónin byrjuðu þó ekki að byggja fyrr en 17. apríl 1990 og var fokheldisvottorð gefið út 12. nóvember 1990. Þau ætluðu reyndar að byrja á árinu 1989 og fengu einlægt afar jákvæð svör frá Húsnæðisstofnuninni en ekkert annað. Þess vegna sendu þau beiðni til Húsnæðisstofnunar um greiðslumat vegna húsbréfa og svarið við þeirri beiðni kom svo að segja samtímis: Já! En auðvitað vildu þau fyrst og fremst vera inni í 86-kerfinu. Þaðan urðu svörin sífellt tregari. Þau neyddust til að hefja framkvæmdir vegna þess að þau voru að missa leiguhúsnæðið sem þau höfðu haft um nokkurra ára skeið.

Þegar þau fengu ekki peninga frá opinbera kerfinu fengu þau fé úr lífeyrissjóðum, 1,7 millj. kr., og víxla fyrir efni hjá Húsasmiðjunni og BYKO. Svo urðu þau að taka íbúð á leigu í 10 mánuði fyrir 450 þús. kr. auk flutningskostnaðar.

Að lokum gáfust þau upp og tóku húsbréf á húsbréf ofan. Þau misstu 637.760 kr. í afföll af húsbréfunum. Samtals töpuðu þau í húsaleigu, afföll, kostnað og vexti um 1,5 millj. kr. Það munar um minna. Og hvernig stendur dæmið í dag? Húsið er vel að merkja ekki nærri fullbyggt enn.

Þau eru að borga af húsbréfum sem nema 7,3 millj. kr. nú. Afborgunin af þeim er alls um 50 þús. kr. á mánuði. Þau eru með tvö lífeyrissjóðslán að upphæð 1,9 millj. kr. Afborganir af þeim nema um 24 þús. kr. Afborganir nema samtals um 74 þús. kr. af skuldum upp á 9,2 millj. kr. Á árinu verða þau að borga tæplega 900 þús. kr. Til gamans má skjóta því hér inn í söguna að ef þau væru með húsbréf með 5% vöxtum þyrftu þau að borga um 51 þús. kr. minna á ári af húsbréfunum sínum. Það munar um það.

Á töflum, sem þau hafa látið flutningsmönnum í té, kemur fram að útborguð laun hafa lækkað um 20% frá því að þau gerðu sitt greiðslumat. Skattar hafa auk þess hækkað með því að skattleysismörkin hafa færst niður þannig að þau borga nú um 7.500 kr. meira á mánuði en ella. Barnabæturnar þeirra hafa lækkað, en þau eiga þrjú börn, og vaxtabæturnar hafa lækkað. Þegar upp er staðið og þau hafa borgað 74 þús. kr. á mánuði eiga þau

eftir 68 þús. kr. til að lifa af á mánuði. Og þá er farið til Húsnæðisstofnunar og spurt: Hvað eigum við að gera? Og svarið er: Við getum ekkert gert fyrir ykkur fyrr en þið eruð orðin gjaldþrota. Svona svör ganga ekki og þess vegna er þessi tillaga flutt, svo að Húsnæðisstofnun geti lengt lánin verulega með endurfjármögnun þeirra.

Á fylgiskjali með tillögunni var birt frumvarp til laga um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, 153. mál 116. löggjafarþings, ásamt greinargerð. Um fylgiskjalið vísast til þskj. 175, bls. 1727–1730 í A-deild Alþt. 1992–93.

55. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Petrína Baldursdóttir.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, á áberandi stað með viðvörun, sem skal vera á íslensku og læsileg, þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi tóbaks væru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti athygli víða um lönd og enda þótt erfitt sé að mæla bein áhrif slíkra viðvarana eru flutningsmenn sannfærðir um að slík varnaðarorð hafa bæði bein og óbein áhrif.

Fósturskaðar af völdum áfengis voru mikið til umræðu fyrir um áratug og hafa síðan stöðugt verið í umfjöllun en eins og kunnugt er hafa með rannsóknum fengist óyggjandi sannanir fyrir skaðsemi þess fyrir fóstur. Erlendar tíðnitölur sýna að eitt af hverjum 750–1.000 fæddum börnum séu alvarlega skemmd af þessum sökum. Tíðnitölur eru ekki þekktar hérlendis en vitað er um nokkur börn sem eru sköðuð.

Í Bandaríkjunum var fyrir fimm árum lögleitt að viðvaranir um skaðsemi áfengis skuli vera á öllum áfengisumbúðum og er þar ekkert undanskilið, hvorki létt vín né áfengur bjór. Viðvörunin á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum er svohljóðandi:

„Opinber viðvörun:

1. Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis sökum hættu á fósturskaða.

2. Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni.“

Íslenskt áfengi, sem selt er í Bandaríkjunum, er með viðvörunum eins og að ofan greinir. Annars væri sala á því ekki leyfð. Ekki verður séð að neinir tæknilegir örðugleikar séu samfara því að merkja áfengi sem selt er hér á landi með viðlíka hætti og nú er lögboðið í Bandaríkjunum. Merkingu áfengisumbúða kann að fylgja nokkur kostnaður, en sé ráð fyrir þessu gert strax við prentun merkimiða hlýtur sá kostnaður að vera hverfandi lítill.

Flutningsmenn vilja að lokum geta þess að þó að frumvarp þetta hafa eigi orðið útrætt síðasta vetur hafði framlagning þess samt þau áhrif að ein íslensk ölgerð, Viking Brugg hf., tók að merkja dósir sínar á svohljóðandi hátt: „Viking brugg vill benda á að áfengisneysla barnshafandi kvenna getur valdið fósturskaða og að neysla áfengis og stjórnun ökutækja eða annarra tækja fara ekki saman.“ Forsvarsmenn þess fyrirtækis segja að aukakostnaður af þessum sökum hafi verið hverfandi lítill. Frumvarp þetta er sett fram í þeim tilgangi að vernda borgarana og þótt einhver aukakostnaður hljótist af þá er hann léttvægur á móti því ef eitthvað tekst að sporna við þeirri miklu slysahættu eða hættunni á fósturskaða sem neysla áfengra drykkja getur haft í för með sér.

56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Jón Helgason, Guðmundur Bjarnason, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Ingibjörg Pálmadóttir.

Alþingi ályktar að fela viðskipta- og iðnaðarráðherra að láta fara fram úttekt á því í hve miklum mæli innkaup ríkis og sveitarfélaga eru á erlendum vörum eða efnum með útboðum eða öðrum hætti, enda þótt sambærileg innlend efni eða vörur séu fáanlegar og framleiddar hér á landi, og hvernig útboðslýsingum opinberra aðila er háttað hvað varðar íslenska framleiðslu og erlenda. Einnig verði kannað hvaða vörur eru fluttar inn til landsins en jafnframt framleiddar innan lands eða hægt væri að framleiða hér á landi á sambærilegu verði.

Þegar niðurstöður liggja fyrir, og gefi þær tilefni til, grípi stjórnvöld til aðgerða til að tryggja samkeppnisstöðu innlendu framleiðslunnar, þó þannig að ekki brjóti í bága við þá alþjóðlegu viðskiptasamninga sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. Jafnframt verði hlutast til um að kynna hugsanlega framleiðslukosti innan lands á vörum sem nú eru fluttar inn en gætu verið samkeppnishæfar við innfluttar í verði og gæðum.

Um greinargerð tillögunnar og fylgiskjal vísast til þskj. 819, 526. mál 117. löggjafarþings, bls. 3749–3751 í A-deild Alþt. 1993–94.

57. Fyrirspurn [57. mál]

til sjávarútvegsráðherra um færslur aflaheimilda á fiskveiðiárinu 1993–94.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hvaða skipum var úthlutað aflaheimildum á fiskveiðiárinu 1993–94 af hverri bolfisktegund?
2. Hver þeirra færðu á fiskveiðiárinu aflaheimildir til sín og frá sér?
3. Hve mikið var fært og hve hátt hlutfall var það samanborið við úthlutaðar aflaheimildir til hvers þeirra?

Skriflegt svar óskast.

58. Fyrirspurn [58. mál]

til samgönguráðherra um skiptingu á vegafé milli kjördæma.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver hefur verið hlutur Reykjaneskjördæmis við skiptingu á vegafé á síðustu 10 árum og hvernig er það hlutfall í samanburði við önnur kjördæmi með hliðsjón af íbúafjölda, stærð kjördæmis og umferðarþunga?
2. Má búast við einhverjum breytingum í þessu efni með tilkomu nýrra vegalaga, nr. 45/1994, sérstaklega ákvæðis 2. mgr. 18. gr. um að hafa skuli hliðsjón af kostnaði við gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við geti átt við skiptingu fjárveitinga milli kjördæma?

Skriflegt svar óskast.

59. Fyrirspurn [59. mál]

til fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa skógarbænda á aðföngum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða afstöðu hafa fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra til stöðu skógarbænda á Fljótsdalshéraði hvað það varðar að bændum þar sé eigi heimilt að telja til innskatts kaup á aðföngum til ræktunar nytjaskóga?

2. Eru ráðherrarnir reiðubúnir að beita sér fyrir aðgerðum, jafnvel lagasetningu, til að breyta þessari stöðu mála þannig að nýsköpun sem þessi í atvinnulífi þurfi ekki að líða fyrir skattatæknileg atriði af þessum toga?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Árið 1991 voru sett sérstök lög um Héraðsskóga og er tilgangur þeirra sagður að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og efla þannig byggð og atvinnulíf þar. Nú hefur hins vegar komið í ljós að þeim rúmlega 50 bændum sem þátt hafa tekið í þessu verkefni hefur verið synjað um að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem þeir hafa keypt vegna verkefnisins. Samt er þeim eftir sem áður gert að greiða fullan virðisaukaskatt af sölu á girðingarstaurum, jólatrjám og annarri sölu.

Ef það skógræktarverkefni sem lögum um Héraðsskóga var ætlað að hrinda af stað á að ná markmiði sínu, þ.e. að efla byggð og atvinnulíf á Héraði, er nauðsynlegt að bændum verði gert kleift að standa í þessari nýsköpun í búrekstri á jafnréttisgrundvelli gagnvart öðrum búgreinum.

60. Fyrirspurn [60. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingar á embættum héraðslækna.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað felst efnislega í boðaðri stefnu í fjárlagafrumvarpi þess efnis „að gera verulega breytingu á starfsemi héraðslækna, m.a. með því að færa verkefni til heilsugæslustöðva og landlæknis“?
2. Er stefnt að því að leggja formlega niður embætti héraðslækna og ef svo er hvaða rök liggja þar að baki?
3. Hvaða lagabreytingar telur ráðherra nauðsynlegar til að koma á boðuðum breytingum?
4. Hvaða fjárveitingar renna til þeirra sem taka eiga að hluta eða að fullu á sig þau verkefni sem héraðslæknar hafa sinnt?
5. Hver eru talin heildarkostnaðaráhrif af þessum breytingum?

Skriflegt svar óskast.

61. Frumvarp til laga [61. mál]

um sjóvarnir.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde,
Guðjón Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni R. Árnason.

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn sjávarflóðum og að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á landi af völdum ágangs sjávar svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hafnamálastofnun fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um fyrir hönd samgönguráðherra.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar matsnefnd um sjóvarnir. Skal hún starfa á vegum Hafnamálastofnunar og vera ráðherra og Hafnamálastofnun til ráðuneytis. Matsnefnd sjóvarna fjallar um áætlanir um sjóvarnir og metur styrki til þeirra. Matsnefnd er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Samgönguráðherra skipar nefndina eftir tilnefningum. Einn er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af umhverfisráðherra og samgönguráðherra skipar einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður matsnefndar. Hafnamálastjóri situr fundi nefndarinnar og er henni til ráðuneytis.

3. gr.

Matsnefndin skal fjalla um hættu á sjávarflóðum og landbrot af völdum ágangs sjávar og um álitsgerðir um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við sjóvarnir og allur kostnaður sem fylgir aðgerðum. Í álitsgerð skal einnig lagt mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð.

Álitsgerð skal senda viðkomandi sveitarstjórn og landeigendum til umsagnar. Á grundvelli álitsgerða skal síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir og leggja fyrir Alþingi til samþykktar.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal sjá um tæknilegan undirbúning framkvæmda eða fela hann verkfræðilegum ráðgjöfum. Áður en til framkvæmda kemur skal liggja fyrir áætlun um varnir gegn ágangi sjávar sem felur í sér fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina. Hafnamálastofnun skal sjá um, eftir því sem við verður komið, að afla sér sérhæfðra starfsmanna á þessu sviði svo og standa fyrir þeim rannsóknum sem talið er þurfa.

5. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni að fenginni tillögu matsnefndar.

Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst ⅛ hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á. Hafnamálastofnun skal gera tillögur um skiptingu kostnaðar milli landeigenda og leggja fram til afgreiðslu viðkomandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar á milli landeigenda sker matsnefnd úr.

Áður en framkvæmdir hefjast við sjóvarnir skal liggja fyrir skipting kostnaðar milli landeigenda nema samkomulag verði um annað.

Tillögur matsnefndar um framlög ríkissjóðs til einstakra verka skal leggja fyrir fjárlaganefnd Alþingis til staðfestingar.

6. gr.

Þurfi með sjóvörnum að stöðva landbrot, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vitum eða vegum, í hættu, greiðir ríkissjóður allan kostnað þótt í landi einstaklinga eða félaga sé.

7. gr.

Áður en til framkvæmda kemur skal kynna framkvæmdaáform fyrir landeigendum og viðkomandi sveitarstjórnum og gefa tiltekinn frest til að veita umsögn eða gera athugasemdir.

8. gr.

Nú telur matsnefnd að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 10. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki samgönguráðuneytis til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs við afgreiðslu fjárlaga næsta árs.

9. gr.

Hafnamálastofnun sér um undirbúning, gerð áætlana, hönnun og umsjón framkvæmda við sjóvarnir í samræmi við fjárveitingar á fjárlögum hverju sinni. Um undirbúning allan og framkvæmdir skal fara að lögum um opinberar framkvæmdir.

Hafnamálastofnun sér um greiðslur á hlut ríkissjóðs í hverju verki fyrir hönnun, eftirlit og framkvæmdir að því marki sem fjárlög heimila. Viðkomandi sveitarfélag er ábyrgt fyrir framlagi sveitarsjóðs og landeigenda. Það sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði við hvert verk og greiðir Hafnamálastofnun. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa. Hafnamálastofnun hefur með höndum uppgjör við verktaka.

10. gr.

Áður en framkvæmdir við sjóvarnir eru samþykktar skal liggja fyrir staðfesting umhverfisráðuneytis á því að um skipulagt svæði sé að ræða og að mannvirki sem verja á hafi verið reist með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda eða að um sé að ræða landsvæði sem að mati skipulagsstjóra ríkisins, að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar ríkisins, þurfi að verja. Í aðalskipulagi skal lagt mat á þörf fyrir sjóvarnir.

11. gr.

Samgönguráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Skal ráðherra setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Um greinargerð og fylgiskjöl með frumvarpinu vísast til þskj. 689, 459. mál 117. löggjafarþings, bls. 3181–3188 í A-deild Alþt. 1993–94.

62. Frumvarp til laga [62. mál]

um ferðaþjónustu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála með það að markmiði:

— Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
— Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
— Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
— Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
— Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
— Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.
— Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.

II. KAFLI

Stjórn ferðamála.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðuneytið annast tengsl vegna ferðamála innan stjórnkerfisins og leitar eftir samstarfi við önnur ráðuneyti eftir því sem við á.

3. gr.

Halda skal ferðaþing árlega. Það er ráðgefandi samkoma um málefni ferðaþjónustunnar, gerir tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu og annað er lýtur að þróun ferðamála. Þingið kýs aðal- og varafulltrúa í Ferðamálaráð, sbr. 4. gr.

Ferðaþing sitja fulltrúar frá hagsmunasamtökum, fyrirtækjum, samtökum neytenda og samtökum launafólks í ferðaþjónustu. Einnig hafa seturétt fulltrúar opinberra aðila sem tengjast ferðaþjónustu, umhverfisvernd, menntunarmálum og rannsóknum á sviði ferðamála. Heimilt er öðrum að fylgjast með störfum þingsins sem áheyrnarfulltrúar.

Nánar skal kveðið á um ferðaþing í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Í henni skal m.a. kveðið á um rétt aðila til að tilnefna fulltrúa á þingið, réttindi þeirra á þinginu og um helstu verkefni þess.

4. gr.

Ferðamálaráð er tengiliður hins opinbera og ferðaþjónustu. Það vinnur að málefnum atvinnugreinarinnar undir yfirstjórn samgönguráðuneytis.

Ferðamálaráð er skipað níu mönnum og jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann ráðsins til tveggja ára og varamann hans sem jafnframt er varaformaður. Varaformaður situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti og tekur sæti formanns í forföllum hans.

Á ferðaþingi eru valdir átta fulltrúar í Ferðamálaráð til tveggja ára í senn, þar af fjórir samkvæmt tilnefningu, en fjórir kosnir óhlutbundinni kosningu. Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Náttúruverndarráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna einn mann hvert í ráðið, svo og varamenn þeirra. Tilkynna skal nöfn þessara fulltrúa til kjörnefndar á ferðaþingi.

Kjósa skal á ferðaþingi í óhlutbundinni kosningu fjóra fulltrúa í ráðið, tvo hvert ár, og skulu þeir vera í forsvari fyrir aðra en þá sem tilnefna í ráðið. Varamenn þeirra eru kosnir á sama hátt.

Samtök, sem tilnefna fulltrúa í Ferðamálaráð, standa straum af kostnaði við störf þeirra í ráðinu. Kostnaður vegna annarra fulltrúa greiðist af Ferðamálaráði.

5. gr.

Ferðamálaráð starfar að þróun ferðaþjónustu í samræmi við markaða ferðamálastefnu með aðstoð skrifstofu ferðamála og ferða- og upplýsingamiðstöðva í kjördæmum landsins, sbr. 7. og 9. gr.

Verkefni ráðsins eru einkum eftirtalin:

1. Að gera árlega tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár til helstu málaflokka og ákvarða síðan skiptingu þess til einstakra verkefna.
2. Að starfa að landkynningar- og markaðsmálum í þágu ferðaþjónustu í samvinnu við aðra.
3. Að vinna að umhverfis- og skipulagsmálum vegna ferðaþjónustu í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, sbr. 11. gr.
4. Að örva rannsóknir og þróunarstarf í þágu ferðamála.
5. Að vera ráðgefandi um námsframboð og þjálfun fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunasamtök og fræðsluyfirvöld.
6. Að kanna réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
7. Að miðla upplýsingum um hagtölur, samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustu.
8. Að annast tengsl við ferðamálasamtök, áhugafélög og björgunarsveitir.
9. Að undirbúa ferðaþing í samræmi við reglugerð.

10. Að halda ráðstefnur um afmörkuð málefni sem snerta atvinnugreinina.
11. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um ferðaþjónustu.

6. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs til fimm ára að fenginni umsögn ráðsins og ber hann starfsheitið ferðamálastjóri. Hann er jafnframt forstöðumaður skrifstofu ferðamála, sbr. 7. gr. Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Skrifstofa ferðamála starfar á vegum Ferðamálaráðs og sinnir verkefnum í umboði þess.

Ferðamálastjóri veitir skrifstofu ferðamála forstöðu og ber ábyrgð á daglegum rekstri. Ferðamálastjóri ræður starfsmenn skrifstofu ferðamála að höfðu samráði við Ferðamálaráð.

Í reglugerð skal kveðið á um skipulag skrifstofunnar og gjöld sem ákveðin kunna að verða fyrir þjónustu hennar.

8. gr.

Ferðamálaráð skal leita samstarf við utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð Íslands um landkynningu og markaðsmál erlendis. Halda skal reglulega samráðsfundi Ferðamálaráðs og þessara aðila.

9. gr.

Í því skyni að treysta þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu er Ferðamálaráði heimilt að gerast meðeigandi og taka þátt í rekstri ferða- og upplýsingamiðstöðva er komið verði á fót í kjördæmum landsins, enda liggi fyrir samkomulag um skipan slíkrar starfsemi í viðkomandi kjördæmi í heild. Frumkvæði að stofnun miðstöðvanna er í höndum ferðamálasamtaka landshlutans, samtaka sveitarfélaga og annarra aðila eftir atvikum. Heimilt er að láta starfsemi þessara miðstöðva ná yfir fleiri en eitt kjördæmi.

Hlutverk miðstöðvanna er m.a. að hafa með höndum ráðgjöf og þróunarstarfsemi í þágu ferðamála, miðlun upplýsinga og tengsl við sveitarstjórnir og samtök þeirra. Slíkar miðstöðvar skulu starfa samkvæmt stofnsamningi og hafa sjálfstæðan fjárhag.

10. gr.

Ákveði ferðamálasamtök landshluta að ráða ferðamálafulltrúa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra. Framlagið miðast við launakostnað vegna starfa eins manns í kjördæmi.

11. gr.

Ferðamálaráð hlutast til um að komið verði á samstarfi við opinberar stofnanir um verndun fjölsóttra ferðamannastaða, einkum við Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Skipulag ríkisins, Skógrækt ríkisins og Vegagerð ríkisins. Þessir aðilar mynda með sér samstarfsnefnd og er hlutverk hennar að gera tillögur um skipulag og verndun fjölsóttra ferðamannastaða og fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda. Nefndin skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu nefndarinnar að takmarka aðgang að fjölsóttum stöðum eða láta loka þeim fyrir nýtingu í atvinnuskyni uns gerðar hafa verið nauðsynlegar úrbætur í þágu náttúruverndar.

III. KAFLI
Fjármögnun ferðamála.

12. gr.

Starfsemi Ferðamálaráðs skal m.a. fjármögnuð með sérstöku gjaldi er nemur eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Fríhafnir skulu greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Af þessum tekjum skal Ferðamálaráð fjármagna starfsemi sína aðra en laun og almennan kostnað vegna aðalskrifstofu sem skal greitt úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

13. gr.

Ferðamálaráði er heimilt að setja það skilyrði fyrir fjárhagslegri þátttöku í einstökum verkefnum, m.a. á sviði landkynningar og markaðsmála, að framlög komi frá hagsmunaaðilum.

14. gr.

Starfrækja skal Ferðamálasjóð sem stofnlánasjóð ferðaþjónustunnar. Sjóðurinn er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins en ekki af útlánsskjölum.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um vistun sjóðsins og vörslu að höfðu samráði við ráðherra.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

15. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til tveggja ára í senn. Þar af skal Ferðamálaráð tilnefna tvo menn, en samgönguráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

16. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru:

a. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
b. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

17. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán til starfsemi sinnar, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra, þannig að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

18. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Lán til framkvæmda á vegum einkaaðila og opinberra aðila gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Lán til annarra þátta ferðamála en greinir í 1. tölul., enda sé með þeim stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Framlög í formi hlutafjár til uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs skulu reglubundið kynntar Ferðamálaráði.

Stjórn Ferðamálasjóðs skal hafa samráð við Ferðamálaráð um almenna útlánastefnu og tilkynna skal ráðinu um lánveitingar úr sjóðnum hverju sinni.

19. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 40 ára og mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir.

20. gr.

Ferðamálasjóður skal starfrækja áhættulánadeild sem veitir lán til þróunarverkefna í ferðaþjónustu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar að höfðu samráði við Ferðamálaráð.

21. gr.

Telji Ferðamálaráð að heimavist skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss getur það farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss. Menntamálaráðuneytið skal í þessu skyni kynna skrifstofu ferðamála byggingaráform um heimavistir og leita álits hennar á þeim á frumstigi hönnunar.

Ferðamálaráð skal leitast við að hafa áhrif á hönnun annarra mannvirkja þannig að tekið sé tillit til ferðaþjónustu eftir því sem við á.

IV. KAFLI
Ferðamiðlun.

22. gr.

Ferðamiðlun er í lögum þessum samheiti yfir ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, ferðaumboðssala og upplýsinga- og bókunarþjónustu:

1. Ferðaskrifstofa er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við miðlun ferða, gistingar og frístundaiðju og selur almenna farseðla.
2. Ferðaskipuleggjandi er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga og býður ferðaskrifstofum til umboðssölu. Einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim en annast að öðru leyti hvorki almenna farmiðasölu né umboðssölu.
3. Ferðaumboðssali er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem annast sölu farmiða og ferðaþjónustu í umboði löggiltrar ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis og á ábyrgð þess.

4. Upplýsinga- og bókunarkerfi merkir í lögum þessum fyrirtæki sem á eða rekur tölvukerfi er veitir milliliðum og kaupendum ferðaþjónustu upplýsingar um framboð seljenda og/eða tekur við bókunum.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir ofangreindar skilgreiningar, svo og um það hvort um ferðamiðlunarstarfsemi er að ræða í skilningi laga þessara.

23. gr.

Engum er heimilt að stunda þau störf er greinir í 1. og 2. tölul. 22. gr. eða nota í nafni fyrirtækja eða auglýsingum orðin ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend heiti nema hafa til þess leyfi ráðherra.

Hver sá, sem vill reka slíkt fyrirtæki, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir. Skal ráðið ganga úr skugga um að skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt. Leyfi til rekstrar skal gefið út til tiltekins tíma, eins árs hið minnsta, fimm ára hið mesta í senn.

24. gr.

Leyfi til starfsemi á sviði ferðamiðlunar eru eftirfarandi:

a. Leyfi fyrir ferðaskrifstofur.

b. Leyfi fyrir ferðaskipuleggjendur.

Skilyrði fyrir leyfi er að forstöðumaður ferðamiðlunar hafi fjárræði og forræði á búi sínu, sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur á Íslandi og hafi verið það í að minnsta kosti þrjú ár og hafi víðtæka þekkingu á ferðaþjónustu.

Það skal einnig vera skilyrði fyrir leyfi að a.m.k. einn starfsmaður ferðaskrifstofunnar hafi haldgóða þekkingu í útgáfu ferðaskjala og hafi starfsreynslu úr ferðamiðlun.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki enda sé það að meiri hluta í eigu Íslendinga og stjórnin innlend og hafi aðsetur hér á landi. Gilda um slíka ferðamiðlun sömu ákvæði og að ofan greinir.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um ferðamiðlun, m.a. um opnunartíma.

25. gr.

Ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi eða samtök slíkra aðila skulu leggja fram tryggingu fyrir rekstraröryggi og neytendavernd sem ráðherra metur nægjanlega.

26. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skv. 24. gr. fellur niður:

a. Ef skilyrðum 24. gr. er ekki lengur fullnægt.
b. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
c. Ef reksturinn fullnægir ekki öðrum þeim kröfum sem ráðherra setur.
d. Ef forstöðumaður fyrirtækis flyst af landi brott, lætur af störfum eða andast nema ráðinn sé nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

27. gr.

Ferðaumboðsaðili skal starfa á ábyrgð ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis. Ferðaumboðssala er ekki heimilt að skipuleggja ferðir fyrir hópa og einstaklinga né annast móttöku ferðamanna án slíkrar ábyrgðar.

28. gr.

Almenn tölvustýrð upplýsinga- og bókunarkerfi ætluð fyrir ferðaþjónustu skulu vera opin öllum seljendum sem þess óska. Kerfin skulu vera hlutlaus og ekki mismuna seljendum. Ráðherra er heimilt að setja reglur um slíka starfsemi.

29. gr.

Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt sérleyfishöfum er heimilt að skipuleggja og selja ferðir á eigin leiðum þannig að fæði og næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig að hve miklu leyti starfsemi íslenskra ferðafélaga fellur undir ákvæði laga þessara.

30. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir sem skipuleggja hópferðir um Ísland skuli samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna kostnaðar sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

31. gr.

Þeir sem skipuleggja hópferðir um Ísland í atvinnuskyni skulu að jafnaði hafa í ferðum sínum menn með íslensk leiðsögumannaréttindi samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður bjóða.

V. KAFLI
Veitinga- og gististaðir og afþreyingarþjónusta.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 1. mgr. nema hafa til þess leyfi.

Þá er í kaflanum kveðið á um skráningarskyldu fyrirtækja er leigja út tæki eða hafa í boði afþreyingu, m.a. fyrir ferðamenn.

33. gr.

Til þess að öðlast leyfi skv. 32. gr. þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera búsettur á Íslandi og hafa verið það sl. þrjú ár.

Leyfi samkvæmt þessum kafla má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

34. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi skv. 1. gr. að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til allt að fjögurra ára í senn og fellur þá úr gildi nema endurnýjað hafi verið í kjölfar umsóknar. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til samgönguráðuneytis.

35. gr.

Verði leyfishafi eða fyrirtæki sem hann er í ábyrgð fyrir gjaldþrota er þrotabúi heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur. Andist leyfishafi er dánarbúi leyfishafa eða erfingjum heimilt að halda starfsemi í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis. Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi.

Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

36. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að innkalla til lengri eða skemmri tíma leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,
b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um innköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

37. gr.

Samgönguráðherra setur með reglugerð ákvæði um flokkun veitinga- og gististaða þar sem m.a. skulu koma fram kröfur um þjónustu og neytendavernd. Nafngiftir gisti- og veitingastaða samkvæmt reglugerðinni skulu gefa vísbendingu um þá þjónustu sem í boði er.

38. gr.

Afþreyingarþjónusta, sem rekin er í atvinnuskyni fyrir ferðamenn, svo sem hesta-, hjóla-, báta- eða vélsleðaleigur og skemmtigarðar, skal sækja um skráningu til ráðuneytisins. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi afþreyingarþjónustu þar sem m.a. eru ákvæði um hollustu-, öryggis- og gæðakröfur, tryggingar, eftirlit og annað er lýtur að neytendavernd.

39. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi og skráningarskyldan rekstur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Á skránni skal vera nafn leyfishafa eða forstöðumanns fyrirtækis, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

VI. KAFLI
Eftirlit og upplýsingaskylda.

40. gr.

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar með töldum leyfisveitingum, er á hendi samgönguráðuneytis í samvinnu við hlutaðeigandi embætti, stofnanir og samtök.

41. gr.

Um eftirlit með veitinga- og gististöðum fer samkvæmt lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, lögum um eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og lögum um brunavarnir og brunamál.

42. gr.

Kvörtunarnefnd ferðaþjónustu tekur við rökstuddum aðfinnslum neytenda í garð fyrirtækja í ferðaþjónustu og úrskurðar í ágreiningsmálum. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum: Einum tilnefndum af Neytendasamtökunum, einum af hagsmunasamtökum viðkomandi fyrirtækis og oddamanni sem skipaður er af samgönguráðherra. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi. Fyrirmæli um starfssvið og starfshætti nefndarinnar skulu sett í reglugerð. Skrifstofa ferðamála skal veita nefndinni aðstoð í störfum hennar.

43. gr.

Allir þeir, sem undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands eða ráðuneytis. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni sem atvinnugrein.

44. gr.

Fyrirtækjum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, er skylt að láta ráðuneytinu í té endurskoðaða ársreikninga sína eftir því sem óskað kann að verða.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45. gr.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til örnefnanefndar.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að fenginni umsögn Ferðamálaráðs að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til.

47. gr.

Ráðherra setur með reglugerðum nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Við undirbúning þeirra skal haft samráð við hlutaðeigandi samtök og stofnanir eftir því sem við á.

48. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum með heimild í þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1994. Þá falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, og lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum eldri laga um veitinga- og gististaði skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

II.

Endurnýja skal leyfi til rekstrar ferðaskrifstofa, sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1985, með umsókn til ráðuneytis fyrir árslok 1993. Leyfi gefin út samkvæmt eldri lögum halda gildi sínu uns afstaða ráðuneytis til nýrra umsókna liggur fyrir.

III.

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal Ferðamálaráð starfa samkvæmt eldri lögum þar til fyrsta ferðaþing, sbr. 3. gr., hefur verið haldið og skal það gerast á fyrri hluta árs 1994.

Við upphaf fyrsta ferðaþings tilkynnir ráðherra um skipun formanns og varaformanns Ferðamálaráðs til tveggja ára.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. þess efnis að á ferðaþingi skuli kjósa í „óhlutbundinni kosningu fjóra fulltrúa í ráðið, tvo hvert ár, ...“ skal á fyrsta ferðaþingi kjósa fjóra fulltrúa, þar af tvo aðeins til eins árs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú endurflutt í annað sinn. Fyrst var það flutt sem stjórnarfrumvarp á 113. löggjafarþingi eins og nánar er fjallað um hér á eftir og síðan aftur sem þingmannafrumvarp á 116. löggjafarþingi. Nú líður að lokum þessa kjörtímabils og virðist ljóst að engra úrbóta er að vænta hvað viðkemur löggjöf ferðaþjónustunnar í tíð þessarar ríkisstjórnar. Verður ekki hjá því komist að átelja það að gefist skuli upp með þessum hætti við löngu tímabæra endurskoðun lagaákvæða og starfsskilyrða ferðaþjónustunnar. Því hefur flutningsmaður ákveðið að leggja frumvarpið enn fram og nú í upphafi þings. Frumvarpið er flutt óbreytt eins og það kom frá ferðamálanefnd á sínum tíma en

eðli málsins samkvæmt er orðin þörf á að aðlaga nokkur ákvæði að breyttum aðstæðum, svo sem ákvæði 24. gr. um ríkisborgararétt vegna aðildar okkar að EES-samningnum sem ekki var kominn til sögunnar þegar frumvarpið var fyrst flutt.

Hér fara á eftir þær athugasemdir sem fylgdu frumvarpinu þegar það var áður endurflutt og hin upphaflega greinargerð:

Í svari við fyrirspurn frá flutningsmanni fyrir nokkrum dögum upplýsti samgönguráðherra að ekki væri í vændum frumvarpsflutningur af hans hálfu varðandi málefni ferðaþjónustunnar og fylgdi sú skýring af hálfu ráðherra að ekki hefði náðst samkomulag milli hans og fjármálaráðherra um fjárhagshlið slíkrar endurskoðunar laga um ferðamál. Enn fremur upplýsti ráðherra að ekki stæði til af sinni hálfu að nýta þá vinnu sem lá að baki þingmálinu um ferðamál í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Í ljósi þessara aðstæðna hefur flutningsmaður ákveðið að leggja frumvarp þetta fyrir þingið á nýjan leik. Með öllu er ótækt að ágreiningur í ríkisstjórn eða milli ráðuneyta valdi því að brýn endurskoðun á lagaákvæðum um ferðamál frestist ár eftir ár.

Fjárhagsmál eða fjárveitingar til ferðamála eru aðeins einn þáttur af mörgum sem taka þarf á og ótækt að öll málefni greinarinnar frjósi föst vegna ágreinings ráðherra um þann þátt.

Eins og fram kemur í greinargerðinni sem hér fer á eftir og fylgdi frumvarpinu á sínum tíma lá þar að baki mikið starf og fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum og frá öllum helstu hagsmunaaðilum lögðu þar hönd á plóginn og nokkuð víðtæk samstaða hafði tekist um málið. Það er von flutningsmanns að með frumvarpinu komist þessi mál á dagskrá á nýjan leik. Ljóst er að ferðaþjónustan þarf nú á stuðningi að halda ef vonir manna um áframhaldandi vöxt greinarinnar og auknar tekjur eiga að rætast. Á síðastliðnu ári drógust gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu saman í fyrsta sinn um langt árabil og erlendum ferðamönnum fækkaði. Á sama tíma er ríkisstjórnin að ákveða nýja skattlagningu í formi virðisaukaskatts á margar greinar innan ferðaþjónustunnar.

Að öllu samanlögðu er meira en tímabært að taka málefni ferðaþjónustunnar á dagskrá og þar sem nú liggur fyrir að ekki er að vænta neins frumkvæðis frá ríkisstjórninni í þeim efnum er frumvarpið nú flutt. Því fylgdi á sínum tíma svohljóðandi greinargerð:

Um greinargerð frumvarpsins ásamt fylgiskjölum vísast til athugasemda og fylgiskjala á þskj. 363, 246. mál 113. löggjafarþings, bls. 2664–2718 í A-deild Alþt. 1990–91. Greinargerð og fylgiskjöl þessa máls eru samhljóða á 113. og 116. þingi nema ártöl breytast á tveimur stöðum í textanum þar sem undirbúningsvinna hefði farið fram á árinu 1993, ekki 1991, og lögin hefðu komið til framkvæmda frá ársbyrjun 1994, ekki 1992. Sjá einnig þskj. 882, 524. mál 116. löggjafarþings, bls. 4836–4837 í A-deild Alþt. 1992–93. Texti greinargerðar og fylgiskjala málsins á 116. og 118. þingi eru samhljóða.

63. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um ferðamálastefnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framfylgja ferðamálastefnu sem felur í sér eftirfarandi meginmarkmið:

Markmið:

— Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem þjóðhagslega mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
— Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
— Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
— Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
— Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
— Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.
— Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.

Leiðir:

Til að ná ofangreindum markmiðum í ferðamálum telur Alþingi að m.a. sé þörf á eftirfarandi aðgerðum:

Þróun og fjármögnun ferðaþjónustu.

— Að ríkið leggi fram aukið fjármagn til sameiginlegrar yfirstjórnar og þróunar ferðamála, en leitað verði eftir fjárhagslegri þátttöku aðila í ferðaþjónustu til einstakra verkefna.
— Að samkeppnisaðstaða þeirra sem sinna ferðaþjónustu sé á jafnréttisgrundvelli, m.a. að því er varðar opinber gjöld.
— Að vinna að greiðum samskiptum og miðlun upplýsinga milli þeirra sem starfa að ferðaþjónustu, bæði í þágu innlendra og erlendra ferðamanna.
— Að móta langtímaáætlun um ferðamál, þar á meðal um opinberar aðgerðir, til þess að sem best heildarsýn fáist yfir alla þætti ferðamála. Slík áætlun verði endurskoðuð með vissu millibili.
— Að koma á ráðgjafarþjónustu á sem flestum sviðum ferðamála, ekki síst fyrir þá sem ætla að hefja rekstur og fjárfesta í greininni.
— Að hvetja lánastofnanir til að veita aðstoð um rekstrar- og markaðsáætlanir vegna uppbyggingar í ferðaþjónustu.
— Að kanna möguleika á hliðstæðri fyrirgreiðslu og felst í afurðalánum vegna viðskipta í ferðaþjónustu.
— Að gæta þess að atvinnugreinin sjálf sé aflögufær um fjármagn til uppbyggingar og þróunar.

— Að ríki og sveitarfélög leggi fram fé til þátta sem varða farsæla þróun ferðamála til lengri tíma litið og ekki er líklegt að sinnt verði af einkaaðilum.
— Að ná fram sem bestri nýtingu á fjármagni sem lagt er í ferðaþjónustu, m.a. með því að lengja ferðamannatímann og samnýta húsnæði og samgöngutæki, þar á meðal með samvinnu við aðrar atvinnugreinar.
— Að hlúa að þeim grunnþáttum í ferðaþjónustu sem fyrir eru á hverjum tíma og nauðsynlegt er að starfræktir séu allt árið.

Rannsóknir og markaðsstörf.
— Að efla rannsóknir á sviði ferðamála, þróa aðferðir til að meta árangur af aðgerðum og miðla upplýsingum um niðurstöður til fyrirtækja.
— Að auka tölfræðilega heimildasöfnun er varpi ljósi á þýðingu ferðaþjónustunnar fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar, svo og um samkeppnisstöðu hennar og rekstrarskilyrði á hverjum tíma.
— Að greina sem best milli ferðatilefna, svo sem viðskiptaferða, funda- og ráðstefnuhalds, orlofsdvalar og skemmtiferða vegna markaðssetningar og skipulags innan ferðaþjónustunnar.
— Að móta langtímastefnu um markaðsstörf og kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi og við val á markaðssvæðum.
— Að leita eftir samvinnu við aðrar atvinnugreinar um að kynna land og þjóð.
— Að auka samstarf ferðamálaaðila og fjölmiðla, m.a. um að flytja fréttir og upplýsingar til erlendra ferðamanna á meðan þeir dvelja hérlendis.
— Að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu á sviði ferðamála og fylgjast með þróun ferðamennsku um víða veröld.

Umhverfisvernd.
— Að líta á það sem grundvallaratriði við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu að vernda þurfi náttúru landsins og umhverfi. Í þessu skyni verði tryggð náin samvinna við stjórnvöld skipulags- og umhverfismála.
— Að stuðla að því með skipulagi ferða og samgöngum að skemmtiferðafólk dreifist sem mest um landið.
— Að skipuleggja aðgang að ferðamannastöðum og svæðum þar sem hætta er á of miklum ágangi og umhverfisspjöllum.
— Að gera hið fyrsta skipulag um landnotkun á hálendi og annars staðar í óbyggðum og koma á friðlýsingu að náttúruverndarlögum á völdum svæðum.
— Að móta stefnu um vegakerfi og umferð í óbyggðum sem miði í senn að náttúruvernd og að greiða fyrir ferðalögum til valinna svæða samkvæmt nánara skipulagi.
— Að gera stórátak í sorphirðu og hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum og tryggja fjármagn til slíkra aðgerða.
— Að leggja göngustíga og bæta upplýsingar um gönguleiðir, reiðleiðir og skoðunarverða staði.
— Að samvinna sé höfð við leiðsögumenn, landverði og fararstjóra um umhverfisvernd.

Hagstæður viðskiptajöfnuður.

— Að auðvelda Íslendingum að ferðast innan lands og stuðla að komu erlendra ferðamanna til Íslands eftir því sem samrýmst getur þjóðhagslegum markmiðum og umhverfisvernd.
— Að haga skattlagningu og verðlagningu í ferðaþjónustu hliðstætt því sem gerist í útflutningsgreinum og tryggja að atvinnugreinin sé samkeppnisfær í sem flestu tilliti.
— Að leitast verði við að lækka innlenda kostnaðarliði vegna ferðaþjónustu, ekki síst verð á matvælum.
— Að skilgreina þá þætti sem styrkt geta stöðu Íslands sem ferðamannalands í augum heimamanna og útlendinga og vanda þær áherslur sem líklegar eru til að skila árangri.

Byggðaþróun og ferðaþjónusta.

— Að bæta skipulag ferðamála á landsbyggðinni, m.a. með því að efla þar miðstöðvar fyrir ferðaþjónustu og tryggja að ferðamálafulltrúar starfi í hverjum landshluta.
— Að efla svæðisbundna samvinnu innan landshluta um ferðaþjónustu og kynningu, m.a. með aðild sveitarfélaga og samtaka þeirra.
— Að haga samgöngum, miðlun upplýsinga og uppbyggingu í ferðaþjónustu þannig að ferðafólk dreifist sem víðast.
— Að varðveita sögulegar minjar í landinu og gera ferðafólki kleift að kynnast menningu og atvinnuháttum að fornu og nýju.
— Að vanda til kynningarefnis fyrir ferðamenn í máli og myndum um landið allt og einstaka landshluta og byggðarlög.
— Að veita áhugafélögum á sviði ferðamála og björgunarstarfa stuðning af hálfu hins opinbera og tryggja sem best tengsl þeirra innbyrðis og við aðra aðila í ferðaþjónustu.

Jafnrétti og neytendavernd.

— Að bæta aðstöðu fatlaðra til ferðalaga og aðgang þeirra að þjónustu sem almennt er í boði.
— Að auðvelda aðgang sem flestra Íslendinga að orlofsdvöl við góðar aðstæður.
— Að bæta öryggi ferðamanna í byggð og óbyggð með leiðbeiningum, skipulagi björgunarmála og tryggingum.
— Að hafa sem fjölbreytilegast framboð af gististöðum og annarri þjónustu.
— Að miðlun upplýsinga til ferðafólks uppfylli kröfur um góða þjónustu og þær séu samræmdar og áreiðanlegar.

Fræðsla og menntun.

— Að auka þekkingu og færni þeirra sem vinna að ferðamálum með samræmdu framboði á námi sem tengist ferðaþjónustu, svo og þjálfun og eftirmenntun. Stuðlað verði að sem bestri samvinnu skóla og fyrirtækja í ferðaþjónustu.
— Að skólar efni í auknum mæli til skoðunar- og námsferða innan lands í tengslum við kennslu í náttúrufræði, sögu og bókmenntum.
— Að sett verði á fót fræðsluráð ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi samkvæmt lögum um framhaldsskóla og samin námsskrá vegna fræðslu í ferðaþjónustu.
— Að styðja starfsemi áhugafélaga á sviði ferðamála sem láta sig varða fræðsluferðir innan lands.

Greinargerð.

Tillaga þessi um ferðamálastefnu er nú endurflutt í þriðja sinn, en hún var fyrst flutt sem stjórnartillaga á 112. og 113. löggjafarþingi og síðan endurflutt af flutningsmanni á 116. þingi.

Tillagan er einnig flutt nú í tengslum við endurflutning frumvarps til laga um ferðaþjónustu og vísast til skýringa þar. Ákveðið var að sleppa því að endurprenta fylgiskjöl með tillögunni að þessu sinni og vísast í því sambandi til þskj. 883 (lausaskjalsins) á 116. löggjafarþingi. Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð á sínum tíma:

Um greinargerð þingsályktunartillögunnar vísast til samhljóða athugasemda á þskj. 177, 164. mál 113. löggjafarþings, bls. 1853–1871 í A-deild Alþt. 1990–91. Sjá einnig þskj. 883, 525. mál 116. löggjafarþings, bls. 4840 í A-deild Alþt. 1992–93.

64. Frumvarp til laga [64. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1991 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1991
A-HLUTI

	Reikningur 1991
Tekjur	
Beinir skattar	20.992.703
Óbeinir skattar	76.781.256
Aðrar tekjur	755.908
Tekjur samtals	**98.529.867**
Fjármunatekjur	**7.449.585**
Tekjur alls	**105.979.452**
Gjöld	
Launagjöld	33.764.246
Ýmis rekstrargjöld	22.092.761
Eignakaup	3.177.541
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	56.216.258
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjáraukalögum	-
Sértekjur stofnana	-8.782.710
Gjöld samtals	**106.468.096**
Fjármagnskostnaður	**12.961.616**
Gjöld alls	**119.429.712**
TEKJUR UMFRAM GJÖLD	**-13.450.260**

	Reikningur 1991
Sundurliðun gjalda á ráðuneyti	
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.053.771
01 Forsætisráðuneyti	3.616.118
02 Menntamálaráðuneyti	16.894.909
03 Utanríkisráðuneyti	1.570.571
04 Landbúnaðarráðuneyti	5.654.283
05 Sjávarútvegsráðuneyti	999.923
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.008.534
07 Félagsmálaráðuneyti	4.947.362
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	45.024.639
09 Fjármálaráðuneyti	19.889.871
10 Samgönguráðuneyti	7.799.025
11 Iðnaðarráðuneyti	1.279.033
12 Viðskiptaráðuneyti	5.017.142
13 Hagstofa Íslands	139.709
14 Umhverfisráðuneyti	534.823
Samtals	**119.429.712**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
A-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1991
Veltufjármunir	
Sjóður	**282.516**
Ríkisféhirðir	2.361
Aðrir ríkisaðilar	280.155
Bankainnstæður	**1.966.451**
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	437.324
Innlendar innlánsstofnanir	1.049.092
Erlendar innlánsstofnanir	480.035
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**26.750.327**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	24.153.613
Markaðar ríkistekjur	2.295.542
Innheimtufé fyrir aðra	210.032
Fyrirfram greiddar geymdar markaðar tekjur	91.140
Skammtímakröfur, aðrar	**10.071.008**
Fyrirfram greidd gjöld	38.233
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	2.318.117
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	7.277.409
Veitt stutt lán	437.249
Sjóður og skammtímakröfur samtals	**39.070.302**
Vöru- og efnisbirgðir	**195.030**
Veltufjármunir samtals	**39.265.332**

	Reikningur 1991
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**21.996.813**
Stofnanir í A-hluta	5.864
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	14.429.486
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.729.971
Lánastofnanir	515.103
Sveitarfélög	154.864
Aðrir	3.161.525
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**15.446.077**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	7.372.573
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.311.025
Lánastofnanir	2.821.774
Sveitarfélög	209.732
Aðrir	1.730.973
Veitt löng lán, til erlendra aðila	**21.919**
Langtímakröfur samtals	**37.464.809**
Áhættufjármunir	**3.048.823**
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.780.588
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.268.235
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**40.513.632**
EIGNIR ALLS	**79.778.964**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
A-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1991
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**6.831.745**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	5.848.966
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	936.380
Innlánsstofnanir	46.399
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o.fl.	**386.012**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	175.980
Innheimtufé fyrir aðra	210.032
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**119.531**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	67.227
Innheimtufé fyrir aðra	52.304
Skammtímaskuldir, aðrar	**20.587.614**
Ógreidd gjöld	2.532.545
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	3.648.701
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	4.507.878
Tekin stutt lán, ríkisvíxlar	9.501.447
Tekin stutt lán, innlend önnur	397.043
Skammtímaskuldir samtals	**27.924.902**

	Reikningur 1991
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**46.304.439**
Stofnanir í A-hluta	107.554
Seðlabanki Íslands	19.421
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	84.549
Innlánsstofnanir	6.037.853
Lánastofnanir, innlendar	2.043.634
Sveitarfélög	1.192.736
Aðrir	36.818.692
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**3.499.759**
Seðlabanki Íslands	738.056
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	5.321
Innlánsstofnanir	22.208
Lánastofnanir	2.727.237
Aðrir	6.937
Tekin löng lán, erlend	**67.953.125**
Tekin löng lán samtals	**117.757.323**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**10.490.966**
Langtímaskuldir samtals	**128.248.289**
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	**55.014.791**
Skuldir alls	**211.187.982**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-113.337.836
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	474.081
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	-5.095.004
Tekjur umfram gjöld	-13.450.259
Höfuðstóll í árslok samtals	**-131.409.018**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**79.778.964**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1991 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1991
B-HLUTI

	Reikningur 1991
Rekstrartekjur:	
Seldar vörur og þjónusta	35.638.148
Seldir happdrættismiðar	1.483.367
Aðrar rekstrartekjur	227.739
Samtals	**37.349.254**
Rekstrargjöld:	
Hráefni og vörur til endursölu	9.013.187
Laun og launatengd gjöld	8.483.038
Happdrættisvinningar	929.104
Önnur rekstrargjöld	10.993.129
Afskriftir	3.279.780
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-1.240.597
Samtals	**31.457.641**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**5.891.613**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	
Vaxtatekjur	9.744.691
Vaxtagjöld	-10.171.113
Arður af hlutabréfum	1.127
Endurmat, tekjufært	9.205.009
Endurmat, gjaldfært	-5.624.121
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	876.579
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-3.436.576
Samtals	**595.596**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**6.487.209**
Óreglulegar tekjur	248.492
Óregluleg gjöld	-5.816.868
Framlög og tilfærslur	6.903.681
Hagnaður til ráðstöfunar	**7.822.514**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
B-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1991
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	**5.159.959**
Sjóður	234.898
Banki	4.925.061
Skammtímakröfur	**17.793.974**
Fyrirframgreiddur kostnaður	243.392
Viðskiptareikningur	9.010.346
Veitt stutt lán	8.540.236
Vöru- og efnisbirgðir	**2.580.084**
Veltufjármunir samtals	**25.534.017**
Fastafjármunir	
Langtímakröfur og áhættufjármunir	**148.933.750**
Langtímakröfur/veitt löng lán	157.384.108
Hlutafé og stofnfjárframlög	360.246
Afskriftareikningur útlána	-8.810.604
Varanlegir rekstrarfjármunir	**43.160.133**
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	1.116.476
Rannsóknartæki	4.267
Farartæki og vélar	9.292.714
Fasteignir	23.028.020
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	9.569.790
Aðrar eignir	148.866
Fastafjármunir samtals	**192.093.883**
EIGNIR ALLS	**217.627.900**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
B-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1991
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**266.362**
Aðrar skamtímaskuldir	**12.365.626**
Ógreidd gjöld	2.343.550
Viðskiptareikningar	6.832.744
Tryggingastofnun ríkisins, viðskiptareikningar innbyrðis	-
Tekin stutt lán	3.189.332
Skammtímaskuldir samtals	**12.631.988**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	**119.478.325**
Skuldir samtals	**132.110.313**
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**523.520**
Endurmatsreikningar	**54.951.302**
Höfuðstóll	**30.042.765**
Eigið fé alls	**85.517.587**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**217.627.900**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta Alþingis í janúar 1993. Frumvarp þetta var fyrst flutt á vorþingi 1993 en er nú flutt óbreytt í þriðja sinn.

1. Helstu niðurstöður.

Niðurstöður ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um 13.450 m.kr., en var árið á undan neikvæð um 11.287 m.kr. Heildartekjur námu 105.980 m.kr. og hækka frá fyrra ári um 11.243 m.kr. eða 11,9%. Heildargjöld ríkissjóðs urðu 119.430 m.kr. á árinu en voru árið áður 106.024 m.kr. Hækkun milli ára er 13.406 m.kr. eða 12,6%. Meðalhækkun verðlags milli áranna 1990 og 1991 á mælikvarða landsframleiðslu er 7,4% þannig að raunhækkun gjalda nemur tæplega 5%.

	Ríkis-reikningur 1990 m.kr.	Ríkis-reikningur 1991 m.kr.	Greiðslu-uppgjör 1992 m.kr.	Mismunur[1] m.kr.
Tekjur	94.737	105.980	99.953	6.027
Gjöld	106.024	119.430	112.487	6.943
Gjöld umfram tekjur	11.287	13.450	12.534	916

1) Í ríkisreikningi er tekið tillit til skuldbreytinga og krafna sem ekki hafa komið til greiðslu eða innheimtu.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins, þá er afkoman ívið betri samkvæmt greiðsluuppgjöri eins og taflan hér að ofan sýnir.

Tekjur eru alls 6,0 milljörðum króna hærri í reikningsuppgjöri sem skýrist af því að álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1,7 milljarðar króna hækkun beinna skatta og 1,6 milljarðar króna vegna óbeinna skatta. Þá eru áfallnar en óinnheimtar vaxtatekjur 1,7 milljarðar króna.

Frávik frá gjöldum eru 6,9 milljarðar króna. Ef taldir eru upp helstu liðir þá er þar í fyrsta lagi um að ræða yfirteknar skuldbindingar vegna Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð rúmlega 1,6 milljarðar króna og vegna Byggðastofnunar 1,2 milljarðar króna. Í öðru lagi voru gefin út skuldabréf að fjárhæð 1,2 milljarðar króna til kaupa á fullvirðisrétti og greiðslu förgunarbóta vegna nýs búvörusamnings. Í þriðja lagi eru gjaldfærðar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða 1,8 milljarðar króna, umfram greiðslur. Loks eru áfallnir vextir, umfram greidda, 2,5 milljarðar króna. Á móti þessu vegur að í greiðsluuppgjöri eru færðar til gjalda greiðslur sem koma til lækkunar skuldbindingar fyrri ára. Er hér einkum um að ræða ýmsar greiðslur vegna landbúnaðarmála.

Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 og skýrslu fjármálaráðherra frá því í febrúar 1992 um ríkisfjármál 1991. Fjármálaráðherra vill gera tvö mál að umfjöllunarefni í þessum athugasemdum. Annars vegar uppgjörsreglur ríkisreiknings og hins vegar innheimtu opinberra gjalda.

2. Uppgjörsreglur ríkisreiknings.

Ríkisendurskoðun gerir í áritun sinni athugasemd við færslu á yfirteknum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Þar sem þessi athugasemd er í mótsögn við þá stefnu sem mörkuð var með uppgjöri ríkisreiknings 1989 og ríkisendurskoðun var aðili að, þykir nauðsynlegt að gera grein fyrir þessari færslu og hver staða Framkvæmdasjóðs er gagnvart ríkissjóði.

Með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum. Breytingarnar voru gerðar að tillögu ríkisreikningsnefndar og fela þær í sér að færa í ríkisreikningi allar áfallnar kröfur og skuldbindingar ríkissjóðs. Áður höfðu slíkar skuldbindingar komið til færslu þegar Alþingi samþykkti greiðsluheimild til verksins.

Með þessum breytta færsluhætti, fæst réttari mynd af efnahag ríkissjóðs og raunverulegt rekstrarumfang á árinu er sýnt þar sem gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Tilgangurinn er að tryggja sem réttasta mynd af eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs og koma í veg fyrir að upplýsingum sé misvísað milli ára.

Það sem hér um ræðir er að Alþingi hefur jöfnum höndum með almennum lögum eða sérlögum lagt ýmsar fjárhagslegar skuldbindingar á ríkissjóð. Veigamestu dæmin um þetta eru ríkisábyrgðir, sameiginlegar framkvæmdir með sveitarfélögum og lífeyrisskuldbindingar. Þessar skuldbindingar falla til með ýmsu móti og án þess að Alþingi hafi bein áhrif á eða fái beinlínis við ráðið. Þegar slíkar skuldbindingar hafa fallið til hefur Alþingi hins vegar þurft að veita heimildir til greiðslu þeirra. Slíkar heimildir ráða tímasetningu greiðslna en breyta engu um skuldbindinguna sem þegar hefur myndast vegna fyrri lagasetningar.

Í áritun ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi 1991 er gerð athugasemd við færslu á áföllnum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Telur ríkisendurskoðun að þessa skuldbindingu hafi átt að færa í ríkisreikningi 1992 þar sem þá fyrst hafi Alþingi með formlegum hætti heimilað yfirtöku á hluta af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 70/1985 um Framkvæmdasjóð Íslands ber ríkissjóður fulla ábyrgð á skuldbindingum hans. Ljóst var í árslok 1991 að eigið fé sjóðsins var þá orðið neikvætt um nær 1.700 m.kr. vegna tapa sem orðið höfðu á árinu 1991 eða fyrr. Ennfremur hafði Alþingi í byrjun árs 1992 heimilað yfirtöku á svipaðri fjárhæð, jafnframt því að leggja starfsemi sjóðsins niður og færa efnahag hans sem deild í Lánasýslu ríkisins. Á þessum forsendum var ákveðið að færa til gjalda tapaðar kröfur Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikning 1991, eins og gert var í reikningum sjóðsins. Var um þá niðurstöðu leitað álits endurskoðenda og sérfræðinga í reikningsskilum.

Það leiðir af þeim breytingum sem ákveðnar voru með uppgjöri ríkisreiknings 1989 að skuldbindingar sem ríkissjóður stofnar til eða á hann falla á árinu séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar. Þannig er t.d. nú lagt mat á skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum eftir stöðu verkefna í vegagerð, hafnagerð og byggingaframkvæmdum og þær færðar til bókar óháð greiðslum. Þar ræður ekki samþykkt Alþingis á greiðsluheimild til verkefnisins heldur hvort ríkissjóður telst ábyrgur fyrir skuldbindingunni. Á það sama við um áfallnar ábyrgðir ríkissjóðs.

Ágreiningur ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis felst í því að ríkisendurskoðun telur að ekki megi undir neinum kringumstæðum bókfæra yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum hans nema að undangenginni staðfestingu Alþingis í hverju tilviki. Er það óháð því hvort fyrir liggi skýlaus ábyrgð ríkissjóðs í lögum. Fjármálaráðuneytið lítur hins vegar svo á að markmið reikningsskilanna sé að sýna ávallt stöðu ríkissjóðs eins og hún er best þekkt á hverjum tíma. Hvað snertir uppgjör Framkvæmdasjóðs Íslands telur

ráðuneytið að lagasetning Alþingis um sjóðinn feli í sér afdráttarlausa ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hans og að undan þeim verði ekki vikist.

Á árinu 1991 lá ljóst fyrir hvert stefndi í fjármálum Framkvæmdasjóðs eins og kom fram í skýrslu ríkisendurskoðunar frá því í ágústmánuði á því ári. Undir lok ársins var lagt fram frumvarp sem fól í sér að starfsemi sjóðsins skyldi lögð niður. Jafnframt var lögð til sú breyting í frumvarpi til lánsfjárlaga að ríkissjóður yfirtæki lán sem stæðu á móti töpuðum og afskrifuðum kröfum sjóðsins. Ábyrgð ríkissjóðs var öllum ljós með hliðsjón af lögum um sjóðinn. Því var ekki talið verjandi að sleppa þessum staðreyndum í reikningsskilum ríkissjóðs fyrir árið 1991, ella hefði reikningurinn sýnt betri efnahag ríkissjóðs en vitað var á þeim tíma.

Í framhaldi af þessu má velta fyrir sér áhrifum þess, ef skuldbindingar eru ekki til bókar án stafestingar Alþingis eins og ríkisendurskoðun leiðir rök að. Að því er best verður séð felur þetta í sér að óheimilt er að bókfæra skuldbindingar sem verða til á grundvelli almennra laga án staðfestingar Alþingis. Dæmi um þetta eru ýmsar sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga. Með því móti væri stigið skref aftur til þess tíma er greiðsluheimildir Alþingis einar réðu því hvenær skuldbindingar koma til bókunar. Ríkisendurskoðun gæti þannig ekki lagt sjálfstætt mat á það hvenær skuldbindingar væru færðar í ríkisreikningi heldur væri það háð því að lagt væri fram frumvarp þess efnis og Alþingi afgreitt það. Slíkt stangast á við viðurkenndar reikningsskilareglur. Ráðherra, sem vildi sýna góða stöðu ríkissjóðs á tilteknu ári, gæti þannig einfaldlega frestað framlagningu frumvarps til formlegrar staðfestingar á niðurstöðu sem efnislega lá þó fyrir. Til frekari skýringar mætti jafna þessu við það að hluthafafundur þyrfti að samþykkja færslu tiltekinna ábyrgða eða að bankaráð hefði síðasta orðið um mat á fjárhæð afskrifaðra lána sem færð yrðu í ársreikningi. Það myndi hins vegar stangast á við viðurkenndar venjur endurskoðenda og skerða sjálfstæði þeirra til að taka efnislega afstöðu til færslu ábyrgða.

Niðurstaða ráðuneytisins var því sú að sýna yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikningi 1991. Á undanförnum árum hefur verið beitt mjög varfærnu mati við færslu á töpuðum útlánum eða kröfum. Ekki hefur verið lagt í afskriftarsjóð til að mæta líklegum áföllum og vitað er um lán og ábyrgðir sem eiga vafalítið eftir að falla á ríkissjóð. Því má með réttu halda fram að enn skorti nokkuð á að ná því marki að gera fulla grein fyrir áföllnum skuldbindingum í ríkisreikningi. Færsla á yfirteknum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikningi 1991 er þó mikilvægt skref í þá átt.

3. Innheimta opinberra gjalda.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 er vikið að innheimtu ríkissjóðsgjalda á því ári. Eru þar gerðar réttmætar athugasemdir um ýmsa þætti og veittar gagnlegar ábendingar. Engu að síður er framsetning sumra talna í skýrslunni hæpin og vafasamar ályktanir dregnar.

Fjármálaráðuneytið vill sérstaklega gera athugasemd við umfjöllun um innheimtu staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts. Í framsetningu ríkisendurskoðunar er blandað saman innheimtutölum margra ára og eftirstöðvum frá fyrri árum bætt við innheimtustofn þess árs sem fjallað er um og ályktað um innheimtu á þeim grundvelli. Þessi aðferð leiðir vitaskuld til rangrar niðurstöðu um árangur innheimtu.

Í jafn viðamiklum kerfum og hér um ræðir - í hvoru um sig eru innheimtir um og yfir 40 milljarðar króna - verða á hverjum tíma til nokkrar eftirstöðvar. Stór hluti þeirra eru kröfur sem innheimtast að litlum hluta, alls ekki eða ekki á réttum tíma.

Annars vegar er hér um að ræða áætlanir skattstjóra á þá aðila sem ekki skila skýrslum um virðisaukaskatt eða skilagreinum staðgreiðslu á réttum tíma. Þessar áætlanir eru m.a. notaðar til að knýja fram skil á skýrslum og skilagreinum. Þær eru yfirleitt verulega hærri en endanleg álagning verður þegar gögn berast. Af skiljanlegum ástæðum tekur nokkurn tíma að fá rétt skýrsluskil og í mörgum tilvikum koma þau alls ekki, t.d. vegna þess að viðkomandi aðili er hættur starfsemi. Þannig eru inni í kerfinu umframáætlanir sem safnast upp sem eftirstöðvar.

Hins vegar eru í innheimtu kröfur á aðila sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta. Eftir að bú er tekið til skipta geta innheimtumenn ríkissjóðs ekki gert annað en að bíða þess að kröfurnar verði greiddar við skipti, sem sjaldan er, eða eru afskrifaðar í framhaldi af skiptunum. Eins og kunnugt er geta gjaldþrotaskipti dregist mjög lengi og því safnast þessar kröfur upp sem eftirstöðvar.

Enn eitt atriði sem taka þarf tillit til, eru dráttarvextir. Þar sem dráttarvextir eru reiknaðir á allar gjaldfallnar ógreiddar fjárhæðir, þ.m.t. umframáætlanir og kröfur í gjaldþrotabú, safnast þeir einnig upp í kerfinu og ýkja þá skekkju sem að framan er rakin.

Framangreind atriði leiða til þess að með aðferð ríkisendurskoðunar verða eftirstöðvar ofáætlaðar sem nemur umframáætlunum og töpuðum kröfum og aukning eftirstöðva milli ára er ofmetin. Ennfremur mun innheimtuhlutfall, eins og ríkisendurskoðun reiknar það, fara stöðugt lækkandi ár frá ári þar til vissu marki er náð. Á það einnig við þótt innheimta sé stöðug og góð.

Hér á eftir verður greint frá nokkrum talnalegum staðreyndum um innheimtu staðgreiðslu og virðisaukaskatts frá því að er þessi skattheimtukerfi voru tekin upp. Sú aðferð sem hér er notuð til þess að meta innheimtu byggist á því að bera saman álagningu vegna tiltekins árs og innheimtu sömu álagningar, hvort sem hún gjaldfellur eða greiðist á sama ári eða síðar. Af þessum ástæðum er ekki fullt talnalegt samræmi milli eftirfarandi talna og ríkisreiknings sem miðar innheimtutölur við greiðslur á reikningsárinu, óháð því hvenær krafa myndast.

Staðgreiðsla. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu staðgreiðslu áranna 1988 til 1991 eins og hún var 1. apríl 1992. Tölur ársins 1991 eru þó miðaðar við byrjun september 1992.

Tölurnar miðast við álagningu staðgreiðslu á launagreiðslur hvers árs um sig. Í fyrstu töflunni er gerð grein fyrir höfuðstól staðgreiðslu áranna 1988 til 1991. Áætlanir skattstjóra á þá aðila, sem ekki skiluðu skilagreinum eru meðtaldar en tekið er tillit til skattbreytinga sem gerðar hafa verið. Þá sýnir taflan hvað innheimst hafði af þessum höfuðstól, hverjar eftirstöðvar voru og hlutfall innheimtu og eftirstöðva af höfuðstól.

	Álagning, höfuðstóll m.kr.	Innheimt af höfuðstól 1.4.1992[1] m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %	Eftirstöðvar %
1988	20.651	20.344	308	98,51	1,49
1989	25.019	24.649	370	98,52	1,48
1990	30.757	30.307	449	98,54	1,46
1991	34.491	34.003	488	98,59	1,41
Samtals	**110.918**	**109.303**	**1.615**	**98,54**	**1,46**

1) 6.9. 1992 vegna ársins 1991.

Eins og fram kemur er innheimtuhlutfallið nánast hið sama fyrir árin 1988 til 1991 eða rúmlega 98,5%. Eftirstöðvar sem hlutfall af álagningu eru svipaðar frá ári til árs og hafa farið lækkandi ef eitthvað er.

Gjaldþrot hafa veruleg áhrif á innheimtu. Af þeim 1,6 milljörðum króna sem ekki höfðu innheimst samanber framangreint, voru rúmlega helmingur kröfur í þrotabú. Nákvæmar tölur um kröfur í þrotabú fyrir árið 1991 liggja ekki fyrir. Vegna áranna 1988 til 1990 eru óinnheimtar kröfur rúmlega 1,1 milljarður króna. Af þeim eru um 800 milljónir króna kröfur í þrotabú, en innan við 300 milljónir króna eru kröfur á aðra. Í eftirfarandi töflu hafa þrotabú verið tekin út úr talnasafninu og lítur hún þannig út fyrir árin 1988 til 1990.

	Álagning, höfuðstóll m.kr.	Innheimt af höfuðstól 1. 4. 1992 m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %	Eftirstöðvar %
1988	18.569	18.532	36	99,81	0,19
1989	23.175	23.094	81	99,66	0,34
1990	29.204	29.028	176	99,40	0,60
Samtals	**70.948**	**70.654**	**293**	**99,59**	**0,41**

Eftirstöðvar staðgreiðslu frá árunum 1988 til 1990, hjá öðrum en þrotabúum, er 0,2 til 0,6% af höfuðstól álagningar eða um 300 milljónir króna af um 71 milljarðs króna álagningu á sömu aðila. Mismun á milli ára má m.a. rekja til þess að mislangur tími er liðinn frá álagningu en oft tekur langan tíma að ljúka málum hvort sem er með breytingu á áætlun, innheimtu eða afskrift kröfu. Ekki virðist ástæða til að ætla að marktæk breyting hafi orðið á innheimtu staðgreiðslu á árinu 1991 frá því sem áður var.

Reynsla af innheimtu staðgreiðslu á fyrstu fjórum árum hennar verður í heild að teljast viðunandi. Eftirstöðvar höfuðstóls vegna áranna 1988 til 1990 eru innan við 300 milljónir króna, að frátöldum þrotabúum. Það er innan við 0,5% af álagningu staðgreiðslu sem nam rúmlega 70 milljörðum króna.

Virðisaukaskattur. Eftirfarandi tafla sýnir álagningu virðisaukaskatts á veltu áranna 1990 og 1991 og hvað innheimst hafði af höfuðstól álagningar 31. desember árið eftir.

	Höfuðstóll álagningar án álags[1] m.kr.	Innheimt af höfuðstól 31.12. ári síðar m.kr.	Eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Innheimta %
1990	38.980	38.078	902	97,7
1991	44.118	42.834	1.284	97,1
Samtals	**83.098**	**80.912**	**2.186**	**97,4**

1) 5.3. 1991 vegna ársins 1990, 31.12. 1992 vegna ársins 1991.

Óinnheimtar eftirstöðvar vegna þessara ára eru tæplega 2,2 milljarðar króna af rúmlega 83 milljarða króna álagningu og er innheimtuhlutfallið rúmlega 97%.

Áætlanir skattstjóra gera samanburð á innheimtuárangri milli ára erfiðan. Í tölunum eru innifaldar um 650 milljóna króna áætlanir vegna ársins 1990 en um 900 milljónir króna vegna ársins 1991. Í eftirfarandi töflu hafa áætlanir skattstjóra verið dregnar frá

álagningu og miðað er við að allar greiðslur hafi verið vegna álagningar samkvæmt skýrslum, en ekki vegna áætlana.

	Höfuðstóll álagningar án áætlana[1] m.kr.	Innheimt 31. 12. ári síðar m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %
1990	38.329	38.078	251	99,3
1991	43.211	42.834	377	99,1
Samtals	**81.540**	**80.912**	**628**	**99,2**

1) 5.3. 1991 vegna ársins 1990, 31.12. 1992 vegna ársins 1991.

Miðað við þessar forsendur eru eftirstöðvar vegna álagningar taldar vera rúmlega 600 milljónir króna eða innan við 1%. Reikna má með að eitthvað sé greitt upp í áætlanir skattstjóra. Innheimtuhlutfallið er af þeim sökum ofmetið hér, en vanmetið í fyrra dæminu.

Áhrif áætlana eru meiri síðara árið en hið fyrra. Aukning þeirra milli ára virðist þó ekki stafa af verri skýrsluskilum. Má álykta það af samanburði á álagningu ásamt breytingum á innheimtu höfuðstóls og endurgreiðslum vegna matvöru, vinnu á byggingarstað og til sveitarfélaga og ríkisstofnana. Vakin skal athygli á því að í eftirfarandi töflu er um að ræða álagningu á veltu hvers árs um sig og innheimtu hennar, óháð reikningsári.

	1990[1]	1991[1]	Mismunur	
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%
Álagður virðisaukaskattur	38.980	44.118	5.138	13.2
Virðisaukaskattur án áætlana	38.329	43.211	4.882	12,7
Innheimt af álagningu	38.078	42.834	4.756	12,5
Endurgreiðslur	2.342	2.570	228	9,7
Innheimta - endurgreiðslur	35.736	40.264	4.528	12,7

1) Álagningartölur og innheimta óháð reikningsári.

Þessi tafla ber með sér að álagningartölur án áætlana vaxa meira milli ára en sem nemur almennum verðlags- og veltubreytingum í þjóðfélaginu. Bendir það ekki til lakari skattskila. Endurgreiðslur úr kerfinu vaxa minna á milli ára en álagning og innheimta, sem bendir ekki til þess, að endurgreiðslurnar séu sá veikleiki sem ríkisendurskoðun telur.

Reynsla af innheimtu virðisaukaskatts á tveimur fyrstu árum þess kerfis, gefur til kynna, að um það bil einu ári eftir skilalok fyrir hvort ár um sig, hafi náðst að innheimta u.þ.b. 98% af höfuðstól álagningar þegar tekið hefur verið tillit til áætlana. Gera má ráð fyrir að á sama tíma séu eftirstöðvar af höfuðstól 500-700 milljónir króna vegna hvors árs, að teknu tilliti til umfram áætlana. Þar af er hluti eftirstöðvanna hjá þrotabúum.

65. Frumvarp til laga [65. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1992 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1992
A-HLUTI

	Reikningur 1992
Tekjur	
Beinir skattar	20.570.222
Óbeinir skattar	77.079.644
Aðrar tekjur	1.270.352
Tekjur samtals	**98.920.218**
Fjármunatekjur	**7.118.433**
Tekjur alls	**106.038.651**
Gjöld	
Launagjöld	34.690.182
Ýmis rekstrargjöld	22.764.480
Eignakaup	2.270.700
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	54.038.829
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjáraukalögum	-
Sértekjur stofnana	-10.124.421
Gjöld samtals	**103.639.770**
Fjármagnskostnaður	**12.991.723**
Gjöld alls	**116.631.493**
TEKJUR UMFRAM GJÖLD	**-10.592.842**

	Reikningur 1992
Sundurliðun gjalda á ráðuneyti	
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.024.336
01 Forsætisráðuneyti	357.172
02 Menntamálaráðuneyti	16.266.638
03 Utanríkisráðuneyti	1.470.909
04 Landbúnaðarráðuneyti	5.969.798
05 Sjávarútvegsráðuneyti	996.914
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.187.958
07 Félagsmálaráðuneyti	5.254.380
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	46.241.054
09 Fjármálaráðuneyti	18.946.506
10 Samgönguráðuneyti	7.505.797
11 Iðnaðarráðuneyti	1.895.414
12 Viðskiptaráðuneyti	4.777.976
13 Hagstofa Íslands	142.565
14 Umhverfisráðuneyti	594.076
Samtals	**116.631.491**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
A-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1992
Veltufjármunir	
Sjóður	**166.525**
Ríkisféhirðir	4.292
Aðrir ríkisaðilar	162.233
Bankainnstæður	**4.825.485**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	1.943.434
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	729.892
Innlendar innlánsstofnanir	1.256.473
Erlendar innlánsstofnanir	895.686
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**28.370.626**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	25.860.576
Markaðar ríkistekjur	2.214.993
Innheimtufé fyrir aðra	200.461
Fyrirfram greiddar geymdar markaðar tekjur	94.596
Skammtímakröfur, aðrar	**9.157.180**
Fyrirfram greidd gjöld	36.785
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	2.823.132
Viðskiptareikningur, bráðabirgðalán	6.031.989
Veitt stutt lán	265.274
Sjóður og skammtímakröfur samtals	**42.519.816**
Vöru- og efnisbirgðir	**262.066**
Veltufjármunir samtals	**42.781.882**

	Reikningur 1992
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**22.508.524**
Stofnanir í A-hluta	14.160
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	15.407.475
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.504.129
Sveitarfélög	126.962
Lánastofnanir	482.777
Aðrir	2.973.021
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**18.862.846**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	9.948.499
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.081.679
Sveitarfélög	3.079.332
Lánastofnanir	162.088
Aðrir	2.557.934
Gengisauki lána	33.314
Veitt löng lán, til erlendra aðila	**16.796**
Langtímakröfur samtals	**41.388.166**
Áhættufjármunir	**2.555.869**
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	888.621
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.667.248
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**43.944.035**
EIGNIR ALLS	**86.725.917**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
A-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1992
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**875.901**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	-
Seðlabanki íslands, aðrir hlaupareikningar	830.201
Innlánsstofnanir	45.700
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o.fl.	**418.799**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	218.338
Innheimtufé fyrir aðra	200.461
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**343.726**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	310.977
Innheimtufé fyrir aðra	32.749
Skammtímaskuldir, aðrar	**25.827.259**
Ógreidd gjöld	1.421.927
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	4.554.986
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	4.476.847
Tekin stutt lán, Seðlabanki	-
Tekin stutt lán, ríkisvíxlar	15.031.919
Tekin stutt lán, innlend önnur	341.580
Skammtímaskuldir samtals	**27.465.685**

	Reikningur 1992
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**48.647.987**
Stofnanir í A-hluta	862
Seðlabanki Íslands	13.272
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	29.509
Innlánsstofnanir	5.197.933
Lánastofnanir, innlendar	1.529.806
Sveitarfélög	1.053.390
Aðrir	40.823.215
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**2.117.956**
Seðlabanki Íslands	8
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	10.023
Innlánsstofnanir	18.312
Lánastofnanir	2.084.085
Aðrir	5.528
Tekin löng lán, erlend	**87.272.765**
Tekin löng lán samtals	**138.038.708**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**13.338.720**
Langtímaskuldir samtals	**151.377.428**
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	**57.770.966**
Skuldir alls	**236.614.079**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-131.409.018
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	644.810
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	-8.531.112
Tekjur umfram gjöld	-10.592.842
Höfuðstóll í árslok samtals	**-149.888.162**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**86.725.917**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1992 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1992
B-HLUTI

	Reikningur 1992
Rekstrartekjur:	
Seldar vörur og þjónusta	36.814.262
Seldir happdrættismiðar	1.488.698
Aðrar rekstrartekjur	853.606
Samtals	**39.156.566**
Rekstrargjöld:	
Hráefni og vörur til endursölu	9.119.213
Laun og launatengd gjöld	8.826.041
Happdrættisvinningar	969.995
Önnur rekstrargjöld	10.696.498
Afskriftir	2.775.728
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-884.268
Samtals	**31.503.207**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**7.653.359**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	
Vaxtatekjur	9.570.751
Vaxtagjöld	-11.042.332
Arður af hlutabréfum	1.429
Endurmat, tekjufært	4.023.303
Endurmat, gjaldfært	-4.298.166
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	91.123
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-767.963
Samtals	**-2.421.855**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**5.231.504**
Óreglulegar tekjur	321.689
Óregluleg gjöld	-1.603.268
Framlög (tekjur) og tilfærslur (gjöld):	3.942.447
Hagnaður til ráðstöfunar	**7.892.372**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
B-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1992
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	**6.377.892**
Sjóður	195.913
Banki	6.181.979
Skammtímakröfur	**18.646.790**
Fyrirframgreiddur kostnaður	340.143
Viðskiptareikningur	8.174.296
Veitt stutt lán	8.504.972
Áfallnar ógjaldfallnar tekjur	1.627.379
Vöru- og efnisbirgðir	**2.670.864**
Veltufjármunir samtals	**27.695.546**
Fastafjármunir	
Langtímakröfur og áhættufjármunir	**167.414.856**
Langtímakröfur/veitt löng lán	175.596.489
Hlutafé og stofnfjárframlög	380.251
Afskriftarreikningur útlána	-8.561.884
Varanlegir rekstrarfjármunir	**44.427.966**
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	1.297.243
Rannsóknartæki	7.204
Farartæki og vélar	9.601.886
Fasteignir	23.575.221
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	9.720.517
Aðrar eignir	225.895
Fastafjármunir samtals	**211.842.822**
EIGNIR ALLS	**239.538.368**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
B-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1992
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**295.222**
Aðrar skammtímaskuldir	**11.202.194**
Ógreidd gjöld	3.578.495
Viðskiptareikningar	5.088.925
Tekin stutt lán	2.534.774
Skammtímaskuldir samtals	**11.497.416**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	**140.976.672**
Skuldir samtals	**152.474.088**
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**1.012.996**
Endurmatsreikningar	**55.955.680**
Höfuðstóll	**30.095.604**
Eigið fé alls	**87.064.280**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**239.538.368**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1992 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta Alþingis í september 1993. Frumvarp þetta var áður flutt á vorþingi 1994, en hlaut ekki afgreiðslu þá og er nú endurflutt óbreytt.

1. Helstu niðurstöður.

Niðurstöður ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um 10.592 m.kr., en var árið á undan neikvæð um 13.450 m.kr. Heildartekjur námu 106.039 m.kr. og er það hækkun frá fyrra ári um 59 m.kr. eða innan við 0,1%. Heildargjöld ríkissjóðs urðu 116.631 m.kr. á árinu en voru árið áður 119.430 m.kr. Lækkun milli ára er 2.799 m.kr. eða 2,3%. Meðalhækkun verðlags milli áranna 1991 og 1992 á mælikvarða landsframleiðslu er 3,4% þannig að raunlækkun gjalda nemur 5,6%.

	Ríkis-reikningur 1991 m.kr.	Ríkis-reikningur 1992 m.kr.	Greiðslu-uppgjör 1992 m.kr.	Mismunur[1] m.kr..
Tekjur	105.980	106.039	103.447	2.592
Gjöld	119.430	116.631	110.608	6.023
Gjöld umfram tekjur	13.450	10.592	7.161	3.431

1) Í ríkisreikningi er tekið tillit til skuldbreytinga og krafna sem ekki hafa komið til greiðslu eða innheimtu.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins, þá er afkoman betri samkvæmt greiðsluuppgjöri eins og taflan hér að ofan sýnir.

Tekjur eru alls 2.592 m.kr. hærri í reikningsuppgjöri þar sem álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1.671 m.kr. aukning á eftirstöðvum virðisaukaskatts og 565 m.kr. vegna áfallina vaxtatekna.

	Sundurliðun mismunar m.kr.
Tekjur	**2.592**
Virðisaukaskattur	1.671
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	565
Tekjuskattur einstaklinga	348
Annað	8
Gjöld	**6.023**
Ógjaldfallnir vextir	3.947
Lífeyrisskuldbindingar	1.766
Niðurfærsla hlutafjáreignar í Íslenska Járnblendifélaginu hf.	770
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	360
Gjöld vegna uppkaupa ríkissjóðs á fullvirðisrétti bænda	306
Lækkun á niðurgreiðslum landbúnaðarafurða	-407
Lækkun á skuld ríkissjóðs við sveitarfélög v/ skólabygginga o.fl.	-397
Lækkun á ýmsum stofnkostnaðarliðum í mennta- félags- og heilbrigðismálum	-384
Lækkun á gjöldum Vegagerðar ríkisins	-258
Annað	320

Frávik frá gjöldum eru 6.023 m.kr. Munar þar mest um áfallna vexti, umfram greidda, eða 3.947 m.kr. Þar af eru 3.236 m.kr. vegna hækkunar á vöxtum spariskírteina ríkissjóðs. Í meðfylgjandi töflu kemur fram frekari sundurliðun á mismun greiðsluuppgjörs og ríkisreiknings. Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til skýrslu fjármálaráðherra frá því í febrúar 1993 um ríkisfjármál 1992 og endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1992.

2. Reikningsfærsla ábyrgða og skuldbindinga.

Með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum í atvinnurekstri. Breytingin felur fyrst og fremst í sér að í ríkisreikning eru færðar allar skuldbindingar og kröfur A-hluta ríkissjóðs, óháð því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki. Ákvæði laga um gerð ríkisreiknings nr. 52/1966 með síðari breytingum, gera ráð fyrir að ríkisreikningur sé gerður upp á rekstrargrunni.

Breytingin tekur einnig til þess að ábyrgðir ríkissjóðs á rekstri og skuldbindingum séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar. Þeim er hins vegar hagað með ýmsum hætti í uppgjörum. Ábyrgðir vegna rekstrar stofnana í A-hluta ríkissjóðs eru tiltölulega skýrar og auðmetnar, en málið er flóknara þegar tekur til ábyrgða á fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign svo og ýmsum öðrum aðilum sem ríkissjóður veitir ábyrgð. Einnig þarf að ákveða færslur á eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum og sjóðum í efnahag A-hluta ríkisreiknings svo og með hvaða hætti rekstrarniðurstaða ársins og breytingar á eigin fé þeirra er sett þar fram.

Þannig koma ýmis álitamál upp þegar ákvarða skal reikningsfærslu slíkra ábyrgða og skuldbindinga. Mikilvægt er að um þær gildi samræmdar og skýrar vinnureglur. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem ríkisreikningsnefnd hefur nú til úrlausnar. Undir þessa málsmeðferð fellur m.a. ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Með lögum nr. 3/1992 breyttist hlutverk og staða sjóðsins þar sem útlánastarfsemi hans var m.a. lögð af. Samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins er eigið fé hans neikvætt um 830 m.kr. í lok árs 1993. Um það er ekki deilt að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum. Það sama má einnig segja um neikvæðan höfuðstól Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar í árslok 1992 og e.t.v. fleiri aðila.

Þar til ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögu um samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkissjóðs hafa hlutaðeigandi orðið ásáttir um að færa neikvætt eigið fé umræddra sjóða ekki í ríkisreikning.

66. Frumvarp til fjáraukalaga [66. mál]

fyrir árið 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1994 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1994:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 619 000**
Beinir skattar	898 000	
Óbeinir skattar	1 644 000	
Vaxtatekjur	400 000	
Aðrar tekjur	-323 000	
Gjöld		**5 632 500**
Samneysla	1 332 600	
Rekstrargjöld	1 322 600	
Viðhald	10 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1 731 700	
Fjárfesting	2 568 200	
Stofnkostnaður	2 568 200	
Gjöld umfram tekjur		**3 013 500**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		7 580 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**10 593 500**
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**10 593 500**
Lántökur		10 600 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**6 500**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1994 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	59 300	
01 Forsætisráðuneyti	363 000	
02 Menntamálaráðuneyti	61 000	
03 Utanríkisráðuneyti	55 300	
04 Landbúnaðarráðuneyti	34 900	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	-192 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	611 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	6 700	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 499 000	
09 Fjármálaráðuneyti	2 619 800	
10 Samgönguráðuneyti	434 500	
11 Iðnaðarráðuneyti	73 000	
14 Umhverfisráðuneyti	7 000	
Samtals		5 632 500

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			6 400
6 10	Bifreiðir	6 400	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals		**6 400**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 900
1 02	Aðalskrifstofa	25 900	
1 03	Þingmálaskrifstofa	5 000	
	Gjöld samtals		30 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 500	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	2 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 900	
5	Gjöld samtals		**30 900**
00–520 Opinberar heimsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 000
1 01	Opinberar heimsóknir	22 000	
	Gjöld samtals		22 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	22 000	
5	Gjöld samtals		**22 000**
	Samtals		59 300

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 000
1 51	Lýðveldishátíðin 1994	42 000	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	10 000	
	Gjöld samtals		52 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	42 000	
5	Gjöld samtals		**52 000**
01–221 Byggðastofnun			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			300 000
6 01	Byggðastofnun	300 000	
	Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**
01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Aðalskipulag	11 000	
	Gjöld samtals		11 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**
	Samtals		363 000

02 Menntamálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–720 Grunnskólar, almennt		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		50 000
1 90 Grunnskólar, óskipt	50 000	
Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	50 000	
5 Gjöld samtals		**50 000**
02–989 Ýmis íþróttamál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 000
1 11 Ólympíunefnd Íslands	4 000	
Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 000	
5 Gjöld samtals		**4 000**
02–997 Uppgjör við sveitarfélög		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		7 000
6 01 Uppgjör við sveitarfélög	7 000	
Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	7 000	
5 Gjöld samtals		**7 000**
Samtals		61 000

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 500
1 01	Yfirstjórn	7 500	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	1 100	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	8 900	
1 53	Þýðingamiðstöð	14 000	
	Gjöld samtals		31 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 000	
52–58	Önnur gjöld	17 500	
5	Gjöld samtals		**31 500**
03–201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	9 000	
	Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
5	Gjöld samtals		**9 000**
03–390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 500
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	7 500	
	Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 500	
5	Gjöld samtals		**7 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401 Alþjóðastofnanir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 300
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	7 300	
	Gjöld samtals		7 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 300	
5	Gjöld samtals		**7 300**
	Samtals		55 300

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 900
1 51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	1 900	
	Gjöld samtals		1 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 900	
5	Gjöld samtals		**1 900**
04–211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−8 000	
	Mismunur		**8 000**
04–311 Landgræðsla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 20	Sérstök verkefni	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	17 000	
	Gjöld samtals		17 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 000	
5	Gjöld samtals		**17 000**
	Samtals		34 900

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 43	Skiptaverðsnefnd	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	215 000	
	Mismunur		**–215 000**
05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	–5 000	
	Mismunur		**5 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–204 Fiskistofa			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−10 000	
	Mismunur		**10 000**
	Samtals		−192 000

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
06–231 Málskostnaður í opinberum málum		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 000
1 10 Málskostnaður í opinberum málum	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
06–311 Lögreglustjórinn í Reykjavík		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		21 000
1 01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	21 000	
Gjöld samtals		21 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	21 000	
5 Gjöld samtals		**21 000**
06–395 Landhelgisgæsla Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		15 000
1 90 Landhelgisgæsla Íslands	15 000	
Stofnkostnaður:		535 000
6 50 Björgunarþyrla	535 000	
Gjöld samtals		550 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	550 000	
5 Gjöld samtals		**550 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–711 Prestaköll og prófastsdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 10	Prestar og prófastar	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
	Samtals		611 000

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 700
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	6 700	
	Gjöld samtals		6 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 700	
5	Gjöld samtals		**6 700**
	Samtals		6 700

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–204 Lífeyristryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			400 000
1 10	Lífeyristryggingar	400 000	
	Gjöld samtals		400 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	400 000	
5	Gjöld samtals		**400 000**
08–206 Sjúkratryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			800 000
1 10	Sjúkratryggingar	800 000	
	Gjöld samtals		800 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800 000	
5	Gjöld samtals		**800 000**
08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367 Sjúkrahúsið Suðurnesjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 10	Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 000
1 01	Ríkisspítalar	47 000	
	Gjöld samtals		47 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 000	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals	47 000	
4	Sértekjur	−5 000	
	Mismunur		**52 000**
08–372 Borgarspítalinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 000
1 01	Borgarspítalinn	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
5	Gjöld samtals	7 000	
4	Sértekjur	−80 000	
	Mismunur		**87 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	100 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−17 200	
	Mismunur		**17 200**
08–422 Hlaðgerðarkot			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−2 800	
	Mismunur		**2 800**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			10 000
6 20	Fasteignir	10 000	
	Gjöld samtals		10 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
	Samtals		1 499 000

09 Fjármálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–250 Innheimtukostnaður		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		65 000
1 10 Ýmis innheimtukostnaður	65 000	
Gjöld samtals		65 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	65 000	
5 Gjöld samtals		**65 000**
09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		30 000
1 01 Gjaldheimtan í Reykjavík	30 000	
Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	30 000	
5 Gjöld samtals		**30 000**
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		300 000
6 91 Rauðarárstígur 25	300 000	
Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	300 000	
5 Gjöld samtals		**300 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–989 Launa- og verðlagsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 173 400
1 01	Rekstur	873 400	
1 90	Launabætur	300 000	
Stofnkostnaður:			1 048 800
6 01	Stofnkostnaður	1 048 800	
	Gjöld samtals		2 222 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	586 700	
52–58	Önnur gjöld	1 249 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	386 300	
5	Gjöld samtals	2 222 200	
4	Sértekjur	−1 600	
	Mismunur		**2 223 800**
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
	Samtals		2 619 800

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 92	Samstarfsskrifstofa í Ósló vegna Loran-C kerfisins	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 500	
5	Gjöld samtals		**4 500**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			350 000
6 10	Nýframkvæmdir	350 000	
	Gjöld samtals		350 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	350 000	
5	Gjöld samtals		**350 000**
10–471 Flugmálastjórn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 000
1 01	Flugmálastjórn	80 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 000	
5	Gjöld samtals		**80 000**
	Samtals		434 500

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–299	**Iðja og iðnaður, framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 000
1 42	Jöfnunaraðstoð við skipasmíðaiðnað	70 000	
1 91	Ýmis verkefni	3 000	
	Gjöld samtals		73 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	73 000	
5	Gjöld samtals		**73 000**
	Samtals		73 000

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–210 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Veiðistjóri	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Almenn starfsemi	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		7 000

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs umfram tekjur yrðu 9,6 milljarðar króna. Svigrúm til aðgerða á gjaldahlið var takmarkað. Þar var einkum um að kenna útgjöldum sem leiða af erfiðu árferði, eins og auknum atvinnuleysisbótum, í öðru lagi skuldbindingum stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga, s.s. átak í vegaframkvæmdum, og í þriðja lagi áframhaldandi vexti í kerfisbundnum útgjöldum á borð við almannatryggingar og vaxtagjöld. Horfur voru á að fyrstu tveir þættirnir mundu jafnframt þrengja mjög að tekjuöflun ríkissjóðs. Þannig var áætlað að samdráttur í efnahagsstarfseminni mundi skerða tekjur ársins 1994 um tæplega 2 milljarða króna. Þá var talið að breytingar í skattamálum sem ákveðnar voru til að greiða fyrir gerð kjarasamninga yrðu til þess að lækka tekjur ríkissjóðs um 1,5 milljarða króna. Í þeirri áætlun munaði mest um fyrirhugaða lækkun virðisaukaskatts á matvæli úr 24,5% í 14%.

Miðað við útkomu fyrstu átta mánaða ársins og endurskoðaða áætlun um framvinduna til áramóta eru nú horfur á að rekstrarhalli ríkissjóðs verði 10,9 milljarðar króna. Ef þetta gengur eftir verður frávikið frá fjárlögum um 1,2 milljarðar króna, sem er mun minna en verið hefur um langt skeið. Hér á eftir er fjallað um megindrættina í áætlaðri afkomu ríkissjóðs á árinu 1994 með samanburði við forsendur fjárlaga, en ítarlegri umfjöllun er að finna í frumvarpi til fjárlaga 1995.

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Tekjur	103.220	104.146	106.765	2.619
Gjöld	112.863	113.782	117.640	3.858
Rekstrarafkoma	**-9.643**	**-9.636**	**-10.875**	**-1.239**
Veitt lán, nettó	-871	-1.140	-8.720[1]	-7.580
Hluta- og stofnfjárframlög	-410	-500	-500	-
Viðskiptareikningar	226	-500	-500	-
Hrein lánsfjárþörf	**-10.698**	**-11.776**	**-20.595[1]**	**-8.819**
Lántökur, nettó	**12.134**	**11.850**	**20.600[1]**	**8.750**
Innlend lántaka – afborganir	8.090	7.200	-	-
Erlend lántaka – afborganir	4.044	4.650	-	-
Greiðsluafkoma	**1.436**	**74**	**5**	**-69**

[1] Þar af 7.000 m.kr. endurlán til Húsnæðisstofnunar.

Þótt rekstrarafkoman í heild hafi ekki versnað nema sem svarar til um 1% af tekjuáætlun fjárlaga verða engu að síður talsverðar breytingar bæði í gjöldum og tekjum.

Þannig er nú talið að tekjur ársins 1994 verði um 106,8 milljarðar króna, eða um 2,6 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Veldur þar mestu hagstæðari efnahagsframvinda en ætlað var í lok síðasta árs. Í stað þess að landsframleiðslan dragist saman um 2%, eins og spáð var í fjárlögum, bendir endurskoðuð þjóðhagsspá nú til þess að hagvöxtur verði nálægt 2% á árinu. Jafnframt er talið að ráðstöfunartekjur á mann aukist um 1,7%, en í fjárlögum var gert ráð fyrir að þær lækkuðu um 1,3%. Þá er útlit fyrir að útflutningur aukist um 4% á árinu, á móti 3% vexti innflutnings, þannig að afgangur verður áfram á viðskiptum við útlönd og jafnvel meiri en á liðnu ári. Efnahagsbatinn kemur fram í aukinni veltu í flestum atvinnugreinum, en einnig má merkja hann í betri afkomu fyrirtækja og auknum tekjum einstaklinga. Að samanlögðu er áætlað að þessir þættir skili ríkissjóði um 3,5 milljörðum króna í auknum veltu- og tekjutengdum sköttum. Á móti kemur að tekjur af bifreiðainnflutningi og bensínsölu verða um 0,9 milljörðum króna lægri en í áætlun fjárlaga.

Helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1994, m.kr.

	Tekjuhlið:	
1.	**Veltuáhrif vegna betri afkomu þjóðarbúsins**	**2.500**
2.	**Betri afkoma fyrirtækja, bætt skattskil o.fl.**	**1.019**
3.	**Vörugjöld af bensíni og bifreiðum, eignasala**	**-900**
	Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**2.619**
	Gjaldahlið:	
1.	**Ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis**	**2.390**
	– Kaup á þyrlu	535
	– Framkvæmdir við Vestfjarðagöng	350
	– Aðstoð við atvinnulíf á Vestfjörðum	300
	– Kaup á húsnæði fyrir utanríkisráðuneytið	300
	– Eingreiðslur til lífeyrisþega	300
	– Útgjöld í tengslum við kjarasamninga	450
	– Aðrar ákvarðanir	155
2.	**Sjúkratryggingar**	**800**
3.	**Rekstrarhalli sjúkrahúsa**	**320**
4.	**Flutningur fjárfestingarframlaga milli ára, nettó**	**400**
5.	**Eftirstöðvar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins**	**-215**
6.	**Önnur útgjöld**	**163**
	Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**3.858**

Á gjaldahlið stefnir í nokkru meira frávik frá fjárlögum en á tekjuhlið, eða sem nemur um 3,9 milljörðum króna, og verða heildarútgjöld ársins þá 117,6 milljarðar króna. Skýringa á frávikum á gjaldahlið er fremur að leita í ýmsum sértækum útgjaldaákvörðunum stjórnvalda heldur en í almennri efnahagsþróun á árinu.

Nærri $^2/_3$ hlutar aukinna útgjalda frá fjárlögum, eða um 2,4 milljarðar króna, eiga rætur að rekja til ákvarðana ríkisstjórnar og Alþingis, einkum um aukin framlög vegna fjárfestingar og í tengslum við kjarasamninga.

Í annan stað má rekja yfir einn milljarð króna af útgjaldaaukningunni til þess að ýmis áform um sparnað og aðhald hafa ekki gengið eftir í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Afgangurinn skýrist að mestu annars vegar af því, að gert er ráð fyrir að óhafnar viðhalds- og stofnkostnaðarheimildir frá 1993 sem nýttar verða í ár verði um 400 m.kr. hærri en sams konar heimildir sem færast til næsta árs, og hins vegar af ýmsum ófyrirséðum smærri útgjaldatilefnum. Þá hefur verið ákveðið að eftirstöðvar í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins renni til ríkissjóðs og komi til lækkunar á rekstrarútgjöldum.

Lakari rekstrarafkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum hefur í för með sér samsvarandi aukningu í lánsfjárþörf ríkissjóðs. Að þessu frátöldu stafar aukning hreinnar lánsfjárþarfar nær öll af því að ríkissjóður hefur þurft að hafa milligöngu um 7 milljarða króna lántöku fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins vegna erfiðleika stofnunarinnar við lánsfjáröflun með skuldabréfasölu á markaði í ár. Þessi endurlán ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar hafa hins vegar engin áhrif á heildarlántökur opinberra aðila.

Tekjur

Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 104,1 milljarður króna. Tvö atriði voru talin vega þyngst í þróun tekna á árinu. Annars vegar var spáð áframhaldandi efnahagssamdrætti með fyrirsjáanlegri skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Hins vegar höfðu verið samþykktar verulegar breytingar í skattamálum sem skertu tekjurnar enn frekar.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Tekju- og eignarskattar	**20.311**	**21.345**	**22.243**	**898**	**4,2**
Einstaklingar	15.239	17.425	17.468	43	0.2
Fyrirtæki	5.072	3.920	4.775	855	21,8
Óbeinir skattar	**75.851**	**75.376**	**77.020**	**1.644**	**2,2**
Innflutnings- og vörugjöld	7.695	7.934	7.666	-268	-3,4
Virðisaukaskattur	40.497	38.815	40.000	1.185	3,1
Hagnaður ÁTVR	6.150	6.370	6.600	230	3.6
Tryggingagjald	9.962	10.220	10.400	180	1.8
Bifreiðagjöld	7.512	8.270	8.140	-130	-1.6
Aðrir óbeinir skattar	4.035	3.767	4.214	447	11.9
Aðrar tekjur	**7.058**	**7.425**	**7.502**	**77**	**1,0**
Vaxtatekjur	4.420	4.000	4.400	400	10.0
Arðgreiðslur o.fl.	2.638	3.425	3.102	-323	-9.4
Heildartekjur ríkissjóðs	**103.220**	**104.146**	**106.765**	**2.619**	**2,5**

Hagstæðari efnahagsframvinda en spáð var í lok síðasta árs hefur styrkt tekjuhlið ríkissjóðs á þessu ári. Nýjustu spár benda til þess að þjóðartekjur aukist um 1,7%

milli ára og þjóðarútgjöld um 1,5%. Í forsendum fjárlaga var hins vegar gert ráð fyrir 2% samdrætti þjóðartekna og þjóðarútgjalda. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að heildartekjurnar verði 2,6 milljörðum króna meiri á þessu ári en spáð hafði verið, eða 106,8 milljarðar króna.

Þessi þróun birtist einkum í meiri tekjum af virðisaukaskatti, en einnig í öðrum veltu- og tekjutengdum sköttum. Merki um batnandi afkomu fyrirtækja sjást einnig í álagningu tekjuskatts á þessu ári, sem varð mun hærri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þá hefur innheimta skatta batnað.

Á móti þessum batamerkjum vegur þrennt sem lækkar tekjur ríkissjóðs um nær einn milljarð króna á þessu ári. Í fyrsta lagi hefur heimsmarkaðsverð á olíu verið mun lægra á þessu ári en reiknað var með, en það skerðir vörugjaldstekjur ríkissjóðs af bensíni. Í öðru lagi verða tekjur af bifreiðainnflutningi talsvert lægri en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga. Að lokum verða bókfærðar tekjur af sölu ríkiseigna lægri en gert var ráð fyrir.

Tekju- og eignarskattar. Þegar á heildina er litið bendir allt til þess að tekju- og eignarskattar einstaklinga verði því sem næst á áætlun á þessu ári, eða samtals 17,5 milljarðar króna. Að vísu skilar staðgreiðslan heldur meiri tekjum en áætlað hafði verið vegna meiri tekjubreytinga, en á móti kemur að greiðslur vaxtabóta verða talsvert meiri en búist hafði verið við.

Á hinn bóginn eru tekjur af tekju- og eignarsköttum fyrirtækja taldar verða tæplega 900 m.kr. meiri í ár en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga. Þannig virðist afkoma fyrirtækja hafa verið mun betri á árinu 1993 en áætlað hafði verið, en það birtist í hærri álagningu tekjuskatts á þessu ári. Auk þess hefur innheimta tekju- og eignarskatta verið betri en miðað var við í forsendum fjárlaga.

Óbeinir skattar. Sem fyrr segir endurspeglast aukin umsvif í þjóðarbúskapnum í meiri tekjum af veltusköttum, einkum virðisaukaskattinum. Í fjárlögum yfirstandandi árs var talið að tekjur af virðisaukaskatti yrðu 38,8 milljarðar króna en samkvæmt endurskoðaðri áætlun er útlit fyrir að skil þessa skattstofns verði 40 milljarðar króna. Svipaðrar þróunar gætir í innheimtu almennra vörugjalda og skattskilum ÁTVR jafnframt því sem meiri tekjubreytingar auka tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi. Þá eru tekjur af stimpilgjöldum og ýmsum leyfis- og skráningargjöldum talsvert meiri en áætlað hafði verið, en það er ótvírætt merki um aukin umsvif. Á móti vegur þrennt. Í fyrsta lagi eru minni tekjur af almennu vörugjaldi á bensín vegna lækkandi verðs á heimsmarkaði. Í öðru lagi skilar vörugjald af bifreiðum talsvert minni tekjum en reiknað var með. Í þriðja lagi verða tekjur af bifreiðagjaldi, sem hækkaði um þriðjung um síðustu áramót, nokkru lægri en miðað var við í forsendum fjárlaga. Þegar allt hefur verið lagt saman má reikna með að óbeinir skattar muni skila ríkissjóði 1,6 milljörðum króna í viðbótartekjur á þessu ári.

Aðrar tekjur. Talið er að tekjur af þeim gjaldstofnum sem hér falla undir muni verða í samræmi við áætlun á þessu ári. Þar skiptir hins vegar í tvö horn. Vaxtatekjur hafa orðið talsvert meiri en reiknað var með, en á hinn bóginn verða bókfærðar tekjur af sölu eigna lægri en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga.

Útgjöld

Við afgreiðslu fjárlaga 1994 voru útgjöld ríkissjóðs áætluð 113,8 milljarðar króna samanborið við 112,9 milljarða króna árið 1993. Útgjaldaáætlunin hefur nú verið endurmetin við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1995 með hliðsjón af útkomu fyrstu átta mánaða ársins og horfum um framvindu ríkisfjármála til áramóta. Einnig hafa farið fram viðræður milli fulltrúa fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta um stöðu mála og um beiðnir um viðbótarframlög í fjáraukalögum. Nú er talið að útgjöldin verði 3,9 milljörðum króna hærri en í fjárlögum, eða um 117,6 milljarðar króna. Í þessu sambandi er rétt að benda á að greiðsluheimildirnar sem sótt er um í frumvarpinu eru hærri vegna yfirfærslu heimilda frá liðnu ári. Hér að neðan eru helstu frávikin rakin eftir hagrænni flokkun þeirra.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarkostnaður	**44.512**	**43.341**	**44.000**	**659**	**1,5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**42.940**	**44.031**	**45.650**	**1.619**	**3,7**
Lífeyristryggingar	15.545	15.875	16.175	300	1,9
Sjúkratryggingar	9.520	9.230	10.130	900	9,8
Slysatryggingar	575	534	534	-	-
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.287	3.070	3.170	100	3,3
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.560	5.019	5.036	17	0,3
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.699	1.550	1.550	-	-
Annað	7.754	8.753	9.055	302	3,5
Vaxtagjöld	**9.732**	**11.450**	**11.450**	-	-
Viðhald	**3.363**	**3.132**	**3.132**	-	-
Stofnkostnaður	**12.316**	**11.828**	**13.408**	**1.580**	**13,4**
Vegamál	4.502	4.239	4.588	349	8,2
Hafnamál	1.072	939	939	-	-
Byggingarsjóðir	925	918	918	-	-
Heilbrigðisstofnanir	783	708	708	-	-
Annað	5.034	5.024	6.255	1.231	24,5
Samtals	**112.863**	**113.782**	**117.640**	**3.858**	**3,4**

Rekstrarkostnaður er nú talinn aukast um tæplega 0,7 milljarða króna og verða 44 milljarðar króna í árslok. Á föstu verðlagi hefur rekstrarkostnaður ríkisins þá lækkað um 1,4 milljarða króna frá útkomu liðins árs. Í hækkun rekstrargjalda vega þyngst um 450 m.kr. útgjöld í tengslum við nýja og eldri kjarasamninga. Þannig er útgjaldaauki vegna kjarasamninga heilbrigðisstétta metinn á 180 m.kr., uppbætur til ríkisstarfsmanna vegna efnahagsbata námu um 110 m.kr. og 80 m.kr. eru vegna dóms um bráðabirgðalög á launahækkanir flugumferðarstjóra. Í annan stað er talið að útgjöld ríkissjóðs aukist um 300 m.kr. vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Önnur ný útgjaldatilefni eru af ýmsum toga, eins og nánar er greint frá í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 45,6 milljarðar króna í stað 44 milljarða króna í fjárlögum og hækka þannig um 1,6 milljarða króna. Um 3/4 hlutar umframútgjaldanna, eða 1,2 milljarðar króna, eru vegna lífeyris- og sjúkratrygginga. Þar af eru 300 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um auknar eingreiðslur til lífeyrisþega og 800 m.kr. vegna ýmissa sparnaðaráforma og aðhaldsaðgerða sem ekki hafa gengið eftir í sjúkratryggingum. Af öðrum málum er helst að nefna ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 70 m.kr. jöfnunarstyrki til skipasmíðaiðnaðar.

Viðhald og stofnkostnaður valda svipuðu fráviki á gjaldahlið og tilfærslur. Þessi útgjöld eru nú áætluð 16,5 milljarðar króna, en það er hækkun um 1,6 milljarða króna frá fjárlögum. Því sem næst öll útgjaldaaukningin á rætur að rekja til sérstakra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi eru útgjöld vegna kaupa á björgunarþyrlu 535 m.kr. Í öðru lagi var gengið frá kaupum á húsnæði undir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis fyrir 300 m.kr. Þá var ákveðið að bæta Vegagerðinni 350 m.kr. viðbótarkostnað vegna vatnsaga í Vestfjarðagöngum og samþykkt lög um 300 m.kr. framlag til að stuðla að samruna sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Loks er talið að óhafnar viðhalds- og stofnkostnaðarheimildir frá 1993 sem nýttar verða í ár verði um 400 m.kr. hærri en sams konar heimildir sem færast til næsta árs.

Yfirfærsla heimilda og gjalda frá 1993. Líkt og í fjáraukalögum undanfarinna ára er gert ráð fyrir að flytja afgangsheimildir og umframgjöld flestra fjárlagaliða frá liðnu ári til yfirstandandi árs. Við ákvarðanir um yfirfærslur er farið eftir vinnureglum sem kynntar voru í frumvörpum til fjáraukalaga áranna 1991 til 1992. Meginreglan er að umframgjöld í rekstri flytjast milli ára og óhafnar heimildir einnig. Á tilfærsluliðum eru umframgjöld og ónotaðar fjárveitingar hins vegar almennt felldar niður við áramót, enda eru þær greiðslur yfirleitt lög- eða samningsbundnar. Fjallað var um fyrirhugaðar yfirfærslur heimilda einstakra stofnana til ársins 1994 í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1993.

Yfirfærslur óhafinna fjárveitinga og umframgjalda til 1994

Greiðslugrunnur	Rekstur óhafið þús. kr.	Rekstur umframgj. þús. kr.	Stofnkost. og viðhald þús. kr.
00 Æðsta stjórn	14.467	2.774	33.371
01 Forsætisráðuneyti	20.058	10.803	36.640
02 Menntamálaráðuneyti	290.687	100.965	546.168
03 Utanríkisráðuneyti	75.104	15.296	3.288
04 Landbúnaðarráðuneyti	111.378	2.645	-
05 Sjávarútvegsráðuneyti	41.479	300	20.253
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	140.316	33.068	135.810
07 Félagsmálaráðuneyti	148.808	1.685	86.111
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	103.443	34.446	19.744
09 Fjármálaráðuneyti	95.616	4.348	155.728
10 Samgönguráðuneyti	19.439	5.674	-4.305
11 Iðnaðarráðuneyti	19.637	5.331	-484
12 Viðskiptaráðuneyti	11.527	-	-
13 Hagstofa Íslands	9.817	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	950	10.401	16.450
Samtals	**1.102.726**	**227.736**	**1.048.774**

Af rekstrarheimildum ríkissjóðs árið 1993 er lagt til að fluttar verði 1.103 m.kr. til ársins 1994, en á móti verði heimildir fjárlaga 1994 lækkaðar um 228 m.kr. vegna umframgjalda 1993. Ónotaðar heimildir til viðhalds og stofnkostnaðar nema 1.049 m.kr., en nokkur hluti þeirra er vegna framlaga til atvinnuskapandi verkefna á liðnu ári sem ekki tókst að nýta. Sótt er um þessar fjárheimildir undir liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* í frumvarpinu, en í fylgiskjali 1 kemur fram frekari sundurliðun á einstakar stofnanir ríkisins.

Lánahreyfingar

Í fjárlögum 1994 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 11,8 milljarðar króna. Að viðbættum afborgunum eldri lána var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs talin verða 27,7 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf er nú áætluð 20,6 milljarðar króna og heildarlánsfjárþörfin 36,5 milljarðar króna, eða um 8,8 milljarði króna hærri en í fjárlögum. Sú aukning skýrist að mestu af því að ríkissjóður hefur þurft að hafa milligöngu um 7 milljarða króna lántökur fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem innlend lánsfjáröflun stofnunarinnar hefur ekki gengið sem skyldi. Lakari rekstrarafkoma ríkissjóðs en áætlað var eykur lánsfjárþörfina um 1,2 milljarða króna og að auki hækka lánveitingar til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins um hálfan milljarð króna.

Talið er að unnt verði að afla lánsfjár að jöfnu á innlendum og erlendum lánamarkaði. Um síðustu áramót var innistæða ríkissjóðs hjá Seðlabanka um 4 milljarðar króna. Er því nokkurt svigrúm til að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs með því að lækka sjóðstöðuna hjá Seðlabanka. Í frumvarpi til lánsfjáraukalaga 1994, sem verður lagt fram á Alþingi á næstunni, verður leitað eftir nauðsynlegum viðbótarheimildum fyrir ríkissjóð.

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Áætlun 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarafkoma	**-9.643**	**-9.636**	**-10.875**	**-1.239**	**12,9**
Lánveitingar, nettó	**-871**	**-1.140**	**-8.720**	**-7.580**	**664,9**
Lánveitingar	-6.153	-6.240	-13.820	-7.580	121,5
Innheimtar afborganir	5.282	5.100	5.100	-	-
Hluta- og stofnfjárframlög	**-410**	**-500**	**-500**	-	-
Viðskiptareikningar	**226**	**-500**	**-500**	-	-
Hrein lánsfjárþörf	**-10.698**	**-11.776**	**-20.595**	**-8.819**	**74,9**
Afborganir	**-5.900**	**-15.900**	**-15.900**	-	-
Spariskírteini	-2.554	-4.700	-4.700	-	-
Önnur innlend lán	-2.187	-1.500	-1.500	-	-
Erlend lán	-1.159	-9.700	-9.700	-	-
Heildarlánsfjárþörf	**-16.598**	**-27.676**	**-36.495**	**-8.819**	**31,9**
Lántökur	**18.034**	**27.750**	**36.500**	**8.750**	**31,5**

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði, sbr. 3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 59,3 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands. Farið er fram á 6,4 m.kr. aukafjárveitingu. Ákveðið var að endurnýja viðhafnarbifreið forseta Íslands í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins.

201 Alþingi. Lagt er til að fjárheimild Alþingis hækki um 30,9 m.kr. Í fyrsta lagi er um að ræða 7,9 m.kr. viðbótarútgjöld vegna sameiningar Starfsmannafélags Alþingis og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Alþingis í Félag starfsmanna Alþingis þann 1. janúar sl. Tilgangur sameiningarinnar er að einfalda og greiða fyrir samstarfi um kjara- og starfsmannamál stofnunarinnar. Nýja félaginu var bætt inneign sem tapaðist í orlofs- og starfsmenntunarsjóðum BSRB vegna starfsmanna sem áður tilheyrðu Starfsmannafélagi Alþingis. Í öðru lagi urðu útgjöld vegna lýðveldishátíðarinnar alls 23 m.kr. umfram áform í fjárlögum. Af þeirri fjárhæð eru 15,5 m.kr. vegna smíði á þingpalli, leigu á hátalarakerfi, gestamóttöku o.fl. í tengslum við hátíðarfund þingsins á Þingvöllum á þjóðhátíðardaginn, 5 m.kr. eru vegna afmælissýningar sem efnt var til í Alþingishúsinu og 2,5 m.kr. vegna framlags til endurgerðar kvikmyndar um lýðveldishátíðina 1944.

520 Opinberar heimsóknir. Við afgreiðslu fjárlaga var ekki búið að taka ákvörðun um heimsóknir og móttökur erlendra þjóðhöfðingja í tilefni af lýðveldisafmælinu. Leitað er eftir 19 m.kr. fjárheimild til að standa straum af þeim kostnaði og 3 m.kr. viðbótarheimild vegna annarra opinberra heimsókna, eða alls 22 m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 363 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Sótt er um 52 m.kr. viðbótarheimild af tveimur tilefnum. Kostnaður við lýðveldishátíð varð meiri en upphafleg áætlun þjóðhátíðarnefndar gerði ráð fyrir. Helstu frávik eru vegna mannvirkjagerðar, veitinga, hreinlætisaðstöðu, sölutjalda, auglýsinga, almenningssamgangna, löggæslu, björgunarsveita og margvíslegra ófyrirséðra útgjalda. Samkvæmt uppgjöri forsætisráðuneytisins nemur kostnaðurinn við sjálfa hátíðina 137 m.kr., en þar af mun Alþingi greiða 15,5 m.kr. vegna hátíðarfundar þingsins. Fjárveiting í fjárlögum nemur 70 m.kr. og til viðbótar er gert ráð fyrir 10 m.kr. óhafinni heimild af aukafjárveitingu á liðnu ári. Er því farið fram á viðbótarframlag til að mæta 42 m.kr. fjárvöntun.

Í annað stað er leitað eftir 10 m.kr. viðbótarheimild til að ljúka framkvæmdum við viðhald ráðherrabústaðarins í Tjarnargötu í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar fyrr í ár.

221 ***Byggðastofnun.*** Sótt er um viðbótarframlag að fjárhæð 300 m.kr. Í kjölfar erfiðleika í atvinnulífi á Vestfjörðum, einkum vegna mikils samdráttar í veiðiheimildum, samþykkti Alþingi með lögum nr. 96/1994 að veita Byggðastofnun 300 m.kr. framlag til að standa straum af víkjandi lánum sem ætlað er að stuðla að samruna sjávarútvegsfyrirtækja í sveitarfélögum sem verða sameinuð. Auglýst var eftir lánsumsóknum í lok ágúst og gerir sérstakur starfshópur tillögur um afgreiðslu þeirra til stjórnar Byggðastofnunar. Samkvæmt lögunum verður framlagið greitt jafnóðum og lánin verða afgreidd og má því gera ráð fyrir að færa þurfi hluta heimildarinnar til næsta árs.

902 ***Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.*** Í tilefni af lýðveldishátíðinni var Vegagerð ríkisins falið að bæta aðkomu og útbúa bifreiðastæði á hátíðarsvæðinu á Þingvöllum. Ríkisstjórnin ákvað fyrr í ár að leita eftir 11 m.kr. aukafjárveitingu vegna þessara framkvæmda.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 61 m.kr.

720 ***Grunnskólar, almennt.*** Farið er fram á 50 m.kr. aukafjárveitingu vegna meiri nemendafjölda og annarrar aldursdreifingar í bekkjum grunnskólans en ætlað var í fjárlögum. Þá eru 4 m.kr. af fjárhæðinni vegna aukins kostnaðar við framkvæmd samræmdra prófa.

989 ***Ýmis íþróttamál.*** Sótt er um 4 m.kr. heimild til að styrkja Ólympíunefnd Íslands vegna undirbúnings íþróttamanna fyrir Ólympíuleikana í Atlanta í Bandaríkjunum á árinu 1996.

997 ***Uppgjör við sveitarfélög.*** Við afgreiðslu fjárlaga var fyrirhugað að ljúka uppgjörum við sveitarfélög vegna breytinga á verkaskiptingu með 330 m.kr. lokagreiðslu. Þá var ósamið við Kópavog en sá samningur hefur nú verið gerður og leiðir hann til 7 m.kr. viðbótarútgjalda. Leitað er eftir jafn hárri heimild til að mæta þeim kostnaðarauka.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 55,3 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Sótt er um aukafjárveitingu að fjárhæð 31,5 m.kr. til aðalskrifstofu ráðuneytisins af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi nemur fjárvöntun vegna prentunar og útgáfu á gerðum og viðaukum í tengslum við EES samninginn 8,9 m.kr. Ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum við afgreiðslu fjárlaga þar sem óvissa ríkti um hvort Alþingi eða dómsmálaráðuneyti kæmu að fjármögnun verksins. Í annan stað eru horfur á að útgjöld Þýðingarmiðstöðvar verði 14 m.kr. umfram fjárveitingu, einkum vegna vinnu að framangreindum þýðingum. Í þriðja lagi eru 7,5 m.kr. til að mæta auknum ferðakostnaði ráðuneytisins vegna formennsku Íslands í EFTA á síðari hluta ársins. Loks eru 1,1 m.kr. vegna umfangsmeiri þátttöku ráðuneytisins í alþjóðaráðstefnu um úthafsveiðar en fyrirhugað var við afgreiðslu fjárlaga.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Leitað er eftir 9 m.kr. viðbótarframlagi. Fjárveiting til embættisins í ár var lækkuð um tæpar 18 m.kr. frá fjárlögum síðasta árs. Ráðgert var að ná fram sparnaðinum að mestu með því að draga úr löggæslu við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og með auknum sértekjum af tollgæslu. Fjárheimild var þar með orðin 39 m.kr. lægri en útgjöld ársins 1993. Rekstraráætlun embættisins miðar að því að vinna upp 30 m.kr. af þeim halla að jöfnu með hagræðingu og sértekjuöflun, en fyrirsjáanlegt er að ekki tekst að vinna á hallanum að fullu í ár þar sem ekki varð af áformum um fækkun lögreglumanna hjá embættinu fyrr en í haust.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Skattyfirvöld hafa úrskurðað að stofnuninni beri að greiða tryggingagjald af staðaruppbótum starfsmanna erlendis vegna áranna 1993 og 1994. Lagt er til að veitt verði 7,5 m.kr. aukafjárveiting vegna málsins og er þá miðað við að í framtíðinni standi framlög stofnunarinnar undir þessum greiðslum.

401 Alþjóðastofnanir. Gerð er tillaga um 7,3 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við þátttöku Íslands í heilsugæslu á Balkanskaga, en þar eru nú tveir læknar og einn hjúkrunarliði að störfum. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um verkefnið á síðasta ári og veitti til þess 6,4 m.kr. af ráðstöfunarfé sínu. Kostnaðurinn er nú talinn verða meira en tvöfalt hærri, eða 13,7 m.kr., einkum vegna þess að heilbrigðisráðuneytið greiðir ekki föst laun heilsugæsluliðanna á meðan þeir eru í leyfi frá störfum sínum hér á landi eins og fyrirhugað var, ekki var gert ráð fyrir skattgreiðslum af staðaruppbótum starfsmannanna í upphaflegri áætlun, auk þess sem í ljós kom að þeir þurftu að fara í sérstaka þjálfun í tvo mánuði í Noregi.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 34,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Sótt er um 1,9 m.kr. hækkun heimildar þar sem árgjald til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar reyndist hærra en áætlað var í fjárlögum. Aðildarlöndin skipta jafnt með sér 30% af kostnaði nefndarinnar. Hin 70% greiðast í réttu hlutfalli við laxveiðina í aðildarlöndunum árið áður og var sá þáttur vanmetinn við undirbúning fjárlaga.

211 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Undanfarin tvö ár hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir lagabreytingu sem heimili álagningu búvélagjalds til að fjármagna rekstur bútæknideildar stofnunarinnar á Hvanneyri. Málið hefur ekki náð fram að ganga á Alþingi. Er því lagt til að krafa um sértekjur stofnunarinnar lækki um 8 m.kr., eða sem nemur áætluðum tekjum af gjaldinu. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er ekki gert ráð fyrir sértekjum af þessum toga.

311 Landgræðsla ríkisins. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leita eftir 8 m.kr. heimild til að láta byggja flóðvarnargarð við Vík í Mýrdal. Landbrot í Víkurfjörum hefur orðið meira en ætlað var og hefur sandfok yfir byggðina í Vík aukist af þeim völdum. Brýnt þykir að verja sandgildrur og sáningar fyrir ágangi sjávar.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Sótt er um 17 m.kr. til að verðbæta beinar greiðslur til bænda vegna misræmis í verðlagsforsendum fjárlaga og verðlagsákvæðum búvörusamnings.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytisins lækki um 192 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Sótt er um 8 m.kr. fjárheimild vegna nefndar sem skipuð var í kjölfar bráðabirgðalaga sem sett voru til að binda endi á verkfall sjómanna í ársbyrjun. Nefndinni er ætlað að kanna og úrskurða um ágreining varðandi skiptaverð til sjómanna, gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Auk nefndarlauna og skrifstofukostnaðar er gert ráð fyrir útgjöldum vegna umfangsmikillar gagnasöfnunar. Framlag til nefndarinnar er 15,1 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

202 Hafrannsóknastofnun. Með setningu laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins á vorþingi var lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins jafnframt breytt á þann veg að aðrar eignir sjóðsins en innistæður einstakra framleiðenda skyldu renna til reksturs Hafrannsóknarstofnunar. Lagt er til að sértekjur stofnunarinnar hækki af þeirri ástæðu um 215 m.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Lagt er til að sértekjur lækki um 5 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að stofnunin hefði tekjur af þjónustumælingum fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sölumiðstöðin hefur hins vegar samið við einkarekna rannsóknarstofu í kjölfar útboðs þar sem tilboð Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins reyndist vera of hátt.

204 Fiskistofa. Lagt er til að sértekjur lækki um 10 m.kr. Sértekjur stofnunarinnar af veiðieftirlitsgjaldi hafa lækkað í kjölfar samdráttar í úthlutuðum aflaheimildum. Ráðuneytið hefur ekki treyst sér til að hækka gjaldið umfram almennt verðlag við ríkjandi aðstæður.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 611 m.kr.

231 Málskostnaður í opinberum málum. Sótt er um 10 m.kr. viðbótarheimild en horfur eru á að greiðsluáætlun ársins muni ekki standast. Þar sem útgjöld á þessum lið hafa verið talsvert umfram fjárlög undanfarin ár fyrirhugar ráðuneytið að endurmeta fjárhæð framlagsins fyrir afgreiðslu fjárlaga komandi árs.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Farið er fram á 21 m.kr. hækkun heimildar vegna útistandandi reikninga frá liðnum árum sem sýnt þykir að fást ekki greiddir úr þessu. Um helmingur krafnanna er vegna öryggisgæslu við móttöku erlendra þjóðhöfðingja og hinn helmingurinn er vegna þess að dómsmálaráðuneytið felldi niður framlag til þjálfunarkostnaðar sérsveita fyrr en stofnunin hafði gert ráð fyrir.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Leitað er eftir viðbótarframlagi sem nemi alls 550 m.kr. í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu. Annars vegar er sótt um 535 m.kr. til kaupa á björgunarþyrlu, en þar af eru 50 m.kr. vegna kaupa á varahlutabirgðum og þjálfunar flugáhafnar. Gert er ráð fyrir að á móti þessum kostnaði komi á næsta ári fé úr sjóði sem safnað var með almennum framlögum til þyrlukaupanna. Hins vegar er sótt um 15 m.kr. til að standa straum af kostnaði vegna úthalds varðskips í tvo mánuði í Barentshafi til aðstoðar íslenskum fiskiskipum sem þar eru að veiðum.

711 Prestaköll og prófastsdæmi. Farið er fram á aukafjárveitingu að fjárhæð 30 m.kr. Eftir úrskurð kjaranefndar um laun presta í nóvember 1993 var launaliðurinn hækkaður um 30 m.kr. í fjárlögum 1994. Miðað við útkomu fyrstu átta mánaða ársins er orðið ljóst að hækkunin hefur verið verulega vanmetin.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 6,7 m.kr.

722 Sólheimar Grímsnesi. Gerð er tillaga um að framlag hækki um 6,7 m.kr. Félagsmálaráðuneytið og fulltrúaráð Sólheima gerðu með sér samkomulag í janúar sl., þar sem m.a. var gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun leggði mat á nokkra kostnaðarliði í rekstrinum. Niðurstaða stofnunarinnar var að fjárvöntun næmi 6,7 m.kr., einkum vegna launa til fatlaðra íbúa við atvinnustarfsemi á staðnum og vegna reiknaðs afgjalds af húseignum og annarri aðstöðu Sólheima.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.499 m.kr.

204 Lífeyristryggingar. Farið er fram á 400 m.kr. aukafjárveitingu. Fjárlög gerðu ráð fyrir 400 m.kr. fjárheimild vegna eingreiðslna til lífeyrisþega. Áætlað er að þau útgjöld verði 300 m.kr. hærri í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að greiða út sömu eingreiðslur og á liðnu ári og því til viðbótar sérstaka 6 þús. kr. eingreiðslu vegna efnahagsbata, líkt og samkomulag varð um á almennum vinnumarkaði. Að auki eru horfur á að bótagreiðslur verði 100 m.kr. umfram forsendur fjárlaga.

206 Sjúkratryggingar. Sótt er um 800 m.kr. hækkun fjárheimildar í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöldin miðað við útkomu fyrstu átta mánaða ársins. Fjárvöntunin stafar að mestu af því að áform um sparnað á þessum lið hafa ekki gengið eftir. Helstu frávik frá fosendum fjárlaga eru um 300 m.kr. vegna lyfjakostnaðar, 300 m.kr. vegna sérfræðilækninga, 100 m.kr. vegna hjálpartækja og 80 m.kr. vegna sérreikninga sjúkrahúsa.

366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum. Gerð er tillaga um 20 m.kr. viðbótarframlag vegna dóms sem fallinn er um bakvaktagreiðslur til starfsmanna með fyrirvara um endurkröfurétt á sveitarfélagið, sem stóð að rekstrinum á þeim tíma sem dómurinn tekur til.

367 Sjúkrahúsið Keflavík. Farið er fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna hallareksturs Víðihlíðar á síðasta ári. Framlag ársins 1993 miðaðist við fremur lága nýtingu sjúkrarúma fyrsta starfsárið og ekki var tekið nægilegt tillit til fasta kostnaðarins og starfsmannahaldsins sem þurfti til að hefja reksturinn. Þegar veitt var 17 m.kr. viðbótarframlag til sjúkrahússins á liðnu ári var samkomulag um að heilbrigðisráðuneytið mundi leysa úr rekstrarvanda Víðihlíðar, en það hefur ekki gengið eftir.

371 Ríkisspítalar. Lagt er til að fjárheimild verði aukin um alls 52 m.kr. af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að bæta 34 m.kr. kostnaðarauka Ríkisspítala undanfarin tvö ár vegna samninga um bundnar vaktir sérfræðinga og sérstakar álagsgreiðslur til þeirra lækna sem starfa alfarið innan spítalanna. Í öðru lagi er fyrirhugað að bæta 13 m.kr. skuld Tjaldanessheimilisins við spítalana vegna reksturs áranna 1990–1993 og ganga þannig endanlega frá viðskilnaðinum þar sem starfsemin er nú alfarið komin undir stjórn félagsmálaráðuneytisins. Í þriðja lagi var við afgreiðslu fjárlaga fallið frá áformum um öflun 5 m.kr. sértekna af meðferð áfengissjúklinga en ekki gert ráð fyrir því í fjárveitingum.

372 Borgarspítalinn. Farið er fram á 80 m.kr. þar sem sértekjur hafa verið ofáætlaðar í fjárlögum undanfarin tvö ár. Tekið hefur verið tillit til þessarar leiðréttingar í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 1995. Þá er sótt um 7 m.kr. til að bæta kostnaðarauka spítalans á sama tímabili vegna samnings um sérstakar álagsgreiðslur til þeirra lækna sem starfa alfarið innan spítalans. Alls er því lagt til að fjárheimild spítalans hækki um 87 m.kr.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti. Leitað er eftir heimild til að hækka fjárveitingu um 100 m.kr. vegna rekstrarhalla sem myndast hefur í ár þar sem ekki varð af þeirri verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík sem og ráðgerð var í fjárlögum.

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Sótt er um 17,2 m.kr. viðbótarheimild. Við afgreiðslu fjárlaga var fallið frá áformum um öflun sértekna af meðferð áfengissjúklinga en ekki gert ráð fyrir því í fjárveitingum.

422 Hlaðgerðarkot. Sótt er um 2,8 m.kr. viðbótarheimild. Við afgreiðslu fjárlaga var fallið frá áformum um öflun sértekna af meðferð áfengissjúklinga en ekki gert ráð fyrir því í fjárveitingum.

553 Heilsugæslustöðin Akureyri. Óskað er eftir 10 m.kr. aukafjárveitingu. Akureyrarbær og nærliggjandi sveitarfélög lögðu út fyrir innréttingum og búnaði heilsugæslustöðvarinnar á árinu 1985. Á móti kemur vangoldin hlutdeild sveitarfélaganna í húsaleigu stöðvarinnar. Gert er ráð fyrir skuldajöfnun og að veitt verði viðbótarframlag fyrir því sem á vantar. Ríkisendurskoðun hefur málið til athugunar og gæti þurft að breyta fjárhæðinni við afgreiðslu frumvarpsins þegar niðurstaða er fengin síðar á árinu.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 2.619,8 m.kr.

250 Innheimtukostnaður. Farið er fram á 65 m.kr. hækkun fjárveitingar. Reynst hefur erfitt að áætla fjárframlag á þennan lið síðan lögum um aukatekjur ríkissjóð var breytt um mitt ár 1992 og er nú fyrirsjáanlegt að halli verður á liðnum

gagnvart greiðsluáætlun ársins. Undir þennan lið færist aðallega kostnaður innheimtumanna annars vegar vegna dómsmálagjalda, s.s. fyrir útgáfu stefnu, þingfestingu, dómkvaðningu, og hins vegar vegna fullnustuaðgerða, s.s. fyrir fjárnám og lögtak, en þessi útgjöld færast jafnframt sem aukatekjur ríkissjóðs. Beri aðgerðir árangur koma greiðslur gerðarþola til lækkunar útgjalda innheimtumanna. Að auki koma hér til útgjöld við búskipti, þóknanir til Póst- og símamálastofnunar fyrir innheimtu virðisaukaskatts af bögglasendingum og fleiri óvissuþættir. Framlag til þessara mála hækkar um 63 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

251 Gjaldheimtan í Reykjavík. Sótt er um 30 m.kr. vegna kostnaðar við innheimtuaðgerðir sem hefur reynst vera vanáætlaður eftir að lögum um aukatekjur ríkissjóðs var breytt. Liggja til þess svipaðar ástæður og tilgreindar eru hér að framan varðandi liðinn 09-250 Innheimtukostnaður. Þessi útgjöld færast beint hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík en ekki á sameiginlega innheimtukostnaðarliðinn.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Farið er fram á 300 m.kr. aukafjárveitingu til kaupa á húseigninni að Rauðarárstíg 25 af Byggðastofnun og Framkvæmdasjóði, en utanríkisráðuneytið flytur aðalskrifstofu sína þangað á næstunni.

989 Launa- og verðlagsmál. Leitað er eftir 300 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna nýrra kjarasamninga nokkurra stéttarfélaga, sem leitt hafa til meiri launakostnaðar stofnana en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Stærsti hlutinn er vegna kjarasamninga heilbrigðisstétta: hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, meinatækna og röngentækna. Einnig hefur verið samið við slökkviliðsmenn hjá Flugmálastjórn og úrskurðað í Kjaradómi um laun hjá embætti Ríkissaksóknara. Þá skýrast 113 m.kr. af fjárhæðinni af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að greiða 6 þús. kr. uppbót til ríkisstarfsmanna vegna efnahagsbata. Launabætur stofnana vegna kjarasamnings hjúkrunarfræðinga eru til sérstakrar skoðunar í vinnuhópi á vegum fjármálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Verður því hugsanlega gerð tillaga um breytingu á fjárhæðinni þegar þeirri athugun er lokið.

Á þessum lið er jafnframt sótt um heimild í einu lagi fyrir flutningi allra óhafinna fjárveitinga og umframgjalda stofnana frá árinu 1993 til ársins 1994, eins og kynnt var í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1993 eftir að endanlegt greiðsluppgjör liðins árs hafði farið fram. Samtals nema þær fjárheimildir 1.923,8 m.kr. Þar af eru 875 m.kr. til rekstrar en 1.048,8 m.kr. til viðhalds og stofnkostnaðar. Sundurliðun óhafinna heimilda og umframgjalda einstakra ráðuneyta og stofnana kemur fram í fylgiskjali 1.

999 Ýmislegt. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leita eftir viðbótarheimild að fjárhæð 1 m.kr. til greiðslu verðjöfnunargjalda við útflutning á sömu vörur og nú eru lögð verðjöfnunargjöld við innflutning. Hér einkum um að ræða sælgætisframleiðslu. Framleiðendum er nú víða gert að greiða verðjöfnunargjöld við inn-

flutning til Evrópulanda sem nemur mismun á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði í markaðslandinu. Tilgangurinn með greiðslu verðjöfnunargjalda við útflutning er að gera framleiðendurna eins setta og ef þeir hefðu keypt hráefni í framleiðslu sína á heimsmarkaðsverði.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 434,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Sótt er um 4,5 m.kr. viðbótarframlag. Ísland hefur undanfarin ár tekið þátt í samstarfi þjóða við Norður-Atlantshaf sem ráðgerðu að starfrækja Loran-C staðarákvörðunarkerfið eftir að bandarískri herinn hætti rekstri þess. Ríkisstjórnin ákvað að Ísland drægi sig út úr samstarfinu í desember 1991 en reikningar vegna hlutdeildar Íslands í rekstri samstarfsskrifstofunnar fram að þeim tíma hafa legið ógreiddir hjá samgönguráðuneytinu þar sem skuldbinding Íslands lá ekki ljós fyrir.

211 Vegagerð ríkisins. Farið er fram á 350 m.kr. viðbótarframlag. Mun meira vatnsstreymi í Vestfjarðagöngum en gert var ráð fyrir í verksamningi hafði í för með sér að breyta varð verkfyrirkomulagi og semja um aukaverk við verktakann.

471 Flugmálastjórn. Leitað er eftir 80 m.kr. viðbótarheimild til stofnunarinnar vegna hæstaréttardóms í mars sl. um ólögmæti bráðabirgðalaga á kjarasamning flugumferðarstjóra. Greiða verður flugumferðarstjórum afturvirka launahækkun frá júlí 1990 til mars 1994 ásamt dráttarvöxtum og síðan launahækkun frá apríl til ársloka. Fjárhæðin miðast við að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, standi straum af viðbótarútgjöldunum að frátöldum dráttarvöxtum vegna flugumferðarstjóra sem starfa við alþjóðaflugþjónustu. Athugun á kostnaðaraukanum í A- og B-hluta stofnunarinnar er ekki lokið og verður því hugsanlega gerð tillaga um breytingu á fjárhæðinni fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 73 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Ríkisstjórnin samþykkti í ársbyrjun að veita 40 m.kr. til jöfnunaraðstoðar í skipasmíðaiðnaði og 10 m.kr. til endurskipulagningar og hagræðingar innan greinarinnar. Þar sem viðhaldsverkefnin reyndust fleiri og fjárfrekari en áætlað hafði verið var ákveðið síðar að verja 20 m.kr. til viðbótar í jöfnunaraðstoðina. Er því leitað eftir 70 m.kr. fjárheimild vegna þessa máls. Þá er farið fram á 3 m.kr. fjárheimild vegna Kísilmálmvinnslunnar hf. á Reyðarfirði. Fyrirtækið var að fullu í eigu ríkisins, en hóf aldrei starfsemi og hefur

lengi staðið til að slíta félaginu. Það hefur ekki reynst fært vegna eignarskattskuldar sem ekki er heimilt að fella niður lögum samkvæmt. Framlagið verður nýtt til að gera upp skuldina við ríkissjóð.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 7 m.kr.

210 Veiðistjóri. Farið er fram á 5 m.kr. hækkun fjárheimildar þar sem horfur eru á að endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna kostnaðar við refa- og minkaveiðar verði umfram forsendur fjárlaga. Undanfarin þrjú ár hefur árlega þurft að veita ámóta eða hærri viðbótarframlög til að mæta umframútgjöldum vegna veiðanna. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er framlagið óbreytt en gert ráð fyrir lagabreytingu til að lækka hlutdeild ríkissjóðs í veiðunum.

410 Veðurstofa Íslands. Sótt er um 2 m.kr. viðbótarframlag þar sem ófyrirsjáanleg röskun á starfsmannahaldi stofnunarinnar hafði í för með sér að nauðsynlegt varð að auka við starfi eins veðurfræðings hjá stofnuninni.

Fylgiskjal 1

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld 1993 – 1994

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**14.467**	**2.774**	**33.371**	**45.064**
	Embætti forseta Íslands	*65*	-	-	*65*
101	Embætti forseta Íslands	65	-	-	65
	Alþingi og stofnanir þess	*14.402*	-	*5.000*	*19.402*
201	Alþingi	4.442	-	5.000	9.442
620	Ríkisendurskoðun	9.960	-	-	9.960
	Ríkisstjórn	-	*447*	-	*-447*
301	Ríkisstjórn	-	447	-	-447
	Annað	-	*2.327*	*28.371*	*26.044*
401	Hæstiréttur	-	665	-	-665
510	Bessastaðir	-	-	28.371	28.371
520	Opinberar heimsóknir	-	1.662	-	-1.662
01	**Forsætisráðuneyti**	**20.058**	**10.803**	**36.640**	**45.895**
	Ráðuneyti	*19.908*	-	*33.646*	*53.554*
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	8.300	-	8.146	16.446
190	Ymis verkefni	11.608	-	25.500	37.108
	Annað	*150*	*10.803*	*2.994*	*-7.659*
211	Þjóðhagsstofnun	150	-	-	150
901	Húsameistari ríkisins	-	10.803	-	-10.803
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-	2.994	2.994
02	**Menntamálaráðuneyti**	**290.687**	**100.965**	**546.168**	**735.890**
	Ráðuneyti	*12.907*	-	-	*12.907*
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	12.907	-	-	12.907
	Háskólar og rannsóknir	*23.157*	*23.874*	*60.627*	*59.910*
201	Háskóli Íslands	-	7.149	-	-7.149
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-	4.080	16.209	12.129
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-	4.473	-	-4.473
204	Stofnun Sigurðar Nordals	595	-	-	595
205	Stofnun Arna Magnússonar á Íslandi	-	4.634	15.000	10.366
206	Orðabók Háskólans	-	2.252	-	-2.252
208	Ornefnastofnun	-	59	-	-59
210	Háskólinn á Akureyri	6.706	-	7.000	13.706
211	Tækniskóli Íslands	8.243	-	1.584	9.827
221	Kennaraháskóli Íslands	2.040	-	14.986	17.026
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-	1.130	5.848	4.718
232	Rannsóknaráð ríkisins	-	97	-	-97
234	Vísindaráð	1.059	-	-	1.059
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	4.514	-	-	4.514
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	*87.952*	*41.497*	*277.660*	*324.115*
301	Menntaskólinn í Reykjavík	9.285	-	-	9.285
302	Menntaskólinn á Akureyri	-	1.605	-	-1.605
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-	498	-	-498
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	6.424	-	-6.424
305	Menntaskólinn við Sund	-	767	-	-767
306	Framhaldsskóli Vestfjarða	949	-	-	949
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	2.178	-	-	2.178
308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	2.568	-	-	2.568
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	2.605	-	-	2.605
318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	277.683	277.683
319	Framhaldsskólar, almennt	19.144	-	-	19.144
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	12.014	-	-12.014
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	3.434	-	-	3.434
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	-	1.506	-	-1.506
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	8.757	-	-	8.757
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	-	1.833	-	-1.833
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	5.299	-	-	5.299

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	2.186	-	-	2.186
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	7.101	-	-	7.101
358	Verkmenntaskóli Austurlands	3.192	-	-	3.192
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	3.645	-	-3.645
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-	1.923	-	-1.923
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	330	-	-	330
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	1.018	-	-	1.018
363	Framhaldsskólinn á Laugum	1.605	-	-	1.605
506	Vélskóli Íslands	335	-	-	335
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	377	-	-377
514	Iðnskólinn í Reykjavík	5.137	-	-	5.137
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	2.653	-	-	2.653
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	3.015	-	-	3.015
518	Fiskvinnsluskólinn	-	2.786	1.444	-1.342
523	Fósturskóli Íslands	137	-	2.000	2.137
524	Þroskaþjálfaskóli Íslands	4.316	-	-	4.316
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	219	-	-	219
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	500	-	-	500
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	500	-	-500
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	1.664	-	-2.038	-374
562	Leiklistarskóli Íslands	-	582	-	-582
571	Sjómannaskólahúsið	-	881	-1.429	-2.310
581	Verslunarskóli Íslands	150	-	-	150
601	Héraðsskólinn Reykholti	-	3.444	-	-3.444
605	Alþýðuskólinn Eiðum	-	2.712	-	-2.712
606	Héraðsskólinn Skógum	175	-	-	175
	Grunnskólar og sérskólar	*91.884*	*3.069*	*8.202*	*97.017*
222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	1.051	-	-	1.051
700	Grunnskólar, Reykjavík	3.361	-	-	3.361
701	Grunnskólar, Reykjanesi	830	-	-	830
703	Grunnskólar, Vesturlandi	11.077	-	-	11.077
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	153	-	-	153
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	3.623	-	-	3.623
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	17.420	-	-	17.420
707	Grunnskólar, Austurlandi	4.944	-	-	4.944
708	Grunnskólar, Suðurlandi	5.779	-	-	5.779
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	-	128	-	-128
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	-	210	-	-210
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	194	-	-	194
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	273	-	-	273
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	176	-	-176
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	776	-	-	776
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	93	-	-	93
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	390	-	-390
719	Fræðsluskrifstofur, almennt	-	-	400	400
720	Grunnskólar, almennt	21.760	-	2.231	23.991
730	Skólabúðir að Reykjum	-	1.113	-	-1.113
750	Skólar fyrir fatlaða	6.892	-	5.581	12.473
752	Oskjuhlíðarskóli	1.775	-	-	1.775
754	Safamýrarskóli	2.264	-	-	2.264
755	Dalbrautarskóli	-	87	-	-87
756	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	6.251	-	-	6.251
758	Hvammshlíðarskóli	526	-	-	526
798	Einholtsskóli	-	965	-	-965
799	Heyrnleysingjaskólinn	2.842	-	-10	2.832
	Onnur fræðslumál	*6.860*	*5.063*	-	*1.797*
422	Námsgagnastofnun	-	177	-	-177
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-	73	-	-73

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
440	Fullorðinsfræðsla	6.860	-	-	6.860
884	Jöfnun á námskostnaði	-	4.813	-	-4.813
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	*5.905*	-	-	*5.905*
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.905	-	-	5.905
	Söfn, listastofnanir o.fl.	*5.607*	*20.703*	*170.980*	*155.884*
901	Landsbókasafn Islands	-	-	2.555	2.555
902	Þjóðminjasafn Islands	-	-	63.973	63.973
903	Þjóðskjalasafn Islands	-	6.932	6.703	-229
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-	93	-	-93
906	Listasafn Einars Jónssonar	-	-	1.022	1.022
907	Listasafn Islands	-	741	8.783	8.042
909	Blindrabókasafn Islands	2.863	-	1.100	3.963
919	Söfn, ýmis framlög	2.744	-	-	2.744
972	Islenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	-	10.830	-	-10.830
973	Þjóðleikhús	-	2.107	-	-2.107
974	Sinfóníuhljómsveit Islands	-	-	4.500	4.500
977	Þjóðarbókhlaða	-	-	82.344	82.344
	Annað	*56.415*	*6.759*	*28.699*	*78.355*
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	969	-	-	969
978	Listasjóðir	29.942	-	-	29.942
980	Listskreytingasjóður	-	-	-188	-188
981	Kvikmyndasjóður	3.038	-	-	3.038
982	Listir, framlög	4.409	-	-	4.409
983	Ymis fræðistörf	-	6.738	-	-6.738
984	Norræn samvinna	-	21	-	-21
985	Alþjóðleg samskipti	12.600	-	-	12.600
988	Æskulýðsmál	1.482	-	-	1.482
989	Ymis íþróttamál	765	-	-	765
997	Uppgjör við sveitarfélög	-	-	25.666	25.666
999	Ymislegt	3.210	-	3.221	6.431
03	**Utanríkisráðuneyti**	**75.104**	**15.296**	**3.288**	**63.096**
	Ráðuneyti	*26.007*	*3.761*	*1.616*	*23.862*
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	26.007	-	1.616	27.623
102	Varnarmálaskrifstofa	-	3.761	-	-3.761
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	*5.461*	-	*-5.461*
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	5.461	-	-5.461
	Sendiráð og fastanefndir	*3.030*	-	*1.672*	*4.702*
320	Sendiráð, almennt	3.030	-	1.672	4.702
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	*46.067*	*6.074*	-	*39.993*
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	-	6.074	-	-6.074
399	Ymis utanríkismál	21.067	-	-	21.067
401	Alþjóðastofnanir	25.000	-	-	25.000
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**111.378**	**2.645**	**-**	**108.733**
	Ráðuneyti	*1.825*	-	-	*1.825*
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.439	-	-	1.439
190	Ymis verkefni	386	-	-	386
	Landbúnaðarstofnanir	*5.262*	*923*	-	*4.339*
211	Rannsóknarstofnun landbúnaðarins	-	216	-	-216
221	Veiðimálastofnun	-	385	-	-385
233	Yfirdýralæknir	5.103	-	-	5.103
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	-	228	-	-228
271	Bændaskólinn á Hólum	-	94	-	-94
283	Garðyrkjuskóli ríkisins	48	-	-	48
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	111	-	-	111
	Skógrækt og landgræðsla	*219*	*1.722*	-	*-1.503*
311	Landgræðsla ríkisins	219	-	-	219

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
321	Skógrækt ríkisins	-	1.618	-	-1.618
331	Héraðsskógar	-	104	-	-104
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	*50.000*	-	-	*50.000*
801	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	50.000	-	-	50.000
	Ymis framlög	*54.072*	-	-	*54.072*
841	Fiskeldisrannsóknir	72	-	-	72
891	Sérstakar greiðslur í landbúnaði	54.000	-	-	54.000
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**41.479**	**300**	**20.253**	**61.432**
	Ráðuneyti	*28.959*	-	*10.988*	*39.947*
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	6.245	-	988	7.233
190	Ymis verkefni	22.626	-	10.000	32.626
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	88	-	-	88
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	*12.520*	*300*	*9.265*	*21.485*
201	Fiskifélag Islands	12.431	-	-	12.431
202	Hafrannsóknastofnun	-	-	-2.127	-2.127
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	300	-	-300
204	Fiskistofa	-	-	11.392	11.392
216	Ríkismat sjávarafurða	89	-	-	89
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**140.316**	**33.068**	**135.810**	**243.058**
	Ráðuneyti	*5.810*	*738*	-	*5.072*
102	Stjórnartíðindi	2.464	-	-	2.464
103	Lagasafn	-	738	-	-738
190	Ymis verkefni	3.346	-	-	3.346
	Dómsmál	*8.152*	*6.446*	*50.266*	*51.972*
201	Hæstiréttur	3.674	-	-	3.674
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	-	94	-	-94
213	Héraðsdómur Vestfjarða	-	296	-	-296
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	-	148	-	-148
215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	1.322	-	-	1.322
216	Héraðsdómur Austurlands	34	-	-	34
217	Héraðsdómur Suðurlands	716	-	-	716
218	Héraðsdómur Reykjaness	421	-	-	421
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	-	5.908	-	-5.908
291	Húsnæði og búnaður dómstóla	1.985	-	50.266	52.251
	Löggæslustofnanir og öryggismál	*65.050*	-	*10.785*	*75.835*
301	Ríkissaksóknari	1.603	-	-	1.603
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	3.849	-	-	3.849
305	Lögregluskóli ríkisins	364	-	-	364
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	22.266	-	2.400	24.666
321	Almannavarnir ríkisins	13	-	-	13
331	Umferðarráð	8.461	-	-	8.461
341	Afengis- og fíkniefnamál	2.618	-	-	2.618
390	Ymis löggæslukostnaður	4.742	-	-	4.742
391	Húsnæði löggæslustofnana	-	-	6.910	6.910
395	Landhelgisgæsla Islands	21.134	-	1.475	22.609
	Sýslumenn	*40.712*	*25.047*	*22.775*	*38.440*
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	-	3.031	-	-3.031
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	-	16.085	-	-16.085
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	827	-	-	827
417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	660	-	-	660
418	Sýslumaðurinn á Isafirði	1.108	-	-	1.108
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	-	241	-	-241
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	-	525	-	-525
421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	149	-	-	149
422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	343	-	-	343
423	Sýslumaðurinn á Olafsfirði	60	-	-	60
424	Sýslumaðurinn á Akureyri	9.856	-	-	9.856

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	200	-	-	200
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-	2.004	-	-2.004
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	-	501	-	-501
430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	626	-	-	626
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	-	49	-	-49
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	-	698	-	-698
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	1.610	-	-	1.610
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	-	1.913	-	-1.913
436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	7.226	-	-	7.226
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	1.761	-	-	1.761
490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	16.286	-	-	16.286
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	22.775	22.775
	Fangelsismál	*8.717*	-	*51.984*	*60.701*
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	1.081	-	-	1.081
512	Fangelsið Litla-Hrauni	3.937	-	1.370	5.307
590	Fangamál, ýmis kostnaður	3.699	-	-	3.699
591	Fangelsisbyggingar	-	-	50.614	50.614
	Kirkjumál	*11.875*	*837*	-	*11.038*
701	Biskup Íslands	-	837	-	-837
711	Prestaköll og prófastsdæmi	7.583	-	-	7.583
731	Kristnisjóður	246	-	-	246
790	Kirkjumál, ýmis kostnaður	4.046	-	-	4.046
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**148.808**	**1.685**	**86.111**	**233.234**
	Ráðuneyti	*13.252*	-	-	*13.252*
101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	13.252	-	-	13.252
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	*4.344*	-	*3.033*	*7.377*
302	Ríkissáttasemjari	4.000	-	-	4.000
953	Jafnréttisráð	344	-	-	344
954	Vinnueftirlit ríkisins	-	-	3.033	3.033
	Málefni barna og ungmenna	*9.492*	*1.685*	-	*7.807*
400	Málefni barna og ungmenna	4.678	-	-	4.678
401	Barnaverndarráð	36	-	-	36
402	Unglingaheimili ríkisins	-	1.685	-	-1.685
410	Heimili fyrir börn og unglinga	4.778	-	-	4.778
	Málefni fatlaðra	*83.921*	-	*83.078*	*166.999*
700	Málefni fatlaðra	52.390	-	-	52.390
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	7.791	-	-	7.791
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	6.386	-	-	6.386
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	3.645	-	-	3.645
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.376	-	-	1.376
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	2.628	-	-	2.628
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	2.673	-	-	2.673
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.701	-	-	1.701
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	771	-	3.700	4.471
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	830	-	-	830
711	Styrktarfélag vangefinna	1.091	-	-	1.091
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	316	-	-	316
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.323	-	-	2.323
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	79.378	79.378
	Atvinnumál	*19.445*	-	-	*19.445*
981	Vinnumál	19.445	-	-	19.445
	Annað	*18.354*	-	-	*18.354*
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	18.354	-	-	18.354
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**	**103.443**	**34.446**	**19.744**	**88.741**
	Ráðuneyti	*2.905*	-	-	*2.905*
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.905	-	-	2.905

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
	Tryggingamál	-	*462*	-	*-462*
201	Tryggingastofnun ríkisins	-	462	-	-462
	Sjúkrastofnanir	*31.437*	*17.450*	*-2.090*	*11.897*
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-	-	-2.000	-2.000
367	Sjúkrahúsið Keflavík	-	4.400	-	-4.400
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	3.035	-	400	3.435
371	Ríkisspítalar	-	13.050	-	-13.050
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-490	-490
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	1.402	-	-	1.402
400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	27.000	-	-	27.000
	Heilsugæsla	*20.001*	*15.484*	*21.834*	*26.351*
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	2.609	-	20.994	23.603
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	8.440	-	840	9.280
511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	494	-	-	494
512	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	350	-	-	350
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	100	-	-	100
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	238	-	-	238
521	Heilsugæslustöðin Akranesi	27	-	-	27
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	17	-	-	17
523	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	650	-	-	650
524	Heilsugæslustöðin Olafsvík	1.392	-	-	1.392
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-	292	-	-292
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	-	771	-	-771
531	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	-	-	-	-
533	Heilsugæslustöðin Þingeyri	-	899	-	-899
536	Heilsugæslustöðin Hólmavík	-	-	-	-
541	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	662	-	-	662
544	Heilsugæslustöðin Siglufirði	116	-	-	116
551	Heilsugæslustöðin Olafsfirði	600	-	-	600
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	-	561	-	-561
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	3.631	-	-	3.631
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	360	-	-360
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	-	504	-	-504
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	543	-	-543
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	-	640	-	-640
562	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	-	-	-	-
564	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	500	-	-	500
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-	397	-	-397
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	-	598	-	-598
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-	2.738	-	-2.738
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	576	-	-576
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-	454	-	-454
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-	272	-	-272
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	175	-	-	175
575	Heilsugæslustöðin Hellu	-	985	-	-985
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	-	529	-	-529
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-	287	-	-287
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-	763	-	-763
581	Heilsugæslustöð Suðurnesja	-	-	-	-
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-	649	-	-649
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-	849	-	-849
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	610	-	-610
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	1.207	-	-1.207
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	*7.491*	*615*	-	*6.876*
301	Landlæknir	3.608	-	-	3.608
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	25	-	-	25
324	Heyrnar- og talmeinastöð Islands	-	550	-	-550
325	Hollustuvernd ríkisins	3.586	-	-	3.586

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
326	Sjónstöð Íslands	-	65	-	-65
327	Geislavarnir ríkisins	272	-	-	272
	Rekstrarhagræðing	*13.950*	-	-	*13.950*
950	Rekstrarhagræðing	13.950	-	-	13.950
	Annað	*27.659*	*435*	-	*27.224*
340	Málefni fatlaðra	11.982	-	-	11.982
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	-	435	-	-435
396	Lyfjanefnd	635	-	-	635
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	11.131	-	-	11.131
601	Ljósmæðraskóli Íslands	1.153	-	-	1.153
621	Afengisvarnir og bindindismál	2.758	-	-	2.758
09	**Fjármálaráðuneyti**	**95.616**	**4.348**	**155.728**	**246.996**
	Ráðuneyti o.fl.	*13.764*	*194*	*1.478*	*15.048*
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	9.709	-	200	9.909
103	Ríkisbókhald	-	-	378	378
104	Ríkisfjárhirsla	-	194	-	-194
105	Ríkislögmaður	4.055	-	900	4.955
	Skatta- og tollamál	*46.517*	*4.154*	*4.087*	*46.450*
201	Ríkisskattstjóri	1.692	-	2.787	4.479
202	Skattstofan í Reykjavík	-	1.986	-	-1.986
203	Skattstofa Vesturlands	911	-	-	911
205	Skattstofa Norðurlands vestra	-	777	-	-777
206	Skattstofa Norðurlands eystra	-	277	-	-277
207	Skattstofa Austurlands	1.250	-	-	1.250
208	Skattstofa Suðurlands	-	462	-	-462
209	Skattstofa Vestmannaeyja	-	652	-	-652
211	Skattstofa Reykjaness	3.023	-	-	3.023
212	Skattamál, ýmis útgjöld	14.407	-	-	14.407
214	Yfirskattanefnd	1.110	-	1.100	2.210
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	167	-	-	167
261	Ríkistollstjóri	5.460	-	200	5.660
262	Tollstjórinn í Reykjavík	18.497	-	-	18.497
	Annað	*35.335*	-	*150.163*	*185.498*
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	315	-	-	315
981	Ymsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	120.626	120.626
995	Skýrsluvélakostnaður	-	-	26.113	26.113
999	Ymislegt	35.020	-	3.424	38.444
10	**Samgönguráðuneyti**	**19.439**	**5.674**	**-4.305**	**9.460**
	Ráðuneyti	*18.002*	*1.554*	-	*16.448*
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.554	-	-1.554
190	Ymis verkefni	18.002	-	-	18.002
	Siglingamál	*1.123*	*241*	*-2.493*	*-1.611*
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	66	-	-	66
332	Vitastofnun Islands	-	241	-	-241
333	Hafnamál	-	-	-354	-354
341	Siglingamálastofnun ríkisins	-	-	-2.139	-2.139
342	Rannsóknanefnd sjóslysa	1.057	-	-	1.057
	Flugmál	-	*3.879*	-	*-3.879*
471	Flugmálastjórn	-	3.879	-	-3.879
	Ferðamál	*314*	-	*-1.812*	*-1.498*
651	Ferðamálaráð	314	-	-1.812	-1.498
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**19.637**	**5.331**	**-484**	**13.822**
	Ráðuneyti	*1.217*	-	-	*1.217*
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	920	-	-	920
102	Einkaleyfastofan	297	-	-	297
	Iðnaðarmál	*18.420*	*211*	-	*18.209*

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
201	Iðntæknistofnun Íslands	440	-	-	440
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	211	-	-211
240	Iðnaðarrannsóknir	4.349	-	-	4.349
299	Iðja og iðnaður, framlög	13.631	-	-	13.631
	Orkumál	-	*5.120*	*-484*	*-5.604*
301	Orkustofnun	-	333	-	-333
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	-	4.787	-	-4.787
371	Orkusjóður	-	-	-484	-484
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**11.527**	**-**	**-**	**11.527**
	Ráðuneyti	*9.357*	-	-	*9.357*
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.577	-	-	5.577
190	Ymis verkefni	3.780	-	-	3.780
	Viðskiptamál	*2.170*	-	-	*2.170*
301	Löggildingarstofan	401	-	-	401
902	Samkeppnisstofnun	1.187	-	-	1.187
903	Skráning hlutafélaga	582	-	-	582
13	**Hagstofa Íslands**	**9.817**	**-**	**-**	**9.817**
	Hagstofa Íslands	*9.817*	-	-	*9.817*
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	3.441	-	-	3.441
102	Þjóðskráin	6.376	-	-	6.376
14	**Umhverfisráðuneyti**	**950**	**10.401**	**16.450**	**6.999**
	Ráðuneyti	-	-	*1.450*	*1.450*
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	-	112	112
190	Ymis verkefni	-	-	1.338	1.338
	Náttúruvernd	-	*7.871*	*15.000*	*7.129*
201	Náttúruverndarráð	-	7.871	15.000	7.129
	Skipulagsmál	*950*	-	-	*950*
310	Landmælingar Íslands	950	-	-	950
	Rannsóknir o.fl.	-	*2.530*	-	*-2.530*
401	Náttúrufræðistofnun Íslands	-	448	-	-448
410	Veðurstofa Íslands	-	2.082	-	-2.082
	Samtals öll ráðuneyti	***1.102.726***	***227.736***	***1.048.774***	***1.923.764***

67. Fyrirspurn [67. mál]

til samgönguráðherra um tekjustofna til vegagerðar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða tekjustofnum ríkisins er lögum samkvæmt ætlað að verja til vegagerðar?
2. Hvað hafa tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofnum verið háar, í krónum talið, á síðustu tíu árum og hver má ætla að hafi á þeim tíma verið hlutur einstakra kjördæma í öflun þeirra?

Skriflegt svar óskast.

68. Fyrirspurn [68. mál]

til forsætisráðherra um stuðning Byggðastofnunar við atvinnumál í sameinuðum sveitarfélögum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Með hverjum hætti er Byggðastofnun ætlað að framkvæma yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá síðasta hausti um stuðning við atvinnuuppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum?

69. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á utanríkisráðherra að beita sér á alþjóðavettvangi til stuðnings íbúum Austur-Tímor í því skyni að binda enda á harðstjórn og mannréttindabrot sem þeir hafa mátt sæta um árabil af hálfu Indónesíustjórnar.

Um greinargerð tillögunnar vísast til tillögu sama efnis á þskj. 727, 473. mál 117. löggjafarþings, bls. 3369–3370 í A-deild Alþt. 1993–94. Greinargerðirnar eru samhljóða nema á einum stað í textanum, þ.e. í 5. mgr. greinargerðarinnar, þar sem kemur: haustið 1993, í stað „sl. haust“.

70. Frumvarp til laga [70. mál]

um skipun nefndar til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson.

1. gr.

Viðskiptaráðherra skal skipa fimm manna nefnd sem kanni útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. laga þessara. Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands tilnefni einn mann í nefndina, Ríkisendurskoðun tvo og Hæstiréttur tvo og verði annar þeirra jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn mega ekki vera verulega fjárhagslega tengdir þeim félögum, sjóðum og stofnunum sem lögin taka til, né sitja í stjórn þeirra.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóðanna og Byggðastofnunar á undanförnum árum megi að einhverju leyti rekja til þess að um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum þeirra og helstu skuldunauta sem ekki geta staðið í skilum með lán sín. Í því skyni skal nefndin m.a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla þessara lánveitenda á hverjum tíma hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang lántakenda, eiginfjárstöðu fyrirtækja og tryggingar fyrir skuldum. Þá kanni nefndin hvort stjórnvöld eða aðrir aðilar hafi í einhverjum tilvikum beitt óeðlilegum pólitískum þrýstingi eða hagsmunatengslum til að greiða fyrir lánveitingum.

3. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af opinberum aðilum og starfsmönnum og endurskoðendum þeirra aðila sem lögin ná til. Ákvæði sérlaga um bankaleynd víkja fyrir þessu ákvæði.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á.

Nefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að við rannsókn sína. Hið sama gildir um þá er veita nefndarmönnum aðstoð við starf þeirra. Þagnarskyldan helst eftir að nefndin lýkur störfum.

4. gr.

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu um málið til viðskiptaráðherra sem geri Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á síðasta þingi og varð þá eigi útrætt.

Með auknu frjálsræði á íslenskum lánamarkaði og afnámi hafta um miðjan síðasta áratug varð aðgangur fyrirtækja og heimila að lánsfé mun greiðari en áður hafði verið. Heildarútlán lánakerfisins jukust jafnt og þétt og á þessu ári nema þau 190% af vergri landsframleiðslu en námu 120% árið 1984. Á síðustu tíu árum hafa skuldir atvinnuveganna aukist um 33% að raungildi og skuldir heimilanna þrefaldast. Þessi skuldsetning gerðist þrátt fyrir þá staðreynd að aukið frelsi banka og sparisjóða til að ákveða útlánsvexti árið 1984 leiddi þá þegar til verulegrar hækkunar vaxta. Enn frekari hækkun varð svo þegar vextir voru gefnir frjálsir 1. nóvember 1986. Árið 1987 hækkuðu vextir verðtryggðra bankalána úr 6% í upphafi árs í 9,5% undir lok ársins og hafa síðan orðið hæstir 10% að meðaltali en lægstir 7,4% haustið 1989. Nú í október 1994 eru þessir vextir 8,2%.

Fram til ársins 1990 virðast útlánatöp íslenskra innlánsstofnana hafa verið heldur lítil borið saman við önnur lönd (sjá töflu 1 í fylgiskjali). Síðan hefur sigið verulega á ógæfuhliðina og mikil útlánatöp og rekstrarerfiðleikar hafa verið hjá innlánsstofnunum og fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna. Á síðustu fimm árum hafa innlánsstofnanir lagt samtals 20,3 milljarða kr. á afskriftareikning og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna 17,3 milljarða kr. (sjá töflu 2 í fylgiskjali). Alls er því um að ræða tæplega 38 milljarða kr. á síðustu fimm árum sem að stærstum hluta er tapað fé.

Kostnaðinn af þessum útlánatöpum greiðir fólkið í landinu nú þegar í formi vaxtamunar á inn- og útlánum sem á sinn þátt í því að halda uppi háum raunvöxtum. Þarf varla að tíunda hvaða áhrif heljargreipar hárra vaxta hafa almennt haft á stöðu fyrirtækja og heimila í landinu og þar með þjóðarbúsins í heild sinni.

Kostnaður vegna tapaðra útlána hefur jafnframt verið greiddur með beinum fjárframlögum úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna — ríkissjóði. Þannig samþykkti Alþingi vorið 1993 lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að veita Landsbankanum stuðning, allt að 4,25 milljarða kr., til að tryggja eiginfjárstöðu bankans. Ríkissjóður lagði bankanum til 2 milljarða kr. sem eigið fé, Seðlabankinn veitti 1,25 milljarða kr. víkjandi lán og Tryggingasjóður viðskiptabanka 1 milljarðs kr. lán. Þá hefur tryggingasjóðum banka og sparisjóða verið veitt ríkisábyrgð fyrir 3 milljarða kr. láni og heimilað að veita bönkum og sparisjóðum víkjandi lán í því skyni að styrkja eiginfjárstöðu þeirra. Þá er skemmst að minnast þess að árið 1991 létti ríkissjóður af Byggðastofnun skuldum að fjárhæð 1,2 milljörðum kr. samkvæmt heimild í lánsfjárlögum 1991.

Þá má geta þess að það er sameiginlegt öllum fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, ef frá er talinn Verslunarlánasjóður og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, að ríkissjóður ábyrgist sjálfkrafa skuldbindingar þeirra. Það gildir því sama um þá og viðskiptabankana — fari allt á versta veg verður reikningurinn lagður fram á Alþingi til greiðslu úr ríkissjóði.

Án efa eru ýmsar samverkandi ástæður fyrir miklum útlánatöpum. Greinar hafa verið skrifaðar um þetta efni í blöð og tímarit og bent á ýmsa orsakavalda. Þá skilaði nefnd, sem skipuð var af ríkisstjórninni til að gera úttekt á svokölluðum fortíðarvanda, áfangaskýrslu um fjárhagsvanda Byggðastofnunar, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Að mati flutningsmanna þessa frumvarps eru þessi skrif og skýrslugerð þó ekki fullnægjandi. Til þess eru vítin að varast þau og þess vegna nauðsynlegt að skoða þessi mál ofan í kjölinn, ekki síst þegar haft er í huga hvað útlánatöpin hafa verið mikil og íþyngjandi fyrir þjóðarbúið. Er tæplega hægt að láta hjá líða að rannsaka hvort þessi útlánatöp megi að einhverju leyti rekja til þess að um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða milli lánveitenda annars vegar og helstu skuldunauta þeirra hins vegar. Má í því sambandi geta þess að sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar bæði í Svíþjóð og Noregi í kjölfar bankakreppunnar þar.

Í umræðum um útlánatöp hér á landi hafa einstakir ráðherrar og þingmenn látið að því liggja að innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóðir og Byggðastofnun hafi sýnt gáleysi í útlánum og í mörgum tilfellum veitt lán vegna þrýstings frá stjórnvöldum. Slíkar ásakanir eru mjög alvarlegar en um leið algerlega óábyrgar ef rétt stjórnvöld láta þær sem vind um eyru þjóta. Flutningsmenn frumvarpsins vilja ekki una því og leggja því til að þessi þáttur málsins verði skoðaður sérstaklega.

Flutningsmenn leggja til að sett verði á fót nefnd fimm manna til að kanna útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar á undangengnum árum. Nefndin kanni bæði viðskiptalega og pólitíska þætti málsins, þar á meðal hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða. Í frumvarpinu er það lagt í hendur nefndarinnar að ákveða hversu langt árabil hún skoðar og hún metur þar af leiðandi sjálf lengd þess tímabils sem mestu skiptir í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir að nefndin hraði störfum og skili skýrslu um málið til viðskiptaráðherra sem geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni skal viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands tilnefna einn mann en Ríkisendurskoðun og Hæstiréttur Íslands tvo menn hvor í nefnd til að kanna útlánatöp bankanna. Annar fulltrúi Hæstaréttar verði jafnframt formaður nefndarinnar. Með helstu innlánsstofnunum er átt við alla viðskiptabankana og stærstu sparisjóðina, svo sem SPRON, Sparisjóð Hafnarfjarðar, Sparisjóð Kópavogs, Sparisjóð Keflavíkur og Sparisjóð Mýrasýslu.

Sett eru hæfisskilyrði sem nefndarmenn þurfa að fullnægja til að geta tekið sæti í nefndinni. Það er viðskiptaráðherra að meta hvenær menn eru verulega fjárhagslega tengdir þeim aðilum sem lögin ná til.

Um 2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er afmarkað í þessari grein. Er það að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum þeirra lánveitenda sem lögin taka til við helstu skuldunauta sem ekki hafa getað staðið í skilum með lán sín. Þá verði jafnframt skoðað hvort töpuð útlán megi í einhverjum tilvikum rekja til þess að beitt hafi verið óeðlilegum pólitískum þrýstingi eða hagsmunatengslum til að greiða fyrir útlánum. Í hlutverki nefndarinnar felst að henni ber jafnframt að leggja mat á þau atriði sem undir verksvið hennar falla.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru heimildir nefndarinnar afmarkaðar og jafnframt kveðið á um að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á. Þagnarskylda nefndarmanna tekur til þeirra upplýsinga sem þeir komast yfir við störf sín og ekki eru settar inn í skýrsluna, en gildir, eðli máls samkvæmt, ekki gagnvart þeirri skýrslu sem nefndin skilar til viðskiptaráðherra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Seðlabanki Íslands:

Tafla 1.

Framlög í afskriftareikning útlána innlánsstofnana í hlutfalli af útlánum og ábyrgðum.
(Úr Hagtölum mánaðarins — maí 1993 og ágúst 1994.)

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991[1]	1992	1993	Meðaltal 1991-93
Noregur[2]	0,5	0,6	1,4	2,1	1,9	2,3	4,2			2,9
Danmörk	1,2	0,5	0,9	1,5	1,3	1,9	2,3			3,1
Finnland[3]	0,1	0,2	0,3	0,4	0,5	0,6	1,7			3,6
Svíþjóð	0,4	0,5	0,4	0,3	0,3	0,7	3,8			6,0
Ísland	**1,1**	**0,4**	**0,4**	**0,7**	**1,3**	**1,5**	**1,3**	3,5	2,8	2,5
Viðskiptabankar	1,2	0,4	0,4	0,8	1,3	1,4	1,3	3,8	3,0	
Sparisjóðir	0,5	0,0	0,6	0,1	1,0	1,7	1,4	2,1	1,9	

[1] Tölur fyrir önnur Norðurlönd eru birtar með fyrirvara.
[2] Aðeins fyrir viðskiptabanka sem hlutfall af útlánum.
[3] Aðeins sem hlutfall af útlánum.

Tafla 2.

Útlánaafskriftir og -töp innlánsstofnana og fjárfestingarlánasjóða í milljörðum króna árin 1987–1993.
(Úr Hagtölum mánaðarins — ágúst 1994.)

	Innlánsstofnanir			Fjárfestingarlánasjóðir			Samtals		
	Lagt á afskrr.	Töpuð útlán	Staða í árslok	Lagt á afskrr.	Töpuð útlán	Staða í árslok	Lagt á afskrr.	Töpuð útlán	Staða í árslok
1987	0,7	0,5	1,5	0,3	-	0,5	1,0	0,6	2,0
1988	1,0	0,2	2,2	0,6	0,2	0,9	1,6	0,4	3,2
1989	1,9	1,1	3,1	2,0	0,9	2,0	3,9	2,0	5,1
1990	2,6	0,4	5,3	2,6	1,2	3,4	5,2	1,7	8,6
1991	2,5	2,1	5,7	6,9	3,5	6,8	9,4	5,6	12,5
1992	7,2	3,0	9,8	2,4	3,7	5,5	9,6	6,8	15,3
1993	6,1	5,2	10,7	3,4	3,0	5,9	9,5	8,2	16,7
Alls	22,0	12,5		18,2	12,5		40,3	25,2	
Alls á verðl. 1993	24,6	13,7		20,3	13,5		44,9	27,4	

Tafla 3.

Afskriftir Byggðastofnunar 1988–1992.[1]

	Staða í ársbyrjun	Framlag á árinu	Afskrifað
1988	64	200	33
1989	231	250	231
1990	250	500	244
1991	506	1.930	898
1992	1.538	140	939
1993	739		
	Samtals	**3.020**	**2.345**

Afskriftir Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, nú atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, 1989–1992.[1]

	Staða í ársbyrjun	Framlag á árinu	Afskrifað
1989		284	
1990	284	216	89
1991	411	1.775	505
1992	1.681	264	722
1993	1.223		
	Samtals	**2.539**	**1.316**

[1] Þessar afskriftir eru jafnframt innifaldar í afskriftartölum fjárfestingarlánasjóða í töflu 2.

71. Fyrirspurn [71. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuskatt einstaklinga.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hversu hár er tekjuskattur einstaklinga 1993 og hver hefði hann orðið ef skatthlutfall hefði skipst á eftirfarandi hátt?

Tekjur í þús. kr.	*Skatthlutfall*
60–80	30%
80–100	35%
100–150	40%
150–200	45%
200–400	50%
400–600	55%
600 og yfir	60%

2. Hverjar yrðu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga á árinu 1994 miðað við sömu forsendur? Hver er áætlaður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1994?
3. Hverjar yrðu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1995 miðað við þessar sömu forsendur?

Skriflegt svar óskast.

72. Frumvarp til laga [72. mál]

um bókhald.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Bókhaldsskylda.
1. gr.

Eftirtaldir aðilar eru bókhaldsskyldir:

1. hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila;
2. samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu;
3. sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna;
4. bankar, sparisjóðir, verðbréfasjóðir og -fyrirtæki sem falla ekki undir aðra töluliði þessarar greinar;
5. hvers konar fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem stunda atvinnurekstur;
6. þrotabú og önnur bú sem eru undir skiptum ef þau stunda atvinnurekstur;
7. hvers konar önnur félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu;
8. hver sá einstaklingur sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Þegar tveir eða fleiri aðilar standa saman að afmörkuðum rekstri í tengslum við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að færa sameiginlegt bókhald um samreksturinn. Niðurstöður sameiginlega bókhaldsins skulu færðar sundurliðaðar á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers samrekstraraðila að réttri tiltölu svo oft sem þurfa þykir.

2. gr.

Þeir sem skyldir eru að færa bókhald skv. 1. gr. skulu halda tvíhliða bókhald, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafl við starfsemi sína en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði og stunda eftirtalda starfsemi:

1. útgerð á bátum undir 10 rúmlestum;
2. verkun sjávarafla ef meiri hluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
3. búrekstur ef meiri hluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
4. akstur leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstur vinnuvéla;
5. iðnað, þar með talda viðgerðarstarfsemi;
6. þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

Undanþegin skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru enn fremur félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 7. tölul. 1. gr., sem stunda ekki atvinnurekstur ef tekjur þeirra eru eingöngu framlög sem innheimt eru hjá félagsaðilum og ganga til greiðslu á sameiginlegum útgjöldum, þar með töldu aðkeyptu vinnuafli sem svarar til allt að einum starfsmanni að jafnaði.

Ef aðili er skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar skal það eiga við um allan atvinnurekstur hans.

4. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikninga í samræmi við lög, reglugerðir og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

5. gr.

Stjórnendur þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeir sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

II. KAFLI
Bókhald.
Almenn ákvæði um bókhald.

6. gr.

Bókhaldi skal haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir.

Bókhaldið skal með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfseminnar vera í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju eins og hún er á hverjum tíma, svo og ákvæði laga og reglugerða.

7. gr.

Tvíhliða bókhald skal skipuleggja með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfsemi.

Skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfis skal liggja fyrir og m.a. veita upplýsingar um tölvukerfi og tölvubúnað, tengsl við aðrar tölvur og hlutverk þeirra. Ef sjálfvirkri tölvuúrvinnslu er beitt í bókhaldi skal á sama hátt liggja fyrir lýsing á henni á þann hátt að unnt sé án erfiðleika að fylgja eftir og hafa eftirlit með meðferð hvers liðar. Reikningar bókhaldsins skulu sérstaklega tilgreindir og notkun þeirra greinilega afmörkuð, svo og lýsing á tekjuskráningu.

Skipulag og stjórnun bókhaldsins skal við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og koma í veg fyrir villur og misnotkun.

Bókhaldið skal þannig skipulagt að eðlilegt innra eftirlit skapist og auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings.

Ráðherra getur sett reglur um lágmarkskröfur sem gerðar eru til bókhaldskerfa fyrir tölvur og mælt fyrir um að þau skuli hljóta opinbera viðurkenningu áður en notkun þeirra er heimiluð.

8. gr.

Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, gíróseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.

Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, gíróseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.

Ávallt skal vera unnt að kalla fram og prenta þau skjöl sem liggja til grundvallar færslum í bókhaldi þegar um er að ræða sendingar milli tölva.

9. gr.

Í bókhaldi skal skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skulu skráð svo fljótt sem unnt er eftir að þau eiga sér stað.

Færslur, sem eingöngu byggjast á skjölum sem flutt eru milli tölvukerfa, skulu skráðar í bókhaldið jafntryggilega og aðrar færslur.

Færslur í bókhaldi skulu vera í skipulegri númeraröð, endurspegla að jafnaði rétta tímaröð viðskipta og annarra færslutilefna og gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa.

Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna og geyma skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu.

Bókhaldsbækur og reikningaskipan.

10. gr.

Bókhaldsbækur skulu færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, lausblaða- eða tölvukerfi.

Bókhald þeirra aðila, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, skal samanstanda af:

1. dagbók þar sem allar færslur koma fram í færsluröð;
2. hreyfingalista þar sem allar færslur dagbókar hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga, sbr. þó 5. mgr.;
3. aðalbók þar sem fram kemur staða hvers einstaks bókhaldsreiknings, sbr. 12. gr.;
4. ársreikningi, sbr. 22. gr.

Bækur skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. nefnast einu nafni fjárhagsbókhald.

Í bókhaldi aðila skv. 2. mgr. skulu vera eftir því sem við á:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. viðskiptamannabókhald, sbr. 15. gr.

Í bókhaldi þeirra aðila, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skv. 3. gr., skulu vera:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. sundurliðunarbók, sbr. 14. gr.;
3. ársreikningur, sbr. 22. gr.

Í handfærðu bókhaldi eru kröfur skv. 2. tölul. 2. mgr. uppfylltar með færslu á viðeigandi bókhaldsreikninga í dagbók, sbr. 1. tölul. 2. mgr. Heimilt er að sameina sjóðbók og dagbók sem nefnist þá sjóðsdagbók. Sjóðbók og sjóðsdagbók skulu vera fyrir fram innbundnar og blaðsíðurnar tölusettar en færi aðili bæði sjóðbók og sjóðsdagbók má hin síðarnefnda vera lausblaðabók. Í handfærðu bókhaldi skal aðalbók vera fyrir fram innbundin og blaðsíðurnar tölusettar og færa má ársreikninginn í aðalbókina.

Bókhaldsbækurnar skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

11. gr.

Að jafnaði skal haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Færa skal þá reikninga í bókhaldinu sem nauðsynlegt er til að eðlileg sundurliðun náist með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Í stað sundurliðunar á skylda reikninga er heimilt að halda einn eða fáa reikninga í fjárhagsbókhaldinu en sundurliða þá í sérstöku undirkerfi. Slík undirkerfi skulu tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran og öruggan hátt um tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi. Færslur, sem eiga uppruna sinn í slíkum undirkerfum, skulu færast í sérstaka dagbók og berast til fjárhagsbókhalds með reglubundnum og öruggum hætti. Við færslu í undirkerfi skal ætíð vísað til grunngagna.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal haga reikningaskipan þannig að nægilegt innra eftirlit skapist.

12. gr.

Í aðalbók skal koma fram staða hvers einstaks bókhaldsreiknings í lok hvers bókhaldstímabils í samræmi við hreyfingalista eða dagbók í handfærðu bókhaldi. Samtölur aðalbókar skulu hverju sinni innifela allar færslur sem fram að því hafa verið gerðar á reikningsárinu.

13. gr.

Í sjóðbók skal færa allar innborganir í sjóð og útborganir úr honum á þann hátt að auðvelt sé að bera saman sjóðseign og niðurstöðu sjóðbókar í lok starfsdags eða vinnulotu, allt eftir tegund starfsemi.

Hver greiðsla færist sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og færslu sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina og skal í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslum. Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

Falla má frá færslu í sjóðbók þegar fyrir liggur annað jafnöruggt skráningarkerfi innborgana og útborgana.

14. gr.

Þeir sem eru undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða viðskipti sín í sérstaka bók, sundurliðunarbók, þar sem hreyfingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum eru flokkaðar eftir tegundum. Heimilt er að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbóka bókhaldsins, þar með taldar samanlagðar niðurstöður af útgefnum reikningum á bókhaldstímabilinu. Í lok hvers bókhaldstímabils skal stemma færslur í sjóðbók á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi reikninga og ógreiddra krafna við upphaf og lok bókhaldstímabilsins.

Niðurstöður sundurliðunarbókar skal vera unnt að rekja til ársreiknings.

15. gr.

Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Þó er heimilt að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga.

Ef notað er sérstakt viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhalds skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Viðskiptamannabókhald skal tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran hátt um sérstaka tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi.
2. Í viðskiptamannabókhaldi skal á hverjum tíma vera unnt að kalla fram stöðu viðskiptamannareikninga hvers um sig og í heild. Samtöluna skal vera unnt að rekja til tiltekinna reikninga í fjárhagsbókhaldi, sbr. 1. tölul.
3. Færslur á viðskiptamannareikninga skulu berast milli fjárhagsbókhalds og viðskiptamannabókhalds með reglulegum og öruggum hætti.
4. Þegar færslur eiga uppruna sinn í viðskiptamannabókhaldi skal færð dagbók um þær færslur með sama hætti og í fjárhagsbókhaldi.
5. Við færslur í viðskiptamannabókhald skal ætíð vísað til grunngagna.

16. gr.

Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hverrar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu. Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita.

Þeir sem nota stöðugt birgðabókhald eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti.

Ef birgðir eru verðlagðar á söluverði skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvernig kostnaðarverð er reiknað.

17. gr.

Tekjuskráning bókhaldsskyldra aðila skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Öruggt kerfi í þessu sambandi teljast m.a. reikningar, afreikningar og gíróseðlar, enda séu þessi gögn í öruggu skipulegu númerakerfi, og sjóðvélar sem notaðar eru við sölu á vörum og þjónustu í smásölu, svo og önnur sambærileg og örugg kerfi til tekjuskráningar, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í öðrum lögum.

18. gr.

Sjóðbók, sjóðsdagbók og dagbók í handfærðu bókhaldi skal lokað reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Niðurstöður einstakra reikninga skulu þá færðar í aðalbók. Færslu í aðalbók skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers bókhaldstímabils.

Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða færslur sínar í sundurliðunarbók eftir því sem þörf er á og eigi sjaldnar en í lok reikningsárs.

Við gerð ársreikninga skal fara fram nákvæm og fullkomin lokun á öllum bókhaldsbókum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningi og í aðalbókinni.

Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna.

19. gr.

Fylgiskjöl með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bækurnar. Þau skulu geymd í samfelldri töluröð.

Hverjum bókhaldsskyldum aðila er skylt að geyma með skipulögðum hætti öll bréf, myndrit og skeyti er honum berast og hafa þýðingu í rekstri hans. Enn fremur skal halda eftir samritum af öllum þeim bréfum, myndritum og skeytum er hann sendir öðrum og hafa þýðingu í rekstri hans.

20. gr.

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveittar hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita sjóðvélastrimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að prenta gögnin í upprunalegu formi eða yfirfæra á nýjan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár.

21. gr.

Allt, sem fært er í bækur eða á reikninga, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu letri. Eigi má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði læsileg að leiðréttingu lokinni.

Leiðrétting á rangri færslu skal gerð með sérstöku fylgiskjali þar sem fram komi hvaða færslu er verið að leiðrétta og hvers vegna.

III. KAFLI
Ársreikningur og skýringar.

Reikningsár og undirritun.

22. gr.

Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar strangari kröfur í öðrum lögum. Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal undirritaður af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum skal hann undirrita reikninginn með áritуðum fyrirvara. Koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Efnahagsreikningar og rekstrarreikningar.

23. gr.

Í efnahagsreikningi skal á kerfisbundinn hátt tilgreina eignir, skuldir og eigið fé hluthafeiganda í lok reikningsársins. Reikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við góða reikningsskilavenju.

24. gr.

Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

Óheimilt er að jafna saman eignum og skuldum eða tekjum og gjöldum.

Í ársreikningi skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

25. gr.

Tekjur og gjöld skulu að jafnaði færð í rekstrarreikning þess árs þegar þeirra er aflað eða til þeirra stofnað.

26. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað.

27. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningnum eða skýringum.

Mat eigna.

28. gr.

Í efnahagsreikningi ber að tilgreina peningalegar eignir og skuldir með þeirri fjárhæð er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Varanlegir rekstrarfjármunir skulu að jafnaði tilgreindir á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum. Sé frá þessu vikið skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði, sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim, fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Vörubirgðir má eigi telja til eignar á hærra verði en kostnaðarverði eða dagverði ef það er lægra.

Ef gerðar eru verulegar breytingar á mati eigna eða skulda frá síðasta efnahagsreikningi skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

29. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

Matsbreytingar samkvæmt þessari grein skal færa í rekstrarreikning.

30. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag starfseminnar í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

Skýringar.

31. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum á árinu;
2. opinbert mat á eignunum ef það liggur fyrir;
3. nafnverð eignarhluta í félögum;
4. hreyfingar á eiginfjárreikningum;
5. veðsetningu eigna og ábyrgðir;
6. önnur þau atriði sem máli skipta við mat á rekstri og efnahag og ekki koma annars staðar fram.

Skoðun reikninga.

32. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar, sem falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga, geta á aðalfundi eða félagsfundi kosið einn eða fleiri skoðunarmenn ársreikninga og varamenn þeirra. Skoðunarmenn geta verið úr hópi félagsmanna en mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

Skoðunarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Uppfylli skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ef félag kýs löggiltan endurskoðanda í stað skoðunarmanns skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans.

33. gr.

Skoðunarmenn skulu hvenær sem er hafa aðgang að bókhaldi til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skal stjórn sjá til þess að skoðunarmenn fái þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem þeir álíta nauðsynlega.

34. gr.

Með áritun sinni á ársreikning skulu skoðunarmenn staðfesta að þeir hafi yfirfarið hann. Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum. Telji skoðunarmaður að svo hafi ekki verið skal hann árita ársreikninginn með viðeigandi athugasemdum.

Ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun skoðunarmanns telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

35. gr.

Skoðunarmenn eiga rétt á að sitja fundi þar sem fjallað er um ársreikninga.

Skoðunarmönnum er óheimilt að gefa einstökum félagsaðilum eða öðrum upplýsingar um hag félags.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um bókhaldsskyldu, undanþágu frá færslu tvíhliða bókhalds, skipulag bókhalds, bókhaldsgögn og notkun tölva við færslu bókhalds og geymslu gagna.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 51/1968, um bókhald, með síðari breytingum. Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir var lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94 til kynningar en ekki tekið til umræðu. Það er nú endurflutt með óverulegum breytingum. Frumvarpið er samið af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 23. desember 1992. Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1993 og er hún þannig skipuð: Guðmundur Guðbjarnason viðskiptafræðingur, formaður nefndarinnar, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, Lárus Ögmundsson, lögfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, og Alexander G. Eðvardsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Um athugasemdir með lagafrumvarpi þessu og fylgiskjal vísast til frumvarps sama efnis á þskj. 1049, 612. mál 117. löggjafarþings, bls. 4619–4636 í A-deild Alþt. 1993–94. Athugasemdirnar eru samhljóða nema á einum stað í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins, þ.e. um 20. gr., en þær hljóða svo:

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um geymsluskyldu bókhaldsbóka og bókhaldsgagna og er greinin sambærileg við 1. mgr. 16. gr. gildandi laga. Lagt er til að halda óbreyttri sjö ára geymsluskyldu þessara gagna, sbr. þó lokamálslið málsgreinarinnar en þar eru nýmæli. Samkvæmt þeim er linað á geymslukröfu sjóðvélastrimla hjá þeim sem nota sjóðvélar úr sjö árum í þrjú ár eftir lok reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur fyrir viðkomandi ár. Í bókhaldinu skulu áfram liggja fyrir útsláttarseðlar með samtölu fyrir sölu hvers dags og skulu þeir geymdir í sjö ár.

Geymsla gagna á tölvutæku formi hefur verið að þróast á undanförnum árum og er ekki séð fyrir endann á þeirri þróun. Í dag er um að ræða segulbönd, tölvudiska og það nýjasta sem er geymsla gagna á geisladiski. Telja verður að orðalagið „eða annan sambærilegan hátt“ nái til þeirra breytinga sem koma í stað þeirra aðferða sem þekktar eru í dag. Áríðandi er að varðveislan verði örugg á geymslutímanum. Í 2. mgr. er að finna nýmæli um geymslu í tölvutæku formi og skilyrði hennar.

Í 3. mgr. er óbreytt ákvæði um geymslu ársreikninga í 25 ár.

73. Frumvarp til laga [73. mál]

um ársreikninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu. Enn fremur gilda lögin um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, sbr. 2. gr. Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda geri þau jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar en lög þessi.

Í lögum þessum merkir:

1. *félag*: fyrirtæki skv. 1. mgr. sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt lögum þessum;
2. *félagsaðili*: hluthafa í hlutafélagi og eiganda eignarhluta í öðru félagi sem lög þessi taka til;
3. *eignarhluti*: hlutdeild félagsaðila í eigin fé félags sem lög þessi taka til;
4. *hlutdeildarfélag*: félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á; félag er talið hafa veruleg áhrif ef það og dótturfélög þess fara með 20% eða meira af atkvæðum í hlutdeildarfélaginu;
5. *móðurfélag*: félag sem á beinan eða óbeinan hátt á svo mikinn hluta eigin fjár í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í því eða það hefur vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess;
6. *dótturfélag*: félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 5. tölul.;
7. *félagasamstæða*: móðurfélag og dótturfélög þess;
8. *samstæðureikningur*: reikningsskil þar sem reikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt;
9. *félagaskrá*: hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra.

Þegar talið er saman atkvæðamagn félags í öðru félagi skal bæði telja atkvæði sem félagið sjálft fer með og atkvæði dótturfélaga þess hlutfallslega.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, skulu ekki taldir með þegar talin eru saman atkvæði félags í dóttur- eða hlutdeildarfélögum.

2. gr.

Lög þessi gilda um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1. gr., sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar. Enn fremur gilda lög þessi um félög með ótakmarkaðri ábyrgð sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:

1. eignir nema samtals a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Ef félag, sem uppfyllt hefur ofangreind skilyrði, gerir það ekki lengur tvö ár í röð er því ekki skylt að fara að ákvæðum laga þessara.

Sameignarfélögum og samlagsfélögum, sem um ræðir í 1. mgr. og eru að öllu leyti í eigu félaga sem talin eru í 1. gr., er ekki skylt að semja ársreikninga ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðilanna.

Gerð ársreikninga.

3. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu á hverju reikningsári láta semja ársreikning og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Í félögum, sem hafa ekki formlega stjórn, hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Í móðurfélögum skal enn fremur semja samstæðureikning er skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og eftir atvikum samstæðureikninginn. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal lagður fram í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

4. gr.

Hafi verðbréf félags ekki verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-ríki) þarf félagið ekki að semja samstæðureikning ef:

1. það er dótturfélag;
2. ársreikningur þess og allra dótturfélaga þess er hluti af samstæðureikningi móðurfélags sem lýtur löggjöf EES-ríkis;
3. stjórn félagsins hefur ekki sex mánuðum fyrir lok reikningsárs borist krafa frá félagsaðilum, sem eiga a.m.k. 10% af eigin fé félagsins, um að láta semja samstæðureikning;
4. félagið sendir félagaskrá ársreikning sinn ásamt samstæðureikningi, sbr. 2. tölul., svo og upplýsingar sem greinir í 1. málsl. 2. mgr. og
5. félagið gerir grein fyrir því í skýringum í ársreikningi að með stoð í þessari grein hafi það ekki samið samstæðureikning og skýrir frá nafni og lögheimili móðurfélagsins, sbr. 2. tölul.

Félagaskrá getur krafist þess að látnar verði í té sams konar upplýsingar um samstæðureikninga sem tilgreindir eru í 2. tölul. 1. mgr. og hefðu átt að fylgja samstæðureikningi félagsins sjálfs samkvæmt lögum þessum. Félagaskrá getur enn fremur krafist íslenskrar þýðingar á samstæðureikningnum.

5. gr.

Halda má dótturfélagi utan samstæðureiknings ef:

1. það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag félagasamstæðunnar vegna smæðar þess;
2. stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hindranir eru á að félag geti nýtt eignarhluta sinn í dótturfélaginu eða haft áhrif á stjórnun þess;
3. ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar; eða
4. eignarhluti í því er eingöngu ætlaður til endursölu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. skulu félög, sem hvert um sig hafa óverulega þýðingu, innifalin í samstæðureikningi ef þau hafa verulega þýðingu samanlagt.

Ef starfsemi dótturfélags er svo ólík starfsemi móðurfélags að það gæfi villandi mynd af félagasamstæðunni að innifela það í samstæðureikningi skal halda því utan við hann. Eignarhluti móðurfélagsins í dótturfélaginu skal þá færður til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Sé dótturfélagi haldið utan samstæðureiknings skv. 1. eða 3. mgr. skal gerð grein fyrir því í skýringum.

6. gr.

Móðurfélag þarf ekki að semja samstæðureikning ef hvorki verðbréf þess né dótturfélaga þess hafa verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki og félagasamstæðan fer ekki fram úr tveimur af eftirfarandi stærðum á reikningsskiladegi:

1. eignir nema a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 50.

Heimildin til að beita ákvæði 1. mgr. breytist því aðeins að félagasamstæðan hafi farið fram úr eða fari ekki lengur fram úr tveimur af stærðunum þremur tvö reikningsár í röð.

7. gr.

Láti félag, sem skv. 4. eða 6. gr. þarf ekki að semja samstæðureikning, samt semja slíkan reikning skal það gert samkvæmt ákvæðum laga þessara um samstæðureikninga að undanskilinni 69. gr.

8. gr.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

9. gr.

Ársreikningar og samstæðureikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess.

Ef ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja nægja ekki til að gefa glögga mynd af rekstrarafkomu og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

10. gr.

Efnahagsreikning og rekstrarreikning skal setja upp með kerfisbundnum hætti. Fjármálaráðherra setur reglur um uppsetningu efnahagsreikninga og rekstrarreikninga.

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

Víkja má frá ákvæðum laga þessara um uppsetningu efnahagsreiknings eða rekstrarreiknings ef þau leiða til þess að ársreikningur eða samstæðureikningur gefur villandi eða óskýra mynd af rekstrarafkomu eða efnahag félags eða félagasamstæðu.

11. gr.

Í ársreikningum og samstæðureikningum, sem samdir eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

Ef getið er tölulegra upplýsinga í ársreikningum eða samstæðureikningum í annarri mynt en hinni upphaflegu skal það gert á því gengi sem við átti á reikningsskiladegi. Tilgreina skal það gengi sem við er miðað.

12. gr.

Óheimilt er að jafna saman eignum og skuldum eða tekjum og gjöldum.

II. KAFLI
Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur.

13. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir. Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

14. gr.

Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddan kostnað. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, skal færa til eignar í efnahagsreikningi. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

15. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

16. gr.

Heimilt er að færa til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga sem varða reikningsárið eða fyrri ár, og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu.

Skuldbindingum skv. 1. mgr. má eigi jafna á móti eignum og skulu þær ekki nema hærri fjárhæðum en nauðsynlegt er talið.

17. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningi eða skýringum með honum.

18. gr.

Hrein velta samanstendur af tekjum af sölu á vörum og þjónustu í reglulegri starfsemi, að frádregnum afslætti og sköttum sem tengjast sölunni beint.

19. gr.

Tekjur og gjöld, sem tengjast ekki reglulegri starfsemi, skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi og greina frá eðli þeirra í skýringum nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Sama á við um tekjur og gjöld sem varða önnur reikningsár.

III. KAFLI
Matsreglur.

20. gr.

Eftirfarandi almennar reglur eiga við um einstaka liði ársreiknings:

1. Gera skal ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram.
2. Matsaðferðum skal beitt með hliðstæðum hætti frá ári til árs.
3. Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a:
   a. aðeins tekjufæra hagnað sem áunninn er fyrir lok reikningsárs;
   b. taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og tapa sem myndast kunna á reikningsárinu eða vegna fyrri reikningsára, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn og
   c. gjaldfæra alla verðmætisrýrnun hvort heldur sem hagnaður eða tap er á rekstrinum.
4. Tekjur og gjöld, sem varða reikningsárið, skal færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er.
5. Einstaka þætti eigna- og skuldaliða skal meta til verðs hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum 1. mgr. Skal þá geta um frávikin í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður þeirra, svo og mat á áhrifum þeirra á eignir og skuldir, tekjur og gjöld.

21. gr.

Ef vikið er frá 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal hinni nýju aðferð beitt við allt það reikningsár þegar breytingin var gerð. Í skýringum skal geta um heildaráhrif breytingarinnar á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins ef breytingin er veruleg.

22. gr.

Fastafjármuni skal eigi meta til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Framleiðslukostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kostnaðarverði hráefnis og hjálparefna að viðbættum kostnaði sem beinlínis leiðir af framleiðslu fjármunanna. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem óbeint tengjast framleiðslunni enda hafi þau fallið til á framleiðslutímanum.

Til kostnaðarverðs má enn fremur telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagna kaup eða framleiðslu varanlegra rekstrarfjármuna á framleiðslutímanum. Ef fjármagnskostnaður er talinn til kostnaðarverðs skal greint frá því í skýringum.

23. gr.

Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef þessir fjármunir eru endurmetnir samkvæmt ákvæðum 25. gr. ber að reikna afskriftir af framreiknuðu kostnaðarverði þeirra eins og það er á hverjum tíma.

24. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 22. eða 23. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Niðurfærslur samkvæmt þessari grein skulu færðar í rekstrarreikning. Ef eignir hafa verið færðar niður skv. 1. eða 2. mgr. og ástæður verðlækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs.

Matsbreytingar skv. 1.–3. mgr. skal færa í rekstrarreikning. Ef þær eru ekki sérgreindar í rekstrarreikningnum skal gera grein fyrir þeim í skýringum, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.

25. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag félaga með eftirtöldum aðferðum:

a. Heimilt er að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu. Slíkar leiðréttingar skulu bæði taka til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings.
b. Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Endurmatsreikningi, sem myndaður er skv. a-lið 1. mgr., má aðeins ráðstafa með eftirfarandi hætti:

a. til hækkunar á hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa;
b. til að verðbæta lögbundinn varasjóð, að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarbréfum;
c. til að verðbæta annað eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar;
d. nú nemur endurmatsreikningur hærri eða lægri fjárhæð en framreikningi á innborguðu eigin fé í samræmi við almennar verðlagsbreytingar og er þá heimilt að færa mismuninn á annað eigið fé;
e. nú er endurmatsreikningur neikvæður í lok reikningsárs og er þá heimilt að jafna hann á móti öðru eigin fé.

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. b-lið 1. mgr., má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

26. gr.

Veltufjármuni skal ekki færa til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra.

Kostnaðarverð veltufjármuna samanstendur af kaupverði og þeim kostnaði sem tengist beint öflun þeirra. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem tengjast öfluninni óbeint enda hafi útgjöldin fallið til á sama tímabili og eignanna var aflað eða þær voru framleiddar.

27. gr.

Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð. Vörubirgðir skulu þó aldrei metnar við hærra verði en dagverði.

Ef vörubirgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum.

Um framleiðslukostnaðarverð vörubirgða gilda hliðstæðar reglur og getur í 3. mgr. 22. gr. Dreifingarkostnað má ekki telja til framleiðslukostnaðar vörubirgða.

28. gr.

Skammtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að þær muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Ákvæði 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 24. gr. gilda um þetta eftir því sem við á.

29. gr.

Verðbréf, sem eru ekki ætluð til varanlegrar eignar og skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, er heimilt meta við síðasta skráða kaupgengi þrátt fyrir ákvæði 26. gr.

Tilgreina skal í skýringum ef þessu ákvæði er beitt.

30. gr.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun hlutafjár má ekki færa til eignar.

31. gr.

Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda, rannsókna eða þróunar er ekki gjaldfærður strax skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á tilteknu tímabili, þó ekki á lengri tíma en fimm árum.

Afskriftatímann má þó lengja fram yfir fimm ár enda sé hann ekki lengri en nýtingartími viðkomandi eignar. Gera skal grein fyrir ástæðum þessa í skýringum.

32. gr.

Afföll og lántökukostnað af seldum skuldaviðurkenningum má færa í efnahagsreikning og skal þá gerð grein fyrir þeim þar eða í skýringum.

Afföllin skulu færð til gjalda með reglubundnum hætti á lánstímanum.

33. gr.

Óverulegar birgðir af rekstrarvörum, hráefnum eða hjálparefnum má eignfæra með fastri fjárhæð enda breytist þær ekki umtalsvert að magni, samsetningu eða verðgildi.

34. gr.

Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.

35. gr.

Í stað þess að færa eignarhluta sinn í dótturfélagi til eignar við kostnaðarverði í samræmi við ákvæði þessa kafla getur móðurfélag fært eignarhlutann samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé dótturfélagsins. Mismunur á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeildar í eigin fé dótturfélagsins á kaupdegi hins vegar skal enn fremur hafa áhrif á bókfært verð fjárfestingar í dótturfélaginu.

Einnig er heimilt að beita hlutdeildaraðferð við eignfærslu á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum.

IV. KAFLI
Skýringar.

36. gr.

Í skýringum í ársreikningi eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings, skal a.m.k. veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 37.–51. gr., auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

37. gr.

Veita skal upplýsingar um mat á einstökum liðum ársreiknings, þar á meðal þær aðferðir sem beitt er við endurmat og afskriftir fastafjármuna. Ef fjárhæðir í ársreikningi eru byggðar á erlendum gjaldmiðli á reikningsskiladegi skal tilgreina það gengi sem við er miðað.

38. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarfélaga. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra fyrir sig og eigin fjár þeirra samtals, svo og rekstrarárangurs síðasta reikningsárs. Ekki er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu eða þær geta valdið félaginu verulegu tjóni enda sé ástæðunnar getið.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um upplýsingar um eigið fé og rekstrarárangur dóttur- og hlutdeildarfélaga ef:

1. hlutdeildarfélag birtir ekki ársreikning sinn og hlutur félagsins í eigin fé þess er minni en 50%;
2. reikningsskil dótturfélags eru hluti af samstæðureikningi félagsins eða
3. félagið metur eignarhluta sína samkvæmt hlutdeildaraðferð, sbr. 35. gr.

39. gr.

Í skýringum skal tilgreina nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð sem félagið er aðili að. Ekki þarf að gefa þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. gilda einnig eftir því sem við á.

40. gr.

Ef eignarhlutum í félagi er skipt í flokka skal sérgreina þá og tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra eða bókfært verð ef nafnverð er ekki fyrir hendi. Í hlutafélögum skal ávallt tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra.

41. gr.

Hafi félagið tekið skuldabréfalán er veitir lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns, skiptihlutfall og frest þann sem veittur hefur verið til breytingar í hluti.

Hafi skuldabréfalán með rétti til vaxta verið tekið og vaxtakjörin ráðast að nokkru eða öllu leyti af rekstrarárangri félagsins skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns og hina umsömdu ávöxtun.

Sams konar upplýsingar skal veita um hlutdeildarskírteini og önnur sambærileg réttindi eftir því sem við á, m.a. um fjölda þeirra.

42. gr.

Veita skal upplýsingar um þann hluta skulda sem fellur árlega til greiðslu á næstu fimm árum frá lokum reikningsárs annars vegar og hins vegar vegna þess hluta sem fellur til greiðslu síðar.

Hafi félag sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna, sundurliðað eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu félagasamstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.

Veita skal upplýsingar um heildarfjárhæðir lífeyris-, ábyrgðar- og tryggingarskuldbindinga, selda víxla og aðrar fjárskuldbindingar sem eru ekki tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi félagið gert leigueða eignarleigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega. Skuldbindingar gagnvart móðurfélagi og dótturfélögum þess skal tilgreina sérstaklega.

43. gr.

Tilgreina skal fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við gagnvart einstaklingum, nátengdum þeim sem þar eru taldir.

44. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat. Sama á við um vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

45. gr.

Ef hluti af áætluðum hagnaði af langtímaverkefni er innleystur áður en því er að fullu lokið skal þess getið í skýringum og gerð grein fyrir matsreglum. Ef hagnaður af slíku verkefni er ekki tekjufærður fyrr en við verklok skal gera grein fyrir því í skýringum.

46. gr.

Upplýsa skal um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum ef þessir þættir og svæði hafa veruleg áhrif í rekstri félagsins.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um félög sem falla undir 1. mgr. 77. gr. Þá má sleppa þessum upplýsingum ef þær geta valdið viðkomandi félagi verulegu tjóni enda sé þess getið í skýringum.

47. gr.

Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á árinu og eigna í lok þess.

Upplýsa skal um skattaleg áhrif af óreglulegum rekstrarliðum.

Upplýsa skal um frestaða skattskuldbindingu vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar og þeim sköttum, sem álagðir eru vegna sömu ára hins vegar nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu. Einnig má tilfæra fjárhæðina sem sérstakan skuldalið í efnahagsreikningi.

Leiði sala á eignum félags við bókfærðu verði til skattlagningar umfram þá fjárhæð sem tilgreind er í 3. mgr. skal greina frá því ef fjárhæðin er veruleg.

Upplýsingar skv. 3. og 4. mgr. skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir.

48. gr.

Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir.

49. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skal veita um eign félags á eigin hlutum:

1. fjölda og nafnverð eigin hluta, svo og hlutfall þeirra af heildarhlutum;
2. fjölda og nafnverð eigin hluta sem hafa verið keyptir eða seldir á reikningsárinu, svo og kaup- og söluverð þeirra og
3. ástæður þess að félagið eignaðist eigin hluti á reikningsárinu.

Sömu upplýsingarnar og taldar eru í 1. mgr. skal veita ef tekið hefur verið veð í eigin hlutum.

Sömu upplýsingar og getið er í 1. og 2. mgr. skal veita um hluti í félagi sem dótturfélag þess hefur eignast eða látið af hendi á reikningsárinu.

50. gr.

Sundurliða skal breytingar á eigin fé félags á reikningsárinu.

51. gr.

Ef félag er dótturfélag skal greina frá nafni og heimili móðurfélags þess og enn fremur hvar afla má samstæðureiknings félaganna.

V. KAFLI
Skýrsla stjórnar.

52. gr.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið. Ef veruleg óvissa ríkir um einstaka liði í ársreikningi eða ársreikninginn í heild skal veita upplýsingar um slíkt.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.

Í félögum, sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, skal enn fremur gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega, ásamt skýringum á helstu frávikum.

Í hlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár félagsins í lok ársins. Ef atkvæðagildi hluta er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 10% allra atkvæða í félaginu. Við útreikning þennan telst félagasamstæða einn aðili.

Í samvinnufélögum, sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um fjölda félagsaðila í upphafi og lok reikningsárs og fjölda eigenda að B-hluta stofnsjóðs ef stofnsjóður samvinnufélaga er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er mismunandi skal það skýrt.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um félagasamstæðuna í heild.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur fjallað um eftir því sem við á:

1. mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins;
2. framtíðarhorfur félagsins;
3. rannsóknar- og þróunarstarfsemi og
4. útibú félagsins erlendis ef einhver eru.

VI. KAFLI
Samstæðureikningar.

53. gr.

Í samstæðureikningi skal gera grein fyrir samanlögðum eignum og skuldum, tekjum og gjöldum félagasamstæðu í heild. Við gerð reikningsins skulu eftirfarandi liðir falla niður:

1. kröfur og skuldir félaga innan samstæðunnar gagnvart öðrum félögum innan hennar;
2. tekjur og gjöld af gagnkvæmum viðskiptum félaga innan samstæðunnar og
3. óinnleystur hagnaður eða tap af þeim viðskiptum.

54. gr.

Samstæðureikning skal setja upp á skýran hátt í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Samstæðureikningur skal settur þannig fram að samkynja tekjur og gjöld, eignir og skuldir séu lagðar saman.

Í samstæðureikningi skal fella niður fjárfestingu móðurfélags í dótturfélögum á móti hlutfallslegri eign móðurfélagsins í eigin fé þeirra. Hlutdeild eigenda minni hluta í eigin fé dótturfélaga skal birta sem sérstakan lið meðal skulda samstæðunnar nema fjárhæðin sé óveruleg.

55. gr.

Í samstæðureikningi skal mat á sambærilegum eignum og skuldum vera með samræmdum hætti.

Í samstæðureikningi skal meta eignarhluta samstæðunnar í hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð nema eignarhlutarnir hafi óverulega þýðingu.

56. gr.

Nú rekur félag innan samstæðu starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og er þá heimilt að innifela hlutdeild samstæðunnar í samrekstrinum í samstæðureikningi. Eignir og skuldir, tekjur og gjöld hins sameiginlega rekstrar skulu þá tekin inn í samstæðureikninginn í hlutfalli við aðild samstæðunnar að rekstrinum.

VII. KAFLI
Endurskoðun.

57. gr.

Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn.

Þegar félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á aðalfundi þar sem kjósa skal endurskoðendur eða skoðunarmenn, krefjast þess skal stjórn félagsins beina þeim tilmælum til viðkomandi félagaskrár að hún tilnefni endurskoðanda til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með þeim sem kjörnir eru fram til næsta aðalfundar. Telji félagaskráin ástæðu til að verða við þessari ósk skal hún tilnefna endurskoðanda til starfans. Þóknun til hans skal félagið greiða.

58. gr.

Um hæfisskilyrði löggiltra endurskoðenda fer eftir ákvæðum laga um löggilta endurskoðendur. Skoðunarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Af þeim aðilum, sem kosnir eru til endurskoðunarstarfa, skal a.m.k. einn vera heimilisfastur hér á landi. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki.

Ef endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun skal sá sem falin er endurskoðunin vera löggiltur endurskoðandi.

Hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

59. gr.

Í félögum, þar sem bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið eigið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur á ári eru a.m.k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ársmenn) eru fleiri en 50, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda. Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma. Annars skal við það miðað að skuldir og bundið eigið fé hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningum tveggja síðastliðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 50 tvö síðastliðin reikningsár.

Félög, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Í félögum, þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Samvinnufélög, er hafa B-deild stofnsjóðs, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á fundi þar sem kjósa skal endurskoðendur eða skoðunarmenn, geta á fundinum krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi.

60. gr.

Kjósa skal a.m.k. einn af endurskoðendum eða skoðunarmönnum móðurfélags til að gegna sams konar starfa fyrir dótturfélag ef þess er nokkur kostur.

Ekki má kjósa neinn þann til endurskoðunarstarfa fyrir dótturfélag sem væri ekki hæfur til að gegna sama starfi fyrir móðurfélag.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður má hvorki vera skuldugur félaginu eða félögum innan sömu félagasamstæðu né njóta ábyrgða af hálfu þeirra.

61. gr.

Í samþykktum félaga skal kveða á um starfstíma endurskoðenda eða skoðunarmanna. Starfi þeirra lýkur við lok þess aðalfundar þegar kjósa skal þá að nýju. Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður verið kosinn til ótiltekins tíma lýkur starfi hans þegar annar hefur verið kosinn í hans stað. Nú lýkur starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns og skal þá tilkynna félagaskrá hvenær hann lætur af starfi. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þegar í stað senda tilkynningu um starfslok endurskoðanda til verðbréfaþingsins.

Endurskoðendur og skoðunarmenn geta hvenær sem er sagt af sér störfum. Þeir sem kusu þá geta einnig leyst þá frá störfum þótt starfstíma þeirra sé ekki lokið.

Ljúki starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns áður en kjörtímabili hans lýkur eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er í hans stað skal stjórn félagsins hlutast til um að nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður verði þegar í stað valinn. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal boða til fundar innan viku frá því að endurskoðandi sagði starfi sínu lausu eða var leystur frá störfum þar sem kjósa skal annan endurskoðanda.

Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður sagt starfi sínu lausu eða verið leystur frá störfum skal hann veita þeim er kosinn er í hans stað upplýsingar um hverjar hann telur vera ástæður starfslokanna.

62. gr.

Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður er ekki valinn, kjör hans brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins eða hann uppfyllir ekki lengur hæfisskilyrði laganna skal félagaskrá tilnefna endurskoðanda eða skoðunarmann að ósk stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða félagsaðila.

Hafi félagsfundur ekki orðið við kröfu um að kjósa endurskoðanda skv. 4. mgr. 59. gr. tilnefnir félagaskrá endurskoðanda að ósk félagsmanns. Tilmælin skulu borin fram innan mánaðar frá því að félagsfundur var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda eða skoðunarmanns samkvæmt þessari grein gildir uns endurskoðandi eða skoðunarmaður hefur verið kosinn.

63. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Í móðurfélögum skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn verða þess varir að stjórnendur félags hafi í störfum sínum fyrir það ekki farið að lögum, þannig að það geti haft í för með sér ábyrgð

fyrir þá eða félagið, eða brotið gegn félagssamþykktum skulu þeir gera aðalfundi grein fyrir því.

Ef kosinn er endurskoðandi eða endurskoðunarfélag jafnframt skoðunarmönnum skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að endurskoðandinn annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við 1. mgr., en skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikninga, fylgjast með því að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykkta félagsfunda og stjórnar félagsins.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal verða við tilmælum félagsfundar um endurskoðunina ef þau eru ekki andstæð lögum, félagssamþykktum eða góðri endurskoðunarvenju.

64. gr.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu koma á framfæri við endurskoðendur eða skoðunarmenn þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu vegna endurskoðunarinnar. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum og skoðunarmönnum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðendur eða skoðunarmenn telja nauðsynlega vegna starfa síns. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

65. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og enn fremur samstæðureikning ef hann er saminn og skal áritunin fylgja ársreikningnum.

Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit endurskoðenda eða skoðunarmanna á því hvort ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga, samþykkta félagsins og góða reikningsskilavenju, svo og greinargerð um niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn telja að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikninginn, skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn vekja athygli á því í áritun sinni.

66. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur eða skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin skal varðveita gögn þessi á öruggan hátt.

67. gr.

Endurskoðendur og skoðunarmenn eiga rétt á að sitja félagsfundi. Þá skulu þeir sitja fundi ef félagsstjórn eða framkvæmdastjóri, einstakir stjórnarmenn eða félagsaðilar fara þess á leit. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu endurskoðendur sitja aðalfundi.

Á aðalfundi skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn svara fyrirspurnum um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað.

Enn fremur eiga endurskoðendur og skoðunarmenn rétt á að sitja stjórnarfundi þegar fjallað er um reikningsskil sem þeir hafa áritað. Þá skulu þeir sitja stjórnarfundi ef a.m.k. einn stjórnarmaður fer þess á leit.

68. gr.

Endurskoðendum, skoðunarmönnum og samstarfsmönnum þeirra er óheimilt að veita einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

VIII. KAFLI
Birting ársreiknings.

69. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Ársreikninga félaga, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þó senda þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal enn fremur senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 1. mgr. 6. gr., heimilt að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi og heldur ekki til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

70. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr., skal senda félagaskrá með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

71. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem tilgreind eru í 2. gr., skulu senda félagaskrá tilkynningu um nafn, heimilisfang, félagsform og atvinnugrein sína samtímis því að þau senda henni í fyrsta sinn birtingarskyld gögn skv. 69. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem nýta sér undanþáguheimildir 75. eða 76. gr., skulu veita upplýsingar um nöfn og heimilisföng þeirra félaga sem semja ársreikninga þeirra eða innifela þá í samstæðureikningum sínum ef eftir því er leitað.

72. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Ef áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna er ekki fyrirvaralaus skal vakin athygli á því og ástæður þess tilgreindar.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild og skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritunin var ekki fyrirvaralaus og ástæður þess tilgreindar.

73. gr.

Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hjá félagaskrá, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til félagaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.

Reikningar, sem sendir eru félagaskrá skv. 1. mgr., skulu vera í sama formi og ber að birta þá samkvæmt gildandi reglum í heimaríki félagsins.

Ársreikninga fyrir erlent félag, sem lýtur löggjöf EES-ríkis, má senda félagaskrá óendurskoðaða ef slíkt samræmist löggjöf í heimaríki félagsins.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

74. gr.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikning sinn getur erlent dótturfélag, sem rekur útibú hér á landi og lýtur löggjöf annars EES-ríkis, sent félagaskrá samstæðureikning móðurfélags síns ef:

1. móðurfélagið lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. allir félagsaðilar hafa samþykkt þessa aðferð;
3. móðurfélagið ábyrgist skuldbindingar félagsins;
4. reikningar félagsins og dótturfélaga þess eru teknir með í samstæðureikningi móðurfélagsins í samræmi við ákvæði laga þessara um samstæðureikninga;
5. getið er um reikningsskilaaðferðir við gerð samstæðureikningsins og
6. samstæðureikningurinn ásamt skýrslu stjórnar og áritun endurskoðenda er sendur félagaskrá ásamt staðfestingu á því sem tilgreint eru í 2. og 3. tölul.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikninga sína geta önnur erlend félög sent henni samstæðureikning móðurfélaga sinna ef það samræmist þeirri löggjöf sem um þau gildir og

1. skilyrði 2., 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. eru uppfyllt og
2. félagaskrá telur að samstæðureikningarnir séu gerðir í samræmi við ákvæði laga þessara.

Tilkynning skv. 2. tölul. 1. mgr. skal send fyrir hvert reikningsár. Yfirlýsing um efni 3. tölul. 1. mgr. gildir uns hún hefur verið afturkölluð.

75. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef a.m.k. einn af félagsaðilum þess er heimilisfastur hér á landi, semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann og senda skránni ásamt sínum eigin ársreikningi.

Félag, sem um ræðir í 1. mgr. þar sem enginn félagsaðili er heimilisfastur hér á landi, þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef einhver félagsaðili þess:

1. lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar og
3. sendir félagaskrá ársreikninginn innan þeirra tímamarka, sem greinir í 1. mgr. 69. gr., ásamt sínum eigin ársreikningi eða opinbera staðfestingu á að ársreikningar félagsins hafi verið birtir í samræmi við löggjöfina sem nefnd er í 1. tölul.

Félagsaðili getur haft ársreikning skv. 1. mgr. sem hluta af eigin ársskýrslu.

76. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef hann er hluti af samstæðureikningi félagsaðila sem saminn er og endurskoðaður í samræmi við ákvæði laga þessara og sendur félagaskrá.

Ákvæði 1. mgr. eiga enn fremur við ef ársreikningur félags er hluti af samstæðureikningi móðurfélags þess félagsaðila sem ekki er skylt að senda félagaskrá samstæðureikning sinn, sbr. 4. gr.

Í samstæðureikningum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. skal geta þess í skýringum ef félag skv. 2. gr. sendir félagaskrá ekki ársreikning sinn.

Innan tímamarka 1. mgr. 69. gr. skal senda félagaskrá samstæðureikninga skv. 1. og 2. mgr. eða staðfestingu opinbers aðila á að ársreikningur hafi verið saminn og birtur í samræmi við ákvæði 1. mgr.

77. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög, sem á reikningsskiladegi fara ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent félagaskrá samandreginn rekstrarreikning, samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur:

1. eignir nema samtals 500 milljónum kr.;
2. rekstrartekjur nema samtals 1.000 milljónum kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

Heimildinni til þess að beita ákvæði 1. mgr. má aðeins breyta ef félag hefur á reikningsskiladegi farið fram úr eða fer ekki lengur fram úr tvennum af þeim mörkum, sem nefnd eru í 1. mgr., tvö reikningsár í röð.

78. gr.

Félagaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

IX. KAFLI
Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja.

79. gr.

Ráðherra skal skipa fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, annar af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, þriðji af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

80. gr.

Reikningsskilaráð skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað telst góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Reikningskilaráð skal árlega auglýsa í Lögbirtingablaðinu skrá yfir útgefnar reglur og álit.

Ráðið skal starfa í nánu samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

81. gr.

Ráðherra ákveður skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

82. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga, óstyttra og samandreginna, svo og um skil á þeim og birtingu þeirra.

Viðmiðunarmörkin í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. og 2. tölul. 6. gr., svo og 59. gr. og 77. gr., eru grunnfjárhæðir sem miðast við gengi í ECU 1. janúar 1995. Ráðherra er heimilt að breyta þessum fjárhæðum til samræmis við breytingar á 4. tilskipun ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi ECU.

83. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

84. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

85. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi 55.–76. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir var lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94 til kynningar en ekki tekið til umræðu. Það er nú endurflutt með óverulegum breytingum. Frumvarpið er samið af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 23. desember 1992. Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1993 og er hún þannig skipuð: Guðmundur Guðbjarnason viðskiptafræðingur, formaður nefndarinnar, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, Lárus Ögmundsson, lögfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, og Alexander G. Eð-

vardsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Um athugasemdir með lagafrumvarpi þessu og fylgiskjal vísast til frumvarps sama efnis á þskj. 1050, 613. mál 117. löggjafarþings, bls. 4654–4674 í A-deild Alþt. 1993–94. Athugasemdirnar eru samhljóða nema á fjórum stöðum í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins, þ.e. um 52. gr., 59. gr., 63. gr. og 85. gr., en þær hljóða svo:

Um 52. gr.

Þessi grein fjallar um skýrslu stjórnar félags. Er greinin í samræmi við 46. gr. 4. tilskipunar. Skýrsla stjórnar skal vera hluti ársreiknings þegar þar er að finna upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 36. gr. Sambærileg ákvæði eru í 103. gr. hlutafélagalaga og í 3. mgr. 65. gr. samvinnufélagalaga. Vakin er athygli á að í frumvarpi þessu er skýrsla þessi ávallt nefnd skýrsla stjórnar en í lögum um hlutafélög er hún nefnd ársskýrsla. Sú nafngift er talin geta valdið misskilningi þar sem heitið ársskýrsla er oft notað um ársreikninga ásamt fylgigögnum þeirra. Er því lagt til að gera þennan greinarmun á hugtökum.

Um 59. gr.

Í þessari grein eru sett viðmiðunarmörk um hvenær félagi, sem ekki er með verðbréf sín skráð á verðbréfaþingi, ber að kjósa endurskoðanda eða hvort nægir að kjósa skoðunarmann og á ákvæðið sér hliðstæðu í 82. gr. laga um hlutafélög. Skyldan til að kjósa löggiltan endurskoðanda fremur en skoðunarmann er í samræmi við 51. gr. 4. tilskipunar. Viðmiðunarmörk af þessu tagi er einnig að finna í 11. gr. tilskipunarinnar, sbr. einnig 6. gr. frumvarpsins. Þó eru hér lagðar til nokkuð aðrar og lægri viðmiðanir og stafar það einkum af smæð íslenskra fyrirtækja.

Gert er ráð fyrir að stærðir þessar séu grunnstærðir sem ráðherra verði heimilað að breyta, sbr. 82. gr.

Þá skal félag kjósa löggiltan endurskoðanda án tillits til stærðar þess ef verðbréf þess, þar með talin hlutabréf, eru skráð á opinberu verðbréfaþingi eða engar hömlur eru lagðar á viðskipti með eignarhluta í því. Í þessu sambandi teljast það ekki hömlur á viðskipti með hluti þótt lög heimili ekki sölu hluta í tilteknum atvinnurekstri til erlendra aðila, t.d. í sjávarútvegi.

4. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 68. gr. laga um samvinnufélög.

Um 63. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. er efnislega samhljóða 86. gr. laga um hlutafélög, en 4. mgr. er sambærileg við ákvæði 4. mgr. 71. gr. laga um samvinnufélög.

Um 85. gr.

Með frumvarpi þessu eru dregin saman á einn stað öll almenn ákvæði um ársreikninga, en sambærileg ákvæði hefur til þessa aðallega verið að finna í hlutafélagalögum og samvinnufélagalögum og eru þau í frumvarpi þessu mun ítarlegri. Hér er lagt til að felld verði niður ákvæði í samvinnufélagalögunum um ársreikninga og endurskoðun þeirra. Fyrir liggur að viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum um hlutafé-

lög. Gert er ráð fyrir því að í meðförum Alþingis verði því frumvarpi breytt með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps. Með því er stuðlað að samræmi í ársreikningagerð í landinu.

74. Frumvarp til lánsfjáraukalaga [74. mál]

fyrir árið 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1994: Í stað „27.750“ kemur: 29.000.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. tölul. 4. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1994: Í stað „11.500“ kemur: 15.200.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er óskað eftir heimild Alþingis til aukinnar lántöku ríkissjóðs og húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins.

Lántökur ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að gjöld umfram tekjur verði um 1.250 m.kr. meiri á árinu en áætlað var í fjárlögum og er óskað eftir heimild Alþingis til viðbótarlántöku sem því nemur. Ítarlega er gerð grein fyrir breytingum á tekjum og gjöldum ríkissjóðs í frumvarpi til fjáraukalaga. Þá er rétt að geta þess að fjármálaráðherra hefur ákveðið að nýta heimild í 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, og endurlána Húsnæðisstofnun ríkisins alt að 7.000 m.kr. þar sem útboð húsnæðisbréfa hafa ekki gengið eftir.

Húsbréf. Afgreiðsla húsbréfa var áætluð 11.500 m.kr. í lánsfjárlögum fyrir árið 1994. Útgáfan stefnir hins vegar í að verða allt að 15.200 m.kr. á þessu ári og er sótt um heimild Alþingis til viðbótarútgáfu sem því nemur. Ákveðið hefur verið að gera breytingar á húsbréfakerfinu áður en kemur til útgáfu næsta húsbréfaflokks. Í fyrsta lagi hefur reglum um greiðslumat íbúðarkaupenda verið breytt og þær hertar. Í öðru lagi hefur verið ákveðið að endurskoða reglur um veðmat þeirra eigna sem standa sem trygging fyrir fasteignaveðbréfum íbúðarkaupenda. Loks hefur verið ákveðið að hækka núgildandi ábyrgðargjald úr 0,25% í 0,35%, en andvirði gjaldsins rennur óskipt í sérstakan varasjóð sem ætlað er að mæta útlánatöpum í húsbréfakerfinu. Ábyrgðargjaldið er innheimt þannig að vextir á fasteignaveðbréfum eru 0,35% hærri en vextir þeirra húsbréfa sem skipt er fyrir. Þessar breytingar miða að því að auka fjárhagslegt öryggi húsbréfakerfisins en vanskil í því eru nú orðin mjög veruleg eins og nánar er fjallað um í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1995. Þær aðgerðir ættu einnig að leiða til minni útgáfu húsbréfa þannig að starfsemi húsbréfadeildar verði á næsta ári í samræmi við ákvæði lánsfjárlaga fyrir árið 1995.

75. Fyrirspurn [75. mál]

til fjármálaráðherra um aðgerðir til að stemma stigu við skattsvikum.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að draga úr skattsvikum frá því að nefnd um umfang skattsvika lagði fram skýrslu og tillögur um aðgerðir gegn þeim í september 1993?
2. Hvað hyggst ráðherra gera í framhaldi af því?

Skriflegt svar óskast.

76. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson, Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla menntun í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar með stofnun námsbrauta og þróun námsefnis er njóti forgangs við framkvæmd nýrrar menntastefnu.

Um greinargerð með þingsályktunartillögu þessari vísast til samhljóða greinargerðar á þskj. 687, 457. mál 117. löggjafarþings, bls. 3173–3177 í A-deild Alþt. 1993–94.

77. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Finnur Ingólfsson, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því að ráðherrar ríkisstjórnarinnar:

a. forsætisráðherra,
b. utanríkisráðherra,
c. fjármálaráðherra,

d. viðskipta- og iðnaðar- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
e. sjávarútvegs- og dóms- og kirkjumálaráðherra,
f. umhverfisráðherra,
g. landbúnaðar- og samgönguráðherra,
h. félagsmálaráðherra,
i. menntamálaráðherra

njóti ekki trausts Alþingis.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til forsætisráðherra um skráningu nafna í þjóðskrá.

Frá Hjálmari Jónssyni.

1. Er það ekki andstætt lögum um jafnan rétt manna að takmarkað og ófullkomið tölvukerfi hjá þjóðskrá Hagstofu Íslands ráði því hvernig nöfn manna eru rituð í opinberum skrám og gögnum, svo og hvernig menn skulu tjá nafn sitt?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á tölvukerfi Hagstofunnar í þá veru að landsmönnum verði ekki mismunað með þessum hætti?
3. Hvað kostar að gera slíka breytingu?

79. Fyrirspurn [79. mál]

til félagsmálaráðherra um eingreiðslur til atvinnulausra.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hversu háar verða eingreiðslur til þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur á árinu 1994?
2. Hvaða reglur gilda um útreikning bótanna og hvernig eru upphæðir ákveðnar til einstakra bótaþega?
3. Finnast dæmi um atvinnulausa einstaklinga eða hópa sem ekki njóta eingreiðslna?
4. Er það stefna ráðherra að þessar greiðslur falli niður á næsta ári eða hvernig hyggst hann sjá fyrir þeim ella, sbr. forsendur fjárlagafrumvarps?

Skriflegt svar óskast.

80. Fyrirspurn [80. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eingreiðslur til lífeyrisþega.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hversu háar verða eingreiðslur til lífeyris- og bótaþega á árinu 1994, í heild og sundurliðað á einstaka hópa, þ.e. ellilífeyrisþega, öryrkja o.s.frv.?
2. Hvaða reglur gilda um útreikning bótanna og hvernig eru upphæðir ákveðnar til einstakra bótaþega?
3. Finnast dæmi um einstaklinga eða hópa sem ekki njóta eingreiðslna?
4. Er það stefna ráðherra að þessar greiðslur falli niður á næsta ári eða hvernig hyggst hann sjá fyrir þeim ella, sbr. forsendur fjárlagafrumvarps?

Skriflegt svar óskast.

81. Fyrirspurn [81. mál]

til umhverfisráðherra um mengun af völdum erlendra skipa.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hvert er hlutfall mengunaróhappa sl. 20 ár hjá skipum undir stjórn erlendra skipstjórnarmanna á sjó umhverfis Ísland?
2. Telur ráðherra þörf á því að setja sérstakar reglur um för erlendra skipa hér við land til að draga úr líkum á mengunaróhöppum?

82. Fyrirspurn [82. mál]

til samgönguráðherra um olíumengun á sjó.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hvaða yfirvöld heimiluðu flutningaskipinu Carvik að sigla frá slysstað út af Skerjafirði yfir Faxaflóa og að Grundartanga með lekan olíugeymi í byrðingi skipsins?
2. Hvaða reglur gilda um för skipa hér við land sem orðið hafa fyrir áfalli (leka) þannig að hætta er á áframhaldandi olíumengun af þeirra völdum?
3. Telur ráðherra þörf á að skerpa þær reglur í ljósi óhapps flutningaskipsins Carviks og annarra tilvika undanfarin ár?

83. Fyrirspurn [83. mál]

til menntamálaráðherra um sumarmissiri við Háskóla Íslands.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

Hvaða skoðun hefur ráðherra á þeirri hugmynd stúdentaráðs Háskóla Íslands að bjóða stúdentum upp á nám á sumarmissiri við Háskólann?

84. Fyrirspurn [84. mál]

til menntamálaráðherra um miðstöð fyrir nám í matvælagreinum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur orðið einhver breyting á þeirri stefnu ráðuneytisins frá árinu 1983 að í Menntaskólanum í Kópavogi skuli verða miðstöð náms í matvælagreinum á framhaldsskólastigi?
2. Hvernig er fyrirhugað að þróa og tengja kennslu í ferðaþjónustu við þetta nám og auka námsframboð fyrir þær mikilvægu greinar sem matvæla- og ferðaþjónusta eru?

85. Fyrirspurn [85. mál]

til iðnaðarráðherra um útflutning á vikri.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mikið var flutt út af vikri í tonnum talið á árunum 1992–93 og það sem af er þessu ári?
2. Var um einhvern útflutning að ræða á unnum vikri á fyrrnefndu tímabili, t.d. þurrkuðum, flokkuðum, til byggingariðnaðar eða til annarra nota?
3. Hvernig eru markaðshorfur varðandi þennan útflutning?
4. Hefur verið unnið að markaðssetningu erlendis á vikri í öðru formi en sem hráefni?
5. Til hvaða landa er vikur fluttur út?

86. Fyrirspurn [86. mál]

til menntamálaráðherra um aðstöðu nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver eru áform ráðherra varðandi það óviðunandi ástand sem nú ríkir við Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem nú eru um 1.500 nemendur í dagskóla sem eingöngu er ætlaður 1.000–1.200 nemendum?

2. Er ætlunin að bæta aðbúnað nemenda á sviði matvælaiðnaðar?
3. Hvað líður áformum um frekari byggingarframkvæmdir, t.d. þeim sem gert var ráð fyrir til að hýsa járniðnaðar- og trésmíðabraut?

87. Frumvarp til laga [87. mál]

um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Hvern þann, sem bregst gróflega skyldum sínum í eigin atvinnurekstri eða í atvinnurekstri lögaðila sem hann er í forsvari fyrir, má með dómi útiloka frá frekari atvinnurekstri um tiltekinn tíma, sbr. 4. gr.

2. gr.

Maður skal teljast hafa brugðist skyldum sínum gróflega hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um:

a. brot gegn almennum hegningarlögum eða annað meiri háttar afbrot,
b. meiri háttar brot gegn lögum um opinber gjöld,
c. meiri háttar brot gegn lögum um bókhald,
d. önnur meiri háttar efnahagsbrot.

Við mat á því hvort um gróft brot sé að ræða skal til þess litið hvort misferli hefur verið kerfisbundið, lotið að verulegum peningaverðmætum eða verulegum hagnaði miðað við umfang atvinnurekstrar og þess hvort brot hefur haft í för með sér hættu á verulegu tjóni.

Einnig má dæma í atvinnurekstrarbann mann sem hefur í sjálfstæðum atvinnurekstri orðið gjaldþrota, enda hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum. Sama gegnir um einstaklinga sem hafa í störfum sínum sem forsvarsmenn lögaðila, er verða gjaldþrota, gerst sekir um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum.

3. gr.

Hafi brot, sem fellur undir 2. gr., verið framið í atvinnurekstri lögaðila skal dæma eftirgreinda forsvarsmenn þeirra í atvinnurekstrarbann nema þeir sýni fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um hina ólögmætu háttsemi:

a. sameigendur í sameignarfélagi,
b. félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð í samlagsfélagi,
c. stjórnarformann og framkvæmdastjóra hlutafélags,
d. stjórnarformann og forstöðumann hvers kyns annars konar lögaðila með fjárhagsleg markmið,
e. þann sem í raun veitir atvinnurekstri lögaðila forstöðu eða hefur komið fram sem slíkur út á við.

Aðra forsvarsmenn lögaðila skal, hafi brot skv. 2. gr. verið framið í atvinnurekstri lögaðilans, dæma í atvinnurekstrarbann sé sýnt fram á að þeir hafi vitað eða mátt vita af ólögmætri háttsemi án þess að hafast nokkuð að til að koma í veg fyrir hana.

4. gr.

Atvinnurekstrarbann skal dæma til ákveðins tíma, þriggja ára hið skemmsta og fimm ára hið lengsta.

5. gr.

Manni, sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann, er óheimilt að:

a. stunda sjálfstæðan atvinnurekstur,
b. gangast undir ótakmarkaða ábyrgð á rekstri hvers kyns félags eða annars lögaðila með fjárhagsleg markmið,
c. vera í stjórn eða varastjórn hvers kyns félags eða lögaðila með fjárhagsleg markmið,
d. vera framkvæmdastjóri, staðgengill framkvæmdastjóra eða veita í raun forstöðu atvinnurekstri lögaðila sem hefur fjárhagsleg markmið.

6. gr.

Þeim sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann skal heldur ekki heimilt að starfa við eða taka að sér föst reglubundin verkefni í atvinnurekstri þeirra sem hann er skyldur eða mægður að feðgatali eða niðja, maka síns eða sambýlings, systkina eða systkina maka, kjörforeldra eða kjörbarna, fósturforeldra eða fósturbarna, ef þeim sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann væri sjálfum ekki heimilt að hafa þau tengsl við atvinnurekstur sem venslamaður hans hefur.

Sá sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann má heldur ekki taka að sér reglubundin verkefni í atvinnustarfsemi sams konar þeirri sem hann brást skyldum sínum í.

7. gr.

Ef ástæður atvinnurekstrarbanns þykja augljóslega fyrir hendi má héraðsdómari að kröfu saksóknara úrskurða menn í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða tekur gildi við uppkvaðningu.

Ekki má úrskurða í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða í lengri tíma en sex mánuði. Sé mál þess sem úrskurðaður hefur verið í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða enn fyrir dómstólum er bráðabirgðabannið rennur út má að kröfu saksóknara úrskurða hann í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða að nýju í allt að þrjá mánuði.

Hafi mál til atvinnurekstrarbanns ekki þegar verið höfðað við uppkvaðningu úrskurðar um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða skal saksóknara í úrskurðinum veittur ákveðinn frestur, tveir mánuðir hið lengsta, til málshöfðunar. Þann frest má að kröfu saksóknara framlengja um einn mánuð ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Hafi mál til atvinnurekstrarbanns ekki verið höfðað innan tilskilins frests fellur úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða úr gildi.

Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða fellur úr gildi jafnskjótt og dómur gengur í málinu. Við ákvörðun atvinnurekstrarbanns í dómi skal sá tími, er dæmdur hefur sætt atvinnurekstrarbanni til bráðabirgða, koma að fullu til frádráttar.

8. gr.

Úrskurð um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða er unnt að kæra til Hæstaréttar. Staðfesti Hæstiréttur hinn kærða úrskurð telst frestur, sem saksóknara hefur verið veittur til málshöfðunar, byrja að líða við uppkvaðningu úrskurðar í Hæstarétti.

9. gr.

Þeim sem dæmdur er í atvinnurekstrarbann skal veita frest í allt að þrjá mánuði til ráðstafana sem verða mega til þess að tryggja, þrátt fyrir bannið, framgang atvinnurekstrarins. Við þær ráðstafanir verður að leita aðstoðar lögmanns eða löggilts endurskoðanda. Héraðsdómari í viðkomandi umdæmi skal hafa eftirlit með þessum ráðstöfunum og skal honum sent endurrit af dómi jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp. Hinum dæmda ber að tilkynna héraðsdómara hvern hann hefur fengið sem aðstoðarmann innan tveggja vikna frá uppsögu dómsins. Að öðrum kosti skipar héraðsdómari honum aðstoðarmann.

10. gr.

Þá sem brjóta gegn atvinnurekstrarbanni má dæma í allt að tveggja ára fangelsi eða sé brot minni háttar til varðhalds eða greiðslu sektar.

Brot gegn atvinnurekstrarbanni skulu að lágmarki leiða til þess að sá tími, sem menn hafa verið dæmdir í atvinnurekstrarbann, tvöfaldast. Samanlagður tími má þannig fara fram úr fimm árum.

Brjóti menn atvinnurekstrarbann skal höfða nýtt mál samkvæmt lögum þessum. Í nýjum dómi skal kveða á um nýjan heildartíma atvinnurekstrarbanns og nýr dómur skal fella eldri dóm úr gildi.

11. gr.

Mál til höfðunar atvinnurekstrarbanns skulu sæta meðferð opinberra mála samkvæmt lögum nr. 19 frá 1991.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Um greinargerð með frumvarpinu vísast til samhljóða greinargerðar á þskj. 561, 368. mál 117. löggjafarþings, bls. 2291–2293 í A-deild Alþt. 1993–94.

88. Frumvarp til laga [88. mál]

um samningsveð.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

1. Með *veðrétti* er í lögum þessum átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu).

2. Með *sjálfsvörsluveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali heldur umráðum hins veðsetta þrátt fyrir veðsetninguna.

3. Með *handveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali er sviptur umráðum hins veðsetta.

2. gr.
Gildissvið.

1. Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningi nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum.

2. Með samningi verður veðréttur einungis stofnaður þannig að gildi hafi að lögum að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum.

3. Ákvæði laga þessara víkja fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum.

3. gr.
Heimild til veðsetningar. Sérgreining hins veðsetta.

1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann.

2. Þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.

3. Umfram það sem lög þessi eða önnur lög leyfa er eigi heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni.

4. gr.
Tilgreining veðkröfunnar.

1. Þegar samningsveð öðlast réttarvernd við þinglýsingu er það skilyrði réttarverndar að fjárhæð veðkröfu eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið skal tryggja, sé tilgreint í skjali því sem stofnar til veðréttarins.

2. Fjárhæð veðkröfu skv. 1. mgr. skal tilgreind í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

3. Heimilt er í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar.

5. gr.

Sérreglur um kröfur varðandi kostnað, vexti o.fl.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með aðalkröfunni nema annað leiði af samningi þeim sem til veðréttarins stofnaði:

a. kostnaður sem veðhafi hefur af innheimtu veðkröfu,
b. vextir af skuld sem fallið hafa í gjalddaga á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar var sett fram,
c. krafa sem er þannig til komin að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af hinni veðsettu eign og um er að ræða iðgjald sem fallið hefur í gjalddaga á því tímamarki sem um ræðir í b-lið hér að framan.

6. gr.

Um töku arðs af veði.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða á veðsali rétt til þess að hirða arð af veðinu.

2. Sá sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið vexti, arð og afborganir sem falla til á gildistíma veðsetningarinnar. Fjárhæðum þeim, sem veðhafi þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu gjaldfallinna vaxta af veðkröfunni og gjaldfallinna hluta höfuðstóls kröfunnar. Það sem umfram er getur eigandi (veðsali) krafist að fá greitt hjá veðhafa. Ef innleysa þarf veðsett skjal eða kröfu má veðhafi veita viðtöku og halda hjá sér innlausnarfjárhæðinni, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, þar með talið til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Ef hlutafé í hlutafélagi er hækkað með útgáfu jöfnunarhlutabréfa nær veðréttur í hlutabréfum einnig til hins hækkaða hlutafjár, enda sé um það samið í veðbréfi.

7. gr.

Afnotaréttur, viðhalds- og vátryggingarskylda.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða hefur veðsali heimild til þess að hagnýta sér veðið með venjubundnum hætti nema um annað hafi verið samið, aðfararreglur leiði til annarrar niðurstöðu eða takmarkanir séu á því gerðar í öðrum lögum.

2. Sjálfsvörsluveðhafi er skyldur til þess að annast um veðið og halda því við á þann hátt að tryggingarréttindi veðhafa skerðist ekki.

3. Ef handveðsett lausafé er afhent veðhafa er hann skyldur til þess að annast um veðið og hafa eftirlit með því á þann hátt sem nauðsyn krefur hverju sinni. Hann hefur ekki heimild til þess að hagnýta sér veðið í eigin þágu nema um slík afnot hafi verið samið sérstaklega eða slík afnot eru heimil á öðrum grundvelli.

4. Þegar um er að ræða samningsveð í fasteignum, skipum og loftförum, rekstrartækjum eða vörubirgðum er veðsali skyldur til að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt sem lög áskilja eða venja er til.

8. gr.

Áhætta og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta.

1. Ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun ber eigandinn sitt tjón og veðtryggingu veðhafa skerðist að sama skapi.

2. Eigandi og veðhafi eru skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum samkvæmt almennum skaðabótareglum eða á sérstökum grundvelli.

9. gr.

Um eindögun veðkröfu.

1. Þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu getur veðhafi krafist eindögunar kröfu sinnar í eftirgreindum tilvikum:

a. þegar skylda til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega,
b. þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala á hinu veðsetta,
c. þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta,
d. þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. laga þessara,
e. þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun og það leiðir til þess að veðtryggingin skerðist verulega,
f. þegar veðið er selt, enda hafi veðhafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

2. Áður en eindögunar verður krafist skv. d-lið 1. mgr. skal veðhafi með hæfilegum fresti gera eiganda eða veðsala viðvart og gefa þeim kost á að efna skyldur sínar réttilega, nema því aðeins að frestur geti leitt til tjóns.

3. Ef ákvæði í veðsamningi heimilar eindögun veðskuldar í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. er heimilt að víkja slíku ákvæði til hliðar í heild eða að hluta eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.

10. gr.

Framsal og veðsetning á veðrétti.

1. Gagnvart eiganda (veðsala) getur veðhafi framselt veðrétt sinn og sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum.

2. Ef krafa sú, sem tryggja skal, verður ekki framseld gildir hið sama um veðréttinn til tryggingar kröfunni.

3. Framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt gagnvart veðsala en veðhafi sjálfur átti nema annað leiði af traustfangsreglum.

11. gr.

Framsal á veðinu.

1. Veðréttur er því eigi til fyrirstöðu að hinu veðsetta (veðandlaginu) sé afsalað nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Sérstakt afsal á hlutum veðandlagsins eða á fylgifé þess er aðeins heimilt með samþykki veðhafa nema slíkt afsal skerði ekki tryggingarréttindi veðhafa.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um aðrar ráðstafanir með löggerningi en afsal.

12. gr.

Sameiginlegt veð.

1. Þegar tvö eða fleiri sjálfstæð fjárverðmæti í eigu sama eiganda eða fleiri eigenda standa til fullnustu sömu veðkröfu á veðhafi rétt til þess að leita fullnustu í því veðandlagi eða þeim veðandlögum, sem hann sjálfur kýs, til fullnustu allrar kröfunnar nema um annað hafi verið samið eða takmarkanir séu á því gerðar í lögum.

2. Ef veðhafi hefur fengið fullnustu í einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag eiga aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því sem umfram er.

13. gr.

Um sambandið milli fleiri veðrétta.

Þegar tveir eða fleiri eiga veðrétt í sama fjárverðmæti gengur eldri réttur fyrir yngri rétti nema annað leiði af samningi eða reglum er áskilja tilteknar tryggingaráðstafanir til verndar rétti.

14. gr.

Útlausn.

1. Þegar veðhafi hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu geta aðrir veðhafar krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt hans gegn greiðslu veðkröfunnar allrar í reiðufé.

2. Ef fleiri veðhafar en einn vilja neyta útlausnarréttar gengur sá fyrir sem fremstur er í forgangsröð. Síðari veðhafi getur ekki krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt fyrri veðhafa ef fyrri veðhafi vill beita útlausnarrétti gagnvart síðari veðhafa.

II. KAFLI
Um samningsveð í fasteignum.

15. gr.

Það sem veðsett verður.

1. Eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verða veðsett eftir reglum þessa kafla.

2. Nú er skipting fasteignar háð samþykki tiltekins stjórnvalds og verður afmarkaður hluti fasteignarinnar þá ekki veðsettur sérstaklega fyrr en viðkomandi stjórnvald hefur veitt samþykki til skiptingar eignarinnar.

16. gr.

Afmörkun veðréttar í fasteign.

1. Ef annað leiðir ekki af samningi nær veðréttur í fasteign til:

a. lands eða lóðar,
b. húsa og annarra bygginga og mannvirkja sem reist hafa verið eða verða á landi eða lóð,
c. lausafjár sem við kaup og sölu telst venjulegt fylgifé þeirrar fasteignar sem veðsetningin nær til og
d. sameignarréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda sem heyra til hinni veðsettu eign.

2. Um veðsetningu rekstrartækja ásamt fasteign í atvinnurekstri gilda ákvæði III. kafla laga þessara.

17. gr.
Afmörkun veðréttar í varanlegum afnotarétti lands og húsa o.fl. sem á landi eru.

1. Veðsetning á varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu eru, nær til allra þeirra réttinda sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi.

2. Reglur b- og c-liða 1. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 16. gr. eiga hér einnig við.

18. gr.
Veðsetning aðgreindra eignarhluta.

1. Veðréttur í eignarhluta í fjölbýlishúsi nær til:

a. þeirrar einingar sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans, og

b. tilheyrandi hlutdeildar í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um annað húsnæði en íbúðarhúsnæði, svo sem atvinnu- og verslunarhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

19. gr.
Réttarvernd.

Veðréttur samkvæmt kafla þessum öðlast réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Hið veðsetta verður áfram í umráðum veðsala nema um annað hafi verið samið.

20. gr.
Yfirtaka veðskuldar.

1. Nú tekur kaupandi fasteignar í samningi við seljanda að sér greiðslu veðskuldar sem hvílir á hinni seldu eign. Verður kaupandi þá við þinglýsingu afsals skuldbundinn gagnvart veðhafa og seljandi þá jafnframt laus undan skuldbindingu sinni ef ákvæði er þess efnis í veðbréfinu að skuldin gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu. Þó er veðhafa heimilt að krefja fyrri eiganda um allar greiðslur samkvæmt veðbréfinu meðan veðhafi hefur ekki fengið tilkynningu um skuldskeytinguna og þinglýsingu afsals kaupanda ásamt nauðsynlegum gögnum þessu til sönnunar. Seljandi á rétt til þess að veðhafi áriti veðbréfið um skuldskeytinguna.

2. Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. mgr. verða skuldaraskipti því aðeins skuldbindandi fyrir veðhafa að hann samþykki skuldaraskiptin í samningi við hinn nýja eiganda veðsins.

III. KAFLI
Um samningsveð í lausafé.
A. Almenn ákvæði.

21. gr.
Meginregla um réttarvernd.

Um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fer eftir ákvæðum laga þessara og eftir því sem ákveðið er í öðrum lögum.

22. gr.

Handveð.

1. Heimilt er að stofna til handveðréttar í lausafé.

2. Handveðréttur öðlast réttarvernd við afhendingu veðsins til veðhafa eða aðila sem tekið hefur að sér að hafa umráð veðsins fyrir veðhafa þannig að eigandinn sé sviptur möguleikanum á því að hafa veðið undir höndum. Það jafngildir afhendingu í þessu sambandi þegar afhentur hefur verið lykill að húsnæði þar sem veðið er geymt eða gerðar hafa verið aðrar sambærilegar ráðstafanir sem leiða til þess að eigandinn glatar möguleikanum til þess að geta ráðið yfir veðinu.

3. Ef veðið er í umráðum annars en eiganda á gildistíma veðsetningarinnar öðlast handveðréttur einnig réttarvernd þegar umráðamaður hefur fengið tilkynningu um veðsetninguna og um það að eigandinn ráði ekki yfir veðinu. Ef umráðamaður neitar að hafa umráð hins veðsetta fyrir veðhafa öðlast veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna.

4. Veðsetning á handveðrétti öðlast réttarvernd við það að hið veðsetta lausafé er afhent framveðhafa. Reglur 2. og 3. mgr. eiga hér einnig við.

23. gr.

Sjálfsvörsluveð í lausafé.

1. Heimilt er að stofna til sjálfsvörsluveðréttar í einstökum lausafjármunum.

2. Um stofnun sjálfsvörsluveðréttar í lausafé skal gera bréflegan gerning. Um réttarvernd slíks veðréttar gilda ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd sjálfsvörsluveðs í lausafé.

3. Reglur 20. gr. um yfirtöku veðskuldar eiga við með sama hætti þegar skráningarskyldu lausafé er afsalað.

B. Veð í rekstrartækjum, rekstrarveð.

24. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Þegar rekstraraðili veðsetur fasteign sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja sem heyra rekstrinum til. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna þar sem reksturinn fer fram.

2. Með rekstrartækjum er átt við vélar, tæki, áhöld, innréttingar, innbú og annan útbúnað.

3. Veðréttur í rekstrartækjum, sem á hvílir söluveð, nær til þess réttar sem veðsali á hverju sinni í viðkomandi hlut.

4. Veðréttur í rekstrartækjum samkvæmt þessari grein nær hvorki til skráningarskylds lausafjár né heldur þeirra verðmæta sem verða veðsett samkvæmt ákvæðum 28., 29., 30., 31. og 32. gr.

5. Veðrétturinn nær til rekstrartækjanna í heild eins og þau eru á hverjum tíma. Ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar sem rekstrarlega séð eru aðskildar og þar sem atvinnureksturinn fer fram í fleiri fasteignum en einni er heimilt að veðsetja rekstrartæki hverrar einingar sérstaklega.

6. Eftir að fasteign hefur verið veðsett með rekstrartækjum verður ekki stofnað til veðréttar í rekstrartækjunum einum meðan rekstrarveðsamningur er í gildi.

25. gr.
Rekstraraðili.

Með rekstraraðila er átt við:

a. sérhvern þann aðila sem hefur með höndum einhvers konar atvinnurekstur, svo sem hlutafélag, samvinnufélag, sameignarfélag, samlagsfélag eða firma einstaks manns,
b. aðra aðila sem hafa atvinnurekstur með höndum þótt eigi sé reksturinn í hagnaðarskyni, svo sem sjúkrahús, barnaheimili, skóla, söfn, íþrótta- og afþreyingarstofnanir, félagsmála-, mannúðarstofnanir og aðrar álíka stofnanir.

26. gr.
Réttarvernd.

Rekstrarveð öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign eða fasteignum.

27. gr.
Framsal veðsettra rekstrartækja.

1. Veðsali getur skipt út eða framselt veðsett rekstrartæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa.

2. Eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerðar til innheimtu veðkröfu hefur veðsali ekki lengur rétt til þess að skipta út eða framselja rekstrartækin nema fyrir liggi samþykki veðhafa.

3. Þegar rekstrartæki hafa verið seld í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar og seljandinn hefur ekki lengur umráð þeirra fellur veðrétturinn í tækjunum brott.

4. Ef eigandi veðsettra rekstrartækja hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr., framselt öðrum hið veðsetta öðlast veðhafinn veðrétt, sams konar og hann átti í veðandlaginu, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinu veðsetta tók um endurgjald af hans hálfu fyrir það sem af hendi var látið. Sá sem við hinu veðsetta tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari ef hann hefur greitt hana veðsala áður en veðréttur í henni var niður fallinn, enda hafi hann vitað eða mátt vita að veðsali hafi farið út fyrir heimild skv. 1. mgr. með ráðstöfun sinni.

5. Um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. laga þessara gilda ákvæði 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

C. Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi.

28. gr.

1. Rekstraraðila, sem stundar verktakastarfsemi, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni færanlegan vélbúnað sem heyrir atvinnurekstri hans til og ekki er skráningarskyldur sem ökutæki samkvæmt umferðarlögum.

2. Veðréttur í vélbúnaði skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað eiganda í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3. og 5. mgr. 24. gr., 25. gr., 26. gr. og ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. um framsal eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

D. Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum.

29. gr.

Rekstrartæki og greiðslumark.

1. Við veðsetningu jarðar er heimilt að semja svo um að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Veðsetning rekstrartækjanna gerist þá samtímis veðsetningu jarðarinnar.

2. Með rekstrartækjum samkvæmt framansögðu er átt við áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum.

3. Veðréttur í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi jörð.

4. Þegar jörð er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til greiðslumarks jarðar.

5. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–5. mgr. 27. gr. eiga hér við með sama hætti þegar veðsett eru rekstrartæki landbúnaðar.

30. gr.

Bústofn, rekstrarvörur, afurðir og uppskera.

1. Þeim sem stunda atvinnurekstur í landbúnaði er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni tiltekna flokka bústofns síns. Með bústofni í þessu sambandi er t.d. átt við sauðfé, hross og nautgripi; alifugla, svín og loðdýr; seiði, eldisfisk og hafbeitarfisk.

2. Framleiðendum landbúnaðarvara og öðrum, sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni rekstrarvörur, afurðir og uppskeru sem veðsali á eða eignast kann.

3. Við veðsetningu skv. 1. og 2. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

4. Veðréttur í afurðum og bústofni öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

5. Um framsal á bústofni, rekstrarvörum, afurðum og uppskeru, sem veðsett hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., gilda einnig, eftir því sem við geta átt, ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

E. Veð í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs.

31. gr.

Búnaður skipa og veiðiheimildir.

1. Þeim er veðsetur skip er rétt að semja svo um að skipinu skuli fylgja, auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé sem ætlað er til nota á skipinu, svo sem olíubirgðir þær sem í skipinu eru hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

2. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu viðkomandi skips. Veðrétturinn öðlast réttarvernd með skráningu á blað veðsala í skipabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Þegar skip er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til veiðiheimilda skips.

4. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr. eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Afli, afurðir og rekstrarvörur.

1. Útgerðarmönnum, framleiðendum sjávarafurða og þeim sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni afla, tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölumeðferðar.

2. Við veðsetningu skv. 1. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

3. Veðréttur í afla, rekstrarvörum og afurðum öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

4. Við veðsetningu skv. 1. mgr. gilda um framsal ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

F. Veð í vörubirgðum.

33. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Rekstraraðilum er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði vörubirgðir atvinnurekstrar síns.

2. Með vörubirgðum er átt við það sem rekstraraðilinn á eða eignast kann af:

a. hráefni, vörum í vinnslu, fullunnum vörum og verslunarvörum,
b. rekstrarvörum og öðrum vörum sem notaðar eru í atvinnurekstrinum,
c. búnað utan um framleiðsluvörur rekstrarins.

3. Veðrétturinn má ná til vörubirgða veðsala í heild eða til nánar tilgreinds hluta birgðanna sem rekstrarlega séð er aðskilinn frá öðrum hlutum þeirra og telja má sjálfstæða heild. Nær veðrétturinn þá til vörubirgðanna eða hluta þeirra eins og þær eru á hverjum tíma.

4. Veðréttur í vörubirgðum nær ekki til þeirra verðmæta sem ákvæði 28.–32. gr. taka til.

34. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í vörubirgðum skv. 33. gr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

2. Um veðrétt í vörubirgðum gilda ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr.

G. Söluveð.

35. gr.

Hverjar kröfur unnt er að tryggja.

Í tengslum við sölu lausafjár er heimilt að semja um veðrétt í hinu selda (söluveð) til tryggingar:

a. kröfu seljanda til endurgjaldsins ásamt vöxtum og kostnaði eða
b. láni sem þriðji maður hefur veitt kaupanda til greiðslu kröfu þeirrar sem nefnd er í staflið a, í heild eða að hluta, enda hafi lánveitandi greitt lánsfjárhæðina beint til seljanda.

36. gr.

Hver verðmæti verða ekki sett að söluveði.

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

37. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

Hlut, sem á hvílir söluveð, má hvorki selja né veðsetja án samþykkis þess veðhafa sem söluveð á, sbr. þó 36. gr.

38. gr.

Réttarvernd og fullnusta.

1. Það er skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda.

2. Til þess að söluveð í skráningarskyldum lausafjármunum öðlist réttarvernd verður að auki að þinglýsa veðinu á blað veðsala í þinglýsingabók, sbr. ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga þessara. Þetta gildir þó ekki um fylgifé slíks lausafjár.

3. Í samningi verður að greina sérstaklega þau verðmæti sem veðrétturinn skal ná til og það kaupverð eða þá lánsfjárhæð sem tryggja skal. Ef fleiri hlutir en einn eru keyptir með söluveði í einu lagi nær veðrétturinn til allra hlutanna til tryggingar allri þeirri fjárhæð sem kaupandinn skuldar.

4. Ef samið er um söluveð bæði til tryggingar kröfu seljanda og til tryggingar láni sem þriðji maður hefur veitt skal líta svo á að veðréttir þessir séu jafnstæðir nema annað leiði af samningi.

5. Þegar vanskil verða á greiðslu krafna þeirra sem greinir í 35. gr. getur veðhafi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu, enda hafi hann áskilið sér þá heimild í söluveðssamningi. Rifti veðhafi söluveðssamningi samkvæmt heimild í veðsamningnum eða á grundvelli almennra reglna getur hann krafist afhendingar hins veðsetta úr hendi veðsala.

39. gr.

Viðskeyting.

Söluveð fellur brott ef söluhlutur er skeyttur við fasteign eða annan aðalhlut á þann hátt að aðskilnaður mundi leiða til óhóflega mikils kostnaðar eða ósanngjarnrar verðmætisrýrnunar.

40. gr.

Umbætur.

Söluveð fellur brott ef endurbætur eða tilkostnaður hafa í verulegum atriðum breytt eðli söluhlutarins eða verðmæti eftir að hann var afhentur kaupanda.

41. gr.

Fyrning.

Krafa sú, sem tryggð er með söluveði, fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er hún varð gjaldkræf. Óþinglýst söluveð til tryggingar slíkri kröfu fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist.

42. gr.

Um rétt sem jafna má til söluveðs.

1. Ef seljandi eða sá sem veitt hefur lán til kaupa á hlut hefur áskilið sér eignarrétt í hinu selda þar til kaupverðið eða lánið er að fullu greitt eða hann hefur áskilið sér rétt til þess að taka hlutinn við greiðslufall skal með slíkan samning farið sem þar sé um söluveðssamning að ræða.

2. Leigusamninga eða svipaða samninga, sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds, ber að skoða sem samninga um sölu og söluveð ef það er ætlunin að leigjandinn verði eigandi hlutarins eftir að hafa greitt ákveðinn fjölda leigugreiðslna.

3. Þótt eigi sé það ætlunin að leigjandinn verði eigandi eða hafi rétt til þess að verða eigandi gilda með sama hætti ákvæði 35. og 37.–40. gr. Hvað varðar skilyrði 3. mgr. 38. gr. er nægjanlegt að tilgreindur sé leiguhlutur, leigutími og einstakar leigugreiðslur.

IV. KAFLI

Samningsveð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum.

A. Viðskiptabréf.

43. gr.

Viðskiptabréf má setja að handveði eða sjálfsvörsluveði. Ef viðskiptabréf er sett að handveði gilda um réttarvernd veðsetningarinnar, eftir því sem við geta átt, ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Til þess að sjálfsvörsluveðréttur í viðskiptabréfi öðlist réttarvernd verður að árita bréfið sjálft um veðsetninguna.

B. Innlausnarbréf.

44. gr.

1. Heimilt er að veðsetja kröfur eða réttindi samkvæmt innlausnarbréfi þótt eigi sé það viðskiptabréf.

2. Veðréttur skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd í samræmi við reglur um handveð, sbr. ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Veðsetning veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

C. Almennar fjárkröfur.

45. gr.

Hverjar almennar fjárkröfur verða veðsettar.

1. Almenna fjárkröfu, sem maður á á hendur nafngreindum skuldara, er heimilt að veðsetja. Hið sama á við um almenna fjárkröfu sem tiltekinn aðili kemur til með að eignast á hendur nafngreindum skuldara í sérstöku réttarsambandi.

2. Með almennri fjárkröfu er átt við fjárkröfu sem hvorki er viðskiptabréfskrafa né krafa samkvæmt innlausnarbréfi.

46. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í almennum kröfum öðlast réttarvernd við það að skuldarinn fær tilkynningu um veðsetninguna, annaðhvort frá veðsala eða veðhafa.

2. Veðsetning slíks veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

D. Vörureikningsveð.

47. gr.

1. Rekstraraðila er heimilt að veðsetja þær almennu kröfur sem hann á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins. Er þá eigi nauðsynlegt að skuldari sé nafngreindur.

2. Skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu.

3. Samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað rekstraraðila í lausafjárbók.

4. Ákvæði 25. gr. eiga við um samninga samkvæmt þessari grein. Ákvæði 4. gr. eiga hér ekki við.

V. KAFLI

Um gildistöku, brottfallin lög o.fl.

48. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994 og eiga við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna.

2. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um veð, nr. 18 4. nóvember 1887, lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, nr. 23 13. september 1901, og lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána, nr. 47 26. maí 1972.

3. Framkvæmd laga þessara heyrir undir dómsmálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp þetta, sem flutt er af dómsmálaráðherra, var lagt fram á 116. löggjafarþingi en hlaut þá eigi afgreiðslu og er það nú endurflutt óbreytt. Upphafleg drög að frumvarpinu voru samin af Þorgeiri Örlygssyni prófessor. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins var leitað umsagnar m.a. eftirtalinna aðila: Lögmannafélags Íslands, sýslumannsins í Reykjavík, sjávarútvegsráðuneytisins, landbúnaðarráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, réttarfarsnefndar, Verslunarráðs Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Stéttarsambands bænda, Verktakasambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda. Síðan var frumvarpið yfirfarið af þeim prófessor Þorgeiri og Markúsi Sigurbjörnssyni prófessor, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið.

Við samningu frumvarpsins var nokkur hliðsjón höfð af þeirri endurskoðun sem Norðmenn gerðu á sínum veðlögum árið 1980, bæði hvað varðar efni réttarreglnanna og framsetningu þeirra. Þá hefur og verið litið til þeirra breytinga sem Danir hafa á undanförnum árum gert á réttarreglum þeim um veðsetningar sem fram koma í dönsku þinglýsingalögunum. Að öðru leyti er frumvarpið sniðið að íslenskum aðstæðum og er nánari grein gerð fyrir því í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

II.
Íslensku veðlögin frá 1887 og breytingar á þeim.

Gildandi íslensk lög um veð eru að stofni til frá árinu 1887, þ.e. lög nr. 18 frá 4. nóvember 1887. Frá setningu veðlaganna hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þeim, bæði til þess að svara nýjum þörfum sem til hafa komið á síðustu áratugum vegna breyttra atvinnuhátta og af öðrum ástæðum. Má hér t.d. vísa til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögunum 1927, 1929, 1930, 1933, 1953, 1960, 1986 og 1989. Enn fremur hafa eftir gildistöku veðlaganna verið sett sérlög sem mælt hafa fyrir um sérstakar veðsetningarheimildir ákveðnum atvinnugreinum til handa, sbr. t.d. lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Flestir, sem til þekkja, munu sammála um að hvorki veðlögin í upphaflegri mynd sinni né heldur framangreindar breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim, nægi til þess að svara nútímaþörfum. Er þá einkanlega átt við það að gildandi íslenskar réttarreglur á sviði veðréttar svari hvorki þörfum atvinnuveganna til aukinna veðsetningarheimilda og þar með eftirspurn þeirra eftir lánsfé, né heldur veiti reglurnar lánastofnunum og öðrum lánveitendum nægjanlegt öryggi við lánveitingar.

Frumvarp það til nýrra íslenskra laga um samningsveð, sem hér liggur fyrir, hefur það að meginmarkmiði að bæta úr framangreindum annmörkum með því að laga íslensk veðlög að nútíma atvinnu- og viðskiptaháttum. Þá má og segja að gildistaka nýrra laga um aðför og nauðungarsölu 1. júlí 1992, þ.e. laga nr. 90/1989 og laga nr. 90/1991, kalli á ýmsar breytingar á reglum um samningsveðsetningar eins og nánar er rakið í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

Um athugasemdir við lagafrumvarp þetta vísast að öðru leyti til athugasemda á þskj. 812, 470. mál 116. löggjafarþings, bls. 4492–4561 í A-deild Alþt. 1992–93 (sjá einnig athugasemdir við frumvarp sama efnis á þskj. 240, 215. mál 117. löggjafarþings, bls. 1324–1325 í A-deild Alþt. 1993–94). Athugasemdir í þessu máli eru samhljóða á 116. og 118. þingi nema á tveimur stöðum í textanum. Athugasemdir við 1. gr. styttast um tvær málsgreinar og hljóða svo:

Um 1. gr.

Í 1. gr. er að finna skilgreiningar á nokkrum grundvallarhugtökum, sem fyrir koma í frumvarpinu. Skilgreiningarnar hafa það fyrst og fremst að markmiði að lýsa almennum einkennum frumvarpsins og gildissviði þess. Þá sést og af skilgreiningunum, hvert er samhengið milli helstu hugtaka, sem á er byggt í frumvarpinu. Auk skilgreininga þeirra, sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins eru ýmis önnur hugtök, sem hafa sérhæfðari merkingu, skýrð í öðrum greinum, t.d. í 2. mgr. 24. gr., þar sem skýrt er hugtakið rekstrartæki; 25. gr., þar sem skýrt er hugtakið rekstraraðili; 2. mgr. 29. gr., þar sem skilgreint er hugtakið rekstrartæki í skilningi þess ákvæðis og 2. mgr. 33. gr., þar sem skilgreint er hugtakið vörubirgðir.

Í veðlögunum frá 1887 er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu veðréttur. Í fræðiritum (t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 13) eru það talin megineinkenni veðréttinda, að þau heimili veðhafa að krefja veðþola um fjárgreiðslu og forgangsrétt til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu, sé hún ekki innt af hendi, af verðmæti tiltekinnar eignar, veðsins. Ólafur Lárusson (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 16) skilgreinir hugtakið á

svipaðan hátt. Hann segir, að veðréttindi séu réttindi, sem veiti heimild til þess að krefja um fjárgreiðslu og til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu, sé hún ekki innt af hendi, af peningaverði ákveðinnar eignar, og gangi þessi réttur veðhafa fyrir rétti almennra kröfuhafa.

Hugtakið veðréttur í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er skilgreint með svipuðum hætti. Þar kemur fram, að með veðrétti í frumvarpinu sé átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu). Hugtaksskilgreining þessi nær í sjálfu sér yfir öll veðréttindi, en í þessu sambandi skal minnt á, að frumvarp þetta fjallar einvörðungu um samningsveðsetningar, svo sem nánar er rakið í almennum athugasemdum hér að framan.

Veðsetning fasteignar, þar sem eigandi (veðþoli) býr á eigninni og hefur áfram not hennar, er dæmi um sjálfsvörsluveðsetningu, sbr. síðari málsliður 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Veð í vörubirgðum skv. 33. gr. frumvarpsins er einnig dæmi um sjálfsvörsluveðsetningu samkvæmt frumvarpinu, og hinu sama gegnir um söluveð, sbr. 38. gr. frumvarpsins, en þá veðsetningu verður í eðli sínu að telja sjálfsvörsluveðsetningu (Norsk Panterett, bls. 325).

Dæmi um handveðsetningu er það hins vegar, þegar einstakir lausafjármunir eru afhentir veðhafa til umráða, sbr. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Einnig þegar viðskiptabréf er afhent banka til tryggingar endurgreiðslu láns, sbr. ákvæði 43. gr. frumvarpsins. Það einkennir veðrétt þennan, að veðsali er sviptur umráðum veðsins á virkan hátt, þ.e. hann missir umráð hins veðsetta. Er með því lögð áhersla á, að girt sé fyrir, að veðþoli geti ráðið yfir veðinu, og er þar fyrst og fremst átt við umráð og hagnýtingu án löggernings. Rétt er að hafa í huga, að umráðasvipting getur samkvæmt frumvarpinu gerst án þess að veðandlagið sé beinlínis afhent veðhafa, sbr. nánar ákvæði 22. gr. Umráðasvipting er því það, sem einkennir handveðið. Þegar veðsettar eru almennar fjárkröfur, öðlast veðhafi réttarvernd við það, að skuldara kröfunnar er tilkynnt um veðsetninguna, sbr. 46. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum aukast að miklum mun möguleikar manna til þess að setja lausafjárverðmæti að sjálfsvörsluveði, og á það sérstaklega við um sjálfsvörsluveð í hinum svokölluðu heildarsöfnum muna, sbr. 28., 30., 32. og 33. gr. frumvarpsins. Þar sem ýmsar hættur geta verið slíkum veðsetningum samfara, er nauðsynlegt að búa svo um hnútana, að lánardrottnar eigi auðvelt með að ganga úr skugga um áhvílandi lausafjárveðsetningar væntanlegra viðsemjenda sinna. Þegar frumvarp þetta var lagt fram fyrra sinni var samhliða lagt fram frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum, og var meginefni þess að við embætti sýslumannsins í Reykjavík verði haldin sérstök landsskrá yfir þinglýstar sjálfsvörsluveðsetningar og aðfarargerðir í lausafé, hvort sem umrætt lausafé er skráningarskylt eða ekki. Er það frumvarp ekki flutt nú þar sem þær hugmyndir, sem í því fólust, eru til frekari skoðunar.

Niðurlag athugasemdanna og fylgiskjal styttast og hljóða svo:

Almennt um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um gildistöku, brottfallin lög og framkvæmd laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. er við það miðað að lögin öðlist gildi 1. júlí 1994. Eiga lögin þá við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna. Um samninga þá, sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna, gilda hins vegar ákvæði eldri laga.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi veðlögin frá 1887. Einnig falla úr gildi lög nr. 23/1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, en regla b-liðar 5. gr. frumvarpsins kemur í stað þeirra laga. Þá falla og úr gildi lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Í 3. mgr. 48. gr. er tekið af skarið um það að framkvæmd laga þessara heyri undir dómsmálaráðherra. Til þess liggja þau rök að almennar efnisreglur um samningsveðréttindi tengjast þinglýsingarreglum og réttarfarsreglum um aðför og nauðungarsölu, en framkvæmd hinna þriggja síðastnefndu laga heyrir undir dómsmálaráðherra. Er því eðlilegt að framkvæmd allra þessara laga sé á einni og sömu hendi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að sameina ýmis ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð og að aðlaga íslensk veðlög nútímaatvinnu- og viðskiptaháttum. Ekki verður séð að frumvarpið leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

89. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Lögmannafélags Íslands skal tilkynna dómsmálaráðherra ef félagsmaður missir eitthvert hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings. Skal ráðherra afturkalla málflutningsleyfið meðan svo er ástatt.

Dómsmálaráðherra er heimilt að afturkalla málflutningsleyfi um stundarsakir eða ótímabundið eftir því hversu miklar sakir eru ef stjórn Lögmannafélags Íslands leggur til að félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu. Sama gildir ef lögmaður brýtur gegn samþykktum félagsins eða reglum um fjárvörslureikninga, og sinnir ekki áskorun félagsstjórnarinnar um úrbætur.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að afturkalla málflutningsleyfi í allt að tvö ár, ef lögmaður hefur þrisvar sætt réttarfarssektum.

Dómsmálaráðherra skal leita umsagnar stjórnar Lögmannafélags Íslands áður en málflutningsleyfi er veitt að nýju.

Nú hefur leyfi lögmanns til málflutnings verið afturkallað, og getur hann þá borið afturköllunina undir dómstóla með venjulegum hætti að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisins.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Lögmenn skulu hafa með sér félag er nefnist Lögmannafélag Íslands. Stjórn þess kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum í málum er lögmenn varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra til staðfestingar.

Lögmannafélag Íslands skal í samþykktum sínum setja reglur um skyldu félagsmanna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Í samþykktunum skal kveðið á um lágmark vátryggingafjárhæðar og hámark eigin áhættu vátryggingataka. Undanskildir vátryggingaskyldunni eru lögmenn sem starfa hjá opinberum aðilum, lánastofnunum og vátryggingafélögum, að því er varðar lögmannsstörf í þágu þessara aðila. Stjórn Lögmannafélagsins er heimilt að undanþiggja einstaka lögmenn tryggingarskyldunni, enda hafi þeir ekki opna starfstofu. Stjórn Lögmannafélagsins úrskurðar um skyldu einstakra félagsmanna til vátryggingakaupa.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við fyrir hönd umbjóðanda síns aðgreindum frá eigin fé. Skulu þeir varðveittir á sérstökum reikningi, vörslufjárreikningi. Lögmannafélag Íslands skal setja reglur um vörslufjárreikninga og eru þær háðar staðfestingu ráðherra.

Ráðherra getur lagt fyrir félagið að gera breytingar á reglum skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar innan tiltekins frests telji hann þær ekki veita viðskiptamönnum lögmanna nægilega vernd. Komi félagið ekki fram með breytingar á reglunum sem ráðherra telur unnt að staðfesta er honum heimilt að setja reglugerð um þessi atriði.

3. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. kemur: Stjórn Lögmannafélags Íslands ber að hafa eftirlit með því að félagsmenn fari að lögum og samþykktum félagsins í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Lögmanni er skylt að veita stjórn félagsins eða trúnaðarmanni hennar allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stjórnin geti metið hvort fylgt sé reglum um starfsábyrgðartryggingu og vörslufjárreikninga, þar með talið aðgang að bókhaldi og bankareikningum. Sýni félagsmaður stjórninni ekki fram á að hann fylgi þessum reglum þrátt fyrir kröfu stjórnarinnar þar um getur hún gert tillögu til ráðherra um að málflutningsleyfi hans verði afturkallað.
b. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

5. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglur um skyldu lögmanna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu og varðveita fé umbjóðenda sinna á sérstökum vörslufjárreikningi skv. 2. og 3. mgr. 2. gr. laga þessara skulu eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1995. Hafi Lögmannafélag Íslands ekki sett reglur þar að lútandi fyrir 1. nóvember 1994 skal dómsmálaráðherra eigi síðar en 1. desember 1994 setja slíkar reglur, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara.

Um athugasemdir við lagafrumvarp þetta og fylgiskjal vísast til samhljóða athugasemda og fylgiskjals með frumvarpi sama efnis á þskj. 692, 461. mál 117. löggjafarþings, bls. 3201–3205 í A-deild Alþt. 1993–94.

90. Fyrirspurn [90. mál]

til menntamálaráðherra um Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hve margir nemendur hafa stundað nám við Íþróttakennaraskóla Íslands sl. fjögur ár og hver er nemendafjöldi hvers árs? Hver er fjöldi nemenda á kennsluárinu 1994–95?

Hvernig er skipting lögheimila nemenda eftir kjördæmum þessi sömu ár?

Hver hefur rekstrarkostnaður skólans verið á hverju ári, þ.e. 1990, 1991, 1992 og 1993?

Skriflegt svar óskast.

91. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til lánsfjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ljóst er að ófremdarástand hefur skapast á undanförnum vikum þar sem heimildir til útgáfu húsbréfa eru uppurnar og biðraðir hafa myndast og fjöldi fólks hefur lent í vand-

ræðum af þeim sökum. Minni hluti styður því að veitt verði þegar í stað lagaheimild til útgáfu nýs húsbréfaflokks. Hins vegar er ljóst að mikill vandi er að hlaðast upp í húsbréfakerfinu og á hinum innlenda fjármagnsmarkaði. Vanskil hafa stóraukist í húsbréfakerfinu, útboð húsnæðisbréfa hafa verið árangurslaus, vextir eru hækkandi og Seðlabankinn er kominn í þrot með kaup á húsbréfum, ríkisskuldabréfum og ríkisvíxlum. Samanlögð nettóeign Seðlabankans á slíkum pappírum er nú um 25 milljarðar kr. og hefur bankinn haldið að sér höndum um skeið hvað varðar frekari kaup.

Við þessar aðstæður er auðvitað enn fráleitara en ella að félagsmálaráðherra skuli í andstöðu við stjórn Húsnæðisstofnunar ákveða að hækka ábyrgðargjald og þar með vexti á húsbréfum.

Í fyrri grein frumvarpsins er óskað eftir viðbótarlántökuheimild fyrir ríkissjóð upp á 1.250 millj. kr. sökum mun meiri hallarekstrar.

Minni hluti minnir í því sambandi á gagnrýni sína á forsendur fjárlaga sl. vetur en þá þegar var á það bent að ýmsar forsendur fjárlaga og lánsfjárlaga stæðust ekki. Ýmis áform um sparnað eru að engu orðin og er af þeim sökum þegar ljóst að forsendur fjárlaga yfirstandandi árs eru brostnar og fer því þó fjarri að öll kurl séu komin til grafar.

Minni hluti vísar allri ábyrgð á stöðu ríkisfjármála frá sér og á ríkisstjórnina og mun sitja hjá í atkvæðagreiðslu um þá grein.

Minni hluti tekur enga ábyrgð á stöðu þessara mála eins og þau hafa þróast í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og vísar í því sambandi til fyrri rökstuðnings, m.a. í nefndaráliti minni hluta við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1994.

Alþingi, 17. okt. 1994.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Finnur Ingólfsson.

92. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til lánsfjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá fjármálaráðuneyti Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri, Þórhallur Arason skrifstofustjóri og Jón Ragnar Blöndal deildarstjóri, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, Grétar J. Guðmundsson rekstrarstjóri og Sigurður Geirsson, forstöðumaður verðbréfadeildar, frá Húsnæðisstofnun og frá Seðlabanka Íslands Eiríkur Guðnason bankastjóri.

Útgáfa húsbréfa hefur verið mun meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir. Líklegustu ástæðurnar eru taldar hagstæðir vextir og lítil afföll af bréfunum. Nú er svo komið að það fjármagn, sem áætlað var til útgáfu húsbréfa í lánsfjárlögum fyrir árið 1994, er uppurið

og hafa viðskipti með fasteignir nánast stöðvast af þessum sökum. Meiri hluta nefndarinnar er ljós nauðsyn þess að leyst verði úr þessum vanda sem fyrst. Þá gerir meiri hlutinn ekki athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins um auknar lántökur ríkissjóðs. Meiri hlutinn mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 17. okt. 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, frsm. Sólveig Pétursdóttir. Ingi Björn Albertsson.

Hjálmar Jónsson. Árni R. Árnason.

93. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um kennslu í iðjuþjálfun.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að því að koma á námi í iðjuþjálfun hér á landi.

Um greinargerð með tillögunni vísast í samhljóða greinargerð á þskj. 784, 510. mál 117. löggjafarþings, bls. 3691–3692 í A-deild Alþt. 1993–94.

94. Fyrirspurn [92. mál]

til umhverfisráðherra um stöðu Íslands gagnvart Montreal-bókun við Vínarsamninginn um ósoneyðandi efni.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver hefur verið þróun í notkun ósoneyðandi efna hérlendis að undanförnu?
2. Hver er staðan nú gagnvart samningsskuldbindingum Íslands samkvæmt Montreal-bókuninni og hvernig eru horfur í því efni á næstu árum?
3. Til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa til að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Nýlega komu fram fréttir í Ríkisútvarpinu (fréttaauki 15. október 1994) þess efnis að kæliiðnaðurinn hérlendis hefði aukið notkun sína á freon-efnum úr 102 tonnum árið 1986 í 187 tonn í ár. Aukning á leka þessara efna frá skipum hafi vaxið um 28% milli áranna 1992 og 1993. Í ljósi þessara upplýsinga er fyrirspurnin flutt.

95. Fyrirspurn [93. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hafa ráðuneytin hvert um sig gert til að hrinda í framkvæmd þingsályktun um fjögurra ára áætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993, en með henni var ríkisstjórninni falið að vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun að aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna á tímabilinu 1992–96?
2. Hvaða aðgerðir af þeim sem þingsályktunin kveður á um hafa komist til framkvæmda og hvaða aðgerðir eru í undirbúningi og hvernig hyggjast ráðuneytin standa að þeim?
3. Hve miklu fjármagni hafa ráðuneytin varið til aðgerðanna og hefur sérstaklega verið gert ráð fyrir fjármagni á fjárlögum til þessara verkefna?

Skriflegt svar óskast.

96. Fyrirspurn [94. mál]

til samgönguráðherra um dreifingu pósts og skeyta á landsbyggðinni.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hvaða reglur gilda hjá Pósti og síma um póstdreifingu á landsbyggðinni?
2. Hvaða reglur gilda hjá Pósti og síma um skeytaútsendingar á landsbyggðinni?
3. Hver er mismunur á dreifingu pósts og skeyta í þéttbýli og dreifbýli?

97. Beiðni um skýrslu [95. mál]

frá landbúnaðarráðherra um framkvæmd búvörusamnings.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Ragnari Elbergssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Margréti Frímannsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við ofangreindir alþingismenn eftir því að landbúnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd búvörusamnings frá 11. mars 1991.

Í skýrslunni skulu m.a. koma fram eftirtaldar upplýsingar:

1. Hvernig hefur tekist að ná eftirtöldum markmiðum:
   a. að stuðla að því að í landinu geti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður,
   b. að lækka vöruverð til neytenda án þess að það komi niður á afkomumöguleikum bænda,
   c. að koma á og viðhalda jafnvægi í framleiðslu og sölu mjólkur- og sauðfjárafurða,
   d. að lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu,
   e. að stuðla að því að landbúnaður verði í sem bestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið?
2. Hvernig tókst að ná markmiðum um kaup á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt? Var því fylgt eftir að þeir aðilar lóguðu fjárstofni sínum sem seldu fullvirðisrétt og fengu förgunarbætur fyrir fullorðið fé?
3. Hver var niðurskurður á greiðslumarki á einstökum svæðum í kjölfar kaupa ríkissjóðs?
4. Hvernig afsetti ríkissjóður þær birgðir kindakjöts sem voru til í landinu við lok fyrri búvörusamnings? Hver urðu áhrif þess fyrir sauðfjárbændur?
5. Hve mikið fjármagn hefur runnið til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árunum 1992–94 í samræmi við viðauka II við búvörusamninginn?
6. Hve mikið fjármagn rann til Jarðasjóðs á árunum 1992 og 1993 í samræmi við viðauka II?
7. Hve mikið fjármagn hefur runnið til Byggðastofnunar á árunum 1992–94 í samræmi við viðauka II?
8. Hve mikið fjármagn hefur runnið til Lífeyrissjóðs bænda á árunum 1992–94, sbr. viðauka II?
9. Hver er niðurstaða í endurskoðunar á kerfi verðlagningar sauðfjárafurða og kostum umboðsviðskipta, sbr. bókun II?
10. Hver hefur orðið þróun í viðskiptum með fullvirðisrétt/greiðslumark með hliðsjón af tilflutningi greiðslumarks milli landshluta og verðlagningar þess?
11. Hafa viðskipti með greiðslumark orsakað hættu á umtalsverðri byggðaröskun eða gengið gegn hagræðingarsjónarmiðum, sbr. bókun III?
12. Hefur skipan fimmmannanefndar verið breytt, sbr. bókun IV?

13. Hefur uppgjöri framleiðsluársins verið breytt frá verðlagsári yfir í almanaksár, sbr. bókun VI, eða er það í undirbúningi?
14. Óskað er eftir suðurliðuðu yfirliti um þá fjármuni sem runnið hafa til landgræðslu- og skógræktarstarfa á árunum 1992–94, sbr. bókun VI, og að þær fjárveitingar séu bornar saman við framlög áranna þar á undan.
15. Hvaða skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi í landbúnaði í framhaldi af bókun VII?
16. Hvernig hefur framkvæmd á bókun VIII um ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir bændur og endurmenntun og þjálfun þeirra til annarra starfa verið háttað? Fengu þeir bændur aðstoð við að koma jörðum sínum í verð sem þurftu á því að halda?
17. Hafa einhver ákvæði samningsins verið endurskoðuð og ef svo er, á hvern hátt?
18. Hafa samningsaðilar rætt við vegna breytinga á starfsumhverfi landbúnaðarins með tilkomu alþjóðasamninga og innflutnings búvara, sbr. ákvæði 9. gr.?
19. Er hafin úttekt á framkvæmd samningsins, sbr. 10. gr.? Hafa viðræður um áframhaldandi stefnumörkun verið undirbúnar, sbr. 10. gr.?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna, einnig að skýrslubeiðnin verði birt fremst með svari ráðherra.

Greinargerð.

Senn verða fjögur ár liðin frá því núgildandi búvörusamningur var gerður milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins. Fram hefur komið að mikilsverður árangur hefur náðst á samningstímanum í þá átt að draga úr opinberum útgjöldum til landbúnaðarmála. Einnig hefur náðst samræmi milli þess hluta framleiðslunnar sem nýtur stuðnings og innanlandsmarkaðar og þróun í vöruverði virðist hafa orðið neytendum hagstæð.

Sú róttæka aðlögun að breyttum aðstæðum, sem hinn hefðbundni landbúnaður hefur gengið í gegnum, hefur orðið bændum erfið og kemur þar margt til, ekki síst versnandi atvinnuástand og þrengri atvinnumöguleikar samtímis því að framleiðslan og þar með tekjur bænda hafa dregist saman. Svo virðist sem mikið vanti upp á að ríkisvaldið hafi stutt við bakið á landbúnaðinum á þessu erfiða aðlögunar- og hagræðingartímabili eins og ætlunin var, sérstaklega hvað það varðar að ný störf og tekjur komi í stað þeirra sem horfið hafa með samdrætti í hefðbundinni framleiðslu.

Íslenskur landbúnaður stendur á miklum tímamótum, bæði vegna mikilla breytinga og aðlögunar sem hann hefur gengið í gegn um en einnig vegna innflutnings landbúnaðarvara sem samið hefur verið um. Óþarft er að fjölyrða um mikilvægi þess að greininni verði sköpuð lífvænleg skilyrði til að lifa af og blómgast með tilheyrandi verðmætasköpun og atvinnu. Slíkt er ekki síst mikilvægt nú á tímum fjöldaatvinnuleysis sem því miður hefur hafið innreið sína í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, en ljóst er að landbúnaðurinn og úrvinnsla landbúnaðarvara skapar þúsundir starfa.

Mikilvæg forsenda þess að unnt sé að ræða stöðu landbúnaðarins er að fyrir liggi vandaðar upplýsingar um hvernig til hefur tekist með framkvæmd gildandi búvörusamnings og hver séu áform stjórnvalda um áframhaldandi stefnumörkun í málefnum atvinnugreinarinnar.

98. Lánsfjáraukalög [74. mál]

fyrir árið 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 17. okt.)

Samhljóða þskj. 74.

99. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
   Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera fjórar milljónir króna. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ECU). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal að jafnaði öðlast gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:
   Á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum hlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti hlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í 1. og 3. mgr. falla niður orðin „í öðru hlutafélagi“ en í staðinn komi: í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „í öðru félagi“ en í staðinn komi: í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá).

b. 2. mgr. orðast svo:
Stofnendur hlutafélags skulu vera tveir hið fæsta. Meiri hluti stofnenda skal hafa heimilisfesti hér á landi, eða helmingur sé tala stofnenda jöfn, nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.
c. Við 3. mgr. bætast nýir málsliðir er verða 2.–4. málsl. og orðast svo: Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrrgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.
d. 4. mgr. orðast svo:
Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:
Í stofnsamningi skal ávallt greina:
1. Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda.
2. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
3. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
4. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda, svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr. að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
5. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað.

Í fyrstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 5. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
a. 3. tölul. 1. mgr. fellur niður.
b. 4. tölul. verður 3. tölul.
c. A-liður 2. mgr. fellur niður en 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Í því sambandi skal m.a. greina nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir.
d. B-liður 2. mgr. fellur niður.
e. C-liður 2. mgr. fellur niður.
f. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu. Kröfur á hendur stofnendum eða þeim sem hafa skráð sig fyrir hlutum geta talist greiðsla.
g. 3. mgr. fellur niður.
h. Í stað orðanna „Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja“ í upphafi 4. mgr. kemur: Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði.

6. gr.

Á eftir 5. gr. laganna bætist við ný grein, 5. gr. a, er orðast svo:

Eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frá stofnendum eða öðrum skal sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi. Skýrslan skal geyma:

1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.
3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess ef það er síðar. Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess sem félagið yfirtekur hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Teljast reikningar þessir hluti sérfræðiskýrslunnar og skulu þeir gerðir í samræmi við lagaákvæði um ársreikninga.

Skýrslan skal gerð rétt fyrir stofnfund.

7. gr.

Á eftir 5. gr. a laganna bætist við ný grein, 5. gr. b, er orðast svo:

Sérfræðiskýrslan skal unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lagaákvæði um löggilta endurskoðendur gilda um sérfræðinga þá er skýrsluna semja eftir því sem við á.

Sérfræðingarnir hafa rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og geta krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.

8. gr.

Á eftir 5. gr. b laganna bætist við ný grein, 5. gr. c, er orðast svo:

Nú aflar félagið annarra fjárhagsverðmæta en þeirra sem greinir í 5. gr. a frá stofnanda eða hluthafa og þarf þá samþykki hluthafafundar ef:

1. Öflun verðmætanna fer fram á tímabilinu frá stofnsamningsdegi þar til liðið er eitt ár frá skráningu félagsins.
2. Endurgjaldið nemur a.m.k. 1/10 hlutafjárins.

Til afnota fyrir hluthafafund skal útbúin sérfræðiskýrsla í samræmi við ákvæði 5. gr. a. Stjórnin skal einnig láta taka saman skriflega greinargerð um öflun verðmætanna.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.

Greinargerðina um öflun verðmætanna og sérfræðiskýrsluna skal leggja fram og senda hluthöfum samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 71. gr. Skjölin skal einnig leggja fram á hluthafafundinum.

Eigi síðar en einum mánuði eftir að hluthafafundurinn hefur samþykkt öflun verðmætanna skal senda hlutafélagaskrá sérfræðiskýrsluna með áritun fundarstjóra á hluthafafundinum um það hvenær ráðstöfunin var samþykkt.

9. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 13. tölul. og orðast svo:

13. Ákvæði um fjölda framkvæmdastjóra séu þeir fleiri en þrír.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Gögn þau sem um ræðir í 5. gr. a skulu einnig fylgja áskriftarskrá.
b. Í stað „ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá.

11. gr.

Í stað orðanna „sem um ræðir í stofnsamningi“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem fylgja stofnsamningi.

12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. standi: er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili“.
b. Í 3. málsl. 2. mgr. standi: beinni aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar, í staðinn fyrir „aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar“.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá því að félagið var skráð.
b. Í stað „ráðherra“ í 2. og 3. málsl. kemur: hlutafélagaskrá.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár.
b. Í 2. og 3. málsl. standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í lok 1. mgr. standi: 115. gr., í staðinn fyrir „114. gr.“.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka, m.a. flokk án atkvæðisréttar.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í 2. málsl. standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf“.
b. Í 3. málsl. standi: almenna hluti, í staðinn fyrir „almenn hlutabréf“, milli aðila, í staðinn fyrir „milli íslenskra aðila“, og 100 eða fleiri, í staðinn fyrir „200 eða fleiri“.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. 1. mgr. koma orðin: eigendaskipti að hlut, í staðinn fyrir „eigendaskipti að hlutabréfi“.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er það ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

19. gr.

20. gr. a laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

20. gr.

20. gr. b laganna orðast svo:

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 20. gr. a skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf fyrri eiganda ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

21. gr.

20. gr. c laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 20. gr. a gilda eftir því sem við á.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. tölul. 3. mgr. orðast svo:
   1. Nafn, kennitölu og heimilisfang félags.
b. Í 4. mgr. bætist við nýr töluliður, 5. tölul., er orðast svo:
   5. Heimild til að ógilda hlutabréf án dóms.
c. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Nöfn má rita með vélrænum hætti.
d. Á eftir 6. mgr. bætist við ný málsgrein, 7. mgr., er orðast svo:
   Í hlutabréfunum skal vera fyrirvari um að eftir útgáfu bréfanna megi taka ákvarðanir um atriði sem greinir í 3.–5. mgr. og breyta réttarstöðu hluthafans. Verði slíkar breytingar gerðar skal stjórn félags, eftir því sem unnt er, sjá um að áritun um breytingarnar verði færð á hlutabréfin eða skipt verði á þeim og nýjum hlutabréfum.
e. Á eftir 7. mgr. kemur síðan ný málsgrein er verður 8. mgr. og orðast svo:
   Glatist hlutabréf, sem gefið hefur verið út, getur stjórn félags stefnt handhafa þess til sín með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal tvisvar í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu. Skal stjórn félagsins þá að ósk upphaflegs eiganda bréfsins gefa út nýtt bréf honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila. Skal nýja bréfið vera með sömu skilmálum og hið fyrra. Gefi réttur eigandi sig fram síðar skal ágreiningur úrskurðaður með dómi. Sömu reglur og um hlutabréf gilda um bráðabirgðaskírteini og áskriftarvottorð eftir því sem við á.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Þegar hlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.
b. Í 2. mgr. koma í stað orðanna „nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer“ orðin: nafn eiganda, kennitölu og heimilisfang.
c. 5. mgr. orðast svo:
   Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 19. og 20. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og færir sönnur á þau. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.

24. gr.

Í 1. málsl. 25. gr. laganna standi: hlut, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

25. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.**

26. gr.

2. málsl. 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum, svo og rökstyðja tillögur um áskriftargengi.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í 2. málsl. 1. mgr. koma: hlutabréf milli aðila, í staðinn fyrir „hlutabréf milli íslenskra aðila“, svo og öðrum aðilum, í staðinn fyrir „öðrum íslenskum aðilum“.
b. 2. mgr. fellur niður.
c. 3. mgr. verður 2. mgr. og orðast svo:

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er mismunandi er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

d. 4. mgr. verður 3. mgr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár, sbr. 2. mgr. 32. gr.

b. Í 6. tölul. 1. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.
c. Í lok 1. mgr. kemur nýr töluliður er verður 7. tölul. og orðast svo:

7. Áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

d. Ný málsgrein bætist við er verður 4. mgr. og orðast svo:

Í næstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina, sbr. 7. tölul. 1. mgr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ákvæði 5. gr. og 5. gr. a–c skulu gilda um þetta eftir því sem við á.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna hlutafélaga skv. XV. kafla.

30. gr.

Í 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Í 2. mgr. falla niður orðin: að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, en í staðinn kemur: að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Ef áskrift hluta er gerð á grundvelli verðbréfa sem gefa rétt til áskriftar að hlutum (áskriftarréttindi), frestur til áskriftarinnar samkvæmt áskriftarskrá er lengri en eitt ár, áskrift hefur fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárhækkunarinnar og minnst fjórðungur hennar verið greiddur, að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð, skal félagsstjórn innan mánaðar frá lokum hvers reikningsárs tilkynna hlutafélagaskrá hversu mikil hlutafjárhækkun hefur farið fram á árinu. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan mánaðar frá lokum áskriftarfrests eða skráningar er synjað eiga reglur 1. mgr. við eftir því sem við á. Stjórnin getur gert nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna hlutafjárhækkunarinnar. Þegar skráning hefur farið fram telst hlutaféð hækkað sem samsvarar innborguðu hlutafé.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í 3. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi".
b. Í 3. mgr. fellur niður „sbr. 4.–6. tölul. 1. mgr. 30. gr.", en í staðinn kemur: sbr. 4.–7. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. 30. gr.

33. gr.

Í 38. gr. laganna koma í stað orðanna „getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði": getur stjórnin selt bréfin fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf.

34. gr.

Á eftir 38. gr. laganna bætist við ný grein, 38. gr. a, er orðast svo:

Hluthafafundur getur ákveðið útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 27.–31. gr. nauðsynlega hlutafjárhækkun.

Í ákvörðun hluthafafundar skal setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttindanna, m.a. ákveða hámark þeirrar hlutafjárhækkunar sem skrifa má sig fyrir á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Enn fremur skal tekið fram í ákvörðun hluthafafundarins hvernig háttað sé nýtingu áskriftarréttindanna og hver staða rétthafa sé ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út breytanleg skuldabréf eða ný áskriftarréttindi eða félagsslit verða, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en unnt er að neyta áskriftarréttarins. Að því er varðar ákvörðun um útgáfu áskriftarréttinda og rétt til áskriftar að þeim gilda ákvæði 27. og 28. gr., fyrri hluti 3. tölul. og 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., auk 32. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til áskriftar að hlutafjárhækkun er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

35. gr.

Á eftir 38. gr. a laganna kemur ný grein, 38. gr. b, er orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að ákveða útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagsins.

Í samþykktunum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og þann hlutaflokk sem hinu nýju hlutir skulu tilheyra. Þar eð ákvæði 28. gr. gilda eftir því sem við á skal enn fremur greina frá ákvörðun hluthafafundar um hugsanleg frávik frá rétti eldri hluthafa til að skrifa sig fyrir áskriftarréttindum.

Ef félagsstjórn notar heimild sína skal hún setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttinda, m.a. ákveða hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Að því er varðar ákvörðun félagsstjórnar um útgáfu áskriftarréttinda gilda ákvæði 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., 32. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 38. gr. a eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félags. Getur stjórnin gert þær breytingar á samþykktunum sem nauðsynlegar eru skv. 3. mgr.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en kröfunni er breytt í hluti.
c. Í 3. málsl. 2. mgr. falla niður orðin „og 31. gr.“ en í staðinn kemur: og 31.–32. gr.
d. 2. málsl. 3. mgr. fellur niður, en í staðinn kemur 2.–3. málsl. er orðast svo: Samþykkt hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

37. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er verður 39. gr. a og orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að taka skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagins.

Í samþykktum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámarksfjárhæð lánsins og með hliðsjón af beitingu 30. gr. eftir því sem við á hugsanleg frávik frá forgangsrétti fyrri hluthafa til áskriftar vegna lánsins. Sé unnt að greiða lán með öðrum hætti en í reiðufé skal taka það fram í samþykktunum.

Um samþykkt félagsstjórnar til töku lánsins gilda ákvæði 1.–5. tölul. 1. mgr., svo og 2.–3. mgr. 30. gr., 31.–32. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 39. gr., eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félagsins og getur stjórnin breytt þeim.

Um breytingu skuldabréfs í hluti gildir 4. mgr. 39. gr. eftir því sem við á.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. fellur niður „39. gr.“, en í staðinn kemur: 39. gr. og 39. gr. a.
b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

39. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimild til handa félagsstjórn má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. standi: eftir reglum 45. gr., í staðinn fyrir „eftir reglum 16. og 45. gr“.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár.
d. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 147. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Í 3. málsl. 1. mgr. standi: Hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra“.
b. 2. mgr. orðast svo:

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

42. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Í samþykktir félags má taka ákvæði um lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum. Slíka lækkun getur félagsstjórn framkvæmt að því er snertir hluti sem áskrift hefur fengist að eftir að ákvæðin um lækkun voru tekin í samþykktirnar. Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktunum af þessu tilefni.

Að lokinni hlutafjárlækkun skal vera fyrir hendi fjármagn er svari a.m.k. til hlutafjárins og þess fjár er lagt hefur verið í lögmælta varasjóði.

Lækkun hlutafjár getur átt sér stað án innköllunar skv. 44. gr. ef:

1. Lækkunin á sér stað með ógildingu hluta sem eru að fullu greiddir.
2. Hlutanna hefur verið aflað án greiðslu eða með greiðslu sem nemur eigi hærri fjárhæð en svo að ráðstafa megi henni sem arði.
3. Fjárhæð, sem svarar til nafnverðs ógiltra hluta, er lögð í sérstakan varasjóð.

Ákvæði 5. mgr. 42. gr. og 3.–4. mgr. 44. gr. gilda um þessa innlausn hluta eftir því sem við á.

43. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður **Eigin hlutir**, og 46. gr. þeirra orðast svo:

Hlutafélag má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins.

Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en átján mánaða.

Í heimildinni skal greina hámark hluta á nafnverði sem félagið má eignast og lægstu og hæstu fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir hlutina.

Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna.

Aðeins má afla þeirra hluta sem eru að fullu greiddir.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda eftir því sem við á þegar dótturfélag eignast eða tekur að veði hluti í móðurfélagi gegn endurgjaldi.

44. gr.

46. gr. a laganna orðast svo:

Hlutafélag getur eignast eigin hluti skv. 46. gr. án heimildar hluthafafundar ef slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu.

Í slíku tilviki skal stjórn greina næsta hluthafafundi frá:

1. Ástæðunum fyrir og markmiðum með öflun hlutanna.
2. Fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið eignaðist.
3. Hlutfalli hlutanna af hlutafénu.
4. Endurgjaldi fyrir hlutina sem félagið eignaðist.

45. gr.

46. gr. b laganna orðast svo:

Ákvæði 46. gr. standa því ekki í vegi að hlutafélag geti eignast eigin hluti:

1. Sem þátt í að lækka hlutafé skv. VII. kafla.
2. Á grundvelli lagaskyldu eða dómsúrskurðar til að vernda minni hluta hluthafa.
3. Til að uppfylla lögmælta innlausnarskyldu sem hvílir á félaginu.
4. Við kaup á nauðungarsölu á hlutum, sem eru að fullu greiddir, til að fullnægja kröfu sem félagið á.

46. gr.

46. gr. c laganna orðast svo:

Hlutafélag má því aðeins eignast eigin hluti án endurgjalds að þeir séu að fullu greiddir.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um hluti sem dótturfélag eignast án endurgjalds í móðurfélaginu.

47. gr.

46. gr. d laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast í samræmi við reglur 2.–4. tölul. 46. gr. b eða 46. gr. c, skal það láta af hendi þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið og í síðasta lagi þremur árum eftir öflun þeirra nema samanlagt nafnverð félagsins og dótturfélaga þess á hlutum í félaginu fari ekki yfir 10% af hlutafénu.

48. gr.

46. gr. e laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast andstætt ákvæðum 46. gr.–46. gr. c, skal það láta af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá. Hafi félagið með sama hætti tekið hlutina að veði skal veðsetningunni aflétt innan loka sama frests.

49. gr.

46. gr. f laganna orðast svo:

Ef hlutir eru ekki látnir af hendi á réttum tíma skv. 46. gr. d og e ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

50. gr.

46. gr. g laganna orðast svo:

Hlutafélag má ekki skrá sig fyrir eigin hlutum.

Hlutir, sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir í eigin nafni en fyrir reikning félagsins, teljast skráðir fyrir reikning áskriftaraðilans.

Þar sem áskrift er andstæð 1. mgr. teljast stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutum fyrir eigin reikning og skulu þeir bera óskipta ábyrgð á kaupverðinu. Sama á við um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þegar um hækkun hlutafjár er að ræða. Ákvæði 1. og 2. málsl. gilda þó ekki um stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem sýna fram á þeir hafi hvorki vitað né mátt vita að áskriftin að hlutunum var ólögleg.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um áskrift dótturfélags að hlutum í móðurfélaginu. Stjórn og framkvæmdastjórar dótturfélagsins teljast hafa skráð sig fyrir umræddum hlutum á sama hátt og greinir í 3. mgr.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn.

b. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 4. málsl. og orðast svo: Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

c. Í stað 3. mgr. koma tvær málsgreinar er verða 3. og 4. mgr. og orðast svo:

   Stjórnendur skulu kosnir meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu. Ýmist má bjóða fram einstaklinga eða lista með nöfnum allt að jafnmargra manna og kjósa skal. Líta skal á einstaklingsframboð sem lista með einum manni. Sé ekki annað tekið fram í félagssamþykktum og komi ekki fram krafa um annað, sbr. 5. mgr., skal kosið meirihlutakosningu. Framboð og kosningu skal endurtaka ef þörf krefur þar til nægilega margir stjórnarmenn og varamenn hafa verið kjörnir.

Við meirihlutakosningu hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, alla sína menn kjörna. Við hlutfallskosningu skal deila atkvæðamagni framboðslista með heiltölunum 1, 2, 3 o.s.frv. jafnoft og nemur tölu manna á hverjum lista. Kjör í stjórnarsæti fer síðan eftir röð stærstu deilda. Í margfeldiskosningu er gildi hvers atkvæðis margfaldað með tölu þeirra manna sem kjósa á. Hluthafi má síðan verja atkvæðamagni sínu hvernig sem hann vill, á einn eða fleiri framboðslista. Kjör í stjórnarsæti fer síðan fram eins og við hlutfallskosningu á grundvelli heildaratkvæðamagns hvers lista.

d. Í 2. málsl. 4. mgr., sem verður 5. mgr., falla niður orðin „200 eða fleiri“ en í staðinn kemur: 100 eða fleiri. Jafnframt breytist röð eftirfarandi málsgreina.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í lok 1. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 4. málsl. og orðast svo: Gæta verður þó ákvæða 3.–5. mgr. 47. gr. ef hlutfalls- eða margfeldiskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en ¾ atkvæða í þriggja manna stjórn, meira en ⅘ í fjögurra manna stjórn, meira en ⅚ í fimm manna stjórn, meira en ⅙ í sex manna stjórn, meira en ⅞ í sjö manna stjórn, meira en ⅞ í átta manna stjórn, meira en ⁹⁄₁₀ í níu manna stjórn o.s.frv.
b. Í lok 1. málsl. 2. mgr. standi í staðinn fyrir „efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri“: efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri, eða óska eftir tilnefningu.
c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

53. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Stjórn skal ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

54. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Hafi viðkomandi verið stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í hlutafélögum eða einkahlutafélögum á tímabilinu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar og gjaldþrotaúrskurður hefur oftar en einu sinni verið kveðinn upp í slíkum félögum á síðustu þremur árum má viðkomandi ekki verða stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í hlutafélagi í sams konar eða svipuðum rekstri fyrr en liðin eru minnst þrjú ár frá uppkvaðningu síðasta gjaldþrotaúrskurðar. Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu frá því. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki stunda eða taka þátt í spákaupmennsku með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.

b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

57. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélagið máli. Tilkynna skal stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–5. mgr. 47. gr. um hlutfalls- og margfeldiskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

59. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 55. gr. laganna standi: Ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur, í staðinn fyrir „Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.“

60. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 58.–59. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum.
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 149. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

61. gr.

Á eftir 61. gr. laganna kemur ný grein er verður 61. gr. a og orðast svo:

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 149. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

62. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.
b. 3. mgr. fellur niður og tala eftirfarandi málsgreina breytist samkvæmt því.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í lok 1. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.
b. Í 3. mgr. kemur: ⅓ í staðinn fyrir „⅕“ og niður falla orðin „eða varða lausn undan ábyrgð“.
c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í 1. og 2. málsl. 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá standi í 1. málsl.: enga starfandi stjórn, í staðinn fyrir „enga stjórn“.
b. Í stað 3. málsl. 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

65. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Boðun skv. 2. mgr. 32. gr. skal þó alltaf vera skrifleg.
b. Í 4. mgr. fellur niður „ársreikningur“ en í staðinn kemur: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur).

66. gr.

1. málsl. 72. gr. laganna orðast svo: Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

67. gr.

Í 3. mgr. 73. gr. laganna standi: ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra, í staðinn fyrir „ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra“.

68. gr.

1. málsl. 1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 34., 36., 37., 38. gr. a og b, 40., 45. og 126. gr. e skal tekin á hluthafafundi.

69. gr.

Í 2. mgr. 80. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“, hún, í staðinn fyrir „hann“, og hennar, í stað „hans“.

70. gr.

2. málsl. 1. mgr. 81. gr. laganna orðast svo: Af endurskoðendum félags skal a.m.k. einn vera heimilisfastur hér á landi enda sé slíkt skilyrði í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í hlutafélögum skal a.m.k. einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur ef einhver eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt: Bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið eigið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur eru a. m. k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ársmenn) eru fleiri en 50. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar að einhverju framangreindra marka verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma en annars skal við það miða að einhverju framangreindra marka hafi verið náð í ársreikningi tveggja síðastliðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 50 tvö sl. reikningsár.

b. Í 2. mgr. koma í staðinn fyrir orðin „viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila“: viðskipti með hluti milli aðila.

c. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir í félögum sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. standi: skal hlutafélagaskrá tilnefna endurskoðanda, í staðinn fyrir „skal ráðherra tilnefna endurskoðanda“.

b. Í 2. mgr. standi: skal hlutafélagaskrá tilnefna þennan endurskoðanda, í staðinn fyrir „skal ráðherra tilnefna þennan endurskoðanda“.

73. gr.

Í 1. og 3. mgr. 92. gr. laganna kemur alls staðar: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“, og hún, í staðinn fyrir „hann“.

74. gr.

8. mgr. 98. gr. laganna orðast svo:

Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, skal fara eftir góðri reikningsskilavenju varðandi áætlaðan hagnað eða tap af verkunum.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Meðal skulda skal sérgreina óskattlagt fjármagn.

b. Í liðum 2.1, 2.2 og 3.2 standi: hlutir, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

76. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur niður.

b. 3. mgr. verður 2. mgr. og orðast svo:

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar án þess að það falli undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

77. gr.

Í 2. og 3. tölul. 3. mgr. 101. gr. laganna standi: Arð af hlutafé, í staðinn fyrir „Arð af hlutabréfum“.

78. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Í 6. tölul. bætist við nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Gerð skal grein fyrir þeim reglum sem farið er eftir við endurmatið.
b. 7. tölul. orðast svo: Eftirlauna- eða lífeyrisskuldbindingar félags sem færa skal í efnahagsreikninginn í samræmi við góða reikningsskilavenju.
c. 13. tölul. orðast svo: Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hluti á reikningsárinu eða hluti í móður- eða dótturfélagi, sbr. 46. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra, kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags, svo og geta þess hvernig hlutunum hafi verið ráðstafað. Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið hluti í öðrum félögum skal upplýsa um kaupverð og önnur atriði sem máli skipta.
d. 14. tölul. orðast svo: Hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd í samræmi við góða reikningsskilavenju skal það koma fram ásamt nánari upplýsingum um mat á hagnaðinum.
e. 17. tölul. orðast svo: Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög, svo og önnur félög í eigu hlutafélagsins, skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 100. gr.
f. 18. tölul. orðast svo: Veð og ábyrgðarskuldbindingar skv. 2. mgr. 100. gr.

79. gr.

105. gr. laganna orðast svo:

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings hlutafélags, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda hlutafélagaskrá staðfest endurrit hans ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu. Í hlutafélögum, þar sem hlutabréf og verðbréf lúta opinberri gengisskráningu, skal þó senda gögnin þegar í stað eftir samþykkt og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Skráin skal veita almennan aðgang að reikningum hlutafélaga. Hún getur vikið frá ákvæðum 1.–3. málsl. með almennri ákvörðun í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland.

Með ársreikningnum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal enn fremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

80. gr.

Í 1. mgr. 107. gr. laganna standi: hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „vaxta á almennum sparisjóðsbókum“.

81. gr.

Í 1. mgr. 110. gr. standi: almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „almennum sparisjóðsbókum“.

82. gr.

112. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða eignarhlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áðurnefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán eða framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

83. gr.

Í 1. mgr. 113. gr. laganna standi orðin: laga um gjaldþrotaskipti o.fl., í staðinn fyrir „laga um gjaldþrotaskipti“.

84. gr.

Í 2. mgr. 114. gr. laganna standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. og í 5. tölul. sömu málsgreinar standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.
b. Í 3. tölul. 1. mgr. standi: eða hefur ekki framkvæmdastjóra, sbr. 49. gr., í staðinn fyrir „eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum“.
c. Í 4. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum“, en í staðinn kemur: ársreikningar. Í staðinn fyrir „reikningsár“ kemur: reikningsár, sbr. þó 4. málsl. 1. mgr. 105. gr.

86. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein er verður 115. gr. a, svohljóðandi:

Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu

þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu hlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú hlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 116. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt hlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 116. gr. laganna:

a. Í staðinn fyrir „2. mgr. 115. gr.“ standi: 2. mgr. 115. gr. eða 115. gr. a.
b. Í staðinn fyrir orðin „laga um gjaldþrotaskipti“ standi: laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

88. gr.

Í 118. gr. laganna standi alls staðar: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“, svo og orðið: skráin, í staðinn fyrir „hann“ í 6. mgr.

89. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 120. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. falla burt orðin „viðurkenna skuli hverja kröfu“ og „viðurkenna kröfu“, en í staðinn kemur: viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu og viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu.
b. Í 3. mgr. falla niður orðin „afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar“, en í staðinn kemur: afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.
d. Í 6. mgr. kemur: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

90. gr.

Í 1. mgr. 122. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

91. gr.

Í 1. mgr. 123. gr. laganna falla niður orðin „geymslureikning við viðskiptabanka“ en í staðinn kemur: geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé.

92. gr.

Í 2. mgr. 125 gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

93. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna orðast svo: **Samruni, breyting hlutafélags í eignarhlutafélag og skipting.**

Síðan kemur undirfyrirsögnin: *Samruni.*

94. gr.

126. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru hlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri hlutafélög renna saman í nýtt hlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef eignarhlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XV. kafla laga um eignarhlutafélög um slit þess félags.

95. gr.

126. gr. a laganna orðast svo:

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. Heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu.
2. Heimilisfang félaganna.
3. Endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu.
4. Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs.
5. Hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu.
6. Aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.
7. Afhendingu hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla.
8. Frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.
9. Einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn skv. 126. gr. c og eftirlitsaðilar félaganna njóta.
10. Drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

96. gr.

126. gr. b laganna orðast svo:

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þ.á m. sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Lagaákvæði um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

97. gr.

126. gr. c laganna orðast svo:

Í hverju samrunafélaganna um sig skulu einn eða fleiri óháðir, sérfróðir matsmenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. b, gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega matsmenn.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. b um samband matsmannanna við viðkomandi félög.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Matsmennirnir skulu enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

98. gr.

126. gr. d laganna orðast svo:

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c, sbr. 126. gr. e.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 149. gr. Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 126. gr. c og 126. gr. g.

99. gr.

126. gr. e laganna orðast svo:

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur í samræmi við ákvæði 76. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 126. gr. j. Ef félag er til félagsslitameðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanefndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun, ef hluthafar, sem eiga 5% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 149. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 76. gr. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 68. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. málsl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 126. gr. d og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 126. gr. c. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig og enn fremur látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni:

1. Áætlun um samruna.
2. Ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur.
3. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 126. gr. b, er gerður fyrir yfirtökufélagið.
4. Greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.
5. Skýrsla matsmanna og yfirlýsing skv. 126. gr. c.

Lánardrottnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

100. gr.

126. gr. f laganna orðast svo:

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

101. gr.

126. gr. g laganna orðast svo:

Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 126. gr. d og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum.

Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafnanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlaga um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

102. gr.

126. gr. h laganna orðast svo:

Yfirteknu félagi telst slitið, og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. Samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum.
2. Skilyrðum 5. mgr. er fullnægt.
3. Kröfur skv. 126. gr. f hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim.
4. Kröfur skv. 126. gr. g hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 32. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og félagsstjórn og endurskoðendur eru ekki kosnir strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur.

103. gr.

126. gr. i laganna orðast svo:

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 126. gr. h. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau gögn, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 126. gr. e, í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

104. gr.

126. gr. j laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–10. tölul. 1. mgr. 126. gr. a; 1. málsl. 1. mgr. 126. gr. b; 126. gr. d; 2. málsl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 126. gr. e; 126. gr. g; 126. gr. h og 126. gr. i.

Frest skv. 5. mgr. 126. gr. e skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 126. gr. b.

Einn eða fleiri matsmenn, sbr. 1. mgr. 126. gr. c, skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 126. gr. c.

105. gr.

126. gr. k laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 126. gr. a; 1. mgr. 126. gr. b; 1.–3. mgr. 126. gr. c; 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 126. gr. d; 1., 4. og 5. mgr. 126. gr. e; 126. gr. f; 1. tölul. 1. mgr. 126. gr. h og 126. gr. i.

106. gr.

Á eftir 126. gr. k kemur 128. gr. laganna er verður 127. gr.

107. gr.

Á eftir 127. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur: undirfyrirsögnin *Breyting hlutafélags í einkahlutafélag.*

108. gr.

128. gr. laganna samkvæmt framansögðu orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta hlutafélagi í einkahlutafélag. Tilkynningu um samþykktina skal senda hverjum skráðum hluthafa innan tveggja vikna.

Breyting hlutafélags í einkahlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um einkahlutafélög enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði.

Þegar breytingin hefur átt sér stað teljast hlutabréfin, sem félagið gaf út, ógilt.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi tilkynnt sig til skráningar á hlutaskrá í einkahlutafélaginu getur stjórn einkahlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að senda slíka tilkynningu innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn án þess að tilkynning hafi borist getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutina í einkahlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slíka hluti. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

109. gr.

Á eftir 128. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur undirfyrirsögnin: *Skipting.*

110. gr.

129. gr. laganna orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum hlutafélagsins, tekið ákvörðun um skiptingu félagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt hlutafélag eða einkahlutafélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til hluthafa félagsins sem skipt er. Hluthafafundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri félög taki við hluta af eignum og skuldum þess. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Ákvæði 5. gr. a–c, 1. mgr. 31. gr. og 126.–126 gr. i gilda um skiptinguna eftir því sem við á.

Ef kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar en þó ekki með hærri fjárhæð en svarar til nettóverðmætis þess sem við bættist eða er eftir í viðkomandi félagi á þeim tíma.

111. gr.

130.–131. gr. laganna falla niður.

112. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. standi: Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta, í staðinn fyrir „Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags eru skyldir að bæta“.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:
   Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.
c. 2. mgr. verður 3. mgr.

113. gr.

Í 3. mgr. 133. gr. laganna standi: frestdagur hefst, í staðinn fyrir „gjaldþrotaskipti hefjast“.

114. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 134. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. sé tilvísun í 1.–2. mgr. 133. gr. og í a- og b-liðum sé frestur: innan tveggja ára.
b. Í b-lið 1. mgr. standi: Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, í staðinn fyrir „Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum“.

115. gr.

Fyrirsögn XVII. kafla verður: **Útibú erlendra hlutafélaga.**

116. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

117. gr.

Í 136. gr. laganna fellur niður „starfsemi erlends félags“ en í staðinn kemur: starfsemi útibús erlends félags.

118. gr.

137. gr. laganna orðast svo:

Í heiti útibús erlends hlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða.

119. gr.

1. mgr. 138. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

120. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 139. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVIII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

b. 2. og 3. mgr. falla niður en 4. mgr. verður 2. mgr.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

   Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

121. gr.

141. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

122. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 142. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. Í 2. málsl. 3. tölul. standi: Hlutafélagaskrá, í stað „Ráðherra“.

c. 4. tölul. orðast svo: Ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis.
d. Við bætist nýr töluliður er verður 5. tölul. og orðast svo: Ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

123. gr.

Í 1. mgr. 143. gr. laganna standi: lánardrottna, í stað „hérlendra lánardrottna“.

124. gr.

Í 144. gr. laganna falla niður orðin „fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins“ en í staðinn kemur: fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins.

125. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 145. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. 105. gr.

126. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 146. gr. laganna:
a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda. Sama gildir um varamenn.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum“ en í staðinn kemur: undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.
c. Í 1. tölul. 3. mgr. fellur niður tilvísun í „3. mgr. 5. gr.“ en í staðinn kemur tilvísun í: 2. mgr. 5. gr. a.
d. Í 1. málsl. 4. mgr. standi: Hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra“ og í 2. málsl. sömu málsgreinar standi: hún, í staðinn fyrir „hann“.

127. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:
a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa“, en í stað þeirra komi: stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og prókúruhafa.
c. Í lok 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

128. gr.

Í 4. mgr. 148. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“.

129. gr.

1. mgr. 149. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra hlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga, t.d. varðandi móttöku sérfræðiskýrslu um öflun fjárhagsverðmæta skv. 5. gr. c og yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c um rýrari möguleika lánardrottna á fullnustu vegna samrunaáætlunar á grundvelli 126. gr. d. Ef vísað er í framangreinda yfirlýsingu matsmanna skal athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra til tryggingar skv. 126. gr. g. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

130. gr.

Í 150. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá bætast orðin: og aðrir, við á eftir orðunum „erlends hlutafélags“.

131. gr.

2. tölul. 151. gr. laganna orðast svo: Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um öflun vissra fjárhagsverðmæta (1., 2. og 5. mgr. 5. gr. c), greiðslu hlutafjár, útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, hlutaskrá, eigin hluti (1. og 2. mgr. 46. gr. og 46. gr. c–f), skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 54. gr.), boðun til hluthafafundar ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess (4. mgr. 67. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (112. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (139. gr.).

132. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma strax til framkvæmda nema að því leyti sem segir í ákvæðum til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, skulu, ef þau óska skráningar samkvæmt lögunum, færa sönnur á það fyrir hlutafélagaskrá í síðasta lagi 1. október 1995 að þau fullnægi þeim skilyrðum sem lögin setja og hafi breytt samþykktum sínum til samræmis við þau. Reglur laganna um stofnun hlutafélaga gilda þó ekki um þau félög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra nema hvað öll hlutafélög þurfa að uppfylla kröfuna um lágmark hlutafjár skv. 3. mgr. 1. gr.

Berist ekki ósk um skráningu sem fullnægir skilyrðum skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá gera viðkomandi skráðum félögum viðvart um að félögin verði skráð sem einkahlutafélög verði ekki úr bætt í síðasta lagi 31. desember 1995.

Hlutafélög, sem hafa ekki fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. í síðasta lagi 31. desember 1995, skulu skráð sem einkahlutafélög.

Hlutafélög, sem skráð hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu fylgja fyrirmælum þeirra.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna skráningar eldri hlutafélaga sem hlutafélaga samkvæmt þessu ákvæði eða umskráningar þeirra sem einkahlutafélaga.

II.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, má samkvæmt ósk þeirra til 31. desember 1995 umskrá sem einkahlutafélög og ber þeim við umskráninguna að hafa orðið einkahlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Ber þeim að fullnægja fyrirmælum laga um einkahlutafélög og breyta samþykktum sínum til samræmis við þau. Þau þurfa þó ekki að hækka hlutafé sitt.

Hlutafélögum, sem umskráð eru sem einkahlutafélög í samræmi við ákvæði 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ber að fara eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Telji hlutafélagaskrá við umskráninguna eða síðar að félagið fullnægi ekki skilyrðum laga um einkahlutafélög í þeim mæli að það standi í vegi fyrir skráningu skal skráin gefa stjórn félagsins hæfilegan frest til að bæta úr göllunum. Sé ekki úr bætt innan frestsins má slíta félaginu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 115. gr.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna umskráningar eldri hlutafélaga sem einkahlutafélaga skv. 1. mgr.

Um umskráningu hlutafélaga, sem eru löglega skráð sem hlutafélög eftir gildistöku laga þessara, fer eftir 128. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpasmíð.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu með aðstoð Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í lögum, m.a. félagarétti. Nokkrar breytingar, flestar minni háttar, hafa verið gerðar á texta frumvarps þess sem lagt var fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94, m.a. með hliðsjón af athugasemdum. Breytingar hafa m.ö.o. verið gerðar á d-lið 3. gr., (stofnandi má ekki vera í greiðslustöðvun), f-lið 5. gr. (kröfur á hendur stofnendum eða þeim sem hafa skráð sig fyrir hlutum geta talist greiðsla), nýjum b-lið 16. gr. (hlutaflokkar án atkvæðisréttar heimilaðir), 20. gr., c-lið 27. gr., 33. gr., 54. gr. (sex mánuðir fyrir frestdag í gjaldþrotaákvæðinu í stað þriggja mánaða), 57. gr., 60. gr., nýjum a-lið 62. gr., c-lið 63. gr., a-lið 64. gr., 66. gr., 82. gr. (tekin af tvímæli um heimild til venjulegra viðskiptalána til hluthafa o.fl.; vaxtaákvæði breytt), 86. gr. (birting aðvörunar í Lögbirtingablaði vegna afskráningar), 99. gr., 101. gr., 108. gr., 118. gr., 131. gr. og ákvæðum til bráðabirgða I og II. Auk þess eru tilvísanir í frumvarp til laga um einkahlutafélög (ekki eignarhlutafélög) í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Þá eru loks gerðar nauðsynlegar breytingar á athugasemdum, fyrst og fremst vegna ofangreindra breytinga á frumvarpsgreinum. Frumvarp þetta er þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagsvæðið (EES-samningsins), nánar tiltekið ákvæðum samningsins um félagarétt. Auk þessa frumvarps til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, sem gert er ráð fyrir að gildi í framtíðinni um stærri tegund hlutafélaga, verður flutt frumvarp til laga um einkahlutafélög sem hentar almennt smærri tegund hlutafélaga og frumvarp til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélag sem nauðsynlegt er að flytja sem sérstakt frumvarp vegna reglugerðar EB þar að lútandi.

Fordæmi fyrir tvennum lögum um mismunandi stór hlutafélög er að finna í Danmörku og öðrum ríkjum EB. Þykir heppilegra að hafa sama hátt á hér þar eð meginábersla er lögð á það í EB að samræma reglur fyrir stærri félögin og má ætla að sama muni gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Leiðir slíkt til meiri og tíðari breytinga á löggjöf um stóru félögin en á löggjöf um minni félögin. Má telja að einföld löggjöf henti minni félögunum betur, einkum eftir því sem lög um stærri félögin verða flóknari. Stjórnendur minni félaganna og aðrir hafa þá í einum lögum allar helstu greinar sem snerta félögin en þurfa ekki að vega og meta hvort sumar greinar laganna eigi við um þau félög en aðrar ekki.

Gildandi lög um hlutafélög.

Lög um hlutafélög, nr. 32/1978, er gengu í gildi 1. janúar 1980, eru ávöxtur norræns löggjafarsamstarfs er lauk snemma á áttunda áratugnum. Aðallega var byggt á dönsku hlutafélagalögunum frá 1973. Danska löggjöfin hefur síðan fjarlægst löggjöf annarra Norðurlanda vegna inngöngu Danmerkur í EB og krafna EB um samræmingu á ýmsum ákvæðum varðandi hlutafélög. Þegar íslensku hlutafélagalögunum var breytt í mörgum greinum með lögum nr. 69/1989 er gengu í gildi 1. mars 1990 var aðeins að takmörkuðu leyti höfð hliðsjón af breytingum á dönsku lögunum á grundvelli krafna EB þannig að nokkur munur er nú orðinn á íslensku lögunum og EB-réttinum sem liggur til grundvallar EES-samningnum. Nokkrar aðrar breytingar á hlutafélagalögunum breyta ekki þessari niðurstöðu.

Grundvöllur lagafrumvarpa.

Endurskoðun laganna um hlutafélög byggir á þeim gerðum EB sem sérstaklega verður fjallað um hér á eftir nema hvað 12. félagaréttartilskipun EB tekur aðeins til einkahlutafélaga og reglugerðin um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög er sérstaks eðlis. Endurskoðun bókhalds- og endurskoðunarákvæða laganna á grundvelli bókhaldstilskipana EB, sem teljast til félagaréttarákvæða EES-samningsins, hefur farið fram í fjármálaráðuneytinu. Þess er sérstaklega getið á hvaða gerðum einstakar breytingar í frumvarpinu eru byggðar. Einhverjar greinar gildandi hlutafélagalaga kunna að vera í samræmi við ákvæði gerðanna og því ekki þörf sérstakra breytinga á þeim. Til hægðarauka var við breytingar á grundvelli gerðanna stuðst við dönsku lögin um hlutafélög eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992. Sumar breytingar eiga þó rætur sínar að rekja til dönsku laganna án þess að þær byggist á EB-reglum. Nokkrar aðrar breytingar er einnig að finna í frumvarpinu, flestar þó minni háttar tæknilegar breytingar.

Félagaréttarákvæði EES-samningsins.

Ein af meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér rétt til að stofnsetja og reka félög eða fyrirtæki í svæðisríkjum með sama rétti og landsmenn þar, sbr. 31. og 34. gr. samningsins. Í 77. gr. samningsins, sem fjallar um félagarétt, segir aðeins að XXII. viðauki við samninginn geymi sérstök ákvæði um félagaréttinn. Í viðaukanum er að finna upptalningu á níu tilskipunum, með áorðnum breytingum, og einni reglugerð.

Framangreindum tilskipunum má skipta í nokkra flokka: 1) um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög og einkahlutafélög, 2) um samruna og skiptingu hlutafélaga, 3) um ársreikninga félaga og því um líkt og 4) um einkahlutafélög eins aðila.

Í 1. tilskipuninni um verndarráðstafanir, sem snerta stór félög, hlutafélög, og smá félög, einkahlutafélög, er m.a. fjallað um aðgang að ársreikningum en í 2. tilskipuninni um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög er m.a. að finna ákvæði um stofnun þeirra og hlutafé. Ákvæði 3. tilskipunarinnar taka til samruna hlutafélaga en ákvæði 6. tilskipunarinnar til skiptingar slíkra félaga. Um bókhaldstilskipanirnar fjórar má segja að 4. tilskipunin fjalli um ársreikninga hlutafélaga, einkahlutafélaga og jafnvel fleiri félaga, m.a. aðgang að ársreikningum, 7. tilskipunin um samstæðureikninga, 8. tilskipunin um samþykki á endurskoðendum og 11. tilskipunin um reikninga útibúa erlendra félaga. Ákvæði 12. tilskipunarinnar fjalla um einkahlutafélög eins aðila.

Sérstök nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins hefur samið frumvarp til laga um bókhald og frumvarp til laga um ársreikninga með hliðsjón af bókhaldstilskipununum. Gerð verður þó stutt grein fyrir efni þeirra hér á eftir til yfirlits.

Allar taka tilskipanirnar til hlutafélaga og eignarhlutafélaga nema hvað 2. tilskipunin um lágmarksfjárhæð hlutafjár o.fl., 3. tilskipunin um samruna hlutafélaga og 6. tilskipunin um skiptingu hlutafélaga taka aðeins til hlutafélaga og 12. tilskipunin um einkahlutafélög eins aðila tekur aðeins til einkahlutafélaga.

Tilskipanirnar miða að því að samræma réttarreglur ríkja á sviði félagaréttar. Áberandi er sú viðleitni að samræma reglur um vernd hluthafa og lánardrottna og auka vernd þeim til handa en slíkt er talið skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Samræming félagaréttarreglna, sem tekur tillit til nútímalegrar þróunar félagaréttar í Evrópu, hefur ýmsa aðra kosti. Meðal annars verður stofnsetning og rekstur hinna ýmsu tegunda félaga annars staðar en í heimalandi auðveldari en nú er vegna svipaðra reglna sem ætla má að flestir þekki er slíkan rekstur stunda.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið, sem stofna má t.d. um sameiginleg innkaup á hráefnum, miða að því að skapa nýtt form félagsskapar er aukið geti samvinnu aðila í mismunandi ríkjum.

Athugun á framangreindum heimildum EB-réttar hefur leitt í ljós að efnisreglur um hlutafélög virðast þar almennt séð nokkuð svipaðar og í íslensku hlutafélagalögunum en uppsetning og útfærsla EB-reglnanna er mismunandi og EB-reglurnar almennt miklu ítarlegri. Ef aðlaga á hlutafélagalöggjöfina og skylda löggjöf að EB-réttinum virðast ekki vera fyrir hendi óyfirstíganlegir erfiðleikar. Hins vegar hefur slíkt kostað talsverða vinnu þar eð margar breytingar þarf að gera. Meðal annars vegna ákvæða 2. tilskipunarinnar um að lágmarkshlutafé í hlutafélögum skuli eigi vera lægra en sem svarar 25.000 evrópskum mynteiningum (2,1 milljón krónum á gengi 9. september 1994) er talið rétt að stefna, eins og áður segir, að setningu tvennra laga hér á landi um hlutafélög, annars vegar um stærri félög, hlutafélög, og hins vegar um minni félög, einkahlutafélög, þar sem lágmarkshlutafé er ekki ákveðið í EB-reglum. Í gildandi lögum um hlutafélög hér á landi er lágmarkshlutafé aðeins 400.000 krónur.

Að því er varðar 3. tilskipunina má nefna að þar eru miklu ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna hlutafélaga en í íslensku hlutafélagalögunum og ákvæði 6. tilskipunarinnar um skiptingu slíkra félaga eiga sér ekki samsvörun í íslensku löggjöfinni.

Í 4. tilskipuninni um ársreikninga er aðeins gert ráð fyrir verðbólgureikningsskilum sem undantekningu. Hefðbundin kostnaðarreikningsskil eru aðalreglan.

Nefna má að í 4. tilskipuninni, sbr. 1. tilskipunina, eru gerðar nokkuð strangari kröfur hjá EB en hér á landi til félaga, m.a. að því leyti að félög geta ekki komist hjá því að birta hagnaðartölur. Eru þó reglur tilskipunarinnar um sumt vægari fyrir lítil félög en stór.

Loks má vekja athygli á því í tengslum við 4. tilskipunina sem er aðalheimildin meðal bókhaldstilskipananna að hún tekur til fleiri félaga en hlutafélaga og einkahlutafélaga. Kunnáttumenn hér á landi telja þó að nauðsynlegt sé að samræma fá og ófullkomin ákvæði laga um ársreikninga annarra félaga og þá til samræmis við reglurnar um ársreikninga hlutafélaganna. Endurskoða þarf löggjöfina af þessum sökum.

Ákvæði 7. tilskipunarinnar um samstæðureikninga eru miklu ítarlegri og fullkomnari en ákvæðin í hlutafélagalögum. Er talin þörf á skýrari reglum hér á landi. Virðast ákvæði tilskipunarinnar þá koma vel til greina.

Ákvæði 8. tilskipunarinnar um samþykki endurskoðenda eru ekki talin kalla á endurskoðun íslenskra lagaákvæða varðandi löggilta endurskoðendur né breytingar á menntun þeirra.

Engin lagaákvæði eru til á Íslandi, sambærileg þeim sem finna má í 11. tilskipuninni um reikninga útibúa erlendra félaga, og kallar slíkt á setningu lagaákvæða á Íslandi.

Í íslensku hlutafélagalögunum er ekki gert ráð fyrir því að um hlutafélög eins aðila geti verið að ræða. Skortir því lagaákvæði á sviði 12. tilskipunarinnar um eignarhlutafélög eins aðila. Ákvæði tilskipunarinnar virðast þó ekki valda sérstökum erfiðleikum, sérstaklega þegar þess er gætt hversu hátt lágmarkshlutafé til stofnunar hlutafélaga þarf að vera skv. 2. tilskipuninni. Í frumvarpi til laga um einkahlutafélög er tekið mið af tilskipuninni.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið virðast ekki fela í sér sérstök vandamál en festa þarf ákvæði hennar í lög.

Ýmsar tillögur EB á sviði félagaréttar kunna að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni. Á þær reynir þó ekki í frumvörpum hér á landi nú nema með vissum hætti tillögu um yfirtökutilboð til verndar minni hluta í hlutafélögum þannig að skylt sé við vissar kringumstæður að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 13. tilskipuninni um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð. Í íslenskri hlutafélagalöggjöf eru fá ákvæði sem tengjast þessu svo sem nánar verður rakið síðar. Þriðjungsreglan skv. 4. gr. draga þessara fjallar um skyldu aðila, sem eignast bréf í hlutafélagi er veita honum yfir þriðjung af heildaratkvæðisrétti í félaginu, til að gera tilboð í öll eftirstandandi bréf í félaginu. Getur reglan fræðilega séð valdið einhverjum vandkvæðum. Hins vegar ættu ekki að vera sérstök vandamál í framkvæmdinni vegna almennrar undanþáguheimildar í 5. gr. draganna sem virðist ná til svo að segja allra íslenskra félaga, smárra á evrópskan mælikvarða, svo og frekari undanþágumöguleika skv. 4. gr. draganna í tengslum við sérstaka eftirlitsstofnun með tilliti til yfirtöku. Ný lagaákvæði mundi þurfa hér á landi til að hrinda ákvæðum þessum í framkvæmd og tilnefna þyrfti eftirlitsaðila. Ákvæði tillögunnar kunna að taka stakkaskiptum og er því gert ráð fyrir sérstakri tilhögun í frumvarpi þessu með hliðsjón af ályktun Alþingis frá 19. mars 1992.

Þá liggja fyrir í EB drög að reglugerð um Evrópufélagið svokallaða, sem yrði hlutafélag, til að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum, stofnun eignarhaldsfélaga og sameiginlegra útibúa, svo og í tengslum við fyrirhugaða reglugerð drög að tilskipun er geymir ákvæði um atvinnulýðræði. Um þann rétt hefur verið mikill ágreiningur í EB og hefur hann komið í veg fyrir samþykkt draga að tveimur tilskipunum, 5. og

10. félagaréttartilskipuninni. Í drögunum um Evrópufélagið hafa ákvæðin verið slípuð til. Þar eru ýmsir valmöguleikar fyrir hendi varðandi form atvinnulýðræðisins, þátttöku launþega í rekstri fyrirtækja sem íslensk löggjöf hefur geymt svo til engin ákvæði um. Er erfitt að ímynda sér að Ísland geti ekki valið einn af þeim möguleikum sem í boði eru ef önnur EFTA-ríki, svo og EB-ríkin, geta það.

Um þrjár meginleiðir er að ræða í drögunum varðandi form atvinnulýðræðisins. Í fyrsta lagi er um að ræða þýska reglu er gerir ráð fyrir því að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstöku starfsmannaráði en reglur um kosningu eða skipun fulltrúa í það yrðu í samþykktum félags og yrði um þetta haft samráð við fulltrúa starfsmannanna í samræmi við lög eða venjur aðildarríkjanna. Í þriðja lagi yrði um að ræða samkomulag milli stjórnar fyrirtækis (eða stjórnar og yfirstjórnar) annars vegar og starfsmanna eða fulltrúa þeirra hins vegar. Í öllum þessum þremur mismunandi þátttökukerfum er byggt á því að starfsmenn geti fylgst með meginþáttum í rekstri fyrirtækisins með fundum á a.m.k. þriggja mánaða fresti og sérstaklega þarf að upplýsa þá og hafa samráð við þá um meiri háttar ákvarðanir sem snerta fyrirtæki, m.a. lokun fyrirtækis ellegar flutning þess eða mikilvægs hluta þess. Enn er gert ráð fyrir því að Evrópufélagið megi aðeins stofna í aðildarríkjum EB.

Að því er varðar drög að 5. tilskipuninni um skipulag hlutafélaga o.fl. má taka fram að reglur um eins þátts stjórnkerfi (stjórn í stað stjórnar og yfirstjórnar) eru flóknari en hér á landi samkvæmt hlutafélagalögunum. Strangari reglur eru einnig um það að á hlutafélagafundum séu teknar til meðferðar ályktanir um mál sem voru ekki á dagskrá fundarins. Ekki virðist vera um meiri háttar vandamál að ræða fyrir okkur hér. Um atvinnulýðræði vísast til þess sem sagt hefur verið um Evrópufélagið.

Að því er snertir drög að 10. tilskipuninni um samruna hlutafélaga þvert á landamæri skal fyrst vísað til ákvarðana í tengslum við Evrópufélagið varðandi atvinnulýðræði. Ákvæði draganna virðast ekki valda miklum vanda hér á landi.

Komnar eru fram tillögur í EB um gerðir varðandi evrópsk samtök, evrópskt samvinnufélag og evrópskt gagnkvæmt félag.

Almennur aðlögunartími til að samræma félagarétt EES-ríkja, sem eru ekki í EB, tilskipununum níu, með áorðnum breytingum, og reglugerðinni rennur út tveimur árum eftir gildistöku EES-samningsins. Almennt er þó gengið út frá að ríkin hafi breytt löggjöf sinni fyrir árslok 1994. Hér á landi er gert ráð fyrir að framkvæmd þeirra ákvæða laganna um hlutafélög, er snerta skráningu hlutafélaga samkvæmt breyttum lögum og umskráningu hlutafélaga í eignarhlutafélög, ljúki í árslok 1995.

Upptalning á félagaréttargerðunum.

Félagaréttargerðirnar heita nánar tiltekið (númer gerða og breytinga á þeim innan sviga):

Fyrsta tilskipun ráðsins frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.

(68/0151/EBE).

Önnur tilskipun ráðsins frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar hlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.
(77/0091/EBE (92/101/EBE)).

Þriðja tilskipun ráðsins frá 9. október 1978 um samruna hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(78/0855/EBE).

Fjórða tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(78/0660/EBE (83/349/EBE, 89/666/EBE, 90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Sjötta tilskipun ráðsins frá 17. desember 1982 um skiptingu hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(82/0891/EBE).

Sjöunda tilskipun ráðsins frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(83/0394/EBE (90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Áttunda tilskipun ráðsins frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmæta endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(84/0253/EBE).

Ellefta tilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum tegundum félaga er lög annars ríkis taka til.
(89/0666/EBE).

Tólfta félagaréttartilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um einkahlutafélög eins aðila.
(89/0667/EBE).

Reglugerð ráðsins frá 25. júlí 1985 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.
(2137/85/EBE).

Helstu breytingar á lögunum um hlutafélög.

Hér á eftir verða nefndar nokkrar helstu breytingar á gildandi lögum um hlutafélög ef frumvarp þetta verður samþykkt (kaflafyrirsagnir laganna). Eins og áður segir leiðir flestar breytingarnar af ákvæðum framangreindra tilskipana en þó ekki allar.

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. Lágmarkshlutafé þeirra hlutafélaga, sem verða áfram hlutafélög en eru ekki umskráð sem einkahlutafélög, svo og nýrra hlutafélaga, tífaldast, skal vera minnst fjórar milljónir króna í stað 400.000 kr. (3. mgr. 1. gr. hfl.).

2. Upplýsingaskylda á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum er aukin (ný 5. mgr. 1. gr. hfl.).

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

3. Búsetuskilyrði á Íslandi gagnvart stofnendum, sem eru ríkisborgarar í og búsettir í EES-ríkjum, er fellt niður (3. gr. hfl.).

4. Mælt er fyrir um sérfræðiskýrslu, m.a. vegna móttöku félags á verðmætum í öðru en reiðufé í tengslum við stofnun félags (5. gr. a–c í hfl.).

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

5. Greiða skal hlutafé að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu í stað þriggja ára (15. gr. hfl.).

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

6. Bann er lagt við hömlum á viðskipti með hluti ef hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri nú (18. gr. hfl.).

7. Innlausnarskylda og innlausnarréttur þegar aðili á meira en 9/10 hlutafjár í hlutafélagi í stað þess að binda skylduna og réttinn við eign móðurfélags á slíkum hlut í dótturfélagi (20. gr. a–c í hfl.).

V. kafli. Hækkun hlutafjár.

8. Möguleiki er veittur á útgáfu áskriftarréttinda til að afla viðbótarfjár en þau gefa rétt til áskriftar að hlutum við hlutafjárhækkun síðar (38. gr. a og b í hfl. auk 3. mgr. 34. gr. hfl.).

VIII. kafli. Eigin hlutabréf.

9. Ítarlegri ákvæði eru sett um eigin hluti (46. og 46. gr. a–f í hfl.) sem miða að takmörkunum á öflun og meðferð þeirra.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

10. Gerðar eru kröfur um þrjá menn hið fæsta í stjórn allra hlutafélaga, en ekki allt niður í einn, enda er gert ráð fyrir að stærri félög velji það félagaform (1. mgr. 47. gr. hfl.).

11. Aukinn er réttur minni hluta til að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna félagsins, þ.e. þeir hafa réttinn er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins í félögum þar sem hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri (4. mgr. 47. gr. hfl.). Þá eru kosningareglur skýrðar í 47. og 48. gr. hfl.

12. Í félögum án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við (48. gr. hfl.).

13. Skylt er að hafa einn til þrjá framkvæmdastjóra í hlutafélögum nema kveðið sé á um fleiri í samþykktum (ný 1. mgr. 49. gr. hfl.).

14. Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu (ný 2. mgr. 49. gr. hfl.).

15. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum er óheimilt eftir ítrekuð gjaldþrot síðustu þrjú árin að verða stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum í sams konar eða svipuðum rekstri næstu þrjú árin (1. mgr. 50. gr. hfl.).

16. Skilyrði um búsetu framkvæmdastjóra og minnst helmings stjórnarmanna á Íslandi gildir ekki fyrir ríkisborgara EES-ríkja sem búsettir eru í EES-ríkjum (2. mgr. 50. gr. hfl., sbr. 4. gr. l. 121/1993).

17. Upplýsingaskylda móðurfélags gagnvart dótturfélagi er aukin (2. mgr. 53. gr. hfl.).

18. Skýrt ákvæði um skyldu formanns til að boða alla stjórnarmenn á fund (2. mgr. 54. gr. hfl.) og stjórn setji sér starfsreglur (ný 4. mgr. 54. gr. hfl.).

X. kafli. Hluthafafundir.

19. Hlutir án atkvæðisréttar eru heimilaðir (2. málsl. 1. mgr. 65. gr. hfl., sbr. og 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. hfl.).

20. Stjórn félags er skylt að gera vissar ráðstafanir þegar eigið fé samkvæmt bókum hlutafélags er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé félagsins (67. gr. hfl.).

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

21. Heimild til að slaka á kröfum um heimilisfesti endurskoðenda (1. mgr. 81. gr. hfl.).

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

22. Minni háttar breytingar varðandi ársreikninga til samræmis við lögin um samvinnufélög (XII. kafli hfl.).

23. Almenn skilaskylda á ársreikningum til hlutafélagaskrár og almennur aðgangur að reikningunum. Frestur til að skila reikningunum er styttur (105. gr. hfl.).

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

24. Skorður við lánum eða tryggingum af hálfu hlutafélaga til handa hluthöfum og fleirum, að undanskildum venjulegum viðskiptalánum (112. gr. hfl.).

XIV. kafli. Félagsslit.

25. Afskráning hlutafélagaskrár á hlutafélögum með einföldum hætti, m.a. á þeim félögum sem eru án stjórnar (115. gr. a í hfl.).

XV. kafli. Samruni hlutafélaga.

26. Mun ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna (XV. kafli hfl.).

27. Yfirlýsing matsmanna um það að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu (126. gr. g í hfl.).

28. Ákvæði um breytingu hlutafélags í einkahlutafélag (ný 128. gr. hfl.).

29. Ákvæði um skiptingu hlutafélaga (ný 129. gr. hfl.).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.

30. Tekin upp bótaskylda hluthafa gagnvart félaginu og fleirum (132. gr. hfl.).

31. Frestir til að höfða skaðabótamál eru almennt styttir úr þremur árum í tvö ár (134. gr. hfl.).

XVII. kafli. Erlend hlutafélög.

32. Hlutafélög í EES-ríkjum eiga skýlausan rétt á að fá skráð útibú hér á landi mæli lög ekki fyrir um annað (135. gr. hfl.).

33. Útibússtjórar, sem eru ríkisborgarar í og jafnframt búsettir í EES-ríki, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar fremur en framkvæmdastjórar íslenskra hlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög (138. gr. hfl.).

34. Tilkynningarskylda útibús til hlutafélagaskrár aukin (141. gr. hfl.).

35. Útibússtjóri ber einnig ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess (144. gr. hfl.).

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.

36. Að hlutafélagaskrá annist skráningu hlutafélaga og einstök verkefni í því sambandi í stað ráðherra verður algild regla eins og verið hefur í reyndinni (145. gr. hfl. og fleiri greinar).

37. Skylda til að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá í stað heimildar til að veita slíkan aðgang að skránni (145. gr. hfl.).

XIX. kafli. Refsingar o.fl.

38. Bætt við refsiákvæði vegna brota á ákvæðum laganna um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (151. gr. hfl.).

Mismunandi reglur um hlutafélög og einkahlutafélög.

Gert er ráð fyrir að um margt verði samsvarandi reglur í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Þótt greinafjöldi í lögunum um einkahlutafélög verði svipaður og í hlutafélagalögunum verður margt þó mun auðveldara viðfangs í einkahlutafélögunum. T. d. þarf ekki að halda aðalfundi eða aðra hluthafafundi í einkahlutafélögum eins aðila. Þá getur einn maður (eða tveir) setið í stjórn einkahlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en þrír minnst skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélaga.

Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum þar sem reglur eru mismunandi. Kaflafyrirsagnir eru miðaðar við hlutafélagalögin svo sem gert er ráð fyrir að þeim verði breytt.

I. kafli. Almenn ákvæði.

Lágmarksfjárhæð hlutafjár verður miklu lægri í einkahlutafélögum (500 þúsund kr.) en hlutafélögum (4 milljónir kr.). Skilur þetta atriði einna skýrast á milli þessara tveggja tegunda félaga.

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

Einn aðili getur stofnað einkahlutafélag en tveir stofnendur hið fæsta skulu vera í hlutafélögum. Í einkahlutafélögum er ekki gert ráð fyrir því að fleiri en stofnendur skrái sig fyrir hlutum og því ekki almennri þátttöku, t.d. á grundvelli útboða. Í lögum um einkahlutafélög eru gerðar nokkru vægari kröfur varðandi móttöku verðmæta í tengslum við stofnun slíkra félaga en gert er í hlutafélagalögum um hlutafélög. Þá er frestur til að tilkynna einkahlutafélög til skráningar mun styttri en í hlutafélagalögum. Loks eru ekki ákvæði um áskrift í tengslum við stofnun félags í lögunum um einkahlutafélög.

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

Í einkahlutafélögum skal greiða hlutafé fyrir skráningu.

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

Um einn hluthafa getur verið að ræða minnst í einkahlutafélögum en tveir eru lágmark í hlutafélögum. Í einkahlutafélögum má leggja hömlur á viðskipti með hluti þótt hluthafar séu 200 eða fleiri en slíkar hömlur má ekki leggja á í hlutafélögum þar sem svo er ástatt. Ekki er gert ráð fyrir hlutabréfum í einkahlutafélögum eins og í hlutafélögum heldur yrði hlutaskrá aðalheimild um eignaraðild og vottorð gefin út í því sambandi. Þó má gefa út hlutaskírteini í einkahlutafélögum en þau yrðu ekki, fremur en vottorð úr hlutaskrá, viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt.

V. kafli. Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.
Í lögum um einkahlutafélög er gert ráð fyrir fáum ákvæðum um áskrift vegna hækkunar hlutafjár enda ekki gert þar ráð fyrir hækkun hlutafjár á grundvelli almenns útboðs. Þá er þar ekki gert ráð fyrir nýmæli um áskriftarréttindi eins og í hlutafélagalögum.

VI. kafli. Lántaka með sérstökum skilyrðum.
Í aðaldráttum er gert ráð fyrir samsvarandi reglum um einkahlutafélög og hlutafélög.

VII. kafli. Lækkun hlutafjár.
Í meginatriðum verða sömu reglur um einkahlutafélög og hlutafélög.

VIII. kafli. Eigin hlutir.
Ákvæði hlutafélagalaganna verða mun ítarlegri.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.
Í einkahlutafélögum er auk meirihlutakosningar aðeins gefinn kostur á hlutfallskosningu en ekki margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Einn eða tveir menn geta setið í stjórn einkahlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en minnst þrír skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélags. Í einkahlutafélögum eru einnig gerðar vægari kröfur þannig að í eins manns stjórn í þeim félögum getur stjórnarmaðurinn jafnframt verið framkvæmdastjóri. Fleiri sérákvæði eru varðandi eins manns stjórn í einkahlutafélögum þar sem stjórnandi getur tekið ákvarðanir án þess að halda stjórnarfundi. Í þeim félögum er ekki talin þörf á ákvæðum um fulltrúanefnd.

X. kafli. Hluthafafundir.
Í einkahlutafélögum eins aðila kemur hluthafinn í stað hluthafafunda. Þarf því ekki að halda hluthafafundi, þar á meðal aðalfundi, í þessum félögum. Ákvarðanataka verður því einfaldari en í hlutafélögum. Unnt er að falla frá formreglum varðandi boðun til hluthafafunda í einkahlutafélögum að vissum skilyrðum uppfylltum.

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.
Samsvörun er á milli reglna um einkahlutafélög og hlutafélög. Endurskoðun bókhaldslöggjafar, sem undirbúin hefur verið í fjármálaráðuneytinu, kann að leiða til breytinga á ákvæðum laganna.

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.
Í einkahlutafélögum er gert ráð fyrir vægari kröfum varðandi skýrslu stjórnar og skil á óstyttum ársreikningum til hlutafélagaskrár en í hlutafélögum er gert ráð fyrir því að ætíð skuli senda skránni óstyttan ársreikning nema undantekning sé gerð þar frá. Endurskoðunarstarf fjármálaráðuneytisins vegna bókhaldslöggjafarinnar kann að leiða til breytinga á lögunum.

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.
Ákvæði um einkahlutafélög og hlutafélög samsvara hvor öðrum.

XIV. kafli. Félagsslit.

Félagsslitaástæður verða færri í lögum um einkahlutafélög en lögum um hlutafélög vegna mismunandi reglna í lögum. Það verða ekki félagsslitaástæður í einkahlutafélagalögunum að hluthafar í þeim félögum verði færri en tveir eða félögin hafi ekki framkvæmdastjóra. Þá þarf að halda hluthafafund í einkahlutafélagi ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en skráð hlutafé þess en í hlutafélagalögum er miðað við að eigið fé sé orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé.

XV. kafli. Samruni, breyting hlutafélags í einkahlutafélag og skipting.

Í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir sérstökum matsmönnum í tengslum við skýrslu um samrunaáætlun en í einkahlutafélagalögunum endurskoðanda. Þá eru ákvæði um skiptingu félaga ekki tekin upp í einkahlutafélagalög. Í lögum um eignarhlutafélög geta hluthafar, sem eiga 25% eða meira af hlutafénu, gert þá kröfu að samþykki hluthafafundar en ekki stjórnar þurfi til samruna í yfirtökufélagi (5% í hlutafélagalögunum).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.

Gert er ráð fyrir samsvarandi reglum um skaðabætur o.fl. í lögunum um hlutafélög og lögunum um einkahlutafélög.

XVII. kafli. Útibú erlendra hlutafélaga.

Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús þegar um einkahlutafélög er að ræða.

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.

Ákvæðin um birtingu í Lögbirtingablaði eru ekki eins ítarleg varðandi einkahlutafélög og hlutafélög.

XIX. kafli. Refsingar o.fl.

Færri refsiákvæði verða í lögum um einkahlutafélög en lögum um hlutafélög vegna ráðgerðs mismunar á lögunum um félögin.

XX. kafli. Gildistaka laganna o.fl.

Gert er ráð fyrir að í lögum um einkahlutafélög verði sérákvæði um samlagshlutafélög. Ákvæði þessa kafla þarfnast að öðru leyti ekki skýringar hér.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

A-liður. Liður þessi byggir á 3. mgr. 1. gr. gildandi laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum (hfl.). Helstu breytingar eru þær að lágmarksfjárhæð hlutafjár hækkar mjög þar eð hlutafélagalögunum er nú ætlað að ná til stærri tegundar hlutafélaga.

Af 6. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB-ráðsins frá 13. desember 1976 (77/91/EBE), með síðari breytingum, sem er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, leiðir að lágmarkshlutafé í hlutafélögum (public limited liability companies) skal sem meginregla ekki vera undir 25.000 evrópskum mynteiningum (ECU). Á sölugengi 9. september 1994 (1 ECU er 83,72 kr.) jafngildir það 2,1 milljón kr. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. hfl. þurfa að taka mið af þessu. Hlutafé er þó hærra samkvæmt frumvarpinu og skal vera

minnst fjórar milljónir króna. Síðan skal unnt með reglugerð að breyta lágmarkinu með hliðsjón af breytilegu gengi Evrópumyntar. Til samanburðar má nefna að lágmarkið í dönsku lögunum um hlutafélög (aktieselskaper) er einnig rúmt miðað við ofangreinda tilskipun, 500.000 danskar kr. (um 5,5 m. ísl. kr.). Í norsku lagafrumvarpi er lágmarkið enn hærra, ein milljón norskra kr. (tæplega 10 m. ísl. kr.).

Samkvæmt hfl. hefur lágmarkshlutafé vegna stofnunar allra hlutafélaga verið 400.000 kr. Er því að formi til um mikla hækkun, tíföldun, að ræða á lágmarkshlutafé hlutafélaga og þykja ekki rök fyrir því að ganga lengra í frumvarpi þessu. Í þessu sambandi má benda á að lágmarkshlutafé í flestum nýskráðum hlutafélögum hefur að undanförnu verið innan við eina milljón króna. Í reynd getur hlutafé þeirra félaga hér á landi, sem stefnt hafa að miklum umsvifum, þó verið yfir þessari fjárhæð. Þau hlutafélög, sem vilja vera skráð sem hlutafélög eftir breytingar á lögunum um hlutafélög með frumvarpi þessu og hafa lægra hlutafé en fjórar milljónir króna, þyrftu að uppfylla nýju kröfuna um lágmarkshlutafé, sbr. 6. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar með gagnályktun frá 2. mgr. 43. gr. tilskipunarinnar. Ella yrði að skrá þau sem einkahlutafélög, sbr. ákvæði til bráðabirgða I, en í þeim félögum verður lágmarkið svipað og nú er.

B-liður. Þessi liður tekur mið af 4. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB, sbr. 6. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB. Þar kemur m.a. fram að viðkomandi upplýsingar þurfi að vera á eyðublöðum fyrir pantanir.

Um 2. gr.

Breyta þarf skilgreiningu á samstæðu með tilliti til þess að gert verður ráð fyrir tveimur aðaltegundum hlutafélaga hér á landi í framtíðinni í stað einnar tegundar.

Um 3. gr.

A-liður. Hér er veitt heimild til að nota jöfnum höndum orðið stofnsamningur eða stofnskrá. Er þá haft í huga ákvæði frumvarps til laga um einkahlutafélög sem taka mun til smærri hlutafélaga. Slík félög má einn aðili stofna og getur þá verið rökréttara að nota orðið stofnskrá en stofnsamningur. Orðið stofnskrá gæti haldið sér ef einkahlutafélagið yrði síðar gert að hlutafélagi með þátttöku margra aðila.

B-liður. Þar eð stofnendur hafa frá 1. mars 1990 aðeins þurft að vera tveir verður að lagfæra seinni málslið 2. mgr. 3. gr. hfl. þar sem kveðið var á um að heimilisfesti meiri hluta stofnenda hér á landi skyldi vera minnst eitt ár. Ekki þykir lengur ástæða til að gera kröfu um eins árs búsetu stofnenda. Slíkt getur m.a. valdið erfiðleikum þegar Íslendingar flytjast búferlum heim. Ákvæðið um heimilisfestina er efnislega sniðið eftir dönsku hlutafélagalögunum sem gerðu ráð fyrir heimild ráðherra, en nú atvinnu- og félagaskrárinnar, til að veita undanþágu.

C-liður. Rétt þykir með tilliti til þróunarinnar í Evrópu að hafa skýra undanþáguheimild þannig að t.d. hlutafélag, sem skráð væri á einhverju hinna Norðurlandanna, geti verið meðal stofnenda hlutafélaga hér á landi.

D-liður. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. hfl. verður efnislega óbreytt nema hvað því er bætt við að stofnandi megi ekki hafa farið fram á greiðslustöðvun. Það er í samræmi við dönsku hlutafélagalögin. Að jöfnu er lagt að stofnandi sé í greiðslustöðvun.

Um 4. gr.

Fyrirhuguð ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. hfl. um deili á stofnendum leiðir af i-lið 3. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Í 5. tölul. eru síðan tekin upp ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. hfl. með viðbót um tilgreiningu áætlaðs kostnaðar við stofnun félags, sbr. j-lið 3. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins mæla loks fyrir um að í fyrstu ársskýrslu skuli gerð grein fyrir raunverulegum kostnaði við stofnunina.

Um 5. gr.

A-liður. Hér er gert ráð fyrir niðurfellingu á 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. hfl. enda er lagt til að sá töluliður sé tekinn upp með breytingum sem 5. tölul. 4. gr. laganna.

B-liður. Hér er númerum töluliða breytt. Efni ákvæðisins er í samræmi við k-lið 3. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og þarfnast ekki skýringar.

C-liður. Uppsetningu er breytt og bætt er við kröfu um kennitölu.

D-liður. Meginefni b-liðar 2. mgr. 5. gr. hfl. er fært í nýja grein hfl., 5. gr. a.

E-liður. Gert er ráð fyrir að felldur verði niður c-liður 2. mgr. hfl. um hámark stofnkostnaðar. Tekið yrði á stofnkostnaði annars staðar og ekki þykir ástæða til að kveða á um hámark slíks kostnaðar.

F-liður. Gert er ráð fyrir að uppfyllt verði ákvæði 7. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Athyglisvert er að greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé má ekki felast í samningi um að framkvæma verk eða veita þjónustu. Síðasti málsliður hefur breyst frá síðasta frumvarpi. Verðmeta yrði kröfur á hendur stofnendum eða þeim sem skráð hafa sig fyrir hlutum. Samsvarandi heimild er ekki fyrir hendi í dönsku hlutafélagalögunum.

G-liður. Efni 3. mgr. 5. gr. hfl. verður í megindráttum í nýrri grein hfl., 5. gr. a.

H-liður. Hér er gert ráð fyrir því að ákvæðið um að vissir samningar, sem ekki er getið í stofnsamningi, séu ógildir, sbr. 4. mgr. 5. gr. hfl., taki ekki einungis til samninga um yfirtöku eða kaup fyrirtækja heldur líka annarra atriða. Þetta er í samræmi við dönsk hlutafélagalög.

Um 6. gr.

Vegna ákvæða 10.–11. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB varðandi m. a. greiðslur hlut-hafa í öðru en reiðufé er gert ráð fyrir þremur nýjum greinum í hlutafélagalögum, 5. gr. a–c, til að vernda betur hagsmuni hluthafa og lánardrottna. Sérstök hliðsjón er þá höfð af dönsku hlutafélagalögunum. Að nokkru leyti er efni þessara greina þó að finna í 5. gr. hfl.

Í 5. gr. a er kveðið á um skýrslu sérfræðinga (matsgerð) varðandi greiðslu til félagsins með öðrum verðmætum en reiðufé. Í 4. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar eru gerðar ákveðnar lágmarkskröfur varðandi verðmætið. Meginatriði b-liðar 2. mgr. 5. gr. hfl. eru tekin upp í töluliðinn. Þá er 3. mgr. 5. gr. hfl. varðandi kaup á fyrirtæki í rekstri í megindráttum tekin upp í 2. mgr. 5. gr. a.

Um 7. gr.

Á grundvelli 1. mgr. 10. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB er áskilið að aðilar þeir sem skýrslu gera séu óháðir og sérfróðir. Hér getur t.d. verið um að ræða löggilta endurskoðendur. Að öðru leyti þarfnast 5. gr. b ekki skýringar hér.

Um 8. gr.

Ákvæði 5. gr. c leiðir af 11. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Tekur ákvæðið til öflunar verðmæta á fyrsta ári eftir gerð stofnsamnings enda séu verðmætin a.m.k. 1/10 hlutafjárins. Skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, m.a. gera skýrslu um öflun verðmætanna og hluthafafundur samþykkja ráðstöfunina. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta leiðir af d-lið 2. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 10. gr.

A-liður. Þetta ákvæði þarfnast ekki skýringar.

B-liður. Hlutafélagaskrá hefur séð um skráningu hlutafélaga í umboði ráðherra. Eðlilegt er að mótmælum þeim sem hér um ræðir sé komið beint á framfæri við hlutafélagaskrá.

Um 11. gr.

Vegna fyrirhugaðra breytinga með frumvarpi þessu þykir texti sá sem tillaga er gerð um hér nákvæmari.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um að greiðsla hlutar megi ekki nema minna en nafnverði hans eins og er í dönsku hlutafélagalögunum. Felld eru niður orðin „að frádreginni sannanlegri söluþóknun allt að 10%".

Um 13. gr.

A-liður. Þar eð vextir einstakra banka og sparisjóða af innstæðum á almennum sparisjóðsreikningum, þar sem fé er ekki bundið, eru hinir sömu um land allt þykir ekki rétt að miða við hæstu vexti „þar sem félagið á heimili". Seðlabanki Íslands birtir mánaðarlega yfirlit yfir vexti þá sem hér um ræðir.

B-liður. Breyting þessi tekur mið af breytingum á réttarfarslöggjöf hér á landi.

Um 14. gr.

A-liður. Hér er gert ráð fyrir því að aðili greiði hlut, sem hann hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu félagsins í stað þriggja ára. Í danskri hlutafélagalöggjöf hefur fresturinn nýlega verið felldur niður en þar var hann eitt ár. Þykir þriggja ára tími of langur hér á landi. Í þessu sambandi skal tekið fram að unnt kann að vera að greiða skuld með viðskiptabréfi ef skilyrði um greiðslu í öðru en reiðufé eru uppfyllt.

B-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

A-liður. Frestur til að greiða hluti vegna hækkunar hlutafjár er styttur úr þremur árum í eitt ár í samræmi við ákvæði frumvarpsins um greiðslu hluta sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags.

B-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

A-liður. Hér er leiðrétt tilvísun í greinarnúmer.

B-liður. Í þessum lið er heimilað að gefin séu út hlutabréf án atkvæðisréttar, sbr. 62. gr. frumvarpsins. Er þetta nýmæli því að samkvæmt gildandi lögum skal hverjum hlut fylgja atkvæðisréttur. Að vísu er nú heimilt að gefa út hlutabréf með aðeins 10% atkvæðisrétti á við almenn hlutabréf. Hlutabréf án atkvæðisréttar eru mjög vinsæl víða í viðskiptalöndum okkar, t.d. í Frakklandi, á Ítalíu og í Þýskalandi, auk þess sem Norðmenn hyggjast gefa kost á þessu og Danir gefa þegar færi á slíku í lögum um einkahlutafélög. Gefst félögum færi á að afla fjár án þess að slíkt hafi áhrif á atkvæðahlutföll milli gamalla og nýrra eigenda auk þess sem almenningi gefst kostur á að kaupa slík bréf til ávöxtunar sem er oft aðalmarkmiðið með kaupum á hlutunum. Þykir rétt að gefa kost á þessum möguleika hérlendis til að örva atvinnulífið og viðskipti með hlutabréf auk þess sem fyrirtæki þurfa þá síður að leita eftir innlendu eða erlendu lánsfé.

Um 17. gr.

A-liður. Hentugra þykir að tala um hluti en hlutabréf þar sem því verður við komið.

B-liður. Þar eð um erlenda eignaraðild í hlutafélögum hér á landi getur verið að ræða þykir réttara að tala um viðskipti milli aðila í félögunum en ekki milli íslenskra aðila. Jafnframt er lagt til að eigi megi leggja hömlur á viðskipti með hluti ef hluthafar eru 100 eða fleiri en í lögunum er nú miðað við 200 eða fleiri. Með þessari breytingu yrði miðað að því að auka þátttöku almennings í fleiri hlutafélögum en nú er.

Um 18. gr.

A-liður. Hér kemur hlutur í stað hlutabréfs.

B-liður. Hér eru ógildisákvæði á samþykktum um reikningsgrundvöll kaupverðs ekki eingöngu miðað við að þau leiði til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina heldur geta einnig bersýnilega ósanngjarnir skilmálar að öðru leyti leitt til ógildis. Breytingin er í samræmi við breytingu á dönsku hlutafélagalögunum.

Um 19.–21. gr.

Ákvæði 19.–21. gr. frumvarpsins eiga sér að hluta til fyrirmynd í 131. gr. hfl. sem varðar innlausnarskyldu og innlausnarrétt þegar móðurfélag á meira en 9/10 hlutafjár í dótturfélagi. Hér er þó höfð hliðsjón af breytingum á dönskum hlutafélagalögum í árslok 1992. Eru ákvæðin því ítarlegri og ekki lengur miðuð við eignarhluta móðurfélags í dótturfélagi heldur það að hluthafi eigi meira en 9/10 hlutafjár í félagi. Ákvæði fyrirhugaðrar 20. gr. b í hfl. eru þó mun styttri hér en í dönsku lögunum.

Ákvæði um innlausnarrétt er einnig að finna í 20. gr. hfl., í þeim tilvikum er stjórn félags synjar um samþykki sitt til sölu eða annars framsals á hlutum þar sem samþykki er áskilið, svo og í 128. gr. hfl. sem fjallar um innlausnarrétt hluthafa í því félagi eða félögum sem sameinuð eru öðrum er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag. Þá má vísa í 2. mgr. 114. gr. hfl. um innlausn á grundvelli dóms.

Með ofangreindri breytingu á hlutafélagalögunum, sem er víðtæk, svo og nokkrum breytingum á ákvæðum um innlausnarrétt í einkahlutafélögum, er gengið til móts við þingsályktun Alþingis frá 19. mars 1992 um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög. Breytingarnar ganga þó ekki eins langt og í tillögu EB að 13. félagaréttartilskipun ráðsins um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð enda búist við að sú tillaga kunni að taka ýmsum breytingum. Í almennum athugasemdum hér að framan (þættinum um félagaréttarákvæði EES-samningsins) er nánar fjallað um tillögu EB.

Um 22. gr.

A-liður. Hér er bætt við að í hlutabréfi skuli greina kennitölu félags en fellt er niður að geta þurfi skráningarnúmers enda eru slík númer ekki fyrir hendi.

B-liður. Hér er bætt við að greina skuli í hlutabréfi, á grundvelli ákvæða í félagssamþykktum, heimild til að ógilda hlutabréf án dóms. Þetta er í samræmi við danska hlutafélagalöggjöf.

C-liður. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gerð krafa til þess að einn stjórnenda a. m. k. riti nafn sitt undir hlutabréf með eigin hendi. Er gert ráð fyrir því að nafnritun geti verið með öðrum hætti, þ. e. vélrænum hætti, þ. á m. stimpli. Sama gildir um bráðabirgðaskírteini, verði þessi breytingartillaga samþykkt, á grundvelli tilvísunar 1. mgr. 22. gr. hfl. í 21. gr. laganna.

D-liður. Hér er nýtt ákvæði um fyrirvara sem vera skal í hlutabréfum ef nánar tilteknar breytingar kunna að verða á réttarstöðu hluthafa eftir útgáfu bréfanna. Rétt þykir að undirstrika þennan möguleika með þessum hætti eins og gert er í dönsku hlutafélagalögunum.

E-liður. Ákvæði þessa liðar tengjast b-lið um ógildingu hlutabréfs án dóms. Er hliðsjón höfð af dönsku hlutafélagalöggjöfinni og ákvæðum laga um viðskiptabanka ef innlánsskilríki glatast.

Um 23. gr.

A-liður. Ekki er lengur gerð krafa til þess að hlutaskrá skuli færð í bók er ráðherra löggildir. Hins vegar er bætt við heimild til að tölvuskrá hlutaskrána.

B-liður. Nafni eiganda að hlut skal fylgja kennitala. Nafnnúmer eru ekki lengur notuð og skráningarnúmer hafa ekki verið notuð.

C-liður. Orðalag varðandi tilkynningu eigendaskipta er hér einfaldað.

Um 24. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Hér er gert ráð fyrir nýrri fyrirsögn á V. kafla hfl. vegna fyrirhugaðra breytinga með upptöku ákvæða um áskriftarréttindi.

Um 26. gr.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins þarf ekki aðeins að gera grein fyrir ástæðum ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa við hækkun hlutafjár heldur skal einnig rökstyðja tillögur um áskriftargengi. Þetta leiðir af 4. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 27. gr.

A-liður. Tekið er tillit til þess að viðskipti með hlutabréf í íslenskum hlutafélögum takmarkast ekki við viðskipti milli íslenskra aðila.

B-liður. Ákvæði 2. mgr. 28. gr. hfl., þess efnis að ákveða megi í samþykktum að aðeins sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar, virðist ekki geta staðist með tilliti til b-liðar 2. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

C-liður. Hér eru sett ákvæði um forgangsrétt hluthafa til áskriftar fyrir hlutum í þeirra eigin flokkum en jafnræði skal gilda innan flokkanna. Síðan geta hluthafar í öðrum flokkum að þeim frágengnum nýtt sér forgangsrétt til áskriftar. Ákvæði þetta byggist á b-lið 2. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

D-liður. Málsgreinanúmer breytast.

Um 28. gr.

A-liður. Í stað þess að miða frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar við framlagningu áskriftarskrár er lagt til að miðað verði við tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjárins. Hér er tekið mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Orðinu útboðsgengi er breytt í gengi þar sem það þykir nákvæmara. Í raun er um áskriftargengi að ræða.

C-liður. Hér er bætt við að í ákvörðun um hækkun hlutafjár skuli greina frá áætluðum kostnaði félagsins vegna hækkunarinnar. Slíkt er ekki skylt skv. 2. félagaréttartilskipun EB en er gert til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 4. gr. hfl. varðandi tilgreiningu á kostnaði við stofnun félags.

D-liður. Þetta ákvæði tengist fyrirhuguðum 7. tölul. 1. mgr. Mælt er fyrir um tilgreiningu á raunverulegum kostnaði félags vegna hækkunar hlutafjárins í næstu ársskýrslu félagsins á svipaðan hátt og gert er varðandi raunverulegan kostnað við stofnun félags í fyrstu ársskýrslu þess, sbr. fyrirhugaðar breytingar á 4. gr. hfl.

Um 29. gr.

A-liður. Þessi liður geymir nauðsynlegar breytingar vegna fyrirhugaðrar breytingar á 5. gr. hfl. og setningar nýrra greina, 5. gr. a–c. Tekið er mið af 2. mgr. 27. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Ákvæði þetta leiðir af 3. mgr. 27. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 30. gr.

Breytingin í grein þessari þarfnast ekki skýringar. Það má taka fram að 2. mgr. 32. gr. hfl. tekur mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 31. gr.

A-liður. Af 26. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB leiðir að greiða þarf, auk fjórðungs hlutafjárauka, allt það sem greiða á umfram nafnverð, í stað minnst fjórðungs nafnverðs, áður en unnt er að tilkynna hlutafélagaskrá hækkun hlutafjár.

B-liður. Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. og 6. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB er útgáfa áskriftarréttinda heimil í hlutafélögum, sbr. nánar athugasemd við 34.–35. gr. frumvarps þessa. Nánari ákvæði yrðu sett í hlutafélagalögin með því að bæta við þau tveimur nýjum greinum, 38. gr. a og 38. gr. b.

Um 32. gr.

A-liður. Orðinu „útboðsgengi“ er breytt í gengi þar sem það þykir hafa skýrari merkingu.

B-liður. Tilvísun í 30. gr. hfl. er breytt vegna fyrirhugaðra breytinga á lögunum með frumvarpi þessu.

Um 33. gr.

Með breytingunni er greinin færð til nútímahorfs.

Um 34.–35. gr.

Hér er að finna nánari ákvæði um áskriftarréttindi en felast í 3. mgr. 34. gr. hfl. á grundvelli frumvarps þessa. Útgáfa áskriftarréttinda er annar möguleiki til að afla viðbótarfjár en felst í útgáfu breytanlegra skuldabréfa, sbr. 39. gr. hfl., þ. e. töku skuldabréfaláns er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því. Þess má geta að á undanförnum árum hefur orðið algengara en fyrr í Danmörku að stærri hlutafélög gæfu út áskriftarréttindi (warrants) en þau gefa rétt til áskriftar að hlutum við hlutafjárhækkun síðar. Hefur af þessum sökum þótt eðlilegt að setja ákvæði um þetta í hlutafélagalög þar í landi. Má ætla að einnig sé heppilegt að hafa í íslensku hlutafélagalögunum ákvæði um þennan möguleika á öflun fjár.

Taka má fram að í samræmi við 2., sbr. 4. mgr., 25. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sbr. og 5.–6. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar, má veita félagsstjórn heimild til að gefa út áskriftarréttindi. Í þeirri grein tilskipunarinnar er heimildin bundin við fimm ár í senn. Taki stjórn ákvörðun þar að lútandi má fjárhæðin ekki vera hærri en sem nemur helmingi hlutafjár í félaginu. Taki hluthafafundur hins vegar ákvörðun um útgáfu áskriftarréttinda er ekki talin þörf á að takmarka fjárhæðina.

Um 36. gr.

A-liður. Hér er fellt niður ákvæði þess efnis að lán megi ekki nema hærri fjárhæð en helmingi hlutafjárins eins og það er á þeim tíma er ákvörðun hluthafafundar er tekin. Ef hlutafé er mjög lágt er þetta ákvæði óraunhæft. Danir hafi einnig fellt niður samsvarandi ákvæði í hlutafélagalöggjöf sinni.

B-liður. Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á orðalagi vegna upptöku ákvæða um útgáfu áskriftarréttinda og skiptingu hlutafélaga. Þá er bætt við tilvísun í 32. gr. hfl. en taka má fram að 2. mgr. þeirrar greinar tekur mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB (skrifleg tilkynning til þeirra sem hafa forgangsrétt til áskriftar).

C-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

D-liður. Hér er m.a. kveðið á um að samþykkt hluthafafundar skuli tekin upp í samþykktir félagsins.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um að hluthafafundur geti veitt félagsstjórn heimild til að taka skuldabréfalán er veitir lánardrottni rétt til að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því, sbr. 39. gr. hfl. Lánsheimild stjórnarinnar takmarkast þó við helming hlutafjár eins og það er á þeim tíma þegar ákvörðun en tekin en gert er ráð fyrir að slík takmörkun gildi ekki um ákvörðun hluthafafundar um töku ákveðins láns á hinn bóginn. Þessi munur tekur mið af 2., sbr. 4. mgr., 25. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sbr. og 5.–6. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringar.

Um 38. gr.

A-liður. Breytt er tilvísun í lagagreinar með hliðsjón af fyrirhugaðri breytingu á hlutafélagalögunum.

B-liður. Rétt þykir að miða hækkun hlutafjár vegna breytingar á skuldabréfum í hluti við skráningardag í hlutafélagaskrá fremur en tilkynningu félagsins til skrárinnar um breytinguna. Taka má fram að í dönsku hlutafélagalögunum er miðað við skráningu. Þá er miðað við skráningu í fleiri tilvikum í lögunum.

Um 39. gr.

Heimild stjórnar samkvæmt þessari grein er bundin við fimm ár eins og gert er í 2. mgr. 35. gr. hfl. (hækkun hlutafjár) og gert er ráð fyrir í 1. mgr. 38. gr. b í hfl. (útgáfa áskriftarréttinda) og 1. mgr. 39. gr. a í hfl. (útgáfa breytanlegra skuldabréfa). Tímatakmarkanir þessar taka mið af 2., sbr. 4. mgr., 25. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sbr. og 5.–6. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar.

Um 40. gr.

A-liður. Hér er fellt niður að vísa til 16. gr. laganna þar eð þar er ekki um eiginlega hlutafjárlækkun að ræða heldur leiðréttingu á eignaraðild hluthafa. Slíkt fellur utan ramma 30. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Á grundvelli 2. mgr. 30. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB þarf að greina frá því þegar boðað er til hluthafafundar hverjar séu ástæður til lækkunar hlutafjár og hvernig lækkunin eigi að fara fram. Hluthafafundur skal taka ákvörðun með auknum meiri hluta, sbr. 1. mgr. 76. gr. hfl. varðandi atkvæðagreiðslu um breytingu á félagssamþykktum.

C-liður. Í þessum málslið er bætt við orðunum „eftir því sem við á“ þar eð tilvísun í 2. mgr. 27. gr. hfl., sem snertir hækkun hlutafjár, á ekki við nema að breyttu breytanda um lækkun hlutafjár.

D-liður. Hér er bætt við tilvísun til 1. mgr. 147. gr. hfl. þar sem segir að breytingar á félagasamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skuli tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögunum.

Um 41. gr.

A-liður. Hér er lagt til að hlutafélagaskrá geti úrskurðað eftir ósk aðila hvort framboðin trygging fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna við lækkun hlutafjár sé nægileg, ekki ráðherra. Þetta er í samræmi við framkvæmd hlutafélagalaganna. Í 1. mgr. 145. gr. þeirra segir að viðskiptaráðherra haldi hlutafélagaskrá en starfslið hlutafélagaskrár sér um framkvæmd mats á framboðinni tryggingu. Þykir eðlilegt að taka mið af þeirri staðreynd.

B-liður. Tekið er fram hér að hlutafélagaskrá veiti undanþágu frá innköllunarskyldu í tengslum við hlutafjárlækkun en ekki ráðherra. Jafnframt er það skilyrði ekki talið nægja að félag sanni að það eigi fyrir skuldum heldur er því skilyrði bætt við að ljóst þurfi að vera að kröfuhafar félagsins bíði ekki tjón af undanþágu frá innköllunarskyldunni. Þetta tvennt þarf ekki að fara saman.

Um 42. gr.

Á grundvelli 36. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og með hliðsjón af dönsku hlutafélagalögunum eru hér sett ítarlegri ákvæði um lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum (á dönsku amortisation). Einkum er um að ræða nákvæmari skilyrði fyrir lækkun hlutafjárins án þess að innköllun eigi sér stað skv. 44. gr. hfl. Í þessu sambandi má vísa sérstaklega til d-liðar 1. mgr. 36. gr. tilskipunarinnar, sbr. og fyrirhugaða 46. gr. f í frumvarpi þessu.

Um 43.–50. gr.

Í 43.–50. gr. frumvarpsins, sem verða 46. og 46. gr. a–f í hfl., eru sett ítarlegri ákvæði um eigin hluti en er að finna í hlutafélagalögunum nú. Hin nýju ákvæði eru byggð á 18.–24. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og hliðsjón er höfð af dönsku hlutafélagalögunum. Er ákvæðunum ætlað að girða fyrir að félög eignist eigin hlutabréf til tjóns fyrir félagið, hluthafa og lánardrottna.

Um 43. gr.

Þessi grein tekur mið af 1. mgr. 19. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 44. gr.

Þessi grein byggir á 2. mgr. 19. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 45. gr.

Þessi grein tekur mið af 20. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 46. gr.

Um ákvæði þessarar greinar má vísa til d-liðar 1. mgr. 19. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 47. gr.

Þessi grein tekur mið af 2. mgr. 20. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Athyglisvert er að í þessum tilvikum er frestur til að losa félag við hluti þrjú ár í stað þriggja mánaða í gildandi hlutafélagalögum.

Um 48. gr.

Samkvæmt þessari grein skal félag láta hluti, sem það hefur eignast andstætt ákvæðum nýrrar 46. gr. c í hfl. (46. gr. frumvarpsins) af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá. Hér er byggt á 21. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Þó er tímamark til leiðréttingar sex mánuðir eins og er í dönsku hlutafélagalögunum en ekki ár eins og er í tilskipuninni. Er þá hafður í huga þriggja mánaða frestur gildandi hlutafélagalaga.

Um 49. gr.

Grein þessi tekur mið af 3. mgr. 20. gr., svo og 21. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 50. gr.

Þessi grein tekur mið af 18. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 51. gr.

A-liður. Hér eru gerðar strangari kröfur en verið hefur um fjölda stjórnarmanna, þrjá menn hið fæsta eins og var með lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, þar til þeim var breytt með lögum nr. 69/1989, þ.e. á tímabilinu 1. janúar 1980 til 1. mars 1990.

Með breytingunni á lögunum var heimilað, væru hluthafar tveir til fjórir, að stjórnina skipuðu einn eða tveir menn og síðan kæmi varamaður. Hluthafar máttu vera minnst tveir í stað minnst fimm áður. Þar eð gert er nú ráð fyrir tvennum lögum um mismunandi stór félög, annars vegar lögum um hlutafélög fyrir stærri hlutafélög og hins vegar lögum um einkahlutafélög fyrir minni hlutafélög, þykir unnt að gera kröfu til þess að minnst þrír menn sitji í stjórn stærri hlutafélaga, þ. e. á grundvelli þessara laga. Slíkt er í samræmi við ákvæði dönsku hlutafélagalaganna. Þar þurftu til skamms tíma minnst að vera þrír menn í stjórn þótt einn hluthafi gæti minnst verið í félagi en samkvæmt breytingu á lögunum í árslok 1992 getur jafnvel einn aðili nú stofnað félag í stað þriggja. Samkvæmt íslensku hlutafélagalögunum skulu stofnendur vera tveir hið fæsta, sbr. 2. mgr. 3. gr. hfl., og hluthafar sömuleiðis tveir hið fæsta, sbr. 1. mgr. 17. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. hfl.

B-liður. Gert er ráð fyrir að allir þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, séu kosnir á sama hluthafafundi. Er ákvæðið nauðsynlegt til að tryggja framkvæmd ákvæðanna um margfeldis- og hlutfallskosningar en ekki var hugað að samningu þess þegar kosningaákvæðunum var skotið inn í meðförum Alþingis á sínum tíma. Er eðlilegt að hluthafar geti haft áhrif í samræmi við hlutafjáreign og nýir hluthafar þá sem fyrst áhrif í samræmi við hlutdeild sína.

C-liður. Í þessum lið er lýsing á því hvernig kjósa skuli í stjórn og hvernig uppgjöri slíkra kosninga skuli háttað. Boðið er upp á þrenns konar kosningaaðferð, meirihlutakosningu, hlutfallskosningu og margfeldiskosningu. Sé ekki annað tekið fram í samþykktum félags skal kosið meirihlutakosningu en tiltekinn minni hluti hluthafa getur þó krafist hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar.

Hugtakið hlutfallskosning er ekki einhlítt og því eru hér tekin af tvímæli með því að lýsa aðferðinni sem hér er átt við (en hún er kennd við d'Hondt í ritum um kosningafræði). Til samanburðar er hinum kosningareglunum jafnframt lýst.

Til glöggvunar skal tekið talnadæmi til útskýringar á kosningareglunum. Gert er ráð fyrir að kjósa skuli fimm stjórnarmenn og að fram komi þrjú framboð: A-listi með nöfnum fimm manna, B-listi, sem hefur einungis tvö nöfn, og að lokum framboð Jóns Jónssonar sem samkvæmt lagagreininni skoðast sem sérstakur framboðslisti, C-listi, með þessu eina nafni.

Sé kosið meirihlutakosningu og falli atkvæði þannig að A-listi hljóti stuðning handhafa 480 hluta, B-listi 600 hluta og að lokum hljóti Jón Jónsson eða C-listi fylgi 260 hluta fær atkvæðaflesti listinn, B-listi, alla sína menn kjörna. En á listanum eru aðeins tvö nöfn þannig að bjóða þarf aftur fram til þess að kjósa þá stjórnarmenn sem á skortir.

Við hlutfallskosningu og sömu skiptingu atkvæða skal mynda deildir atkvæða með því að deila með 1, 2, 3 o.s.frv. Hjá A-lista verða deildirnar 480, 240, 160, 120 og 96, hjá B-lista 600 og 300 en hjá C-lista einungis deildin 260. Samkvæmt þessu fellur 1. sæti til B-lista (deildin 600), 2. til A (480), 3. aftur til B (300), 4. til C (260) og að lokum það 5. til A-lista (240). Ekki reynir nú á það að B-listinn bauð aðeins fram tvo menn.

Við margfeldiskosningu fær hver hluthafi í raun fimmfalt atkvæði. Verji sérhver þeirra öllum atkvæðum sínum eins og í dæminu um hlutfallskosninguna hér á undan verður úthlutun sæta hin sama. En kjósendur mega skipta atkvæðum sínum að vild. Segjum t.d. að sú breyting yrði á ofangreindum úrslitum að stuðningsmenn B-listans verðu allir tveimur af fimm atkæðum sínum til stuðnings A-lista. Þá kæmi í hlut A-listans atkvæðamagnið 3600 (eða 480 x 5 + 600 x 2) og 1800 (600 x 3) í hlut B-listans en C-listinn fengi stuðning 1300 atkvæða (260 x 5). Nú er þriðja deild A-listans (1200) stærri en önnur deild B-listans (900) þannig að fimmta sætið fer til A-lista en ekki lengur til B-lista.

D-liður. Þessi liður miðar að því að veita minni hluta í fleiri hlutafélögum en nú er rétt til að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna félagsins.

Um 52. gr.

A-liður. Fyrirhugað ákvæði 4. málsl. 2. mgr. 48. gr. laganna, sem er nýmæli, á að tryggja að ekki sé unnt að víkja þeim stjórnarmanni frá störfum sem hlotið hefur kosningu minni hluta í hlutfalls- eða margfeldiskosningu nema samkvæmt skýrum reglum er tryggi rétt minni hlutans. Lagt er m.ö.o. til að slík tillaga teljist felld ef stjórnarmaðurinn nýtur þess stuðnings sem mundi alltaf nægja í hlutfalls- eða margfeldiskosningu til að tryggja honum sæti í stjórn hvernig svo sem önnur atkvæði skiptust milli framboðslista (hér er hugsanlegt hlutkesti túlkað stjórnarmanni í vil).

B-liður. Í vissum tilvikum þarf að óska eftir tilnefningu á nýjum stjórnarmanni í stað þess að kjósa hann þegar stjórnarmaður hættir og varamaður er ekki fyrir hendi. Er þessu bætt við til samræmis við 1. mgr. 48. gr. hfl.

C-liður. Þetta ákvæði er sett til að girða fyrir réttarfarslega erfiðleika við að stefna félagi sem er án stjórnar en á þetta hefur reynt. Er kveðið á um að þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skoðist formlega í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

Um 53. gr.

Þar eð hér er um að ræða stærri tegund hlutafélaga, og með hliðsjón af d-lið 2. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, er hér kveðið á um fjölda framkvæmdastjóra. Þeir skulu vera einn til þrír nema samþykktir félagsins kveði á um annað, sbr. fyrirhugaðan 13. tölul. 2. mgr. 6. gr. laganna um hlutafélög, nr. 32/1978. Samkvæmt þeim lögum var stjórn skylt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra í hlutafélögum þar sem hlutafé fór yfir ákveðna fjárhæð. Þetta ákvæði var síðan fellt niður með lögum nr. 69/1989 í stað þess að breyta tilvísun í fjárhæðir. Vegna framangreinds ákvæðis tilskipunarinnar virðist þó óhjákvæmilegt að kveða á um skyldu til að hafa einn til þrjá framkvæmdastjóra í þessari tegund hlutafélaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að meiri hluti stjórnar skuli vera menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu. Svipað ákvæði var í 2. mgr. 49. gr. gildandi laga um hlutafélög nr. 32/1978 en var fellt niður með lögum nr. 69/1989. Rétt þykir á hinn bóginn að gera þessa kröfu nú. Í því sambandi er höfð hliðsjón af dönsku hlutafélagalögunum og vissri samsvörun í dönsku eignarhlutafélagalögunum, svo og tillögu EB um 5. félagaréttartilskipunina um hlutafélög þar sem gert er ráð fyrir fullum persónuaðskilnaði stjórnar og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórar séu m.ö.o. ekki jafnframt stjórnarmenn. Hér má benda á að í 2. málsl. 1. mgr. 54 gr. hfl. stendur efnislega að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í stærri félögum.

Um 54. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er leiðrétt tilvísun í almenn hegningarlög.

Í 2. málsl. 1. mgr. er það nýmæli að takmarkaður er réttur manna til að sitja sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum í vissum undantekningartilvikum (ítrekað gjaldþrot hlutafélags eða einkahlutafélags í sams konar eða svipuðum rekstri) og felur slíkt í sér hlutlæg viðurlög. Undanþáguheimild hlutafélagaskrár skv. 3. málsl. 1. mgr. kann að verða nýtt t.d. ef viðkomandi hefur tekið sæti í stjórn á sérstökum erfiðleikatímum til að gæta hagsmuna lánardrottna, t.d. banka, eða til að freista þess að koma félaginu úr erfiðleikunum. Frestdagur sá sem um er rætt er skilgreindur í 2. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og telst vera sá dagur er héraðsdómara berst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga eða krafa um gjaldþrotaskipti.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sams konar reglum og í dönsku hlutafélagalögunum og norsku hlutafélagafrumvarpi vegna aðlögunar að EES-samningnum. Þetta á m.a. við um það að ekki er lengur krafist búsetu meiri hluta stjórnarmanna hér á landi heldur minnst helmings. Eignaraðild kann að skiptast jafnt milli Íslendinga og útlendinga þannig að hugsanlegt er að fjöldi stjórnarmanna standi á jöfnu. Áfram verður fyrir hendi undanþáguheimild ráðherra varðandi búsetu. Nýmæli er hins vegar að heimilisfesti ríkisborgara ríkis, sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, í EES-ríki er lögð að jöfnu við heimilisfesti hér á landi, sbr. 4. gr. l. 121/1993. Samsvarandi ákvæði er í danskri auglýsingu nr. 463 frá 18. júní 1991 og grein 9/7 í norska hlutafélagafrumvarpinu.

Um 55. gr.

A-liður. Hér er um smábreytingar að ræða. Hlutabréfaeign verður hlutaeign, hlutafélagasamstæða verður samstæða og hlutabréf verða hlutir.

B-liður. Rétt þykir að hafa hér samsvarandi ákvæði og eru í dönsku hlutafélagalögunum sem heimila ekki stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum spákaupmennsku með hluti. Dómstólar meta í hverju tilviki með tilliti til allra aðstæðna hvað teljist spákaupmennska. Hér má nefna að í 1. gr. nýlegs frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti var spákaupmennska skilgreind svo: „Kaup eða sala verðbréfa, sem talin eru verulega áhættusöm, í því skyni að öðlast skjótfenginn hagnað í kjölfar verðhækkunar eða verðlækkunar verðbréfanna.“ Skilgreiningin var ekki tekin inn í lögin um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, enda kann hún að orka tvímælis. Í því sambandi má nefna að í danskri fræðibók segir að kaup á bréfum í von um mikinn hagnað séu ekki í sjálfu sér skilgreind sem spákaupmennska. Hins vegar geti það talist spákaupmennska ef hlutabréf eru keypt eða seld í þeim tilgangi að hafa áhrif á gengi þeirra á grundvelli eftirspurnarreglunnar og þá í því skyni að hagnast á slíku.

Um 56. gr.

Breytingarnar í þessari grein taka mið af því að alltaf sé framkvæmdastjóri í hlutafélögum sem verða nú stærri tegund hlutafélaga. Í gildandi lögum var ekki gert ráð fyrir því að framkvæmdastjóri skyldi ráðinn í öllum hlutafélögum heldur einungis hinum stærri.

Um 57. gr.

Rétt þykir að upplýsingaskylda móðurfélags gagnvart dótturfélagi sé ekki aðeins bundin við tilkynningu um að samstæða hlutafélaga hafi verið mynduð. Skal skyldan einnig ná til annarra málefna sem skipta dótturfélagið máli og tilkynna skal fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram. Svipaðri grein hefur verið bætt inn í dönsku hlutafélagalögin en hún gengur þó nokkru lengra.

Um 58. gr.

A-liður. Felld er niður tilvísun í 49. gr. hfl. vegna breytinga á henni. Nánar má vísa í athugasemd vegna fyrirhugaðrar 2. mgr. 49. gr. hfl. varðandi tillögu EB um 5. félagaréttartilskipunina sem gengur lengra en gildandi hlutafélagalög hvað snertir persónuaðskilnað stjórnar og framkvæmdastjóra. Ákvæði um tilvísun í 3.–5. mgr. 47. gr. er nýmæli. Það felur í sér að ekki er unnt að rýra þann rétt sem minni hluti hefur til að knýja fram hlutfalls- eða margfeldiskosningu með því að ákveða í samþykktum að hluthafafundir kjósi formann sérstaklega.

B-liður. Hér er kveðið skýrt á um það að formaður sjái til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir til stjórnarfunda.

C-liður. Hér er tekið upp ákvæði úr dönskum hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum sem var ekki á sínum tíma tekið upp í íslensku hlutafélagalögin. Felur það í sér að félagsstjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar skuli kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Getur slíkt ákvæði stuðlað að því að stjórnarmenn í félögum geri sér ljósari ábyrgð sína og skyldur.

Í þessu sambandi má nefna að í árslok 1992 var eftirfarandi sérákvæði bætt við í dönsku hlutafélagalögunum um ákveðna tegund hlutafélaga:

„Séu hlutabréf félaga skráð á verðbréfaþingi Kaupmannahafnar skulu starfsreglurnar a.m.k. geyma:

1. ákvæði um skipan stjórnarinnar og ályktunarhæfi, svo og hversu oft halda skuli fundi;
2. leiðbeiningarreglur um skiptingu starfa milli stjórnar og framkvæmdastjóra eða annarra stjórnaraðila, þ.á m. um verktilhögun, heimildir og fyrirmæli;
3. ákvæði um eftirlit stjórnar með því hvernig framkvæmdastjórinn stýrir störfum félagsins og dótturfélaga þess;
4. leiðbeiningarreglur um notkun og færslu bóka, skráa og gerðabóka samkvæmt lögum þessum;
5. ákvæði um að stjórnin taki afstöðu til skipulags félagsins, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi og fjárhagsáætlanir;
6. ákvæði um skyldu stjórnar til að útvega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum;
7. ákvæði um skyldu stjórnarinnar til að fylgjast með áætlunum, fjárhagsáætlunum og því um líku og taka auk þess afstöðu til skýrslna um greiðslugetu félagsins, pantanamál, meiri háttar ráðstafanir, þær tryggingar sem skipta máli, fjármögnun, peningastreymi og sérstaka áhættuþætti;
8. ákvæði um skyldu stjórnar til að taka afstöðu til efnis endurskoðunarbókar fyrir undirritun hennar;
9. ákvæði um skyldu stjórnar til að athuga bráðabirgðauppgjör félagsins og því um líkt á hverju reikningsári og meta þá m.a. fjárhagsáætlunina og frávik frá henni;

10. ákvæði um skyldu stjórnar til að tryggja að fyrir hendi sé nauðsynlegur grundvöllur undir endurskoðun og taka þá m.a. afstöðu til þess hvort þörf sé á innra eftirliti.“

Um 59. gr.

Rétt þykir að stuðla að því að allir stjórnarmenn hafi tök á því að fjalla um mál sem ákvarðanir eru teknar um en ekki einungis mikilvægar ákvarðanir. Breytingin er í samræmi við dönsku hlutafélagalögin. Nægilegt svigrúm til undantekninga felst í orðunum „sé þess kostur“.

Um 60. gr.

Á grundvelli 1. og 2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB eru sett ítarlegri ákvæði en áður um umboðsreglur en verið hafa í hlutafélagalögunum. Nefna má að 3. mgr. 58. gr. hfl., sem vísað er til í 1. mgr. 61. gr. hfl., tekur mið af 2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB.

Að því er varðar 2. tölul. er aðalreglan sú að þriðji maður vinni ekki rétt ef hann veit um heimildarskort, t.d. ef forsvarsmaður félags misnotar stöðu sína og viðsemjandinn veit það.

Um 61. gr.

Þessi grein tekur mið af 8. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB. Er henni ætlað að vernda hagsmuni grandlauss þriðja aðila gagnvart félagi þegar galli er á kjöri eða tilnefningu stjórnarmanna eða ráðningu framkvæmdastjóra.

Um 62. gr.

A-liður. Hér er gert ráð fyrir hlutum án atkvæðisréttar, sbr. athugasemd við 16. gr. frumvarpsins.

B-liður. Rétt þykir að fella niður þá takmörkun á meðferð atkvæðisréttar sem í 3. mgr. 65. gr. hfl. felst þannig að sá sem eignast hefur hlutabréf geti beitt réttindum sínum sem hluthafi um leið og nafn hans hefur verið skráð í hlutaskrá eða hann hefur tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum í samræmi við 1. mgr. 25. gr. hfl. Taka má fram að dönsku hlutafélagalögunum hefur verið breytt í þessa átt og jafnframt að frestur varðandi beitingu atkvæðisréttar þekkist ekki í breskum, frönskum, sænskum og þýskum lögum.

Um 63. gr.

A-liður. Rétt þykir að taka skýrt fram að í móðurfélagi skuli leggja fram samstæðureikning. Þetta er í samræmi við dönsku hlutafélagalögin. Ákvæði þetta tekur mið af 2. mgr. 15. gr. 7. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Hér er fjallað um kröfu um frestun ákvarðana til framhaldsaðalfundar. Kröfur eru hertar með tilliti til ábendinga um að heimildarákvæðið hafi verið misnotað. Samkvæmt frumvarpinu þarf kröfu frá hluthöfum sem ráða yfir minnst ⅓ hlutafjár í stað ⅕. Þá er fellt niður að geta ákvarðana um málefni sem varða lausn stjórnarmanna o. fl. undan ábyrgð þar eð slíkar ákvarðanir tíðkast ekki.

C-liður. Þessi breytingartillaga tekur mið af 17. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og tekur til þeirra tilvika þegar eigið fé samkvæmt bókum hlutafélags er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Þá er stjórn félags skylt að grípa til vissra aðgerða. Uppfylltar eru lágmarkskröfur tilskipunarinnar (miðað við helming) eins og í dönsku hlutafélagalögunum en miða má við lægra hlutfall.

Um 64. gr.

A-liður. Í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á hlutafélagalögunum annars staðar í frumvarpi þessu þykir eðlilegt að hlutafélagaskrá standi að boðun funda í þeim tilvikum sem hér um ræðir. Geta má þess að þannig er framkvæmdinni einnig háttað í Danmörku. Þá er hugtakið engin starfandi stjórn sett í staðinn fyrir „enga stjórn“ þar eð litið er svo á að stjórn samkvæmt fyrirhugaðri 3. mgr. 48. gr. hfl. sé ekki „starfandi stjórn“ í merkingu þessarar greinar frumvarpsins.

B-liður. Hér er bætt við heimild til að krefjast tryggingar af hálfu þess er biður um fund í hlutafélagi. Þetta leiðir til aðhalds. Til samanburðar má nefna hér 2. mgr. 80. gr. hfl. um þóknun til endurskoðenda og 3. mgr. 92. gr. hfl. um þóknun til rannsóknarmanna.

Um 65. gr.

A-liður. Ákvæði þessa liðar taka mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Hér er bætt við til öryggis að í móðurfélagi skuli leggja fram samstæðureikning.

Um 66. gr.

Grein þessi tekur m.a. mið af lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, dönskum hlutafélagalögum og norsku hlutafélagafrumvarpi.

Um 67. gr.

Grein þessi er til samræmis við breytingar á 70. gr. hfl., sbr. 64. gr. frumvarps þessa.

Um 68. gr.

Hér er bætt við tilvísun í 40. gr. hfl. sem fallið hefur niður, svo og nýjar greinar laganna samkvæmt frumvarpi þessu.

Um XI. kafla.

Ákvæði dönsku hlutafélagalaganna um endurskoðun, sem íslensku hlutafélagalögin byggja á, hafa verið felld úr þeim lögum og er nú að finna í danskri bókhaldslöggjöf. Aðlögun fjármálaráðuneytisins á íslenskri löggjöf að bókhaldslöggjöf EES gerir ráð fyrir sömu niðurstöðu hér á landi. Eru því ekki gerðar tillögur um breytingar á endurskoðunarákvæðum hlutafélagalaganna í þessu frumvarpi nema hvað gerðar eru nokkrar tillögur um smábreytingar til samræmis við aðrar breytingar á lögunum með frumvarpi þessu.

Um 69. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að hlutafélagaskrá sjái um tilnefningu endurskoðanda og því um líkt í sérstökum tilvikum. Þetta er í samræmi við tillögur um breytingar á nokkrum öðrum ákvæðum laganna um hlutafélög.

Um 70. gr.

Í búsetuskilyrði þessarar greinar frumvarpsins felst tilvísun til EES-samningsins.

Um 71. gr.

A-liður. Breyttar viðmiðunarreglur um skyldu til að hafa löggiltan endurskoðanda mótast af aðlögun bókhaldslaganefndar fjármálaráðuneytisins að EES-rétti.

B-liður. Til grundvallar breytingunni hér liggja sömu sjónarmið og greint var frá vegna fyrirhugaðra breytinga á 18. gr. hfl., sbr. athugasemd við b-lið 17. gr. frumvarpsins.

C-liður. Hér vísast til athugasemdar við A-lið.

Um 72. gr.

Í framkvæmdinni mundi hlutafélagaskrá sjá um tilnefningu endurskoðanda þess sem hér greinir. Er eðlilegt að tekið sé beint fram í lögunum að hlutafélagskrá annist tilnefningu endurskoðandans. Þetta er til samræmis við nokkrar aðrar breytingar á hlutafélagalögunum.

Um 73. gr.

Hér er fjallað um tilnefningu rannsóknarmanna og því um líkt. Er gert ráð fyrir að hlutafélagaskrá annist störf í þessu sambandi eins og búast mætti við í framkvæmdinni nú.

Um XII. kafla.

Á vegum fjármálaráðuneytisins hefur verið unnið að endurskoðun ákvæða XII. kafla um ársreikning og ársskýrslu stjórnar með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru varðandi aðlögun að EB-rétti á grundvelli EES-samningsins. Í Danmörku hefur samsvarandi kafli, sem íslensku ákvæðin eru byggð á, verið felldur úr hlutafélagalöggjöfinni og í lög um ársreikninga. Gert er ráð fyrir að hið sama verði uppi á teningnum hér á landi. Í frumvarpi þessu verða þó gerðar tillögur um nokkrar minni háttar breytingar á kaflanum, einkum með hliðsjón af nýju lögunum um samvinnufélög, nr. 22/1991. Þar var byggt á ársreikningsákvæðum hlutafélagalaganna en nokkrar smábreytingar gerðar. Auk þess verða í frumvarpi þessu gerðar tillögur um örfáar smábreytingar með hliðsjón af öðrum breytingum samkvæmt frumvarpinu.

Um 74. gr.

Hér er gerð tillaga um eins orðalag og í 6. mgr. 60. gr. samvinnufélagalaganna.

Um 75. gr.

A-liður. Hér er bætt við eins ákvæði og er í 2. málsl. 1. mgr. 61. gr. samvinnufélagalaganna, þess efnis að meðal skulda skuli sérgreina óskattlagt fjármagn.

B-liður. Orðið hlutir kemur í staðinn fyrir hlutabréf hér sem á nokkrum öðrum stöðum í frumvarpi þessu.

Um 76. gr.

A-liður. Þessi málsgrein er felld niður með hliðsjón af fyrirhugaðri breytingu á 112. gr. hfl., sbr. athugasemdir við 82. gr. frumvarps þessa.

B-liður. Með hliðsjón af fyrirhugaðri niðurfellingu 2. mgr. 100. gr. hfl. og breytingu á 112. gr. hfl. eru hér gerðar nauðsynlegar breytingar á 3. mgr. 100. gr. hfl.

Um 77. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 78. gr.

A-liður. Viðbótin varðandi reglur um framkvæmd endurmats er í samræmi við 6. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna.

B-liður. Breyting á 7. tölul. er í samræmi við 7. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna.

C-liður. Hér er ákvæðið fært til samræmis við 12. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna og því ekki einskorðað við skýringar varðandi kaup eða yfirtöku hluta í móður- eða dótturfélögum heldur einnig öðrum félögum. Þá breytist orðið hlutabréf í hluti.

D-liður. Hér er lítils háttar breyting gerð til samræmis við 13. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna.

E-liður. Til samræmis við 16. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna er hér ekki einungis miðað við kröfur á eða skuldir við dóttur- eða móðurfélög heldur og önnur félög sem hlutafélagið á í.

F-liður. Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna fyrirhugaðra breytinga á 100. gr. hfl., sbr. breytingu á 112. gr. laganna.

Um 79. gr.

Frestir til að skila ársreikningum til hlutafélagaskrár eru styttir mest um tvo mánuði almennt en 4–5 mánuði fyrir hlutafélög þar sem hlutabréf og verðbréf lúta opinberri gengisskráningu. Er þá m. a. höfð hliðsjón af dönsku ársreikningslögunum.

Á grundvelli f-liðar 1. mgr. 2. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB þarf að senda ársreikninga til hlutafélagaskrár. Þar eð vissir undantekningarmöguleikar eru fyrir hendi á grundvelli EES-samningsins varðandi skil á ársreikningum með hefðbundnum hætti og þá jafnframt varðandi aðgang að reikningum, sbr. 47. gr. 4. félagaréttartilskipunar EB, þykir rétt að hafa í lögum heimild til handa hlutafélagaskrá til að víkja frá reglunni um skil á óstyttum ársreikningum og almennan aðgang að þeim. Í 47. gr. tilskipunarinnar er nánar tiltekið um að ræða heimild til handa litlum félögum til að birta einungis styttan efnahagsreikning og stytta útgáfu af ársreikningsskýringum. Í fyrirhugaðri nýrri bókhaldslöggjöf er tekið nánar á þessum atriðum.

Samsvarandi heimildir og að framan greinir er að finna í dönsku og norsku hlutafélagalögunum en almennur aðgangur er að reikningum, sem skylt er að skila, samkvæmt lögum þessara tveggja ríkja.

Um 80. gr.

Hér er gerð samsvarandi breyting á 1. mgr. 107. gr. hfl. og gerð er á 1. mgr. 14. gr. laganna með 13. gr. frumvarpsins, sbr. 1. mgr. 110. gr. laganna. Vísast hér til athugasemdar við a-lið 13. gr. frumvarpsins.

Um 81. gr.

Orðinu sparisjóðsbækur er breytt í sparisjóðsreikninga. Þykir þetta nákvæmara orðalag nú þar eð bækur eru ekki alltaf gefnar út vegna innstæðna á slíkum reikningum. Tekið skal fram í þessu sambandi að 1. mgr. 110. gr. hfl. er í samræmi við 16. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 82. gr.

Hér er gert ráð fyrir nokkrum breytingum til samræmis við breytingar á dönsku hlutafélagalögunum sem íslensku hlutafélagalögin eru byggð á. Að sumu leyti grundvallast breytingarnar á 23. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.

Í 1. mgr. er nú gert ráð fyrir því að eigi sé heimilt í hlutafélögum, sem verða nú stærri tegund hlutafélaga á Íslandi, að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félaganna eða móðurfélaga þeirra lán eða setja tryggingu fyrir þá. Sama gildir um maka þeirra eða sambýlisfólk, svo og þá sem þeim eru skyldir að feðgatali eða niðja eða standa þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þetta þykir eðlilegt til að tryggja betur hagsmuni hluthafa og lánardrottna. Ákvæðið tekur til láns á peningum eða ígildi þeirra, t.d. í formi ávísana, víxla, skuldabréfa og hlutabréfa. Takmörkunin nær ekki til venjulegra viðskiptalána, t. d. greiðslukortaviðskipta, eða til lána til fyrirtækja sem eru hluthafar ef þau eru liður í viðskiptum og venjubundin bæði í fyrirtækinu og almennt í slíkum fyrirtækjum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að hlutafélag megi ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Að jöfnu við lán er lagt framlag eða trygging af hálfu hlutafélagsins í tengslum við kaup á hlutum. Þessi málsgrein tekur mið af 1. mgr. 23. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og dönsku hlutafélagalögunum.

Ákvæði 3. mgr. samsvara ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 112. gr. hfl.

Í 4. mgr. er kveðið á um endurgreiðslur vegna greiðslna félagsins í bága við ákvæði 1. og 2. mgr.

Í 5. mgr. er kveðið á um ábyrgð ef ekki er unnt að endurgreiða eða afturkalla tryggingu. Svipað ákvæði um ábyrgð er í 2. mgr. 110. gr. hfl.

Í 6. mgr. er að finna ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 112. gr. hfl. með nauðsynlegum breytingum.

Í 7. mgr. eru tekin upp ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 112. gr. hfl. með nauðsynlegum breytingum. Í staðinn fyrir hlutafélagsbanka er talað um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir með hliðsjón af nýlegum breytingum á íslenskri löggjöf.

Í 8. mgr. er að finna ákvæði 2. mgr. 112. gr. hfl. með nauðsynlegum breytingum.

Um XIV. kafla.

Slit hlutafélaga geta verið með ýmsum hætti. Í þessum kafla laganna er fjallað um slit hlutafélaga með gjaldþrotaskiptum (113. gr. hfl.), dómi héraðsdóms (114. gr.), opinberum skiptum (115. gr. og 116. gr.), ákvörðun hlutafélagaskrár (115. gr. a) og skilanefndarmeðferð (117.–125. gr.). Þá má einnig nefna að samruni hlutafélaga, breyting hlutafélags í einkahlutafélag og skipting hlutafélaga eru sérstakar tegundir félagsslita, sbr. XV. kafla laganna eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 83. gr.

Tilvísunin er í lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 84. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 85. gr.

A-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

B-liður. Breyta þarf 3. tölul. 1. mgr. þar eð gert er ráð fyrir því í 53. gr. frumvarpsins að í 49. gr. hfl. verði mælt fyrir um skyldu til að hafa framkvæmdastjóra í hlutafélögum.

C-liður. Breytingin hér er gerð með hliðsjón af breytingu á 105. gr. hfl.

Um 86. gr.

Nokkur tilvik koma upp öðru hverju þar sem stjórnarformaður eða aðrir stjórnarmenn hætta störfum án þess að varamönnum sé til að dreifa eða kjörnir séu nýir menn í stað þeirra sem hætta. Getur jafnvel komið til þess að enginn sé skráður stjórnarmaður. Þetta veldur opinberum innheimtuaðilum og öðrum margháttuðum erfiðleikum, ekki síst eftir að þess var nýlega krafist í skiptarétti (nú héraðsdómi) að sett væri 150.000 kr. trygging fyrir beiðni um gjaldþrotaskipti á hverju hlutafélagi í stað lágrar greiðslu áður fyrr. Þykir ekki ástæða til þess með tilliti til opinberra hagsmuna að viðskiptaráðherra eða hlutafélagaskrá standi straum af svo miklum kostnaði vegna aðgerða sem miða að því að óvirk hlutafélög verði á endanum afskráð. Hitt þykir réttara að gefa kost á möguleika á afskráningu með einfaldari en þó öruggum hætti. Afskráningin yrði ein tegund félagsslita. Breytingartillagan tekur samt ekki einungis til þess ef hlutafélag er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda heldur líka til þeirra tilvika að hlutafélagaskrá telji hlutafélag hafa hætt störfum eða að félagið sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar.

Greinin byggir á frumkvæði hlutafélagaskrár í þessum tilvikum andstætt ákvæði til bráðabirgða í lögunum um hlutafélög eins og þeim hefur verið breytt þar sem frumkvæði að afskráningu skal koma frá félagsstjórn. Það ákvæði gilti til 1. mars 1994.

Í sambandi við þessa grein má benda á fyrirhugaða breytingu á 48. gr. hfl. með frumvarpi þessu þar sem m. a. er gert ráð fyrir því, ef félag verður án stjórnar, að þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skoðist formlega í fyrirsvari fyrir félagið.

Um 87. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 88. gr.

Hlutafélagaskrá hefur í umboði viðskiptaráðherra séð um löggildingu skilanefnda og því um líkt. Hér eru ákvæði laganna löguð að framkvæmdinni.

Um 89.–90. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 91. gr.

Lögð er til breyting á orðalagi með hliðsjón af því að fé er nú ekki einungis unnt að leggja á geymslureikning í viðskiptabanka heldur og öðrum innlánsstofnunum sem heimild hafa til að taka við geymslufé.

Um 92. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 93. gr.

Ákvæði XV. kafla hlutafélagalaganna um samruna eru byggð á dönsku hlutafélagalögunum frá 1973. Ákvæðum dönsku laganna hefur verið breytt síðan á grundvelli 3. félagaréttartilskipunar EB frá 9. október 1978 (78/855/EBE). Í frumvarpi þessu er stuðst við hin nýju ákvæði XV. kafla dönsku laganna eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992. Sá kafli fjallar ekki aðeins um samruna sem fyrr heldur og breytingu hlutafélags í einkahlutafélag og skiptingu. Er fyrirsögnum breytt í samræmi við það. Helstu breytingar á grundvelli tilskipunarinnar eru þær að mun ítarlegri ákvæði eru um skilmála vegna samruna en í íslensku hlutafélagalögunum.

Um 94. gr.

Þessi grein tekur mið af 3.–4. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB og fjallar um tvær tegundir samruna, annars vegar samruna með yfirtöku og hins vegar samruna með stofnun nýs félags. Þegar um samruna með yfirtöku er að ræða er annað félagið algjörlega sameinað hinu félaginu, þ.e. með eignum og skuldum, og fyrra félaginu þá slitið. Þegar um samruna með stofnun nýs félags er að ræða er gömlu félögunum slitið. Í báðum tilvikum er um að ræða sérstaka tegund félagsslita.

Af því er varðar 2. mgr. skal tekið fram að einkahlutafélagið skal metið samkvæmt fyrirhugaðri 5. gr. a í hfl., sbr. 1. mgr. 31. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt með frumvarpi þessu. Ákvæði 2. mgr. 31. gr., sem einnig er gert ráð fyrir að breytt verði með frumvarpi þessu, undanþiggur aðeins að yfirtekið hlutafélag sé metið samkvæmt ákvæðum 5. gr. og 5. gr. a–c í tengslum við hlutafjárhækkun sem leiðir af samrunanum.

Í 3.–4. gr. 3. félagaréttartilskipunarinnar er það skilgreiningaratriði að hluthafar fái minnst 90% í yfirtökufélagi eða nýju félagi í hlutabréfum en mest 10% í reiðufé. Í 30. gr. tilskipunarinnar má þó víkja frá þessu og er þetta skilyrði því ekki sett í greinina. Ekki er heldur byggt á þessari viðmiðun í danskri hlutafélagalöggjöf.

Um 95. gr.

Þessi grein tekur mið af 5. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Fjallar hún um þau atriði sem greina skal í samrunaáætlun (drögum að samrunasamningi).

Með skuldabréfum með sérstökum réttindum í 5. tölul. er átt við skuldabréf sem breyta má í hluti.

Með eftirlitsaðilum í 9. tölul. er einkum átt við endurskoðendur.

Um 96. gr.

Ákvæði 1. mgr. taka mið af 9. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB og fjallar um greinargerð stjórnar um samrunaáætlunina.

Ákvæði 2. mgr. taka mið af 11. gr. tilskipunarinnar. Í málsgreininni er kveðið á um sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning samrunafélaganna og upphafsreikning yfirtökufélags.

Um 97. gr.

Þessi grein tekur mið af 10. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Fjallar hún um skriflega skýrslu óháðra, sérfróðra matsmanna um samrunaáætlunina.

Í sambandi við 4. mgr. þessarar greinar má vísa í 13. gr. tilskipunarinnar um vernd hagsmuna lánardrottna, svo og væntanlega 126. gr. g í hlutafélagalögunum, sbr. 101. gr. frumvarps þessa.

Um 98. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka að nokkur leyti mið af 6. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB og snerta birtingu í Lögbirtingablaði um undirritun samrunaáætlunar o.fl.

Um 99. gr.

Ákvæði 1. mgr. taka mið af 7. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB, svo og 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Hér er fjallað um töku ákvörðunar um samruna í yfirteknu félagi.

Ákvæði 2. mgr. varðandi töku ákvörðunar um samruna í yfirtökufélagi tekur mið af 8. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 4. mgr. taka mið af 6. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 5. mgr. taka mið af 1. og 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar, sbr. 8. gr. hennar.

Um 100. gr.

Í þessari grein er fjallað um hugsanlegar skaðabótakröfur hluthafa í yfirteknum félögum vegna ónógs endurgjalds fyrir hluti.

Um 101. gr.

Í þessari grein er tekið mið af 13. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB er fjallar um tiltekna vernd til handa lánardrottnum samrunafélaganna vegna krafna sem stofnast hafa fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlun enda hafi ekki verið sett sérstök trygging fyrir kröfunum.

Í þessu sambandi má vekja athygli á 4. mgr. 97. gr. frumvarpsins sem gert er ráð fyrir að verði 4. mgr. 126. gr. c í lögunum. Þar segir að matsmenn skuli gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum. Jafnframt skal bent á 98. gr. frumvarpsins er verður 126. gr. d í lögunum. Þar segir m.a. að athygli lánardrottna skuli vakin á rétti þeirra þegar matsmenn telja í yfirlýsingu sinni að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottnanna á fullnustu. Hlutafélagaskrá vekur athygli á samrunaáætlun og yfirlýsingu matsmanna með tilkynningu í Lögbirtingablaði, sbr. 1. mgr. 149. gr. hfl.

Um 102. gr.

Ákvæði 1. mgr. taka mið af 19. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB, sbr. 17. gr. tilskipunarinnar. Málsgreinin fjallar aðallega um það hvenær samruni hafi réttaráhrif.

Frá þeim tíma, er samruni verður, teljast réttindi og skyldur yfirtekins félags runnar í heild sinni til yfirtökufélags. Samtímis telst yfirtekna félaginu slitið og verða hluthafar í því félagi hluthafar í yfirtökufélaginu. Þeir hluthafar, sem fá fulla greiðslu á grundvelli samrunaáætlunar, verða þó ekki hluthafar í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 3. mgr. taka mið af 2. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Um 103. gr.

Ákvæði 2. málsl. þessarar greinar taka mið af 18. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Að því er varðar 3. málsl. vísast til 16. gr. sömu tilskipunar.

Ekki er tekið upp ákvæði 2. málsl. 129. gr. hfl. þess efnis að ákvörðun um samruna falli úr gildi sé hún ekki tilkynnt hlutafélagaskrá innan tveggja mánaða. Slíkt ákvæði er ekki að finna í samsvarandi grein danskrar löggjafar. Má í þessu sambandi vísa í 1. mgr. fyrirhugaðrar 126. gr. h í hfl. um það hvenær yfirteknu félagi telst slitið. Skaðabóta- og viðurlagaákvæði laganna þykja duga til að sporna við aðgerðaleysi.

Um 104. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka mið af 24.–25. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Í greininni er fjallað um yfirtöku eins hlutafélags á öðru hlutafélagi sem hið fyrrnefnda á alla hluti í.

Um 105. gr.

Í þessari grein er fjallað um yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum hlutafélags.

Um 106. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 107. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 108. gr.

Í þessari grein eru nauðsynleg ákvæði um breytingu hlutafélags í einkahlutafélag.

Um 109. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 110. gr.

Í þessari grein eru ákvæði til að uppfylla skilyrði 6. félagaréttartilskipunar EB frá 17. desember 1982 um skiptingu hlutafélaga (82/891/EBE). Ákvæði tilskipunarinnar, sem fylgja skal ef hlutafélagalög kveða á um skiptingu hlutafélaga, eiga sér ekki samsvörun í íslensku hlutafélagalöggjöfinni. Dönsku hlutafélagalögin, eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992, eru höfð sem fyrirmynd.

Markmiðið með 6. tilskipuninni er að samræma löggjöf aðildarríkja EB (nú einnig EES-ríkjanna), m.a. að því er varðar vernd til handa hluthöfum, lánardrottnum og þriðja manni við skiptingu hlutafélaga. Enn fremur er stefnt að því að girða fyrir það að farið sé í kringum verndarákvæði á grundvelli 3. félagaréttartilskipunar EB um samruna hlutafélaga.

Að ýmsu leyti gilda svipaðar reglur um skiptingu og samruna hlutafélaga. Með þessari grein verður ljósara eftir hvaða reglum eigi að fara þegar skipulagi hlutafélags er breytt þannig að hluti starfseminnar er skilinn frá félaginu. Verða slíkar breytingar þar með auðveldari. Meðal breytinganna má nefna að unnt er að skylda hluthafa í félagi, sem skipt er, til að taka við hlutabréfum í stað þess sem látið er af hendi við skiptingu og ákveðin er heimild í lögum til skuldaraskipta.

Í 2. gr. 6. tilskipunarinnar er það skilgreiningaratriði að hluthafar félagsins, sem skipt er, fái hlutabréf í viðtökufélögum fyrir a.m.k. 90% af framlögðum verðmætum við skiptingu en mest 10% í reiðufé. Í 24. gr. tilskipunarinnar má þó víkja frá þessu og er þetta skilyrði því ekki sett í greinina. Ekki er heldur byggt á viðmiðun þessari í danskri hlutafélagalöggjöf.

Aðalreglan skv. 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er sú að öllum eignum og skuldum hlutafélags sé skipt, sbr. skilgreininguna í 2. gr. tilskipunarinnar. Í 3. málsl. 1. mgr. er þó að finna undantekningu frá þessu á grundvelli heimildar í 25. gr. tilskipunarinnar. Undantekningin felur í sér að viðtökufélög geta tekið við hluta af eignum og skuldum þess félags sem skipt er.

Í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er vitnað í ýmsar greinar laganna um hlutafélög eins og þeim verður breytt ef frumvarp þetta verður samþykkt. Þessar greinar snerta aðallega samruna. Markmiðið er m.a. að tryggja hag lánardrottna.

Tilvísanir í einstakar greinar hlutafélagalaganna skulu skýrðar hér í örstuttu máli:

126. gr.: Viðtaka á öllum eignum og skuldum við skiptingu hlutafélags;

126. gr. a: gerð skiptingaráætlunar, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar;

1. mgr. 126. gr. b: greinargerðir félagsstjórna um skiptingaráætlun, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar;

5. gr. a–c og 1. mgr. 31. gr.: sérfræðiskýrsla um greiðslu í öðru en reiðufé;

2. mgr. 126. gr. b: sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur, svo og upphafsefnahagsreikningur, sbr. c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. c: skýrsla óháðra, sérfróðra matsmanna um skiptingaráætlunina og endurgjald fyrir hluti, sbr. 8. gr. tilskipunarinnar;

2. mgr. 126. gr. d: birting tilkynningar varðandi skiptingaráætlun, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar;

5. mgr. 126. gr. e: framlagning skjala sem hluthafar geta skoðað á skrifstofu síns félags, sbr. 9. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. g: hugsanleg setning tryggingar fyrir ógjaldföllnum kröfum í félagi því sem skipt er, sbr. 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. h: réttaráhrif skiptingarinnar, sbr. 15. og 17. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. i: tilkynning til hlutafélagaskrár um skiptinguna, sbr. 16. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins taka mið af 3. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar. Viðtökufélögin, svo og félag það sem skipt er og hugsanlega heldur áfram störfum, bera óskipta ábyrgð, ábyrgð til vara, á skuldbindingum þeim sem félag það sem skipt er ber áfram eða viðtökufélögin taka við. Ákveðnar takmarkanir eru settar varðandi fjárhæðina þannig að hún takmarkist við nettóverðmæti þess sem við hafði bæst í nýju félögunum eða var eftir í gamla félaginu þegar skiptingaráætlunin var birt.

Um 111. gr.

Allar greinar XV. kafla laganna um samruna eru felldar niður en með mismunandi hætti, 130.–131. gr. með berum orðum þar eð þær nýttust ekki undir ný ákvæði kaflans, 128. gr. verður 127. gr. en 131. gr. færist framar, sbr. 19.–21. gr. frumvarpsins.

Um 112. gr.

A-liður. Í upptalningu á þeim sem eru taldir bótaskyldir gagnvart félagi vegna starfa sinna fyrir það eru ekki aðeins taldir upp stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur heldur er bætt við matsmönnum og rannsóknarmönnum. Skilanefndarmenn mundu hér falla undir hugtakið stjórnarmenn.

B-liður. Hér er tekið upp ákvæði um bótaskyldu hluthafa gagnvart félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila og er það byggt á dönsku hlutafélagalögunum. Ásetningur þarf að liggja til grundvallar eða stórfellt gáleysi. Gáleysi eitt og sér nægir ekki, sbr. 1. mgr. Eru því gerðar strangari kröfur um bótaskyldu hluthafa en þeirra tilteknu aðila sem starfa fyrir félagið og taldir eru í 1. mgr.

C-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 113. gr.

Orðalagi er breytt hér með hliðsjón af breytingum á gjaldþrotalöggjöfinni.

Um 114. gr.

A-liður. Fremst er tæknileg breyting á tilvísun í grein. Frestir skv. a- og b-liðum til að höfða skaðabótamál eru einnig styttir nokkuð, úr tveimur til þremur árum í tvö ár, þar eð þeir þykja fulllangir.

B-liður. Í b-lið er til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 1. mgr. 132. gr. hfl. bætt við matsmönnum og rannsóknarmönnum sem hugsanlegum tjónvöldum.

Um 115. gr.

Fyrirsögn kaflans er **Útibú erlendra hlutafélaga** þar eð ákvæðin fjalla eingöngu um útibú erlendra félaga en félögin geta stundað starfsemi hér á landi í öðru formi en sem útibú, þ. e. sem sjálfstæð íslensk dótturfélög eða á grundvelli eignarhluta í íslenskum fyrirtækjum, allt með þeim takmörkunum sem gilda, sbr. t. d. bann í fjárfestingarlögum við erlendri fjárfestingu í útgerð hér á landi. Slíkt bann er heimilt samkvæmt EES-samningnum.

Um 116. gr.

Þessari grein er breytt m.a. með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 1. og 7. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB, svo og með hliðsjón af samsvarandi grein dönsku hlutafélagalaganna. Gerður er greinarmunur á því hvort um er að ræða útibú hlutafélaga í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða öðrum ríkjum.

Þótt sagt sé í grein þessari að erlend hlutafélög geti stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi takmarkast þessi heimild og heimild til atvinnurekstrar í öðru formi en með rekstri útibús af t. d. banni fjárfestingarlaga við fjárfestingu erlendra aðila í útgerð hér á landi. Það bann er, eins og áður er greint frá, í samræmi við undanþágu Íslandi til handa í EES-samningnum.

Í 2. mgr. felst sú breyting að ekki þarf að setja skilyrði um gagnkvæmni, þ.e. ráðherra kann að telja rétt að heimila erlendu félagi, sem á heimili utan Evrópska efnahagssvæðisins, að fjárfesta hér á landi í formi útibús án þess að íslensk félög njóti samsvarandi réttar í heimalandi erlenda félagsins. Efnisrök geta mælt með því og er enda gert ráð fyrir breytingu á fjárfestingarlögunum í þessa átt.

Um 117. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 118. gr.

Hér er sú breyting gerð að í heiti útibús erlends hlutafélags þarf ekki lengur að greina heimilisfang. Þá er fellt niður að geta skuli þess sérstaklega ef hið erlenda félag eða útibú þess er undir forræði skilanefndar þar eð það þykir ekki nauðsynlegt.

Um 119. gr.

Með hliðsjón af EES-samningnum er fellt niður það skilyrði að útibússtjóri skuli vera íslenskur ríkisborgari en skilyrðið var undanþægt. Til samanburðar má nefna að í 1. mgr. 50. gr. hfl. hefur ekki verið áskilið að framkvæmdastjórar væru íslenskir ríkisborgarar. Um heimilisfesti er vísað til ákvæða hlutafélagalaganna um framkvæmdastjóra. Þá er sérstaklega höfð í huga 2. mgr. 50. gr. hfl. eins og fyrirhugað er að henni verði breytt með frumvarpi þessu. Þar er ekki gert ráð fyrir því að búsetuskilyrðið gildi um þá ríkisborgara ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem þar eru búsettir. Af öðrum greinum má benda á 51., 52., 56. og 59.–62. gr. hfl.

Um 120. gr.

Gert er ráð fyrir því að um tilkynningar til hlutafélagaskrár um stofnun útibúa erlendra félaga fari eftir reglum sem ráðherra setur í stað þess að í lögunum sé fjallað um eyðublað og ýmis atriði sem skulu koma fram á því. Á þessum grundvelli má m.a. áskilja að stofnsamningur og samþykktir hins erlenda félags séu þýddar á íslensku, sbr. 4. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB. Ákvæði XVIII. kafla hfl. um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningu um stofnun hlutafélags skulu gilda, eftir því sem við á, um tilkynningu um stofnun útibús erlends hlutafélags.

Í 3. mgr. er ákvæði um að útibú megi ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð. Slíkt er í samræmi við 5. tölul. 135. gr. hfl. en í honum felst að ráðherra geti veitt erlendu hlutafélagi rétt til að starfa hér á landi ef það hefur hér skrásett útibú.

Um 121. gr.

Hér er tilkynningarskylda útibús til hlutafélagaskrár aukin. Nær hún ekki aðeins til upplýsinga um gjaldþrot hins erlenda félags heldur einnig félagsslitameðferð. Því er bætt við að geta þurfi gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar sem viðbótar við heiti útibúsins en fellt er niður að krefjast þess að bú þess verði þegar af viðkomandi ástæðu tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi, sbr. 4. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB. Hliðsjón er höfð af dönsku hlutafélagalögunum.

Um 122. gr.

A-liður. Þessi liður, sem varðar útstrikun úr hlutafélagaskrá vegna árangurslausrar aðfarar o.fl. gagnvart útibúi, er einskorðaður við útibú félaga sem hafa ekki lögheimili á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þetta í samræmi við dönsku hlutafélagalögin.

B-liður. Hlutafélagaskrá kemur í stað ráðherra að því er varðar veitingu frests til að koma málum í rétt horf.

C-liður. Breytingar eru gerðar á þessum tölulið með tilliti til breytinga á 135. gr. hfl. Segja má að tillaga að breytingu í þessum lið sé í samræmi við 1. tölul. þeirrar greinar þar sem talað er um að erlenda félagið þurfi að vera löglegt í heimalandi sínu.

D-liður. Í 5. tölul. er bætt við þeirri ástæðu, til að afmá megi útibú úr hlutafélagaskrá, að útibúið fullnægi ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér. Samsvarandi skilyrði er í 135. gr. hfl. og er í fullu gildi áfram þrátt fyrir EES-samninginn. Einkum er hér haft í huga ef upp kæmi að útibú hefði hafið rekstur sem óheimill væri samkvæmt ákvæðum fjárfestingarlaga, t.d. í útgerð hér á landi. Það svið m.a. er undanþegið ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt (atvinnurekstrarrétt).

Um 123. gr.

Ákvæðum þessarar greinar, um að kröfur á hendur útibúi falli í gjalddaga þegar afmá ber útibúið úr hlutafélagaskrá, er breytt með hliðsjón af EES-samningnum.

Um 124. gr.

Hér er því bætt við að útibússtjóri beri ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibúsins fyrir skrásetningu þess, sbr. fyrirhugaða 3. mgr. 139. gr. hfl.

Um 125. gr.

A-liður. Hér er tekið fram að hlutafélagaskrá annist skráningu hlutafélaga, eins og er í framkvæmdinni, en ekki viðskiptaráðherra eins og nú stendur í lögunum.

B-liður. Breytingin hér er gerð með tilliti til þess að hin síðustu ár hafa skráningargjöld í framkvæmdinni verið ákveðin í reglugerð og síðar lögum um aukatekjur ríkissjóðs þar sem gjöldin eru hækkuð ásamt öðrum gjöldum ríkissjóðs með hliðsjón af verðbólgu o.fl. Þá segir í frumvarpinu að veita skuli almennan aðgang að hlutafélagaskrá í stað þess að ráðherra sé heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Í reyndinni hefur almennur aðgangur verið veittur að skránni, þó ekki að reikningum hlutafélaga. Hefur staðið í lögum síðustu árin, að einungis sé heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á bréfum sínum. Þó er gert ráð fyrir að því ákvæði verði breytt með tilliti til bókhaldsákvæða EES-samningsins, sbr. athugasemd vegna breytingar á 105. gr. hfl.

Sektaheimild í reglum er hér lögfest eins og í dönsku hlutafélagalögunum.

Um 126. gr.

A-liður. Hér er fellt niður að fara fram á upplýsingar um stöðu stofnenda og fleiri aðila en hins vegar bætt við að veita skuli upplýsingar um kennitölu stofnenda o.fl. í tilkynningu um stofnun félags.

B-liður. Í breytingu samkvæmt þessum lið felst að lögmaður eða löggiltur endurskoðandi getur staðfest undirskriftir stjórnarmanna félags auk lögbókanda og tveggja votta eins og verið hefur.

C-liður. Hér er breytt tilvísun í ákveðna grein hlutafélagalaganna vegna fyrirhugaðrar breytingar með frumvarpi þessu.

D-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 127. gr.

A-liður. Nægilegt þykir að hlutafélagaskrá geti krafist sannana fyrir lögmæti breytinga á því sem tilkynnt hefur verið í stað þess að tilkynningu skuli fylgja sannanir fyrir lögmæti þeirra.

B-liður. Í ákvæðinu um skyldu hlutafélaga til að senda hlutafélagaskrá ákveðnar upplýsingar um stjórn o.fl. í júní ár hvert er lagt til að fellt verði niður ákvæði um firmaritun. Er hún bundin við ákveðinn fjölda stjórnarmanna og því vandséð að heimilisföng eða kennitölur skipti þar einhverju máli. Á hinn bóginn er lagt til að varastjórnarmenn verði tilkynntir eigi síður en stjórnarmenn.

C-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 128. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 129. gr.

Breytingar samkvæmt þessari grein taka einkum mið af breyttri framkvæmd varðandi birtingu í Lögbirtingablaði á tilkynningum um stofnun félaga og önnur atriði. Vísað er sérstaklega í nokkur mikilvæg atriði sem leiðir af EES-réttinum. Af 4. tölul. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB leiðir að íslenskum stjórnvöldum er í sjálfsvald sett hvernig birtingu í Lögbirtingablaði er háttað nema annað sé tekið fram.

Um 130. gr.

Viðbótinni við upptalninguna varðandi vanrækslu er einkum ætlað að taka til sérfræðinga, sbr. fyrirhugaða 5. gr. b í hfl.

Um 131. gr.

Hér er bætt við í upptalninguna um refsingu fyrir vísvitandi brot á nokkrum ákvæðum hlutafélagalaganna nýjum atriðum vegna viðauka við lögin á grundvelli EES-réttarins en þessum atriðum hefur einnig verið bætt inn í dönsku hlutafélagalögin. Ákvæðið um refsingu, ef formaður sinnir ekki skyldum sínum varðandi boðum til stjórnarfunda, er þó ekki byggt á EES-réttinum heldur dönsku lögunum. Þá er ákvæðunum um refsingu vegna brota á ákvæðum laganna um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess bætt við til samræmis við fyrirhuguð lög um einkahlutafélög.

Um 132. gr.

Rétt þykir að lögin öðlist þegar gildi og komi strax til framkvæmda, t.d. hvað snertir undanþágu EES-borgara frá búsetuskilyrðum um stofnendur, þótt tími til að aðlaga löggjöf sína á sviði félagaréttar EES-reglum renni ekki út fyrr en tveimur árum eftir gildistöku EES-samningsins. Gert er þó ráð fyrir því að hlutafélög hér á landi hafi aðlögunartíma samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða frá gildistöku laganna til 1. október 1995 til þess að gera ráðstafanir sem snerta val á því frambúðarréttarformi er félögin kjósa. Á þessu tímabili geta öll íslensk hlutafélög verið hlutafélög áfram nema þau kjósi að láta skrá sig sem eignarhlutafélög. Yrði fresturinn notaður af hlutafélögum t. d. til hækkunar hlutafjár og þá eftir þeim lagaákvæðum sem gilda samkvæmt lögum nr. 32/1978 með áorðnum breytingum.

Tekið skal fram hér að í 161. gr. hfl. er heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Tekur sú heimild til setningar reglugerðarákvæða vegna breytinga á lögunum á grundvelli frumvarps þessa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Gert er ráð fyrir að breytingar á lögum um hlutafélög og ný lög um einkahlutafélög öðlist gildi samtímis en þau hlutafélög, sem skráð séu við gildistöku laganna um hlutafélög, hafi vissan tíma til að gera ráðstafanir þannig að þau uppfylli skilyrði laganna með áorðnum breytingum. Þarf að sanna innan tiltekins tíma að hlutafé þeirra nái hinu nýja og hærra lágmarki laganna, að stjórn hafi, ef þarf, verið breytt til samræmis við lögin og einnig samþykktunum, t.d. varðandi hlutafé. Ella verða hlutafélögin sjálfkrafa að undangenginni viðvörun skráð sem einkahlutafélög. Eitt af skýrustu viðmiðunaratriðunum varðandi það hvort skráð hlutafélög uppfylli skilyrði til að kallast hlutafélög samkvæmt lögunum um hlutafélög með áorðnum breytingum á grundvelli frumvarps þessa er fjárhæð hlutafjárins sem skv. 3. mgr. 1. gr. laganna skal vera minnst fjórar milljónir króna. Geta því einhver starfandi hlutafélög orðið að hækka hlutafé til að geta talist hlutafélög þegar lögin með breytingum koma að fullu til framkvæmda. Leiðir þetta af 2. félagaréttartilskipun EB. Einnig má nefna hér að stjórn skal skipuð minnst þremur mönnum og getur því þurft að fjölga stjórnarmönnum í einhverjum hlutafélögum.

Þau félög, sem hafa ekki verið skráð fyrir gildistöku laga þessara, skulu uppfylla skilyrði þeirra fyrir skráningu.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði er fjallað um hlutafélög sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara en óska þess að verða strax umskráð sem einkahlutafélög í stað þess að láta skrá þau sjálfkrafa samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I. Er þessum hlutafélögum gefinn kostur á umskráningu á einfaldari hátt en gilda mun um félög sem skráð eru eftir gildistöku nýju lagaákvæðanna en um skráningu þeirra fer eftir fyrirhugaðri 128. gr. hfl., sbr. 108. gr. frumvarps þessa. Öll hlutafélög, sem umskráð eru, hvort heldur er að frumkvæði hlutafélagaskrár eða að eigin ósk, þurfa að uppfylla skilyrði laganna um einkahlutafélög nema hvað þau þurfa ekki að hækka hlutafé sitt sé það lægra en 500.000 kr.

Ólíklegt verður að telja að þau félög, sem skráð eru sem hlutafélög fyrir gildistöku ákvæða á grundvelli frumvarps þessa, muni ekki almennt fullnægja skilyrðum laga um einkahlutafélög en það er þó hugsanlegt. Af þessum sökum er lagt til að umskráningin fari fram. Leiði könnun við umskráninguna eða síðar hins vegar í ljós að félagið fullnægi ekki skilyrðum laganna um einkahlutafélög um skráningu, t.d. um það að taka upp í samþykktir sínar auðkennið einkahlutafélag (ehf.), ber að gefa félagi stuttan frest til að bæta úr þessu. Verði félag ekki við þeim tilmælum má slíta félaginu eftir þeim reglum sem gilda um félagsslit.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða tveim öðrum frumvörpum, frumvarpi til laga um einkahlutafélög og frumvarpi til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Meginbreytinguna á núverandi hlutafélagalögum er að finna í tveim fyrstnefndu frumvörpunum, þar sem lagt er til að framvegis verði gerður greinarmunur á minni hlutafélögum, svokölluðum einkahlutafélögum, og stærri hlutafélögum. Skýrt er skilið á milli þessara tveggja tegunda hlutafélaga með lágmarkshlutafé sem er 500 þús. kr. fyrir einkahlutafélög og 4 m.kr. fyrir hlutafélög.

Verði frumvörpin um einkahlutafélög og hlutafélög að lögum, verður að endurskrá núverandi hlutafélög og meta í hvorn hópinn þau eiga að falla. Að höfðu samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið er ætlað að aukakostnaður af þessum sökum geti numið 0,5–1 m.kr. Mun sá aukakostnaður einnig ná til frumvarps um einkahlutafélög og frumvarps um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög. Í ákvæðum til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að aðlögunartími til endurskráningar verði til 1. október 1995. Kostnaður mun því dreifast yfir langan tíma.

100. Frumvarp til laga [97. mál]

um einkahlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.

Einkahlutafélag merkir félag samkvæmt lögum þessum þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Hlutafé í einkahlutafélagi skal minnst vera 500.000 krónur og skiptist það í einn eða fleiri hluti. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ECU). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal öðlast gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Nú uppfyllir einkahlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að einkahlutafélag verði stofnað.

Einkahlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið einkahlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Að öðru leyti fer um heiti félaganna eftir ákvæðum firmalaga.

Á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum einkahlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti einkahlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Nú á einkahlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi sem um ræðir í 1. mgr. og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef einkahlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga, yfirráð í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

II. KAFLI
Stofnun einkahlutafélags.

3. gr.

Stofnendur einkahlutafélags, einn eða fleiri, skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá), svo og skrá sig fyrir hlutum. Stofnendur skulu einir vera áskrifendur hluta. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um þau efni sem 4. gr. fjallar um.

Stofnandi, ef hann er einn, en a.m.k. einn stofnenda ef fleiri eru, skal hafa heimilisfesti hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrrgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.

Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

4. gr.

Í stofnsamningi skal ávallt greina:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda;
2. hvernig hlutir skiptist milli stofnenda;
3. hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut;
4. ef félagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað. Í fyrstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 4. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði:

1. ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé;
2. ef félagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum;
3. ef einhverjir stofnendur eða aðrir skulu njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal stofnsamningi fylgja skýrsla sem hefur að geyma:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir;
2. lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við;
3. upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið;
4. tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við og
5. yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út, að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs; endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Kröfur á hendur stofnendum geta talist greiðsla. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu.

Skjöl, sem eru ekki að meginefni til tekin upp í stofnsamningi en vísað er til þar, skulu fylgja honum.

Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði í sambandi við stofnun félags, sem er ekki getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

6. gr.

Stofnsamningi skal fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns um að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt.

Ef félag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins, staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikninginn skal setja upp í samræmi við lagaákvæði um ársreikninga og skal hann áritaður af endurskoðanda án fyrirvara og honum fylgja vottorð endurskoðanda um að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun félagsins.

Endurskoðandi eða lögmaður hefur rétt til að framkvæma þær athuganir, sem hann telur nauðsynlegar, og getur krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem hann telur þörf á til að geta rækt starf sitt.

7. gr.

Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum einkahlutafélags.

Í samþykktum einkahlutafélags skal greina eftirtalin atriði:

1. heiti félagsins;
2. heimilisfang félagsins;
3. tilgang félagsins;
4. hlutafé;
5. hvort hlutafé skiptist í hluti og, ef svo er, fjárhæð hlutanna (nafnverð) og atkvæðisrétt hluthafa;
6. fjölda eða lágmarks- og hámarksfjölda stjórnarmanna og hugsanlegra varastjórnarmanna, kjörtímabil stjórnarmanna, fjölda endurskoðenda og kjörtímabil þeirra;
7. hvernig boða skuli til hluthafafunda;
8. hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund og
9. hvert skuli vera reikningsár félagsins.

Í samþykktum skal einnig greina eftirtalin atriði sem afstaða kann að hafa verið tekin til:

1. hvort hluthafar skuli að nokkru eða öllu leyti sæta innlausn af hálfu félagsins eða annarra á hlutum sínum og eftir hvaða reglum;
2. hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, sbr. 14. og 15. gr., og þá hverjar eða
3. hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi, sbr. 12. gr.

Að því marki sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings skal í félagssamþykktum greint hvernig ráðstafa skuli hagnaði og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.

8. gr.

Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi. Þar skal leggja fram undirritaðan stofnsamning, tillögur að samþykktum og önnur skjöl sem nauðsynleg eru. Félagið telst stofnað ef stofnendur eru einhuga um það og þann grundvöll sem félagið er byggt á.

Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur.

9. gr.

Stjórn félags skal tilkynna það til skráningar innan tveggja mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé sé greitt. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð í samræmi við stofnsamning.

Ef tilkynning um stofnun einkahlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests sem um ræðir í 1. mgr. skal synja skráningar. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé. Sama gildir ef skráningar er synjað af öðrum ástæðum.

10. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur heldur ekki verið aðili í dómsmálum.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd félags áður en það er skráð og bera þeir sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann óskipta persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiðir af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur áður en félag er skráð og viðsemjandinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema um annað sé um samið, riftað gerningnum svo framarlega sem tilkynning til hlutafélagaskrár er ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 8. gr. eða skráningar hefur verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann riftað löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI
Greiðsla hlutafjár.

11. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans og skal hún innt af hendi fyrir skráningu, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Skilyrði, sem hluthafi setur í tengslum við stofnun einkahlutafélags og ekki samrýmast lögum þessum eða stofnsamningi, hafa ekkert gildi.

Ekki má skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, gegn kröfu er hluthafi kann að eiga á hendur félaginu nema stjórn þess samþykki. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

IV. KAFLI
Hlutir og hlutaskrá.

12. gr.

Í einkahlutafélagi eru einn eða fleiri hlutir í eigu eins eða fleiri hluthafa. Séu hlutir fleiri en einn skulu allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins. Má þar m.a. kveða á um hlutaflokka án atkvæðisréttar.

13. gr.

Hluti má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum félagsins. Í samþykktum má ákveða viðskiptahömlur um hluti í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. eða sérstakra laga.

14. gr.

Í samþykktum má ákveða að við eigendaskipti að hlut, önnur en við erfð eða búskipti, skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m.a. greina:

a. röð forkaupsréttarhafa;
b. ákvæði um frest er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum sem lengstur má vera tveir mánuðir og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð og
c. ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin; ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Taki tilboð til margra hluta eins eða fleiri hluthafa er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því er varðar nokkra þeirra nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er ákvæðið ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

15. gr.

Ákveða má í samþykktum að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins.

Stjórn félags tekur ákvörðun um hvort samþykki skuli veitt nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um, hvort veita skuli samþykki, skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá skriflegri beiðni um það skal svo litið á að samþykki hafi verið veitt.

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðila ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

16. gr.

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu, með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á, þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa í félagi því sem um ræðir skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

17. gr.

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 16. gr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutir fyrri eiganda ógildir. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

18. gr.

Ef hluthafi á meira en 1/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. gilda eftir því sem við á.

19. gr.

Þegar einkahlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.

Í hlutaskrá skulu hlutir skráðir í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut greint frá nafni eiganda, kennitölu og heimilisfangi.

Gefa má út hlutaskírteini í einkahlutafélögum.

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 14. og 15. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Sá sem eignast hefur hlut getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Ef þess er krafist af hluthafa eða veðhafa skal félagið gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskrána.

Hlutaskrá skal ætíð geymd á skrifstofu félags og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

20. gr.

Framsal hluta til eignar eða veðsetning þeirra hefur ekki gildi gagnvart lánardrottnum framseljanda eða veðsala nema félagið hafi fengið tilkynningu þar að lútandi frá framseljandanum eða veðsalanum.

Ef hluthafi hefur framselt eða veðsett sömu hluti fleiri en einum aðila gengur réttur síðari framsalshafa eða veðhafa fyrir ef félagið fær fyrst tilkynningu um framsal til hans eða veðsetningu honum til handa og síðari aðilinn var í góðri trú þegar tilkynningin barst félaginu.

21. gr.

Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

22. gr.

Ef einkahlutafélag, sem er skráð í eigu fleiri en eins aðila, kemst á hendur eins aðila skal tilkynna hlutafélagaskrá það.

V. KAFLI
Hækkun hlutafjár.

23. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið hækkun hlutafjár hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 30. gr. Hækkun hlutafjár má ekki ákveða fyrr en félagið hefur verið skráð.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim eftir þeim reglum sem greinir í 4. mgr. 63. gr. Tillagan skal enn fremur lögð fram á hluthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hluthafafundi skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

a. eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga;
b. skýrslu stjórnar þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að reikningar voru gerðir og
c. yfirlýsingu endurskoðenda um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 24. gr., ásamt upplýsingum um hvernig þeir er áskriftarrétt hafa skuli bera sig að ef þeir vilja notfæra sér þennan rétt. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum.

24. gr.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína nema annað sé ákveðið í samþykktum. Nú notar eða framselur einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er mismunandi er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 68. gr., ákveðið að víkja frá þeirri reglu er greinir í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

25. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. hve mikið hækka skal hlutaféð og má setja hámark og lágmark fyrir hækkuninni;
2. þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar;
3. forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum;
4. frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár sem skal send strax í kjölfar ákvörðunarinnar;

5. frest til greiðslu hluta, sem þó má ekki vera lengri en til skráningar hækkunar, ásamt reglum um hvernig skipta skuli hlutum ef þeir sem eiga ekki forgangsrétt hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en gefinn er kostur á enda sé skiptingin ekki falin stjórninni;
6. nafnverð hluta og gengi þeirra;
7. áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skulu skyldir til að sæta innlausn hluta sinna skal það tekið fram í ákvörðuninni.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

Í næstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina.

26. gr.

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5.–6. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á. Stjórn félagsins skal leggja fram skýrslu skv. 2. mgr. 5. gr.

Skýrsla stjórnar og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, er þetta varða, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku, áður en hluthafafundur er haldinn og einnig vera lögð fram á fundinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna á grundvelli XV. kafla laga hlutafélög eða XV. kafla laga þessara.

27. gr.

Áskrift nýrra hluta gerist með skráningu í gerðabók.

Hafi áskrift verið gerð með fyrirvara skal beita reglum 2. mgr. 11. gr. eftir því sem við á.

28. gr.

Tilkynning um hækkun hlutafjár verður ekki skráð í hlutafélagaskrá fyrr en heildarhlutaféð hefur verið greitt, svo og það sem greiða kann að eiga umfram nafnverð. Ef tilkynning hefur ekki verið send innan árs frá því að ákvörðun var tekin eða skráningar er synjað fellur niður ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Fjárhæðir, sem greiddar hafa verið, skal endurgreiða áskrifendum án tafar.

29. gr.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta getur farið fram á þann hátt að yfirfærðar séu fjárhæðir sem skv. 99. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning skv. 4. mgr. 89. gr. eða við yfirfærslu úr lögmæltum varasjóði skv. 3. mgr. 100. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta skal greina hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

30. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

Hluthafafundur getur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhluta á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktum á grundvelli 1. og 2. mgr.

VI. KAFLI
Lántaka með sérstökum skilyrðum.

31. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meiri hluta atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum að félagið taki skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því.

Í samþykkt hluthafafundar skv. 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 23.–24. gr., 1.–5. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 25. gr. og 26.–27. gr.

Í samþykkt skv. 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Samþykkt hluthafafundarins skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

Ef fjárhæð sú sem greidd er fyrir skuldabréf er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum má breytingin því aðeins fara fram að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

32. gr.

Samþykkt skv. 31. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá sem hækka má hlutaféð um og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna hversu mörgum skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutafé hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni, má félagsstjórn gera.

33. gr.

Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð sem greiddur er hluthöfum eða við árshagnað enda sé gætt ákvæða laga og fyrirmæla um vaxtaákvarðanir.

VII. KAFLI
Lækkun hlutafjár.

34. gr.

Þegar frá er skilin hlutafjárlækkun eftir reglum 37. gr. og 4. mgr. 38. gr. má aðeins hlutahafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka fyrr en félagið hefur verið skráð. Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar skv. 2. mgr. þessarar greinar og hvernig hún á að fara fram.

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutafé um, ásamt upplýsingum um hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:

1. til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt;
2. til greiðslu til hluthafa;
3. til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa eða
4. til að leggja í sérstakan sjóð sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárlækkunina skulu vera fyrir hendi eignir er svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Ef greiða á af eignum félagsins hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni skal þess getið bæði í ákvörðuninni og áskorun skv. 36. gr. ásamt þeirri fjárhæð sem umfram er.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVIII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 148. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

35. gr.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt að hlutafjárlækkun hafi farið fram.

36. gr.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru eða öllu leyti í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. 34. gr. skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo framarlega sem tilkynntar gjaldfallnar kröfur eru ekki greiddar og fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna má ekki framkvæma hlutafjárlækkunina. Hlutafélagaskrá getur úrskurðað eftir ósk aðila hvort framboðin trygging sé nægileg.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal auk nauðsynlegra sönnunargagna fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutafjárlækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því að ákvörðunin var skráð missir hún gildi sitt og tilkynning sú sem gerð var skv. 5. mgr. 34. gr. skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

37. gr.

Lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum getur farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félags án áskorunar skv. 36. gr. þegar ákvæðin um innlausn ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar hafa verið sett í samþykktir félags við stofnun þess eða, sé um að ræða útgefna hluti vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

Hlutafjárlækkun skv. 1. mgr. má því aðeins framkvæma að félagið eigi eftir lækkunina eignir sem svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

VIII. KAFLI
Eigin hlutir.

38. gr.

Einkahlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en sex mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hluti þannig að lögmæltu marki sé náð innan sex mánaða. Kaup eigin hluta má aðeins fjármagna úr frjálsum sjóðum félagsins.

Nú eignast dótturfélag eða tekur að veði hluti í móðurfélagi þess og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Einkahlutafélagi er óheimilt að taka eigin hluti að veði til tryggingar lánum til hluthafa, sbr. 104. gr.

Ef hlutir eru ekki seldir á réttum tíma skv. 1. mgr. ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

IX. KAFLI
Um félagsstjórn og framkvæmdastjóra.

39. gr.

Í stjórn einkahlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn a.m.k. einn varamaður.

Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meiri hluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi. Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

Stjórnendur skulu kosnir meirihlutakosningu eða hlutfallskosningu. Ýmist má bjóða fram einstaklinga eða lista með nöfnum allt að jafnmargra manna og kjósa skal. Líta skal á einstaklingsframboð sem lista með einum manni. Sé ekki annað tekið fram í félagssamþykktum og komi ekki fram krafa um annað, sbr. 5. mgr., skal kosið meirihlutakosningu. Framboð og kosningu skal endurtaka ef þörf krefur þar til nægilega margir stjórnarmenn og varamenn hafa verið kjörnir.

Við meirihlutakosningu hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, alla sína menn kjörna. Við hlutfallskosningu skal deila atkvæðamagni framboðslista með heiltölunum 1, 2, 3 o.s.frv. jafnoft og nemur tölu manna á hverjum lista. Kjör í stjórnarsæti fer síðan eftir röð stærstu deilda.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal ljúka við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn þeirra.

40. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim sem tilnefnt hefur hann hafi hann ekki verið kjörinn á hluthafafundi. Sá sem hefur kjörið eða tilnefnt stjórnarmann getur vikið honum frá störfum. Gæta verður þó ákvæða 39. gr. ef hlutfallskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en ⅔ í tveggja manna stjórn, meira en ¾ í þriggja manna stjórn, meira en ⅘ í fjögurra manna stjórn, meira en ⅚ í fimm manna stjórn, meira en ⅙ í sex manna stjórn, meira en ⅞ í sjö manna stjórn, meira en ⅘ í átta manna stjórn, meira en ⁹⁄₁₀ í níu manna stjórn o.s.frv.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 42. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtíma hins fyrri eða óska eftir tilnefningu. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram svo framarlega sem stjórnin er ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

41. gr.

Stjórn félags getur ráðið einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

Skipi einn maður stjórnina má hann jafnframt vera framkvæmdastjóri. Í tveggja manna stjórn má annar vera framkvæmdastjóri.

42. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Hafi viðkomandi verið stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í einkahlutafélögum eða hlutafélögum á tímabilinu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar og gjaldþrotaúrskurður hefur oftar en einu sinni verið kveðinn upp í slíkum félögum á síðustu þremur árum má viðkomandi ekki verða stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í einkahlutafélagi í sams konar eða svipuðum rekstri fyrr en liðin eru minnst þrjú ár frá uppkvaðningu síðasta gjaldþrotaúrskurðar. Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Sé stjórnarmaður einn gildir búsetuskilyrðið um hann og jafnframt gildir það um annan tveggja stjórnarmanna. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

43. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki stunda eða taka þátt í spákaupmennsku með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

44. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 41. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

45. gr.

Þegar samstæða félaga er mynduð skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélagsins. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélagið máli. Tilkynna skal stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

46. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–5. mgr. 39. gr. um hlutfallskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar þótt hann sé ekki stjórnarmaður og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef stjórn félags er aðeins skipuð einum manni. Hann skal að jafnaði taka mikilvægar ákvarðanir í málefnum félagsins að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og skráir þær í gerðabók félagsins, svo og dagsetningar og annað sem máli skiptir.

47. gr.

Fjölskipuð félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

48. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og hans, um málshöfðun gegn honum eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef hann hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

49. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 42. og 48. gr. eiga við um þá er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

50. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 44. gr.

51. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera nokkrar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

Sé aðeins einn hluthafi í einkahlutafélagi skulu samningar milli hans og félagsins færðir í gerðabók eða gerðir skriflega með öðrum hætti nema um sé að ræða samninga sem eru liður í daglegum viðskiptum og með venjulegum kjörum.

52. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 49.–50. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum;
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 150. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

53. gr.

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 150. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

54. gr.

Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna.

Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

X. KAFLI
Hluthafafundir.

55. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum einkahlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum. Þetta á þó ekki við um einkahlutafélag eins aðila. Þar kemur hluthafi í stað hluthafafundar, tekur sjálfur ákvarðanir fyrir hönd félagsins og skráir þær í gerðabók.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

56. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Það má afturkalla hvenær sem er.

57. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.

Í félagssamþykktum má ákveða að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meiri hluta alls hlutafjár eða þess sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn sjálfum sér eða um ábyrgð sína gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

58. gr.

Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

59. gr.

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan níu mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda. Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

a. staðfestingu ársreiknings;
b. hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og
c. önnur þau mál er heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅓ hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr. til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Sé hluthafi einn skal hann taka ákvarðanir samkvæmt þessari grein.

60. gr.

Aukafund skal halda þegar félagsstjórn telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan fjórtán daga ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅒ hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni enda sé lægra mark ekki ákveðið í félagssamþykktum.

61. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

62. gr.

Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

Ef félagið hefur enga starfandi stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar skal hlutafélagaskrá láta boða til fundarins ef stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður hlutafélagaskrár skal stýra hlut-

hafafundum sem skráin hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 65. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda honum hlutaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins.

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

63. gr.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu dagskrá og endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda sé um aðalfund að ræða, lagðar fram skráðum hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis sendar sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Falla má frá formreglum 1.–4. mgr. ef allir hluthafar sækja hluthafafund og eru sammála um það.

64. gr.

Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt mála hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um þau auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

65. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar skv. 2. mgr. 62. gr. ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa er fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir sem fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

66. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað.

67. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

68. gr.

Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta skal tekin á hluthafafundi nema stjórn hafi heimild til að breyta samþykktum samkvæmt lögum þessum. Ákvörðunin verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 69. gr.

Samþykkt um breytingu á samþykktum einkahlutafélags skal tilkynnt hlutafélagaskrá þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

69. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta;
2. að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu;
3. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 14. og 15. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó að 1. tölul. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild að hluthafar, sem ráða yfir meira en ⁹⁄₁₀ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna ef hluthafar, sem eiga meira en 9/10 hluta hlutafjár þess hlutaflokks er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

70. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

71. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild.

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við:

a. þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa;
b. þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa, til þess að ákvörðun öðlist gildi, og slíkt samþykki er ekki fengið;
c. þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra sem um fundarboðun gilda hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt;
d. þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál eftir að frestur sá sem tiltekinn er í 2. mgr. er útrunninn en þó innan tveggja ára eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau að ákvörðun hluthafafundar telst ógild og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa er ekki hafa staðið að málshöfðum. Endurrit dóma í slíkum málum skal senda hlutafélagaskrá og þar skráð niðurstaða þeirra ef ástæða þykir til.

XI. KAFLI
Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

72. gr.

Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins. Aðalfundur getur einnig kosið varaendurskoðendur. Í samþykktum félagsins má ákveða að einn eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli tilnefndir á annan hátt. Sé hluthafi einn skal hann ákveða þessi efni.

Hafi tillaga um kosningu endurskoðanda verið felld á aðalfundi og hluthafahópur, sem ræður minnst 1/5 hlutafjár, krefst þess á aðalfundi þar sem endurskoðendur skal kjósa skal stjórn félags fara þess á leit við hlutafélagaskrá að hún nefni til einn endurskoðanda er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt kjörnum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Ef stjórn félagsins hefur ekki komið ósk þessari á framfæri innan tveggja vikna

frá aðalfundi getur hver hluthafi borið fram ósk þessa við hlutafélagaskrá. Telji hlutafélagaskrá nægilegar ástæður til þess að verða við óskinni skal hún nefna til löggiltan endurskoðanda. Þóknun til þess endurskoðanda, er hlutafélagaskrá tilnefnir, er háð samþykki hennar og skal félagið greiða hana.

73. gr.

Endurskoðendur einkahlutafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Af endurskoðendum félags skal að minnsta kosti einn vera heimilisfastur hér á landi enda sé slíkt skilyrði í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland.

Endurskoðendur skulu með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem nauðsynleg er til rækslu starfans.

Þegar endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun skal sá sem falin er endurskoðunin uppfylla skilyrði 73.–75. gr.

Óheimilt er að kjósa samstarfsmenn eða sameigendur að endurskoðunarstofu sem endurskoðendur í sama einkahlutafélagi.

Kjósa skal einn af endurskoðendum móðurfélags sem endurskoðanda í dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

74. gr.

Í einkahlutafélögum skal a.m.k. einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur ef einhver eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt: bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur eru a.m.k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ársmenn) eru fleiri en 50. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar að einhverju framangreindra marka verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma en annars skal við það miða að einhverju framangreindra marka hafi verið náð í ársreikningi tveggja síðastliðinna reikningsára.

Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hluti milli aðila, skal a.m.k. einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

Hluthafahópur, sem ræður yfir minnst ⅕ hlutafjár, getur krafist þess að kosinn verði einn löggiltur endurskoðandi. Krafa um þetta skal fram borin á aðalfundi þar sem kjósa skal endurskoðendur.

75. gr.

Endurskoðandi einkahlutafélags má ekki vera í stjórn þess, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður. Eigi má hann heldur vera í þjónustu formanns stjórnar félagsins, framkvæmdastjóra þess, prókúruhafa eða þeirra starfsmanna sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi þess eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Endurskoðandi einkahlutafélags má ekki vera í þjónustu stjórnarmanns félagsins.

Þann sem er ekki hlutgengur við kosningu endurskoðanda í móðurfélagi má ekki kjósa sem endurskoðanda í dótturfélagi.

Endurskoðandi má hvorki vera skuldugur félaginu né félögum í sömu samstæðu.

76. gr.

Í samþykktum félags skal kveðið á um starfstíma endurskoðanda. Starfi endurskoðanda skal ljúka við lok þess aðalfundar sem haldinn er eftir lok síðasta reikningsárs sem endurskoðandi var kosinn fyrir eða, ef endurskoðandi er kosinn til óákveðins tíma, þegar annar endurskoðandi er kosinn í hans stað.

Endurskoðandi getur hvenær sem er sagt upp störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra er kusu hann eða tilnefndu.

Ljúki starfi endurskoðanda áður en kjörtímabili er lokið, eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til að vera endurskoðandi og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórnin annast um að kosinn verði nýr endurskoðandi í hans stað eins fljótt og unnt er.

77. gr.

Ef endurskoðandi er ekki kosinn eða kosning hans brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 73. gr., 1. og 2. mgr. 74. gr. eða 1.–3. mgr. 75. gr. eða er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins skal hlutafélagaskrá tilnefna endurskoðanda ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða hluthafa.

Hafi á aðalfundi ekki verið sinnt kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 74. gr. skal hlutafélagaskrá tilnefna þennan endurskoðanda þegar tilmæli um það koma fram frá hluthafa. Tilmæli skulu borin fram í síðasta lagi einum mánuði eftir að aðalfundurinn var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar gildir þar til nýr endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

78. gr.

Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Ef um móðurfélag er að ræða skulu endurskoðendur einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna.

Endurskoðendur skulu fylgja þeim kröfum sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju.

79. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skulu sömu aðilar einnig sjá til þess að endurskoðendur fái þau gögn, þær upplýsingar og þá aðstoð sem þeir álíta nauðsynlega til að framkvæma verk sitt. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri dótturfélags hafa samsvarandi skyldur við endurskoðendur móðurfélags.

80. gr.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal fram koma skoðun endurskoðenda á því hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur séu samdir í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í skýrslu sinni ef kostur er. Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni. Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun að atvik liggi fyrir sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni sem þeir telja rétt að hluthafar fái vitneskju um.

81. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin varðveitir gögn þessi á öruggan hátt.

82. gr.

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Í einkahlutafélögum eins aðila skal stjórn hafa nauðsynlegt samráð við endurskoðendur um málefni félagsins, sbr. 2. mgr. 55. gr.

83. gr.

Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félags. Endurskoðanda, sem segir af sér starfi, er þó heimilt að tilkynna þeim endurskoðanda, sem kemur í hans stað, ástæðuna fyrir uppsögn sinni.

84. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minnst ¼ hlutafjárins getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við hlutafélagaskrá að hún tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina svo framarlega sem hlutafélagaskrá telur nægilegar ástæður til þeirra. Hlutafélagaskrá skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess og, þegar við á, þeim sem málið varðar tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna áður en hún tekur ákvörðun sína. Hlutafélagaskrá ákveður fjölda rannsóknarmanna en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði 1. mgr. 73. gr., 75., 79., 82. og 83. gr. eiga einnig við um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafunda. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af hlutafélagaskrá.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

XII. KAFLI
Ársreikningur og skýrsla stjórnar.

85. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og jafnframt reikning félagasamstæðu ef um móðurfélag er að ræða. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirritaðir af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi eða samstæðureikningi skulu þeir undirritaðir með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu stjórnar, sbr. 95. gr., hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

86. gr.

Reikningsár einkahlutafélags skal vera tólf mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó ekki lengra en átján mánuðir.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

87. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 91., 93. og 94. gr. um eignarhluta í einkahlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum.

Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 94. gr.

88. gr.

Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum er slíkt samræmist góðri reikningsskilavenju.

89. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. fastafjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst kostnaður við endurbætur sem færður hefur verið sérstaklega á reikningsárinu eða eignfærður hefur verið á fyrri reikningsárum. Fastafjármuni má annars ekki, að undanteknum ákvæðum 4. og 6. mgr. þessarar greinar, færa á hærra verði en bókfært verð þeirra er í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Fastafjármunir, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu árlega afskrifaðir a.m.k. um þá fjárhæð er nemur verðrýrnuninni nema viðkomandi eign hafi þegar verið afskrifuð nægilega. Afskrifa skal þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að lækka verð viðkomandi eignar að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs má hækka bókfært verð þeirra þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar enda sé hækkunin talin varanleg. Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal setja í endurmatsreikning. Í endurmatsreikning skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Endurmatsreikningi má aðeins ráðstafa til:

1. nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum;
2. að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir;
3. hækkunar á hlutafé;
4. að verðbæta varasjóð, sbr. 100. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutum;
5. að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar;
6. að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tölul. 4. mgr. 93. gr., sem skylt er að verðbæta.

Þá lækkun fastafjármuna, sem verður ekki jöfnuð skv. 1. lið hér að framan, má jafna með sérstakri afskrift.

Langtímakröfu má færa með áætluðu raunvirði enda þótt hún hafi verið færð með lægra verði í síðasta efnahagsreikningi sem vafasöm eða verðlaus.

90. gr.

Eigin hlutir skulu færðir til frádráttar heildarhlutafé. Ef hlutir hafa verið löglega keyptir á síðustu tveimur reikningsárum er heimilt að færa þá til eignar í efnahagsreikningi með verði allt að kostnaðarverði.

Við mat á hlutum móðurfélags í dótturfélagi skal ekki tekið tillit til verðgildis þeirra hluta sem dótturfélag kann að eiga í móðurfélagi.

Hafi félag tekið við starfsemi eða fyrirtæki og kaupverðið er hærra en raunverð hinna fengnu eigna þá má færa það sem umfram er til eignar meðal fastafjármuna ef talið verður að um viðskiptavild sé að ræða. Viðskiptavild skal afskrifa árlega um hæfilega fjárhæð og ekki minna en nemur 10% á ári af kostnaðarverði.

Færa má sem fastafjármuni kostnað við tæknilega og viðskiptalega aðstoð, rannsókna- og þróunarvinnu, tilraunavinnslu, markaðsrannsóknir og þess háttar ef um er að ræða verulegt og varanlegt verðmæti fyrir félagið. Árleg afskrift skal nema hæfilegri fjárhæð og ekki vera lægri en 20% af eignfærðum kostnaði nema við þær sérstöku aðstæður að lægri afskrift verði talin eðlileg samkvæmt góðri reikningskilavenju.

Þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána og gengistap, svo og samsvarandi hækkun vegna verðtryggingar slíkra lána, er heimilt að eignfæra og afskrifa innan lánstímans hafi kostnaðurinn ekki verið gjaldfærður strax.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun á hlutafé má ekki eignfæra.

Verðbréf, sem opinber gengisskráning er til um, má ekki færa á hærra verði en síðasta skráðu kaupverði í lok reikningsársins.

Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, skal fara eftir góðri reikningsskilavenju varðandi áætlaðan hagnað eða tap af verkunum.

91. gr.

Efnahagsreikningur skal sýna eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs. Meðal skulda skal sérgreina óskattlagt fjármagn.

Eftirfarandi liðir skulu sérgreindir í efnahagsreikningi. Þó skal frekari greining gerð þar sem aðstæður gefa tilefni til þess. Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

A. EIGNIR

1. Veltufjármunir.
- 1.1 Sjóður.
- 1.2 Innstæður í bönkum o.þ.h.
- 1.3 Viðskiptakröfur.
- 1.4 Viðskiptavíxlar.
- 1.5 Aðrar skammtímakröfur.
- 1.6 Fyrirframgreiðslur.
- 1.7 Vörubirgðir.
- 1.8 Verk í vinnu.

2. Fastafjármunir.
- 2.1 Hlutir og stofnfé í dótturfélögum.
- 2.2 Hlutir og stofnfé í öðrum félögum.
- 2.3 Skuldabréf og önnur verðbréf.
- 2.4 Innstæður hjá dótturfélögum.
- 2.5 Aðrar langtímakröfur.
- 2.6 Fyrirframgreiðslur.
- 2.7 Vélar, áhöld og önnur varanleg rekstrartæki.
- 2.8 Skip og flugvélar.
- 2.9 Fasteignir.
- 2.10 Einkaleyfi og hliðstæð réttindi.
- 2.11 Viðskiptavild, sbr. 3. mgr. 90. gr.
- 2.12 Skipulagningarkostnaður og annar eignfærður stofnkostnaður, sbr. 4. og 5. mgr. 90. gr.

3. Aðrar eignir.
- 3.1 Hlutafjárloforð.
- 3.2 Eigin hlutir.

B. SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

1. Skammtímaskuldir.
- 1.1 Skuldir í bönkum.
- 1.2 Viðskiptaskuldir.
- 1.3 Viðskiptavíxlar.
- 1.4 Aðrar víxlaskuldir.
- 1.5 Aðrar skammtímaskuldir.
- 1.6 Fyrirframgreiðslur.
- 1.7 Ógreiddur arður.
- 1.8 Ógreiddur tekju- og eignarskattur.
- 1.9 Ógreiddir aðrir skattar.

2. Langtímaskuldir.
- 2.1 Veðskuldir.
- 2.2 Aðrar langtímaskuldir.

3. Bundið óskattlagt fjármagn og aðrar hliðstæðar ráðstafanir.

4. Eigið fé.
- 4.1 Bundið eigið fé.
  - 4.1.1 Hlutafé.
  - 4.1.2 Lögbundinn varasjóður.
  - 4.1.3 Endurmatssjóður.
- 4.2 Frjálst eigið fé.
  - 4.2.1 Frjáls varasjóður.
  - 4.2.2 Yfirfært til næsta árs; ójafnað tap færist sem frádráttarliður.

Í efnahagsreikningi eða skýringum með honum skal enn fremur veita eftirfarandi upplýsingar:

1. Veðsetningar.
1. Skrá yfir veð í fasteignum félagsins.
2. Skrá yfir aðrar veðsetningar með upplýsingum um bókfært verð veðsins.

2. Ábyrgðarskuldbindingar.
- 2.1 Víxlaábyrgðir.
- 2.2 Aðrar ábyrgðar- og tryggingaskuldbindingar.

92. gr.

Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal tilgreina sérstaklega í efnahagsreikningi. Heimilt er þó að gefa upplýsingar um fjárhæðir slíkra krafna eða skulda í texta í efnahagsreikningi eða skýringum með honum. Á sama hátt skal gefa upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir dótturfélög eða móðurfélög.

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar án þess að það falli undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

93. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig að hann gefi með hliðsjón af rekstri félagsins skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð eftir því sem rekstur félagsins gefur tilefni til.

Meðal tekna skal sérstaklega greina:

1. tekjur af aðalstarfsemi;
2. arð af hlutafé í dóttur- eða móðurfélagi;
3. arð af hlutafé í öðrum félögum;
4. vaxtatekjur;
5. tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir;
6. hagnað sem fram kemur við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna;
7. óreglulegar tekjur.

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. gjöld af aðalstarfsemi;
2. vaxtagjöld;
3. afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum;
4. gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir;
5. tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna;
6. óregluleg gjöld;
7. tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.

Óreglulegar tekjur og gjöld skv. 7. tölul. 3. mgr. og 6. tölul. 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.

Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

94. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. eignarhluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða; þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignarhluta og bókfært verð í efnahagsreikningi;
2. hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið;
3. varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða; þar komi fram kostnaðarverð hvers eignaflokks í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum; þá skal greint heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins; niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi;
4. gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra;
5. hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði skal það upplýst ásamt fjárhæð mismunar;
6. endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun; gerð skal grein fyrir þeim reglum sem farið er eftir við endurmatið;

7. eftirlauna- eða lífeyrisskuldbindingar félags sem færa skal í efnahagsreikning í samræmi við góða reikningsskilavenju;
8. þegar útgefin hlutabréf eru ekki öll sömu tegundar skal greina frá því að hvaða leyti bréfin eru frábrugðin og heildarfjárhæð bréfa í hverjum flokki;
9. breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða;
10. ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu;
11. heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu;
12. ef gerðar eru verulegar breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs skal gera grein fyrir þeim breytingum;
13. ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hluti á reikningsárinu eða hluti í móður- eða dótturfélagi, sbr. 38. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra, kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags, svo og geta þess hvernig hlutunum hafi verið ráðstafað; ef félagið hefur keypt eða yfirtekið hluti í öðrum félögum skal upplýsa um kaupverð og önnur atriði sem máli skipta;
14. hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd í samræmi við góða reikningsskilavenju skal það koma fram ásamt nánari upplýsingum um mat á hagnaðinum;
15. þau atriði sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á skattalega stöðu félagsins, svo sem ef um heimild til yfirfærslu á rekstrartapi frá fyrri árum er að ræða eða ef sala eða önnur afhending á eignum félagsins fyrir bókfært verð getur leitt til skattlagningar;
16. veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 91. gr.;
17. kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög, svo og önnur félög í eigu einkahlutafélagsins, skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 92. gr.;
18. veð og ábyrgðarskuldbindingar skv. 2. mgr. 92. gr.

95. gr.

Í skýrslu stjórnar, sem lögð skal fram á aðalfundi, skal gefa, nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið, upplýsingar um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

Skýrsla skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu félagsins. Ágóðahluti til stjórnar og framkvæmdastjóra skal sérgreindur. Í skýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í skýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal enn fremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.

Stjórnin skal í skýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

Í skýrslu móðurfélags skal veita upplýsingar um afkomu félagasamstæðunnar á reikningsárinu ásamt upplýsingum um frjálst eigið fé hennar eða ójafnað tap.

Í einkahlutafélögum, þar sem ársvelta er innan við 100 milljónir króna, má flytja skýrslu stjórnar munnlega. Í einkahlutafélögum eins aðila þarf ekki að gera skýrslu.

96. gr.

Í móðurfélagi skal gera samstæðureikning sem ná skal til sama tímabils og ársreikningur þess.

Samstæðureikningurinn skal hafa að geyma samantekt á ársreikningum móður- og dótturfélaganna og vera saminn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og með hliðsjón af öðrum ákvæðum þessa kafla. Við gerð reikningsins skal fella brott innbyrðis tekjur og arðgreiðslur milli félaga í samstæðunni, svo og innbyrðis eignir og skuldir.

Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi sem aflaði hennar.

Ef samsetning samstæðunnar eða aðrar sérstakar aðstæður gera það að verkum að gerð samstæðureiknings er verulegum vandkvæðum bundin má víkja frá ákvæðum þessarar greinar.

97. gr.

Í einkahlutafélögum, þar sem ársvelta er 100 milljónir króna eða meiri, skal staðfest endurrit ársreiknings ásamt skýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu hafa borist hlutafélagaskrá eigi síðar en mánuði eftir samþykkt reikningsins, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Hún getur vikið frá ákvæðum 1. málsl. með almennri ákvörðun í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland. Önnur einkahlutafélög skulu skila styttum efnahagsreikningi og styttum ársreikningsskýringum í samræmi við ákvörðun hlutafélagaskrár. Hlutafélagaskrá er þó heimilt að kalla eftir óstyttum ársreikningum þeirra félaga. Skráin skal veita almennan aðgang að reikningum þeim sem skila skal skv. 1.–3. málsl.

Með ársreikningum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal enn fremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

XIII. KAFLI
Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

98. gr.

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

99. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Nú nemur varasjóður ekki 1/10 hlutafjárins og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé sem svarar til hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

100. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur ¼ hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað skal fé það sem greitt var umfram nafnverð lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé sem félagið hefur fengið vegna sölu jöfnunarhluta sem er ekki vitjað.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en ¼ hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 36. gr. gætt, til annarra þarfa.

101. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 61. gr. að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meira sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

102. gr.

Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara skal hann endurgreiða það sem hann hefur tekið við með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum. Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita að greiðslan var ólögmæt.

Nú kemur í ljós að féð fæst ekki endurgreitt og skulu þá þeir sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna og framkvæmd hennar eða í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila bera ábyrgð eftir ákvæðum 133.–135. gr.

103. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum miðað við fjárhagsstöðu félagsins í sama skyni sem um getur í 1. mgr.

104. gr.

Einkahlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Einkahlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er einkahlutafélag eða hlutafélag. einkahlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áðurnefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán og framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

XIV. KAFLI
Félagsslit.

105. gr.

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

106. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hluti þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist skv. 1. mgr.

107. gr.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hlutafélagaskrár:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmælts frests til þess;
3. þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar þeirra einkahlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó 3. málsl. 1. mgr. 97. gr.;
4. ef hlutafélagaskrá neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar skv. 4.–6. mgr. 111. gr.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. hafi krafa skv. 1. mgr. 106. gr. verið tekin til greina með dómi.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 110. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en skráð hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og, ef þörf krefur, leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

108. gr.

Ef hlutafélagaskrá telur að einkahlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðast skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu einkahlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú einkahlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 109. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt einkahlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

109. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 107. gr. eða 108. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o. fl. um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum hins látna, að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

110. gr.

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 107. gr. skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit skv. 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar skv. 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins skv. 3. mgr. 107. gr. Eins skal með fara í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 107. gr.

111. gr.

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu hlutafélagaskrár á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Hlutafélagaskrá er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það hlutafélagaskrá og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji hlutafélagaskrá að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal skráin veita nefndinni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

112. gr.

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi einkahlutafélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

113. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hve miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar héraðsdómara á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skal þá auglýst tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur skv. 1. mgr. 112. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um skiptin.

Sé bú einkahlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit skv. 1. mgr. 110. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag er skilanefnd hefur hlotið löggildingu hlutafélagaskrár.

114. gr.

Þegar að loknum fundi skv. 113. gr. og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna skv. 1. mgr. og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

115. gr.

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera hlutafélagaskrá skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

116. gr.

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ágreiningur um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. 113. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra er við greiðslum hafa tekið og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

117. gr.

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

118. gr.

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 116. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilanefnd til að annast framhaldsskiptin.

XV. KAFLI.
Samruni og breyting einkahlutafélags í hlutafélag.

Samruni.

119. gr.

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru einkahlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri einkahlutafélög renna saman í nýtt einkahlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef hlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XV. kafla laga um hlutafélög um slit þess félags.

120. gr.

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu;
2. heimilisfang félaganna;
3. endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu;
4. frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs;
5. hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu;
6. aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.;
7. frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 121. gr.;
8. einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur skv. 122. gr. njóta;
9. drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

121. gr.

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrareikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Lagaákvæði um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

122. gr.

Í hverju samrunafélaganna um sig skal endurskoðandi gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega endurskoðendur.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Endurskoðandi skal enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

123. gr.

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu endurskoðenda skv. 4. mgr. 122. gr., sbr. 124. gr.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 150. gr. Ef endurskoðandi telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 122. gr. og 126. gr.

124. gr.

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur, sbr. þó 2. mgr. 55. gr., í samræmi við ákvæði 68. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 129. gr. Ef félag er til skilanefndarmeðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanefndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun ef hluthafar, sem eiga 25% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 150. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 68. gr. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 60. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. málsl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu endurskoðanda skv. 4. mgr. 122. gr. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar eða afhendingar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig:

1. áætlun um samruna;
2. ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur;
3. efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 121. gr., er gerður fyrir yfirtökufélagið;
4. greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 121. gr. og
5. skýrsla endurskoðanda og yfirlýsing skv. 122. gr.

Lánardrottnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

125. gr.

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 122. gr. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

126. gr.

Ef endurskoðandi telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 123. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum.

Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafnanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlaga um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

127. gr.

Yfirteknu félagi telst slitið og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum;
2. skilyrðum 5. mgr. er fullnægt;
3. kröfur skv. 125. gr. hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim;
4. kröfur skv. 126. gr. og hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 27. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og kjör félagsstjórnar og endurskoðanda fer ekki fram strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðanda.

128. gr.

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 127. gr. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau skjöl, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 124. gr., í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

129. gr.

Ef einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru einkahlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–10. tölul. 1. mgr. 120. gr.; 1. málsl. 1. mgr. 121. gr.; 123. gr.; 2. málsl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 124. gr.; 126. gr.; 127. gr. og 128. gr.

Frest skv. 5. mgr. 124. gr. skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 121. gr.

Einn eða fleiri endurskoðendur, sbr. 1. mgr. 122. gr., skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 122. gr.

130. gr.

Ef einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 120. gr.; 1. mgr. 121. gr.; 1.–3. mgr. 122. gr.; 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 123. gr.; 1., 4. og 5. mgr. 124. gr.; 125. gr.; 1. tölul. 1. mgr. 127. gr. og 128. gr.

131. gr.

Hluthafar í því félagi eða félögum sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því að hlutir þeirra verði innleystir ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu að þeir sem nota vilja innlausnarréttinn gefi til kynna vilja sinn í því efni og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna og ákveðið skal, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Breyting einkahlutafélags í hlutafélag.

132. gr.

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta einkahlutafélagi í hlutafélag. Ákvæði 5. gr. a–c í lögum um hlutafélög gilda eftir því sem við á. Framlagning skýrslu og útsending hennar fer þó eftir 4. mgr. 63. gr. laga þessara. Tilkynningu um samþykktina skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum sem sóttu ekki hluthafafundinn.

Breyting einkahlutafélags í hlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um hlutafélög og félagið hefur verið skráð sem hlutafélag í hlutafélagaskrá.

Gefa skal út hlutabréf í hlutafélagi áður en ár er liðið frá breytingunni. Óheimilt er að gefa þau út fyrir breytinguna.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi sett fram beiðni um að fá hlutabréf sín í hlutafélaginu afhent getur stjórn hlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að vitja hlutabréfanna innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn og enginn hefur gefið sig fram getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutabréfin í hlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

XVI. KAFLI
Skaðabætur o.fl.

133. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur einkahlutafélags, svo og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta félaginu það tjón er þeir hafa valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

134. gr.

Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 133. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst ⅕ af heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist að kostnaðurinn sé greiddur af félaginu, allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni.

135. gr.

Skaðabótamál þau sem um ræðir í 1.–2. mgr. 134. gr. skal höfða nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a. gegn stofnendum innan tveggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin;
b. gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og rannsóknarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð;
c. gegn endurskoðendum innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

Mál skv. 3. mgr. 134. gr. skal höfða í síðasta lagi þrem mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

XVII. KAFLI
Útibú erlendra einkahlutafélaga.

136. gr.

Erlend einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

137. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi útibús erlends félags hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

138. gr.

Í heiti útibús erlends einkahlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða.

139. gr.

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúruumboð fyrir útibúið enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 1. mgr. um útibússtjóra.

140. gr.

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends einkahlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVIII. kafla um skráningu einkahlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

141. gr.

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 148. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs. Skráin getur veitt undanþágu frá þessu.

142. gr.

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

143. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. ef hið erlenda einkahlutafélag ákveður að leggja útibúið niður;
2. ef þess er krafist af lánardrottni sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð eða með játningu útibússtjóra að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans; þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu;
3. ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 139. gr. eða hverfur úr starfi; hlutafélagaskrá getur þó veitt félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf að þessu leyti;
4. ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis;
5. ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

144. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá og falla þá í gjalddaga þær kröfur lánardrottna sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

145. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot hins erlenda félags, sbr. 142. gr., eða um atvik sem valda því að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 143. gr.

XVIII. KAFLI
Skráning einkahlutafélaga.

146. gr.

Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra einkahlutafélaga og útibúa erlendra einkahlutafélaga.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni. Um skil á ársreikningum og aðgang að þeim gilda ákvæði 97. gr.

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent sýslumanni skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar enda öðlast tilkynning ekki gildi fyrr en við skráningu þar.

147. gr.

Tilkynning um stofnun einkahlutafélags skal greina:

1. ákvæði samþykkta félagsins um það efni er greinir í 1.–3., 5. og 9. tölul. 1. mgr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 7. gr.;
2. upphæð hlutafjár og á hvern hátt greiðsla hefur farið fram;
3. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna og varamanna þeirra, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og endurskoðenda;
4. hvort hluthafar séu einn eða fleiri; sé hluthafi einn eða verði einn skal skrá deili á honum.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja:

1. stofnsamningur, reikningsgögn þau sem um ræðir í 2. mgr. 6. gr. og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins;
2. staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar;
3. sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þau skilyrði sem um getur í 43. gr. og endurskoðendur þau skilyrði er getur í 73. gr. ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Hlutafélagaskrá getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun einkahlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

148. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 147. gr. gilda eftir því sem við á.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng einkahlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og prókúruhafa miðað við 1. júní nema hlutafélagaskrá ákveði að tilkynningar skuli miðast við annan dag.

149. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta einkahlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal hlutafélagaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan skv. 150. gr.

150. gr.

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra einkahlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

XIX. KAFLI
Refsingar o. fl.

151. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends einkahlutafélags eða aðrir skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá hlutafélagaskrá boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

152. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum einkahlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða tilkynningum til hlutafélagaskrár;
2. að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um greiðslu hlutafjár, hlutaskrá, eigin hluti, skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 46. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (104. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og upphaf starfsemi þess (140. gr.).

153. gr.

Hver sá sem vísvitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag einkahlutafélags eða annað er það varðar þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ef sá sem stjórnar einkahlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess greinir vísvitandi rangt eða villandi frá efnahag félags eða eignum í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum ellegar tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila varðar það sektum eða varðhaldi enda taki ákvæði 152. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

154. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. aflar sér eða öðrum ólöglegs færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti;
2. leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði;
3. kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hafi önnur áhrif en til var ætlast;
4. greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag eða
5. tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

155. gr.

Sá sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi.

156. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XX. KAFLI
Gildistaka laganna o.fl.

157. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögum um hlutafélög varðandi umskráningu skráðra hlutafélaga sem einkahlutafélög skulu gilda.

Hlutabréf í hlutafélögum, sem verða einkahlutafélög, verða ógild.

158. gr.

Í lögum, sem öðlast hafa gildi fyrir gildistöku laga þessara, ber að líta svo á að með hlutafélögum sé einnig átt við einkahlutafélög samkvæmt lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta bankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og vátryggingafélög, aðeins rekið starfsemi sem hlutafélög.

159. gr.

Lögin taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Skulu félögin hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð.

160. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
Frumvarpasmíð.

Frumvarp þetta, frumvarp til laga um einkahlutafélög, er samið í viðskiptaráðuneytinu með aðstoð Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í lögum, m.a. félagarétti.

Eftirfarandi breytingar, flestar minni háttar, hafa verið gerðar á frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94, m.a. á grundvelli ábendinga: Einkahlutafélag er notað í stað eignarhlutafélags í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis alls staðar í frumvarpinu; 4. mgr. 3. gr. (stofnandi sé ekki í greiðslustöðvun); nýr 2. málsl. 12. gr. (hlutaflokkar án atkvæðisréttar heimilaðir); 16.–18. gr. (ákvæðum um innlausnarskyldu og innlausnarrétt breytt til samræmis við hlutafélagafrumvarp); 2. mgr. 24. gr.; 3. mgr. 38. gr.; 1. mgr. 42. gr. (sex mánuðum fyrir frestdag í stað þriggja mánaða í gjaldþrotaákvæði); 2. mgr. 45. gr.; 2. tölul. 1. mgr. 52. gr.; 1. mgr. 57. gr.; 2. mgr. 63. gr. (boðun til hluthafafundar); 1. mgr. 64. gr.; 4. mgr. 63. gr., 3. mgr. 80. gr., fyrirsögn XII. kafla, 95. gr. og 1. mgr. 97. gr. (skýrsla stjórnar í stað ársskýrslu stjórnar); 1. mgr. 104. gr. (tekin af tvímæli um að hluthöfum o.fl. megi veita venjuleg viðskiptalán); 4. mgr. 104. gr. (vaxtaákvæði breytt); 3. mgr. 107. gr.; 1. mgr. 108. gr.; 2. mgr. 108. gr. (birting aðvörunar í Lögbirtingablaði); 2. mgr. 126. gr.; 4. mgr. 132. gr.; 138. gr.; 2. tölul.

1. mgr. 147. gr.; 2. mgr. 158. gr. (verðbréfafyrirtækjum bætt við í upptalningu). Auk þess eru gerðar nauðsynlegar breytingar á athugasemdum, fyrst og fremst vegna ofangreindra breytinga á ákvæðum frumvarpsins.

Frumvarp þetta er þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagsvæðið (EES-samningsins), nánar tiltekið ákvæðum samningsins um félagarétt. Auk frumvarps til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, sem gert er ráð fyrir að gildi í framtíðinni um stærri tegund hlutafélaga, er frumvarp þetta flutt, þ.e. frumvarp til laga um einkahlutafélög, sem hentar almennt smærri tegund hlutafélaga, svo og frumvarp til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélag sem nauðsynlegt er að flytja sem sérstakt frumvarp vegna reglugerðar EB þar að lútandi.

Fordæmi fyrir tvennum lögum um mismunandi stór hlutafélög er að finna í Danmörku og öðrum ríkjum EB. Þykir heppilegra að hafa sama hátt á hér þar eð meginábersla er lögð á það í EB að samræma reglur fyrir stærri félögin og má ætla að sama muni gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Leiðir slíkt til meiri og tíðari breytinga á löggjöf um stóru félögin en á löggjöf um minni félögin. Má telja að einföld löggjöf henti minni félögunum betur, einkum eftir því sem lög um stærri félögin verða flóknari. Stjórnendur minni félaganna og aðrir hafa þá í einum lögum allar helstu greinar sem snerta félögin en þurfa ekki að vega og meta hvort sumar greinar laganna eigi við um þau félög en aðrar ekki.

Gildandi lög um hlutafélög.

Lög um hlutafélög, nr. 32/1978, er gengu í gildi 1. janúar 1980, eru um margt fyrirmynd að ákvæðum um einkahlutafélög í frumvarpi þessu og verður því gerð nokkur grein fyrir þeim lögum hér. Hlutafélagalögin eru ávöxtur norræns löggjafarsamstarfs er lauk snemma á áttunda áratugnum. Aðallega var byggt á dönsku hlutafélagalögunum frá 1973. Danska löggjöfin hefur síðan fjarlægst löggjöf annarra Norðurlanda vegna inngöngu Danmerkur í EB og krafna EB um samræmingu á ýmsum ákvæðum varðandi hlutafélög. Þegar íslensku hlutafélagalögunum var breytt í mörgum greinum með lögum nr. 69/1989, er gengu í gildi 1. mars 1990, var aðeins að takmörkuðu leyti höfð hliðsjón af breytingum á dönsku lögunum á grundvelli krafna EB þannig að nokkur munur er nú orðinn á íslensku lögunum og EB-réttinum sem liggur til grundvallar EES-samningnum. Nokkrar aðrar breytingar á hlutafélagalögunum breyta ekki þessari niðurstöðu.

Grundvöllur lagafrumvarpa.

Endurskoðun laganna um hlutafélög byggir á þeim gerðum EB sem sérstaklega verður fjallað um hér á eftir nema hvað 12. félagaréttartilskipun EB tekur aðeins til einkahlutafélaga og reglugerðin um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög er sérstaks eðlis. Raunveruleg endurskoðun bókhalds- og endurskoðunarákvæða laganna á grundvelli bókhaldstilskipana EB, sem teljast til félagaréttarákvæða EES-samningsins, hefur farið fram í fjármálaráðuneytinu. Í lagafrumvarpi þessu um einkahlutafélög er margt byggt á ákvæðum frumvarpsins um breytingar á hlutafélagalögunum. Þá hefur til hægðarauka við breytingar á grundvelli gerðanna verið stuðst við dönsku lögin um einkahlutafélög eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992. Sumar breytingar eiga þó rætur sínar að rekja til dönsku laganna án þess að þær byggist á EB-reglum. Nokkrar aðrar breytingar er einnig að finna í frumvarpinu, flestar þó minni háttar tæknilegar breytingar.

Félagaréttarákvæði EES-samningsins.

Ein af meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér rétt til að stofnsetja og reka félög eða fyrirtæki í svæðisríkjum með sama rétti og landsmenn þar, sbr. 31. og 34. gr. samningsins. Í 77. gr. samningsins, sem fjallar um félagarétt, segir aðeins að XXII. viðauki við samninginn geymi sérstök ákvæði um félagaréttinn. Í viðaukanum er að finna upptalningu á níu tilskipunum, með áorðnum breytingum, og einni reglugerð.

Framangreindum tilskipunum má skipta í nokkra flokka: 1) um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög og einkahlutafélög, 2) um samruna og skiptingu hlutafélaga, 3) um ársreikninga félaga og því um líkt og 4) um einkahlutafélög eins aðila.

Í 1. tilskipuninni um verndarráðstafanir, sem snerta stór félög, hlutafélög, og smá félög, einkahlutafélög, er m.a. fjallað um aðgang að ársreikningum en í 2. tilskipuninni um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög er m.a. að finna ákvæði um stofnun þeirra og hlutafé. Ákvæði 3. tilskipunarinnar taka til samruna hlutafélaga en ákvæði 6. tilskipunarinnar til skiptingar slíkra félaga. Um bókhaldstilskipanirnar fjórar má segja að 4. tilskipunin fjalli um ársreikninga hlutafélaga, einkahlutafélaga og jafnvel fleiri félaga, m.a. aðgang að ársreikningum, 7. tilskipunin um samstæðureikninga, 8. tilskipunin um samþykki á endurskoðendum og 11. tilskipunin um reikninga útibúa erlendra félaga. Ákvæði 12. tilskipunarinnar fjalla um einkahlutafélög eins aðila.

Sérstök nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins hefur samið frumvarp til laga um bókhald og frumvarp til laga um ársreikninga með hliðsjón af bókhaldstilskipununum. Gerð verður þó stutt grein fyrir efni þeirra hér á eftir til yfirlits.

Allar taka tilskipanirnar til hlutafélaga og einkahlutafélaga nema hvað 2. tilskipunin um lágmarksfjárhæð hlutafjár o.fl., 3. tilskipunin um samruna hlutafélaga og 6. tilskipunin um skiptingu hlutafélaga taka aðeins til hlutafélaga og 12. tilskipunin um einkahlutafélög eins aðila tekur aðeins til einkahlutafélaga.

Tilskipanirnar miða að því að samræma réttarreglur ríkja á sviði félagaréttar. Áberandi er sú viðleitni að samræma reglur um vernd hluthafa og lánardrottna og auka vernd þeim til handa en slíkt er talið skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Samræming félagaréttarreglna, sem tekur tillit til nútímalegrar þróunar félagaréttar í Evrópu, hefur ýmsa aðra kosti. Meðal annars verður stofnsetning og rekstur hinna ýmsu tegunda félaga annars staðar en í heimalandi auðveldari en nú er vegna svipaðra reglna sem ætla má að flestir þekki er slíkan rekstur stunda.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið, sem stofna má t.d. um sameiginleg innkaup á hráefnum, miða að því að skapa nýtt form félagsskapar er aukið geti samvinnu aðila í mismunandi ríkjum.

Athugun á framangreindum heimildum EB-réttar hefur leitt í ljós að efnisreglur um hlutafélög virðast þar almennt séð nokkuð svipaðar og í íslensku hlutafélagalögunum en uppsetning og útfærsla EB-reglnanna er mismunandi og EB-reglurnar almennt miklu ítarlegri. Ef aðlaga á hlutafélagalöggjöfina og skylda löggjöf að EB-réttinum virðast ekki vera fyrir hendi óyfirstíganlegir erfiðleikar. Hins vegar hefur slíkt kostað talsverða vinnu þar eð margar breytingar þarf að gera. Meðal annars vegna ákvæða 2. tilskipunarinnar um að lágmarkshlutafé í hlutafélögum skuli eigi vera lægra en sem svarar 25.000 evrópskum mynteiningum (2,1 milljón krónum á gengi 9. september 1994) er talið rétt að stefna, eins og áður segir, að setningu tvennra laga hér á landi um hlutafélög, annars vegar um stærri félög, hlutafélög, og hins vegar um minni félög, einkahlutafélög (þar sem lágmarkshlutafé er ekki ákveðið í EB-reglum). Í gildandi lögum um hlutafélög hér á landi er lágmarkshlutafé aðeins 400.000 krónur.

Að því er varðar 3. tilskipunina má nefna að þar eru miklu ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna hlutafélaga en í íslensku hlutafélagalögunum og ákvæði 6. tilskipunarinnar um skiptingu slíkra félaga eiga sér ekki samsvörun í íslensku löggjöfinni.

Í 4. tilskipuninni um ársreikninga er aðeins gert ráð fyrir verðbólgureikningsskilum sem undantekningu. Hefðbundin kostnaðarreikningsskil eru aðalreglan.

Nefna má að í 4. tilskipuninni, sbr. 1. tilskipunina, eru gerðar nokkru strangari kröfur hjá EB en hér á landi til félaga, m.a. að því leyti að félög geta ekki komist hjá því að birta hagnaðartölur. Eru þó reglur tilskipunarinnar um sumt vægari fyrir lítil félög en stór.

Loks má vekja athygli á því í tengslum við 4. tilskipunina, sem er aðalheimildin meðal bókhaldstilskipananna, að hún tekur til fleiri félaga en hlutafélaga og einkahlutafélaga. Kunnáttumenn hér á landi telja þó að nauðsynlegt sé að samræma fá og ófullkomin ákvæði laga um ársreikninga annarra félaga og þá til samræmis við reglurnar um ársreikninga hlutafélaganna. Endurskoða þarf lögin um bókhaldslöggjöfina af þessum sökum.

Ákvæði 7. tilskipunarinnar um samstæðureikninga eru miklu ítarlegri og fullkomnari en ákvæðin í hlutafélagalögum. Er talin þörf á skýrari reglum hér á landi. Virðast ákvæði tilskipunarinnar þá koma vel til greina.

Ákvæði 8. tilskipunarinnar um samþykki endurskoðenda eru ekki talin kalla á endurskoðun íslenskra lagaákvæða varðandi löggilta endurskoðendur né breytingar á menntun þeirra.

Engin lagaákvæði eru til á Íslandi, sambærileg þeim sem finna má í 11. tilskipuninni um reikninga útibúa erlendra félaga, og kallar slíkt á setningu lagaákvæða á Íslandi.

Í íslensku hlutafélagalögunum er ekki gert ráð fyrir því að um hlutafélög eins aðila geti verið að ræða. Skortir því lagaákvæði á sviði 12. tilskipunarinnar um einkahlutafélög eins aðila. Ákvæði tilskipunarinnar virðast þó ekki valda sérstökum erfiðleikum, sérstaklega þegar þess er gætt hversu hátt lágmarkshlutafé til stofnunar hlutafélaga þarf að vera skv. 2. tilskipuninni. Í frumvarpi til laga um einkahlutafélög er tekið mið af tilskipuninni.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið virðast ekki fela í sér sérstök vandamál en festa þarf ákvæði hennar í lög.

Ýmsar tillögur EB á sviði félagaréttar kunna að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni. Á þær reynir þó ekki í frumvörpum hér á landi nú nema með vissum hætti tillögu um yfirtökutilboð til verndar minni hluta í hlutafélögum þannig að skylt sé við vissar kringumstæður að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 13. tilskipuninni um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð. Í íslenskri hlutafélagalöggjöf eru fá ákvæði sem tengjast þessu svo sem nánar verður rakið síðar. Þriðjungsreglan skv. 4. gr. draga þessara fjallar um skyldu aðila, sem eignast bréf í hlutafélagi er veita honum yfir þriðjung af heildaratkvæðisrétti í félaginu, til að gera tilboð í öll eftirstandandi bréf í félaginu. Getur reglan fræðilega séð valdið einhverjum vandkvæðum. Hins vegar ættu ekki að vera sérstök vandamál í framkvæmdinni vegna almennrar undanþáguheimildar í 5. gr. draganna sem virðist ná til svo að segja allra íslenskra félaga, smárra á evrópskan mælikvarða, svo og frekari undanþágumöguleika í 4. gr. draganna í tengslum við sérstaka eftirlitsstofnun með tilliti til yfirtöku. Ný lagaákvæði mundi þurfa hér á landi til að hrinda ákvæðum þessum í framkvæmd og tilnefna þyrfti eftirlitsaðila. Ákvæði tillögunnar kunna að taka stakkaskiptum og er því gert ráð fyrir sérstakri tilhögun í hlutafélagafrumvarpinu með hliðsjón af ályktun Alþingis frá 19. mars 1992.

Þá liggja fyrir í EB drög að reglugerð um Evrópufélagið svokallaða, sem yrði hlutafélag, til að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum, stofnun eignarhaldsfélaga og sameiginlegra útibúa, svo og, í tengslum við fyrirhugaða reglugerð, drög að tilskipun er geymir ákvæði um atvinnulýðræði. Um þann rétt hefur verið mikill ágreiningur í EB og hefur hann komið í veg fyrir samþykkt draga að tveimur tilskipunum, 5. og 10. félagaréttartilskipuninni. Í drögunum um Evrópufélagið hafa ákvæðin verið slípuð til. Þar eru ýmsir valmöguleikar fyrir hendi varðandi form atvinnulýðræðisins, þátttöku launþega í rekstri fyrirtækja, sem íslensk löggjöf hefur geymt svo til engin ákvæði um. Er erfitt að ímynda sér að Ísland geti ekki valið einn af þeim möguleikum sem í boði eru ef önnur EFTA-ríki, svo og EB-ríkin, geta það.

Um þrjár meginleiðir er að ræða í drögunum varðandi form atvinnulýðræðisins. Í fyrsta lagi er um að ræða þýska reglu er gerir ráð fyrir því að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstöku starfsmannaráði en reglur um kosningu eða skipun fulltrúa í það yrðu í samþykktum félags og yrði um þetta haft samráð við fulltrúa starfsmannanna í samræmi við lög eða venjur aðildarríkjanna. Í þriðja lagi yrði um að ræða samkomulag milli stjórnar fyrirtækis (eða stjórnar og yfirstjórnar) annars vegar og starfsmanna eða fulltrúa þeirra hins vegar. Í öllum þessum þremur mismunandi þátttökukerfum er byggt á því að starfsmenn geti fylgst með meginþáttum í rekstri fyrirtækisins með fundum á a.m.k. þriggja mánaða fresti og sérstaklega þarf að upplýsa þá og hafa samráð við þá um meiri háttar ákvarðanir sem snerta fyrirtæki (m.a. lokun fyrirtækis ellegar flutning þess eða mikilvægs hluta þess). Enn er gert ráð fyrir því að Evrópufélagið megi aðeins stofna í aðildarríkjum EB.

Að því er varðar drög að 5. tilskipuninni um skipulag hlutafélaga o.fl. má taka fram að reglur um eins þátts stjórnkerfi (stjórn í stað stjórnar og yfirstjórnar) eru flóknari en hér á landi samkvæmt hlutafélagalögunum. Strangari reglur eru einnig um það að á hlutafélagafundum séu teknar til meðferðar ályktanir um mál sem voru ekki á dagskrá fundarins. Ekki virðist vera um meiri háttar vandamál að ræða fyrir okkur hér. Um atvinnulýðræði vísast til þess sem sagt hefur verið um Evrópufélagið.

Að því er snertir drög að 10. tilskipuninni um samruna hlutafélaga þvert á landamæri skal fyrst vísað til ákvarðana í tengslum við Evrópufélagið varðandi atvinnulýðræði. Ákvæði draganna virðast ekki valda miklum vanda hér á landi.

Komnar eru fram tillögur í EB um gerðir varðandi evrópsk samtök, evrópskt samvinnufélag og evrópskt gagnkvæmt félag.

Almennur aðlögunartími til að samræma félagarétt EES-ríkja, sem eru ekki í EB, tilskipununum níu, með áorðnum breytingum, og reglugerðinni rennur út tveimur árum eftir gildistöku EES-samningsins. Almennt er þó gengið út frá að ríkin hafi breytt löggjöf sinni fyrir árslok 1994. Hér á landi er gert ráð fyrir að framkvæmd þeirra ákvæða laganna um hlutafélög, er snerta skráningu hlutafélaga samkvæmt breyttum lögum og umskráningu hlutafélaga í einkahlutafélög, ljúki í árslok 1995.

Upptalning á félagaréttargerðunum.

Félagaréttargerðirnar heita nánar tiltekið (númer gerða og breytinga á þeim innan sviga):

Fyrsta tilskipun ráðsins frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.

(68/0151/EBE).

Önnur tilskipun ráðsins frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar hlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.

(77/0091/EBE (92/101/EBE)).

Þriðja tilskipun ráðsins frá 9. október 1978 um samruna hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(78/0855/EBE).

Fjórða tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(78/0660/EBE (83/349/EBE, 89/666/EBE, 90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Sjötta tilskipun ráðsins frá 17. desember 1982 um skiptingu hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(82/0891/EBE).

Sjöunda tilskipun ráðsins frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(83/0394/EBE (90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Áttunda tilskipun ráðsins frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmæta endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(84/0253/EBE).

Ellefta tilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum tegundum félaga er lög annars ríkis taka til.

(89/0666/EBE).

Tólfta félagaréttartilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um einkahlutafélög eins aðila.

(89/0667/EBE).

Reglugerð ráðsins frá 25. júlí 1985 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

(2137/85/EBE).

Helstu breytingar á lögunum um hlutafélög.

Þar eð sum ákvæði lagafrumvarps þessa um einkahlutafélög byggja á fyrirhuguðum breytingum á lögum um hlutafélög, svo sem vitnað er til í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps þessa, eru hér á eftir nefndar nokkrar helstu breytingar sem verða á gildandi lögum um hlutafélög ef frumvarp þetta verður samþykkt (kaflafyrirsagnir laganna). Eins og áður segir leiðir flestar breytingarnar af ákvæðum framangreindra tilskipana en þó ekki allar.

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. Lágmarkshlutafé þeirra hlutafélaga, sem verða áfram hlutafélög en eru ekki umskráð sem einkahlutafélög, svo og nýrra hlutafélaga, tífaldast, skal vera minnst fjórar milljónir króna í stað 400.000 kr. (3. mgr. 1. gr. hfl.).

2. Upplýsingaskylda á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum er aukin (ný 5. mgr. 1. gr. hfl.).

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

3. Búsetuskilyrði á Íslandi gagnvart stofnendum, sem eru ríkisborgarar í og búsettir í EES-ríkjum, er fellt niður (3. gr. hfl.).

4. Mælt er fyrir um sérfræðiskýrslu, m.a. vegna móttöku félags á verðmætum í öðru en reiðufé í tengslum við stofnun félags (5. gr. a–c í hfl.).

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

5. Greiða skal hlutafé að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu í stað þriggja ára (15. gr. hfl.).

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

6. Bann er lagt við hömlum á viðskipti með hluti ef hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri nú (18. gr. hfl.).

7. Innlausnarskylda og innlausnarréttur þegar aðili á meira en 9/10 hlutafjár í hlutafélagi í stað þess að binda skylduna og réttinn við eign móðurfélags á slíkum hlut í dótturfélagi (20. gr. a–c í hfl.).

V. kafli. Hækkun hlutafjár.

8. Möguleiki er veittur á útgáfu áskriftarréttinda til að afla viðbótarfjár en þau gefa rétt til áskriftar að hlutum við hlutafjárhækkun síðar (38. gr. a og b í hfl. auk 3. mgr. 34. gr. hfl.).

VIII. kafli. Eigin hlutabréf.

9. Ítarlegri ákvæði eru sett um eigin hluti (46. og 46. gr. a–f í hfl.) sem miða að takmörkunum á öflun og meðferð þeirra.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

10. Gerðar eru kröfur um þrjá menn hið fæsta í stjórn allra hlutafélaga, en ekki allt niður í einn, enda er gert ráð fyrir að stærri félög velji það félagaform (1. mgr. 47. gr. hfl.).

11. Aukinn er réttur minni hluta til að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna félagsins, þ. e. þeir hafa réttinn er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins í félögum þar sem hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri (4. mgr. 47. gr. hfl.). Þá eru kosningareglur skýrðar í 47. og 48. gr. hfl.

12. Í félögum án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við (48. gr. hfl.).

13. Skylt er að hafa einn til þrjá framkvæmdastjóra í hlutafélögum nema kveðið sé á um fleiri í samþykktum (ný 1. mgr. 49. gr. hfl.).

14. Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu (ný 2. mgr. 49. gr. hfl.).

15. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum er óheimilt eftir ítrekuð gjaldþrot síðustu þrjú árin að verða stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum í sams konar eða svipuðum rekstri næstu þrjú árin (1. mgr. 50. gr. hfl.).

16. Skilyrði um búsetu framkvæmdastjóra og minnst helmings stjórnarmanna á Íslandi gildir ekki fyrir ríkisborgara EES-ríkja sem búsettir eru í EES-ríkjum (2. mgr. 50. gr. hfl., sbr. 4. gr. laga 121/1993).

17. Upplýsingaskylda móðurfélags gagnvart dótturfélagi er aukin (2. mgr. 53. gr. hfl.).

18. Skýrt ákvæði um skyldu formanns til að boða alla stjórnarmenn á fund (2. mgr. 54. gr. hfl.) og stjórn setji sér starfsreglur (ný 4. mgr. 54. gr. hfl.).

X. kafli. Hluthafafundir.

19. Hlutir án atkvæðisréttar eru heimilaðir (2. málsl. 1. mgr. 65. gr. hfl., sbr. og 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. hfl.).

20. Stjórn félags er skylt að gera vissar ráðstafanir þegar eigið fé samkvæmt bókum hlutafélags er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé félagsins (67. gr. hfl.).

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

21. Heimild til að slaka á kröfum um heimilisfesti endurskoðenda (1. mgr. 81. gr. hfl.).

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

22. Minni háttar breytingar varðandi ársreikninga til samræmis við lögin um samvinnufélög (XII. kafli hfl.).

23. Almenn skilaskylda á ársreikningum til hlutafélagaskrár og almennur aðgangur að reikningunum. Frestur til að skila reikningunum er styttur (105. gr. hfl.).

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

24. Skorður við lánum eða tryggingum af hálfu hlutafélaga til handa hluthöfum og fleirum, að undanskildum venjulegum viðskiptalánum (112. gr. hfl.).

XIV. kafli. Félagsslit.

25. Afskráning hlutafélagaskrár á hlutafélögum með einföldum hætti, m.a. á þeim félögum sem eru án stjórnar (115. gr. a í hfl.).

XV. kafli. Samruni hlutafélaga.

26. Mun ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna (XV. kafli hfl.).

27. Yfirlýsing matsmanna um það að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu (126. gr. g í hfl.).

28. Ákvæði um breytingu hlutafélags í einkahlutafélag (ný 128. gr. hfl.).

29. Ákvæði um skiptingu hlutafélaga (ný 129. gr. hfl.).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.

30. Tekin upp bótaskylda hluthafa gagnvart félaginu og fleirum (132. gr. hfl.).

31. Frestir til að höfða skaðabótamál eru almennt styttir úr þremur árum í tvö ár (134. gr. hfl.).

XVII. kafli. Erlend hlutafélög.

32. Hlutafélög í EES-ríkjum eiga skýlausan rétt á að fá skráð útibú hér á landi mæli lög ekki fyrir um annað (135. gr. hfl.).

33. Útibússtjórar, sem eru ríkisborgarar í og jafnframt búsettir í EES-ríki, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar fremur en framkvæmdastjórar íslenskra hlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög (138. gr. hfl.).

34. Tilkynningarskylda útibús til hlutafélagaskrár aukin (141. gr. hfl.).

35. Útibússtjóri ber einnig ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess (144. gr. hfl.).

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.

36. Að hlutafélagaskrá annist skráningu hlutafélaga og einstök verkefni í því sambandi í stað ráðherra verður algild regla eins og verið hefur í reyndinni (145. gr. hfl. og fleiri greinar).

37. Skylda til að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá í stað heimildar til að veita slíkan aðgang að skránni (145. gr. hfl.).

XIX. kafli. Refsingar o.fl.

38. Bætt við refsiákvæði vegna brota á ákvæðum laganna um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (151. gr. hfl.).

Mismunandi reglur um hlutafélög og einkahlutafélög.

Gert er ráð fyrir að um margt verði samsvarandi reglur í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Þótt greinafjöldi í lögunum um einkahlutafélög verði svipaður og í hlutafélagalögunum verður margt þó mun auðveldara viðfangs í einkahlutafélögunum. T.d. þarf ekki að halda aðalfundi eða aðra hluthafafundi í einkahlutafélögum eins aðila. Þá getur einn maður (eða tveir) setið í stjórn einkahlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en þrír minnst skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélaga.

Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum þar sem reglur eru mismunandi. Kaflafyrirsagnir hér að neðan eru miðaðar við hlutafélagalögin svo sem gert er ráð fyrir að þeim verði breytt.

I. kafli. Almenn ákvæði.

Lágmarksfjárhæð hlutafjár verður miklu lægri í einkahlutafélögum (500 þúsund kr.) en hlutafélögum (4 milljónir kr.). Skilur þetta atriði einna skýrast á milli þessara tveggja tegunda félaga.

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

Einn aðili getur stofnað einkahlutafélag en tveir stofnendur hið fæsta skulu vera í hlutafélögum. Í einkahlutafélögum er ekki gert ráð fyrir því að fleiri en stofnendur skrái sig fyrir hlutum og því ekki almennri þátttöku, t.d. á grundvelli útboða. Í lögum um einkahlutafélög eru gerðar nokkru vægari kröfur varðandi móttöku verðmæta í tengslum við stofnun slíkra félaga en gert er í hlutafélagalögum um hlutafélög. Þá er frestur til að tilkynna einkahlutafélög til skráningar mun styttri en í hlutafélagalögum. Loks eru ekki ákvæði um áskrift í tengslum við stofnun félags í lögunum um einkahlutafélög.

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

Í einkahlutafélögum skal greiða hlutafé fyrir skráningu.

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

Um einn hluthafa getur verið að ræða minnst í einkahlutafélögum en tveir eru lágmark í hlutafélögum. Í einkahlutafélögum má leggja hömlur á viðskipti með hluti þótt hluthafar séu 200 eða fleiri en slíkar hömlur má ekki leggja á í hlutafélögum þar sem svo er ástatt. Ekki er gert ráð fyrir hlutabréfum í einkahlutafélögum eins og í hlutafélögum heldur yrði hlutaskrá aðalheimild um eignaraðild og vottorð gefin út í því sambandi. Þó má gefa út hlutaskírteini í einkahlutafélögum en þau yrðu ekki, fremur en vottorð úr hlutaskrá, viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt.

V. kafli. Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.

Í lögum um einkahlutafélög er gert ráð fyrir fáum ákvæðum um áskrift vegna hækkunar hlutafjár enda ekki gert þar ráð fyrir hækkun hlutafjár á grundvelli almenns útboðs. Þá er þar ekki gert ráð fyrir nýmæli um áskriftarréttindi eins og í hlutafélagalögum.

VI. kafli. Lántaka með sérstökum skilyrðum.

Í aðaldráttum er gert ráð fyrir samsvarandi reglum um einkahlutafélög og hlutafélög.

VII. kafli. Lækkun hlutafjár.

Í meginatriðum verða sömu reglur um einkahlutafélög og hlutafélög.

VIII. kafli. Eigin hlutir.

Ákvæði hlutafélagalaganna verða mun ítarlegri.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

Í einkahlutafélögum er auk meirihlutakosningar aðeins gefinn kostur á hlutfallskosningu en ekki margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Einn eða tveir menn geta setið í stjórn einkahlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en minnst þrír skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélags. Einnig eru gerðar vægari kröfur í einkahlutafélögum þannig að í eins manns stjórn slíkra félaga getur stjórnarmaðurinn jafnframt verið framkvæmdastjóri. Fleiri sérákvæði eru varðandi eins manns stjórn í einkahlutafélögum þar sem stjórnandi getur tekið ákvarðanir án þess að halda stjórnarfundi. Í þeim félögum er ekki talin þörf á ákvæðum um fulltrúanefnd.

X. kafli. Hluthafafundir.
Í einkahlutafélögum eins aðila kemur hluthafinn í stað hluthafafunda. Þarf því ekki að halda hluthafafundi, þar á meðal aðalfundi, í þessum félögum. Ákvarðanataka verður því einfaldari en í hlutafélögum. Unnt er að falla frá formreglum varðandi boðun til hluthafafunda í einkahlutafélögum að vissum skilyrðum uppfylltum.

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.
Samsvörun er á milli reglna um einkahlutafélög og hlutafélög. Endurskoðun bókhaldslöggjafar, sem undirbúin hefur verið í fjármálaráðuneytinu, kann að leiða til breytinga á ákvæðum laganna.

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.
Í einkahlutafélögum er gert ráð fyrir vægari kröfum varðandi skýrslu stjórnar og skil á óstyttum ársreikningi til hlutafélagaskrár en í hlutafélögum er gert ráð fyrir því að ætíð skuli senda skránni óstyttan ársreikning nema undantekning sé gerð þar frá. Endurskoðunarstarf fjármálaráðuneytisins vegna bókhaldslöggjafarinnar kann að leiða til breytinga á lögunum.

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.
Ákvæði um einkahlutafélög og hlutafélög samsvara hvor öðrum.

XIV. kafli. Félagsslit.
Félagsslitaástæður verða færri í lögum um einkahlutafélög en lögum um hlutafélög vegna mismunandi reglna í lögum. Það verða ekki félagsslitaástæður í einkahlutafélagalögunum að hluthafar í þeim félögum verði færri en tveir eða félögin hafi ekki framkvæmdastjóra. Þá þarf að halda hluthafafund í einkahlutafélagi ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en skráð hlutafé þess en í hlutafélagalögum er miðað við að eigið fé sé orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé.

XV. kafli. Samruni, breyting hlutafélags í einkahlutafélag og skipting.
Í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir sérstökum matsmönnum í tengslum við skýrslu um samrunaáætlun en í einkahlutafélagalögunum endurskoðanda. Þá eru ákvæði um skiptingu félaga ekki tekin upp í einkahlutafélagalög. Í lögum um einkahlutafélög geta hluthafar, sem eiga 25% eða meira af hlutafénu, gert þá kröfu að samþykki hluthafafundar en ekki stjórnar þurfi til samruna í yfirtökufélagi (5% í hlutafélagalögunum).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.
Gert er ráð fyrir samsvarandi reglum um skaðabætur o.fl. í lögunum um hlutafélög og lögunum um einkahlutafélög.

XVII. kafli. Útibú erlendra hlutafélaga.
Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús þegar um einkahlutafélög er að ræða.

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.

Ákvæðin um birtingu í Lögbirtingablaði eru ekki eins ítarleg varðandi einkahlutafélög og hlutafélög.

XIX. kafli. Refsingar o.fl.

Færri refsiákvæði verða í lögum um einkahlutafélög en lögum um hlutafélög vegna ráðgerðs mismunar á lögunum um félögin.

XX. kafli. Gildistaka laganna o.fl.

Gert er ráð fyrir að í lögum um einkahlutafélög verði sérákvæði um samlagshlutafélög. Ákvæði þessa kafla þarfnast að öðru leyti ekki skýringar hér.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru byggð upp eins og ákvæði I. kafla hfl. svo sem gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Þó er gert ráð fyrir að lágmarksfjárhæð hlutafjár verði miklu lægri í einkahlutafélögum en hlutafélögum. Skilur þetta atriði einna skýrast á milli einkahlutafélaga og hlutafélaga.

Um 1. gr.

Þessi grein samsvarar 1. gr. gildandi laga um hlutafélög nr. 32/1978, með síðari breytingum (hfl). Þó er gert ráð fyrir því að um einn hlut geti verið að ræða minnst í einkahlutafélögum og að lágmarksfjárhæð hlutafjár verði þar 500.000 kr. í stað 400.000 kr. í framangreindum lögum enda komið að hækkun lágmarksfjárhæðarinnar skv. 1. gr. þeirra laga sem verið hefur óbreytt frá gildistöku hlutafélagalaganna árið 1980. Þess má geta hér að langflest hlutafélög, sem skráð hafa verið að undanförnu, hafa haft innan við einnar milljónar kr. hlutafé og flest verið með lágmarksfjárhæðina. Mismunandi lágmörk hafa verið varðandi lítil félög erlendis og jafnvel ekkert lágmark í Bretlandi. Lág fjárhæð getur greitt fyrir stofnun smárra félaga með takmarkaðri ábyrgð sem geta verið vaxtarbroddur í atvinnulífi. Í sérstöku lagafrumvarpi um hlutafélög er ráðgert að hækka lágmarksfjárhæð hlutafjár í stærri félögum, hlutafélögum, úr 400.000 kr. í 4.000.000 kr. Engin ákvæði eru hins vegar sett hér um hámarksfjárhæð hlutafjár í einkahlutafélögum fremur en í hlutafélögum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að ráðherra geti breytt lágmarksfjárhæð hlutafjár í einkahlutafélögum samkvæmt vissum reglum. Miðað er við breytingu á gengi evrópskra mynteininga (ECU) eins og fyrirhugað er í lögum um hlutafélög í stað þess að miða við breytingar á lánskjaravísitölu eins og nú er í hlutafélagalögunum.

Ákvæði 4. mgr. varðandi upplýsingar á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum einkahlutafélaga er efnislega samhljóða fyrirhuguðu ákvæði í 1. gr. hfl. Nýmæli þetta leiðir af 4. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB, sbr. 6. gr. 11. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 2. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um II. kafla.

Færri ákvæði eru í þessum kafla en í II. kafla hfl. með fyrirhuguðum breytingum þar eð ákvæðin um áskrift, sbr. 7.–10. gr. hfl., eru ekki tekin upp. Er það í samræmi við danska löggjöf um einkahlutafélög. Þá er gert ráð fyrir því að einn aðili geti stofnað einkahlutafélag en tveir stofnendur hið fæsta skulu vera í hlutafélögum. Þá er ekki gert ráð fyrir því í einkahlutafélögum að fleiri en stofnendur skrái sig fyrir hlutum þannig að ekki er gert ráð fyrir almennri þátttöku, t.d. í formi útboða. Í stofnsamningi um einkahlutafélag skal einnig greina frá því hvernig hlutir skiptist milli stofnenda þannig að valdahlutföll sjáist. Í einkahlutafélögum eru einnig gerðar vægari kröfur varðandi móttöku verðmæta í tengslum við stofnun slíkra félaga en gert er í hlutafélagalögum. Þá er frestur til að tilkynna einkahlutafélög til skráningar mun styttri en í hlutafélagalögum.

Um 3. gr.

Þessi grein samsvarar 3. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þó er hér gert ráð fyrir því að einn aðili geti stofnað einkahlutafélag en samkvæmt hlutafélagalögum skulu stofnendur vera tveir hið fæsta. Í þessu sambandi má benda á að skv. 12. félagaréttartilskipun EB frá 21. desember 1989 um einkahlutafélög eins aðila, sem verður hluti EES-réttar, er byggt á því að einn aðili geti stofnað einkahlutafélag. Af þeim sökum er slíkt ákvæði nauðsynlegt. Ekkert hámark er hins vegar sett á fjölda þátttakenda í einkahlutafélögum.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins felst að ekki er á stofnfundi unnt að taka ákvörðun um að fleiri en stofnendur eða almenningur hafi rétt til hlutanna sem hér um ræðir.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar um heimilisfesti samsvara ákvæðum hlutafélagalaga eins og gert er ráð fyrir það þeim verði breytt. Undanþágan varðandi heimilisfestina felur í sér að ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, geta stofnað einkahlutafélög hér á landi þótt þeir séu búsettir í öðru EES-ríki en Íslandi. Gildir undanþágan þá m.a. um Íslendinga sem eru búsettir í þessum ríkjum. Ákvæði 3. mgr. samsvara 3. mgr. 3. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt vegna EES-samningsins.

Ákvæði 4. mgr. samsvara 4. mgr. 3. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt (bætt er við í löggjöfinni að stofnandi megi ekki hafa farið fram á eða sé í greiðslustöðvun).

Ákvæði 5. mgr. samsvara 5. mgr. 3. gr. hfl.

Um 4. gr.

Þessi grein, sem geymir ákvæði um það sem greina skal í stofnsamningi, svarar til 4. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þannig er bætt við ákvæðum varðandi kostnað í tengslum við stofnun félags, sbr. 4. tölul. og 2. mgr. þessarar greinar. Einnig skal segja deili á stofnendum. Í 2. tölul. er hins vegar kveðið á um að í stofnsamningi skuli greina hvernig hlutir skiptist milli stofnenda og tryggir það að valdahlutföll sjáist við stofnunina. Slíkt ákvæði er ekki í hlutafélagalögunum.

Ekki er gert ráð fyrir fresti til áskriftar að hlut í einkahlutafélögum svipað og í hlutafélögum sem ganga má út frá að verði almennt stærri en einkahlutafélög og með fleiri þátttakendum. Taka má fram í þessu sambandi að í árslok 1992 breyttu Danir hlutafélagalögum sínum og gera ekki lengur ráð fyrir fresti til greiðslu hlutafjár. Í einkahlutafélögum sem hlutafélögum hér á landi gætu menn lagt fram viðskiptabréf sem greiðslu

en þau yrðu þá metin til núvirðis til þess að jafnræðis væri gætt milli hluthafa sem greiddu hluti sína með mismunandi hætti.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um hugsanleg viðbótaratriði í stofnsamningi, ýmiss konar verðmætamat. Svarar greinin um margt til hlutafélagalaga eins og gert er ráð fyrir að þeim verði breytt en þó eru gerðar strangari kröfur í hlutafélagalögunum, sbr. 5. gr. og þó einkum 5. gr. a–c í hfl., en í 5. og 6. gr. frumvarps þessa. Gert er ráð fyrir því að kröfur á hendur stofnendum geti talist greiðsla. Yrði þá að verðmeta þær.

Um 6. gr.

Þessari grein, sem snertir m.a. yfirtöku félags á fyrirtæki við stofnun hins fyrrgreinda, svipar til 3. mgr. 5. gr. hfl. en felur einnig í sér viðbótarákvæði, annars vegar í 1. mgr. um yfirlýsingu löggilts endurskoðanda eða lögmanns varðandi greiðslu í öðru en reiðufé og hins vegar í 3. mgr. um rétt endurskoðandans eða lögmannsins til að fá nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð. Ákvæðin samsvara um sumt fyrirhuguðum breytingum á hlutafélagalögunum.

Benda má á að lagaákvæði um endurskoðendur gilda hér eftir því sem við á.

Um 7. gr.

Þessi grein samsvarar 6. gr. hfl.

Í 1. tölul. 3. mgr. felst tilvísun í 37. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Ákvæðum 1. mgr. svipar til 9. gr. hfl., sbr. einkum 1. og 4. mgr. þeirrar greinar varðandi ákvörðun um stofnun félags og framlagningu skjala á stofnfundi.

Ákvæði 2. mgr. um kosningu stjórnar og endurskoðenda samsvara 4. mgr. 10. gr. hfl.

Um 9. gr.

Grein þessi samsvarar 11. gr. hfl. nema hvað þess er krafist hér að greiða skuli heildarhlutafé og það sem greiða kann að þurfa umfram nafnverð til þess að unnt sé að skrá félag. Jafnframt er frestur stjórnar til að tilkynna félag til skráningar styttur úr sex mánuðum í tvo mánuði frá dagsetningu stofnsamnings. Er það til samræmis við danska löggjöf þar sem frestur er mislangur eftir því hvort um er að ræða skráningu hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Í hlutafélögum þarf lengri tíma þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að hlutafé sé boðið út.

Um 10. gr.

Þessi grein samsvarar 12. gr. hfl.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru miklu einfaldari en ákvæði III. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Í einkahlutafélögum er gert ráð fyrir því að fáir aðilar taki höndum saman og greiði hlutaféð fyrir skráningu. Ákvæði 14.–16. gr. hfl. eru ekki tekin upp hér. Þar er m.a. gert ráð fyrir greiðslu hlutafjár á löngum tíma. Gengið er út frá að í hlutafélögum verði margir hluthafar, þau verði opin almenningi og útboð geti farið fram. Þetta atriði undirstrikar mun milli einkahlutafélaga og hlutafélaga.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvara 1. mgr. 13. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Bætt er þó við að greiðslu skuli inna af hendi fyrir skráningu.

Í 2. mgr. segir að skilyrði, sem hluthafi setji í tengslum við stofnun einkahlutafélags og ekki samrýmast lögum þessum eða stofnsamningi, hafi ekkert gildi. Öðruvísi ákvæði eru í 2. mgr. 7. gr. hfl. en ákvæði frumvarps þessa taka mið af því að allt hlutafé þarf að vera borgað við skráningu einkahlutafélags þannig að áskriftarákvæði, er samsvara 7.–10. gr. hfl., eiga ekki við.

Ákvæði 3. mgr. samsvara 2. mgr. 13. gr. hfl. Ljóst er þó að málsgrein þessi hefur mun minni þýðingu en í hlutafélagalögunum þar eð greiða verður hlutafé í einkahlutafélögum fyrir skráningu.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla byggja í megindráttum á IV. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt en eru þó mismunandi um nokkur veigamikil atriði. Um einn hluthafa getur verið að ræða minnst í einkahlutafélögum en tveir eru lágmark í hlutafélögum. Í einkahlutafélögum má leggja hömlur á viðskipti með hluti þótt hluthafar séu 200 eða fleiri en slíkar hömlur má ekki leggja á í hlutafélögum þar sem svo er ástatt. Þá er ekki gert ráð fyrir hlutabréfum í einkahlutafélögum eins og í hlutafélögum heldur yrði hlutaskrá aðalheimild um eignaraðild og vottorð gefin út í því sambandi. Unnt yrði þó að gefa út hlutaskírteini en þau yrðu þó ekki, fremur en vottorð úr hlutaskrá, viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt.

Um 12. gr.

Í 1. málsl. kemur fram að hluthafar geti verið einn eða fleiri. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. hfl. skulu hluthafar hins vegar vera tveir hið fæsta. Af 12. félagaréttartilskipun EB, sem verður hluti EES-réttar, leiðir að gefa verður kost á félögum eins aðila í hlutafélagalöggjöfinni.

Ákvæði 2. málsl. samsvara 2. mgr. 17. gr. hfl. en hefur verið stytt. Í 2. málsl. eru heimilaðir hlutaflokkar án atkvæðisréttar, sbr. 57. gr. frumvarpsins. Er þetta nýmæli því að samkvæmt gildandi lögum skal hverjum hlut fylgja atkvæðisréttur. Að vísu er nú heimilt að hlutir hafi aðeins 10% atkvæðisrétt á við almenna hluti. Hlutir án atkvæðisréttar eru mjög vinsælir víða í viðskiptalöndum okkar, t.d. Frakklandi, á Ítalíu og í Þýskalandi, auk þess sem Norðmenn hyggjast gefa kost á þessu og Danir gefa þegar færi á slíku í lögum um einkahlutafélög. Gefst félögum færi á að afla fjár án þess að slíkt hafi áhrif á atkvæðishlutföll milli gamalla og nýrra eigenda auk þess sem almenningi gefst kostur á að kaupa slíka hluti til ávöxtunar sem er oft aðalmarkmiðið með kaupum á hlutunum. Þykir rétt að gefa kost á þessum möguleika hérlendis til að örva atvinnulífið og viðskipti með hluti auk þess sem fyrirtæki þurfa síður að leita eftir innlendu eða erlendu lánsfé.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsl. samsvara 1. og 2. málsl. 18. gr. hfl. Ekki er tekin upp 3. mgr. 18. gr. hfl. Er því heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hluti í einkahlutafélögum þótt hluthafar séu 200 eða fleiri.

Um 14. gr.

Grein þessi samsvarar 19. gr. hfl. eins og fyrirhugað er að breyta henni. Hvað breytingar snertir skiptir mestu máli að í 2. mgr. er lagt að jöfnu, varðandi ógildi ákvæða í samþykktum, annars vegar bersýnilega ósanngjarnt verð fyrir hlutina, eins og er í hlutafélagalögunum, og hins vegar skilmálar sem eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti. Tekur breytingin mið af danskri löggjöf.

Um 15. gr.

Þessi grein samsvarar 20. gr. hfl. Felld er niður tilvísun í lagaákvæði um bann við hömlur á viðskiptum með almenna hluti í hlutafélögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri þar eð ekki er gert ráð fyrir slíku banni að því er varðar einkahlutafélög, sbr. athugasemd við 13. gr. hér að framan.

Um 16.–18. gr.

Ákvæði 16.–18. gr. frumvarpsins eiga sér að hluta til samsvörun í 131. gr. hfl. en ganga þó mun lengra hér og eru byggð á danskri löggjöf frá 1992. Ákvæðin samsvara nýjum ákvæðum í hlutafélagafrumvarpinu. Hér eru ákvæði 17. gr. stytt frá því sem er í dönsku lögunum.

Í 16. gr. er innlausnarskylda og innlausnarréttur víkkaður út eins og í hlutafélagafrumvarpinu þannig að innlausnin nær ekki aðeins til þeirra tilvika er móðurfélög eiga í dótturfélögum, sbr. 131. gr. hfl., heldur til allra þeirra tilvika er hluthafi á hlut í einkahlutafélagi. Í fyrirhuguðum breytingum á hlutafélagalögunum hér á landi er gert ráð fyrir samsvarandi breytingu.

Í 17. gr. er kveðið á um að greiða skuli andvirði hlutar á geymslureikning á nafn réttthafa ef hluturinn er ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 16. gr.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara í megindráttum 24. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Ákvæði 3.–4. mgr. þeirrar greinar eru þó ekki tekin upp í þetta frumvarp.

Nánar tiltekið samsvarar 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins 1. mgr. 24. gr. hfl., 2. mgr. frumvarpsins 2. mgr. 24. gr. hfl., 3. mgr. geymir nýtt ákvæði (hlutaskírteini), 4. mgr. þessarar greinar samsvarar 5. mgr. 24. gr. hfl., 5. mgr. þessarar greinar 6. mgr. 24. gr. hfl. og 6. mgr. þessarar greinar 7. mgr. 24. gr. hfl. Ákvæði 3. málsl. 4. mgr. eru þó tekin úr 1. málsl. 25. gr. hfl.

Hlutaskírteini þau, sem gefa má út skv. 3. mgr., eru ekki viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt. Hlutabréf yrðu ekki gefin út í einkahlutafélögum. Þar yrði hlutaskráin aðalheimildin um eignaraðild og væri unnt að gefa út vottorð úr henni, sbr. 6. mgr. þessarar greinar frumvarpsins, sem væru ekki heldur viðskiptabréf. Útgáfa hlutaskírteina skv. 3. mgr. væri hins vegar hátíðlegri leið til að votta eignaraðildina en útgáfa vottorða.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru byggð á 16. gr. dönsku laganna um einkahlutafélög. Vottorð úr hlutaskrá og hlutaskírteini eru ekki viðskiptabréf, sbr. athugasemd við 19. gr.

Um 21. gr.

Hér er orðrétt tekin upp 26. gr. hfl.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar um tilkynningarskyldu til hlutafélagaskrár, ef einkahlutafélag, sem er skráð í eigu fleiri en eins aðila, kemst á hendur eins aðila, tekur mið af 3. gr. 12. félagaréttartilskipunar EB.

Í þessu sambandi má minna á ákvæði 2. mgr. 95. gr. um að í skýrslu stjórnar skuli tilgreina fjölda hluthafa o.fl. í einkahlutafélagi.

Um V. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara að flestu leyti ákvæðum V. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Mjög lítið er þó tekið upp úr hlutafélagalögum um áskrift enda er ekki gert ráð fyrir því að einkahlutafélög hækki hlutafé á grundvelli almenns útboðs. Þá er ekki gert ráð fyrir nýmæli um áskriftarréttindi eins og í fyrirhuguðum hlutafélagalögum.

Um 23. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. 23. gr. frumvarpsins samsvara ákvæðum 1.–3. mgr. 27. gr. hfl.

Athuga ber að í 30. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að veita megi stjórn félags heimild til að hækka hlutafé.

Um 24. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvara 1. og 3. málsl. 1. mgr. en 2. mgr. fyrirhugaðri 2. mgr. 28. gr. hfl. Eins og í fyrirhuguðum hlutafélagalögum er ekki gert ráð fyrir því að í samþykktum megi ákveða að aðeins sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar. Hins vegar er unnt að veita hluthöfum í ákveðnum hlutaflokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum.

Ákvæði 3. mgr. samsvara 4. mgr. 28. gr. hfl. sem gert er ráð fyrir að verði 3. mgr. þeirrar greinar.

Um 25. gr.

Þessi grein samsvarar í megindráttum 30. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. samsvara 1. og 2. mgr. 31. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að þeim verði breytt. Í 1. mgr. frumvarps þessa er tekið fram að stjórn félags skuli leggja fram skýrslu skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins en skv. 2. mgr. 5. gr. myndu stofnendur sjá um að leggja slíka skýrslu fram við stofnun félagsins. Þá er stjórn ekki til að dreifa. Ákvæði 3. mgr. samsvara fyrirhuguðum ákvæðum 31. gr. hfl.

Um 27. gr.

Þessi grein snertir áskrift nýrra hluta. Mjög lítið er tekið upp úr hlutafélagalögum um áskrift. Þannig eru ákvæði 32., 35. og 36. gr. hfl. ekki tekin upp.

Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar er þó samsvörun í 3. mgr. 32. gr. hfl. Gert er ráð fyrir því að áskrift nýrra hluta gerist með skráningu í gerðabók enda er ekki gert ráð fyrir því í einkahlutafélögum að unnt sé að fá fjölmenna hópa eða almenning til að skrifa sig fyrir hlutafé. Öðru máli gegnir hins vegar um hlutafélög, sbr. t.d. 1. málsl. 32. gr. hfl. þar sem segir að áskrift nýrra hluta skuli gerð á áskriftarskrá. Ákvæði þessarar málsgreinar frumvarpsins eru m.a. í samræmi við danska löggjöf um þessa tegund félaga.

Ákvæði 2. mgr. frumvarpsins á sér samsvörun í 33. gr. hfl.

Um 28. gr.

Grein þessi á sér vissa samsvörun í 34. gr. hfl. en í einkahlutafélögum er þó ekki veittur frestur til greiðslu heildarhlutafjár eða þess sem greiða á umfram nafnverð. Ákvæði 2. málsl. samsvara 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. hfl.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 37. gr. hfl. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 37. gr. hfl. eru þó tekin út úr og sett í sérstaka grein í þessu frumvarpi.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á 35. og 2. mgr. 37. gr. hfl.

Um VI. kafla.

Ákvæði þessa kafla fjalla um lántöku með sérstökum skilyrðum (breytanleg og arðberandi skuldabréf) og samsvara í aðaldráttum ákvæðum VI. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 31. gr.

Þessi grein samsvarar í meginatriðum 39. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstaka grein er heimili félagsstjórn að taka ákvörðun um lántöku með sérstökum skilyrðum. Slík heimild er fyrirhuguð í 39. gr. a í hfl.

Um 32. gr.

Þessi grein samsvarar 40. gr. hfl.

Um 33. gr.

Þessi grein samsvarar 41. gr. hfl.

Ekki er gert ráð fyrir því að heimild félagsstjórnar verði bundin tímatakmörkunum eins og fyrirhugað er að gera í hlutafélagalögum.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í meginatriðum VII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 42. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Einstakar málsgreinar samsvara hver annarri.

Um 35. gr.

Þessi grein samsvarar 1. málsl. 43. gr. hfl. Ekki eru settar takmarkanir á arðgreiðslur eins og í hfl. fremur en gert er í dönskum lögum um einkahlutafélög.

Um 36. gr.

Þessi grein samsvarar 44. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 37. gr.

Þessi grein samsvarar 45. gr. hfl. og fjallar um innlausn hluta eftir ákveðnum reglum (á dönsku amortisation).

Um VIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara 46. gr. hfl. með vissum breytingum. Gert er ráð fyrir að ákvæði hlutafélagalaga um eigin hluti verði hins vegar mun ítarlegri þar eð þau lög taka mið af kröfum EES-réttar.

Um 38. gr.

Ákvæði þessa frumvarps um eigin hluti samsvara 46. gr. hfl. Frestur til að losa sig við hluti, sem eru umfram 10% af eigin hlutafé, er þó í 1. mgr. lengdur úr þremur mánuðum í sex með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á hlutafélagalögum. Þá er í sömu málsgrein bætt við ákvæði um að kaup eigin hluta megi aðeins fjármagna úr frjálsum sjóðum félagsins og er þetta í samræmi við meginhugsun 98. gr. Loks er bætt við nýrri málsgrein, 4. mgr., um skyldu stjórnar til að lækka hlutafé ef hlutum er ekki ráðstafað á réttum tíma skv. 1. mgr. Er það ákvæði í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á hlutafélagalögum (46. gr. f).

Gert er ráð fyrir að ákvæði hlutafélagalaga um eigin hluti verði mun ítarlegri en ákvæði laganna um einkahlutafélög. Taka ákvæði hlutafélagalaganna mið af kröfum EES-réttar.

Um IX. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í meginatriðum IX. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Varðandi kjör stjórnarmanna er þó aðeins gefinn kostur á hlutfallskosningu en ekki margfeldiskosningu. Þá eru gerðar vægari kröfur í einkahlutafélögum þannig að í eins manns stjórn geti stjórnarmaðurinn jafnframt verið framkvæmdastjóri. Stjórnarmaðurinn þarf ekki að halda stjórnarfundi, sbr. 5. mgr. 46. gr. frumvarps þessa. Einnig eru fleiri sérákvæði varðandi eins manns stjórn í einkahlutafélögum, sbr. sömu grein frumvarpsins. Þá er ekki talin þörf á fulltrúanefnd í einkahlutafélögum miðað við reynsluna hér á landi.

Um 39. gr.

Grein þessi er í megindráttum byggð á 47. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Bætt er við nýjum málslið, 4. málsl., í 2. mgr. til samræmis við fyrirhugaða breytingu á hlutafélagalögunum. Þar segir að þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skuli allir kosnir á sama fundi. Er ákvæðið nauðsynlegt til að tryggja framkvæmd ákvæðanna um hlutfallskosningu.

Felld eru niður ákvæði um margfeldiskosningu en látið nægja að hafa möguleika á hlutfallskosningu í þessari tegund félaga sem gera má ráð fyrir að verði almennt minni en hlutafélög.

Í 3.–4. mgr. er lýsing á því hvernig kjósa skuli í stjórn og hvernig uppgjöri slíkra kosninga skuli háttað. Boðið er upp á tvenns konar kosningaaðferð, meirihlutakosningu og hlutfallskosningu. Sé ekki annað tekið fram í samþykktum félags skal kosið meirihlutakosningu en tiltekinn minni hluti hluthafa getur þó krafist hlutfallskosningar.

Hugtakið hlutfallskosning er ekki einhlítt og því eru hér tekin af tvímæli með því að lýsa aðferðinni sem hér er átt við (en hún er kennd við d'Hondt í ritum um kosningafræði). Til samanburðar er meirihlutakosningu jafnframt lýst.

Til glöggvunar skal tekið talnadæmi til útskýringar á kosningareglunum. Gert er ráð fyrir að kjósa skuli fimm stjórnarmenn og að fram komi þrjú framboð: A-listi með nöfnum fimm manna, B-listi, sem hefur einungis tvö nöfn, og að lokum framboð Jóns Jónssonar sem samkvæmt lagagreininni skoðast sem sérstakur framboðslisti, C-listi, með þessu eina nafni.

Sé kosið meirihlutakosningu og falli atkvæði þannig að A-listi hljóti stuðning handhafa 480 hluta, B-listi 600 hluta og að lokum hljóti Jón Jónsson eða C-listi fylgi 260 hluta fær atkvæðaflesti listinn, B-listi, alla sína menn kjörna. En á listanum eru aðeins tvö nöfn þannig að bjóða þarf aftur fram til þess að kjósa þá stjórnarmenn sem á skortir.

Við hlutfallskosningu og sömu skiptingu atkvæða skal mynda deildir atkvæða með því að deila með 1, 2, 3 o.s.frv. Hjá A-lista verða deildirnar 480, 240, 160, 120 og 96, hjá B-lista 600 og 300 en hjá C-lista einungis deildin 260. Samkvæmt þessu fellur 1. sæti til B-lista (deildin 600), 2. til A (480), 3. aftur til B (300), 4. til C (260) og að lokum það 5. til A-lista (240). Ekki reynir nú á það að B-listinn bauð aðeins fram tvo menn.

Samkvæmt dönskum lögum um einkahlutafélög er þriggja manna stjórn aðalreglan en í litlum félögum er jafnvel heimilt að hafa enga stjórn. Þá koma störf stjórnarmanna í hlut framkvæmdastjóra. Í frumvarpi þessu er þó ávallt gert ráð fyrir minnst einum stjórnarmanni.

Um 40. gr.

Þessi grein samsvarar 48. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þar er gert ráð fyrir að bætt verði við nýrri málsgrein um félag án stjórnar. Þá skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

Ákvæði 4. málsl. 1. mgr. á að tryggja að ekki sé unnt að víkja þeim stjórnarmanni frá störfum sem hlotið hefur kosningu minni hluta í hlutfallskosningu nema samkvæmt skýrum reglum er tryggi rétt minni hlutans. Lagt er m.ö.o. til að slík tillaga teljist felld ef stjórnarmaðurinn nýtur þess stuðnings sem mundi alltaf nægja í hlutfallskosningu til að tryggja honum sæti í stjórn hvernig svo sem önnur atkvæði skiptust milli framboðslista (hér er hugsanlegt hlutkesti túlkað stjórnarmanni í vil).

Um 41. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við 1. mgr. 52. gr. gildandi hlutafélagalaga þar sem gert er ráð fyrir því að félagi sé í sjálfsvald sett hvort framkvæmdastjóri er ráðinn eða ekki.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um að meiri hluta stjórnar skuli mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu eins og gert er ráð fyrir í 49. gr. hfl. Það ákvæði á sér vissa samsvörun í dönsku lögunum um einkahlutafélög og tekur mið af tillögu EB um 5. félagaréttartilskipunina þar sem gert er ráð fyrir fullum persónuaðskilnaði stjórnar og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórar séu m.ö.o. ekki jafnframt stjórnarmenn. Þeirri tilskipun, ef samþykkt verður, er þó aðeins ætlað að taka til hlutafélaga, ekki einkahlutafélaga. Er af þeim sökum gert ráð fyrir því að í eins manns stjórn í einkahlutafélögum megi stjórnarmaðurinn jafnframt vera framkvæmdastjóri og í tveggja manna stjórn megi annar vera framkvæmdastjóri samkvæmt þessari málsgrein.

Um 42. gr.

Þessi grein samsvarar 50. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að hún verði lagfærð og henni breytt. Fela breytingarnar í sér nýmæli varðandi undanþágu frá búsetuskilyrðum á grundvelli EES-samningsins, sbr. 4. gr. laga 121/1993. Þá er það nýmæli að takmarka rétt manna til að sitja sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í einkahlutafélögum í vissum undantekningartilvikum (ítrekað gjaldþrot einkahlutafélags eða hlutafélags í sams konar eða svipuðum rekstri) og felur slíkt í sér hlutlæg viðurlög. Undanþáguheimild hlutafélagaskrár skv. 3. málsl. 1. mgr. kann að verða nýtt t.d. ef viðkomandi hefur tekið sæti í stjórn á sérstökum erfiðleikatímum til að gæta hagsmuna lánardrottna, t.d. banka, eða til að freista þess að koma félaginu úr erfiðleikunum. Frestdagur sá sem um er rætt er skilgreindur í 2. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og telst vera sá dagur sem héraðsdómara berst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti.

Um 43. gr.

Þessi grein samsvarar 51. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Í athugasemdum við þá grein segir: Rétt þykir að hafa hér samsvarandi ákvæði og eru í dönsku hlutafélagalögunum sem heimila ekki stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum spákaupmennsku með hluti. Dómstólar meta í hverju tilviki með tilliti til allra aðstæðna hvað teljist spákaupmennska. Hér má nefna að í 1. gr. nýlegs frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti var spákaupmennska skilgreind svo: „Kaup eða sala verðbréfa, sem talin eru verulega áhættusöm, í því skyni að öðlast skjótfenginn hagnað í kjölfar verðhækkunar eða verðlækkunar verðbréfanna.“ Skilgreiningin var ekki tekin inn í lögin um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, enda kann hún að orka tvímælis. Í því sambandi má nefna að í danskri fræðibók segir að kaup á bréfum í von um mikinn hagnað séu ekki í sjálfu sér skilgreind sem spákaupmennska. Hins vegar geti það talist spákaupmennska ef hlutabréf eru keypt eða seld í þeim tilgangi að hafa áhrif á gengi þeirra á grundvelli eftirspurnarreglunnar og þá í því skyni að hagnast á slíku.

Um 44. gr.

Þessi grein samsvarar 52. gr. hfl. Sitji einn maður í stjórn hlutafélags getur hann jafnframt verið framkvæmdastjóri og sitji tveir í stjórn getur annar verið framkvæmdastjóri, sbr. 41. gr. frumvarps þessa. Ekki er gert ráð fyrir því að í einkahlutafélögum sé möguleiki á fulltrúanefnd, sbr. 57. gr. hfl. Miðað við reynsluna virðist ekki þörf á slíkum eftirlitsaðila í einkahlutafélögum hér á landi enda má gera ráð fyrir að þau félög verði almennt minni en hlutafélög. Þess má geta að í norsku lagafrumvarpi vegna EES-samningsins var gert ráð fyrir því að fulltrúanefnd yrði felld niður í norskum lögum varðandi hlutafélög og einkahlutafélög.

Um 45. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvara 53. gr. hfl.

Ákvæði 2. mgr. samsvara fyrirhugaðri viðbót við 53. gr. hfl.

Um 46. gr.

Þessi grein samsvarar 54. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Í 4. mgr. er tekið upp ákvæði úr dönskum hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum sem var ekki á sínum tíma tekið upp í íslensku hlutafélagalögin. Felur það í sér að félagsstjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar skuli kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Getur slíkt ákvæði stuðlað að því að stjórnarmenn í félögum geri sér ljósari ábyrgð sína og skyldur.

Í þessu sambandi má nefna að í árslok 1992 var eftirfarandi sérákvæði bætt við í dönsku hlutafélagalögunum um ákveðna tegund hlutafélaga sem yrði eflaust fullstrangt fyrir flest einkahlutafélög (en þau yrðu ekki skráð á verðbréfaþingi).

„Séu hlutabréf félaga skráð á verðbréfaþingi Kaupmannahafnar skulu starfsreglurnar a.m.k. geyma:

1. ákvæði um skipan stjórnarinnar og ályktunarhæfi, svo og hversu oft halda skuli fundi;
2. leiðbeiningarreglur um skiptingu starfa milli stjórnar og framkvæmdastjóra eða annarra stjórnaraðila þ.á m. um verktilhögun, heimildir og fyrirmæli;
3. ákvæði um eftirlit stjórnar með því hvernig framkvæmdastjórinn stýrir störfum félagsins og dótturfélaga þess;
4. leiðbeiningarreglur um notkun og færslu bóka, skráa og gerðabóka samkvæmt lögum þessum;
5. ákvæði um að stjórnin taki afstöðu til skipulags félagsins, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi og fjárhagsáætlanir;
6. ákvæði um skyldu stjórnar til að útvega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum;
7. ákvæði um skyldu stjórnarinnar til að fylgjast með áætlunum, fjárhagsáætlunum og því um líku og taka auk þess afstöðu til skýrslna um greiðslugetu félagsins, pantanamál, meiri háttar ráðstafanir, þær tryggingar sem skipta máli, fjármögnun, peningastreymi og sérstaka áhættuþætti;
8. ákvæði um skyldu stjórnar til að taka afstöðu til efnis endurskoðunarbókar fyrir undirritun hennar;
9. ákvæði um skyldu stjórnar til að athuga bráðabirgðauppgjör félagsins og því um líkt á hverju reikningsári og meta þá m.a. fjárhagsáætlunina og frávik frá henni;

10. ákvæði um skyldu stjórnar til að tryggja að fyrir hendi sé nauðsynlegur grundvöllur undir endurskoðun og taka þá m.a. afstöðu til þess hvort þörf sé á innra eftirliti.“

Í 5. mgr. er bætt er við ákvæðum vegna þeirra tilvika þegar stjórn félags er aðeins skipuð einum manni. Stjórnarmaðurinn þarf ekki að halda stjórnarfundi en skal skrá mikilvægar ákvarðanir í gerðabók félagsins.

Um 47. gr.

Þessi grein samsvarar 55. gr. hfl. en gildir aðeins um fjölskipaða félagsstjórn.

Um 48. gr.

Þessi grein samsvarar 56. gr. hfl. Þegar um þá hagsmunaárekstra er að ræða sem greinin tekur til skal kalla til varamann þegar stjórnarmaður er einn.

Um 49. gr.

Þessi grein samsvarar 58. gr. hfl.

Ákvæði 3. mgr. taka mið af 2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB.

Um 50. gr.

Þessi grein samsvarar 59. gr. hfl.

Um 51. gr.

Ákvæði 1.–2. mgr. samsvara 60. gr. hfl.

Ákvæði 3. mgr. taka mið af 5. gr. 12. félagaréttartilskipunar EB.

Um 52. gr.

Þessi grein samsvarar 61. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt og tekur mið af 1.–2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB varðandi umboð stjórnaraðila.

Að því er varðar 2. tölul. er aðalreglan sú að þriðji maður vinni ekki rétt ef hann veit um heimildarskort, t.d. ef forsvarsmaður félags misnotar stöðu sína og viðsemjandinn veit það.

Um 53. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 61. gr. a í hfl. og tekur mið af 8. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB sem ætlað er að vernda hagsmuni grandlauss þriðja aðila gagnvart félagi þegar galli er á kjöri eða tilnefningu stjórnarmanna ellegar ráðningu framkvæmdastjóra.

Um X. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í meginatriðum ákvæðum X. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Þó eru undantekningar þar á. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að í einkahlutafélögum eins aðila fari viðkomandi hluthafi með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum heldur komi hluthafinn í stað hluthafafunda. Slíka fundi þarf því ekki að halda. Tekur þetta m.a. til aðalfunda. Ákvarðanataka er því einfaldari í einkahlutafélögum en hlutafélögum, sbr. einkum 55. og 59. gr. frumvarpsins. Unnt er þó að falla frá formreglum varðandi boðun til hluthafafunda ef allir hluthafar í einkahlutafélagi sækja hluthafafund og eru sammála um það.

Um 54. gr.

Þessi grein samsvarar 62. gr. hfl.

Um 55. gr.

Þessi grein samsvarar 63. gr. hfl. Í 2. mgr. er hér þó bætt við sérákvæði um einkahlutafélög eins aðila. Viðkomandi hluthafi fer þá ekki með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum heldur kemur hann í stað hluthafafundar. Eiga ákvæði X. kafla um hluthafafundi því ekki við.

Um 56. gr.

Þessi grein samsvarar 64. gr. hfl.

Um 57. gr.

Þessi grein samsvarar 65. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þar er gert ráð fyrir hlutum án atkvæðisréttar, sbr. athugasemd við 12. gr. frumvarps þessa.

Taka má fram að í dönskum lögum um einkahlutafélög er þess ekki krafist að atkvæðisréttur fylgi hverjum hlut í félaginu.

Um 58. gr.

Þessi grein samsvarar 66. gr. hfl.

Um 59. gr.

Þessi grein samsvarar 67. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. (ákvæði fyrirhugaðrar 4. mgr. 67. gr. er þó tekið upp í breyttri mynd í 107. gr. frumvarps þessa).

Sé hluthafi einn eru ekki haldnir aðalfundir né aðrir hluthafafundir heldur tekur hluthafinn ákvarðanir einn um þau atriði sem skylt er að taka ákvarðanir um samkvæmt aðalfundargreininni eða félagssamþykktum, þ.á m. um stjórnarkjör. Jafnframt vísast til 55. gr. um hluthafafundi almennt.

Um 60. gr.

Þessi grein samsvarar 68. gr. hfl.

Um 61. gr.

Þessi grein samsvarar 69. gr. hfl.

Um 62. gr.

Þessi grein samsvarar 70. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Taka má fram að talað er um í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins að félag hafi enga „starfandi stjórn“ í stað þess að hafa enga stjórn þar eð litið er svo á að stjórn skv. 3. mgr. 40. gr. sé ekki „starfandi stjórn“ í merkingu þessarar greinar.

Um 63. gr.

Þessi grein samsvarar 71. gr. hfl.

Í 4. mgr. er til öryggis bætt við að í móðurfélagi skuli leggja fram samstæðureikning.

Þá er jafnframt bætt við nýrri málsgrein varðandi einkahlutafélög, 5. mgr. Samkvæmt henni má falla frá formreglum greinarinnar varðandi boðun til hluthafafunda ef allir hluthafar sækja hluthafafund og eru sammála um það. Sams konar regla er í 46. gr. dönsku laganna um einkahlutafélög. Almennt má gera ráð fyrir fáum hluthöfum í einkahlutafélögum.

Um 64. gr.

Þessi grein samsvarar 72. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í 1. málsl. þessarar greinar frumvarpsins, þar sem segir að ekki sé unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins þau mál sem hafa ekki verið greind í dagskrá fundarins, felst tilvísun til 5. mgr. 63. gr. frumvarpsins.

Minna má á það hér að skv. 2. mgr. 55. gr. eru ekki haldnir hluthafafundir í einkahlutafélögum eins aðila.

Um 65. gr.

Þessi grein samsvarar 73. gr. hfl. með þeirri smábreytingu sem gert er ráð fyrir að verði á henni. Taka ber fram að ekki er um að ræða hluthafafundi í einkahlutafélögum eins aðila. Þá má nefna að umboðsmaður hlutafélagaskrár getur ákveðið að hann gegni sjálfur fundarstjórastörfum.

Um 66. gr.

Þessi grein samsvarar 74. gr. hfl.

Um 67. gr.

Þessi grein samsvarar 75. gr. hfl.

Um 68. gr.

Þessi grein samsvarar 76. gr. hfl. Nefna má að stjórn hefur t.d. heimild til að breyta samþykktum á grundvelli 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 3. mgr. 32. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 38. gr.

Um 69. gr.

Þessi grein samsvarar 77. gr. hfl. Þess má geta að 40. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sem gildir um hlutafélög, gerir jafnvel vægari kröfur en gerðar eru samkvæmt þessari grein frumvarpsins.

Um 70. gr.

Þessi grein samsvarar 78. gr. hfl.

Um 71. gr.

Þessi grein samsvarar 79. gr. hfl.

Um XI. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XI. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Gert er ráð fyrir að aðlögun íslenskrar löggjafar að bókhaldslöggjöf EES, sem undirbúin hefur verið í fjármálaráðuneytinu, leiði til þess að ákvæði þessa kafla verði síðar flutt í bókhaldslöggjöfina.

Um 72. gr.

Þessi grein samsvarar 80. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Að því er varðar 1. mgr. um kosningu eða tilnefningu endurskoðenda á aðalfundi skal tekið fram að skv. 2. mgr. 55. gr. þarf ekki að halda hluthafafundi, þ. á m. aðalfundi, í einkahlutafélögum eins aðila heldur skal viðkomandi hluthafi skrá ákvarðanir sínar í gerðabók félagsins.

Um 73. gr.

Þessi grein samsvarar 81. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í búsetuskilyrði 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins felst tilvísun til EES-samningsins.

Um 74. gr.

Þessi grein samsvarar 82. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 75. gr.

Þessi grein samsvarar 83. gr. hfl.

Um 76. gr.

Þessi grein samsvarar 84. gr. hfl.

Um 77. gr.

Þessi grein samsvarar 85. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 78. gr.

Þessi grein samsvarar 86. gr. hfl.

Um 79. gr.

Þessi grein samsvarar 87. gr. hfl.

Um 80. gr.

Þessi grein samsvarar 88. gr. hfl.

Um 81. gr.

Þessi grein samsvarar 89. gr. hfl.

Um 82. gr.

Þessi grein samsvarar 90. gr. hfl. Þó er bætt við að í einkahlutafélögum eins aðila skuli stjórn hafa nauðsynlegt samráð við endurskoðendur um málefni félagsins, sbr. 2. mgr. 55. gr. Er þá átt við samráð um mál sem hluthafafundur væri haldinn um í einkahlutafélögum almennt.

Um 83. gr.

Þessi grein samsvarar 91. gr. hfl.

Um 84. gr.

Þessi grein samsvarar 92. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara ákvæðum hlutafélagalaganna um ársreikning og skýrslu stjórnar eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Í 5. mgr. 95. gr. eru þó vægari kröfur varðandi skýrslu stjórnar. Í 97. gr. er skylda til að skila óstyttum ársreikningi til hlutafélagaskrár bundin við ákveðna veltu einkahlutafélags en í hlutafélögum er gert ráð fyrir því að senda skuli skránni óstyttan ársreikning nema undantekning sé gerð þar frá.

Rétt er að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að endurskoðunarstarf fjármálaráðuneytisins vegna bókhaldslöggjafarinnar með tilliti til EES-samningsins leiði til þess að ákvæði þessa kafla verði flutt í bókhaldslöggjöfina.

Um 85. gr.

Þessi grein samsvarar 93. gr. hfl.

Um 86. gr.

Þessi grein samsvarar 94. gr. hfl.

Um 87. gr.

Þessi grein samsvarar 95. gr. hfl.

Um 88. gr.

Þessi grein samsvarar 96. gr. hfl.

Um 89. gr.

Þessi grein samsvarar 97. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Úrelt lokamálsgrein þeirrar greinar er felld niður.

Um 90. gr.

Þessi grein samsvarar 98. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 91. gr.

Þessi grein samsvarar 99. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 92. gr.

Þessi grein samsvarar 100. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 93. gr.

Þessi grein samsvarar 101. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 94. gr.

Þessi grein samsvarar 102. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 95. gr.

Þessi grein samsvarar 103. gr. hfl. Hér er þó bætt við nýrri málsgrein, 5. mgr. Er gert ráð fyrir því að í einkahlutafélögum, þar sem ársvelta er innan við 100 milljónir króna, megi flytja skýrslu stjórnar munnlega, sbr. samsvarandi viðmiðun í 97. gr., svo og að í einkahlutafélögum eins aðila þurfi ekki að flytja eða leggja fram skýrslu. Þar er reyndar ekki gert ráð fyrir hluthafafundum, þar á meðal aðalfundi, sbr. 2. mgr. 55. gr.

Um 96. gr.

Þessi grein samsvarar 104. gr. hfl.

Um 97. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélög er gert ráð fyrir því að félög, sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sendi hlutafélagaskrá ársreikning. Gert er ráð fyrir því við endurskoðun hlutafélagalaganna að öll hlutafélög, þ.e. stóru félögin, skuli skila ársreikningum til hlutafélagaskrár. Í þessari grein eru hins vegar gerðar vægari kröfur til einkahlutafélaga. Sum þeirra þurfa að skila ársreikningum en önnur ekki. Í stað þess að nota viðmiðun gildandi laga og leggja skilaskyldu á þau félög, sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, þykir réttara að miða við ákveðna lágmarksveltu einkahlutafélaga sem ákveðin er 100 milljónir króna á ári. Frestir til að skila ársreikningum eru styttir nokkuð (í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs í stað tíu mánaða). Er þá m.a. höfð hliðsjón af danskri löggjöf.

Þar sem vikið er að alþjóðasamningum í þessari grein er sérstaklega höfð í huga 47. gr. 4. félagaréttartilskipunar EB. Samkvæmt 2. mgr. hennar má létta af litlum félögum skyldunni til að birta rekstrarreikning, skýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu en þó skulu þau birta styttan efnahagsreikning og stytta útgáfu af skýringum. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar er unnt að heimila enn stærri félögum að birta styttan efnahagsreikning og stytta útgáfu af ársreikningsskýringum. Felur þessi grein frumvarpsins í sér heimild til að unnt sé að uppfylla ofangreind ákvæði tilskipunarinnar. Í fyrirhugaðri bókhaldslöggjöf er tekið nánar á þessum atriðum.

Um XIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XIII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt, þ. á m. með setningu nýs ákvæðis varðandi lán eða tryggingu til hluthafa o.fl.

Um 98. gr.

Grein þessi samsvarar 106. gr. hfl.

Um 99. gr.

Grein þessi samsvarar 107. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 100. gr.

Þessi grein samsvarar 108. gr. hfl.

Um 101. gr.

Þessi grein samsvarar 109. gr. hfl.

Um 102. gr.

Þessi grein samsvarar 110. gr. hfl.

Um 103. gr.

Þessi grein samsvarar 111. gr. hfl.

Um 104. gr.

Þessi grein samsvarar 112. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Breytingarnar grundvallast að sumu leyti á 23. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB sem gildir um hlutafélög en ekki þykir ástæða til að gera vægari kröfur í lögum um einkahlutafélög. Ekki eru mismunandi reglur um hlutafélög og einkahlutafélög í Danmörku.

Benda má á að ákvæði 1. mgr., sem bannar að hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félags eða móðurfélags sé veitt lán eða sett sé trygging fyrir þá, gildir nú einnig um maka þeirra eða sambýlisfólk, svo og þá sem þeim eru skyldir að feðgatali eða niðja eða standa þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þetta þykir eðlilegt til að tryggja betur hagsmuni hluthafa og lánardrottna.

Ákvæðið tekur til láns á peningum eða ígildi þeirra, t.d. í formi ávísana, víxla, skuldabréfa og hlutabréfa. Takmörkunin nær ekki til venjulegra viðskiptalána, t.d. greiðslukortaviðskipta, eða lána til fyrirtækja sem eru hluthafar ef þau eru liður í viðskiptum og venjubundin bæði í fyrirtækinu og almennt í slíkum fyrirtækjum.

Þá eru í 2. mgr. ákvæði um að hlutafélagið megi ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Að jöfnu við lán er lagt framlag eða trygging af hálfu hlutafélags í tengslum við kaup á hlutum. Þessi ákvæði á grundvelli tilskipunarinnar eru nýmæli í íslenskri hlutafélagalöggjöf.

Um XIV. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XIV. kafla hfl. um félagsslit eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Félagsslitaástæður skv. 107. gr. eru færri í einkahlutafélögum vegna annarra reglna í lögum um einkahlutafélög en lögum um hlutafélög. Er það ekki félagsslitaástæða að hluthafar í einkahlutafélagi verði færri en tveir eða félag hefur ekki framkvæmdastjóra. Þá þarf að halda hluthafafund í einkahlutafélögum ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en skráð hlutafé þess en í hlutafélagalögum er miðað við að eigið fé sé orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé.

Í félagsslitakaflanum er gert ráð fyrir félagsslitum með ýmsum hætti, þ.e. gjaldþrotaskiptum (105. gr.), dómi héraðsdóms (106. gr.), opinberum skiptum (107. og 109. gr.), ákvörðun hlutafélagaskrár (108. gr.) og skilanefndarmeðferð (110.–118. gr.). Þá má taka fram að samruni einkahlutafélaga og breyting einkahlutafélags í hlutafélag eru sérstakar tegundir félagsslita (XV. kafli).

Um 105. gr.

Þessi grein samsvarar 113. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 106. gr.

Þessi grein samsvarar 114. gr. hfl.

Um 107. gr.

Þessi grein samsvarar 115. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Vegna annarra reglna í lögum um einkahlutafélög en lögum um hlutafélög eru þó ekki tilgreindar hér sem félagsslitaástæður að hluthafar í einkahlutafélagi verði færri en tveir eða félagið hafi ekki framkvæmdastjóra. Í einkahlutafélögum er heimilt að hluthafi sé einn og ekki er þar skylt að félag hafi framkvæmdastjóra.

Ákvæði 4. mgr., sem bætt er við, eru svipuð fyrirhugaðri 4. mgr. 67. gr. hfl. Þar er skylt að halda hluthafafund þegar eigið fé samkvæmt bókum hlutafélags er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Hér er hins vegar sá munur á að gert er ráð fyrir því að eigið fé einkahlutafélags sé orðið minna en skráð hlutafé (allt innborgað fyrir skráningu). Fyrirhuguð ákvæði í hlutafélagalögunum taka mið af 17. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB sem tekur aðeins til hlutafélaga. Eðlilegt þykir þó að einnig skuli gera svipaðar ráðstafanir í einkahlutafélögum.

Um 108. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 115. gr. a í hlutafélagalögunum sem snertir m.a. afskráningu félags sem er án starfandi stjórnar. Afskráningin yrði ein tegund félagsslita. Litið er svo á að stjórn skv. 3. mgr. 40. gr. sé ekki „starfandi stjórn“ í merkingu þessarar greinar.

Um 109. gr.

Þessi grein samsvarar 116. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 110. gr.

Þessi grein samsvarar 117. gr. hfl. Þó er bætt við nýjum málslið, 4. málsl., í 2. mgr. vegna 4. mgr. 107. gr. frumvarps þessa sem á sér ekki beina samsvörun í hlutafélagalögum.

Um 111. gr.

Þessi grein samsvarar 118. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 112. gr.

Þessi grein samsvarar 119. gr. hfl.

Um 113. gr.

Þessi grein samsvarar 120. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 114. gr.

Þessi grein samsvarar 121. gr. hfl.

Um 115. gr.

Þessi grein samsvarar 122. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 116. gr.

Þessi grein samsvarar 123. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 117. gr.

Þessi grein samsvarar 124. gr. hfl.

Um 118. gr.

Þessi grein samsvarar 125. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um XV. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í megindráttum ákvæðum XV. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Aðalmismunurinn milli fyrirhugaðra ákvæða í lögunum um hlutafélög og lögunum um einkahlutafélög felst í því að í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir sérstökum matsmönnum í tengslum við skýrslu um samrunaáætlun en í einkahlutafélagalögunum endurskoðanda. Þá eru ákvæði um skiptingu félaga ekki tekin upp eins og í lögunum um hlutafélög og er þessi mismunur milli laga um hlutafélög og einkahlutafélög einnig fyrir hendi í Danmörku.

Fyrirhuguð ákvæði hlutafélagalaganna um samruna taka mið af 3. félagaréttartilskipun EB sem nær aðeins til hlutafélaga en ástæða þykir til þess að hafa almennt samræmi í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Má í þessu sambandi benda á að slíkt samræmi er fyrir hendi í Danmörku. Fyrirhuguð samrunaákvæði beggja laganna eru miklum mun ítarlegri en ákvæði gildandi hlutafélagalaga.

Taka má fram að ákvæði 128. gr. hfl. munu halda sér í hlutafélagalögum og jafnframt er gert ráð fyrir því að þau verði tekin upp í lög um einkahlutafélög. Ákvæði 131. gr. hfl. um innlausnarskyldu og innlausnarrétt, þegar móðurfélag á meira en 9/10 hlutafjár í dótturfélagi, verða færð úr samrunakafla beggja laganna í IV. kafla um hluti og hlutaskrá. Er gert ráð fyrir að ákvæðunum verði breytt í báðum lögunum, gildissvið þeirra víkkað út þannig að ákvæðin eigi ekki aðeins við eignarhlut móðurfélags í dótturfélagi. Í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir að hluthafar, sem eiga 5% eða meira af hlutafé, geti krafist þess að samþykki hluthafafundar þurfi til samruna í yfirtökufélagi en ekki stjórnar. Í lögum um einkahlutafélög er hins vegar gert ráð fyrir því að hluthafar, sem eiga 25% eða meira af hlutafénu, þurfi að gera slíka kröfu.

Um 119. gr.

Grein þessi samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. hfl.

Um 120. gr.

Grein þessi samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. a í hfl. Ekki er þó fremur en í danskri löggjöf um einkahlutafélög gert ráð fyrir afhendingu hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla (7. tölul. 126. gr. a í hfl.) enda eru ekki gefin út hlutabréf í einkahlutafélögum.

Um 121. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. b í hfl.

Um 122. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. c í hfl. Hér er þó gert ráð fyrir að endurskoðandi eða endurskoðendur geri skýrslu um samrunaáætlun en ekki einn eða fleiri óháðir sérfróðir matsmenn eins og í fyrirhuguðum ákvæðum hlutafélagalaganna. Krafa hlutafélagalaganna tekur mið af 10. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB en sú tilskipun tekur aðeins til hlutafélaga.

Um 123. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. d í hfl.

Um 124. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. e í hfl. Þó er sá munur á að í fyrirhuguðum ákvæðum hlutafélagalaganna þarf sem aðalregla samþykki hluthafafundar fyrir samruna í yfirtökufélagi ef hluthafar, sem eiga 5% af hlutafénu eða meira, krefjast þess en í einkahlutafélögum er gert ráð fyrir kröfu hluthafa sem eiga 25% af hlutafénu eða meira. Samsvarandi munur er gerður í hlutafélagalöggjöfinni í Danmörku. Helgast þessi munur væntanlega af því að ekki þykir ástæða til að veita sömu vernd til handa minni hluta í litlum félögum varðandi þetta atriði, þ.e. að ákvörðun þurfi um samruna á hluthafafundi í yfirtökufélagi en ekki ákvörðun í félagsstjórn. Af 2. mgr. 55. gr. leiðir einnig að í einkahlutafélögum eins aðila kemur hluthafi í stað hluthafafundar. Ekki eru því haldnir hluthafafundir í slíkum félögum.

Í 5. mgr. eru gerðar nokkru vægari kröfur en í fyrirhuguðum ákvæðum hlutafélagalaga. Gert er ráð fyrir að skjöl viðvíkjandi samrunanum séu lögð fram til skoðunar eða afhendingar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig en ekki er mælt fyrir um að þau skuli látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Um 125. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. f í hfl.

Um 126. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. g í hfl. og felur í sér tiltekna vernd til handa lánardrottnum samrunafélaganna.

Í þessu sambandi má vekja athygli á 4. mgr. 122. gr. en þar segir að endurskoðandi skuli gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum. Jafnframt skal bent á 123. gr. Þar segir m.a. að athygli lánardrottna skuli vakin á rétti þeirra þegar endurskoðandi telur í yfirlýsingu sinni að samruninn kunni að rýra möguleika þeirra á fullnustu. Hlutafélagaskrá vekur athygli á samrunaáætlun og yfirlýsingu endurskoðanda með tilkynningu í Lögbirtingablaði, sbr. 1. mgr. 150. gr.

Um 127. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. h í hfl.

Um 128. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. i í hfl. Ekki er tekið upp ákvæði 2. málsl. 129. gr. hfl. þess efnis að ákvörðun um samruna falli úr gildi sé hún ekki tilkynnt hlutafélagaskrá innan tveggja mánaða. Slíkt ákvæði er ekki að finna í samsvarandi grein danskrar löggjafar. Má í þessu sambandi vísa til 1. mgr. 127. gr. frumvarps þessa um það hvenær yfirteknu félagi telst slitið. Skaðabóta- og viðurlagaákvæði þykja duga til að sporna við aðgerðarleysi með tilliti til tilkynningar um samrunann.

Um 129. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. j í hfl.

Um 130. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. k í hfl.

Um 131. gr.

Þessi grein samsvarar 128. gr. hfl. og felur í sér innlausnarrétt til handa hluthöfum sem lenda í minni hluta vegna samrunans. Í þessu sambandi má einnig benda á innlausnarrétt skv. 20. gr. hfl. þegar samþykki félags er áskilið til framsals á hlutum og 131. gr. hfl. varðandi innlausnarrétt og innlausnarskyldu í samstæðum hlutafélaga, svo og 107. gr. hfl. um innlausn á grundvelli dóms. Jafnframt vísast til 3. mgr. 15. gr., 16.–18. gr. og 106. gr. frumvarps þessa.

Um 132. gr.

Þessi grein geymir nauðsynleg ákvæði um breytingu einkahlutafélags í hlutafélag.

Um XVI. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XVI. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 133. gr.

Þessi grein samsvarar 132. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Vakin er athygli á því að í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er tekið upp ákvæði um bótaskyldu hluthafa gagnvart félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila og er það byggt á dönsku lögunum um einkahlutafélög. Ásetningur þarf að liggja til grundvallar eða stórfellt gáleysi. Gáleysi eitt og sér nægir ekki. Eru því gerðar vægari kröfur varðandi bótaskyldu hluthafa en þeirra tilteknu aðila sem starfa fyrir félagið og taldir eru í 1. mgr. Gert er ráð fyrir að samsvarandi ákvæði verði í hlutafélagalögunum.

Um 134. gr.

Þessi grein samsvarar 133. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 135. gr.

Þessi grein samsvarar 134. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um XVII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XVII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Þó getur hlutafélagaskrá veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús þegar um einkahlutafélög er að ræða. Með hliðsjón af EES-samningnum eru m.a. gerðar breytingar varðandi heimilisfesti.

Fyrirsögn kaflans er **Útibú erlendra einkahlutafélaga** með hliðsjón af fyrirhugaðri breytingu í hlutafélagalögunum. Ákvæðin fjalla eingöngu um útibú erlendra félaga en félögin geta stundað starfsemi hér á landi í öðru formi en sem útibú, þ.e. sem sjálfstæð íslensk dótturfélög eða á grundvelli eignarhluta í íslenskum fyrirtækjum, allt með þeim takmörkunum sem gilda, sbr. t.d. bann í fjárfestingarlögum við erlendri fjárfestingu í útgerð hér á landi en slíkt bann er heimilt samkvæmt EES-samningnum.

Um 136. gr.

Þessi grein samsvarar 135. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Gerðar eru breytingar m.a. með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 1. og 7. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB, svo og með hliðsjón af samsvarandi grein danskra laga um einkahlutafélög. Gerður er greinarmunur á því hvort um er að ræða útibú einkahlutafélaga í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða öðrum ríkjum.

Í 2. mgr. felst sú breyting að ekki þarf að setja skilyrði um gagnkvæmni, þ.e. ráðherra kann að telja rétt að heimila erlendu félagi, sem á heimili utan Evrópska efnahagssvæðisins, að fjárfesta hér á landi í formi útibús án þess að íslensk félög njóti samsvarandi réttar í heimalandi erlenda félagsins. Efnisrök geta mælt með því og er enda gert ráð fyrir breytingu á fjárfestingarlögunum í þessa átt.

Um 137. gr.

Þessi grein samsvarar 136. gr. hfl.

Um 138. gr.

Þessi grein samsvarar 137. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Snertir hún heiti útibús og felur í sér nokkra einföldun.

Um 139. gr.

Þessi grein samsvarar 138. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt með hliðsjón af EES-samningnum.

Fellt yrði niður það skilyrði að útibússtjóri skuli vera íslenskur ríkisborgari en skilyrðið er undanþægt. Til samanburðar má nefna að skv. 1. mgr. 50. gr. hfl. hefur ekki verið áskilið að framkvæmdastjórar væru íslenskir ríkisborgarar.

Um heimilisfesti er vísað til ákvæða um framkvæmdastjóra. Þá er sérstaklega haft í huga að ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem þar eru búsettir, þurfa ekki að uppfylla búsetuskilyrði hér á landi.

Um 140. gr.

Þessi grein samsvarar 139. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Er um einföldun ákvæða að ræða frá því sem er. Gert er ráð fyrir því að um tilkynningar til hlutafélagaskrár um stofnun útibúa erlendra einkahlutafélaga fari eftir reglum sem ráðherra setur í stað þess að í lögum sé fjallað um eyðublað og ýmis atriði sem skulu koma fram á því.

Í 3. mgr. er ákvæði um að útibú megi ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð. Slíkt er í samræmi við ákvæði 5. tölul. 135. gr. hfl. en í honum felst að ráðherra geti veitt erlendu hlutafélagi rétt til að starfa hér á landi ef það hefur hér skrásett útibú.

Um 141. gr.

Þessi grein samsvarar 140. gr. hfl. Þó er skotið hér inn ákvæði um að hlutafélagaskrá geti veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús.

Um 142. gr.

Þessi grein samsvarar 141. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 143. gr.

Þessi grein samsvarar 142. gr. hfl., eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt, og varðar það hvenær afmá skuli útibú úr hlutafélagaskrá. Í 4. tölul. er sú ástæða greind að hið erlenda félag hafi verið afmáð úr skrá erlendis. Þá er í 5. tölul. greind sú ástæða að útibúið fullnægi ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér. Samsvarandi skilyrði er í 135. gr. hfl. og er í fullu gildi áfram þrátt fyrir EES-samninginn. Einkum er hér haft í huga ef upp kæmi að útibú hefði hafið rekstur sem óheimill væri samkvæmt ákvæðum fjárfestingarlaga, t.d. í útgerð hér á landi. Það svið m.a. er undanþegið ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt (atvinnurekstrarrétt).

Um 144. gr.

Þessi grein samsvarar 143. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 145. gr.

Þessi grein samsvarar 144. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þó er bætt við að útibússtjóri beri ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibúsins fyrir skrásetningu þess, sbr. 3. mgr. 140. gr. frumvarpsins.

Um XVIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XVIII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Ákvæðin um birtingu í Lögbirtingablaði eru þó ekki eins ítarleg varðandi einkahlutafélög og hlutafélög.

Um 146. gr.

Þessi grein samsvarar 145. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þar er m.a. tekið fram að hlutafélagaskrá annist skráningu félaga, eins og verið hefur í reynd, en ekki ráðherra. Ákveða á sektir fyrir brot á reglum er ráðherra setur svipað og gert er í dönsku hlutafélagalöggjöfinni. Þá er gert ráð fyrir almennum aðgangi að skránni eins og gert er varðandi hlutafélög. Þá er og veittur almennur aðgangur að ársreikningum

þeirra einkahlutafélaga sem skulu skila reikningunum til hlutafélagaskrár. Gert er ráð fyrir því að ákveðið sé í lögum um aukatekjur ríkissjóðs hvaða gjöld skuli greiða vegna stofnunar einkahlutafélaga og aukatilkynninga.

Um 147. gr.

Þessi grein samsvarar, eftir því sem við á, 146. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í 1. mgr. er þó bætt við að í tilkynningu um stofnun einkahlutafélags skuli greina hvort hluthafar séu einn eða fleiri. Sé hluthafi einn eða verði einn skal skrá deili á honum. Ákvæði þetta tekur mið af 3. gr. 12. félagaréttartilskipunar EB um einkahlutafélög eins aðila. Getur skipt máli fyrir viðsemjendur að vita að þeir séu að skipta við einkahlutafélag eins aðila. Séu hluthafarnir fleiri en einn nægir að taka fram að svo sé en ekki þarf að tilgreina fjölda þeirra nákvæmlega.

Um 148. gr.

Þessi grein samsvarar 147. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 149. gr.

Þessi grein samsvarar 148. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 150. gr.

Þessi grein samsvarar 149. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt en er þó styttri. Ekki þykir ástæða til að hafa ákvæðin eins ítarleg hér þar eð íslenskum stjórnvöldum ei skv. 4. tölul. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB í sjálfsvald sett hvernig birtingu í Lögbirtingablaði er háttað nema annað sé tekið fram.

Um XIX. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XIX. kafla laga um hlutafélög eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt en eru þó með færri refsiákvæðum varðandi einkahlutafélög vegna ráðgerðs mismunar á þeim lögum og hlutafélagalögunum.

Um 151. gr.

Þessi grein samsvarar 150. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 152. gr.

Þessi grein samsvarar 151. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í 1. tölul. er þó fellt niður eitt atriði þar eð ekki er gert ráð fyrir að í einkahlutafélögum verði um að ræða opinber boð um þátttöku í stofnun félaga eða útboð hluta eins og í hlutafélögum. Í 2. tölul. er ekki vísað í atriði varðandi öflun vissra fjárhagsverðmæta þar eð ekki er um slíkt ákvæði að ræða í lögunum um einkahlutafélög. Í töluliðnum er heldur ekki gert ráð fyrir refsingu vegna vísvitandi brota á ákvæðum um hlutabréf eða bráðabirgðaskírteini þar eð ekki er gert ráð fyrir slíkum bréfum eða skírteinum í lögum um einkahlutafélög heldur hlutaskírteinum sem ekki þykir þó ástæða til að hafa refsiákvæði um. Þá er í töluliðnum ekki tekið með refsiákvæði varðandi vanrækslu á boðun til hluthafafundar ef eigið fé lækkar til muna. Í báðum lögunum er gert ráð fyrir að við bætist tilvísun í ákvæði um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess.

Um 153. gr.

Þessi grein samsvarar 152. gr. hfl.

Um 154. gr.

Þessi grein samsvarar 153. gr. hfl.

Um 155. gr.

Þessi grein samsvarar 154. gr. hfl.

Um 156. gr.

Þessi grein samsvarar 155. gr. hfl.

Um XX. kafla.

Athugun er vakin á athugasemd við 159. gr. um samlagshlutafélög.

Um 157. gr.

Þessi grein fjallar um gildistöku laganna. Jafnframt er þar vísað til ákvæða til bráðabirgða I og II í lögunum um hlutafélög eins og gert er ráð fyrir að þau verði. Þau ákvæði snerta umskráningu hlutafélaga í einkahlutafélög, annaðhvort að ósk þeirra eða án nokkurra aðgerða af þeirra hálfu. Séu vissar aðgerðir hafnar í hlutafélögum en þeim ekki lokið, t.d. hækkun eða lækkun hlutafjár eða skilanefndarmeðferð, er gert ráð fyrir að um framhaldið fari eftir lögum um einkahlutafélög þegar hlutafélögin hafa breyst í slík félög. Hlutabréf í hlutafélögum, sem kunna að hafa verið viðskiptabréf, verða ógild samkvæmt lögunum um einkahlutafélög enda er þar ekki gert ráð fyrir að um hlutabréf sé að ræða heldur útgáfu vottorða úr hlutaskrá eða jafnvel útgáfu hlutaskírteina til marks um hlutafjáreign. Hlutaskírteinin eru ekki fremur en vottorð úr hlutaskrá viðskiptabréf.

Um 158. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það að í lögum, sem öðlast hafa gildi fyrir gildistöku laga þessara, beri að líta svo á að hlutafélög taki einnig til einkahlutafélaga samkvæmt lögum þessum. Undantekning er gerð varðandi banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og vátryggingarfélög, sem geta aðeins stundað starfsemi sem hlutafélög.

Um 159. gr.

Þessi grein, sem fjallar um samlagshlutafélög, tekur m.a. mið af 1. félagaréttartilskipun EBE og dönsk löggjöf er höfð til hliðsjónar.

Samlagsfélag er félag þar sem sumir félagsmenn bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir einungis með því fé sem þeir láta af hendi rakna til félagsins samkvæmt félagssamningi. Þeir sem bera aðeins takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins taka venjulega engan þátt í stjórn þess nema svo sé sérstaklega fyrir mælt í félagssamningi.

Samlagshlutafélag er ein tegund samlagsfélaga þar sem framlög þeirra félagsmanna, sem bera takmarkaða ábyrgð, felst í hlutafjárframlögum þeirra og mynda þau hlutafé í félaginu. Er þá unnt að búa svo um hnútana í félagssamningi að samlagshlutafélag líkist hlutafélagi að öllu leyti nema því að einn eða fleiri bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á félagsskuldbindingum. Við þessar aðstæður þykir eðlilegt að gætt sé vissra meginreglna í fyrirhuguðum lögum um einkahlutafélög sem einkum koma fram í III.–VII. og XIII. kafla en að teknu tilliti til þeirra sérreglna sem gilda um samlagsfélagið.

Um 160. gr.

Í þessari grein felst heimild til setningar reglugerðar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um einkahlutafélög.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða tveim öðrum frumvörpum, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Með frumvarpi þessu er áformað að setja sérstök lög um minni hlutafélög, þau sem hafa minnst 500.000 krónur í hlutafé. Eru þau sérstaklega sniðin fyrir félög sem eru í eigu fárra aðila en starfa með takmarkaðri ábyrgð.

Hvað varðar kostnað ríkissjóðs af frumvarpi þessu, verði það að lögum, gildir hið sama og um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, að fara verður fram endurskoðun á hlutafélagaskránni. Í kostnaðarumsögn með því frumvarpi er talið að aukakostnaður hlutafélagaskrár geti numið 0,5–1 m.kr. af þessum sökum og er þá átt við aukakostnað er leiðir af samþykkt beggja frumvarpanna. Vart er talið að sá kostnaður falli allur til á árinu 1995 og er gert ráð fyrir um 0,8 m.kr. hækkun m.a. vegna þessa í fjárlagafrumvarpi fyrir það ár.

101. Frumvarp til laga [98. mál]

um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.) skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með áorðnum breytingum, þar sem bókunin er lögfest.

Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Ólögráða einstaklingar og þeir sem hafa farið fram á greiðslustöðvun eða hafa bú sitt undir gjaldþrotaskiptum geta ekki verið aðilar að evrópskum fjárhagslegum hagsmunafélögum.

Ráðherra getur með hliðsjón af almannahagsmunum ákveðið að vissir flokkar einstaklinga eða lögaðila geti ekki eða geti aðeins að takmörkuðu leyti átt aðild að hagsmunafélögunum.

3. gr.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög mega ekki stunda þá starfsemi sem aðeins einstaklingar mega að lögum stunda.

4. gr.

Firmaskrá getur farið þess á leit við héraðsdóm að hagsmunafélagi verði slitið ef félagið hefur ekki þá stjórn sem kveðið er á um í framangreindri reglugerð ráðs EBE eða stofnsamningi félagsins enda sé ekki ráðin bót á þeim ágalla fyrir lok frests er firmaskrá setur.

Firmaskrá getur einnig farið þess á leit við héraðsdóm að hagsmunafélagi verði slitið ef ákvæði 1. mgr. 2. gr. eiga við.

5. gr.

Ákvæðin um skilanefndarmeðferð í XIV. kafla laga um hlutafélög gilda einnig um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög eftir því sem við á.

6. gr.

Um gjald fyrir skráningu hagsmunafélaga, svo og birtingargjöld o.fl., fer eftir þeim ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs er varða erlend félög.

7. gr.

Sé eigi kveðið á um strangari refsingu í lögum skal beitt sekt við brotum á 7., 8., 10. eða 25. gr. í framangreindri reglugerð ráðs EBE.

Sé brot framið af hlutafélagi, einkahlutafélagi, samvinnufélagi eða öðrum lögaðila má sekta viðkomandi aðila sem slíkan.

8. gr.

Ef stjórnandi, skilanefndamaður eða aðili að hagsmunafélagi uppfyllir ekki í tæka tíð skyldur sínar á grundvelli laga þessara eða reglugerðar á grundvelli þeirra getur firmaskrá beitt dagsektum.

9. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Í reglugerðinni má ákveða sektir vegna brota á ákvæðum hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 2137/85
frá 25. júlí 1985
um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.).

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins [2],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samræmd þróun atvinnulífsins og stöðugur og jafn vöxtur hvarvetna í bandalaginu er háður því að komið verði á sameiginlegum markaði er starfi hnökralaust þar sem aðstæður eru sambærilegar við þær sem ríkja á innanlandsmarkaði. Til að koma þeim markaði á og styrkja einingu hans er rétt að setja lagalegan ramma til að auðvelda einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum að laga starfsemi sína að efnahagslegum aðstæðum bandalagsins. Því er nauðsynlegt að gera þeim einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum kleift að eiga með sér virkt samstarf án tillits til landamæra.

Við slíkt samstarf geta komið upp erfiðleikar af lagalegum, skattalegum og sálfræðilegum toga. Þar eð það myndi stuðla að því að ofangreindum markmiðum yrði náð er nauðsynlegt að setja viðeigandi lagareglur á vettvangi bandalagsins um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

[1]) Stjtíð. EB nr. C 14, 15.2. 1974, bls. 30. og Stjtíð. EB nr. C 103, 28.4. 1978, bls. 4.
[2]) Stjtíð. EB nr. C 163, 11.7. 1977, bls. 17.
[3]) Stjtíð. EB nr. C 108, 15.5. 1975, bls. 46.

Sáttmálinn veitir ekki nauðsynlegar heimildir til að setja slíkar reglur.

Tryggja verður að hagsmunafélag geti lagað sig að efnahagslegum aðstæðum með því að veita félagsaðilum verulegt frelsi í samningsgerð og innbyrðis skipulagi.

Hagsmunafélag er einkum frábrugðið fyrirtæki eða félagi að því er varðar tilgang þess sem er aðeins að greiða fyrir eða þróa þá atvinnustarfsemi, sem félagsaðilar stunda, til að gera þeim kleift að auka afrakstur sinn. Starfsemi hagsmunafélags verður, með tilliti til þess að hún er í eðli sínu viðbótarstarfsemi, að tengjast atvinnurekstri þeirra sem aðild eiga að því án þess að koma í stað hans; að því marki má hagsmunafélag t.d. ekki stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi gagnvart þriðja aðila og er þá hugtakið atvinnustarfsemi túlkað í víðustu merkingu.

Um leið og gætt er markmiða reglugerðar þessarar verður að veita einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum sem greiðastan aðgang að hagsmunafélögum. Reglugerð þessi má þó ekki standa í vegi fyrir því að í einstökum löndum sé beitt laga- eða siðareglum um skilyrði þess að mega reka atvinnufyrirtæki og stunda sérfræðistörf.

Reglugerð þessi ein sér veitir engum rétt til aðildar að hagsmunafélagi, jafnvel þegar skilyrðum hennar er fullnægt.

Þær heimildir sem reglugerð þessi veitir til að banna eða takmarka þátttöku í hagsmunafélögum af ástæðum, sem varða almannahag, hafa ekki áhrif á lög aðildarríkja sem gilda um atvinnustarfsemi og kunna að kveða á um frekari bönn eða takmarkanir eða um stjórn eða eftirlit með þátttöku í hagsmunafélögum af hálfu einstaklinga, félaga, fyrirtækja og annarra lögaðila eða einhverra flokka þeirra.

Til að gera hagsmunafélögum kleift að ná tilgangi sínum ber að veita þeim gerhæfi og kveða ber á um að stofnun, aðskilin að lögum frá félagsaðilum, komi fram fyrir hönd þeirra gagnvart þriðja aðila.

Með tilliti til verndar þriðja aðila er þörf á að sem almennast sé kunnugt um slík hagsmunafélög. Aðilar að hagsmunafélagi bera fulla og óskipta ábyrgð á skuldum þess og öðrum kröfum á hendur því, þ. á m. þeim sem lúta að sköttum og almannatryggingum, án þess þó að sú regla hafi áhrif á réttinn til að fella niður eða takmarka ábyrgð eins eða fleiri félagsaðila á tiltekinni skuld eða annarri kröfu með sérstökum samningi milli hagsmunafélags og þriðja aðila.

Réttarstaða og gerhæfi einstaklinga og gerhæfi lögaðila heyra undir lög hvers lands fyrir sig.

Þær reglur, sem sérstaklega fjalla um það er slíku hagsmunafélagi er slitið, skulu vera skýrar en vísa þó til landslaga hvað snertir skiptameðferð og lok skiptameðferðar.

Hagsmunafélag er háð landslögum um greiðsluþrot og greiðslustöðvun auk þess sem þar kann að vera kveðið á um aðrar ástæður til slita á þeim.

Í reglugerð þessari er kveðið á um að aðeins megi skattleggja hagnað eða tap af starfsemi hagsmunafélags hjá félagsaðilum. Gilda því að öðru leyti skattalög hinna einstöku ríkja, einkum um skiptingu hagnaðar, skattalegar meðferðarreglur og allar skyldur sem lagðar eru á með skattalögum einstakra ríkja.

Hvað varðar málefni, sem reglugerð þessi tekur ekki til, gilda lög aðildarríkjanna og bandalagsins, t.d. um eftirfarandi:

— félagsmál og vinnumarkaðsrétt,
— samkeppnisrétt,
— hugverkarétt.

Starfsemi hagsmunafélaga heyrir undir lög aðildarríkja um atvinnurekstur og eftirlit með honum. Ef hagsmunafélag eða aðilar að því brjóta lög aðildarríkis eða fara í kringum þau getur aðildarríkið beitt hæfilegum viðurlögum.

Aðildarríkjum er frjálst að beita eða setja hvaða lög eða stjórnsýslufyrirmæli sem vera skal ef þau eru ekki í ósamræmi við gildissvið eða tilgang reglugerðar þessarar.

Veita verður reglugerð þessari gildi þegar í stað í heild sinni. Engu að síður verður að fresta framkvæmd nokkurra ákvæða svo að aðildarríki geti fyrst komið á viðeigandi tilhögun til skráningar á hagsmunafélögum á yfirráðasvæði sínu og til birtingar á ákveðnum atriðum sem þau varða. Frá því að reglugerð þessi kemur til framkvæmda geta hagsmunafélög, sem þegar eru stofnuð, starfað án landfræðilegra takmarkana.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag skal stofnað með þeim skilyrðum, á þann hátt og með þeim áhrifum sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Þeir aðilar, sem hyggjast mynda með sér

hagsmunafélag, verða því að gera með sér samning og láta fara fram skráningu þá sem kveðið er á um í 6. gr.

2. Hagsmunafélag, sem þannig er myndað, er frá skráningu þess samkvæmt 6. gr. bært til að eiga réttindi og bera skyldur af hvaða tagi sem er í eigin nafni, til að gera samninga og aðra löggerninga og til sóknar eða varnar fyrir dómi.

3. Aðildarríki skulu kveða á um hvort hagsmunafélög, sem skráð eru hjá skrám þeirra samkvæmt 6. gr., hafi réttarstöðu lögaðila eða ekki.

2. gr.

1. Sé ekki kveðið á um annað í reglugerð þessari gilda, annars vegar um stofnsamning hagsmunafélags, að öðru leyti en hvað snertir réttarstöðu og gerhæfi einstaklinga og gerhæfi félaga, og hins vegar um skipulag hagsmunafélagsins, landslög þess ríkis þar sem hagsmunafélagið á heimili sitt samkvæmt stofnsamningnum.

2. Ef í ríki eru margar landfræðilegar einingar og hver þeirra hefur eigin lagareglur um þau efni sem fjallað er um í 1. mgr. skal líta svo á að hver landfræðileg eining sé ríki þegar finna skal þau lög sem gilda samkvæmt þessari grein.

3. gr.

1. Tilgangur hagsmunafélags er að greiða fyrir og þróa þá atvinnustarfsemi, sem aðilar að því stunda, og bæta eða auka árangur þeirrar starfsemi en ekki afla því sjálfu hagnaðar.

Starfsemi þess skal tengjast atvinnustarfsemi félagsaðila en hún getur aðeins falið í sér viðbót við þá starfsemi.

2. Hagsmunafélög mega því ekki:

a) beint eða óbeint stjórna eða hafa yfirumsjón með eigin starfsemi félagsaðila eða starfsemi annars fyrirtækis, svo sem á sviði starfsmannamála, fjármála eða fjárfestingar;
b) með einum eða öðrum hætti, beint eða óbeint, eiga hluti af hvaða tagi sem er í aðildarfyrirtæki og mega þau aðeins eiga hluti í öðrum fyrirtækjum að því marki sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum hagsmunafélagsins enda sé það gert fyrir hönd félagsaðila;
c) hafa fleiri en 500 starfsmenn í þjónustu sinni;
d) vera notuð af félagi til að veita stjórnarmanni eða einhverjum einstaklingi, tengdum honum, lán, ef lánveitingin er takmörkuð eða háð eftirliti samkvæmt lögum aðildarríkja um félög. Ekki má heldur nota hagsmunafélag til yfirfærslu á eignum milli félags og stjórnarmanns eða einstaklings, sem er tengdur honum, nema að því leyti sem lög aðildarríkja um félög heimila. Það telst lánveiting í skilningi þessa ákvæðis ef viðskipti eða ráðstafanir með samsvarandi áhrifum eiga sér stað og eignir merkja jafnt lausafé sem fasteignir;
e) eiga aðild að öðrum evrópskum fjárhagslegum hagsmunafélögum.

4. gr.

1. Aðilar að hagsmunafélagi geta aðeins verið eftirtaldir:

a) félög eða fyrirtæki í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans og aðrir lögaðilar sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti og stofnaðir hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis og hafa skráð heimili sitt eða lögheimili og aðalstöðvar í bandalaginu en leggi lög aðildarríkis ekki þá skyldu á félag, fyrirtæki eða annan lögaðila að hafa skráð heimili eða lögheimili nægir að aðalstöðvarnar séu í bandalaginu;
b) einstaklingar sem stunda iðnað, verslun, handiðn eða landbúnaðarstörf í bandalaginu eða veita þar sérfræðiþjónustu eða aðra þjónustu.

2. Hagsmunafélag mynda ekki færri en:

a) tvö félög, fyrirtæki eða aðrir lögaðilar í skilningi 1. mgr. sem hafa aðalstöðvar sínar í mismunandi aðildarríkjum; eða
b) tveir einstaklingar í skilningi 1. mgr. sem aðallega stunda starfsemi sína í mismunandi aðildarríkjum; eða
c) félag, fyrirtæki eða annar lögaðili í skilningi 1. mgr. og einstaklingur ef fyrrgreindi félagsaðilinn hefur aðalstöðvar sínar í einu aðildarríki og hinn síðargreindi starfar aðallega í öðru aðildarríki.

3. Aðildarríki getur kveðið svo á að aðilar að hagsmunafélagi, sem skráð er hjá skrá þess samkvæmt 6. gr., megi ekki vera fleiri en tuttugu. Í því skyni getur aðildarríki kveðið svo á að farið skuli með hvern einstakan aðila að lögaðila, sem myndaður er samkvæmt lögum þess, annan en skráð félag, sem sérstakan aðila að hagsmunafélagi.

4. Hvert aðildarríki getur vegna almannahagsmuna sinna bannað eða takmarkað þátttöku ákveðinna flokka einstaklinga, félaga, fyrirtækja eða annarra lögaðila í hagsmunafélögum.

5. gr.

Í stofnsamningi hagsmunafélags skal a.m.k. tilgreina:

a) nafn hagsmunafélagsins þar sem á undan fara eða á eftir koma annaðhvort orðin „evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag“ eða skammstöfunin „efjh.“ ef orðin eða upphafsstafir þeirra mynda ekki þegar hluta nafnsins;
b) heimili hagsmunafélagsins;
c) tilgang hagsmunafélagsins;
d) nafn, firmanafn, rekstrarform og varanlegt aðsetur eða skráða skrifstofu sérhvers aðila að hagsmunafélaginu, svo og skráningarnúmer hans og skráningarstað ef um það er að ræða;
e) til hve langs tíma hagsmunafélagið skal starfa nema starfstíminn sé ótakmarkaður.

6. gr.

Hagsmunafélag skal skráð í því ríki þar sem það á heimili sitt, hjá þeirri skrá sem tilgreind er samkvæmt 1. mgr. 39. gr.

7. gr.

Stofnsamningur hagsmunafélags skal afhentur þeirri skrá til varðveislu sem fjallað er um í 6. gr.

Enn fremur skal afhenda skránni eftirgreind skjöl og tilkynna eftirfarandi:

a) breytingar sem gerðar eru á stofnsamningi hagsmunafélags, þ. á m. breytingar á samsetningu þess;
b) opnun eða lokun starfsstöðvar á vegum hagsmunafélags;
c) ákvörðun dómara um ógildingu hagsmunafélags samkvæmt 15. gr.;
d) skipun eins eða fleiri framkvæmdastjóra hagsmunafélags, nöfn þeirra og önnur deili sem segja skal á þeim samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem skráin er færð, tilkynning um að þeir geti komið fram einir sér eða verði að koma fram sameiginlega og hvenær starfstíma framkvæmdastjóra lýkur;
e) framsal félagsaðila á hlutdeild hans í hagsmunafélagi að öllu leyti eða að hluta til samkvæmt 1. mgr. 22. gr.;
f) ákvörðun félagsaðila samkvæmt 31. gr. um að hagsmunafélagi skuli slitið eða því sé slitið og ákvörðun dómara samkvæmt 31. eða 32. gr. um að því skuli slitið;
g) skipun þess eða þeirra er stýra skiptameðferð fjárhagslegs hagsmunafélags, sbr. 7. gr., nöfn þeirra og öll önnur deili, sem krafist er í lögum þess aðildarríkis þar sem skráin er haldin, og lok skipunartíma þess eða þeirra sem stýra skiptameðferð;
h) lok skiptameðferðar á fjárhagslegu hagsmunafélagi, sbr. 2. mgr. 35. gr.;
i) tillögu um flutning á heimili hagsmunafélags, sbr. 1. mgr. 14. gr.;
j) ákvæði samkvæmt 2. mgr. 26. gr. um að nýr félagsaðili sé undanþeginn ábyrgð á skuldum og öðrum kröfum sem til hafa orðið áður en hann gerðist aðili að hagsmunafélaginu.

8. gr.

Á þann hátt sem í 39. gr. segir skal eftirfarandi birt í blaði því sem tilgreint er í 1. mgr. þeirrar greinar:

a) þær upplýsingar, sem tilgreina skal samkvæmt 5. gr. í stofnsamningi fjárhagslegs hagsmunafélags, og allar breytingar á þeim;
b) skráningarnúmer, skráningardagur og skráningarstaður, svo og tilkynning um afskráningu;
c) skjöl og upplýsingar sem fjallað er um í 7. gr. b–j.

Þær upplýsingar, sem fjallað er um í a- og b-lið, skal birta í heild. Skjöl og upplýsingar samkvæmt c-lið má birta annaðhvort í heild eða í formi útdráttar eða með vísun til þeirra í skránni eftir því sem mælt kann að vera fyrir um í þeim landslögum sem við eiga.

9. gr.

1. Hagsmunafélög geta byggt rétt gagnvart þriðja aðila á þeim skjölum og upplýsingum sem birta skal samkvæmt reglugerð þessari, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í landslögum er um það gilda samkvæmt 5. og 7. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins nr. 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra [1]).

2. Nú hefur starfsemi verið stunduð á vegum fjárhagslegs hagsmunafélags fyrir skráningu

1) Stj.tíð EB nr. L 65, 14.3. 1968, bls. 8.

þess samkvæmt 6. gr. og það gengst ekki eftir skráninguna við skuldbindingum sem eiga rætur að rekja til hennar og bera þá þeir einstaklingar, félög, fyrirtæki aðrir lögaðilar, sem stunduðu starfsemina, fulla og óskipta ábyrgð á skuldbindingunum.

10. gr.

Ef hagsmunafélag hefur starfsstöð í öðru aðildarríki en því sem heimili þess er í skal skrá hana þar. Skal hagsmunafélagið í þeim tilgangi afhenda viðeigandi skrá í því aðildarríki afrit þeirra skjala til varðveislu sem skylt er að afhenda skrá í því aðildarríki þar sem heimili þess er og láta, ef þörf krefur, fylgja þýðingu er samræmist starfsvenjum þeirrar skrár þar sem starfsstöðin er skráð.

11. gr.

Tilkynning um að hagsmunafélag hafi verið stofnað eða skiptameðferð á félaginu sé lokið, þar sem tilgreint er skráningarnúmer, skráningardagur og skráningarstaður, svo og útgáfudagur, útgáfustaður og titill birtingarrits, skal sett í *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins* eftir að hún hefur verið birt í blaði því sem fjallað er um í 1. mgr. 39. gr.

12. gr.

Heimili hagsmunafélags, sem tilgreint er í stofnsamningi þess, skal vera í bandalaginu.

Ákveðið skal að heimilið sé annaðhvort:

a) þar sem aðalstöðvar hagsmunafélagsins eru; eða
b) þar sem einhver félagsaðili hefur aðalstöðvar sínar eða, ef um einstakling er að ræða, þar sem hann starfar aðallega enda stundi hagsmunafélagið starfsemi þar.

13. gr.

Flytja má heimili hagsmunafélags til innan bandalagsins.

Þegar flutningur hefur ekki í för með sér breytingu á því hvaða lög gilda samkvæmt 2. gr. skal ákvörðun um hann tekin með þeim hætti sem kveðið er á um í stofnsamningi hagsmunafélagsins.

14. gr.

1. Þegar flutningur heimilis hefur í för með sér breytingu á því hvaða lög gilda samkvæmt 2. gr. skal semja flutningstillögu, afhenda hana til varðveislu og birta hana með þeim hætti sem kveðið er á um í 7. og 8. gr.

Ekki má ákveða flutning í tvo mánuði eftir að tillagan hefur verið birt. Slík ákvörðun verður aðeins tekin af öllum félagsaðilum samhljóða. Flutningur öðlast gildi á þeim degi er hagsmunafélagið er skráð samkvæmt 6. gr. hjá skrá hins nýja heimilis. Má sú skráning ekki fara fram fyrr en sýnt hefur verið fram á að tillaga um flutning á heimili hafi verið birt.

2. Ekki má afskrá hagsmunafélag hjá skrá hins gamla heimilis fyrr en sýnt hefur verið fram á að það hafi verið skráð hjá skrá hins nýja heimilis.

3. Er ný skráning hagsmunafélags hefur verið birt má með þeim hætti, sem í 1. mgr. 9. gr. segir, byggja rétt á því gagnvart þriðja aðila að heimili hagsmunafélagsins sé hið nýja heimili en meðan afskráning hjá skrá hins gamla heimilis hefur ekki verið birt getur þriðji aðili þó enn borið það fyrir sig að heimili þess sé hið fyrra heimili nema hagsmunafélagið sanni að honum hafi verið kunnugt um nýja heimilið.

4. Í lögum aðildarríkis má kveða svo á að flutningur á heimili, sem leiða myndi til breytingar á því hvaða lög gilda, öðlist ekki gildi gagnvart hagsmunafélagi sem skráð er í því aðildarríki samkvæmt 6. gr. ef því er mótmælt af þar til bæru yfirvaldi innan þess tveggja mánaða frests sem um getur í 1. mgr. Slík mótmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að almannahagur krefjist. Gefa verður kost á endurskoðun fyrir rétti.

15. gr.

1. Þegar lög þau sem gilda um hagsmunafélag samkvæmt 2. gr. gera ráð fyrir ógildingu þess verður að kveða á um ógildingu í dómi. Ef unnt er að bæta úr þeim ágöllum sem eru á málefnum hagsmunafélags skal dómur, sem málið er lagt fyrir, þó veita til þess nauðsynlegan frest.

2. Ógilding hagsmunafélags leiðir til skiptameðferðar á því í samræmi við fyrirmæli 35. gr.

3. Byggja má rétt gagnvart þriðja aðila á dómsúrlausn um ógildingu með þeim hætti sem í 1. mgr. 9. gr. segir.

Sú úrlausn hefur sem slík ekki áhrif á gildi skuldbindinga sem hagsmunafélag hefur gengist undir eða gengist hefur verið undir gagnvart því ef þær hafa orðið til áður en byggja mátti rétt á þeim gagnvart þriðja aðila með þeim hætti sem í undanfarandi undirgrein segir.

16. gr.

1. Stofnanir hagsmunafélags eru aðilar þess, þegar þeir koma fram sem ein heild, svo og framkvæmdastjóri þess eða framkvæmdastjórar.

Í samningi um stofnun hagsmunafélags má kveða á um aðrar stofnanir og, sé það gert, skal valdsvið þeirra ákvarðað.

2. Aðilar að hagsmunafélagi geta, er þeir koma fram sem ein heild, tekið hvaða ákvörðun sem er til að ná markmiðum þess.

17. gr.

1. Hver félagsaðili hefur eitt atkvæði. Í stofnsamningi hagsmunafélags má þó veita tilteknum félagsaðilum fleiri atkvæði en eitt enda hafi enginn einn þeirra yfir meirihluta atkvæða að ráða.

2. Samhljóða ákvörðunar félagsaðila er krafist til að:

a) breyta tilgangi hagsmunafélags;
b) breyta atkvæðafjölda hvers félagsaðila;
c) breyta skilyrðum fyrir ákvarðanatöku;
d) lengja starfstíma hagsmunafélags fram yfir það sem ákveðið hefur verið í stofnsamningi þess;
e) breyta fjárframlagi félagsaðila, allra eða sumra, til hagsmunafélags;
f) breyta einhverri annarri skuldbindingu félagsaðila nema heimild sé til annars í stofnsamningi hagsmunafélagsins;
g) gera einhverja aðra breytingu á stofnsamningi hagsmunafélagsins, sem ekki er fjallað um í þessari málsgrein, nema samningurinn kveði á um annað.

3. Þar sem ekki er kveðið svo á í reglugerð þessari að ákvarðanir skuli teknar samhljóða má í stofnsamningi hagsmunafélags setja reglur um ályktunarhæfi og meirihluta sem krafist er til að ákvarðanir, eða sumar ákvarðanir, megi taka. Kveði samningur ekki á um annað skulu ákvarðanir teknar samhljóða.

4. Að frumkvæði framkvæmdastjóra eða beiðni félagsaðila skal framkvæmdastjóri, einn eða með öðrum framkvæmdastjórum, skipuleggja samráðsfundi með félagsaðilum svo að þeir geti tekið ákvarðanir sínar.

18. gr.

Hver félagsaðili á rétt á að fá upplýsingar um starfsemi hagsmunafélags síns frá framkvæmdastjóra þess eða framkvæmdastjórum og á að athuga bókhald þess og bókhaldsgögn.

19. gr.

1. Framkvæmdastjórn hagsmunafélags annast einn eða fleiri einstaklingar sem til þess eru skipaðir í stofnsamningi þess eða með ákvörðun félagsaðila.

Sá má ekki vera framkvæmdastjóri hagsmunafélags sem:

— vegna þeirrar löggjafar sem um hann gildir,
— vegna landslaga þess ríkis þar sem hagsmunafélagið á heimili sitt eða
— samkvæmt ákvörðun yfirvalds á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu, sem tekin hefur verið eða viðurkennd er í aðildarríki,

er óheimilt að eiga sæti í stjórn eða framkvæmdastjórn félags, stjórna fyrirtæki eða starfa sem framkvæmdastjóri evrópsks fjárhagslegs hagsmunafélags.

2. Aðildarríki getur, þegar um er að ræða hagsmunafélög sem skráð eru hjá skrá þess samkvæmt 6. gr., kveðið á um að lögaðilar annist framkvæmdastjórn ef þeir tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að koma fram fyrir þeirra hönd og eru deili á þeim háð skráningarreglum d-liðar 7. gr.

Nú nýtir aðildarríki sér þennan kost og verður það þá að kveða á um að sá eða þeir sem koma fram fyrir hönd lögaðilanna beri sömu ábyrgð og ef þeir væru sjálfir framkvæmdastjórar viðkomandi hagsmunafélaga.

Takmarkanir samkvæmt 1. mgr. gilda einnig um þessa fulltrúa.

3. Í stofnsamningi hagsmunafélags eða með samhljóða ákvörðun félagsaðila skal kveðið á um hvernig framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar skulu ráðnir og þeim sagt upp, svo og valdsvið þeirra skilgreint.

20. gr.

1. Aðeins framkvæmdastjóri, eða hver framkvæmdastjóri séu þeir fleiri en einn, kemur fram fyrir hönd hagsmunafélags í viðskiptum við þriðja aðila.

Hver framkvæmdastjóri bindur hagsmunafélag gagnvart þriðja aðila þegar hann kemur fram fyrir hönd þess, jafnvel þótt gerðir hans varði ekki tilgang þess, nema hagsmunafélagið sanni að þriðja aðila hafi verið ljóst eða honum hafi með hliðsjón af atvikum ekki getað verið ókunnugt um að gerðin var tilgangi þess óviðkomandi. Birting upplýsinga þeirra sem getið er í c-lið 5. gr. felur ekki í sér sönnun fyrir því ein sér.

Ekki má byggja rétt á því gagnvart þriðja aðila að vald eins eða fleiri framkvæmdastjóra hafi verið takmarkað hvort sem það hefur verið gert með stofnsamningi hagsmunafélags eða með ákvörðun félagsaðila, jafnvel þótt takmörkun hafi verið birt.

2. Í stofnsamningi hagsmunafélags má ákveða að einungis tveir eða fleiri framkvæmdastjórar sameiginlega geti bundið það svo að gilt sé. Aðeins má byggja rétt á slíku ákvæði gagnvart þriðja aðila í samræmi við 1. mgr. 9. gr. ef það hefur verið birt samkvæmt 8. gr.

21. gr.

1. Litið skal svo á að hagnaður af starfsemi hagsmunafélags sé hagnaður félagsaðila og skal honum skipt milli þeirra í þeim hlutföllum sem kveðið er á um í stofnsamningi þess, eða að jöfnu ef ekki er mælt fyrir um annað.

2. Aðilar að hagsmunafélagi skulu greiða kostnað, sem fer fram úr tekjum, í þeim hlutföllum sem kveðið er á um í stofnsamningi þess, eða að jöfnu ef ekki er mælt fyrir um annað.

22. gr.

1. Aðili að hagsmunafélagi getur framselt hlutdeild sína í því að öllu leyti eða að hluta, annaðhvort til annars félagsaðila eða þriðja aðila, en framsalið öðlast ekki gildi nema aðrir félagsaðilar leyfi það samhljóða.

2. Sé ekki kveðið á um annað í stofnsamningi hagsmunafélags getur félagsaðili aðeins veðsett hlutdeild sína í því eftir að hinir félagsaðilarnir hafa leyft það samhljóða. Veðhafi má aldrei verða aðili að hagsmunafélagi í krafti veðréttar síns.

23. gr.

Hagsmunafélag má ekki falast eftir fjárfestingum almennings.

24. gr.

1. Aðilar að hagsmunafélagi bera fulla og óskipta ábyrgð á skuldum þess og öðrum kröfum á hendur því af hvaða tagi sem er. Um áhrif ábyrgðarinnar fer að landslögum.

2. Skuldheimtumenn mega ekki höfða mál á hendur félagsaðila til greiðslu skulda og annarra krafna í samræmi við skilyrði í 1. mgr. áður en skiptameðferð í hagsmunafélagi er lokið nema þeir hafi fyrst krafið félagið um greiðslu og hún hafi ekki verið innt af hendi innan hæfilegs frests.

25. gr.

Í bréfum og á pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum skal eftirfarandi koma greinilega fram:

a) nafn hagsmunafélags þar sem á undan fara eða á eftir koma annaðhvort orðin „evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag“ eða skammstöfunin „efjh.“ ef orðin eða upphafsstafir þeirra mynda ekki þegar hluta nafnsins;
b) hvar sú skrá er sem um getur í 6. gr. og hagsmunafélagið er skráð hjá, svo og innfærslunúmer þess þar;
c) heimili hagsmunafélags;
d) að framkvæmdastjórar verði að koma fram sameiginlega ef við á;
e) að skiptameðferð á hagsmunafélagi samkvæmt 15., 31., 32. eða 36. gr. standi yfir ef við á.

Er skráning hefur farið fram í samræmi við 10. gr. skal hver starfsstöð hagsmunafélags tilgreina ofangreind atriði, ásamt þeim sem lúta að eigin skráningu, á þeim skjölum sem hún sendir frá sér í starfsemi sinni og um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

26. gr.

1. Aðilar að hagsmunafélagi skulu samhljóða taka ákvörðun um inntöku nýrra aðila í félagið.

2. Hver nýr félagsaðili ber ábyrgð á skuldum hagsmunafélags og öðrum kröfum á hendur því samkvæmt 24. gr., að meðtöldum þeim sem eiga rætur að rekja til starfsemi hagsmunafélagsins áður en hann gekk í það.

Þó má með ákvæði í stofnsamningi hagsmunafélags eða í inngöngugerð undanþiggja hann ábyrgð á skuldum og öðrum kröfum sem stofnað var til áður en hann gekk í það. Aðeins má byggja rétt á slíku ákvæði gagnvart þriðja aðila samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 1. mgr. 9. gr. ef ákvæðið hefur verið birt samkvæmt 8. gr.

27. gr.

1. Aðili að hagsmunafélagi getur sagt sig úr því að uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í stofnsamningi þess, eða með samhljóða samþykki annarra félagsaðila ef slík skilyrði koma ekki fram í samningnum.

Auk þess getur aðili að hagsmunafélagi sagt sig úr því ef réttmætar ástæður eru til þess.

2. Vísa má aðila að hagsmunafélagi úr því af ástæðum, sem tilgreindar eru í stofnsamningi þess, og ávallt ef hann bregst alvarlega skyldum sínum eða truflar eða gerir sig líklegan til að trufla starfsemi þess alvarlega.

Sé ekki kveðið á um annað í stofnsamningi hagsmunafélags má brottvísun aðeins fara fram samkvæmt úrskurði dómara sem kveðin er upp að sameiginlegri beiðni meirihluta annarra félagsaðila.

28. gr.

1. Aðild að hagsmunafélagi lýkur við andlát félagsaðila eða þegar aðilinn fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem sett eru í 1. mgr. 4. gr.

Að auki getur aðildarríki í lögum sínum um skiptameðferð, félagsslit, greiðsluþrot eða greiðslustöðvun kveðið svo á að aðild að hagsmunafélagi ljúki á þeim tíma sem í þeim lögum segir.

2. Andist einstaklingur sem er aðili að hagsmunafélagi getur annar aðeins komið í hans stað með þeim skilyrðum, sem stofnsamningur þess kveður á um, eða með samhljóða samþykki hinna félagsaðilanna ef slík skilyrði koma ekki fram í samningnum.

29. gr.

Er aðild að hagsmunafélagi lýkur skal framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess tilkynna það öðrum félagsaðilum og einnig gera þær ráðstafanir samkvæmt 7. og 8. gr. sem gera ber. Þær ráðstafanir getur einnig hver sá gert sem hlut á að máli.

30. gr.

Kveði stofnsamningur hagsmunafélags ekki á um annað er félagið áfram til hvað snertir þá félagsaðila sem eftir eru, er aðild einhvers þeirra lýkur, samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í stofnsamningnum eða settir eru með samhljóða ákvörðun viðkomandi félagsaðila enda sé ekki skertur með því réttur sem stofnast hefur aðila til handa samkvæmt 1. mgr. 22. gr. eða 2. mgr. 28. gr.

31. gr.

1. Slíta má hagsmunafélagi með ákvörðun félagsaðila um að það skuli gert. Slík ákvörðun krefst samhljóða samþykkis ef ekki er kveðið á um annað í stofnsamningi þess.

2. Hagsmunafélagi skal slitið með ályktun félagsaðila þar sem komist er að þeirri niðurstöðu:

a) að liðinn sé sá tími, sem hagsmunafélaginu var ætlað að starfa samkvæmt stofnsamningi þess, eða fyrir hendi sé önnur ástæða til slita á því sem samningurinn kveður um; eða
b) að tilgangi hagsmunafélagsins sé náð eða ógerlegt sé að leita hans frekar.

Hafi félagsaðilar ekki tekið ákvörðun um slit á hagsmunafélagi þremur mánuðum eftir að einhverjar þær aðstæður hafa komið upp sem í 1. mgr. segir getur hvaða félagsaðili sem er leitað til dómstóls um að ákveða slit þess.

3. Hagsmunafélagi skal einnig slitið að ákvörðun þess eða þeirra félagsaðila sem eftir eru þegar skilyrðum 2. mgr. 4. gr. er ekki lengur fullnægt.

4. Er hagsmunafélagi hefur verið slitið með ákvörðun félagsaðila skal framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess gera þær ráðstafanir samkvæmt 7. og 8. gr. sem gera ber. Þær ráðstafanir getur einnig hver sá gert sem hlut á að máli.

32. gr.

1. Sé brotið gegn ákvæðum 3. gr., 12. gr. eða 3. mgr. 31. gr. skal dómstóll að beiðni hvers þess aðila, sem hlut á að máli, eða þar til bærs yfirvalds kveða svo á að hagsmunafélagi skuli slitið nema unnt sé að koma málefnum hagsmunafélagsins í rétt horf, áður en dómstóll hefur kveðið upp efnislegan úrskurð, og að það sé gert í raun fyrir þann tíma.

2. Dómstóll getur einnig ákveðið að beiðni félagsaðila að hagsmunafélagi skuli slitið ef réttmætar ástæður eru til þess.

3. Aðildarríki getur kveðið svo á að dómstóll geti að beiðni þar til bærs yfirvalds úrskurðað að slíta skuli hagsmunafélagi sem á heimili í ríki yfirvaldsins ef félagið starfar gegn almannahagsmunum í því ríki og gert er ráð fyrir slíkum möguleika í lögum þess ríkis hvað snertir skráð félög eða aðra lögaðila sem þau ná yfir.

33. gr.

Ljúki aðild að hagsmunafélagi af öðrum ástæðum en þeim að réttindi félagsaðila hafi verið framseld í samræmi við skilyrðin í 1. mgr. 22. gr. skal meta réttindi hans og skyldur til verðs með hliðsjón af eignum og skuldum hagsmunafélagsins eins og þær eru þegar aðild hans lýkur.

Ekki má ákveða fyrirfram verð á réttindum og skyldum félagsaðila sem gengur úr hagsmunafélagi.

34. gr.

Með fyrirvara um það sem í 1. mgr. 37. gr. segir er hver félagsaðili, sem gengur úr hagsmunafélagi, áfram ábyrgur samkvæmt 24. gr. fyrir skuldum þess og öðrum kröfum á hendur því sem eiga rætur að rekja til starfsemi þess áður en aðild hans lauk.

35. gr.

1. Slit á hagsmunafélagi hafa skiptameðferð í för með sér.

2. Um skiptameðferð á hagsmunafélagi og lok skiptameðferðar fer að landslögum.

3. Gerhæfi hagsmunafélags í skilningi 2. mgr. 1. gr. helst óskert uns skiptameðferð er lokið.

4. Sá eða þeir sem stýra skiptameðferð á hagsmunafélagi skulu gera þær ráðstafanir sem í 7. og 8. gr. segir.

36. gr.

Um greiðsluþrot og greiðslustöðvun hagsmunafélaga fer að landslögum. Þótt aðgerðir séu hafnar gegn hagsmunafélagi fyrir dómi vegna greiðsluþrots eða greiðslustöðvunar leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að slíkar aðgerðir séu hafnar gegn félagsaðilum.

37. gr.

1. Fimm ára fyrningarfrestur, talið frá birtingu samkvæmt 8. gr. á tilkynningu um að aðild að hagsmunafélagi sé lokið, kemur í stað lengri frests sem mælt kann að vera fyrir um í viðkomandi landslögum til málshöfðunar gegn aðilanum vegna skulda eða annarra krafna sem eiga rætur að rekja til starfsemi hagsmunafélags áður en aðild hans lauk.

2. Fimm ára fyrningarfrestur, talið frá birtingu samkvæmt 8. gr. á tilkynningu um að skiptameðferð á hagsmunafélagi sé lokið, kemur í stað lengri frests sem mælt kann að vera fyrir um í viðkomandi landslögum til málshöfðunar gegn aðila að því vegna skulda eða annarra krafna sem eiga rætur að rekja til starfsemi þess.

38. gr.

Stundi hagsmunafélag starfsemi í aðildarríki sem fer í bága við almannahagsmuni þess getur þar til bært yfirvald í því ríki bannað starfsemina. Veita skal kost á að skjóta ákvörðun hins þar til bæra yfirvalds til dómstóla.

39. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna skrá eða skrár, sem falið er að annast skráningu samkvæmt 6. og 10. gr., og setja reglur um skráninguna. Þau skulu mæla fyrir um hvernig skráning þeirra skjala, sem í 7. gr. og 10. gr. segir, fari fram. Skulu þau sjá um að þau skjöl og upplýsingar, sem í 8. gr. segir, birtist í viðeigandi lögbirtingablaði þess aðildarríkis, sem hagsmunafélagið á heimili sitt í, og geta þau mælt fyrir um hvernig birta skuli þau skjöl og upplýsingar sem í c-lið 8. gr. segir.

Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að hver sem er geti, á skrá samkvæmt 6. gr. eða eftir atvikum 10. gr., kynnt sér þau skjöl, sem fjallað er um í 7. gr., og fengið í hendur afrit af einhverjum þeirra eða öllum, jafnvel í pósti.

Aðildarríkin mega kveða á um greiðslu gjalda fyrir þær aðgerðir sem fjallað er um í undanfarandi undirgreinum en gjöldin mega þó ekki fara fram úr kostnaði af þeim.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingar þær sem birta skal í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* samkvæmt 11. gr. séu sendar skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi eigi síðar en einum mánuði eftir birtingu þeirra í því lögbirtingablaði sem í 1. mgr. segir.

3. Aðildarríki skulu leggja hæfileg viðurlög við því ef birtingarkröfum 7., 8. og 10. gr. er ekki hlítt eða ekki er farið eftir ákvæðum 25. gr.

40. gr.

Hagnað eða tap af starfsemi hagsmunafélags má aðeins skattleggja hjá félagsaðilum.

41. gr.

1. Aðildarríki skulu gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna ákvæða 39. gr., fyrir 1. júlí 1989. Þau skulu tilkynna þær framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu í upplýsingaskyni fyrir framkvæmdastjórnina skýra henni frá því hvaða flokkum einstaklinga, félaga, fyrirtækja og annarra lögaðila þau banna þátttöku í hagsmunafélögum samkvæmt 4. mgr. 4. gr. Framkvæmdastjórn skal skýra öðrum aðildarríkjum frá því.

42. gr.

1. Er reglugerð þessi hefur verið sett skal stofna samstarfsnefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Hlutverk hennar skal vera:

a) að greiða fyrir framkvæmd reglugerðar þessarar með reglulegu samráði þar sem sérstaklega skal fjallað um vandamál sem koma upp í tengslum við framkvæmdina, sbr. þó ákvæði 169. og 170. gr. sáttmálans;
b) að ráðleggja framkvæmdastjórninni um viðauka við eða breytingar á reglugerð þessari ef nauðsyn krefur.

2. Samstarfsnefndin skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Formaður skal vera fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin sér fyrir skrifstofuþjónustu.

3. Formaður kallar nefndina saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk einhvers nefndarmanns.

43. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.*

Hún skal koma til framkvæmda hinn 1. júlí 1989, að undanskildum 39., 41. og 42. gr. sem koma til framkvæmda við gildistöku hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

J. POOS

forseti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), nánar tiltekið ákvæðum samningsins um félagarétt. Það tengist frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og frumvarpi til laga um einkahlutafélög og er flutt óbreytt frá síðasta þingi.

Samkvæmt 7. gr. laganna um Evrópska efnahagssvæðið skal taka EES-gerðir, sem samsvara reglugerðum EBE sem slíkar, upp í landsrétt samningsaðila. Er þörf á lögfestingu reglugerðar ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög í samræmi við framangreint en hún geymir nýmæli í félagarétti hér á landi.

Efni reglugerðar ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.).

Í stuttu máli felast í reglugerðinni reglur varðandi samstarf um sérstök verkefni milli a.m.k. tveggja félaga eða fyrirtækja í EES-ríkjunum enda er starfsemin tengd starfsemi aðilanna og ekki eingöngu í ágóðaskyni. Dæmi um verkefni eru sameiginleg innkaup á hráefnum, rannsóknir og þróun, markaðssetning vara og þátttaka í útboðum. Starfslið hagsmunafélaganna má ekki fara fram úr 500 manns. Þetta úrræði hefur lítt verið nýtt enn þá.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir efni reglugerðarinnar.

Í inngangsorðum reglugerðarinnar felst m.a. það mat að samræmd þróun atvinnulífs og stöðugur og jafn vöxtur hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu sé háður því að komið verði á sameiginlegum markaði er starfi hnökralaust þar sem aðstæður eru sambærilegar við þær sem ríkja á innanlandsmarkaði. Til að koma þessum sameiginlega markaði á og styrkja einingu hans er talið rétt að setja lagalegan ramma til þess að auðvelda einstaklingum og félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum að laga starfsemi sína að þeim skilyrðum sem ríkja í atvinnurekstri á svæðinu. Því er nauðsynlegt að gera aðilunum kleift að eiga með sér virkt samstarf án tillits til landamæra. Þar eð ýmsir erfiðleikar geta komið upp við slíkt samstarf, m.a. lagaleg vandamál, er talið nauðsynlegt að setja viðeigandi lagareglur um svokölluð evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Hagsmunafélag er einkum frábrugðið fyrirtæki eða félagi að því er varðar tilgang þess sem er aðeins að greiða fyrir eða þróa þá atvinnustarfsemi sem félagsaðilar stunda til að gera þeim kleift að auka afrakstur sinn. Starfsemi hagsmunafélags verður með tilliti til þess að hún er í eðli sínu viðbótarstarfsemi að tengjast atvinnurekstri þeirra sem aðild eiga að því án þess að koma í stað hans. Að því leyti má hagsmunafélag t.d. ekki stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi gagnvart þriðja aðila.

Í inngangi kemur einnig fram að aðilar að hagsmunafélagi beri fulla og óskipta ábyrgð á skuldum þess og svipar þeim að því leyti til sameignarfélaga hér á landi sem skráð eru í firmaskrá. Þar segir einnig að aðeins megi skattleggja hagnað eða tap á starfsemi hagsmunafélags hjá félagsaðilum. Þá kemur og fram að hvað varðar málefni sem reglugerðin tekur ekki til gildi lög aðildarríkjanna, svo og EES-réttur, t.d. samkeppnislög. Í lok inngangsins segir að veita verði reglugerðinni gildi í heild sinni.

Tekið skal fram að í bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sem lögtekin hefur verið, felst m.a. að inngangsorð reglugerðarinnar hafa ekki lagagildi hér á landi. Inngangsorðin geta hins vegar haft gildi við skýringu á einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

Hvað einstakar greinar reglugerðarinnar snertir má drepa á nokkur atriði.

Í 1. gr. er m.a. kveðið á um að fylgja þurfi ákvæðum reglugerðarinnar varðandi stofnsamning og skráningu en einnig er greint þar frá rétthæfi og gerhæfi félaganna.

Í 2. gr. er fjallað um samspil reglugerðarinnar og landslaga.

Í 3. gr. segir að tilgangur hagsmunafélags sé að greiða fyrir og þróa þá atvinnustarfsemi sem aðilar að félaginu stunda og bæta eða auka árangur þeirrar starfsemi en ekki afla því sjálfu hagnaðar. Þá segir að starfsemi þess skuli tengjast atvinnustarfsemi félagsaðila en hún geti aðeins falið í sér viðbót við þá starfsemi. Þetta ákvæði er síðan nánar útfært og kemur þar m.a. fram að hagsmunafélag megi ekki hafa fleiri en 500 starfsmenn í þjónustu sinni.

Í 4. gr. eru ákvæði um aðild að hagsmunafélagi og eru bæði lögaðilar og einstaklingar þar nefndir til. Skulu minnst tveir lögaðilar taka höndum saman, tveir einstaklingar eða einn lögaðili og einn einstaklingur, allt samkvæmt nánari skilgreiningu.

Í 5. gr., sem fjallar um efni stofnsamnings, kemur m.a. fram að í nafni hagsmunafélags komi fram orðin „evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag“ eða skammstöfunin „efjh.“. Þar segir og að kveða skuli á um það hve langur líftími félags skuli vera nema félagið sé stofnað til óákveðins tíma.

Í 6. gr., sbr. 12. gr., er fjallað um skráningarríki en í bókun 1 við EES-samninginn felst að stofna má hagsmunafélag í EES-ríki, m.a. á Íslandi.

Í 7. gr. er fjallað um afhendingu stofnsamnings og annara skjala, í 8. gr. um birtingu upplýsinga í lögbirtingablöðum og rétt þann er byggður verður á upplýsingum, í 10. gr. um starfsstöð í öðru ríki en heimilisríki, í 11. gr. um birtingu um stofnun og slit hagsmunafélags á erlendum vettvangi, í 12. gr. um heimili félags, í 13.–14. gr. um flutning heimilis þess og í 15. gr. um ógildingu félags.

Í 16. gr. segir að stofnanir hagsmunafélags séu aðilar þess þegar þeir koma fram sem ein heild, svo og framkvæmdastjóri þess eða framkvæmdastjórar. Er því ekki um hefðbundna félagsstjórn að ræða.

Í 17. gr. er m.a. fjallað um atkvæðisrétt og samhljóða ákvörðun félagsaðila í vissum tilvikum, svo og samráðsfundi aðilanna.

Í 18. gr. er fjallað um rétt félagsaðila til að fá upplýsingar um starfsemi félagsins.

Í 19. gr. er fjallað um það hverjir séu hæfir til að vera í framkvæmdastjórn og hvernig hún sé skipuð en í 20. gr. um verksvið framkvæmdastjóra.

Í 21. gr. er fjallað um skiptingu hagnaðar og kostnaðar en í 22. gr. um framsal eignarhluta o. fl.

Í 23. gr. segir að hagsmunafélagið megi ekki falast eftir fjárfestingum almennings.

Í 24. gr. segir að aðilarnir beri fulla og óskipta ábyrgð á skuldum félagsins.

Í 25. gr. er fjallað um það hvað koma skuli fram á bréfum, svo og pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum félagsins.

Í 26. gr. er m.a. fjallað um inntöku nýrra aðila í félagið, í 27. gr. um úrsögn úr félagi og brottvísun úr því, í 28. gr. um andlát félagsaðila o.fl., en skv. 29. gr. skal tilkynna öðrum félagsaðilum ef aðild að félagi lýkur og gera vissar ráðstafanir.

Samkvæmt 30. gr. heldur félag áfram að vera til milli þeirra félagsaðila sem eftir eru nema stofnsamningur kveði á um annað. Þá segir í 31. gr. að félagsaðilar geti ákveðið að slíta félagi. Samkvæmt 32. gr. getur dómstóll slitið félagi. Í 33. gr. er fjallað um það að meta skuli réttindi og skyldur aðila, sem hætta, til verðs. Þá segir í 34. gr. að sá sem gengur úr hagsmunafélagi sé áfram ábyrgur fyrir skuldum og öðrum kröfum sem eiga rætur að rekja til starfsemi félagsins áður en aðild hans lauk. Í 35. gr. er síðan fjallað um

skiptameðferð, í 36. gr. um greiðsluþrot og í 37. gr. um fyrningarfrest. Samkvæmt 38. gr. getur þar til bært yfirvald bannað starfsemi hagsmunafélags í vissum tilvikum. Má skjóta slíkri ákvörðun til dómstóls.

Samkvæmt 39. gr. skal tilkynna hvaða skrá í hverju aðildarríki skrái hagsmunafélög. Yrði það firmaskrá hér á landi.

Samkvæmt 40. gr. má aðeins skattleggja hagnað eða tap af starfsemi hagsmunafélags hjá félagsaðilum.

Í 41. gr. er fjallað um framkvæmdaráðstafanir, í 42. gr. um samstarfsnefnd og í 43. gr. um gildistöku o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við það sem segir í inngangi skal skv. 7. gr. laganna um Evrópska efnahagssvæðið taka EES-gerðir, er samsvara reglugerðum EBE sem slíkar, upp í landsrétt samningsaðila. Með þessari grein er reglugerð ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.) lögfest. Er gert ráð fyrir því að ákvæði hennar hafi lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með áorðnum breytingum í lögum nr. 66/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ólögráða einstaklingar og þeir sem hafa farið fram á greiðslustöðvun eða hafa bú sitt undir gjaldþrotaskiptum geti ekki verið aðilar að evrópsku fjárhagslegu hagsmunafélagi. Sams konar ákvæði eru í hlutafélagalöggjöfinni eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt, sbr. 3. gr. hlutafélagalaganna.

Ákvæði 2. mgr. um möguleika á takmörkun á þátttöku í slíku félagi er í samræmi við danska löggjöf um þessi félög, sbr. í þessu sambandi 4. mgr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar ráðs EBE. Ákvæði reglugerðarinnar kom inn að frumkvæði Þjóðverja sem virtust vilja banna aðild lögbókenda að félögunum en hafa þó ekki gert það.

Um 3. gr.

Af þessari grein leiðir m.a. að evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög geta ekki stundað þá starfsemi sem aðeins einstaklingar geta að lögum stundað. Enn er stuðst við dönsk lög, svo og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar EBE.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um félagsslit í ákveðnum tilvikum.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skilanefndarmeðferð.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skráningar- og birtingargjöld o.fl.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um sektir við brotum á ákveðnum greinum framangreindrar reglugerðar ráðs EBE.

Um 8. gr.

Í þessari grein felst heimild til að leggja sektir á félög eða aðra lögaðila sem slíka.

Um 9. gr.

Í þessari grein felst heimild til útgáfu reglugerðar á grundvelli laganna, svo og heimild til að ákveða í reglugerðinni sektir fyrir brot á henni.

Um 10. gr.

Þessi grein geymir gildistökuákvæði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Frumvarp þetta er flutt samhliða tveim öðrum frumvörpum, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um einkahlutafélög.

Hér er verið að leggja fram frumvarp til laga um nýja tegund félaga sem ekki hafa áður verið sérstaklega greind hér á landi. Félagsform þetta er einkum ætlað tveimur eða fleiri hagsmunaaðilum sem vilja eiga með sér virkt samstarf, annaðhvort tímabundið eða um óákveðinn tíma, án tillits til landamæra. Svo ekki komi upp vandkvæði í slíku samstarfi vegna mismunandi félagalöggjafar einstakra landa er horfið að því ráði að skapa sérstakt félagsform, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Ekki verður séð að því fylgi neinn kostnaður fyrir ríkissjóð að frumvarp þetta verði að lögum. Félög þessi verða skráð í firmaskrá eins og önnur félög og bera sjálf kostnað af því.

102. Frumvarp til laga [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Fyrir aftan orðin „bera hann fyrir sig“ í lok 1. málsl. 1. mgr. 36. gr. bætist við: sbr. þó 36. gr. c.

2. gr.

Á eftir 36. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, fyrst 36. gr. a, er orðast svo:

Ákvæði 36. gr. a–d gilda um samninga, m.a. samningsskilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, enda séu samningarnir liður í starfsemi atvinnurekanda en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans (neytandans), sbr. þó 36. gr. d. Ákvæðin gilda einnig um samninga sem atvinnurekandi stendur að fyrir annan aðilanna.

Á atvinnurekandanum hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að samið hafi verið sérstaklega um samning og hann falli ekki undir 1. mgr.

3. gr.

36. gr. b. laganna orðast svo:

Skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skal vera skýr og skiljanlegur. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skal túlka samninginn neytandanum í hag.

4. gr.

36. gr. c. laganna orðast svo:

Ákvæði 36. gr. gilda um samninga skv. 1. mgr. 36. gr. a, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr.

Við mat á samningi skv. 1. mgr. skal líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., m.a. skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til neytanda í óhag.

Ef einum eða fleiri samningsskilmálum er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur óbreyttur enda stríði skilmálinn eða skilmálarnir gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna réttindum og skyldum samningsaðila neytanda í óhag.

5. gr.

36. gr. d. laganna orðast svo:

Ákvæði í samningi, sem tengist náið landsvæði EES-ríkja, þess efnis að löggjöf lands utan Evrópska efnahagssvæðisins skuli gilda um samninginn, gilda ekki um ósanngjarna samningsskilmála ef það leiðir til þess að neytandinn fær lakari vernd gegn slíkum skilmálum.

6. gr.

Lög þessi, sem sett eru á grundvelli tilskipunar 93/13/EBE, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði 36. gr. b. laganna gilda ekki um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta tengist EES-samningnum, nánar tiltekið svokölluðum viðbótarpakka sem geymir m.a. tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum. Er markmiðið með frumvarpinu, sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu, fyrst og fremst að tryggja framkvæmd þeirra ákvæða tilskipunarinnar sem eru einkaréttarlegs eðlis, sbr. 3.–6. gr. hennar, en tilskipunin miðar að því að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og jafnframt vernd til handa neytendum. Samkeppnisyfirvöldum, sbr. lög nr. 8/1993, er hins vegar auk dómstóla ætlað að tryggja framkvæmd þeirra ákvæða þessarar EES-gerðar sem eru allsherjarréttarlegs eðlis. Ákvæði tilskipunarinnar skulu tekin upp í landsrétt EES-ríkjanna í síðasta lagi 31. desember 1994. Samráð hefur verið haft við önnur Norðurlönd um undirbúning að breytingu á löggjöf. Er þá einkum höfð hliðsjón af áformum Dana og Norðmanna um breytingar á sínum lögum.

Með ákvæðum EES-gerðarinnar er stefnt að því að samræma löggjöf EES-ríkjanna um vissa ósanngjarna samningsskilmála í neytendasamningum (fyrst og fremst staðlaða samninga, m.a. samningsskilmála). Í íslenskum rétti fjallar 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, samningalaganna — samnl., almennt um ósanngjarna samninga en þau lög eru byggð á norrænum grunni. Fullnægja ákvæði þeirrar greinar að mestu leyti kröfum tilskipunarinnar um efni en þó þarf að gera vissar breytingar á íslenskri löggjöf. Er því lagt til að gerð verði ein breyting á 1. mgr. 36. gr. samnl. en auk þess verði bætt við fjórum nýjum greinum, 36. gr. a–d. Mundu viðbótarákvæðin gilda um vissa samninga að því er snertir sanngirnismat, réttaráhrif sérstaklega skilgreindrar ósanngirni og túlkun. Jafnframt er lagt til að sett verði regla til að vernda neytandann gegn vissum ákvæðum um erlend lög sem gilda skuli um viðkomandi samninga.

Ákvæði 36. gr. samnl. munu skv. 4. gr. frumvarpsins, sem geymir aðalreglu frumvarpsins um ósanngirni, gilda um samninga á grundvelli framangreindrar tilskipunar (fyrst og fremst staðlaða samninga) með vissum breytingum. Kemur þar fyrst til að réttaráhrif þess að samningsskilmáli er ósanngjarn eftir almennu ákvæði tilskipunarinnar eru þau að samningurinn að öðru leyti skal að kröfu neytanda gilda án breytinga ef hann verður efndur án hins ósanngjarna skilmála. Í öðru lagi skal við mat á því hvort samningsskilmáli sé ósanngjarn ekki taka tillit til atvika sem komu til eftir samningsgerð ef slíkt yrði neytanda í óhag. Sönnunarbyrðin fyrir því að ekki sé um staðlaðan samning að ræða hvílir á atvinnurekanda.

Markmiðið með samvinnu embættismanna á Norðurlöndum við að undirbúa framkvæmd tilskipunarinnar með breytingum á norrænum lögum var að tryggja sem best samræmi milli samningalaga Norðurlanda og að vernd til handa neytandanum yrði ekki skert.

2. Meginefni tilskipunarinnar.

Tilskipunin er birt sem fskj. I með lagafrumvarpi þessu. Hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þýðingu tilskipunarinnar eins og hún birtist í svokölluðum EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 6. Þannig hefur hugtakinu „óréttmætir samningsskilmálar" verið breytt í „ósanngjarnir samningsskilmálar" þar eð það þykir betra og í samræmi við íslenska laga- og dómahefð, sbr. 36. gr. samnl. Í staðinn fyrir „góða trú", sem þýðir að einhver viti ekki eða megi ekki vita eitthvað samkvæmt íslenskri lagahefð, er notuð þýðingin „góðir viðskiptahættir" sem er réttara í tilvikum þeim sem hér um ræðir. Þá eru auk þess gerðar örfáar minni háttar breytingar. Hugtakið „seljandi og veitandi" er látið halda sér í þýðingu á tilskipuninni en í frumvarpi þessu er notað orðið „atvinnurekandi," sbr. nánar athugasemd við 2. gr. þess.

Að því er varðar gildissvið tilskipunarinnar felst í 1. gr. hennar að settar séu reglur um samræmingu löggjafar EES-ríkjanna um ósanngjarna skilmála í samningum milli atvinnurekenda og neytenda. Þá segir og í 2. gr. að ákvæðum tilskipunarinnar verði þó aðeins beitt um samningsskilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, þ.e. ákvæðin gilda fyrst og fremst um staðlaða skilmála, sbr. hér athugasemd við 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar (aðalreglu hennar) telst samningsskilmáli, sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, ósanngjarn ef skilmálinn stríðir gegn góðum viðskiptaháttum og raskar til muna réttindum og skyldum samningsaðila neytanda í óhag. Í viðauka við tilskipunina er skrá yfir samningsskilmála sem teljast ósanngjarnir og er skráin til leiðbeiningar en ekki tæmandi, sbr. fskj. I með lagafrumvarpi þessu.

Við mat á því hvort samningsskilmáli sé ósanngjarn skal skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar taka tillit til þess um hvers konar vörur eða þjónustu samningurinn er og hafa hliðsjón af öllum aðstæðum á þeim tíma þegar samningurinn er gerður og öllum öðrum skilmálum samningsins eða annars samnings sem hann tengist. Matið tekur þó skv. 2. mgr. 4. gr. hvorki til skilgreiningar á aðalefni samningsins né samræmis milli verðs annars vegar og vara eða þjónustu hins vegar að svo miklu leyti sem skilmálarnir eru skýrir og skiljanlegir.

Komi upp vafi um það hvernig skilja beri samningsskilmála skal skv. 5. gr. tilskipunarinnar velja þá túlkun sem neytandanum kemur best.

Ef talið er með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að samningsskilmáli sé ósanngjarn skulu ríki, sem bundin eru af ákvæðum hennar, setja í löggjöf sína að skilmáli bindi ekki neytandann og samningurinn gildi áfram að öðru leyti án breytinga verði hann efndur óbreyttur án hins ósanngjarna skilmála. Þá missir neytandinn ekki skv. 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar vernd á grundvelli hennar þótt samið sé um það að löggjöf lands utan Evrópska efnahagssvæðisins skuli gilda um samninginn ef samningurinn tengist náið landsvæði ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að lokum er í 7. gr. tilskipunarinnar kveðið á um eftirlit með því að ekki séu ósanngjarnir samningsskilmálar í neytendasamningum. Ákvæði hér að lútandi er að finna í samkeppnislögum nr. 8/1993, sbr. einkum 20.–21. og 37. gr., og verður ekki fjallað frekar um þetta atriði í lagafrumvarpi þessu.

Ákvæði tilskipunarinnar girða ekki fyrir það að EES-ríki hafi eða setji strangari ákvæði til verndar neytandanum svo sem nánar verður vikið að. Er tilskipunin því svokölluð lágmarkstilskipun, sbr. 8. gr. hennar.

Um tilskipunina að öðru leyti vísast til einstakra ákvæða hennar, svo og athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir.

3. Gildandi réttur (36. gr. samningalaganna).

Aðalákvæðið um ósanngjarna samningsskilmála í gildandi rétti hér á landi er í 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og greininni var breytt með 6. gr. laga nr. 11/1986. Greinin hljóðar svo:

„Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til."

Lagagreinin er byggð á 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem lagt var fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86. Athugasemdir við lagafrumvarpið, sem samið var af Þorgeiri Örlygssyni, þá dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Viðari Má Matthíassyni, þá héraðsdómslögmanni, geyma ýmsan fróðleik.

Í almennum athugasemdum með síðastnefndu lagafrumvarpi var í fyrsta hluta gerð grein fyrir meginefni frumvarpsins en markmiðið með frumvarpinu var að veita íslenskum dómstólum víðtækari heimildir til ógildingar eða leiðréttingar ósanngjarnra samninga en gildandi réttarreglur heimiluðu. Í öðrum hluta var vikið að réttarþróun annars staðar á Norðurlöndum en íslensku samningalögin eru að stofni til sniðin eftir samningalögum í þeim löndum. Í þriðja hluta var fjallað um samningsfrelsið og takmarkanir þess en í fjórða hluta var yfirlit yfir réttarreglur og þær flokkaðar eftir skyldleika og samstöðu. Í fimmta hluta var vikið að takmörkunum gildandi réttar og þess m.a. getið þar að í verðlagslögum nr. 56/1978 væri tilteknum handhafa opinbers valds heimilað að banna viðskiptahætti sem t.d. teldust ósanngjarnir. Í því sambandi var vísað í refsiákvæði sömu laga. Í sjötta hluta almennu athugasemdanna var fjallað um það hvort þörf væri á setningu almennrar ógildingarreglu í íslenskum fjármunarétti vegna viðskiptahátta hérlendis. Var þar tekið fram að vegna takmarkaðra ákvæða í íslenskri löggjöf um neytendavernd væri ljóst að setning almenns ógildingarákvæðis á borð við það sem frumvarpið gerði ráð fyrir að yrði lögfest yrði mjög til að treysta réttarstöðu neytenda. Mundi lögfesting reglunnar veita dómstólum heimildir til þess að ógilda ýmis ósanngjörn ákvæði. Þá var talið að reglan mundi hafa þau almennu varnaðaráhrif að ósanngjörnum samningsákvæðum í garð neytenda fækkaði eða þau jafnvel hyrfu. Í sjöunda hluta var fjallað um ókosti víðtækrar ógildingarreglu. Þar kom m.a. fram að þrátt fyrir lögfestingu frumvarpsins yrði það vissulega enn þá grundvallarregla íslensks réttar að samninga beri að efna. Auk þess var sagt að til væri ætlast að dómstólar beittu reglunni af mikilli varúð. Í áttunda hluta var skýrð afstaða hinnar nýju 36. gr. gagnvart gildandi sérlagaákvæðum. Í níunda hluta var síðan fjallað almennt um beitingu ógildingarreglunnar sem síðar varð 36. gr. samnl. Sagði þar að reglan væri í eðli sínu undantekningarregla. Hún stæði andspænis meginreglu íslensks fjármunaréttar um samningsfrelsi og skyldu manna til þess að efna gerða samninga. Þess vegna var talin sérstök ástæða til þess að undirstrika það að ætlast væri til þess að dómstólar færu mjög varlega í beitingu reglunnar. Óhófleg beiting reglunnar væri mjög til þess fallin að skerða öryggi í viðskiptum og skapa réttaróvissu. Dómstólum væri því fengið mikið vald í hendur þegar lagt væri á vald þeirra að meta það hverju sinni hvort sanngjarnt væri að bera samning fyrir sig. Það þótti hins vegar engan veginn varhugavert að leggja svo mikið vald í hendur dómstóla enda væri það engin nýlunda í lagasetningu hér á landi.

Í ofangreindu lagafrumvarpi frá 1985–86 voru sérstakar athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins sem varð 36. gr. samnl. og fól í sér almenna ógildingarreglu. Þykir ástæða til þess að birta þær athugasemdir með þessu frumvarpi og eru þær í fskj. II. Á frumvarpinu frá 1985–86 varð í meðförum Alþingis sú breyting að í stað orðalags í upphafi 2. mgr., „við mat á því, hvort samningur er ósanngjarn, skal líta til . . .“ kom orðalagið: við mat skv. 1. mgr. skal líta til . . .

Til fróðleiksauka fylgir einnig útdráttur úr nokkrum dómum sem kveðnir hafa verið upp hér á landi og snerta 36. gr. samnl. Dómareifanirnar eru í fskj. III.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er stutt viðbót við 36. gr. samnl. og felur viðbótin í sér tilvísun í eina hinna fjögurra lagagreina sem setja þarf á grundvelli framangreindrar tilskipunar.

Tekið skal fram að í tengslum við samsvarandi breytingu á dönsku samningalögunum er gert ráð fyrir möguleika á að breyta samningi, auk þess sem víkja má honum til hliðar í heild eða að hluta. Eftir þessa breytingu á dönsku lögunum verða öll Norðurlöndin með samsvarandi ákvæði að þessu leyti.

Norrænir sérfræðingar urðu sammála um að hrófla ekki við 36. gr. samnl. heldur bæta við greinum sem tengdust þeirri grein. Gert er ráð fyrir því að nýju greinarnar verði ófrávíkjanlegar eins og 36. gr. Geta aðilar því ekki samið um frávik frá ákvæðum laganna neytendum í óhag.

Með því að bæta við greinum í samningalögin er tryggt að gildissvið nýju ákvæðanna sé hið sama og gildissvið samningalaganna, m.a. 36. gr. þeirra laga, nema annað sé ákveðið.

Um 2. gr.

Þessi grein, sem gert er ráð fyrir að verði 36. gr. a í samningalögunum, snertir gildissvið nýju lagagreinanna.

Í inngangsorðum tilskipunarinnar kemur m.a. fram að unnt sé að vernda neytendur betur í reynd með því að samþykkja samræmdar lagareglur um ósanngjarna samningsskilmála. Slíkar reglur þurfi að gilda um alla samninga sem atvinnurekendur og neytendur geri sín á milli. Vegna þess þurfi m.a. að undanþiggja ákvæðum tilskipunarinnar alla vinnusamninga, samninga á sviði erfða- og sifjaréttar og samninga um stofnun og skipulag félaga, m.a. samninga um sameignarfélög. Tilskipunin tekur til kaupenda vöru og þjónustu og atvinnurekstur opinberra aðila er ekki undanskilinn. Ákvæðum tilskipunarinnar er því ætlað að taka til sama sviðs og ákvæði samningalaganna, þ.e. fjármunaréttarins, en samningalögin taka m.a. til samninga fjármunaréttarlegs eðlis sem gerðir eru við hið opinbera. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar um tilgang hennar er ekki einungis talað um samræmingu laga heldur einnig stjórnsýslufyrirmæla í þeim ríkjum sem tilskipunin bindur efnislega.

Í 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar segir að tilskipunin nái ekki til samningsskilmála sem endurspegli lög og bindandi stjórnsýsluákvæði og ákvæði eða meginreglur í alþjóðasamningum sem ríkin eða Evrópusambandið eigi aðild að, m.a. á sviði flutningamála. Takmarkar þessi málsgrein gildissvið tilskipunarinnar sem miðast þá eingöngu við skilmála á grundvelli samnings milli aðila. Ákvæði tilskipunarinnar taka því ekki til ákvæða frávíkjanlegra laga, svo sem kaupalaganna. Í 36. gr. samnl. er ekki samsvarandi undantekning að því er varðar frávíkjanleg lög o.fl.

Við skýringu á hugtakinu „samningsskilmálar sem ekki hefur verið samið um sérstaklega“ má líta til 1. undirgr. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þar sem segir: „Ekki telst hafa verið samið sérstaklega um samningsskilmála ef hann hefur verið saminn fyrir fram og neytandi því ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni skilmálans, einkum þegar um er að ræða fastorðaða staðalsamninga.“ Gildissvið hinna nýju lagagreina er með öðrum orðum fyrst og fremst miðað við staðalsamninga eða staðlaða samningsskilmála (samninga í heild eða einstök ákvæði þeirra). Undir lagagreinarnar falla einnig ákvæði samninga sem samin eru með einn samning í huga svo framarlega sem ekki hefur verið samið um það ákvæði sérstaklega. Þótt samið hafi verið sérstaklega um einhvern skilmála í samningi girðir það ekki fyrir það að nýju lagagreinarnar taki til annarra skilmála í samningnum, með öðrum orðum þeirra skilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, sbr. 2. undirgr. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Í frumvarpinu er hugtakið atvinnurekandi á svipaðan hátt og í danska og norska frumvarpinu notað um viðsemjanda neytandans. Eins og áður segir hefur ekki verið breytt þýðingu tilskipunarinnar þar sem notast er við hugtakið „seljanda eða veitanda“ sem þýðingu á enska hugtakinu „seller or supplier.“ Enski textinn er einungis einn löggiltra texta tilskipunarinnar. Hugtakið „seljandi eða veitandi“ tekur yfir seljanda vöru eða veitanda þjónustu. Það er skilgreint í c-lið 2. gr. tilskipunarinnar en hvorki þykir þörf á að skilgreina orðið atvinnurekandi í frumvarpinu né heldur orðið neytandi sem skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunarinnar.

Taka má fram að í 4. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, segir að neytandi sé einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni. Nefna má í þessu sambandi sambærilega skilgreiningu á neytanda í a-lið 4. gr. laga nr. 30/1993, um neytendalán, þar sem segir að neytandi sé einstaklingur sem í viðskiptum, sem lögin nái til, taki lán eða kaupi vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi enda séu viðskiptin ekki gerð í atvinnuskyni.

Í þessari grein frumvarpsins felst að ákvæði nýju lagagreinanna gilda ekki einungis ef atvinnurekandi semur við neytanda heldur einnig um samninga sem atvinnurekandi stendur að fyrir annan aðilanna. Þannig gætu t.d. tveir neytendur verið formlegir aðilar að samningi um sölu og kaup fasteignar en annar þeirra fær aðstoð sérfróðs aðila, t.d. fasteignasala sem gerir eða leggur til samning þar sem er að finna ósanngjarnan samningsskilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega við hinn aðila samningsins.

Það ákvæði 2. gr. frumvarpsins að samningar séu liður í starfsemi atvinnurekenda en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans (neytandans) tekur mið af b- og c-liðum 2. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. þessarar greinar er ákvæði um sönnunarbyrði atvinnurekanda fyrir því að samið hafi sérstaklega um samning og hann falli því ekki undir 1. mgr. Ákvæðið tekur mið af 3. undirgr. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins, sem gert er ráð fyrir að verði 36. gr. b í samningalögunum, segir að skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skuli vera skýr og skiljanlegur. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skal túlka samninginn neytandanum í hag.

Í grein þessari felst lögfesting á því hvernig túlka beri óskýra samninga. Þótt talað sé um skriflegan samning nær sú regla að túlka beri samning neytandanum í hag einnig til munnlegs samnings en ekki þykir þjóna tilgangi að mæla fyrir um það að munnlegir samningar skuli vera skýrir og skiljanlegir. Norrænu sérfræðingarnir voru á því að greinin skyldi ná til munnlegra samningsskilmála.

Grundvöllur greinarinnar er 5. gr. tilskipunarinnar. Er nauðsynlegt að taka túlkunarregluna, það að túlka skuli vafaatriði í samningi neytanda í hag, upp í lög til að geta uppfyllt ákvæði tilskipunarinnar. Ekki reynir á þessa reglu nema vafi sé kominn upp í merkingu samnings við hefðbundna túlkun. Séu aðilar sammála um túlkunina er vafi ekki til staðar. Sé hins vegar vafi um hvaða túlkun sé neytandanum í hag má ganga út frá því að skilningur neytandans eigi að ráða. Ef í odda skerst milli mismunandi túlkunarreglna í vafatilvikum hlýtur hin lögfesta regla um túlkun samnings neytandanum í hag að ganga fyrir en vel að merkja aðeins innan gildissviðs nýju lagareglnanna.

Taka má fram að öll Norðurlöndin hyggjast taka túlkunarreglu þessa upp í samningalög sín þannig að tekin séu af tvímæli um að löggjöfin uppfylli kröfur tilskipunarinnar. Samkvæmt nýju lagaákvæðunum yrði túlkunarreglan þó aðeins látin ná til samninga, m.a. samningsskilmála sem ekki hefur verið samið sérstaklega um. Túlkunarreglan nær því ekki út fyrir gildissvið tilskipunarinnar.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar, sem gert er ráð fyrir að verði 36. gr. c í samningalögunum, segir að ákvæði 36. gr. samnl. gildi um samninga skv. 1. mgr. 36. gr. a, þ.e. fyrst og fremst staðlaða samninga eða samningsskilmála, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr. 36. gr. c. Í þessu felst að 36. gr. samnl. gildir óbreytt um samninga, m.a. samningsskilmála, sem samið hefur verið sérstaklega um, sbr. athugasemd við 5. gr. um lagavalsregluna.

Talið er að neytendavernd á grundvelli 36. gr. samnl. sé almennt víðtækari en á grundvelli tilskipunarinnar en ákvæði hennar gilda aðeins um sérstaklega skilgreinda ósanngirni samkvæmt aðalreglu tilskipunarinnar sem felst í fyrirhugaðri 3. mgr. 36. gr. c. Þess vegna er talið nauðsynlegt að víkja frá 36. gr. samnl. eins og nánar er kveðið á um í 2. og 3. mgr. fyrirhugaðrar 36. gr. c . Í fyrsta lagi, sbr. 2. mgr., snýst málið um það hvaða aðstæður séu lagðar til grundvallar við sanngirnismat en samkvæmt tilskipuninni má ekki byggja á atvikum sem komu til eftir samningsgerð ef það er neytanda í óhag. Í öðru lagi, sbr. 3. mgr., eru réttaráhrif þess að samningur telst ósanngjarn mismunandi. Samkvæmt tilskipuninni skal samningurinn, ef neytandi krefst þess (eins í danska og norska frumvarpinu), gilda óbreyttur um aðra skilmála en ósanngjörnu skilmálana verði samningurinn efndur óbreyttur án hinna ósanngjörnu skilmála.

Í fyrirhugaðri 2. mgr. 36. gr. c í samningalögunum segir í upphafi að við mat á samningi skv. 1. mgr. skuli líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr. samnl., m.a. skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Í 2. mgr. 36. gr. samnl. segir að líta skuli til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Um hið síðastnefnda, atvik sem síðar komu til, er ekki samræmi milli 2. mgr. 36. gr. samnl. og tilskipunarinnar og því segir í frumvarpinu um þá samninga sem falla undir nýju lagagreinarnar að eigi skuli taka tillit til atvika sem síðar komu til neytanda í óhag. Í þessu sambandi vísast til 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að hafa skuli hliðsjón af öllum aðstæðum á þeim tíma þegar samningurinn er gerður. Þar er og m.a. sagt að hafa skuli hliðsjón af skilmálum annars samnings um mat á ósanngirni og

er því sérstaklega tekið upp í fyrirhugaða 2. mgr. 36. gr. c að líta skuli til skilmála í slíkum tengdum samningi. Þótt ákvæði tilskipunarinnar og 36. gr. samnl. séu ekki í samræmi hvað snertir mat á atvikum eftir samningsgerð er þó bæði í þessari grein laganna og tilskipuninni gert ráð fyrir heildarmati þar sem aðallega er litið til þess tíma þegar samningur er gerður, svo og alls efnis hans. Talið er að ákvæðið í norrænu samningalögunum um tillit til atvika eftir samningsgerð grundvallist fyrst og fremst og fremst á þeirri ósk að vernda neytandann og muni í langflestum tilvikum vera honum í hag. Tryggir 36. gr. samnl. samkvæmt þessu ríkari vernd til handa neytendum. Þar eð tilskipunin er lágmarkstilskipun, sbr. 8. gr. hennar, verður að álíta að það sé ekki andstætt tilskipuninni að taka tillit til atvika eftir samningsgerð ef það yrði neytanda í hag.

Eins og áður segir kemur ekki fram í 36. gr. samnl. að taka skuli tillit til skilmála í öðrum samningi sem aðalsamningurinn tengist. Það er hins vegar tekið fram berum orðum í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar og þykir rétt að taka ákvæðið upp enda er það ekki talið andstætt 36. gr. samnl. þar sem segir að m.a. skuli taka tillit til atvika við samningsgerðina. Þótt ákvæði 2. mgr. fyrirhugaðrar 36. gr. c taki mið af 4. gr. tilskipunarinnar er ekki talin nauðsyn á að taka upp ákvæði 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar sem fjallar um samræmi milli verðs annars vegar og vöru eða þjónustu hins vegar. Segir þar að eigi skuli við mat á ósanngirni litið á samræmi þetta og felst í því takmörkun miðað við ákvæði 36. gr. samnl. Væri slíkt ákvæði tekið upp í lög mundi það draga úr neytendavernd. Ekki er skylt að gera slíkt þar eð um lágmarkstilskipun er að ræða og voru norrænir sérfræðingar á því að fara ekki þá leið.

Í 3. mgr. fyrirhugaðrar 36. gr. c er mælt fyrir um réttaráhrif þess að samningur falli undir ákvæði tilskipunarinnar en jafnframt felst í þessari málsgrein eitt mikilvægasta ákvæði frumvarpsins. Í málsgreininni segir: Ef einum eða fleiri samningsskilmálum er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur óbreyttur enda stríði skilmálinn eða skilmálarnir gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna réttindum og skyldum samningsaðila neytanda í óhag.

Það ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að samningur skuli gilda án breytinga þegar hinum ósanngjörnu samningsskilmálum sleppir, verði hann efndur óbreyttur, er ósveigjanlegra ákvæði en 36. gr. samnl. Samkvæmt þeirri grein gefst kostur á að breyta eða víkja til hliðar öðrum skilmálum í viðkomandi samningi en hinum ósanngjörnu en með þeim hætti er unnt að móta endanlega niðurstöðu sem er í góðu jafnvægi fyrir báða samningsaðila. Ákvæði tilskipunarinnar verður þó að taka upp en lagt er til að reglan gildi aðeins um þá samninga sem nýju lagagreinarnar taka til, þ.e. fyrst og fremst staðlaðra samninga og samningsskilmála. Sérfræðingar Norðurlanda voru sammála um þetta atriði. Í vissum tilvikum er þó talið að reglan í hinni nýju 36. gr. c geti leitt til betri niðurstöðu fyrir neytandann en 36. gr. samnl.

Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, sem er eitt mikilvægasta ákvæði hennar, er sá mælikvarði lagður á ósanngirni að skilmáli eða skilmálar skuli stríða gegn góðum viðskiptaháttum og raska til muna réttindum og skyldum samningsaðila neytanda í óhag. Þessi regla er tekin upp í fyrirhugaða 3. mgr. 36. gr. c í samningalögunum. Í þessari aðalreglu tilskipunarinnar er ósanngirni skilgreind á sérstakan hátt. Þarf að uppfylla tvö skilyrði til þess að skilmáli teljist ósanngjarn. Í fyrsta lagi þarf skilmálinn að stríða gegn góðum viðskiptaháttum sem álíta má að svari til krafna 36. gr. samnl. Í öðru lagi þarf skilmálinn einnig að raska til muna réttindum og skyldum samningsaðila neytanda í óhag og verður að telja að hér séu gerðar strangari kröfur en í 36. gr. samnl. Dómstólar geta þó

haft áhrif á túlkun ákvæðisins. Bæði þessi skilyrði þarf að uppfylla (brot gegn góðum viðskiptaháttum og veruleg röskun).

Taka má fram í þessu sambandi að í inngangsorðum tilskipunarinnar segir að við mat á hugtakinu „góðir viðskiptahættir" þurfi einkum að taka tillit til samningsstöðu semjenda, hvort neytandinn hafi verið hvattur til að samþykkja skilmálana og hvort varan hafi verið seld eða þjónustan veitt samkvæmt sérstakri pöntun neytanda. Seljandi eða veitandi (atvinnurekandi) teljist uppfylla kröfuna um „góða viðskiptahætti" ef hann kemur fram á heiðarlegan og sanngjarnan hátt við hinn aðilann og hefur í huga réttmæta hagsmuni hans.

Nefna má hér að í athugasemdum við frumvarp til samkeppnislaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92, segir m.a. um gildandi 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993:

„Matið á því hvað telja beri góða viðskiptahætti ræðst af atvikum á þeim stað og tíma sem verknaður er unninn á. Ekki er nægilegt að kanna hvað teljist góðir viðskiptahættir að áliti góðra og grandvarra manna í þeirri grein atvinnulífsins sem um er að tefla hverju sinni. Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs, jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Erlendis starfa ýmsar nefndir og stofnanir sem ætlað er það hlutverk að fylgjast með viðskiptaháttum og stuðla að góðum siðum í þeim efnum."

Í viðauka við tilskipunina, sbr. fskj. I, er skrá yfir samningsskilmála sem teljast ósanngjarnir. Tengist skráin aðalreglu tilskipunarinnar, með öðrum orðum ósanngirnisreglu 1. mgr. 3. gr. hennar. Skráin er til leiðbeiningar og er ekki tæmandi yfir þá skilmála sem teljast ósanngjarnir. Er skráin í tveimur hlutum. Í fyrri hluta eru sautján dæmi um skilmála sem geta verið ósanngjarnir en í síðari hluta skrárinnar eru takmarkanir á gildissviði dæmanna í fyrri hlutanum, einkum að því er snertir fjármálaþjónustu.

Ljóst er af 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar að skráin leggur ekki fastákveðnar skyldur í þessu sambandi á ríkin á Evrópska efnahagssvæðinu. Dæmin, sem tilgreind eru, þurfa þannig ekki alltaf að vera ósanngjörn og auk þess geta skilmálar, sem eru ekki tilgreindir, talist ósanngjarnir. Ekki felst í ákvæðum tilskipunarinnar nokkur skylda til að lögfesta skrána. Þar eð norrænir sérfræðingar töldu dæmin að ýmsu leyti óskýr og mjög almennt orðuð, sbr. t.d. e- og g-liði, þótti heldur ekki ástæða til lögfestingar. E-liður fjallar um samningsskilmála sem hafa að markmiði eða þau áhrif að krefjast ótilhlýðilegra hárra bóta af neytanda sem stendur ekki við skuldbindingar sínar en í g-lið er miðað við það markmið eða áhrif að atvinnurekendur geti sagt samningi, gerðum til óákveðins tíma, upp án hæfilegs frests enda séu ekki mikilvægar ástæður til slíks.

Í íslenskum rétti er ekki að finna sambærilega skrá með dæmum um samningsskilmála sem geta verið ósanngjarnir. Væntanlega mundu þó tilgreind dæmi í skránni í langflestum tilvikum á grundvelli mats á aðstæðum í einstöku málum teljast ósanngjörn skv. 36. gr. samnl. Dæmi b í skránni virðist sýna þetta vel en þar segir efnislega að ósanngjarnir séu þeir samningsskilmálar sem hafi að markmiði eða þau áhrif að útiloka eða takmarka á óviðeigandi hátt lagaleg réttindi neytanda gagnvart atvinnurekanda eða öðrum aðila þegar atvinnurekandinn uppfyllir ekki samningsskilmála að öllu eða einhverju leyti eða uppfyllir þá með ófullnægjandi hætti, skilmálarnir útiloki eða takmarki t.d. möguleikana á skuldajöfnun gagnvart atvinnurekandanum.

Eins og áður segir töldu norrænir sérfræðingar ekki rétt og reyndar varhugavert að lögfesta skrána, þ.e. ákvæðin eru óskýr og mjög almenns eðlis. Þótt skráin sé til leiðbeiningar er hún ekki talin mjög gagnleg enda þarf að kanna í hverju einstöku tilviki hversu víðtæk notuð hugtök séu. Þá er sú hætta fyrir hendi þótt ekki hafi verið ætlast til þess að skráin verði talin tæmandi. Svo gæti orðið í reyndinni þannig að skilmálar, sem eru ekki nefndir í skránni, teljist sanngjarnir þótt þeir eigi að teljast ósanngjarnir samkvæmt ósanngirnisreglu 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar (aðalreglunni). Þar að auki höfðu norrænu sérfræðingarnir í huga að lögfesting skrárinnar gæti haft þau áhrif á túlkun skv. 36. gr. samnl. að neytendavernd almennt minnkaði. Einhugur var því meðal þeirra um að leggja ekki til að skráin yrði lögfest.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sem gert er ráð fyrir að verði 36. gr. d í samningalögunum, byggist á 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar en í henni felst að ríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytandinn sé ekki sviptur þeirri vernd sem tilskipunin veitir honum við það að lög lands utan Evrópska efnahagssvæðisins séu valin sem gildandi lög fyrir samninginn ef hann tengist náið yfirráðasvæði aðildarríkja að EES-samningnum.

Samsvarandi reglu er ekki að finna í íslenskum rétti en 36. gr. samnl. verndar neytandann gegn lagavalsákvæðum í vissum tilvikum. Af þessum sökum er lagt til að sett séu í lög ákvæði um vernd neytenda gegn vissum lagavalsákvæðum þannig að tilskipunina megi uppfylla.

Undirstrikað skal að vernd þessi skal gilda gegn öllum ósanngjörnum skilmálum í samningi hvort sem samið hefur verið sérstaklega um þessa skilmála eður ei, sbr. tilvísun í niðurlagi væntanlegrar 1. mgr. 36. gr. a í samningalögunum. Velja Norðurlöndin þessa leið þar eð dómstólar yrðu ella neyddir til að beita löggjöf fleiri en eins lands um ósanngjarna samningsskilmála í sama samningi ef viðkomandi samningur geymdi bæði skilmála sem samið hefði verið sérstaklega um og aðra skilmála sem ekki hefði verið samið sérstaklega um og vafi kæmi upp um hvort skilmálarnir væru ósanngjarnir. Í sama máli getur því reynt bæði á ósanngirni skilmála á grundvelli 36. gr. samnl. og fyrirhugaðrar 3. mgr. 36. gr. c í samningalögunum.

Markmiðið með ákvæðum tilskipunarinnar og hinni fyrirhuguðu lagagrein er ekki að koma í veg fyrir að samningsaðilar geti haft lagavalsreglu í sínum samningi heldur einungis að koma í veg fyrir vissar óheppilegar afleiðingar slíks vals.

Greinin snertir vernd til handa neytendum í þeim tilvikum þegar samningur geymir ákvæði um að um hann skuli gilda lög lands sem ekki er skylt að fara eftir tilskipuninni, með öðrum orðum lands utan Evrópska efnahagssvæðisins, enda verndi löggjöf þess lands um ósanngjarna samningsskilmála neytandann ekki jafnvel gegn slíkum skilmálum og löggjöf þess lands sem fara ætti eftir samkvæmt reglum alþjóðlegs einkamálaréttar (lagaskilaréttar) ef lagavalsákvæði samningsins væri ekki til staðar.

Það er þó skilyrði fyrir beitingu greinarinnar að viðkomandi samningur tengist landsvæði ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu náið. Hvort samningur tengist svæðinu náið þarf að ákveða á grundvelli meginreglna alþjóðlegs einkamálaréttar. Slík tengsl geta t.d. verið fyrir hendi ef einhver samningsaðilanna er heimilisfastur á svæðinu eða samningurinn er gerður þar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er gildistökuákvæði. Í því felst að lögin taki til samninga sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, sbr. 1. mgr. fyrirhugaðrar 36. gr. a, hvort sem þeir eru gerðir fyrir eða eftir gildistöku laganna.

Undantekningu frá þessari reglu 1. mgr. um að lögin taki fyrst og fremst til staðlaðra samninga og samningsskilmála samkvæmt framangreindu sem gerðir eru ekki aðeins eftir heldur einnig fyrir gildistöku laganna er að finna í 2. mgr. Í henni felst að túlkunarregla fyrirhugaðrar 36. gr. b í samnl. þess efnis að vafi um merkingu ofangreindra samninga skuli túlkaður neytandanum í hag gildir ekki um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna. Túlkunarreglan er nýmæli og þykir því eðlilegt, eins og Danir, Finnar og Svíar gera, að fara þessa leið.

Í 1. mgr. er með hliðsjón af 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar vísað til þess að lögin séu sett á grundvelli hennar.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/13/EBE

frá 5. apríl 1993
um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum.

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar[1],

í samvinnu við Evrópuþingið[2],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að samþykkja ráðstafanir er miða að því að koma smám saman á stofn innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru frjálsir.

Mikið misræmi er í lögum aðildarríkja um skilmála í samningum seljenda vöru eða veitenda þjónustu annars vegar og neytenda hins vegar; vegna þessa eru innanlandsmarkaðir fyrir sölu vöru og þjónustu til neytenda mismunandi og getur það valdið röskun á samkeppni milli seljenda og veitenda, ekki síst ef þeir stunda sölu og veitingu í öðrum aðildarríkjum.

Einkum er mikill munur á lögum aðildarríkjanna um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum.

Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að tryggja að í samningum sem gerðir eru við neytendur séu ekki ósanngjarnir skilmálar.

Yfirleitt kunna neytendur ekki skil á þeim lögum sem gilda í öðrum aðildarríkjum en þeirra eigin um samninga um sölu vöru og þjónustu. Þessi fáfræði kann að aftra þeim frá því að kaupa vörur og þjónustu beint í öðru aðildarríki.

Til að greiða fyrir stofnun innri markaðar og tryggja rétt borgarans í hlutverki neytanda við kaup á vöru og þjónustu samkvæmt samningum sem lög annarra aðildarríkja en hans eigin gilda um er mikilvægt að nema burt ósanngjarna skilmála úr slíkum samningum.

Með því fá seljendur vöru og veitendur þjónustu stuðning í viðleitni sinni við að selja vöru og veita þjónustu, bæði heima fyrir og um allan innri markaðinn. Samkeppnin fær örvun við þetta og um leið aukast möguleikar borgara bandalagsins sem neytenda.

Í bandalagsáætlununum tveimur um neytendavernd og miðlun upplýsinga 4) var lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja rétt neytenda gagnvart ósanngjörnum samningsskilmálum. Þessa vernd þarf að veita með laga- og reglugerðarákvæðum sem eru annaðhvort samræmd á bandalagsvísu eða samþykkt beint af bandalaginu.

1) Stjtíð. EB nr. C 73, 24.3. 1992,bls. 7.
2) Stjtíð. EB nr. C 326, 16.12. 1991, bls. 108, og Stjtíð. EB nr. C 21, 25.1. 1993.
3) Stjtíð. EB nr. C 159, 17.6. 1991, bls. 34.
4) Stjtíð. EB nr. C 92, 25.4. 1975, bls. 1, og Stjtíð. EB nr. C 133, 3.6. 1981, bls. 1.

Í samræmi við meginregluna undir fyrirsögninni „Verndun fjárhagslegra hagsmuna neytenda“ og eins og segir í þessum áætlunum: „þá skulu kaupendur vöru og þjónustu njóta verndar gegn valdníðslu seljanda eða veitanda, einkum gegn einhliða staðalsamningum og óréttmætum undandrætti lykilréttinda í samningum“.

Hægt er að vernda neytendur betur í reynd með því að samþykkja samræmdar lagareglur um ósanngjarna skilmála. Slíkar reglur þurfa að gilda um alla samninga sem seljendur eða veitendur og neytendur gera sín í milli. Vegna þessa þarf meðal annars að undanþiggja frá tilskipun þessari alla vinnusamninga, samninga á sviði erfða- og sifjaréttar og samninga um stofnun og skipulag félaga eða samninga um sameignarfélög.

Neytandinn verður að njóta sömu verndar við munnlega sem skriflega samninga og skiptir þá ekki máli, í síðara tilvikinu, hvort samningsskilmálarnir eru í einu eða fleiri skjölum.

Landslög leyfa þó sem stendur aðeins samræmingu að hluta til. Þessi tilskipun nær einungis til samningsskilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega. Aðildarríkin þurfa að eiga þess kost, án þess að brjóta í bága við sáttmálann, að veita neytendum öflugri vernd með setningu innlendra ákvæða sem eru strangari en ákvæði þessarar tilskipunar.

Talið er að lög og stjórnsýsluákvæði aðildarríkjanna, sem beint eða óbeint ákvarða skilmála neytendasamninga, feli ekki í sér ósanngjarna skilmála. Það virðist því ekki nauðsynlegt að láta ákvæði þessarar tilskipunar ná til skilmála sem endurspegla lög eða bindandi stjórnsýsluákvæði og meginreglur eða ákvæði alþjóðasamninga sem aðildarríkin eða bandalagið er aðili að. Orðalagið „lög og bindandi stjórnsýsluákvæði“ í 2. mgr. 1. gr. á einnig við um reglur sem samkvæmt lögum gilda í samskiptum samningsaðila nema samið hafi verið um aðra skipan.

Aðildarríkin verða þó að sjá til þess að ósanngjarnir samningsskilmálar séu þar ekki innifaldir, ekki síst vegna þess að tilskipun þessi á einnig við um opinbera starfsemi.

Nauðsynlegt er að ákveða almennar viðmiðanir við mat á því hvort samningsskilmálar séu ósanngjarnir.

Við matið, samkvæmt hinum almennu viðmiðunum, á því hvort samningsskilmálar séu ósanngjarnir, einkum við sölu- eða veitingastarfsemi, sem er opinber í eðli sínu, og þar sem veitt er almannaþjónusta sem byggist á samstöðu meðal neytenda, verður einnig að meta í heild alla þá ólíku hagsmuni sem máli skipta. Hér verður að gera ráð fyrir að viðskiptin séu gerð í samræmi við góða viðskiptahætti. Við mat á hugtakinu „góðir viðskiptahættir“ þarf einkum að taka tillit til samningsstöðu semjenda, hvort neytandinn var hvattur til að samþykkja skilmálana og hvort varan eða þjónustan var seld eða veitt að sérstakri pöntun neytanda. Seljandi eða veitandi telst uppfylla kröfuna um „góða viðskiptahætti“ ef hann kemur fram á heiðarlegan og sanngjarnan hátt við hinn aðilann og hefur í huga réttmæta hagsmuni hans.

Aðeins má líta á skrána í viðaukanum yfir samningsskilmála sem viðmiðunarskrá; í tilskipuninni eru einungis sett lágmarksákvæði og því geta aðildarríkin í lögum sínum sett víðtækari eða strangari ákvæði um samningsskilmálana.

Eðli vörunnar eða þjónustunnar hlýtur að hafa áhrif á mat á ósanngirni í samningsskilmálum.

Við beitingu þessarar tilskipunar skal mat á því hvort samningsskilmálar séu ósanngjarnir ekki ná til skilmála sem fjalla um meginefni samningsins eða um hlutfall gæða og verðs veittrar vöru eða þjónustu. Þó má taka tillit til meginefnis samnings og hlutfalls verðs og gæða við mat á ósanngirni annarra skilmála. Í tryggingasamningum er m.a. ekki lagt mat á skilmála sem skilgreina nákvæmlega eða afmarka tryggða hættu og ábyrgð vátryggingartaka því að tekið er tillit til þessara takmarkana við útreikning á iðgjalda - greiðslum vátryggingartaka.

Samningar skulu orðaðir á eðlilegu, skiljanlegu máli; neytandi skal fá tækifæri til þess að skoða alla skilmála og í vafamálum gildir sú túlkun sem neytandanum kemur best.

Aðildarríkin skulu tryggja að ósanngjarna skilmála sé ekki að finna í samningum sem seljandi eða veitandi gerir við neytendur og ef slíkir skilmálar finnast þrátt fyrir allt, þá séu þeir ekki bindandi fyrir neytendur og samningur verði áfram bindandi fyrir samningsaðila með þessum skilmálum ef hann getur gilt áfram án hinna ósanngjörnu ákvæða.

Í vissum tilvikum er hætta á því að neytandi njóti ekki þeirrar verndar sem þessi tilskipun felur í sér ef samningur lýtur lögum lands utan bandalagsins. Í þessari tilskipun þurfa því að vera ákvæði til að koma í veg fyrir þessa hættu.

Teljist einstaklingar eða samtök eiga réttmæta hagsmuni í neytendaverndarmáli samkvæmt lögum aðildarríkis verða þessir aðilar að eiga kost á því að leita réttar síns í málum út af skilmálum sem ætlað er að standa almennt í neytendasamningum, einkum ósanngjörnum skilmálum, annaðhvort fyrir rétti eða stjórnvaldi sem bært er til að kveða upp úrskurði um kvartanir eða málarekstur. Þessi möguleiki felur þó ekki í sér eftirlit fyrirfram á almennum skilyrðum í einstökum atvinnugreinum.

Dómstólar og stjórnvöld aðildarríkjanna verða að eiga tiltækar réttar og árangurríkar leiðir til að hindra áframhaldandi notkun ósanngjarna skilmála í neytendasamningum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um ósanngjarna skilmála í samningum milli seljanda eða veitanda og neytanda.

2. Þessi tilskipun nær ekki til samningsskilmála sem endurspegla lög og bindandi stjórnsýsluákvæði og ákvæði eða meginreglur í alþjóðasamningum sem aðildarríkin eða bandalagið eiga aðild að, m.a. á sviði flutningamála.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ósanngjarnir skilmálar“: samningsskilmálar samkvæmt skilgreiningu í 3. gr.;

b) „neytandi“: einstaklingur sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti í öðru skyni en vegna starfs síns;

c) „seljandi eða veitandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti vegna starfs síns hvort sem það er opinbert starf eða ekki.

3. gr.

1. Samningsskilmáli, sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, telst ósanngjarn ef hann, þrátt fyrir skilyrðið um „góða viðskiptahætti“, veldur umtalsverðu ójafnvægi réttinda og skyldna samningsaðila samkvæmt samningnum, neytanda til tjóns.

2. Ekki telst hafa verið samið sérstaklega um samningsskilmála ef hann hefur verið saminn fyrirfram og neytandi því ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni skilmálans, einkum þegar um er ræða fastorðaða staðalsamninga.

Þótt samið hafi verið sérstaklega um einstök atriði samningsskilmála eða einn tiltekinn samningsskilmála gildir þessi grein áfram um önnur ákvæði samningsins ef heildarmat á samningnum sýnir að hann er þrátt fyrir það fastorðaður staðalsamningur.

Ef seljandi eða veitandi heldur því fram að samið hafi verið sérstaklega um staðalskilmála er sönnunarbyrðin hans.

3. Í viðaukanum er skrá, leiðbeinandi en ekki tæmandi, yfir samningsskilmála sem teljast ósanngjarnir.

4. gr.

1. Með fyrirvara um 7. gr. skal við mat á því hvort samningsskilmáli sé ósanngjarn taka tillit til þess um hvers konar vörur eða þjónustu samningurinn er og hafa hliðsjón af öllum aðstæðum á þeim tíma þegar samningurinn er gerður og öllum öðrum skilmálum samningsins eða annars samnings sem hann tengist.

2. Matið á því hvort samningsskilmálar séu ósanngjarnir nær hvorki til skilgreiningar á aðalefni samningsins né samræmis milli verðs annars vegar og vara eða þjónustu hins vegar ef þessir skilmálar eru orðaðir á skýru, skiljanlegu máli.

5. gr.

Í samningum, þar sem allir eða tilteknir skilmálar, sem neytanda eru boðnir, eru skriflegir, skulu skilmálarnir ávallt orðaðir á skýru, skiljanlegu máli. Í vafamálum um túlkun skilmála gildir sú túlkun sem neytandanum kemur best. Þessi túlkunarregla gildir ekki í tengslum við málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir um að ósanngjarnir skilmálar í samningi seljanda eða veitanda við neytanda séu ekki samkvæmt landslögum þeirra bindandi fyrir neytandann og að samningurinn verði áfram bindandi fyrir samningsaðila ef hann getur haldið gildi sínu að öðru leyti án ósanngjörnu skilmálanna.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytandinn sé ekki sviptur þeirri vernd, sem þessi tilskipun veitir honum, við það að lög lands utan bandalagsins eru valin sem gildandi lög fyrir samninginn ef hann tengist náið yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja, í þágu neytenda og samkeppnisaðila, að til séu réttar og árangursríkar leiðir til að hindra áframhaldandi notkun ósanngjarna skilmála í samningum seljenda eða veitenda við neytendur.

2. Meðal leiðanna samkvæmt 1. mgr. skulu vera ákvæði sem einstaklingar eða samtök, með réttmæta hagsmuni samkvæmt landslögum til að vernda neytendur, geta nýtt sér til aðgerða landslögum samkvæmt fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum til að fá úr því skorið hvort skilmálar, sem eru ætlaðir til almennrar notkunar, séu ósanngjarnir, og geti þannig beitt viðeigandi og árangursríkum leiðum til að hindra áframhaldandi notkun slíkra skilmála.

3. Að teknu tilliti til landslaga má beita þeim lagaúrræðum, sem um getur í 2. mgr., annaðhvort sérstaklega eða sameiginlega gegn hópi seljenda eða veitenda úr sömu atvinnugrein eða samtökum þeirra sem nota eða ráðleggja notkun sömu almennu samningsskilmálanna eða líkra skilmála.

8. gr.

Aðildarríkin geta samþykkt eða látið gilda áfram eins ströng ákvæði og samrýmast sáttmálanum á gildissviði þessarar tilskipunar til að tryggja neytendum sem öflugasta vernd.

9. gr.

Framkvæmdastjórnin leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar í síðasta lagi fimm árum frá dagsetningunni í 1. mgr. 10. gr.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. desember 1994 samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýsluákvæði til að fara eftir tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þessi ákvæði skulu gilda um alla samninga sem eru gerðir eftir 31. desember 1994.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 5. apríl 1993.

Fyrir hönd ráðsins,
N. HELVEG PETERSEN
forseti.

VIÐAUKI

SAMNINGSSKILMÁLAR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 3. GR.

1. **Samningsskilmálar sem hafa að markmiði eða þau áhrif:**

a) að útiloka eða takmarka lagalega ábyrgð seljanda eða veitanda við dauða neytanda eða líkamlegt tjón hans sem leiðir af gjörðum eða aðgerðaleysi seljandans eða veitandans;

b) að útiloka eða takmarka á óviðeigandi hátt lagaleg réttindi neytanda gagnvart seljanda eða veitanda eða öðrum aðila ef seljandi eða veitandi uppfyllir ekki samningsskilmála að öllu eða einhverju leyti eða með ófullnægjandi hætti, m.a. möguleikann á því að jafna út skuld við seljanda eða veitanda á móti kröfu á hann;

c) að gera bindandi samkomulag við neytanda ef framlag seljanda eða veitanda er háð skilyrðum sem er algjörlega undir honum komið hvort verði uppfyllt;

d) að heimila seljanda eða veitanda að halda eftir greiðslum frá neytanda ef neytandinn ákveður að gera ekki samning eða láta samning ekki koma til framkvæmda án þess að neytandinn hafi rétt til jafnhárra bóta frá seljanda eða veitanda sem rýfur samning;

e) að krefjast ótilhlýðilega hárra bóta af neytanda sem stendur ekki við skuldbindingar sínar;

f) að heimila seljanda eða veitanda að segja upp samningi að geðþótta, án þess að neytandi hafi einnig rétt til þess, eða heimila seljanda eða veitanda að halda eftir innborguðum greiðslum fyrir þjónustu sem hann hefur ekki enn veitt ef það er seljandi eða veitandi sjálfur sem segir samningnum upp;

g) að heimila seljanda eða veitanda að segja samningi, gerðum til óákveðins tíma, upp án hæfilegs frests nema til þess liggi mikilvægar ástæður;

h) að framlengja sjálfkrafa samning til viss tíma þar sem neytandi tilgreinir ekki annað ef fresturinn, sem neytandi hefur til að láta ósk sína í ljós um að framlengja ekki samninginn, er óhæfilega stuttur;

i) að slá föstu og óafturkallanlega að neytandi hafi samþykkt skilmála sem hann hefur í reynd ekki haft tíma til að kynna sér fyrir gerð samnings;

j) að heimila seljanda eða veitanda að breyta einhliða samningsskilmálum án gildrar ástæðu sem tilgreind er í samningi;

k) að heimila seljanda eða veitanda að breyta einhliða án gildrar ástæðu eðli vöru eða þjónustu sem veita skal;

l) að gera ráð fyrir að vöruverð sé ákveðið við afhendingu eða heimila seljanda vöru eða veitanda þjónustu að hækka verðið án þess, í báðum tilvikum, að veita neytandanum tilsvarandi rétt til að ógilda samning ef endanlegt verð er of hátt samanborið við umsamið verð við gerð samnings;

m) að veita seljanda og veitanda rétt til að skera úr um það hvort veitt vara eða þjónusta uppfylli samningsskilmálana eða veiti honum einum rétt til að túlka einstaka samningsskilmála;

n) að takmarka skyldur seljanda eða veitanda til að standa við skuldbindingar, sem fulltrúar hans hafa fallist á, eða binda fullnægingu skuldbindinga seljanda eða veitanda þeim skilyrðum að vissum formsatriðum sé fullnægt;

o) að skylda neytanda til að standa við skuldbindingar sínar enda þótt seljandi eða veitandi standi ekki við sínar;

p) að veita seljanda eða veitanda kost á að framselja án samþykkis neytanda réttindi sín og skyldur samkvæmt samningum ef það getur skert tryggingar neytanda;

q) að útiloka eða hindra rétt neytanda til að sækja mál fyrir dómstólum eða nýta sér önnur réttarúrræði, einkum með því að krefjast þess af neytanda að hugsanleg deilumál fari einungis fyrir gerðardóm sem lýtur ekki lagaákvæðum, að takmarka ótilhlýðilega möguleika hans til að sanna mál sitt eða leggja á hann sönnunarbyrði sem lögum samkvæmt ætti að hvíla á hinum aðila samningsins.

2. **Gildissvið g-, j- og l-liðar:**

a) Ákvæði g-liðar koma ekki í veg fyrir að veitandi fjármálaþjónustu áskilji sér rétt til að segja einhliða upp samningi til óákveðins tíma án viðvörunar ef fyrir því er gild ástæða að því tilskildu að veitandanum sé skylt að tilkynna hinum samningsaðilanum eða samningsaðilunum þetta þegar í stað.

b) Ákvæði j-liðar koma ekki í veg fyrir að veitandi fjármálaþjónustu áskilji sér rétt til að breyta einhliða án viðvörunar vöxtum, sem neytandi skal greiða, eða öðrum upphæðum sem hann skal greiða fyrir fjármálaþjónustu ef fyrir því er gild ástæða að því tilskildu að veitandanum sé skylt að tilkynna hinum samningsaðilanum eða samningsaðilunum þetta við fyrsta tækifæri og að þeim síðastnefndu sé frjálst að segja samningi upp án tafar.

Ákvæði j-liðar koma ekki heldur í veg fyrir að seljandi eða veitandi áskilji sér rétt til að breyta einhliða skilmálum í samningi til óákveðins tíma að því tilskildu að honum sé skylt að greina neytandanum frá því með hæfilegum fyrirvara og að neytandinn geti sagt samningnum upp.

c) Ákvæði g-, j- og l-liðar gilda ekki um:

— viðskipti með framseljanleg verðbréf, fjármálapappíra og aðrar vörur eða þjónustu ef verðið er bundið breytingum á vísitölu, markaðsverði verðbréfa eða vöxtum á fjármagnsmarkaði sem seljandinn eða veitandinn hefur ekki áhrif á;

— samninga um kaup eða sölu á erlendum gjaldeyri, ferðatékkum eða alþjóðlegum póstávísunum í erlendri mynt.

d) Ákvæði l-liðar koma ekki í veg fyrir löglega vísitölubindingu ef aðferðin við útreikning verðbreytinga er útskýrð rækilega í samningi.

Á fskj. II var birtur kafli úr athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1936 sem flutt var á 108. löggjafarþingi. Kaflinn fjallaði um 6. gr. frumvarpsins (36. gr. samningalaganna). Um hann vísast til þskj. 493, 260. mál 108. löggjafarþings, bls. 2161–2167 í A-deild Alþt. 1985–86.

Fylgiskjal III.

Ýmsir dómar sem snerta ósanngjarna samningsskilmála, einkum 36. gr. samnl.

I. DÓMAR FYRIR GILDISTÖKU L. 11/1986:

Hrd. 1939:365. Saumakonudómurinn

Þýska stúlkan J réð sig í vinnu á saumastofu hjá H. Í samningi þeirra var m.a. ákvæði þess efnis að J skuldbatt sig til að taka ekki starf hjá öðrum en H og vinna ekki fyrir utan fyrirtæki hennar meðan hún dveldist á Íslandi. Síðar var þessum samningi breytt á þann veg að J var eingöngu óheimilt að vinna hjá öðrum í Reykjavík og nágrenni og Hafnarfirði. Síðar stofnaði J eigin saumastofu á þessu svæði.

H höfðaði mál á hendur J og krafðist þess að henni yrði gert að hætta starfsemi sinni og krafðist skaðabóta.

Hæstiréttur taldi hið ótímabundna vinnubann í samningunum of víðtækt og var með vísan til 37. gr. samnl. talið hæfilegt að atvinnubannið stæði í eitt ár. En J var dæmd til að greiða H skaðabætur.

Hrd. 1940:478

Í málinu var deilt um langtímasamning um lóðarleigu. Héraðsdómur hafnaði því að 2. mgr. 2. gr. l. 75/1917 ætti við. Hæstiréttur taldi hins vegar að leigusali ætti rétt á að krefjast með hæfilegum fyrirvara mats á leigunni samkvæmt ofangreindu lagaákvæði. Héraðsdómur var hins vegar ómerktur vegna skorts á leiðbeiningarskyldu.

Hrd. 1955:691

Samkvæmt samningi skyldi leiga vera 6% árlega af fasteignamatsverði lóðar á grundvelli opinbers fasteignamats á hverjum tíma en það fór fram 10. hvert ár samkvæmt þágildandi lögum. Árið 1945 var ákveðið að fasteignamat skyldi aðeins fara fram 25. hvert ár og 1955 var matið bundið hámarki en ekki var lengur miðað við sanngjarnt söluverð. Þessar breytingar voru svo veigamiklar að forsendur fyrir leigugjaldsákvæðinu í samningi voru brostnar. Þar eð samningurinn var í heild óuppsegjanlegur af hálfu leigusala þótti hann eiga rétt til að fá leigugjaldið metið með sérstöku mati dómkvaddra matsmanna er gilti tíu ár í senn.

Hrd. 1966:262 — 34. gr. vátr. samnl. (vsl.)

J bjó utan Reykjavíkur og fól B að sýna væntanlegum kaupendum bifreið sína. B ók bifreiðinni ofurölvi og velti henni og taldist hún gjörónýt. B og J voru sammála um það að B hefði verið óheimilt að nota bifreiðina til einkaafnota. Vátryggingafélagið neitaði að bæta J tjón hans en hérd. og Hæstir. töldu að J skyldi fá tjón sitt bætt skv. 18., 19. og 34. gr. vátr.samnl. og var vátryggingaskilmálunum vikið til hliðar, m.a. á grundvelli sanngirnismats.

Hrd. 1967:138

G krafði V m.a. um endurgjald fyrir veiðileyfi á tveimur ám í samtals sextán daga en V og félagar hans notfærðu sér ekki veiðileyfin. Talið var ósannað að samningur hefði komist á milli V og G. Þar við bættist að fjögurra stanga veiði á dag var ekki leyfð í þessum ám svo sem G gerði ráð fyrir og fullnægðu þær því ekki skilyrði að kallast „first class rivers" eins og V hafði óskað eftir. Hefði því átt að meta slíkan samning ógildan skv. 32. gr. samnl. (nú 33. gr. — óheiðarleiki) eins og á stóð.

Hrd. 1969:921

H lánaði S með samkomulagi í maí 1966 kr. 300.000 og skyldi fjárhæð þessi endurgreiðast af fé því sem S átti ógoldið hjá F. Var greiðsluaðila vegna F (atv.- og samg.málaráðun.) tilkynnt þetta og fékk samkomulagið samþykki hans. S varð gjaldþrota í október 1966 og vildi H þá fá skuldina greidda utan skuldaraðar.

Hérd. beitti 32. gr. samnl. (nú 33. gr.) eins og atvikum var háttað við gerð þessa samkomulags þar sem ljóst var að S yrði gjaldþrota. Var samkomulagið ógilt á grundvelli óheiðarleikamats og gat H því ekki borið það fyrir sig. Hæstir. taldi hins vegar að með tilkynningu til greiðsluaðila F hefði stofnast veð í nefndri innstæðu handa H og skyldi hann fá borgað.

Hrd. 1985:92. Oddhólsdómur (fyrra mál)

Ó var bóndi á Oddhóli. Ó þessi átti í fjárhagsvandræðum og fékk hann lánað fé hjá S og fleirum. Árið 1975 ætluðu Ó og kona hans að fara í ferðalag og vildi S þá fá einhverja tryggingu fyrir skuldunum og nefndi í því sambandi pro forma-afsal. Ó og S fóru á fund lögmanns og útbjó hann kaupsamning og afsal til S. Í ágúst s.á. kom S með skjöl til Ó og bað hann að undirrita þau. Gerði hann það en taldi jafnframt að þetta væri einhvers konar málamyndakaupsamningur og -afsal. Síðan gerðist ekkert markvert í þessu máli nokkurn tíma.

Árið 1978 þóttist Ó vera þess fullviss að S ætlaði sér að byggja rétt á þessum málamyndagerningum og tilkynnti Ó S í desember s.á. að kaupsamningnum og afsalinu væri rift. S mótmælti riftunaryfirlýsingunni en Ó lét þá þinglýsa henni.

Ó krafðist þess m.a. að með dómi yrði viðurkennt að samningurinn hefði ekki stofnast en ef svo væri að hann væri ógildur og/eða ógildanlegur, sbr. 30. og 32. gr. samnl. og 7. gr. l. 58/1960. Taldi hann að S hefði notfært sér fákunnáttu sína í fjármálum til þess að fá hann til að undirrita kaupsamning og afsal á fölskum forsendum. S mótmælti því eindregið að gerningarnir hefðu verið til málamynda.

Hérd. hafnaði kröfum Ó.

Hæstir. taldi einnig ósannað að atvik við samningsgerðina hefðu verið þannig að kaupsamningurinn og afsalið væru óskuldbindandi skv. 30. og 32. gr. samnl. og 7. gr. l. 58/1960.

II. DÓMAR EFTIR GILDISTÖKU L. 11/1986:

Hrd. 1988:1422. Oddhólsdómur (síðara mál)

Með kaupsamningi frá ágúst 1975 seldi Ó jörð sína til S. Ó skuldaði S þá mikið fé og var í samningnum tekið fram að með honum hefðu aðilar gert upp viðskipti sín að fullu. Ó áskildi sér rétt til að búa á jörðinni ævilangt. Undir samninginn rituðu Ó og kona hans en S ekki. Sama var um útgáfu afsals.

Árið 1981 höfðaði Ó mál gegn S og krafðist ógildingar kaupsamningsins og afsalsins. Í hrd. frá 1985 var S sýknaður af kröfum Ó. Árið 1986 höfðaði hann aftur mál og krafðist þess að svonefndur kaupsamningur og svonefnt afsal yrði ógilt með dómi sem eignayfirfærslugerningur og S gert að aflýsa þessum gerningum. Byggði Ó á því að gerningunum hefði í raun verið ætlað að stofna til tryggingarréttinda á jörðinni handa S þar til uppgjöri væri lokið milli aðilanna. Gerningunum hefði ekki verið ætlað að yfirfæra eignarréttinn af jörðinni þó svo að þeir hefðu verið færðir í búning eignayfirfærslugerninga.

Fallist var á rök Ó með vísan til 33. gr. l. 7/1936 í hæstarétti og með vísan til forsendna héraðsdóms. Í hérd. sagði m.a. að Ó hefði aldrei fengið afrit eða samrit af þessum gerningum þar sem S voru áskilin umrædd réttindi. Þá gerði S ekkert til að halda kaupi sínu til laga fyrr en Ó fór að gera reka að því að samninginn ógiltan. Með tilliti til þess og óvenjulegs ákvæðis um kaupverð auk 33. gr. samnl. varð að fallast á að umræddur gerningur yrði ógiltur sem eignayfirfærslugerningur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júlí 1990. Moladómurinn

Árið 1987 var gerður leigusamningur um verslunarhúsnæði þar sem stefnandi var leigusali og stefndi leigutaki en hann rak söluturninn Mola í húsnæðinu. Hálfu ári seinna seldi stefndi I söluturninn sem greiddi leigu frá söludegi til 1. maí 1988 og tók stefnandi við leigunni. Þrátt fyrir greiðslur I var ekki gerður sérstakur leigusamningur við hann.

Ágreiningur var um það hvort I hefði tekið við fyrri leigusamningnum milli stefnda og stefnanda, eins og stefndi hélt fram, eða hvort stefndi væri enn ábyrgur fyrir greiðslu leigunnar eins og stefnandi hélt fram. Stefnandi hélt því sem sagt fram að stefndi væri bundinn af leigusamningnum og krafði hann um greiðslu leigunnar frá því að I hætti að borga (1. maí 1988). Stefndi byggði hins vegar aðallega á því að hann væri ekki bundinn af leigusamningum heldur hafi sá samningur fallið niður í reynd þegar stefndi seldi I söluturninn. Stefndi byggði enn fremur á þeirri málsástæðu að það væri andstætt góðum viðskiptasiðum að reyna að gera stefnda ábyrgan samkvæmt umræddum húsaleigusamningi, sbr. 32. og 36. gr. l. 7/1936, sbr. 6. gr. l. 11/1986.

Héraðsdómur sýknaði stefnda af öllum kröfum stefnanda með þessum rökum m.a.: ... Þá verður að telja að stefndi og I hafi mátt ætla að stefnandi hefði samþykkt I sem leigutaka í stað stefnda þótt ekki sé sannað að stefnandi hafi berum orðum veitt samþykki sitt. Við þessar aðstæður þykir verða að fallast á þá málsástæðu stefnda að það samræmist ekki ákvæðum 36. gr. l. 7/1936, sbr. 6. gr. l. 11/1986, að halda stefnda ábyrgan samkvæmt greindum leigusamningi.

Hrd. 26. mars 1991. Ömmudómur 1

I, stefnda, var fyrrverandi stjúpdóttir Á, stefnanda, en móðir hennar hafði verið gift Á frá 1933 til 1947. Síðan slitnaði sambandið milli stefndu og stefnanda í um 40 ár. Um áramótin 1985/1986 tókust kynni með þeim á ný og fór hún þá að venja komur sínar til Á sem var mjög einmana og þjáðist af heilarýrnun.

Um mánaðamótin maí/júní 1986 gerðu þau með sér kaupsamning um húseign. Skyldi stefnda kaupa kjallara hússins á kr. 1.100.000, útborgun kr. 500.000. Stefnandi skyldi hafa afnot kjallarans svo lengi sem hann vildi. Dótturdóttir stefndu skyldi kaupa íbúðarhæð og bílskúr hússins og var rekið sérstakt dómsmál út af því. Stefnda hafði allt frumkvæði að gerð kaupsamninganna. Um sama leyti tæmdi Á innstæður tveggja bankabóka og lagði inn á reikning í nafni stefndu og sömuleiðis tók hann út innstæðu sína á hávaxtareikningi í Samvinnubankanum og lagði inn á reikning stefndu. Samtals voru þessar millifærslur að upphæð kr. 920.795,93.

Í þriðja lagi gerði Á erfðaskrá til hagsbóta fyrir stefndu hjá borgarfógetaembættinu 2. júní 1986 og féllu þá tvær eldri erfðaskrár úr gildi. Málsástæður stefnanda voru tvenns konar, annars vegar riftun kaupsamningsins og hins vegar ógilding hans, ógilding erfðaskrárinnar og afhending bankainnstæðnanna. Hér skiptir máli ógilding kaupsamningsins og afhending bankainnstæðna. Um ógildingarkröfuna vísaði stefnandi til l. 7/1936, sbr. l. 11/1986, 30., 31., 32. og 36. gr. Við munnlegan málflutning tók stefnandi fram að hann byggði ekki á brostnum forsendum svo sem sagt væri í stefnu.

Stefnda krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Niðurstaða héraðsdóms: Það þótti sannað af gögnum málsins að stefnda hefði haft allt frumkvæði og séð um gerð kaupsamninganna. Talið var að hún hefði notfært sér einmanaleik, ósjálfstæði og ellihrumleika Á til að koma nefndum kaupsamningum á. Kaupsamningur um kjallarann var því ógiltur með vísan til 31. gr. samnl., sbr. 1. gr. l. 11/1986 (misneytingarákvæðið.) Í sambandi við yfirfærslur úr bankabókum stefnanda þótti stefndu við þessar aðstæður ekki hafa verið vítalaust að taka við peningunum og var þessum þremur gerningum vikið til hliðar með vísan til 36. gr. samnl., sbr. 6. gr. l. 11/1986, og stefnda dæmd til að endurgreiða stefnanda fé þetta. Að lokum var svo erfðaskráin einnig ógilt með vísan til 34. gr. l. 8/1962.

Niðurstaða Hæstaréttar: Eins og málið liggur fyrir Hr. ber því skv. 31. gr. samnl., sbr. 1. gr. l. 11/1986, svo og 37. gr. l. 8/1962, að ógilda greinda gerninga og staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Hr. byggði niðurstöðuna því ekki á 36. gr. samnl.

Hrd. 26. mars 1991. Ömmudómur 2

Stefnda í þessu máli er dótturdóttir stefndu í ömmudómi 1 en stefnandi er sá sami.

F (amman) fékk Á til að selja dótturdóttur sinni hæð í húsi, ásamt bifreiðageymslu og tilheyrandi lóðarréttindum. Dótturdóttirin var þá ekki orðin fjárráða og skrifaði amman undir samning sem fjárhaldsmaður hennar þótt hún væri það ekki og án þess að fá leyfi dómsmálaráðuneytisins. Kaupverð átti að vera kr. 1.900.000 og greiðsluskilmálar mjög hagstæðir stefndu.

Stefnandi byggði á tvenns konar málsástæðum, þ.e. annars vegar riftun kaupsamningsins og hins vegar ógildingu hans.

Riftunarkrafan byggðist á stórfelldum vanefndum stefndu.

Ógildingarkrafan byggðist á fjárræðisskorti stefndu, heimildarskorti ömmu hennar og samþykkisskorti dómsmálaráðuneytisins. Enn fremur var ógildingarkrafan byggð á því að A hafi verið ófær um að skilja þýðingu, efni og afleiðingar kaupsamningsins. Samningurinn væri því óskuldbindandi fyrir hann vegna gerhæfisskorts.

Stefnandi taldi ömmuna hafa verið aðalhvatamann að kaupsamningnum. Um ógildingarkröfuna vísaði stefnandi til l. 7/1936, sbr. l. 11/1986, 30., 31., 32. og 36. gr. m.a. Stefnandi taldi einnig að reglur um brostnar forsendur kæmu til álita.

Stefnda krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Niðurstaða héraðsdóms: Skilyrði riftunar voru talin vera fyrir hendi svo framarlega sem talið yrði að um gilda kaupsamninga væri að ræða. Rétt þótti, með vísan til 23. gr. l. 68/1984 og með vísan til 36. gr. samnl., sbr. 6. gr. l. 11/1986, að ógilda samninginn.

Niðurstaða Hæstaréttar: Kaupsamningurinn komst á fyrir misneytingu F, ömmu áfrýjanda ... Eins og mál þetta liggur fyrir Hr. er rétt skv. 36. gr. l. 7/1936, sbr. 6. gr. l. 11/1986, að víkja samningnum til hliðar og skal hann vera óskuldbindandi fyrir gagnáfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 2. nóvember 1990.
Billjardstofudómurinn

Stefnendur, þeir H, S og K, keyptu billjardstofu í Hafnarfirði með kaupsamningi, dags. 11. febrúar 1988, ásamt innréttingum og viðskiptavild. Kaupverðið var kr. 8 milljónir sem áttu að greiðast með kr. 300 þúsund í útborgun og með útgáfu tveggja skuldabréfa sem greiðast áttu með jöfnum afborgunum á tveimur árum. Í kaupsamningnum var ákvæði um eignarréttarfyrirvara þar sem M, sem var seljandi og jafnframt stefndi í máli þessu, var heimilað að taka hina seldu muni úr vörslum stefnenda á þeirra kostnað og með aðstoð fógeta, ef á þyrfti að halda, án þess að endurgreiða þeim nokkuð af kaupverðinu.

Stefnendur lentu í vanskilum með skuldabréfin 1988 og í lok ágúst nýtti M sér riftunarákvæðið í samningnum og tók billjardstofuna úr vörslum stefnenda og neitaði að skila stefnendum skuldabréfunum og þeim peningum sem þeir höfðu greitt honum. Auk þess neitaði M að greiða stefnendum fyrir endurbætur sem þeir höfðu gert á húsnæðinu.

Kröfugerð stefnenda: Þeir héldu því fram að með því að stefnandi neitaði að endurgreiða þeim nokkuð af kaupverðinu væri hann að reyna að hagnast á ósanngjarnan og ólögmætan hátt á kostnað stefnenda. Riftunarákvæði kaupsamningsins væri óheimilt að skilja á þann hátt að heimilt væri að rifta samningnum án þess að endurgreiða kaupverðið og án þess að endurgreiða þeim fyrir þær endurbætur sem þeir höfðu gert á húsnæðinu. Kröfum til stuðnings vísuðu þeir til 36. gr. samnl. auk meginreglna um riftun gagnkvæmra samninga og reglna kpl. með lögjöfnun um riftun.

Kröfugerð stefnda: Hann krafðist sýknu m.a. á þeirri forsendu að riftunarákvæðið í samningnum væri skýrt og afdráttarlaust og því enginn vafi um túlkun þess.

Niðurstaða héraðsdóms: „Þótt vanskil stefnenda á greiðslu af nefndum skuldabréfum hafi verið orðin umtalsverð, er riftun fór fram, þá telur dómurinn það ákvæði að stefnda sé óskylt að endurgreiða nokkuð af kaupverðinu til baka við riftun hafa verið svo bersýnilega ósanngjarnt í öndverðu og andstætt góðri viðskiptavenju að stefndi geti ekki borið það fyrir sig. Með vísan til 36. gr. sml. fellst dómurinn ekki á sýknukröfu stefnda á grundvelli þessa ákvæðis kaupsamningsins. Verður því byggt á almennum reglum um riftun gagnkvæmra samninga varðandi uppgjör aðila, þ.e. hvað stefnda beri að endurgreiða og hvað megi draga frá til skuldajafnaðar gagnvart kröfum stefnenda."

Hrd. 1989:329. Dráttarvélardómurinn

Bóndinn H keypti dráttarvél hjá Í h.f. í ársbyrjun 1984. Sama ár bilaði dráttarvélin og hafði H þegar samband við Í h.f. þar sem vélin var enn í ábyrgð. Í h.f. gerði við vélina H að kostnaðarlausu en neitaði að greiða flutningskostnaðinn sem var verulegur þar sem H bjó í um 200 km fjarlægð frá Reykjavík en þar var gert við vélina.

Bóndinn stefndi þá Í h.f. fyrir dóm til greiðslu flutningskostnaðar. Í ábyrgðarskírteininu, sem fylgdi dráttarvélinni, stóð m.a. að flutningskostnaður innanlands vegna vélar, varahluta eða viðgerðarkostnaðar væri undanþeginn greiðsluskyldu. Bóndinn H hélt því hins vegar fram að þetta ákvæði í skírteininu væri ógilt þar eð það væri í andstöðu við 29. gr. l. 56/1978. Í þessari grein kemur fram að yfirlýsingar um ábyrgð megi aðeins gefa að þær veiti viðtakanda betri rétt en hann hefði haft samkvæmt gildandi lögum. H hélt því fram að ábyrgðarskírteinið skapaði honum verri rétt en hann hefði samkvæmt kpl. 39/1922 en samkvæmt þeim ætti Í h.f. að borga flutningskostnaðinn.

Niðurstaða héraðsdóms: Dæmt að H þyrfti að greiða umræddan kostnað á grundvelli þess að 29. gr. l. 56/1978 væri undantekning frá meginreglunni um samningafrelsið og bæri því að skýra hana þröngt.

Niðurstaða Hæstaréttar: Komst að annarri niðurstöðu og segir m.a. í dóminum: „Þegar ábyrgðarskilmálarnir eru virtir í heild er ljóst að þeir veita kaupanda ekki betri rétt en hann á gagnvart seljanda skv. reglum l. 39/1922. Ákvæði 29. gr. l. 56/1978 er í samræmi við almenn viðhorf um lagavernd kaupanda og neytendavernd, svo og það viðhorf, sem markar samningarétt hér á landi eftir breytingu þá á lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem gerð var með 6. gr. l. 11/1986."

Fyrirtækið Í h.f. var því dæmt til að greiða flutningskostnaðinn.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1990.

Ágreiningur var um gildi eftirlaunasamnings sem gerður var 1984 af stjórnarformanni S við J, forstjóra þess.

Stefnandinn, J, vísaði til þess að samningar skuli haldnir og loforð efnd, sbr. l. 7/1936.

Stefndi, S, byggði á því að stjórn S hefði ekki gefið stjórnarformanni umboð til að gera samninginn né hafi samningurinn nokkurn tíma verið samþykktur af stjórn stefnda. Í öðru lagi byggði stefndi á því að kæmist rétturinn að þeirri niðurstöðu að stjórnarformaðurinn hefði haft umboð þá hafi hann farið langt út fyrir umboð sitt með því að gera dæmalausan samning við stefnanda og hafi stefnanda mátt vera þetta ljóst, sbr. 11. gr. l. 7/1936. Í þriðja lagi byggði stefndi á því að kæmist rétturinn að þeirri niðurstöðu að samningurinn hafi verið gerður með fullu umboði þá megi víkja honum til hliðar með dómi, með vísan til 36. gr. samnl., sbr. l. 11/1986, þar sem það sé ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera hann fyrir sig og samningurinn verði að teljast brjóta gegn góðri viðskiptavenju, sbr. efni hans. Í fjórða lagi byggði stefndi sýknukröfu sína á því að væri ekki fallist á það að beita beri 36. gr. samnl. þá hefðu forsendur brostið fyrir samningnum vegna þess hvernig starfslok stefnanda bar að (þ.e. að honum hafi í raun verið sagt upp).

Niðurstaða héraðsdóms: Ekki er fallist á þær málsástæður stefnda að samningurinn væri ógildur vegna umboðsskorts stjórnarformanns. Ekki var fallist á það að samningurinn væri óeðlilega hagstæður stefnanda. Þótti stefndi því ekki hafa sýnt fram á að þau atvik hafi verið fyrir hendi við samningagerðina eða séu síðar til komin sem valda því að samningi verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. samnl. Enn fremur hafnaði héraðsdómur brostnum forsendum.

Dómkröfur stefnanda voru því teknar til greina að fullu.

Hrd. 16. desember 1993
Mál nr. 255/1992

Málavextir: Ö, sonur hjónanna F og E, starfaði á árunum 1986–1987 hjá banka í Reykjavík. Hafði hann verið ráðinn til starfa af S, bankastjóra sem var góður kunningi fjölskyldu Ö og hafði Ö m.a. dvalist hjá S veturlangt er hann var við nám. S réð Ö til starfa þrátt fyrir að vera kunnugt um að Ö hafði verið látinn hætta störfum við annan banka vegna fjármálamisferlis. Snemma árs 1987 var Ö staðinn að fjárdrætti í bankanum. Var hann látinn hætta störfum samstundis.

S bankastjóri sneri sér umsvifalaust til foreldra Ö og krafðist þess að þau settu tryggingu fyrir þeirri fjárhæð sem Ö hefði dregið sér, ella yrði Ö kærður til RLR. Gengust foreldrar Ö við þessu án þess að endanlega væri ljóst um hve háar fjárhæðir væri að ræða. Þegar fjárhæð fjárdráttar Ö lá endanlega fyrir var gengið frá málum þannig að F gaf út skuldabréf til bankans að fjárhæð kr. 3,3 milljónir, vísitölutryggt til 12 ára, og skyldi bréfið bera 6.5% vexti. Að auki rituðu E, H (systir Ö) og G (sambýlismaður H) undir skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar. Einnig gaf F út víxil að fjárhæð kr. 500. þús. Engin tilraun var gerð til að tengja Ö við ábyrgðir þessar.

Snemma árs 1988, þegar fyrsta afborgun var gjaldfallin, rita F og E bankanum bréf og fara fram á niðurfellingu vaxta og/eða lækkun á höfuðstól skuldarinnar þar sem þau töldu sér ómögulegt að greiða skuldina enda var greiðslubyrðin um eina milljón á ári. Beiðni F og E var hafnað. Frekari umleitanir F og E um breytingar á árinu og næsta ár báru heldur engan árangur

Dómkröfur stefnenda í héraði og fyrir hæstarétti voru 1) að viðurkennt yrði með dómi að skuldbindingar þeirra samkvæmt skuldabréfinu yrðu ógiltar, 2) að stefndi, bankinn, endurgreiddi þeim andvirði víxilsins auk afborgana af skuldabréfinu ásamt vísitöluálagi, vöxtum og kostnaði, allt með dráttarvöxtum til greiðsludags og 3) að stefndi greiddi þeim málskostnað.

Í héraði var bankinn sýknaður af öllum kröfum stefnenda, m.a. með þeim rökum að ósannað væri að aðstöðumunur eða skortur á greiðslugetu við samningsgerð hefði verið slíkur að varði ógildingu á grundvelli 36. gr. samnl. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986.

Talið var að þar sem verulegir hagsmunir Ö hafi verið í húfi og bankinn staðið við sinn hluta samkomulagsins gæti samningurinn ekki talist andstæður góðri viðskiptavenju eða ósanngjarn í skilningi 36. gr. samnl.

Hæstiréttur taldi hins vegar að víkja bæri samningi aðila til hliðar að hluta með vísan til 36. gr. samnl. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986, þ. e. ógilda bæri skuldbindingar áfrýjenda, F, E, H og G, samkvæmt skuldabréfinu þar sem atvik og staða samningsaðila við samningsgerð hafi verið með þeim hætti að stefndi gæti ekki haldið samningnum upp á áfrýjendur. Var bankanum gert að endurgreiða allar greiddar afborganir, vísitöluálag og vexti þar sem stjórnendum bankans hafi verið ljóst frá upphafi að greiðendur gætu aldrei greitt skuldina. Hæstiréttur hafnaði hins vegar endurgreiðslu á 500 þús. kr. víxli þar sem hann var greiddur án fyrirvara.

Í niðurstöðu hæstaréttar kemur fram að áhersla er lögð á að ekki hafi verið jafnræði með aðilum við samningsgerðina. F og E hafi verið í mjög erfiðri aðstöðu þar sem þau hafi bara átt um tvo kosti að velja. Frumkvæði að samningsgerð hafi komið frá bankastjóranum S en hjá honum hafi fjárhagslegir hagsmunir bankans setið í fyrirrúmi. Með samningnum, sem gerður var, hafi bankinn öðlast kröfu á hendur áfrýjendum sem hann hefði ekki ella fengið og hafi ekki átt lögvarinn rétt til. S var ljóst þegar í upphafi að skuldbindingin væri í engu samræmi við fjárhag áfrýjenda og að auki hafi engin raunhæf tilraun verið gerð til að tengja Ö við samninginn með formlegum hætti. Málskostnaður í héraði var felldur niður en stefnda gert að greiða hluta málskostnaðar áfrýjenda fyrir hæstarétti.

Héraðsdómur Reykjavíkur 14. apríl 1994
Mál E-3155/1993

Málavextir: Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (S) höfðaði mál á hendur útgáfufyrirtæki (K) og krafðist þess að K yrði dæmt að greiða sér kr. 6.340.000 kr. með dráttarvöxtum, til vara 4.340.000 kr. með dráttarvöxtum en til þrautavara 560.000 kr. með dráttarvöxtum auk málskostnaðar fyrir héraðsdómi. K krafðist sýknu af öllum kröfum stefndanda og málskostnaðar.

Árið 1991 var S stofnað í þeim tilgangi að gæta hagsmuna krabbameinssjúkra barna og aðstandenda þeirra. Snemma árs 1992 kom framkvæmdastjóri K að máli við forsvarsmenn S og lagði fram skriflegar hugmyndir um útgáfu ljóðabókar er bæri nafnið „Barnaljóð". Skyldi S fá ákveðinn hluta söluverðmætis bókarinnar en hún skyldi auðkennd með nafni félagsins. Samningur milli S og K var undirritaður í apríl 1992 og var megininntak hans á þá leið að söluverð bókarinnar skyldi vera kr. 1.250.– en S fengi 125 kr. af hverri seldri bók, S bæri enga áhættu af útgáfunni og legði hvorki til efni né vinnu. Bókin skyldi hins vegar auðkennd með merki félagsins, á framhlið, að beiðni S. Áætlaður prentkostnaður var 400 kr. pr. bók skv. forsendum K.

Sala hófst sumarið 1992. Ákveðið var þá að hækka söluverð í 1.600 kr. en samkomulag varð um að S fengi þá 160 kr. af söluverðmæti hverrar bókar eða 10% sem áður.

Varð fljótt ljóst að gífurlegur áhugi var fyrir bókinni, einkum vegna þess að hún var boðin og kynnt til styrktar S. Að lokum höfðu verið prentuð 25.000 eintök af bókinni en samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna töldust 4 – 10.000 eintök metsala á íslenskum bókamarkaði. Þar eð prentað upplag varð svona mikið reyndist prentkostnaður verulega lægri en kom fram í upphaflegum forsendum.

S krafðist að samningi aðila yrði breytt á grundvelli 36. gr. samnl. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986, þar sem ósanngjarnt teldist og andstætt góðri viðskiptavenju að K bæri hann fyrir sig. Krafðist S þess fá allan hagnað af sölu bókarinnar í samræmi við aðalkröfu sína eða aukinn hluta hagnaðar í samræmi við varakröfu enda stafaði allur söluhvati frá S. Taldi S að um verulegan aðstöðumun hefði verið að ræða við samningsgerðina þar sem K hafi atvinnu af bókaútgáfu og hefði meiri þekkingu á efnisatriðum sem máli skiptu við samningsgerðina en S og í upphafi aðeins talað um sölu upp á u.þ.b. 7.000 eintök. Þannig hafi heildarhagnaður orðið rúmar 9 milljónir króna en S aðeins fengið 3.280.000 kr. í sinn hlut samkvæmt samningnum en það væri greiðsla fyrir 20.500 greidd eintök. Þrautavarakrafan laut að því að samningurinn stæði óbreyttur og S fengi greitt fyrir 24.000 seld eintök.

Stefndi K taldi samninginn verða að standa óbreyttan. K hafi borið alla fjárhagslega áhættu af útgáfunni auk efnisöflunar og vinnslu. Ekki hafi verið séð fyrir um viðtökur á markaðnum og hann hafi ekki órað fyrir svo gífurlegri sölu. Taldi K það algeran misskilning að þau 10%, sem S hafi átt að fá í sinn hlut, hafi verið allur hagnaður af sölu bókarinnar þar sem K sé hlutafélag og hafi það eðlilega að markmiði að hagnast á starfsemi sinni.

Héraðsdómari taldi aðila sammála um hvernig bókin skyldi boðin og kynnt en aðalskýringin á því að samningur aðilanna væri mun hagstæðari stefnda K en stefnanda S væri hækkun söluverðs bókarinnar og gríðarleg sala.

Talið var að samningurinn hefði þegar skilað S verulegum tekjum og auk þess meiru en hann gat vænst, m.a. þar eð K hefði tekið við frjálsum framlögum frá fólki sem ekki vildi kaupa bókina en vildi styrkja S beint. Hefði K staðið skil á fé þessu. Stefnandi hafði engan kostnað af útgáfunni, enga fyrirhöfn og bar enga áhættu. S naut aðeins ávinnings sem fólst í ákveðnu hlutfalli af heildarsöluverðmæti bókarinnar. Taldi héraðsdómari því að samningurinn hafi í upphafi verið S hagstæðari en K en síðar orðið K mun hagstæðari vegna gífurlegrar sölu auk söluverðshækkunar sem hafi komið K mun betur en S. Efni samningsins byggðist hins vegar í aðalatriðum á hugmyndum stefnda K en undirbúningur að útgáfu bókarinnar benti ekki til að K hafi mátt vita um þessar góðu viðtökur bókarinnar. Því væri ekki unnt að fallast á aðstöðumun aðila við samningsgerð. Þegar allt væri virt taldi héraðsdómari ekki sanngjarnt að breyta samningi aðila vegna þess eins að samningurinn hafi orðið K hagstæðari en S er litið væri til áhættuskiptingar, framlags K og óvissu um sölumöguleika umræddrar bókar.

Enn fremur var talið að S gæti heldur ekki krafist breytingar á samningnum vegna hagsmuna höfundaréttarhafa þeirra ljóða sem birt voru í bókinni vegna skorts á sönnun um að afsal þóknunar væri aðeins S til handa.

Héraðsdómari taldi m.ö.o. engar forsendur fyrir hendi sem réttlættu að samningi aðila yrði vikið til hliðar, í heild eða að hluta, eða breytt, á grundvelli 36. gr. samnl. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986, og yrði því að sýkna K af aðal- og varakröfu S. K var einnig sýknað af þrautavarakröfu S þar eð ósannað þótti að fleiri bækur hefðu fengist greiddar en uppgjör aðila gaf til kynna.

Málskostnaður var felldur niður.

Dómur	Efni samnings	Tilvísun í ákvæði	Hafnað	Ekki tekin afstaða	Tekin til greina
Hrd. 1930:179	Brunatrygging-iðgjald	Rangar forsendur	Héraðsdómur		Hæstiréttur
Hrd. 1938:36	Vinnusamningur	Brostin forsenda	Hérd. + hr.		
Hrd. 1938: 565	Loforð um styrk til sjúkrah.		Hæstiréttur		Héraðsdómur
Hrd. 1939: 365	Ráðningarsamningur	37. gr. samnl.			Hérd. – hr. -samn. breytt
Hrd. 1940: 478	Lóðarleiga	2. mgr. 2. gr. l. 75/1917	Héraðsdómur		Hr. – lögjöfnun (frávísun)
Hrd. 1951: 293	Leiga verslunarlóðar	2. mgr. 2. gr. l. 75/1917			Hr. – lögjöfnun
Hrd. 1953: 182	Ábúð	9. gr. ábúðarl. 87/1933 33. gr. samnl.	Sýknað á grundv. 33. gr. samnl. fyrir hr.		
Hrd. 1953: 623	Lóðarleiga	Misneyting – 31. gr. samnl. Húsaleigulög	Héraðsdómur	Hr. – hafnar samt kröfu leigutaka	
Hrd. 1954: 69	Húsaleiga	Misneyting – 31. gr. samnl. 33. gr. samnl.			Hérd. + hr.
Hrd. 1955: 691	Grunnleigusamningur	Brostnar forsendur			Hérd. + hr. -samn. breytt
Hrd. 1960: 447	Ábúð	34. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933			Hér. + hr. – breyting á afgjaldi leyfð
Hrd. 1960: 836	Húsaleigusamningur	13. gr. þágildandi húsal. l. nr. 39/1943	Hr. fellst á kröfu stefnanda með tilvísun til forsendna samnings sem mótaðila var kunnugt um. Sérákv. húsaleigulaga því talið eiga við.		
Hrd. 1966: 262	Húftrygging bifreiðar	34. gr. l. 20/1954			Hr. beitir 34. gr. vátr. samn. l.
Hrd. 1967: 138	Samningur um veiðileyfi	33. gr. samnl.			Hr. taldi samning hafa verið ógildan ef hann hefði komist á – 33. gr.
Hrd. 1969: 188	Slysatrygging	1. mgr. 32 gr. saml. og rangar forsendur			Hæstiréttur
Hrd. 1969: 921	Gjaldþrot – gildi samnings	33. gr. samnl.	Hæstiréttur		Hérd.
Hrd. 1970: 700	Eignarréttarfyrirvari	Selj. krefst innsetningar	Fógetaréttur		Hæstiréttur
Hrd. 1972: 734	Húftrygging bifreiðar	34. gr. l. 20/1954	Hæstiréttur		
Hrd. 1972: 175	Sjálfskuldarábyrgð	Brostnar forsendur	Hæstiréttur – hafnar en aðeins ábyrgur fyrir hálfri skuldinni.		
Hrd. 1979: 1369	Skilnaðarkjör	33. gr. samnl. til vara	Hérd.		Hæstiréttur
Hrd. 1980: 1068	Ráðningarsamningur	33. gr. samnl. m.a.	Hérd. + hr.		

Dómur	Efni samnings	Tilvísun í ákvæði	Hafnað	Ekki tekin afstaða	Tekin til greina
Hrd. 1980: 1291	Leiga veiðiár	33. gr. samnl., nauðung, blekking	Hérd. + hr.		
Hrd. 1980: 1415	Kaupsamningur	Misneyting – 31. gr. + 32. gr. samnl.	33. gr. ekki hafnað beint		Hérd. + hr. -misneyting
Hrd. 1981: 910	Lóðarleiga	1.171/1919, 67. gr. stj. skrár o.fl.	Hérd. nafnar III. k. samnl. – Hr. tekur ekki afstöðu til III. k.		
Hrd. 1981: 928	Lóðarleiga	1.171/1919, 67. gr. stj. skrár o.fl.	Hérd. hafnar III. k. samnl. – Hr. tekur ekki afstöðu til III. k.		
Hrd. 1981: 1323	Veðsetning	33. gr. samnl.	Hr.	Hérd.	
Hrd. 1982: 613	Gjafagerningur	33. gr. f. hérd.-brostn. fors.	Hérd. + hr.		
Hrd. 1983: 1179	Erfðafesta	2. mgr. 2. gr. l. 75/1917	Hr.		Hérd.
Hrd. 1983: 2134	Kaupmáli	III. kafli samnl.	Hérd.	Hr.	
Hrd. 1984: 49	Lóðarleiga	2. mgr. 2. gr. l. 75/1917	Hr.		Hérd.
Hrd. 1985: 92 Oddgeirshóll	Málamyndakaupsamn., málamyndaafsal	30., 31. og 33. gr. samnl.	Hérd. og hr. – vegna málatilbún. – sjá hrd. 1988: 1422		
Bæjarþ. Rvk. 3.6.87	Samkomulag um eignir í sambúð	33. og 36. gr. samnl.	Byggir á að samn. skilyrtur – ekki staðið við skilyrðið		
Bæjarþ. Rvk. 23.10.87	Kaupsamningur í lausafjárkaupum	36. gr. samnl. með hliðsjón af 42. gr. kpl.	Sinnti ekki skoðunarskyldu		
Bæjarþ. Rvk. 20.2.88	Tímabundinn leigusamn.	Krafist efnda		Bent á að leigj. ekki reynt riftun/36. gr. samnl.	
Bæjarþ. Rvk. 26.10.88	Eignaskiptasamningur við slit sambúðar	36. gr. samnl.	x		
Hrd. 1988: 1422 Oddgeirshóll	Málamyndakaupsamn. og málamyndaafsal.	33. gr. samnl. – stefnandi krefst viðurk. á að sé tryggingargern.			Hérd. + hr.
Bæjarþ. Rvk. 16.2.89	Vátryggingarbætur	Stefndi: almennt óheiðarlegt að krefjast bóta án greiðslu iðgjalds í langan tíma	x		
Bæjarþ. Rvk. 12.4.89	Kaupsamningur	Krafist efnda, vs. sýknu og til vara lækkun kröfu skv. 36. gr.	Engin gögn til stuðn. varakröfu stefnda		

Dómur	Efni samnings	Tilvísun í ákvæði	Hafnað	Ekki tekin afstaða	Tekin til greina
Bæjarþ. Rvk. 24.4.89	Launakrafa án samnings um laun	Stefndi: krafa of há, sbr. 5. gr. kpl. og 36. gr. samnl.		Byggir á 5. gr. kpl.	
Bæjarþ. Rvk. 27.12.89	Samn. um gerð merkja-garðs milli lóða	Brostnar forsendur og 36. gr. samnl.	x		
Bæjarþ. Rvk. 28.9.89	Biðlaunakrafa og krafa um yfirvinnu í óteknu orlofi	Stefnandi m.a. ekki fastráðinn og í raun með ótímabundna ráðningu; því víkja til hliðar tilteknum ráðningarlokum; 36. gr. samnl.	x		
Hrd. 1989: 329 Dráttarvél	Staðlaðir samn. skilmálar í ábyrgðarskírteini	Stefnandi: ákv. í samn. ógilt þar eð ekki í samræmi við 29. gr. l. 56/1978			Hr. dæmir á grundv. 29. gr. l. 57/1978 og vísar í grunnrök 36. gr. samnl.
Bæjarþ. Rvk. 12.1.90	Kaupsamningur um fasteign	30., 31. og 36. gr. samnl.		Frávísun	
Bæjarþ. Rvk. 25.4.90	Leigusamningur	36. gr. samnl. og til hliðsjónar 33. gr. samnl.	36. gr. hafnað		
Bæjarþ. Rvk. 28.5.90	Eftirlaunasamningur	11. gr. og 36. gr. samnl.	36. gr. hafnað		
Bæjarþ. Rvk. 29.6.90	Samningur um fjármögnunarleigu	36. gr. samnl.	Samkomulag aðila um niðurfellingu máls		
Bæjarþ. Hafnf. 2.11.90	Kaupsamningur með eignarréttarfyrirvara	36. gr. samnl. og meginregla laga um riftun			
Bæjarþ. 6.11.90	Kaupsamningur um fasteign	M.a. vísað til 36. gr. samnl.	Málsástæður byggðar á 36. gr. of seint fram komnar		
Hrd. 8.11.90	Erfðafestusamningur	36. gr. samnl.	Hr. – ómerkir hérd.		Héraðsdómur
Bæjarþ. Hafn. 25.1.91	Skilnaðarsamkomulag	54. gr. l. 60/1972 og 36. gr. samnl.	Frávísun – 36. gr. hafnað - frestur skv. 54. gr. liðinn		

Dómur	Efni samnings	Tilvísun í ákvæði	Hafnað	Ekki tekin afstaða	Tekin til greina
Hrd. 26.3.91	Kaupsamningur og yfirf. úr bankabókum	30., 31., 32. og 36. gr. samnl.		Hr. dæmir skv. 31. gr.	Hérd: dæmt skv. 36. gr. samnl. um yfirf. úr bankab., 31. gr. um kaupsamning
Hrd. 26.3. 91	Kaupsamningur um fasteign	30., 31., 32. og 36. gr. samnl.			Dæmt á grundv. 36. gr. bæði í héraði og fyrir hæstarétti
Bæjarþ. Rvk. 18.9.91	Húsaleigusamningur	29. gr. og 1. mgr. 15. gr. l. 39/1978 og 36. gr. samnl.	36. gr. hafnað		
Bæjarþ. Rvk. 25.10.91	Fjármögnunarleigusamn. um sendiferðabíl	31. gr. og 36. gr. samnl.	36. gr. hafnað		

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið tengist það EES-samningnum, nánar tiltekið þeirri viðbót hans sem geymir m.a. tilskipun frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum. Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að tryggja framkvæmd ákvæða tilskipunarinnar en hún miðar að því að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og jafnframt vernd til handa neytendum.

Framkvæmd ákvæða frumvarpsins, verði þau að lögum, falla inn í starfssvið Samkeppnisstofnunar. Einhver aukning gæti orðið á kvörtunarmálum í almennum lögfræðiafgreiðslum stofnunarinnar í neytendamálum. Aukinn kostnaður af þeim sökum gæti orðið allt að 500 þús. kr. árlega ef ekki verður samdráttur í starfsemi stofnunarinnar á öðrum sviðum.

103. Beiðni um skýrslu [100. mál]

frá dómsmálaráðherra um ofbeldisverk barna og unglinga á Íslandi.

Frá Valgerði Sverrisdóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Jóni Helgasyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Guðna Ágústssyni, Jóni Kristjánssyni, Pétri Bjarnasyni, Páli Péturssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Stefáni Guðmundssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Finni Ingólfssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um ofbeldisverk barna og unglinga á Íslandi.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Fjölda þeirra sem komið hafa á slysadeildir og heilsugæslustöðvar með áverka vegna ofbeldisverka á sl. 20 árum.
2. Hvernig skiptingin er á milli aldurshópa og kynja, bæði með tilliti til gerenda og þolenda.
3. Hvers konar ofbeldisverk og áverka um er að ræða.
4. Á hvers konar stöðum slík ofbeldisverk eiga sér stað.
5. Hver tíðni þess er að gerendur og/eða þolendur séu undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna.
6. Hve algengt er að vopnum sé beitt og þá hvers konar vopnum.
7. Á hvaða tíma sólarhrings slík ofbeldisverk eiga sér stað.
8. Í hvaða mæli er um að ræða tilviljanakennd ofbeldisverk annars vegar og hreinan ásetning hins vegar.
9. Hvernig skipting slíkra ofbeldisverka er á milli lögsagnarumdæma.

10. Hvaða viðurlögum er algengast að beita í slíkum málum.
11. Þróun þessara mála á sl. 20 árum og hvernig ástandið er hér á landi miðað við nágrannaríki okkar.
12. Hvort forvarnastarf hefur verið unnið á þessu sviði og/eða hvort áform eru uppi um slíkt.

Er þess óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

104. Fyrirspurn [101. mál]

til fjármálaráðherra um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Svavari Gestssyni.

1. Hvað hefur ráðherra gert til að framfylgja samþykkt Alþingis frá 18. mars 1991 um skattalega meðferð á lífeyrissparnaði?
2. Hvaða áhrif hefði það að mati ráðherra á tekjur ríkissjóðs ef afnumin væri tvísköttun af lífeyrisgreiðslum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þann 18. mars 1991 ályktaði Alþingi samhljóða að tillögu félagsmálanefndar þingsins:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu.“

105. Fyrirspurn [102. mál]

til samgönguráðherra um útboð Vegagerðar ríkisins.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Notar Vegagerð ríkisins sérstakan skilmála í sínum útboðsgögnum sem heitir ÍST 30?
2. Hversu margir verktakar hafa lögsótt Vegagerðina síðustu fimm ár þar sem þeir telja að hún hafi ekki sjálf farið að eigin skilmálum?
3. Hversu margir verktakar hafa gert kröfur á hendur Vegagerðinni síðustu fimm ár af því að þeir telja að um rangar upplýsingar hafi verið að ræða í útboðsgögnum?

4. Hversu mörgum aðilum hefur Vegagerðin boðið bætur vegna ósamkomulags eða vegna aukaverka í kjölfar ónákvæmra útboðsgagna á síðustu fimm árum?
5. Hversu oft hefur Vegagerðin viðurkennt galla í útboðslýsingu eftir samninga í kjölfar tilboða?
6. Ber Vegagerðin ábyrgð á eigin útboðsgögnum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fram kemur í Alþýðublaðinu 14. október 1994 að verktaki, sem telur sig hafa farið hallloka vegna útboðsverks sem Vegagerð ríkisins réð hann til, hafi ítrekað leitað réttar síns. Vegagerðin hafi boðið honum bætur að upphæð 2,6 millj. kr., annars ekkert. Mikið ber á milli þess sem boðið er af hálfu Vegagerðar og þess sem krafist er af hálfu verktakans. Fram kemur að verktakinn hafi fengið viðtal við samgönguráðherra en hann trúi því ekki á Vegagerðina að hún hafi rangt við.

Í yfirlýsingu, sem Björn Jónasson jarðfræðingur hefur sent frá sér, dags. 10. október sl., vegna málaferla verktaka og útboðsgagna verksins „Ólafsfjarðarvegur norðan Dalvíkur", segir:

„Vegna fyrri reynslu annarra verktaka og undirritaðs af burðarlagsefninu var mjög óeðlilegt að almennar upplýsingar um efnið ásamt niðurstöðum rannsókna fylgdu ekki útboðsgögnum í verkinu „Ólafsfjarðarvegur norðan Dalvíkur".

Ásamt því að hér er um afar vafasamt burðarlagsefni að ræða og vafasamt að það standist kröfur Vegagerðar ríkisins þá er efnið afar erfitt í vinnslu, bæði í námu og niðurlögn (efnið þarfnast flokkunar og yfirmettast af vatni við ákveðin veðurskilyrði), vegna óheppilegrar samsetningar ásamt því að vera óeðlilega þungt.

Því má spyrja sig hvort það hafi verið tilviljun að niðurstöðum rannsókna og almennum upplýsingum um burðarlagsefnið hafi ekki verið komið á framfæri í útboðsgögnum en í ÍST 30, sérskilmálum VR, er skýrt tekið fram að allar niðurstöður rannsókna á því efni, sem á að vinna, skuli fylgja (sjá kafla 4). Vegna þess hve efni þetta var vafasamt og bæði fínefnaríkt og stórsteinótt var enn meiri ástæða til að láta niðurstöður rannsókna fylgja.

Það er ljóst að aldrei verður hægt að gera útboðsgögn sem eru að öllu leyti rétt, en krefjast verður þess að fram komi öll sú vitneskja og þær rannsóknarniðurstöður sem skipt geta sköpum fyrir verkið."

106. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um úttekt á vöruverði lífsnauðsynja og verðmun er ríkir á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma úttekt á vöruverði lífsnauðsynja og þeim mikla verðmun er ríkir á milli þéttbýlis og dreifbýlis í þeim efnum. Kannað verði sérstaklega hvaða ástæður valda slíkum verðmun. Þá er ríkisstjórninni falið að grípa til ráðstafana í ljósi úttektarinnar er miði að jöfnun verðlags á lífsnauðsynjum í landinu með því að vöruverð á landsbyggðinni megi lækka til samræmis við það sem almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð.

Verðkannanir undanfarin ár hafa staðfest að gríðarlegur verðmunur er á brýnustu nauðsynjavörum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þessi mismunur hefur verið að aukast síðustu ár. Slíkt ástand hefur án efa mikil áhrif á búsetuþróun í landinu. Fólkið í strjálbýlinu geldur fyrir búsetu sína sem fram kemur í lakari lífskjörum þar sem fólk þarf að borga meira fyrir sömu vöru en t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Nú hlýtur það að vera kappsmál að neytendur megi njóta sem hagstæðasts vöruverðs og sannarlega er það fagnaðarefni þegar versluninni tekst að bjóða neytendum lækkun á vöruverðinu, hvort sem það verður vegna aukinnar samkeppni, hagræðingar eða bættra viðskiptakjara. En sú spurning hlýtur að vakna hvort verslunin í landinu sitji við sama borð hvað viðskiptakjör snertir, flutningskostnað og skattlagningu. Mikilvægt er að kannað verði rækilega hvort sú er raunin að landsbyggðarfólk niðurgreiði vöruverð á höfuðborgarsvæðinu vegna lakari viðskiptakjara er landsbyggðarverslunin býr við.

Verslunin á landsbyggðinni á víða í vök að verjast. Þar liggja margar ástæður að baki. Fámenni að baki hverri verslun, hár fastur rekstrarkostnaður, kröfur um fjölbreytt vöruúrval og víðtæka þjónustu sem erfitt er að standa undir. Samkeppnisstaða landsbyggðarverslunarinnar samanborið við verslunarhætti á höfuðborgarsvæðinu er því veik. En aðgerðir stjórnvalda skipta hér einnig miklu máli, t.d. í skattamálum. Flutningskostnaður kemur af fullum þunga inn í vöruverðið. Skattlagning á slíkan kostnað hlýtur því að hækka verð vörunnar og rýra þar með lífskjör landsbyggðarfólks.

Því er afar brýnt að kannað verði hver bein áhrif stjórnvaldsathafna eru á vöruverðið sem raska verðlagsmyndun eftir landshlutum og skapa aðstöðumun gagnvart lífskjörum eftir búsetu.

Það hlýtur að vera vilji stjórnvalda á hverjum tíma að fólk búi við sem jöfnust lífskjör óháð búsetu. Sá aðstöðumunur, sem nú blasir við og birtist í misháu verðlagi á nauðsynjavörum eftir búsetu, er óviðunandi. Þessi þingsályktunartillaga beinist að því að leitað verði allra leiða til að ná megi fram lækkun á vöruverði á landsbyggðinni er miði að jöfnun lífskjara og að landsmenn megi allir sitja við sama borð.

107. Frumvarp til laga [104. mál]

um afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Lög nr. 57 31. október 1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í októbermánuði árið 1944 voru samþykkt á Alþingi lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Samkvæmt lögunum skyldi reisa og reka tilraunastöð í jarðrækt á þessum stað samkvæmt lögum nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, (nú lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna). Með lögunum fékk tilraunastöðin endurgjalds- og kvaðalaust til eignar og umráða 165 ha úr austanverðri landareign Reykhólajarðar og fylgdu landinu hitaréttindi og að auki þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til að fullnægja þörf vegna sérstakra rannsókna.

Tilraunaráð jarðræktar tók við landinu og hóf uppbyggingu tilraunastöðvarinnar af myndarskap og dugnaði með ræktun og byggingum. Íbúðarhús var byggt á árunum 1947–49 fyrir tilraunastjóra og annað starfsfólk. Fjárhús og hlaða voru byggð 1956 og 1957. Árið 1958 var byggt hús sem hýsti aðstöðu vegna innivinnu við jarðræktartilraunir, skrifstofu og einnig var þar lítil íbúð. Ekkert tún var á landinu en túnræktun hófst strax vegna tilrauna og þess bústofns sem varð þá fljótt á tilraunabúinu. Árið 1990 var tún um 30 ha að stærð.

Jarðræktartilraunir hófust strax og tök voru á. Fyrstu árin voru þær að mestu heima á Reykhólum en upp úr 1950 voru hafnar dreifartilraunir í Reykhólasveit og voru þær á allnokkrum bæjum og stóðu fram um 1960. Á árunum frá 1960 til 1966 var fremur lítið framkvæmt af dreifðum tilraunum en eftir það fóru þær vaxandi og 1972 hófust umfangsmiklar tilraunir frá Tilraunastöðinni á Reykhólum á Vestfjörðum sunnan af Barðaströnd og norður á Snæfjallaströnd og stóðu þær fram yfir 1980. Um þetta leyti var fyrst hægt að hefja dreifartilraunir um Vestfirði, áður var það ekki hægt vegna samgönguörðugleika. Tilraunir þessar gengu fyrst og fremst út á að kanna steinefnaþörf K-P-Ca-S. Árið 1984 hófust svo tilraunir í nyrðri hluta Strandasýslu og stóðu þær meðan tilraunastöðin var starfrækt. Um alllangt árabil voru gerðar grænfóðurtilraunir í Fóðuriðjunni í Ólafsdal. Viðfangsefni á sviði jarðræktar var fyrst og fremst áburðarþörf N-P-K-Ca-S o.fl., notkun og meðhöndlun búfjáráburðar, tegunda- og stofnaprófanir túngrasa. Í grænfóðurstilraunum voru prófaðir stofnar af ýmsum tegundum og afbrigði af þeim ásamt áburðarþörf. Búrekstur fyrstu árin var blandaður búskapur og var svo fram um 1960, en eftir fjárskipti 1960 í Reykjaneshólfi var búskapur eingöngu sauðfjárbúskapur og hófust þá strax rannsóknir og tilraunir með sauðfé og var aðalverkefni tilrauna í sauðfjárrækt ullarræktun og stóðu þær þar til starfsemi var hætt á Reykhólum 1990, en á árunum 1988–90 voru flutt 135 lömb af Reykhólastofni að Hesti í Borgarfirði. Verkefni á sviði

ullarræktar var að rækta stofn með mikla og góða alhvíta ull, lausa við gular og hvítar illhærur.

Síðustu árin sem tilraunastöðin var starfrækt dró stórlega úr öllum tilraunum á sviði jarðræktar þannig að umsvif á því sviði voru ekki nema einn fjórði af því sem mest var á árunum 1970–80. Orsök þess voru minnkandi fjárveitingar ár frá ári. Árið 1990 var rekstri tilraunastöðvarinnar hætt og hefur Reykhólahreppur nú keypt land og aðrar eignir tilraunastöðvarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Með frumvarpinu er lagt til afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Rekstri tilraunastöðvarinnar var hætt árið 1990 og hefur Reykhólahreppur nú keypt land og aðrar eignir stöðvarinnar. Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

108. Frumvarp til laga [105. mál]

um afnám laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Lög nr. 35 29. maí 1992, um forfallaþjónustu í sveitum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laga nr. 41 15. maí 1990, um Búnaðarmálasjóð:

a. Hlutfallstala skv. A-lið 2. gr. verður: 0,55%, í stað „0,75%“.
b. Hlutfallstala skv. B-lið 2. gr. verður: 1,1%, í stað „1,5%“.
c. Úr 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin: „Til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, sbr. lög nr. 32/1979 ... 0,200% 0,400%“.
d. 3. mgr. 4. gr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum hefur starfað í um fimmtán ár eða frá gildistöku laga nr. 32/1979. Núgildandi lög nr. 34/1992 takmarkast við forfallaþjónustu. Framlag ríkissjóðs til starfseminnar hefur verið fellt niður um nokkurt skeið og starfsemin því eingöngu fjármögnuð með hluta af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sbr. lög nr. 41/1990. Nú er leitað allra leiða til að létta álögum af landbúnaði í því skyni að lækka framleiðslukostnað. Samkvæmt lögum um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, hafa einstök búgreinafélög getað sagt sig frá forfallaþjónustunni. Öll búgreinafélög, önnur en sauðfjárbænda og loðdýraræktenda, hafa samþykkt að segja sig frá forfallaþjónustunni. Stjórn Stéttarsambands bænda og búnaðarþing 1994 hafa lagt til að lögin verði endurskoðuð. Landbúnaðarráðherra skipaði í maímánuði nefnd til að endurskoða lög nr. 35/1994, um forfallaþjónustu í sveitum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, auk fulltrúa ráðherra. Lagði nefndin til að lögin yrðu afnumin og gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir því. Í 2. gr. frumvarpsins er að finna nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 41 15. maí 1990, vegna afnáms laga nr. 35/1992, varðandi innheimtu á búnaðarmálasjóðsgjaldi til forfallaþjónustunnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um afnám laga um forfallaþjónustu í sveitum o.fl.

Með frumvarpinu er lagt til afnám laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum. Flest búgreinafélög hafa sagt sig frá forfallaþjónustunni en starfsemi hennar hefur verið fjármögnuð með hluta af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sbr. lög nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð. Með frumvarpinu eru því einnig gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um Búnaðarmálasjóð. Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

109. Frumvarp til laga [106. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI

Jarðalög nr. 65/1976, sbr. breytingar með lögum nr. 71/1978, lögum nr. 37/1982, lögum nr. 90/1984, lögum nr. 108/1988 og lögum nr. 34/1992.

1. gr.

2. og 5. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna verða svohljóðandi:

2. Þegar ríkissjóður eða ríkisstofnanir kaupa eða selja.

5. Þegar leigð eru eða heimiluð með öðrum hætti afnot af slægjum, beit, námum, veiðiréttindum, vatnsréttindum, einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarbústöðum, og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri.

2. gr.

Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., sem verða svohljóðandi:

6. Þegar landið (fasteign) hefur verið tekin úr landbúnaðarnotum með leyfi skv. 1. mgr. 12. gr., enda hafi slíku leyfi verið þinglýst.
7. Þegar aðilaskipti verða að sumarbústað í sumarbústaðahverfi, enda sé bústaðurinn reistur í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn og jarðanefnd er heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt þessari grein því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að fimm árum fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Með sama hætti er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina.

Nú fullnægir aðili ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið skv. 6. mgr. og getur sveitarstjórn þá með samþykki ráðherra sett honum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengnu samþykki jarðanefndar og ráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústað á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. nema jarðanefnd samþykki.

Sumarbústaður samkvæmt lögum þessum er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði greinar þessarar taka einnig til veiðihúsa.

5. gr.

11. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. að nýta hana til landbúnaðar, þar með taldrar nýtingar og/eða útleigu á veiði og öðrum hlunnindum sem fylgja landi, svo og húsum sem ætluð eru til dvalar um takmarkaðan tíma án lóðarréttinda, skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar skv. 1. mgr., til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðili/aðilar þurfa að uppfylla skilyrði 1. mgr. þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign.

6. gr.

Aftan við 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Með notkun til landbúnaðar í merkingu þessa ákvæðis er einnig átt við land sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976, þar með taldar eyðijarðir og einstakar landspildur ef því hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota.

7. gr.

17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan sex vikna frá því er kæra barst.

8. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem á forkaupsrétt skv. 1. mgr., er heimilt að framselja rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins, enda sé það gert innan 30 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal þegar senda tilkynningu um slíka ákvörðun til landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins og kaupanda og seljanda þeirrar eignar sem forkaupsrétturinn tekur til. Jarðasjóður hefur þá 60 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn til að svara forkaupsréttartilboði skriflega. Hafi Jarðasjóður ekki svarað innan þess tíma hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa eignina. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins.

9. gr.

Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. málsl. 32. gr. laganna kemur: innan 30 daga.

10. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Þegar ráðstafað er eignum sem falla undir 6. og 7. tölul. 6. gr.

11. gr.

Niður fellur 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna og 3. tölul. verður 2. tölul. og 4. tölul. verður 3. tölul.

12. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Með sama hætti er eiganda ættaróðals heimilt að stofna til félagsbús með erfingja sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið, enda séu uppfyllt skilyrði 25.–28. gr.

13. gr.

61. gr. laganna verður svohljóðandi:

Óðalsbóndi getur með leyfi landbúnaðarráðherra fengið óðalið leyst frá óðalsákvæðum, enda mæli jarðanefnd með því og þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, hafa lýst því yfir skriflega að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda er hann kýs, enda hafi þeir sem forkaupsrétt eiga að lögum hafnað honum.

II. KAFLI
Lög nr. 34/1992, um Jarðasjóð.

14. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Jarðasjóði er jafnframt heimilt að kaupa eignir þegar sveitarstjórn hefur framselt sjóðnum forkaupsrétt sinn skv. 3. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. gilda ekki um kaup sjóðsins á slíkum eignum.

III. KAFLI
Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1991 var á vegum landbúnaðarráðuneytisins hafist handa við að kanna hvaða áhrif fyrirhugaður samningur um Evrópska efnahagssvæðið hefði á löggjöf um eignarhald og nýtingu jarða og annars lands og landsréttinda sem jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og önnur lög, sem ráðuneytið annast framkvæmd á, taka til. Frumvarp þetta var samið á vegum ráðuneytisins að lokinni þeirri athugun og var fyrst lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá né á 117. löggjafarþingi.

Að lokinni frumathugun þessara mála var ákveðið í mars 1992 að landbúnaðarráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem fer með framkvæmd laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum, létu sameiginlega taka saman álitsgerð um áhrif EES-samningsins á íslenska löggjöf um eignarhald á fasteignum og fasteignaréttindum. Til verksins voru ráðnir Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Stefán Már Stefánsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður. Álitsgerð þeirra lá fyrir í júní 1992. Kaflar úr niðurstöðum álitsgerðarinnar varðandi jarða- og ábúðarlög og skylda löggjöf fylgja með frumvarpi þessu sem fskj. I.

Í athugasemd með 40. gr., þ.e. XII. viðauka EES-samningsins í frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið, þskj. 1, segir m.a.:

„Varðandi rétt erlendra aðila til kaupa á fasteignum voru upphaflega ýmsir fyrirvarar og beiðni um varanlegar undanþágur sett fram af EFTA-ríkjunum. Niðurstaðan varð hins vegar sá aðlögunartími sem um getur í þessum viðauka, en jafnframt munu ákvæði laga um eignarrétt að jarðeignum og öðrum fasteignum í ýmsum tilvikum tekin til endurskoðunar. Slík endurskoðun fer nú fram á vegum landbúnaðarráðuneytisins hér á landi, en jafnframt gaf ríkisstjórnin í samningaviðræðunum sérstaka yfirlýsingu um beitingu ör-

yggisráðstafana samkvæmt samningnum, ef til komi alvarleg röskun vegna innstreymis á vinnumarkað eða alvarleg röskun á fasteignamarkaði."

Núgildandi jarðalög hafa ekki að geyma sérstakar takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í þeim fasteignum og fasteignaréttindum sem lögin taka til eða gera að öðru leyti mun á því hvort í hlut á íslenskur aðili eða erlendur. Tilkoma EES-samningsins leiðir því ekki til þess að þörf sé á að breyta jarðalögunum af þeirri ástæðu. Reglur um heimildir erlendra aðila til að eignast og fá til afnota fasteignir hér á landi hafa verið í lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, eða svonefndum fasteignalögum, en viðamiklar breytingar voru síðast gerðar á þeim lögum með lögum nr. 23/1991. Það frumvarp, sem hér er gerð grein fyrir vegna breytinga á jarðalögunum, byggir á því að reglur um heimildir erlendra aðila til að fá réttindi yfir fasteignum hér á landi verði áfram í fasteignalögunum.

Í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum verða íslensk lög að tryggja að þeim aðilum, sem njóta réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi, sé með lögum og lagaframkvæmd búin sama aðstaða og íslenskum aðilum til að eignast og fá til afnota hér á landi fasteignir, sem eru þeim nauðsynlegar, til að halda heimili og reksturs þeirrar atvinnustarfsemi er í hlut á hverju sinni. Hins vegar er EFTA-ríkjunum tryggð heimild í EES-samningnum, þ.e. e-lið viðauka XII, til að setja í innanlandslöggjöf ákvæði er varða kaup á íbúðarhúsnæði sem notað er hluta úr ári og samsvara í raun löggjöf sem hefur verið við lýði innan Evrópubandalagsins í samræmi við 4. mgr. 6. gr. tilskipunar EB 88/361. Í því ákvæði segir að heimilt sé að viðhalda gildandi landslögum um kaup á íbúðarhúsnæði sem notað er hluta úr ári uns ráðið samþykki frekari ákvæði á þessu sviði í samræmi við 69. gr. Rómarsáttmálans.

Athuganir á efni EES-samningsins og rétti Evrópubandalandsins hafa leitt í ljós að það teldist andstætt samningnum að setja í lög ákvæði sem áskildu að þeir sem gætu komið til greina við kaup á jörðum og öðru búskaparlandi, sem jarðalögin taka til, þyrftu að hafa verið búsettir hér á landi í tiltekinn árafjölda fyrir kaupin og það þó að sambærileg regla gilti um Íslendinga. Slík ákvæði voru í lögum hjá Dönum og Írum en hafa verið felld niður þegar í hlut eiga aðilar frá öðrum ríkjum EB sem ætla að nýta sér staðfesturétt þar. Þetta girðir þó ekki fyrir að sett séu í lög efnisleg skilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla við kaup á eignum til atvinnurekstrar, t.d. um starfsreynslu í ákveðinn árafjölda, enda séu þessi skilyrði í eðlilegum tengslum við viðkomandi atvinnurekstur og nýtingu eignarinnar. Skilyrði er þó að slíkt gangi jafnt yfir þá sem njóta EES-réttar og innlenda aðila.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að verði gerðar á jarðalögunum, miða annars vegar að því að taka á þeim breyttu aðstæðum sem leiðir af EES-samningnum og hins vegar að endurskoða fáein atriði í lögunum í ljósi fenginnar reynslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að orðalagi 2. tölul. verði breytt þannig að tekin verði af öll tvímæli um að sú heimild, sem nú tekur samkvæmt orðanna hljóðan til ríkissjóðs, taki einnig til ríkisstofnana, t.d. Jarðasjóðs ríkisins.

Samkvæmt núgildandi reglu 5. tölul. 4. mgr. 6. gr. þarf ekki að afla samþykkis samkvæmt greininni þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi. Af þessu hefur leitt að leiga á þessum réttindum til lengri tíma, sem þó hefur ekki verið talin fela í sér eignayfirfærslu sem leggja mætti að jöfnu við kaup, hefur verið heimil án þess að afla þyrfti samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar. Hins vegar hafa jarðalögin samkvæmt hljóðan sinni tekið til hvers konar skammtímaleigu á öðrum landsréttindum, svo sem leigu á landi til sumarbeitar fyrir hross og fuglaveiðirétti tiltekið tímabil. Af þessu hefur síðan leitt að lögunum hefur ekki verið framfylgt hvað þetta síðastnefnda varðar. Rétt þykir að taka af skarið í þessu efni í lögunum, enda verður að telja eðlilegt að stjórnvöld samkvæmt jarðalögunum fjalli um ráðstöfun á vatnsréttindum, námum og veiðiréttindum umfram skammtímaleigu með sama hætti og aðra ráðstöfun á réttindum yfir fasteignum sem lögin taka til.

Þessari breytingu er einnig ætlað að færa útleigu á einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarbústöðum, til lengri tíma undir áskilnað um samþykki stjórnvalda samkvæmt lögunum. Reglan gildir þó ekki ef önnur undantekningarákvæði greinarinnar eiga við.

Hér er líka haft í huga að hópur þeirra, sem sækist eftir þeim réttindum sem ákvæðið tekur til, kann að stækka vegna áhrifa EES-samningsins.

Viðmiðunartíminn þrjú ár er sniðinn eftir reglum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum, þó þannig að sleppt er viðmiðuninni um uppsögn með ekki lengri en árs fyrirvara. Á grundvelli hennar væri annars unnt að stofna til langtímaleigu, sem félli utan valdsviðs stjórnvalda að fjalla um, bara ef uppsagnarfrestur væri innan við ár.

Um 2. gr.

Þótt land hafi verið tekið úr landbúnaðarnotum með leyfi ráðherra skv. 1. mgr. 12. gr. laganna þarf samkvæmt gildandi lögum eftir sem áður að afla samþykkis skv. 6. gr. laganna við síðari aðilaskipti að landinu og sveitarstjórn og eftir atvikum ábúandi að eiga áfram forkaupsrétt að landinu eins og nánar verður fjallað um í athugasemd við 10. gr. þessa frumvarps. Undantekning er þó gerð frá reglunni um samþykki á aðilaskiptum skv. 6. gr. varðandi réttindi yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum) sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum, sbr. 3. mgr. 10. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. jarðalaganna um bann við töku lands, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, þ.e. 1976, til annarra nota nema samkvæmt heimild í lögum eða með leyfi, var sett til að veita stjórnvöldum færi á að hafa áhrif á og stjórna því hvort land, sem notað hefur verið til landbúnaðar, verður tekið til annarra nota. Þessi afskiptaréttur landbúnaðarráðherra og þeirra stjórnvalda, sem jarðalögin tilgreina, takmarkast þó af því að hugsanlegt er að land sé tekið til annarra nota samkvæmt heimild í öðrum lögum, t.d. með skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða undir vegi og raforkumannvirki með eignarnámsheimild í lögum. Við ákvörðun um hvort heimila eigi að land sé tekið úr landbúnaðarnotum þarf auk leyfis ráðherra að liggja fyrir samþykki sömu stjórnvalda og fjalla um hvort samþykkja eigi aðilaskipti, þ.e. jarðanefnd og sveitarstjórn. Til viðbótar er síðan krafist umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Skipulags ríkisins. Það er því nokkuð viðamikil aðgerð að fá leyfi til slíks.

Í frumvarpsgreininni, 6. tölul., er lagt til að ekki þurfi að afla samþykkis til aðilaskipta þegar búið er að taka landið (fasteign) úr landbúnaðarnotum. Það sjálfstæða skilyrði er þó sett að fyrir verður að liggja þinglýst leyfi skv. 1. mgr. 12. gr. Tilefni þess að lagt er til að þetta skilyrði verði tekið inn í lögin má rekja til dóms Hæstaréttar frá 19. nóvember 1991.

Við breytingar á jarðalögunum með lögum nr. 90/1984 var tekin upp sú regla að ekki þyrfti að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum) sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna. Í hinum tilvitnuðu ákvæðum 12. gr. er, eins og áður sagði, lagt bann við því að taka land, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, þ.e. í júní 1976, til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum eða ráðherra samþykki. Það var ótvírætt ætlunin við breytinguna 1984 að undantekningarreglan ætti aðeins við í þeim tilvikum að ráðherra hefði með formlegu leyfi skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. heimilað að tiltekið land væri tekið úr landbúnaðarnotum, en slíku leyfi skal þinglýsa, sbr. lokaorð 1. mgr. 12. gr.

Í dómi Hæstaréttar frá 19. nóvember 1991 túlkaði rétturinn hins vegar áðurgreind ákvæði á þann veg að ekki hefði þurft að leita eftir samþykki skv. 6. gr. jarðalaga til sölu á sumarhúsi ásamt 17,5 ha landspildu vegna ákvæðis 3. mgr. 10. gr. jarðalaganna þó að ekki lægi fyrir formlegt leyfi ráðherra um töku landsins úr landbúnaðarnotum. Landspilda þessi hafði verið girt árið 1944 og bústaðurinn byggður það sama ár. Búið var að rækta skóg á hluta landspildunnar. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði:

„Ljóst er samkvæmt því er áður sagði, að umrædd 17,5 hektara landspilda hafði ekki verið nýtt til landbúnaðar í áratugi fyrir gildistöku jarðalaga, enda verður sú skógrækt, sem þar var stunduð, eigi talin landbúnaður í hefðbundinni merkingu þess hugtaks. Af því leiðir samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum, að ekki var skylt að lögum að afla samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til sölu á eigninni."

Þessi túlkun Hæstaréttar leiðir til þess að hugsanlegt er að sumarbústaðalóðir og einstakar landspildur, sem búið var að taka til annarra nota en landbúnaðar við gildistöku jarðalaganna, yrðu taldar undanþegnar reglu 6. gr. laganna um samþykki stjórnvalda vegna ákvæða 3. mgr. 10. gr. jarðalaga, þó svo að jarðalögin tækju enn til landsins skv. 3. gr. laganna og ekkert formlegt leyfi ráðherra um töku landsins úr landbúnaðarnotum lægi fyrir. Þetta fer eins og áður sagði í bága við það sem ætlunin var við breytingu á lögunum 1984 og leiðir til verulegrar óvissu við framkvæmd laganna.

Sú regla, sem lagt er til að verði tekin upp í 7. tölul., er til að taka á þeim tilvikum þegar sumarbústaðir hafa verið byggðir í sumarbústaðahverfi án þess að landið hafi verið tekið úr landbúnaðarnotum, heldur byggist hin breytta notkun landsins alfarið á skipulagi sem hefur hlotið samþykki/staðfestingu samkvæmt skipulagslögum og landið hefur þar með verið tekið til annarra nota með heimild í lögum, sbr. áskilnað í lok 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. Skilgreining á sumarbústaðahverfi, sem áður var í 5. mgr. 10. gr., er flutt yfir í þetta ákvæði.

Um 3. gr.

Samkvæmt tilgangi laganna, eins og hann kemur fram í 1. gr., er lögunum m.a. ætlað að tryggja að búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Sveitarstjórnir og jarðanefndir hafa því m.a. við afgreiðslu á beiðnum um samþykki vegna fyrirhugaðra aðilaskipta skv. 6. gr. haft hliðsjón af áformum hlut-

aðeigandi aðila um búsetu á eigninni og nýtingu hennar að öðru leyti. Hins vegar verður ekki talið að stjórnvöld geti án sérstakrar lagaheimildar bundið samþykki sitt skilyrðum um að sá sem öðlast réttindi yfir eigninni hafi fasta búsetu á eigninni eða nýti eignina með tilteknum hætti. Úrræði stjórnvalda samkvæmt gildandi lögum væri þá að synja um aðilaskiptin á þeim grundvelli að þau væru andstæð hagsmunum sveitarfélagsins eða treysta á orð og yfirlýsingar þess sem fær réttindi yfir eigninni um að hann ætli að búa þar og reka búskap. Sé síðari leiðin farin geta þessi stjórnvöld ekki breytt fyrri ákvörðunum sínum ef viðkomandi hættir að búa á eigninni eða reka þar búskap.

Með þessari breytingartillögu er lagt til að sveitarstjórn og jarðanefnd fái heimild til að binda samþykki sitt á aðilaskiptum skilyrðum um búsetu og atvinnustarfsemi á eigninni í tiltekinn tíma. Rök fyrir því að setja slík skilyrði eru í senn það markmið jarðalaganna, sem lýst var hér í upphafi, og hitt að atvinnustarfsemi á sviði landbúnaðar og hagnýting á gæðum landsins og hlunnindum, sem því fylgja, gerir í mörgum tilvikum kröfu um fasta búsetu á eigninni. Ekki er þó víst að í öllum tilvikum sé ástæða til að krefjast þess að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign sé endilega búsettur á eigninni sjálfri, heldur er nægjanlegt að gera kröfu um að hann sé búsettur í nágrenni eignarinnar til að hann hafi möguleika til að sinna nauðsynlegu eftirliti og umhirðu með starfsemi og nýtingu á eigninni. Dæmi um þetta gæti t.d. verið kaup bónda á annarri jörð í sömu sveit sem hann ætlar að nýta sameiginlega með þeirri jörð er hann á fyrir. Sem annað dæmi mætti nefna aðila sem er búsettur í þéttbýli, en kaupir jarðnæði í nágrenni þess til að reka þar búskap eða nýta hlunnindi. Við mat á því hvað sé eðlileg fjarlægð í merkingu greinarinnar verður fyrst og fremst að líta til þess hvort sá sem öðlast réttindi yfir fasteign geti annast búreksturinn eða þá atvinnustarfsemi, sem hann ætlar að vera með á eigninni, frá heimili sínu.

Þegar sleppir hinum eiginlega landbúnaði þykir rétt að sá sem óskar eftir að öðlast réttindi yfir fasteign hafi sjálfur frumkvæði að því að leggja fyrir upplýsingar um hvaða atvinnustarfsemi hann ætlar að vera með á eigninni. Það er þá hlutverk stjórnvalda að taka upp slík áform sem skilyrði, en ekki að segja fyrir um hvaða atvinnustarfsemi viðkomandi verður að reka.

Nauðsynlegt er að í lögunum séu einnig úrræði sem segi fyrir um með hvaða hætti sé hægt að bregðast við ef aðili fullnægir ekki þeim skilyrðum er stjórnvöld hafa sett honum í þessu efni.

Vegna þeirra ákvæða, sem hér er lagt til að verði tekin í lög, er rétt að minna á ákvæði 2. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, um skyldu jarðareiganda til að byggja jörð sína hæfum umsækjanda ef hann situr ekki sjálfur á jörðinni og úrræði sveitarstjórnar ef jörð er ekki byggð.

Um 4. gr.

Samkvæmt 10. gr. núgildandi laga er óheimilt að reisa sumarbústaði á landi sem lögin taka til og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum nema jarðanefnd samþykki. Jafnframt er skylt að leysa land úr landbúnaðarnotum ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, en um slíka skyldu er ekki að ræða þegar um lóðir undir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa er að ræða. Með hliðsjón af þeim breytingum á réttaráhrifum þess að taka land úr landbúnaðarnotum, sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, er ekki talið rétt að viðhalda þeirri skyldu að taka land undir sumarbústaðahverfi jafnan úr landbúnaðarnotum. Hugsanlegt er að jarðareigandi ákveði að taka hluta úr jörð sinni undir sumarhús ann-

aðhvort til útleigu á eigin vegum í skamman tíma hverju sinni eða með útleigu á lóðum. Það kann að vera vilji jarðareiganda og/eða þeirra stjórnvalda sem um málið fjalla að landið sé ekki tekið úr landbúnaðarnotum og þar með undan ákvæðum jarðalaga um samþykki til aðilaskipta og forkaupsrétt.

Í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, er lagt til að 3. mgr. 10. gr. falli niður. Þá eru ákvæði 5. mgr. flutt yfir í 7. tölul. 6. gr. eins og lagt er til að hann verði orðaður skv. 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að tekin verði upp sú regla að í þeim tilvikum, þegar aðili þarf samþykki skv. 6. gr. laganna til að öðlast réttindi yfir fasteign og ætlar að nýta hana til landbúnaðar, þurfi viðkomandi að hafa tiltekna starfsreynslu á sviði landbúnaðar. Rökin fyrir þessari reglu eru þau að slík starfsreynsla sé eðlilegur undirbúningur undir þennan atvinnurekstur og þannig er talið rétt að áskilja að lágmarki tveggja ára starfsreynslu við landbúnað hér á landi. Með því móti ætti erlendur aðili, sem vill stunda hér landbúnað, að hafa kynnst þeim aðstæðum sem íslenskur landbúnaður er rekinn við. En þessi regla gildir ekki bara um erlenda aðila heldur líka Íslendinga sem búsettir eru hér á landi. Fyrirmynd þessarar reglu er sótt í reglur sem í gildi eru í Danmörku (Bekendtgørelse om uddannelseskrav og bopælskrav m.v. i henhold til landbrugsloven nr. 549/1989), en þar er starfsreynsla við búrekstur sem eigandi eða ábúandi í minnst fjögur ár síðustu 10 ár og þar af minnst tvö ár í landinu, miðað við tiltekna stærð jarðar og umfang rekstrar, lögð að jöfnu við tiltekna lágmarksmenntun á sviði landbúnaðar sem annars er krafist af þeim sem vilja eignast jarðir. Ekki þykir þó rétt að binda regluna hér við eign á jörð eða ábúð því samkvæmt tilskipun EB nr. 63/261 skal sá aðili, sem hefur starfað sem launþegi í landbúnaði í aðildarríkinu í tvö ár, hafa rétt til að reka sjálfstæða landbúnaðarstarfsemi til jafns við og með sömu skilyrðum og innlendir aðilar. Ekki var talið rétt að setja að sinni í lög ákvæði um tiltekna lágmarksmenntun á sviði landbúnaðarfræða til að fá leyfi til að kaupa fasteign til búreksturs.

Hugtakið landbúnaður er í greininni notað í rúmri merkingu og það látið m.a. ná til nýtingar og útleigu hlunninda sem fylgja landi. Er þar fyrst og fremst átt við þau hlunnindi sem íslensk lög miða við að fylgi nytjum og ábúð á jörðum, sbr. t.d. 2. mgr. 24. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976. Ákvæðið tekur því til útleigu og nýtingar á veiðiréttindum en sjálfstæð nýting vatnsréttinda eða jarðhita umfram heimilis- og búþarfir ætti almennt að falla þar utan við. Þá er hugtakið einnig látið ná til útleigu húsa (sumarhúsa) sem ætluð eru til dvalar um takmarkaðan tíma án lóðarréttinda. Þetta síðastnefnda gildir þó ekki ef landið hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum því þá þarf ekki samþykki skv. 6. gr. nái breytingartillaga skv. 2. gr. fram að ganga. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tiltekin atriði og þá m.a. um nánari afmörkun á hugtakinu landbúnaði í merkingu ákvæðisins.

Í upphafi greinarinnar er tekið fram að ákvæðið eigi við þegar fá þarf samþykki skv. 6. gr. til að öðlast réttindi yfir fasteign. Af þessu leiðir að krafan um starfsreynsluna á ekki við í þeim tilvikum þegar ekki þarf að afla samþykkis bæði samkvæmt hinum einstöku töluliðum 4. mgr. 6. gr. og skv. 5. mgr. 6. gr. Samkvæmt þessu gildir krafan um starfsreynslu m.a. ekki:

a. ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til maka síns, barna sinna, barnabarna, kjörbarna, fósturbarna, systkina eða foreldra,
b. ef aðilaskipti verða að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við búskipti vegna skilnaðar.

Í þessum tilvikum eru almennt líkur fyrir því að þeir sem í hlut eiga hafi starfsreynslu á sviði landbúnaðar.

Nái 2. gr. frumvarpsins fram að ganga gildir krafan um starfsreynslu ekki þegar í hlut á land sem búið er að taka úr landbúnaðarnotum.

Í 2. mgr. er ráðherra falið að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar samkvæmt greininni, en sú skilgreining lýtur annars vegar að því til hvers eigi að nýta eignina og hins vegar að því við hvaða starfsemi viðkomandi þarf að hafa starfað til að teljast hafa starfað við landbúnað. Ekki þykir unnt að ákveða í texta greinarinnar hvaða aðili úr hópi fyrirsvarsmanna eða starfsmanna félags/lögaðila þarf að uppfylla skilyrðið um starfsreynslu. Sama gildir þegar fleiri einstaklingar kaupa saman eign. Því er farin sú leið að fela ráðherra að setja reglur um það efni en þær kunna m.a. að verða mismunandi eftir því hvaða félagsform á í hlut.

Tekið skal fram að núverandi ákvæði 11. gr. hafa ekki verið virk í framkvæmd, enda ætti 2. tölul. 5. gr. að duga í því efni eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 37/1982.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. er sett sú viðmiðun að land, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, má ekki taka til annarra nota nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem greind eru í ákvæðinu. Þegar árið 1976 við gildistöku jarðalaga voru aðstæður með þeim hætti að hluti jarða og landspildur úr jörðum voru ekki nýttar beint til landbúnaðar ef svo má að orði komast, heldur hafði þetta land áður verið notað til búrekstrar, en ekki verið beinlínis ráðstafað til annarra nota. Dæmi um slíkt voru ýmsar eyðijarðir og lönd sem skipt hafði verið út úr jörðum. Í framkvæmd hefur því verið litið svo á að í raun hafi bann 1. mgr. 12. gr. jarðalaganna tekið til alls lands sem nýtanlegt var til landbúnaðarins við gildistöku laganna ef því hafði ekki með formlegum hætti verið ráðstafað til annarra nota.

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í þeim dómi, sem gerð var grein fyrir í athugasemd um 2. gr., er hér lagt til að tekin verði af tvímæli um að hugtakið landbúnaðarnot í merkingu 1. mgr. 12. gr. taki einnig til þess lands sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, þar með talinna eyðijarða og einstakra landspildna, ef landinu hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að orðunum „samkvæmt lögum þessum“ verði bætt inn í ákvæðið og frestur ráðuneytisins til að kveða upp úrskurð verði lengdur úr fjórum vikum í sex vikur. Ákvæði laganna um heimildir sveitarstjórna og jarðanefnda til að taka ákvarðanir eru dreifð um hina ýmsu kafla laganna, en sérstöku ákvæði um málskot til ráðherra er búinn staður í II. kafla laganna. Í samræmi við almennar reglur um málskot til æðra stjórnvalds hefur í framkvæmd verið litið svo á að unnt væri að skjóta ákvörðunum sveitarstjórna og jarðanefnda samkvæmt jarðalögunum til landbúnaðarráðherra óháð því hvort heimild til slíkrar ákvörðunar er í II. kafla laganna eða annars staðar. Er það og í samræmi við almennar reglur um málskot til æðra stjórnvalds. Til að forða því að þetta at-

riði verði deiluefni er talið rétt að taka það beint fram að málskotsheimildin, og þar með reglan um málskotsfrestinn, eigi við allar ákvarðanir þessara stjórnvalda samkvæmt lögunum.

Reynslan hefur sýnt að fjórar vikur hafa í ýmsum tilvikum verið mjög knappur tími til meðferðar slíkra kærumála af hálfu ráðuneytisins. Gefa þarf aðilum kost á að koma sínum sjónarmiðum að og í ýmsum tilvikum að tjá sig um upplýsingar og sjónarmið sem fram koma við meðferð málsins af hálfu gagnaðila. Til viðbótar kemur síðan sá tími sem starfsmenn ráðuneytisins þurfa til að ljúka úrskurði í málinu. Því er lagt til að frestur ráðuneytisins verði lengdur.

Um 8. gr.

Við undirbúning tillagnanna um breytingar á jarðalögunum vegna tilkomu EES-samningsins var sérstaklega hugað að því hvort rétt væri að taka upp þá reglu að ríkið ætti forkaupsrétt að eignum sem jarðalögin taka til ef sveitarstjórn eða ábúandi notuðu ekki forkaupsrétt sinn. Í ýmsum lögum má finna ákvæði sem áskilja ríkinu forkaupsrétt að fasteignum noti aðrir lögboðnir forkaupsréttarhafar ekki rétt sinn, sbr. t.d. 2. mgr. 16. gr. orkulaga, nr. 58/1967, um forkaupsrétt ríkisins að jörðum sem jarðhitaréttindi fylgja og 34. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, um forkaupsrétt ríkisins að jörðum sem eru að öllu leyti eða hluta á náttúruminjaskrá.

Ljóst er að almenn regla um forkaupsrétt ríkisins að frágengnum öðrum lögboðnum forkaupsréttarhöfum kallaði á veruleg afskipti ríkisins af viðskiptum með fasteignir samkvæmt jarðalögunum og fulltrúi ríkisins þyrfti þá að taka afstöðu til einstakra samninga. Hér er lagt til að í stað þessa verði farin sú leið að sveitarstjórnir geti framselt forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins. Almennt er það verkefni sveitarstjórna að taka afstöðu til þess hvort aðstæður séu með þeim hætti að það sé í þágu hagsmuna sveitarfélagsins að neyta forkaupsréttar að eign. Hugsanlega kann verð eignar að vera sveitarfélagi ofviða, en líklegt er að það væri einkum í þeim tilvikum þegar um sérstæðar eignir er að ræða vegna hlunninda, sérstæðs náttúrfars eða staðsetningar. Samkvæmt frumvarpinu ætti sveitarstjórn í því tilviki kost á því að framselja rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins og það væri þá háð mati landbúnaðarráðherra og fjárhagsstöðu sjóðsins hvort ríkið notar forkaupsrétt sinn, t.d. vegna þess að það sé talið mikilvægt vegna samfélagslegra sjónarmiða að ríkið eignist tiltekna fasteign eða réttindi eða eignarhald ríkisins sé að öðru leyti talið í þágu hagsmuna viðkomandi sveitarfélags.

Framsal á réttinum til Jarðasjóðs leiðir ekki til þess að sveitarstjórn fái lengri frest því við framsalið færist forkaupsrétturinn frá henni til sjóðsins.

Tilvísunin um að ákvæði kaflans gildi að öðru leyti um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins vísar til þess að þær einstöku reglur, sem fram koma í ákvæðum kaflans, svo sem um með hvaða hætti skuli gera grein fyrir söluverði og öðrum skilmálum, úrræði ef eign er ráðstafað andstætt fyrirmælum laganna og um mat á kaupverðinu, eiga við með sama hætti og þegar ábúandi eða sveitarstjórn á í hlut hafi forkaupsrétturinn verið framseldur til Jarðasjóðs.

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að gerðar verði nauðsynlegrar breytingar á lögum um Jarðasjóð ríkisins, nr. 34/1992, vegna forkaupsréttar samkvæmt þessari grein.

Um 9. gr.

Lagt er til að frestur sveitarstjórnar til að svara forkaupsréttartilboði verði færður til samræmis þeim fresti sem sveitarstjórn hefur til að svara beiðni um samþykki vegna aðilaskipta skv. 6. gr. laganna. Samkvæmt 7. gr. hefur sveitarstjórn 30 daga frá því að erindi barst til að afgreiða beiðni um samþykki á aðilaskiptum, en hins vegar er fresturinn til að svara forkaupsréttartilboði fjórar vikur. Þessi mismunur hefur stundum valdið ruglingi við framkvæmd laganna og til einföldunar er lagt til að miðað verði við 30 daga í báðum tilvikum.

Um 10. gr.

Í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins var því lýst að þótt leyfi sé veitt til að taka land úr landbúnaðarnotum, t.d. undir sumarbústað eða sumarbústaðahverfi, breytti það ekki því að forkaupsréttarákvæði 30. gr. jarðlaganna taka til eignarinnar, sbr. orðalagið „eigi að selja fasteignaréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr.“. Í samræmi við þau sjónarmið, sem lýst var í athugasemd við 3. gr. frumvarpsins, er hér lagt til að forkaupsréttur samkvæmt jarðalögunum verði ekki virkur þegar selt er land og þar með talin mannvirki sem reist hafa verið á því sem tekið hefur verið úr landbúnaðarnotum með sérstöku leyfi ráðherra skv. 1. mgr. 12. gr. Hér gildir líka fyrirvarinn um að leyfi hafi verið þinglýst. Nái þessi breyting fram að ganga þurfa sveitarstjórn og jarðanefnd að gæta þess þegar tekin er afstaða til beiðni um að taka land úr landbúnaðarnotum hvort með því sé verið að skerða búskaparhæfni jarðar. Dæmi um þetta er t.d. þegar samþykkt er að heimila byggingu á einum sumarbústað á stakri lóð úr landi jarðar. Í slíku tilviki getur verið eðlilegt að umrædd stjórnvöld fjalli um síðari aðilaskipti og forkaupsréttur verði virkur til að sameina lóðina á ný jörðinni. Öðru máli gegnir hins vegar um land úr jörð sem tekið er undir sumarbústaðahverfi og landið er skipulagt til þeirra nota. Þá er almennt búið að taka þá ákvörðun að ráðstafa landinu varanlega til þessara þarfa.

Telji sveitarstjórn engu að síður rétt að hún hafi forkaupsrétt að landi sem hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum á hún þann kost að nota heimild 26. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, og áskilja sér með sérstakri samþykkt forkaupsrétt ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum.

Rétt er í þessu sambandi að vekja athygli á dómi Hæstaréttar frá 2. október 1992, en þar var því hafnað að Hafnarfjarðarbær ætti forkaupsrétt á grundvelli jarðalaganna að ¾ hlutum jarðar innan lögsagnarumdæmis bæjarins, en búrekstur hafði ekki verið rekinn á jörðinni og þar var ekki húsakostur til slíks rekstrar. Tekið er fram að af því sem fram hafi komið í málinu megi sjá að landið muni nýtast betur til annarrar starfsemi en búskapar, en það liggi vel við samgöngum og hafnaraðstöðu. Í niðurstöðu dómsins er vísað til tilgangs jarðalaganna og bent á að hann sé fyrst og fremst sá að tryggja nýtingu lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða í þágu þeirra er landbúnað vilja stunda og með hliðsjón af hagsmunum sveitarfélaga af því að innan vébanda þeirra geti landbúnaður þróast með eðlilegum hætti. Hæstiréttur taldi að eins og á stæði væri ekki unnt að fallast á að 30. og 31. gr. jarðalaga gætu tekið til þess landsvæðis er málið varðaði.

Í samræmi við þessa dómsniðurstöðu er hugsanlegt að forkaupsrétti sveitarfélaga að landi og fasteignaréttindum, sem falla undir lögin skv. 3. gr., yrði hafnað af dómstólum ef ekki er sýnt fram á að forkaupsréttinum sé beitt í þágu þess tilgangs jarðalaganna sem áður var lýst.

Um 11. gr.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. er það gert að skilyrði að ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, sem vilja nota kauprétt sinn á ábúðarjörð, gefi út skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggi fram skilríki þar að lútandi. Ákvæði þetta var tekið upp í lög um kauprétt ábúenda ríkisjarða í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á íslenskum lagareglum um óðalsrétt með lögum nr. 8/1936. Fjölmargar jarðir hafa síðan verið gerðar að ættaróðulum bæði með ákvörðunum jarðareigenda og vegna áðurgreinds skilyrðis við sölu ríkisjarða. Hin síðari ár hefur þó verið fátítt að jarðir hafi verið gerðar að ættaróðulum nema í tengslum við sölu ríkisjarða til ábúenda. Kvöð um ættaróðal takmarkar ráðstöfunarrétt þess sem fer með óðalið á hverjum tíma og það erfist eftir ákveðnum reglum en kemur ekki til skipta sem hluti af dánarbúi þess sem setið hefur óðalið með sama hætti og aðrar eignir hans. Þá verður jörð, sem bundin er kvöð um ættaróðal, ekki seld nema hún verði leyst úr óðalsböndum.

Í ljósi breyttra aðstæðna er ekki talin ástæða til að gera kvöð um ættaróðal lengur að skilyrði við sölu ríkisjarða til ábúenda þeirra. Í mörgum tilvikum hafa hlutaðeigandi ábúendur setið jarðirnar lengi og byggt þar upp hús og önnur mannvirki þannig að jörðin sjálf er oft aðeins brot af verðmæti bújarðarinnar. Við kaup ábúanda á jörðinni frá ríkinu er honum hins vegar samkvæmt gildandi lögum gert skylt að gera jörðina að ættaróðali og þar með leggja höft á þær eignir sem hann á í raun þegar fyrir á jörðinni. Þá veldur sú skylda að gera jörð að ættaróðali óvissu þegar kemur að því að meta söluverð jarðar við sölu frá ríkinu til ábúanda.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi lögum getur óðalsbóndi fengið leyfi til að skipta óðalinu í tvö eða fleiri býli milli erfingja. Rétt þykir að heimila einnig að óðalsbóndi geti stofnað til félagsbús með erfingja sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið þannig að ekki þurfi endilega að koma til skipta á óðalinu, t.d. við tímabundnar aðstæður þegar tveir aðilar reka sameiginlega búskap á jörð til undirbúnings ættliðaskiptum. Þessi heimild er þó, eins og áður sagði, bundin því skilyrði að fyrir verður að liggja ákvörðun um að í hlut eigi erfingi sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið. Skortur á lagaheimild af þessu tagi hefur valdið vandkvæðum við framkvæmd laganna.

Um 13. gr.

Á síðustu árum hafa heyrst raddir um að fella algjörlega úr lögum ákvæði um óðalsjarðir. Ekki var talið rétt að fara þá leið að minnsta kosti að sinni vegna stöðu þeirra eigna sem þegar eru undir ættaróðalskvöðum. Væri ekki annað gert en fella niður þessi ákvæði leiddi það væntanlega til þess að þáverandi óðalsbændur fengju fullkomin eignarráð yfir óðalsjörðunum og þar með talda heimild til að selja þær hæstbjóðanda í stað kvaðabundinnar eignar.

Heimild gildandi laga til að leysa jörð úr óðalsböndum er mjög takmörkuð og fyrir þarf að liggja að óðalsbóndi verði að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum sem valda því að honum er ókleift að halda áfram búskap. Einnig þurfa þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, að lýsa því yfir að þeir vilji ekki taka við því til ábúðar. Að auki þarf síðan samþykki ráðherra og meðmæli tiltekinna stjórnvalda.

Hér er lagt til að skilyrði til að leysa óðal úr óðalsböndum verði rýmkuð þannig að ekki þurfi lengur að sýna fram á einhverjar ástæður sem valdi því að óðalsbóndi geti ekki haldið áfram búskap. Það verður hins vegar áfram skilyrði að þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, lýsi því skriflega yfir að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Það er síðan landbúnaðarráðherra að veita leyfið, enda mæli jarðanefnd með því, en fellt er niður skilyrði um meðmæli sýslunefndar og Búnaðarfélags Íslands.

Um 14. gr.

Í samræmi við þá reglu, sem lagt er til að tekin verði upp í 8. gr. frumvarpsins um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins, þarf að bæta inn í lög um sjóðinn heimild fyrir hann til slíkra kaupa. Ekki er talin ástæða til að leggja slíkar beiðnir fyrir stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, enda skammur tími sem ráðherra hefur til afgreiðslu þeirra mála. Því er tekið fram að 2. mgr. 1. gr. gildi hér ekki. Þá eiga ákvæði 3. gr. laga nr. 34/1992 um ákvörðun kaupverðs ekki við þegar um forkaupsrétt er að ræða.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu voru prentuð tvö fylgiskjöl. Á fskj. I voru birtir kaflar úr niðurstöðum álitsgerðarinnar: Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi, samin að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra og landbúnaðarráðherra í júní 1992. Á fskj. II var prentuð umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Um fylgiskjölin vísast í samhljóða fylgiskjöl á þskj. 315, 246. mál á 116. löggjafarþingi, bls. 2291–2296 í A-deild Alþt. 1992–93.

110. Frumvarp til laga [107. mál]

um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt með reglugerð að takmarka ráðstöfun síldar til bræðslu ef telja verður slíkt nauðsynlegt til að tryggja hráefni til vinnslu síldar til manneldis.

Með reglugerð skv. 1. mgr. má ákveða að allri síld, sem veidd er eftir tiltekið tímamark, skuli ráðstafað til manneldisvinnslu eða að hvert skip skuli ráðstafa ákveðnu hlutfalli af afla eftir ákveðið tímamark til manneldisvinnslu.

2. gr.

Ráðherra skal leita umsagnar samráðsnefndar Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna um ráðstöfun síldarafla áður en reglugerð er sett um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu samkvæmt lögum þessum.

Við mat á því hvort takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu sé nauðsynleg skal ráðherra líta annars vegar til þeirra aflaheimilda sem fyrir hendi eru þegar ákvörðun er tekin og hins vegar til gerða samninga um sölu á frystum eða söltuðum síldarafurðum, sem og söluhorfa á þessum afurðum.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur vaxandi hluti síldaraflans farið til mjöl- og lýsisvinnslu. Sem dæmi má nefna að á síldarvertíðinni 1985–86 var aðeins um 2% ráðstafað til bræðslu. Á næstu vertíðum stækkaði þetta hlutfall og náði hámarki á vertíðinni 1992–93, eða 72%. Á síðustu vertíð var þetta hlutfall 63%.

Ýmsar ástæður eru fyrir þessari þróun. Í fyrsta lagi hafa orðið miklar breytingar á sölumöguleikum síldar á síðustu árum, einkum með hruni markaða í fyrrum Sovétríkjunum. Í öðru lagi hafa loðnuveiðar á haustvertíð gengið illa á undanförnum árum og því hefur loðnuflotanum, sem er að stórum hluta í eigu loðnuverksmiðja, í vaxandi mæli verið beint til síldveiða. Í þriðja lagi hefur síldin haldið sig langt frá landi og svo djúpt að erfitt hefur verið fyrir heðbundna síldarbáta að ná henni. Í fjórða lagi gildir sú regla í Evrópusambandinu að óheimilt er að ráðstafa síld til bræðslu. Vaxandi síldarafli í Evrópu hefur leitt til mikils framboðs af verkaðri síld í Evrópu og lækkandi verðs á síldarafurðum. Fleiri ástæður mætti nefna.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur haft áhyggjur af þróun þessara mála. Útreikningar Þjóðhagsstofnunar sýna að mest vinnsluvirði sé af vinnslu síldar til manneldis en mun minna ef síldin er brædd. Þá hafa aðilar vinnumarkaðarins hvatt til þess að síld sé ráðstafað til manneldisvinnslu til þess að vinna bug á vaxandi atvinnuleysi. Ráðuneytið hefur reynt í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi að leita leiða til að tryggja að stærri hluti síldaraflans fari til manneldisvinnslu, m.a. með því að halda fundi með fulltrúum útgerða, sjómanna, vinnslu og sölusamtaka þar sem rætt hefur verið hvort ástæða sé til að grípa til einhverra ráðstafana. Í framhaldi af þessum fundum áttu útvegsmenn og fiskvinnsluaðilar formlega fundi um málið á síðustu síldarvertíð þar sem skipst var á upplýsingum um ýmsa þætti málsins og leiðir til að tryggja að meira af aflanum færi til manneldisvinnslu.

Undir lok síðustu síldarvertíðar þótti sýnt að ekki mundi takast að standa við gerða samninga um sölu á síld til manneldis. Var því gripið til þess ráðs að setja lög sem bönnuðu ráðstöfun síldar til bræðslu. Lögin komu ekki að tilætluðu gagni vegna þess hve síldveiðarnar voru langt komnar og vegna þess að í lok vertíðarinnar var síldin of smá til söltunar og frystingar.

Í byrjun september skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd sem gera á tillögur sem miða að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Nefndinni var m.a. falið að endurskoða í þessu sambandi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning salt-

aðrar síldar, í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir. Nefndin ákvað að vinna fyrst að tillögum um ráðstöfun síldar fyrir vertíðina sem hófst í upphafi september og skilaði tillögum þar að lútandi í lok mánaðarins.

Nefndin lagði m.a. til við sjávarútvegsráðherra að hann flytti frumvarp til laga við upphaf næsta þings þess efnis að honum yrði veitt heimild til að takmarka ráðstöfun síldar til bræðslu í því skyni að tryggja að nægileg síld fáist upp í sölusamninga vegna síldar sem unnin er til manneldis. Nefndin telur að þessar tillögur, sem eru í fjórum liðum, ættu að vera til þess fallnar að leysa þann vanda sem upp hefur komið varðandi ráðstöfun síldar á síðustu vertíðum. Leiði reynslan hins vegar annað í ljós þurfi að grípa til frekari ráðstafana, sjá fskj. I.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að ráðherra geti með reglugerð takmarkað ráðstöfun síldar til bræðslu. Heimilt er að grípa til slíkrar takmörkunar ef í ljós kemur að það er nauðsynlegt til að tryggja nægilegt hráefni til manneldisvinnslu. Það leiðir af eðli máls að slík ákvörðun yrði bundin við viðkomandi vertíð en veiðitímabil síldar er nú frá 1. september til 1. maí. Líklegt er að yfirleitt komi það ekki í ljós fyrr en vertíð er hafin hvort þörf sé á að grípa til slíkra takmarkana en þó er ekki óhugsandi að slíkt sé ljóst fyrir upphaf vertíðar. Takmarkanir geta verið með tvennum hætti. Annað hvort þannig að öllum afla sem landað er eftir ákveðið tímamark skuli ráðstafað til manneldis eða að tiltekinn hluti afla skuli fara til slíkrar vinnslu. Verði síðari leiðin valin yrði hlutfallið miðað við afla hvers skips sem landað er eftir viðkomandi tímamark. Ef of stór hluti tiltekins farms nýttist þannig ekki til manneldisvinnslu yrði viðkomandi skip að ráðstafa þeim mun hærra hlutfalli til manneldis það sem eftir lifði vertíðar.

Um 2. gr.

Í áfangaskýrslu nefndar um síldarmál er lagt til að stofnað verði til formlegs samstarfs útvegsmanna og vinnsluaðila til að miðla upplýsingum um stöðu veiða og vinnslu. Með þessari grein er lagt til að ráðherra skuli leita umsagnar þessarar samráðsnefndar áður en reglugerð er sett um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu. Í 2. mgr. greinarinnar eru tilgreind þau atriði sem ráðherra skal hafa til hliðsjónar er hann metur nauðsyn á að grípa til heimilda frumvarpsins. Eru það annars vegar þær aflaheimildir sem ekki hafa verið nýttar þegar ákvörðun er tekin og hins vegar þörf á hráefni til manneldisvinnslu með hliðsjón af gerðum sölusamningum og markaðshorfum.

Um 3. og 4. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

NEFND UM SÍLDARMÁL
Áfangaskýrsla.
(22. sept. 1994.)

Í byrjun september skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd sem gera á tillögur sem miða að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Nefndinni var m.a. falið að endurskoða í þessu sambandi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir.

Í nefndinni eiga sæti Halldór Árnason, formaður hennar, Valdimar Indriðason og Jón Eyfjörð Eiríksson, skipaðir af sjávarútvegsráðherra, Dagmar Óskarsdóttir, tilnefnd af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Gunnar Flóvenz, tilnefndur af síldarútvegsnefnd, Ólafur Baldur Ólafsson, tilnefndur af Samtökum fiskvinnslustöðva, og Sverrir Leósson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndin tók ákvörðun á fyrsta fundi sínum að vinna fyrst að tillögum um ráðstöfun síldar fyrir vertíðina sem hófst í upphafi þessa mánaðar. Nefndin hyggst síðar fjalla um endurskoðun laga nr. 62/1962. Samkomulag var í nefndinni um eftirfarandi tillögur sem hún telur að muni stuðla að því að síld verði í auknum mæli unnin til manneldis.

1. Takmörkun síldveiða til bræðslu.

Undir lok síðustu síldarvertíðar þótti sýnt að ekki mundi takast að standa við gerða samninga um sölu á síld til manneldis. Var því gripið til þess ráðs að setja lög sem bönnuðu ráðstöfun síldar til bræðslu. Lögin komu ekki að tilætluðu gagni þar sem síldveiðarnar voru langt komnar og einnig vegna þess að í lok vertíðarinnar var síldin of smá til söltunar og frystingar.

Lagt er til við sjávarútvegsráðherra að hann flytji frumvarp til laga við upphaf næsta þings þess efnis að honum verði veitt heimild til að takmarka ráðstöfun síldar til bræðslu í því skyni að tryggja að nægileg síld fáist upp í sölusamninga vegna síldar sem unnin er til manneldis. Æskilegt væri að sjávarútvegsráðherra hefði samráð við nefnd útgerðar og fiskvinnslu hvað þetta varðar, sbr. 4. lið hér að neðan.

2. Kælibúnaður og sogdælur (vakumdælur).

Meðferð á síld um borð í fiskiskipum og við löndun hennar ræður miklu um á hvern hátt má hagnýta hana. Mikilvægt er að kæla síld sem vinna á til manneldis, einkum síld sem veiðist á fjarlægum miðum, þar með talda síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Kælibúnaður í skipum stuðlar einnig að bættri nýtingu á loðnu og loðnuafurðum jafnt í bræðslu sem til manneldis. Hins vegar er kælibúnaður dýr.

Reynsla af notkun sogdælna (vakumdælna) við löndun á síld hefur gefið góða raun. Notkun þeirra hefur bætt til muna meðferð á síld sem ætluð er til manneldis og auðveldað löndun hennar. Því er mikilvægt að sogdælur (vakumdælur) séu til staðar í höfnum þar sem síld er söltuð eða fryst. Þær eru nú fyrir hendi á nokkrum stöðum en ekki nógu víða. Líklegt er að dælunum verði einnig komið fyrir um borð í fiskiskipum til þess að auðvelda flokkun á loðnu um borð, við blöndun á ís í afla og til löndunar úr skipunum.

Kælibúnaður um borð í skipum og sogdælur (vakumdælur) í höfnum og skipum mundu bæta aflameðferð og stuðla að aukinni vinnslu á síld og loðnu til manneldis. Til þess að örva þróun í þessa átt er lagt til að sjávarútvegsráðherra hlutist til um að veitt verði hagstæð lán til hafna og fyrirtækja til slíkra fjárfestinga.

3. Markaðssókn.

Leggja ber áherslu á að gera sem verðmætasta útflutningsvöru úr þeirri síld sem landsmenn veiða. Í því skyni verði allt gert sem unnt er til að afla nýrra markaða fyrir hefðbundnar og nýjar síldarafurðir. Jafnframt verði gripið til sérstakra aðgerða til að greiða fyrir framleiðslu- og útflutningsmöguleikum á síld til þeirra markaða sem glatast hafa að einhverju eða öllu leyti í löndum fyrrverandi Sovétríkjanna á undanförnum árum.

Með hliðsjón af framansögðu skal athygli vakin á eftirfarandi vandamálum, sem við er að glíma, varðandi stöðu íslenskrar saltsíldar á helstu mörkuðum, sem leysa þarf í samráði við íslensk stjórnvöld:

a. Háir tollar eru áfram á öllum tegundum af heilli og hausskorinni saltsíld frá Íslandi í ríkjum ESB og þrátt fyrir EES-samninginn ríkir enn óvissa um það hvort tollar fáist niðurfelldir á þeim tegundum saltaðra síldarflaka sem einkum er markaður fyrir í ríkjum Efnahagssvæðisins.
b. Fram að þessu hafa engir tollar verið á saltaðri síld í stærstu vestrænu markaðslöndunum, þ.e. Svíþjóð og Finnlandi. Gerist þessi ríki meðlimir ESB munu markaðir þar fyrir íslenska saltsíld verða í alvarlegri hættu þar sem sömu háu innflutningstollarnir og í löndum ESB mundu þá leggjast á saltaða síld frá Íslandi. Gangi Noregur einnig í ESB er hætta á að þessir markaðir glatist með öllu.
c. Á hinu takmarkaða neyslusvæði saltaðrar síldar er neyslan langmest á þeim landssvæðum sem áður tilheyrðu fyrrverandi Sovétríkjunum. Aðal hindrunin varðandi sölu á miklu magni til þessara landsvæða er sú að innflutnings- og dreifingaraðilar þar treysta sér ekki til að kaupa síldina nema gegn ákveðnum greiðslufresti sem ekki hefur verið unnt að veita.

Með hliðsjón af framangreindum greiðsluerfiðleikum, svo og áðurnefndum hindrunum varðandi útflutning á saltsíld, er brýnna en nokkru sinni fyrr að strax verði, í samvinnu við íslensk stjórnvöld, fundnar viðunandi leiðir til að auka á ný síldarsölu til Rússlands og e.t.v. annarra landa fyrrverandi Sovétríkjanna.

4. Samráð vinnslu og útgerðar.

Fiskmjölsverksmiðjur senda Samtökum fiskvinnslustöðva daglega upplýsingar um landanir loðnuskipa. Samtökin taka saman heildaryfirlit sem þau senda verksmiðjunum, útgerðaraðilum og söluaðilum. Vikulega er tekið saman yfirlit yfir reiknaða kvótastöðu allra loðnuskipa samkvæmt þessum upplýsingum og upplýsingum frá Fiskistofu. Er það sent sömu aðilum.

Lagt er til að sami háttur verði hafður á varðandi síldina. Stofnað verði til formlegs samstarfs útvegsmanna og vinnsluaðila um stöðu veiða og vinnslu með því að koma á fót samráðsnefnd þessara aðila sem haldi fundi reglulega á meðan vertíð stendur yfir. Síldarsaltendur, frystihús og bræðslur sendi samráðsnefnd þessara aðila daglega upplýsingar um löndun á síld og vinnslu hennar.

Nefndin telur að þessar tillögur ættu að vera til þess fallnar að leysa þann vanda sem upp hefur komið varðandi ráðstöfun síldar á síðustu vertíðum. Leiði reynslan hins vegar annað í ljós þarf að grípa til frekari ráðstafana.

Halldór Árnason,
Jón Eyfjörð Eiríksson,
Sverrir Leósson,
Valdimar Indriðason,
Gunnar Flóvenz,
Ólafur Baldur Ólafsson,
Dagmar Óskarsdóttir.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði veitt heimild til að takmarka ráðstöfun síldar til bræðslu í þeim tilgangi að tryggja hráefni til vinnslu síldar til manneldis.

Frumvarp þetta mun ekki skapa kostnað fyrir ríkissjóð umfram það að verkefni skapast í sjávarútvegsráðuneytinu og á Fiskistofu við að fylgjast með ráðstöfun síldarafla til vinnslu. Ekki verður gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til að sinna því verkefni, þ.e. það verður talið hluti af fyrirliggjandi verkefnum.

111. Frumvarp til laga [108. mál]

um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Upphafsákvæði.
1. gr.

Markmið laga þessara og tilgangur er að:

1. Stuðla að skipulagðri þróun flugs með íslenskum loftförum.
2. Tryggja að alþjóðlegum og íslenskum kröfum um örugga og vel starfrækta loftflutninga sé fylgt.
3. Fullnægja þörf og alþjóðlegum kröfum um flugvelli, flugleiðsögu, flugumferðarstjórn og aðra þjónustu er loftferðir kunna að þarfnast, allt með almannaheill að leiðarljósi.

2. gr.

Lög þessi gilda á íslensku yfirráðasvæði, þar með talið land, sjór og lofthelgi landsins, og einnig um borð í íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd nema samningar við önnur ríki eða lög þess ríkis er loftfarið fer um segi annað.

Fyrir refsiverðan verknað framinn um borð í íslensku loftfari, en utan íslensks yfirráðasvæðis, skal refsað samkvæmt ákvæðum íslenskra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, sbr. I. kafla laganna.

Ráðherra ákveður að hve miklu leyti reglur samdar samkvæmt lögum þessum gildi utan íslensks yfirráðasvæðis.

3. gr.

Stjórnun á efni laga þessara er í höndum samgönguráðherra.

Ráðherra ákveður með reglugerð í hvers hendur hann ráðstafar eftirlits- og framkvæmdarvaldi einstakra kafla laga þessara.

Þegar flugmálastjórnin er nefnd í lögum þessum er átt við samgönguráðherrann eða þann sem hann hefur framselt vald sitt til samkvæmt lögum þessum.

Samgönguráðherra, eða sá er hann vísar til, ræður starfsmenn til að starfrækja flugmálastjórnina.

Flugmálastjórnin hefur eftirlit með því að ákvæði loftferðalaga séu haldin, eftir því sem við verður komið. Verði hún áskynja um brot skal hún kæra hinn brotlega til viðkomandi yfirvalds og svipta hann réttindum til bráðabirgða ef það á við, sbr. 33. gr.

4. gr.

Íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum þessum er lárétt: landið ásamt eyjum og landhelgin eins og hún er ákveðin á hverjum tíma, nú 12 sjómílur skv. 26. gr. laga nr. 55/1987, lóðrétt: lofthelgin yfir landhelginni án efri takmarkana.

5. gr.

Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Samgönguráðherra setur reglur um tæki sem ætluð eru til að hreyfast um loftið, en eru eigi loftför.

Samgönguráðherra getur undanþegið ákvæðum laga þessara eða sett sérreglur um loftför sem ekki hafa stjórnanda innan borðs, eru ekki knúin af hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar, enda sé öryggi loftferða eigi teflt í tvísýnu né gildar ástæður mæli gegn. Þó verður ekki með þessum hætti gerð breyting á ákvæðum einkaréttarlegs eðlis né á refsiákvæðum.

6. gr.

Loftförum er aðeins heimil ferð um íslenskt yfirráðasvæði ef eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

1. Það hafi íslenskt þjóðerni.
2. Það hafi þjóðerni ríkis sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenskt yfirráðasvæði.

3. Það hafi heimild ríkisstjórnar Íslands til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði. Slík leyfi má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru þau afturkallanleg án fyrirvara.

7. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu, getur forseti Íslands, að tillögu ríkisstjórnar, takmarkað eða bannað loftferðir almennt eða um hluta af íslensku yfirráðasvæði.

Flug yfir hljóðhraða er óheimilt innan íslensks yfirráðasvæðis. Þó getur samgönguráðherra heimilað þannig flug, að settum nauðsynlegum skilyrðum.

II. KAFLI
Þjóðernisskrá.

8. gr.

Flugmálastjórnin skal halda þjóðernisskrá um íslensk loftför. Skrásetjari þjóðernisskráningar skal tilkynna skrásetjara réttinda í loftförum, svo fljótt sem verða má, allar breytingar er verða á þjóðernisskrá.

Hafi loftfar verið þjóðernisskráð samkvæmt ákvæðum laga þessara hlýtur það íslenskt þjóðerni og skrásetjari gefur út númerað þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu. Loftfarið hefur íslenskt þjóðerni meðan skírteinið heldur gildi sínu.

Þegar loftfar er þjóðernisskráð skal merkja það íslensku þjóðernismerki, skrásetningarmerki og skrásetningarnúmeri. Merki þessi skal loftfarið bera meðan skrásetning þess er í gildi. Skrásetningarnúmeri má ekki breyta.

Um skrásetningu réttinda í loftförum gilda sérstök lög nr. 21/1966. Sýslumaður í Reykjavík annast framkvæmd þeirrar réttindaskrár.

9. gr.

Skrásetja skal hér á landi loftfar sem er í eigu íslenskra ríkisborgara er eiga lögheimili hérlendis eða íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi. Réttur til skrásetningar loftfars er þó háður því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Samgönguráðherra getur leyft að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi, megi skrá hér á landi þótt eigandi þess fullnægi eigi skilyrðum 1. mgr.

10. gr.

Loftfar, sem skrásett er erlendis, verður eigi skráð hér á landi fyrr en það hefur verið strikað af erlendri skrá.

Ef á loftfari hvíla skráð réttindi sem meta skal gild hér á landi samkvæmt samningi við erlent ríki verður loftfarið eigi tekið á íslenska skrá nema rétthöfum hafi verið gerð full skil, þeir samþykki flutninginn eða réttindin séu niður fallin við nauðungarsölu.

11. gr.

Loftfar skal eigi skrásetja nema það hafi lofthæfisskírteini sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða metið gilt.

12. gr.

Skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur sem nauðsynlegar eru til skrásetningar og henni skulu fylgja skilríki fyrir því að umsækjandi sé eigandi loftfarsins, hvenær og af hverjum það er smíðað og svo að skilyrðum 9.–11. gr. sé fullnægt. Ef eignarréttur umsækjanda er bundinn skilyrðum eða takmörkunum sem geta leitt til að eignarréttarinn flytjist til annars aðila skal geta þess í umsókn.

Ef umsækjandi gerir sennilegt að hann sé eigandi en tekst eigi að leiða fullnægjandi sönnur að eignarheimild sinni skal skrásetjari að beiðni hans birta opinberlega áskorun til þess er kann að telja sig eiganda að gefa sig fram áður en liðinn er frestur er eigi má vera styttri en tveir mánuðir. Ef enginn gefur sig fram skal skrásetjari viðurkenna eignarheimild umsækjanda.

13. gr.

Ef skilyrði eru til skrásetningar að dómi skrásetjara skrásetur hann loftfar og lætur því í té skrásetningarmerki og númer.

Á skrá skal setja:

a. Þjóðernismerki, skrásetningarmerki og númer loftfars.
b. Nauðsynlega skýrslu um annað það er einkennir loftfar, svo sem: Tegund og gerð loftfars, verksmiðjunúmer á skrokk og vél og smíðaár.
c. Skýrslu um eiganda, nafn hans, heimili og eignartöku hans á loftfari og, sé því að skipta, skilyrði og hömlur sem greindar eru í 1. mgr. 12. gr.
d. Hver er umráðandi ef hann er annar en eigandi.
e. Dag og ár skrásetningar.
f. Aðrar skýrslur eftir ákvörðun samgönguráðherra.

14. gr.

Ef eigandaskipti verða á loftfari eftir skrásetningu, að nokkru eða öllu, eigandi þess breytir þjóðerni sínu eða gerð er breyting á loftfarinu sem máli skiptir um kennsl á því skal eigandi tafarlaust tilkynna skrásetjara breytinguna og leggja fram nauðsynlegar skýrslur og skilríki. Með sama hætti skal fara þegar eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 9. gr.

Verði eigandaskipti að loftfari að nokkru eða öllu með samningi hvílir tilkynningarskylda einnig á afsalsgjafa. Fari eignartaka á loftfari fram fyrir nauðungarsölu, gjaldþrot eða opinber skipti hvílir slík skylda á þeim sem fer með skiptagerð.

Skrásetjari skal skrá breytingu og geta ákvæða 12. og 13. gr. eftir því sem þörf er á. Beri atvik undir 15. gr. skal strika loftfar af skrá eða gera athugasemd á blað þess.

15. gr.

Loftfar skal strika af skrá þegar:

a. skráður eigandi krefst þess;
b. skilyrðum 9. gr. er eigi lengur fullnægt, enda veiti samgönguráðherra eigi leyfi til að skráning loftfarsins haldist;
c. loftfar er rifið eða það hefur eyðilagst;

d. loftfar er horfið. Loftfar telst horfið þegar liðnir eru þrír mánuðir frá því síðasta flug hófst og eigi er vitað að það sé enn óskaddað.

Hafi eitthvert þeirra tilvika fyrir borið sem nefnd eru í b–d-liðum þessarar greinar skal eigandi loftfars tafarlaust tilkynna það skráningaryfirvöldum, enda hafi það eigi þegar verið gert skv. 14. gr.

Hafi loftfar eigi haft gilt lofthæfisskírteini í þrjú ár má strika það af skrá, enda afli eigandi eigi slíks skírteinis áður en liðinn er frestur sem skrásetningaryfirvöld setja honum.

Ef skráð er haft á loftfari skal ekki fella loftfar niður af þjóðernisskrá nema rétthafi samþykki það.

16. gr.

Ef skráð loftfar er selt gegn afborgun og eignarréttarfyrirvara eða samningur gerður um kaupleigu skal tilkynna samninginn tafarlaust til skrásetjara. Tilkynningarskylda hvílir bæði á eiganda og kaupanda.

Skrásetjari skal skrá málavexti og fá afrit viðkomandi samninga.

Ef loftfar, sem skráð er hér á landi, er látið í forræði leigutaka, eða annars sem notar það á eigin kostnað, þá er hvorum samningsaðila skylt að tilkynna þetta skrásetjara áður en notkun hefst og skráir hann umráðin í þjóðernisskrá.

17. gr.

Ef loftfar er fellt niður af skrá skal eigandi þess, eða fyrri eigandi sé það komið í eigu erlends aðila, tafarlaust senda skrásetjara þjóðernis- og skrásetningarskírteinið. Ef færð er í skrána einhver breyting á þeim atriðum sem getur í skírteininu skal eigandinn án tafar senda skrásetjara skírteinið og skráir hann breytingarnar á skírteinið eða gefur út nýtt skírteini í stað hins.

18. gr.

Í íslensku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera:

a. Staðfesting á þjóðernisskráningu.
b. Gilt lofthæfisskírteini.
c. Gilt leyfisbréf fyrir hvern flugverja.
d. Loftferðadagbók.
e. Talstöðvarskírteini.
f. Farþegalisti, ef loftfarið flytur farþega í flugi milli landa, og skulu þar greind nöfn þeirra, flugvöllur þar sem þeir eru teknir og flugvöllur sá er þeir ætla til.
g. Farmskírteini og sundurliðuð skýrsla um farm, ef það flytur farm í flugi milli landa.

Í erlendu loftfari á íslensku yfirráðasvæði skulu vera samsvarandi skilríki frá viðkomandi erlendu ríki eða ríkjum sem rétt hafa til flugferða um íslenskt yfirráðasvæði.

Sá sem hagsmuna hefur að gæta að lögum hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.

Ef ekki er öðruvísi mælt í sérstökum lögum setur samgönguráðherra reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari og, ef þurfa þykir, gerð þeirra, ritun og geymslu.

III. KAFLI
Lofthæfi.

19. gr.

Loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal vera lofthæft.

Loftfar er einungis lofthæft ef það fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Það sé hannað samkvæmt viðeigandi stöðlum og hafi skírteini er vottar slíkt.
2. Það sé framleitt af viðurkenndum smiðum eða verksmiðju.
3. Viðhald þess og reglubundið eftirlit sé í samræmi við reglur flugmálayfirvalda um grannskoðun, viðgerðir, breytingar og ísetningu.
4. Uppfylli stjórnvaldskröfur um mengunarvarnir, m.a. vegna hávaða eða útblásturs.
5. Loftfarið, áhöfn þess og farþegar séu vátryggð á fullnægjandi hátt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

20. gr.

Flugmálastjórnin framkvæmir skoðun á loftförum og hefur eftirlit með því að loftför, sem notuð eru til loftferða eftir lögum þessum, séu lofthæf.

Flugmálastjórninni er heimilt að láta íslenskan eða erlendan kunnáttumann eða erlent stjórnvald, er hún skipar, framkvæma skoðun og eftirlit.

21. gr.

Ef sannreynt er með skoðun eða á annan hátt að loftfar sé lofthæft gefur flugmálastjórnin út lofthæfisskírteini handa loftfarinu. Gefa má út skírteini til tiltekins tíma og má takmarka það við loftferðir tiltekinnar tegundar eða á tilteknu svæði.

Samgönguráðherra getur kveðið svo á að taka skuli upp í skírteinið eða sérstakt skjal er skírteininu fylgi leiðbeiningar um notkun loftfarsins, enda teljist það þá lofthæft þegar leiðbeiningunum er fylgt.

22. gr.

Íslenskt loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal til sannindamerkis um lofthæfi sitt hafa lofthæfisskírteini um borð sem er gefið út eða staðfest af flugmálastjórninni.

Erlent loftfar í loftferðum um íslenskt yfirráðasvæði skal annaðhvort hafa slíkt skírteini eða lofthæfisskírteini sem gefið hefur verið út eða staðfest í erlendu ríki sem samið hefur verið við um viðurkenningu þess háttar skírteinis hér á landi.

23. gr.

Lofthæfisskírteini verður ógilt:

1. Þegar fyrirskipuð skoðun hefur ekki verið framkvæmd á loftfari.
2. Þegar gerð hefur verið slík breyting á loftfari og búnaði þess að máli getur skipt um lofthæfi þess.
3. Þegar loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum sem einsýnt er að máli skiptir um lofthæfi þess.

Verði skírteini ógilt getur flugmálastjórnin heimt það til sín. Ógildingin helst uns flugmálastjórnin lýsir loftfar lofthæft.

24. gr.

Ákvæði 21. og 23. gr. um íslenskt lofthæfisskírteini skulu með tilsvarandi hætti eiga við um staðfestingu flugmálastjórnarinnar á erlendu lofthæfisskírteini og um endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

25. gr.

Umráðanda samkvæmt þjóðernisskrá og flugstjóra loftfars, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum, ber skylda til að fullvissa sig um að loftfarið sé lofthæft og bera ábyrgð á að því fylgi gilt lofthæfisskírteini.

Ef eitthvað ber við sem máli skiptir um lofthæfi skal skráður umráðandi í þjóðernisskrá eða flugstjóri loftfars, samkvæmt reglum er samgönguráðherra setur, tilkynna flugmálastjórninni það svo fljótt sem verða má og veita henni alla vitneskju sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu.

26. gr.

Flugmálastjórninni, svo og kunnáttumanni þeim eða yfirvaldi er í 20. gr. getur, er heimill aðgangur að hverju því loftfari sem notað er til loftferða eftir lögum þessum. Nefndum aðilum er heimilt að framkvæma hverja þá rannsókn á loftfarinu og búnaði þess sem þeir telja nauðsynlega við skoðun og eftirlit. Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt þjóðernisskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars, þeirrar aðstoðar sem þörf er á. Þeim er þannig heimilt að krefjast þess að loftfarið sé haft tiltækt til skoðunar, það affermt og prófflug og önnur próf framkvæmd.

Rannsókn samkvæmt þessari grein skal framkvæma með þeirri nærgætni sem kostur er.

27. gr.

Samgönguráðherra getur ákveðið að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin sérfróðum mönnum sem sérstaklega eru til slíks starfs löggiltir eða fyrirtækjum sem til starfans setja sérfróða og löggilta menn.

IV. KAFLI
Flugverjar.

28. gr.

Hvert það loftfar sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum skal hafa áhöfn svo tryggt sé að ferð megi ljúka farsællega. Í áhöfn eru flugverjar en þeir eru starfsmenn sem gegna starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, enda telst starf þeirra nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna. Til flugverja teljast:

a. Flugliðar. Þeir eru flugverjar sem eru handhafar fullgildra skírteina og er falið starf sem er nauðsynlegt við stjórn og starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.
b. Þjónustuliðar. Þeir eru flugverjar sem hafa það hlutverk um borð í loftfari að þjóna farþegum og annast öryggi þeirra meðan á fartíma stendur.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um hæfni flugverja og fjölda þeirra um borð.

Skráður umráðandi samkvæmt þjóðernisskrá og flugstjóri loftfars ábyrgjast að það sé réttilega skipað áhöfn.

29. gr.

Flugmálastjórnin hefur eftirlit með því að ákvæðin um áhöfn séu haldin. Henni er heimilt að láta íslenskan eða erlendan kunnáttumann og svo erlent yfirvald framkvæma eftirlitið.

30. gr.

Samgönguráðherra ákveður hvaða skilyrðum flugverjar, er í loftfari starfa, skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun.

31. gr.

Flugmálastjórnin gefur út skírteini flugstjóra og annarra þeirra flugverja sem samgönguráðherra kveður á um, enda sanni sá er í hlut á að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

Skírteini skal gefa út til tiltekins tíma og skal einnig endurnýja til tiltekins tíma eftir umsókn, enda fullnægi handhafi þess lögmæltum skilyrðum til starfans á endurnýjunarstundu. Sama gildir um staðfestingu erlendra skírteina.

Heimilt er flugmálastjórninni að synja þeim manni skírteinis sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun sem veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið, enda hafi brot varðað varðhaldi eða fangelsi.

32. gr.

Flugverji í íslensku loftfari skal hafa meðferðis fullgilt skírteini, sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða metur gilt samkvæmt milliríkjasamningum, til að sanna heimild sína til starfsins.

Flugmálastjórninni er heimilt að synja um viðurkenningu á skírteini sem annað ríki hefur veitt íslenskum ríkisborgara, að því er tekur til loftferða yfir íslensku yfirráðasvæði, ef ekki leiðir annað af milliríkjasamningum.

33. gr.

Hafi maður skírteini sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða metið gilt skal hann svo fljótt sem verða má tilkynna henni atriði sem máli skipta er meta skal hvort hann fullnægi áfram skilyrðum til starfans. Honum er skylt hvenær sem er að gangast undir þá rannsókn og þau próf sem flugmálastjórnin telur nauðsynleg.

Verði læknir þess vís að flugverji er haldinn slíkri heilsubilun að hætta stafi af starfa hans í loftfari ber lækninum að vara hann við og tilkynna flugmálastjórninni vitneskju sína eftir reglum er samgönguráðherra setur.

Ef flugmálastjórnin telur að rök séu til að svipta mann skírteini er gefur rétt til að starfa í loftfari vegna ofangreindra atriða eða rökstudd ástæða er til að ætla að misfarið hafi verið með skírteinið er henni heimilt að svipta hann skírteini til bráðabirgða meðan hún rannsakar sakargiftir, þó ekki lengur en einn mánuð ef um atvinnuréttindi er að ræða en þrjá mánuði ella.

Að þeim tíma loknum, eða áður, skal flugmálastjórnin bera sviptinguna undir viðkomandi dómara, fella skírteinið úr gildi vegna þess að flugverji uppfyllir ekki heilsufarsskilyrði eða afhenda skírteinið rétthafa að nýju. Dómari sá sem málið ber undir getur hvenær sem er ógilt ákvörðun flugmálastjórnarinnar.

Svipta skal flugstjóra eða flugliða skírteini er gefur rétt til að starfa í loftfari með dómi ef hann hefur rækt starfa sinn á mjög vítaverðan hátt eða telja verður með hliðsjón af eðli mistaka hans eða atferli við starfann mjög varhugavert af öryggisástæðum að hann starfi í loftfari.

Svipting skírteinis skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en sex mánuði, eða að fullu og öllu, ef sakir eru miklar. Svipting skírteinis skv. 36. gr. skal ekki vera skemmri en eitt ár. Hafi maður verið sviptur skírteini um stundarsakir af flugmálastjórninni skal ákveða í dómi hvort sá tími dregst frá endanlegum sviptingartíma.

Ef kveðinn er upp sýknudómur í undirrétti og ákæruvaldið áfrýjar honum skal það í kærumáli æskja dóms Hæstaréttar um að ákærði sé sviptur réttindum meðan á áfrýjun stendur, enda séu gildar ástæður til.

Ef maður er sviptur rétti til starfa í loftfari til bráðabirgða, eða með dómi til fullnaðar, er honum skylt að afhenda flugmálastjórninni skírteini sitt til vörslu.

Hafi manni, sem hefur íslenskt ríkisfang eða íslenskt heimilisfang, verið refsað erlendis fyrir atferli sem leitt hefði samkvæmt þessarri grein til sviptingar á rétti til að starfa í loftfari ef mál hefði verið dæmt eftir lögum þessum skal krefjast slíkrar sviptingar á réttindum í opinberu máli hér á landi. Ákvæðum þessarar greinar skal þá beita.

Ákvæðum þessarar greinar skal með samsvarandi hætti beita um menn sem hafa starfa þann á hendi er getur um í 72. gr.

34. gr.

Flugmálastjórninni er heimilt að leyfa að loftfar sé notað til loftferða í æfingarskyni eða annars séu sérstakar ástæður til þótt það sé eigi skipað áhöfn samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

35. gr.

Flugverji skal hlýða skipunum yfirmanna sinna í starfa sínum, vera umhyggjusamur um loftfar, menn og varning sem í því eru og rækja starfsskyldur sínar af samviskusemi.

36. gr.

Enginn flugverji, flugumferðarstjóri eða flugupplýsingamaður má hafa á hendi starfa í loftfari, vera við stjórn loftfars, stjórna loftferðum eða veita þjónustu vegna loftferða sé hann vegna neyslu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarrar líkrar orsakar óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt. Ef vínandamagn í blóði flugverja, flugumferðarstjóra eða flugupplýsingamanns er yfir 0,4‰ eða áfengi er í líkama hans sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóðinu telst hann undir áhrifum áfengis og eigi hæfur til að starfa í loftfari eða við stjórn þess. Það leysir aðila ekki undan sök þótt hann ætli vínanda í blóði sínu minni.

Flugstjóri og flugverjar sem teljast til áhafnar loftfara, svo og flugumferðarstjórar og flugupplýsingamenn er annast leiðbeiningar fyrir loftför á jörðu niðri, mega ekki neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja síðustu 18 klukkustundir áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi.

Varðar það að jafnaði missi réttinda til starfans um stundarsakir, þó eigi skemur en sex mánuði, eða fyrir fullt og allt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað, sbr. þó 5. og 6. mgr. 33. gr. hvað varðar flugstjóra og flugliða.

Sá sem starfað hefur í loftfari svo og flugumferðarstjórar og flugupplýsingamenn mega eigi neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu sex klukkutíma eftir að starfa lauk, enda hafi þeir ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin um atferli þeirra við starfann.

Lögreglumönnum er heimilt þegar rökstudd ástæða er til að flytja aðila til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og er honum skylt að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugliða og flugumferðarstjóra til að tryggja fyllsta flugöryggi, að fengnum tillögum félagssamtaka flugliða, flugumferðarstjóra, flugfélaga og flugmálastjórnarinnar.

Ákvæði greinarinnar gilda eftir því sem við á um aðra starfsmenn, sbr. 72. gr.

37. gr.

Ef flugverji veikist eða slasast fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans ber vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans.

38. gr.

Samgönguráðherra kveður á um að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla skuli taka til erlends loftfars á íslensku yfirráðasvæði.

39. gr.

Flugstjóri skal vera í hverju því íslensku loftfari sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum.

Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari.

40. gr.

Flugstjóri ábyrgist að loftfar sé lofthæft og tilhlýðilega búið, áhöfn skipað og fermt, og að flug sé að öðru leyti undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi ákvæðum svo því megi ljúka á farsælan hátt.

Flugstjóri skal hlíta ákvæðum um skyldu að tilkynna flugmálastjórninni um atriði sem máli skipta um lofthæfi og að láta henni í té skýrslur sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Honum er skylt samkvæmt reglum er samgönguráðherra setur að gefa flugmálastjórninni skýrslur um atriði sem máli skipta þegar meta skal starfshæfni flugverja.

41. gr.

Flugstjóri hefur undir sinni forsjá loftfar, áhöfn, farþega og farm.

Honum er heimilt, þegar hann telur nauðsyn til, að setja flugverja um stundarsakir til annarrar þjónustu en þeirrar sem þeir eru ráðnir til.

Farþegum er skylt að fara eftir þeim fyrirmælum sem flugstjóri setur um góða hegðun og reglu í loftfari.

Flugstjóra er heimilt, þegar nauðsyn ber til, að synja viðtöku í loftfari eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri.

42. gr.

Flugstjóra er heimilt að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig, enda sé það nauðsynlegt til að halda upp góðri hegðun og reglu í loftfari.

Ef loftfar er í hættu statt eða annars konar neyðarástand fyrir hendi er flugstjóra rétt að beita hverri þeirri aðferð sem nauðsynleg er til að koma á reglu og hlýðni. Hverjum flugverja er skylt, án þess að á hann sé skorað, að veita flugstjóra aðstoð.

Ef manni, sem neitar að hlýða, er veittur áverki getur hann einungis komið fram ábyrgð af þeim sökum að harðari aðferðum hafi verið beitt en ástæða var til.

43. gr.

Ef stórfellt lögbrot er framið í loftfari ber flugstjóra að gera þær ráðstafanir sem hann getur og nauðsynlegar eru til öflunar réttrar vitneskju um málið og sem eigi má að meinalausu fresta.

Flugstjóri skal, svo sem kostur er, annast um að hinn seki komist eigi undan og er flugstjóra heimilt ef nauðsyn ber til að setja hann í gæslu uns hann verður afhentur lögreglu á Íslandi eða yfirvöldum er í hlut eiga erlendis.

Flugstjóra er heimilt að taka í sína umsjá hluti sem ætla má að séu sönnunargögn, uns þeir verða afhentir lögreglu eða yfirvöldum.

44. gr.

Flugstjóri ber ábyrgð á að lögmæltar dagbækur og önnur flugskjöl séu í loftfari og að skráð sé í bækur þessar og skjöl svo sem lög mæla.

45. gr.

Lendi loftfar í háska skal flugstjóri gera allt sem honum er unnt til bjargar loftfari, mönnum og varningi sem í því eru. Ef nauðsyn ber til að yfirgefa loftfarið skal hann eftir megni sjá um að flugskjölum sé komið á óhultan stað.

46. gr.

Verði flugslys sem af hlýst mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum, stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra tafarlaust að sjá um að flugslysanefnd sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má. Sama gildir ef alvarleg hætta á slíku slysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur gerst sem til þess bendir að meiri háttar löstur sé á loftfari, flugvelli eða flugleiðsögubúnaði eða rekstri þeirra.

Ef flugstjóra er eigi unnt að gefa hina lögmæltu tilkynningu eða skýrslu þá hvílir skylda til þess á skráðum umráðanda loftfars í þjóðernisskrá.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um takmörkun tilkynningarskyldu, að skylda þessi taki til fleiri flugverja en flugstjóra eða tilkynna skuli fleirum er flugslysanefnd.

V. KAFLI
Vinnuumhverfi áhafna loftfara.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um alla starfsemi sem áhöfn loftfars vinnur fyrir flugrekanda.

Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi samgönguráðherra til loftferðastarfsemi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að:

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi,
b. tryggja að flugrekendur og áhafnir geti í sameiningu leyst öryggis- og heilbrigðisvandamál um borð í loftförum.

48. gr.

Flugrekandi skal stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi um borð í loftförum og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi þar fullnægi settum kröfum.

49. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa einn til fjórir flugverjar, skulu úrbætur á vinnuumhverfi gerðar í nánu samstarfi flugrekanda og áhafna.

50. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skulu starfsmenn tilnefna einn öryggistrúnaðarmann fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vera fulltrúi sinn í málum sem varða vinnuumhverfi um borð í loftförum.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs öryggistrúnaðarmanns og bætir honum tekjutap sem af því kann að hljótast.

Öryggistrúnaðarmenn njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

51. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd.

Í öryggisnefnd eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar flugrekanda.

Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

52. gr.

Þegar starfsmenn flugmálastjórnarinnar koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki skulu þeir hafa samband við hlutaðeigandi öryggistrúnaðarmann og fulltrúa í öryggisnefnd. Þeim aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja mál fyrir flugmálastjórnina.

53. gr.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum um borð í loftförum. Þar má nefna reglur um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi er lýtur að auknu öryggi og bættu vinnuumhverfi.

VI. KAFLI
Flugvellir.

54. gr.

Flugvellir skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur eða sem gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Samgönguráðherra setur reglur um rekstur og viðhald flugvalla og um eftirlit með þeim. Sá handhafi stjórnvalds sem hefur eftirlit með flugvöllum skal einnig annast um að haldin séu þau ákvæði önnur sem kafli þessi geymir. Honum er heimilt að krefjast hvenær sem er aðgangs að tækjum eða mannvirkjum eftir því sem nauðsynlegt er til framkvæmdar á eftirliti.

Komi í ljós að flugvöllur fullnægi ekki settum kröfum er eftirlitsaðila, eiganda eða umráðanda skylt að tilkynna það flugmálastjórninni án tafar. Ef hættulegt er að nota flugvöllinn skal stöðva rekstur hans án þess að bíða ákvörðunar flugmálastjórnarinnar.

55. gr.

Vilji annar aðili en íslenska ríkið útbúa og starfrækja flugvöll til afnota fyrir almenning þarf leyfi samgönguráðherra. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Leyfið skal vera tímabundið og bundið þeim skilyrðum sem samgönguráðherra telur nauðsynleg.

Leyfið má taka aftur ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga, eða reglur, sem slíkan rekstur varða.

56. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að framkvæma eignarnám á hvers kyns fasteignaréttindum vegna gerðar og reksturs flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar. Um framkvæmd eignarnámsins fer samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

57. gr.

Aðflug að flugvelli, sem ætlaður er til almennrar notkunar, skal vera tryggt samkvæmt þeim reglum sem í lögum þessum segir, en samgönguráðherra getur vikið frá þeim þegar sérstaklega stendur á.

58. gr.

Samgönguráðherra ber að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar.

Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga, trjáa eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur og atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glöggt á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.

Með sama hætti skal setja skipulagsreglur eftir því sem þurfa þykir, um hafnarsvæði og vatnasvæði þar sem loftför lenda á sjó eða vatni.

Innan skipulagssvæðis skal greina hinar mismunandi takmarkanir á mannvirkjahæð sem nauðsynlegar eru til öruggrar lendingar og öruggs flugtaks.

Skipulagsreglur skulu kveða á um tiltekna geira fyrir aðflug og fráflug er séu breytilegir eftir því hvort veður er gott eða skyggni slæmt.

Setja má reglur um tímabundið skipulag.

Uppkast að fyrirhuguðum skipulagsreglum skal liggja frammi mönnum til sýnis á hentugum stað og skal auglýsa framlagningu í Lögbirtingablaði og skora á fasteignaeigendur og aðra sem í hlut eiga að gera athugasemdir við það áður en liðinn er frestur sem eigi má vera styttri en fjórar vikur.

Flugmálastjórnin skal taka til gaumgæfilegrar athugunar þær athugasemdir sem fram kunna að koma og gefa þeim sem í hlut eiga færi á því að kynna sér breytingar áður en gengið er frá skipulagi til fullnaðar. Fullnaðarskipulag skal birta með sama hætti og uppkastið.

Þinglýsa skal kvöð sem lögð er á fasteignir vegna flugvalla, enda skipti kvöð máli.

59. gr.

Eigi má víkja frá hæðartakmörkun eða öðrum takmörkunum um forræði eigna sem í skipulagsreglum segir án samþykkis samgönguráðherra. Fyrir slíku samþykki má setja skilyrði, svo sem um breytingu eða merkingu þeirra bygginga sem máli skipta.

Ef takmörkun er eigi hlítt án þess að fyrir liggi samþykki skal flugmálastjórnin setja þeim er í hlut á frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir ef eigi eru haldin skilyrði fyrir samþykki eftir 1. mgr.

Ef frestur líður án þess að úr sé bætt er flugmálastjórninni heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina sýslumanns og á kostnað þess sem í hlut á. Ef ríkið fær ekki kostnað sinn bættan úr hendi hans er rétt að krefjast kostnaðar úr hendi eiganda flugvallar.

60. gr.

Ef loftferðatálmi er fyrir hendi sem fer í bága við skipulagið þegar skipulagsreglur taka gildi skal ryðja honum úr vegi, enda samþykki samgönguráðherra eigi að hann haldist. Ákvæði 59. gr. eiga hér við. Útgjöld af framkvæmdum skal eigandi flugvallar þó bera, enda sé eigi til að dreifa tilviki því er greinir í 2. mgr. 59. gr.

61. gr.

Ef lögð er kvöð á eign manns eða forræðisskerðing vegna flugvallar á eigandi hennar eða réttindahafi kröfu til skaðabóta úr hendi eiganda flugvallar, enda hafi kvöð eða forræðisskerðing í för með sér að eignin verði eigi hagnýtt til fulls miðað við stærð hennar, legu og allar aðstæður, eða eigandi hennar verður fyrir fjárhagstjóni sem hann á að fá bætt eftir meginreglum laga.

Bóta má einnig krefja úr hendi eiganda flugvallar þegar aðili verður fyrir skaða vegna framkvæmda er getur í 60. gr.

Skilyrði skaðabóta er að leitað hafi verið heimildar til undanþágu skv. 59. gr.

Ríkið ábyrgist að skaðabætur séu af hendi inntar.

62. gr.

Skaðabætur skal ákveða eftir reglum laga um framkvæmd eignarnáms, nú lög nr. 11/1973.

Krefjandi skaðabóta getur beiðst mats innan þess frests sem ákveðinn er í skipulagsreglum. Frestur má eigi vera styttri en tvö ár frá birtingu skipulagsreglna. Samgönguráðherra er heimilt að veita framlengingu um sex mánaða tímabil frá lokum frests.

63. gr.

Skráður umráðamaður flugvallar skal sjá um að hinni fyrirskipuðu forræðisskerðingu á eignum og mannvirkjum sé hlítt. Ef brugðið er út af þessu ber honum að tilkynna það flugmálastjórninni tafarlaust.

64. gr.

Við breytingu á skipulagsreglum skal beita sömu aðferð og við setningu nýrra. Veita má tilslökun á forræðisskerðingu án þess að uppkast liggi áður frammi til sýnis.

65. gr.

Skipulagsreglur skulu halda gildi sínu uns samgönguráðherra fellir þær úr gildi eða gildistími þeirra er útrunninn.

Ef skipulagsreglur eru felldar úr gildi taka ákvæði 7. og 8. mgr. 58 gr. til þess með tilsvarandi hætti.

66. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að krefjast þess að tálmar utan svæðis, sem skipulag tekur yfir er vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð, séu fjarlægðir eða merktir. Beitt skal eignarnámi ef þörf krefur. Kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eigandi eða notanda, greiðist úr ríkissjóði.

67. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða svo á að eigi skuli setja upp eða nota og sé því að skipta að brott skuli nema eða færa í annað horf merki, ljós eða hljóðvirki, tæki er senda frá sér útvarpsbylgjur eða annan tækjabúnað sem telja má flugumferð stafa hættu af.

Um skaðabætur fer eftir almennum reglum laga.

68. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um aðgang að flugvöllum, umferð um þá og dvöl loftfara á þeim og svo, beri nauðsyn til, að banna siglingu eða vist á vatna- eða sjóleiðum sem notaðar eru um stundarsakir eða til frambúðar sem flughafnir.

69. gr.

Heimta má afgjöld fyrir not flugvallar eða annars mannvirkis í þágu loftferða sem eru til almennra nota eftir reglum sem samgönguráðherra setur. Taka má afgjöld lögtaki.

Enn fremur er heimilt að heimta afgjöld til greiðslu á kostnaði við gerð og rekstur annarra hjálpartækja til nota í þágu loftferða eftir reglum sem settar eru af samgönguráðherra. Gjöld þessi eru kræf vegna loftferða yfir íslensk yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi ríkis. Taka má gjöld þessi með lögtaki.

Heimilt er samgönguráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum.

Gjaldskyldan hvílir á skráðum umráðendum í þjóðernisskrá að íslenskum loftförum og á eigendum erlendra loftfara vegna ferða um svæðið þar sem hjálpartækin eða flugvellir eru. Taka má afgjöldin með lögtaki í loftfari því sem notin hafði og kyrrsetja það vegna þess og selja á nauðungaruppboði nema alþjóðlegir samningar segi annað.

70. gr.

Flugvelli og önnur mannvirki í þágu loftferða sem eru til almennra nota, mega erlend loftför einnig nota með sömu skilyrðum og íslensk loftför í sams konar milliríkjaferðum, enda sé fyrir hendi samningur um þetta við það erlenda ríki sem í hlut á. Við komu til eða brottför frá landinu er þó skylt að nota tollhafnir.

71. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um hverjum kostum þeir skulu búnir sem starfa á flugvelli, við flugleiðsögubúnað eða hafa á hendi annað það starf utan loftfars sem mikilsvert er um öryggi loftferða. Ráðherra setur reglur um starfsskírteini fyrir slíkum starfa.

72. gr.

Ákvæði 33. og 36. gr. taka með viðeigandi hætti til þeirra sem hafa eftirlit með loftförum og loftferðum, hafa á hendi tæknistörf við loftfar eða önnur mikilsverð störf fyrir öryggi loftferða að dómi samgönguráðherra.

VII. KAFLI
Umferð í lofti og stjórn hennar.

73. gr.

Flugumferðarþjónustu skal veita loftferðum til öryggis og léttis.

Starfsmenn flugumferðarþjónustu, flugumferðarstjórar og aðrir skulu lúta lögum um opinbera starfsmenn m.a. hvað varðar réttindi og skyldur. Það leysir þá ekki undan ábyrgð samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Samgönguráðherra setur reglur um flugumferðarþjónustuna og ákveður að hve miklu leyti aðrir en ríkisstofnanir skuli hafa hana á hendi.

74. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um að loftferðir á tilteknum leiðum eða yfir tilteknum svæðum skuli háðar sérstöku skipulagi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um flugleiðir loftfara inn á íslenskt yfirráðasvæði og yfir því og hverja flugvelli megi nota í millilandaflugi.

Samgönguráðherra setur reglur um verndarráðstafanir sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum.

75. gr.

Flugmálastjórninni er heimilt að skipa loftfari að lenda, enda miði sú aðgerð að því að halda uppi allsherjarreglu og öryggi. Lenda skal þá svo skjótt sem kostur er. Ef skipun er ekki annars efnis skal loftfar lenda á næsta flugvelli hér á landi sem er til almennra flugnota og lenda má á.

Ef loftfar flýgur inn á svæði þar sem loftferðir eru bannaðar skal loftfarið tafarlaust fljúga út fyrir svæðið og tilkynna þetta þeim handhafa stjórnvalds sem í hlut á.

Fari stjórnandi loftfars eigi eftir fyrirmælum þessarar greinar er handhafa stjórnvaldsins heimilt með viðeigandi ráðum að hindra áframhaldandi flug loftfarsins.

76. gr.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra. Samgönguráðherra setur í samráði við dómsmálaráðherra fyrirmæli um hvað hergögn merkja. Samgönguráðherra er heimilt í samráði við dómsmálaráðherra, að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um heimild manna til að hafa meðferðis og nota ljósmyndatæki í loftfari.

77. gr.

Flugmálastjórninni, lögreglu og tollyfirvöldum er heimilt að rannsaka loftfar og sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis.

VIII. KAFLI
Flugrekstrarleyfi.

78. gr.

Leyfi samgönguráðherra þarf til rekstrar loftferða í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði.

Samgönguráðherra getur ákveðið að loftferðastarfsemi sérstakrar tegundar þurfi leyfi, enda þótt starfsemin sé eigi rekin í atvinnuskyni.

79. gr.

Flugrekstrarleyfi skal veita sé skilyrðum laga þessara fullnægt.

80. gr.

Skilyrði flugrekstrarleyfis eru:

a. Að umsækjandi uppfylli skilyrði 9. gr. laga þessara um skrásetningu á loftfari.
b. Að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra skal setja um tæknilega þekkingu og hæfi starfsmanna flugrekanda.
c. Að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra skal setja um fjármögnun flugrekstrarins.
d. Að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra skal setja um aðstöðu og aðbúnað að flugrekstrinum.

81. gr.

Veita skal leyfi um tiltekinn tíma og binda þau skilyrðum sem nauðsynleg þykja að því marki sem það samrýmist öðrum lögum eða milliríkjasamningum.

82. gr.

Brjóti leyfishafi í mikilvægum atriðum lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða hann reynist ófær um að reka starfsemina skal svipta hann leyfi.

83. gr.

Samgönguráðherra getur ákveðið að erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, skuli lúta tilteknum ákvæðum í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er varða íslensk loftför.

Samgönguráðherra getur ákveðið að loftfarið skuli teljast íslenskt í skilningi 2. tölul. 4. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sé skilyrðum 1. mgr. fullnægt.

IX. KAFLI
Loftflutningar.

84. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um allan flutning á mönnum, farangri og vörum flugleiðis gegn endurgjaldi. Þau gilda jafnframt um ókeypis flutning flugleiðis, framkvæmdan af loftflutningafyrirtæki.

85. gr.

1. Þegar um er að ræða flutning á pósti er flytjandi aðeins ábyrgur gagnvart viðeigandi póstyfirvöldum í samræmi við reglur sem gilda um samskipti flytjanda og póstyfirvalda.
2. Ákvæðin um flutningaskjöl í 86.–92. gr. ná ekki til loftflutninga sem framkvæmdir eru við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

86. gr.

Þegar farþegar eru fluttir skal afhenda farseðil, hann getur verið fyrir einstakling eða hóp. Í honum skal tilgreina:

1. upplýsingar um brottfararstað og ákvörðunarstað og
2. ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um að minnsta kosti einn slíkan stað.

Farseðil þarf ekki að afhenda ef upplýsingar skv. 1. og 2. lið eru skráðar á annan máta.

Flutningssamningurinn og ákvæði þessa kafla gilda þó ákvæðum þessarar greinar sé ekki fylgt.

87. gr.

Þegar skráður farangur er fluttur skal gefa út farangursmiða. Ef hann er ekki í sambandi við farseðil eða innifalinn í farseðli sem gerður er í samræmi við ákvæði 86. gr. skal tilgreina á honum:

1. upplýsingar um brottfarar- og ákvörðunarstað og
2. ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um að minnsta kosti einn slíkan stað.

Farangursmiða þarf ekki að afhenda ef upplýsingar skv. 1. og 2. lið eru skráðar á annan máta.

Flutningssamningurinn og ákvæði þessa kafla gilda þó ákvæðum þessarar greinar sé ekki fylgt.

88. gr.

1. Þegar vörur eru fluttar skal gefa út flugfarmbréf.
2. Í stað flugfarmbréfs má nota aðrar aðferðir er innihalda skýrslu um væntanlegan flutning ef sendandi samþykkir. Ef aðrar aðferðir eru notaðar skal flytjandi, ef sendandi óskar, afhenda sendanda kvittun fyrir móttöku vörunnar er þekkja megi sendinguna af og veiti einnig aðgang að upplýsingum sem aðferð þessi geymir.
3. Ef ómögulegt er að nota aðferð er greinir í 2. mgr. á áningar- eða ákvörðunarstað gefur það flytjanda ekki rétt á að hafna vöru til flutnings.

89. gr.

1. Flugfarmbréf skal vera gefið út af sendanda í þremur eintökum.
2. Á fyrsta eintakið skal skrifa „handa flytjanda“ og skal það undirritað af sendanda. Á annað eintakið skal skrifa „handa viðtakanda“ og skal það undirritað af sendanda og flytjanda.
   Þriðja eintakið skal undirritað af flytjanda og skal því skilað sendanda þegar tekið hefur verið við vörunni.
3. Undirritun flytjanda og sendanda má prenta eða stimpla.
4. Ef flytjandi gefur út flugfarmbréf að beiðni sendanda skal talið að hann hafi gert það í umboði sendanda nema annað sannist.

90. gr.

Ef um fleiri en einn pakka er að ræða:

a. þá getur flytjandi vöru krafist þess að sendandi geri flugfarmbréf fyrir hvern þeirra
b. og sendandi getur krafist af flytjanda að hann afhendi kvittanir fyrir hvern þeirra þegar notaðar eru aðrar aðferðir sem vísað er til í 2 tölul. 88. gr.

91. gr.

Í flugfarmbréfi og kvittun fyrir móttöku vöru skal greina:

a. upplýsingar um brottfarar- og ákvörðunarstað,
b. ef brottfarar- og ákvörðunarstaðir eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis skal geta um að minnsta kosti einn slíkan viðkomustað og
c. upplýsingar um þyngd sendingarinnar.

92. gr.

Flutningssamningurinn og ákvæði þessa kafla gilda þó ákvæðum 88.–90. gr. sé ekki fylgt.

93. gr.

1. Sendandi ber ábyrgð á að upplýsingar um vöruna, sem greindar eru í flugfarmbréfi og frá honum eða umboðsmönnum hans koma, séu réttar, sömuleiðis þær upplýsingar sem hann eða umboðsmenn hans gefa flytjanda til að greina í kvittun fyrir móttöku vörunnar eða til að setja á skrár til nota með öðrum aðferðum.
2. Sendandi ber ábyrgð á hvers konar tjóni sem flytjandi eða aðrir þeir sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart kunna að bíða sakir þess að upplýsingar er sendandi eða aðrir fyrir hans hönd hafa gefið eru óreglulegar, ónákvæmar eða ófullkomnar.
3. Flytjandi ber ábyrgð á hvers konar tjóni sem sendandi eða aðrir þeir sem sendandi ber ábyrgð gagnvart kunna að bíða sakir þess að upplýsingar, er flytjandi eða aðrir fyrir hans hönd hafa gefið í kvittun fyrir móttöku vörunnar eða í skrár til nota með öðrum aðferðum, eru óreglulegar, ónákvæmar eða ófullkomnar. Efni þessa töluliðar er háð ákvæðum 1. og 2. tölul.

94. gr.

1. Flugfarmbréfið eða kvittunin fyrir móttöku vörunnar gildir sem staðfesting á samningsgerð, móttöku vöru og skilmálum fyrir flutningi sem getið er um í fyrrgreindum skjölum nema annað sannist.
2. Sérhverjar upplýsingar í flugfarmbréfinu eða kvittuninni fyrir móttöku vörunnar varðandi þyngd, stærð, umbúðir og stykkjatölu skulu taldar réttar nema annað sannist. Upplýsingar um magn, rúmtak eða ástand gilda hins vegar ekki sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda athugað þær og staðfest það með áritun á flugfarmbréfið, eða upplýsingarnar snerta augljóst ástand vöru.

95. gr.

1. Hafi sendandi fullnægt öllum skuldbindingum sínum samkvæmt farmsamningi hefur hann þann ráðstöfunarrétt yfir vörunni að hann getur endurheimt hana á brottfarar- eða ákvörðunarstað, að hann getur stöðvað flutninginn á sérhverjum lendingarstað, að hann getur látið afhenda vöruna á ákvörðunarstaðnum eða á leiðinni, öðrum en þeim sem upprunalega var tilgreindur sem viðtakandi, eða hann getur krafist þess að varan verði flutt aftur til brottfararstöðvar. Ráðstafanir þessar getur sendandi þó því aðeins gert að þær hafi eigi í för með sér tjón fyrir flytjanda eða aðra sendendur og að hann endurgreiði sérhvern kostnað sem af hagnýtingu ráðstöfunarréttarins leiðir.
2. Sé eigi hægt að framkvæma fyrirmæli sendanda skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.
3. Ef flytjandi fer eftir fyrirmælum sendanda um ráðstöfun vöru án þess að krefjast að lagt sé fram það eintak af flugfarmbréfi eða kvittun fyrir móttöku vöru sem afhent hefur verið til hins síðara er hann ábyrgur fyrir sérhverju tjóni sem sá aðili kann að verða fyrir er hefur löglega undir höndum þetta eintak af flugfarmbréfi eða kvittun fyrir móttöku vöru. Flytjandi skal þó halda rétti sínum til að krefjast bóta af sendanda.
4. Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda byrjar skv. 96. gr. Neiti viðtakandi hins vegar að taka við vörunni eða ef ekki næst samband við hann heldur sendandi ráðstöfunarrétti sínum.

96. gr.

1. Með þeirri undantekningu er um ræðir í 95. gr., að sendandi hefur notfært sér ráðstöfunarrétt sinn, getur viðtakandi krafist þess þegar varan er komin á ákvörðunarstað að flytjandi láti af hendi við hann vöruna gegn greiðslu þeirrar upphæðar er hvílir á vörunni og að uppfylltum flutningsskilmálum.
2. Ef ekki er annað umsamið er það skylda flytjandi að tilkynna viðtakanda strax um komu vörunnar.
3. Ef flytjandi viðurkennir að varan hafi glatast eða varan er ekki komin fram í síðasta lagi sjö dögum eftir að hún hefði átt að koma þá getur viðtakandi beitt ákvæðum flutningssamningsins gegn flytjanda.

97. gr.

Sérhver samningur sem breytir ákvæðum 95. og 96. gr. er ógildur nema um það sé getið í flugfarmbréfi eða móttökukvittun vöru.

98. gr.

1. Sendanda er skylt að gefa þær upplýsingar og láta í té þau skjöl sem nauðsynleg teljast til að fullnægja formsatriðum tollyfirvalda, skattyfirvalda og lögreglu svo að vöruna megi afhenda viðtakanda. Sendandi ber ábyrgð gagnvart flytjanda á tjóni sem hljótast kann af því að slíkar upplýsingar eða skjöl vantar, eru ófullkomin eða óregluleg, nema því aðeins að flytjandi eða starfsmenn hans eigi sök á því.
2. Á flytjandanum hvílir ekki skylda til að rannsaka hvort þessar upplýsingar eða skjöl eru réttar eða fullnægjandi.

99. gr.

Flytjandi er ábyrgur vegna tjóns er verður við það að farþegi lætur lífið, verður fyrir sárum eða einhverju líkamstjóni, að því tilskildu að atburðurinn sem olli skaðanum hafi gerst um borð í loftfari eða við það að farið var um borð í loftfarið eða frá borði. Ákvæði greinarinnar gilda ekki ef tjónið hefur einvörðungu orsakast af heilsu farþegans.

100. gr.

1. Flytjandi er ábyrgur vegna tjóns er verður við það að skráður farangur eyðileggst, glatast eða skemmist að öllu eða einhverju leyti, að því tilskildu að atburðurinn sem olli skaðanum hafi gerst um borð í loftfari eða við það að farið var um borð í loftfarið eða frá borði eða farangurinn var í vörslu flytjandans.
2. Flytjandi er ekki ábyrgur ef tjónið stafaði eingöngu frá eiginleikum farangursins, galla eða vöntun.

101. gr.

1. Flytjandi er ábyrgur vegna skaða við loftflutning er verður vegna tjóns eða glötunar á vöru að öllu eða einhverju leyti.
   Flytjandi er ekki ábyrgur ef hann sannar að eyðileggingin, glötun eða skemmdin á vörunni stafaði eingöngu frá einu eða fleiri af eftirfarandi:
   a. upprunalegri vöntun, ástandi eða galla á vörunni;

b. ófullnægjandi umbúðum vörunnar sem stafaði frá öðrum en flytjanda eða hans starfsmönnum eða umboðsmönnum;
c. stríðsástandi eða vopnaviðskiptum;
d. fyrirmælum yfirvalda vegna innflutnings, útflutnings eða umlestunar vörunnar.

2. Í 1. tölul. þessarar greinar þýðir orðið loftflutningur tímabilið meðan farangur eða vara er í umsjón flytjanda, hvort heldur er á flugvelli eða um borð í loftfari, eða þegar lent er utan flugvallar eða á einhverjum öðrum stað.
3. Tímabil loftflutningsins nær ekki yfir annan flutning á landi, á sjó eða um ár ef flutningurinn er utan flugvallar. Ef þannig flutningur er hins vegar samkvæmt samningsákvæðum um loftflutning vegna hleðslu, afhendingar eða umlestunar þá skoðast allt tjón sem það hafi orðið við loftflutning nema annað sannist.

102. gr.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni sem orsakast vegna dráttar við loftflutning farþega, farangurs eða vöru. Flytjandi losnar undan ábyrgð vegna tjóns sem orsakast vegna dráttar við flutning ef hann sannar að hann, starfsmenn hans og umboðsmenn hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að komast hjá tjóni eða þeim var ómögulegt að gera slíkar ráðstafanir.

103. gr.

1. Ef tjónþoli olli eða átt þátt í að valda tjóni við flutning á farþegum eða farangri má lækka eða fella niður bætur.
2. Ef farþegi lætur lífið eða verður fyrir skaða og einhver annar en farþeginn sjálfur krefst bóta skal einnig lækka bætur eða fella niður ef flytjandi sannar að farþeginn hafi átt þátt í að valda tjóninu.
3. Ef tjónþoli olli eða átt þátt í að valda tjóni við flutning á vöru má lækka eða fella niður bætur.
4. Lækkun eða brottfall bóta samkvæmt framansögðu skal vera í sanngjörnu hlutfalli við áhrif aðgerða tjónþola.

104. gr.

1. a. Við flutning farþega skal samanlögð bótaábyrgð flytjanda vegna dauða eða líkamstjóns hvers farþega eigi fara fram úr 100.000 sérstökum dráttarréttindum (SDR). Ef bætur eru greiddar með afborgunum skal höfuðstólsjafngildi eigi fara fram úr 100.000 sérstökum dráttarréttindum (SDR).
b. Bótaábyrgð flytjanda vegna tafa við flutning á fólki takmarkast við 4.150 sérstök dráttarréttindi (SDR) vegna hvers farþega.
c. Bótaábyrgð flytjanda vegna eyðileggingar, glötunar, skemmda eða tafa á farangri takmarkast við 1.000 SDR fyrir hvern farþega.

2. a. Við flutning vöru skal bótaábyrgð flytjanda eigi fara fram úr 17 sérstökum dráttarréttindum (SDR) fyrir hvert kg. Hámark þetta gildir þó eigi ef sendandi hefur við afhendingu vöru til flytjanda gefið sérstaka yfirlýsingu um þá hagsmuni sem við afhendingu á ákvörðunarstað eru tengdir og greitt aukagjald ef á þarf að halda. Hin tilgreinda upphæð skal þá vera hámark bótaskyldu flytjanda nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir sendanda, sem við afhendingu á ákvörðunarstað eru tengdir, hafi verið minni.

b. Glatist eða verði tjón eða töf á hluta vöru eða á einhverjum grip þar í skal ekki taka meiri þunga til greina við ákvörðun þeirrar upphæðar sem ábyrgð flytjanda takmarkast við en samanlagðan þunga bögguls eða böggla þeirra sem um er að ræða. Snerti glötun, tjón eða töf hluta vöru eða gripa þar í verðmæti annarra böggla sem sama flugfarmbréf nær til skal einnig tekinn til greina samanlagður þungi slíks bögguls eða böggla þegar ákvarða skal mark bótaskyldu.

3. a. Dómstólar hafa heimild til að dæma málskostnað, þar með talinn lögmannskostnað, án tillits til hámarksbótafjárhæðar.
   b. Málskostnaður skv. a-lið þar með talinn lögmannskostnaður skal aðeins ákvarðaður ef kærandi sendir flytjanda skriflega beiðni með sundurliðaðri kröfufjárhæð og flytjandi svarar ekki innan sex mánaða frá móttöku beiðninnar með skriflegu tilboði um greiðslu með fjárhæð sem er að minnsta kosti jöfn viðeigandi bótatakmörkum. Tímabilið má framlengja til byrjunar réttarhalda ef þau hefjast síðar.
   c. Málskostnaður að meðtöldum lögmannskostnaði skal ekki meðtalinn við ákvörðun bótatakmarkanna þegar þessari grein er beitt.
4. Fjárhæðir þær, sem greindar eru í sérstökum dráttarréttindum (Special Drawing Rights), skulu vísa til sérstakra dráttarréttinda eins og þau eru skilgreind af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (International Monetary Fund). Ef um málssókn verður að ræða skal umreikningur í íslenskar krónur fara eftir gengi sérstakra dráttarréttinda á þeim degi er dómur er upp kveðinn.

105. gr.

1. Hver sá samningur, sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða ákveða lægri takmörk en þau sem ákveðin eru í 104. gr., er ógildur.
2. Þegar flutt er vara má þó gera fyrirvara vegna tjóns eða skaða sem stafar frá upprunalegri vöntun, ástandi eða galla vörunnar sem flutt er.

106. gr.

Hámarksbætur skv. 104. gr. gilda óháð þeim grundvelli sem bótakrafa er reist á.

107. gr.

Ef mál er höfðað gegn starfsmanni eða umboðsmanni flytjanda vegna tjóns sem þessi kafli nær til skal honum heimilt að hagnýta sér takmörkun á bótaskyldu sem flytjanda er sjálfum heimilt að hagnýta sér skv. 104. gr. ef hann sannar að hann hafi haldið sér innan verkssviðs þess er hann var ráðinn til.

108. gr.

1. Ef tekið er við farangri eða vöru án kvörtunar af hálfu rétts viðtakanda, skal talið að munirnir hafi verið óskemmdir og í samræmi við flutningssamninginn, nema annað sannist.
2. Verði um tjón að ræða ber réttum móttakanda að kvarta til flytjanda jafnskjótt og þess verður vart, í síðasta lagi sjö dögum eftir móttökudag ef um farangur er að ræða og fjórtán dögum ef um vöru er að ræða. Ef um tafir er að ræða verður að senda kvörtunina í síðasta lagi tuttugu og einum degi eftir að farangur eða vara var afhent.

3. Sérhver kvörtun skal skráð á flutningsskírteini eða send bréflega innan ofangreindra tímatakmarkana.
4. Sé tjón eigi tilkynnt innan hinna tilskildu tímamarka falla niður kröfur á hendur flytjanda nema um svik sé að ræða af hans hálfu.

109. gr.

1. Skaðabótamál má sækja þar sem sækjandi ákveður annaðhvort fyrir heimilisvarnarþingi flytjanda eða aðalskrifstofu hans eða útibús þess sem gerði flutningssamninginn eða fyrir dómstól á ákvörðunarstaðnum.
2. Skaðabótamál má einnig sækja fyrir dómstól í þeirri þinghá sem flytjandi hefur skrifstofu ef farþeginn á heimilisfesti á Íslandi þegar um er að ræða málssókn vegna dauða farþega, líkamstjóns eða tafa er hann hefur orðið fyrir. Sama gildir um kröfu vegna þess að farangur hefur tapast að öllu eða hluta eða orðið fyrir tjóni eða töfum.
3. Skaðabótamál má reka fyrir íslenskum dómstól eða dómstól í aðildarríki Varsjársáttmálans, að því tilskildu að brottfararstaður eða ákvörðunarstaður samkvæmt flutningssamningnum hafi verið í ríki sem ekki er aðili að Varsjársáttmálanum.

110. gr.

Réttur til skaðabóta fellur niður ef mál er eigi höfðað innan tveggja ára frá komu á ákvörðunarstaðinn eða frá þeim degi að loftfar hefði átt að koma þangað eða frá þeim degi sem flutningur stöðvaðist.

111. gr.

1. Ef fleiri en einn flytjandi, hver á eftir öðrum, annast flutning sem samkvæmt flutningssamningi eða flutningssamningum ber að telja einn og sama flutning, er hver þeirra ábyrgur fyrir þeim hluta flutningsins sem hann á að inna af hendi eftir að hann hefur tekið við farþegum, innrituðum farangri eða varningi.
2. Þegar um er að ræða flutning á farangri eða vörum getur farþegi eða sendandi beint kröfum sínum til fyrsta flytjanda og farþegi eða viðtakandi, sem á rétt á afhendingu, getur beint sínum kröfum til síðasta flytjanda og enn fremur getur hvor um sig þar að auki beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem sá um flutninginn þegar eyðileggingin, glötunin, tjónið eða drátturinn varð. Flytjendur þessir skulu vera ábyrgir in solidum gagnvart farþeganum eða sendandanum eða viðtakandanum.

Flutningur sem framkvæmdur er af öðrum en þeim er undirritað hefur flutningssamning.

112. gr.

1. Þegar flutningur er framkvæmdur að hluta eða að öllu leyti af öðrum en þeim sem hefur undirritað flutningssamninginn gilda ákvæði 113.–117. gr. nema það sannist að flutningurinn hafi ekki verið samþykktur af þeim sem undirritaði flutningssamninginn.
2. Ákvæði 114., 116. og 117. gr. eiga einungis við um þann hluta loftflutningsins sem ekki er framkvæmdur af þeim sem hefur undirritað flutningssamninginn.

113. gr.

Bæði sá sem undirritað hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn skulu teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Gagnvart þeim er undirritað hefur flutningssamninginn skal svo gilda allan loftflutninginn en gagnvart þeim sem framkvæmir flutninginn á þetta við þann hluta loftflutningsins er hann annast.

114. gr.

1. Við mat á bótaskyldu flytjanda skal aðgerð eða aðgerðaleysi annars flutningsaðilans, starfsmanna hans eða umboðsmanna, þegar þeir eru að störfum fyrir hann, jafngilda því að hinn flutningsaðilinn hafi sjálfur gert. Þetta raskar ekki hámarks bótaskyldu í 104. gr.
2. Þó sá sem undirritaði flutningssamning hafi tekið á sig skyldur umfram það er segir í þessum kafla, eða farþegi eða sendandi hafi lýst hærra verðmæti skv. 104. gr., er flytjandi sem framkvæmir flutninginn ekki bundinn af því nema hann hafi samþykkt það.

115. gr.

Kvörtun eða fyrirmæli samkvæmt þessum kafla sem beint er gagnvart einum flytjanda hefur einnig gildi gagnvart hinum. Fyrirmæli skv. 95. gr. fá hins vegar ekki gildi nema þeim sé beint gagnvart þeim er undirritaði flutningssamninginn.

116. gr.

Sá sem undirritað hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn, starfsmenn hans eða umboðsmenn, þegar þeir eru að störfum fyrir hann, bera ekki meiri ábyrgð en nemur hæstu bótum sem einhver flytjandi á að inna af hendi. Hver bótaskyldur svarar aðeins til bóta að því hámarki sem fyrir hann gildir.

117. gr.

Hvort sem bótamál er sótt á hendur allra flytjenda eða eins má sækja það fyrir dómstól sem hæfur er til saksóknar gegn þeim er undirritaði flutningssamninginn skv. 109. gr., eða fyrir heimilisvarnarþingi eða atvinnuvarnarþingi þess sem framkvæmdi flutninginn.

Flutningur með ýmislegum farartækjum.

118. gr.

1. Fari flutningur að hluta fram með loftfari en að hluta með einhverju öðru flutningatæki gilda ákvæði þessa kafla einungis um loftflutninginn.
2. Þessi kafli skal eigi vera því til fyrirstöðu við flutning með ýmislegum farartækjum að aðilar taki skilmála þess flutnings sem eigi fer fram í lofti upp í flugfarmbréf, enda sé farið eftir ákvæðum laga þessara um loftflutninginn.

119. gr.

Hvers konar fyrirvarar í flutningssamningi skulu vera ógildir svo og hvers konar sérstakir samningar sem gerðir eru áður en tjón verður og miða að því að ganga fram hjá reglum laga þessara hvort sem er varðandi þau lög sem fara skal eftir eða breyting á varn-

arþingi. Þegar um er að ræða flutning á vörum skulu þó heimil ákvæði um gerðardóm, að því tilskildu að gerðin fari fram á einhverju varnarþingi skv. 109. gr. og skal málið útkljáð samkvæmt ákvæðum Varsjársáttmálans og Guadalajara-sáttmálans, að því leyti sem sáttmálarnir ná yfir sakarefnið.

120. gr.

Ef um loftferðir innan lands er að ræða og ekki er samið um viðkomu utan lands þarf ekki að afhenda farseðla, farangursmiða eða farmbréf þrátt fyrir að upplýsingar um loftflutninginn séu ekki skráðar á annan máta.

121. gr.

Ákvæðum þessa kafla skal eigi beita um milliríkjaloftflutninga sem framkvæmdir eru samkvæmt áskilnaði, gerðum með heimild í viðbótarbókun við 2. gr. Varsjársáttmálans frá 12. október 1929 eða XXVI. gr. Haag-sáttmálaaukans frá 28. september 1955.

122. gr.

Varsjársáttmálinn í lögum þessum er sáttmáli sá um alþjóðaloftflutninga sem gerður var í Varsjá 12. október 1929 með þeim breytingum sem á honum urðu samkvæmt:

a. sáttmálaauka, gerðum í Haag 28. september 1955,
b. sáttmálaauka, gerðum í Gvatemala 8. mars 1971, og
c. sáttmálaaukum, gerðum í Montreal 25. september 1975 nr. 1, 2, 3 og 4.

Guadalajara-sáttmálinn í lögum þessum er sáttmáli sá um alþjóðaloftflutninga framkvæmda af öðrum flytjanda en þeim er undirritar flutningssamning sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961.

X. KAFLI
Skaðabætur og tryggingar.

123. gr.

Hljótist skaði af flugi loftfars á mönnum eða hlutum sem eru utan loftfarsins og á jörðu niðri er skráður umráðandi loftfarsins í þjóðernisskrá skyldur að bæta skaðann.

Skaðabótaskyldan fellur niður ef sannað er að tjónþoli hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

124. gr.

Ef tjón verður á mönnum eða hlutum innan marka flugvallar sem flugmálastjórnin hefur á sinni skrá og er viðurkenndur af henni skal ekki beita ákvæðum 1. mgr. 123. gr., heldur almennum reglum skaðabótaréttarins.

Verði tjón á loftfari eða farmi við árekstur loftfara skal beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa.

Verði tjón við árekstur tveggja eða fleiri loftfara sem hver skráður umráðandi loftfars í þjóðernisskrá samkvæmt ákvæði 1. mgr. 123. gr. á að greiða þá eru þeir allir samskulda. Dómstólar skera úr með hliðsjón af ástæðum, hversu mikinn hluta goldinna skaðabóta hver þeirra megi framkrefja úr hendi þess eða þeirra sem samábyrgir eru.

125. gr.

Ákvæði 123. og 124. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum reglum.

126. gr.

Skráðum umráðanda í þjóðernisskrá að loftfari sem nota á til loftferða samkvæmt lögum þessum er skylt að taka og halda við vátryggingu eða tryggingu er örugg telst til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða notanda loftfars vegna tjóns:

a. á mönnum og hlutum utan loftfarsins sem stafar af flugi þess,
b. á mönnum og hlutum innan loftfarsins eða á leið inn eða út úr því, sbr. m.a. IX. kafla laga þessara og ákvæði Varsjársáttmálans,
c. á mönnum og hlutum innan marka viðurkennds flugvallar.

Falli vátrygging úr gildi ber vátryggingafélag ábyrgð gagnvart þriðja aðila á tjóni samkvæmt hljóðan vátryggingarskírteinis í tvo mánuði frá því er það tilkynnti flugmálastjórninni að vátryggingin væri niður fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af skrá eða flugleyfi skv. 3. tölul. 6. gr. verið afturkallað.

Samgönguráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um vátryggingu eða aðra tryggingu gegn tjóni skv. IX. og X. kafla þessara laga, þar á meðal um afleiðingar þess að vátryggingu eða tryggingu er eigi haldið í gildi.

XI. KAFLI
Flugslys.
Aðstoð og björgun.

127. gr.

Samgönguráðherra skal setja reglur um leit og bjargráð er viðhafa skal þegar loftfars er saknað eða því hefur hlekkist á eða það hefur farist, þar á meðal um aðstoð þá sem einstaklingum og fyrirtækjum er skylt að veita við leit og björgunarstörf og um þóknun fyrir slíka aðstoð.

Kostnað, sem ríkissjóður hefur af leit að loftfari sem er saknað, skal samgönguráðherra heimilt að leggja að nokkru eða öllu leyti á skráðan umráðanda loftfarsins í þjóðernisskrá eða eiganda ef hann er erlendur, enda hnígi rök til þess og það brjóti eigi í bága við milliríkjasamninga. Sama gildir um kostnað af björgunarstarfi að því leyti sem ekki greiðist með bjarglaunum.

128. gr.

Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á loftfari, sem hlekkst hefur á eða er statt í háska, farangri eða vöru sem í því er eða nokkru því sem telst til slíks loftfars, farangurs eða vöru á hann, hvort heldur bjargað er í lofti, á láði eða legi, rétt til bjarglauna samkvæmt gildandi reglum um björgun skipa og varnings sem til þeirra telst. Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á mannslífum úr þeim háska sem varð tilefni til björgunar á hann kröfu til hlutdeildar í bjarglaununum.

Hafi maður stofnað til óvenjulegra útgjalda sem nauðsynleg voru til varðveislu á loftfari eða varningi úr því á hann rétt til að honum sé endurgreitt, enda hafi hann eigi breytt gegn beinu og réttmætu banni flugstjóra þess sem í hlut á.

Krafa um bjarglaun eða endurgjald fyrir óvenjuleg útgjöld má eigi fara fram úr verðmæti því sem bjargað var, svo sem loftfari ásamt flutningsgjaldi fyrir farangur, varning og farþega.

129. gr.

Eigandi bjargaðs varnings ábyrgist einungis með verðmæti þess sem bjargað var. Krafa um bjarglaun er tryggð með veði í loftfari, farangri og varningi og gengur það fyrir öllum öðrum veðböndum. Veðkrafa sem stafar af síðari atburði gengur fyrir veðkröfu sem stafar af fyrri atburði.

Ef farangur eða varningur er látinn af hendi fellur veðrétturinn niður. Veðréttur í loftfari fellur niður eftir þrjá mánuði ef hann er eigi þinglesinn og fjárhæð hans samþykkt eða mál höfðað til staðfestu veðrétti. Mál má höfða þar sem bjargstarfa lauk eða þar sem loftfar og varningur er.

Rannsókn á flugslysum.

130. gr.

Samgönguráðherra skal skipa fimm kunnáttumenn í flugslysanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Hún skal einnig hefja rannsókn ef ástæða er til að ætla að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.

Nefndin ákvarðar sjálf hvenær efni er til rannsóknar eða könnunar. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Tillögur nefndarinnar skulu birtar opinberlega.

Flugslysanefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Hún ræður sér sjálf starfsmenn svo sem fjárveitingar heimila. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnarinnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað ef könnunin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni, svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

131. gr.

Verði maður þess vís að flugslys hafi orðið skal hann tafaralaust tilkynna það næsta lögreglustjóra eða flugmálastjórninni sem tilkynna flugslysanefnd. Sama gildir um þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til að flugslys hafi orðið.

132. gr.

Hafi flugslys orðið á íslensku yfirráðasvæði má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins uns rannsókn er lokið nema lögregla hafi í samráði við flugslysanefnd leyft það.

Án slíks leyfis má þó hreyfa, flytja til eða nema á brott loftfarið, hluta þess eða innihald, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir að loftfarið, hlutar þess eða innihald valdi háska eða almenningi miklum baga.

133. gr.

Flugslysanefnd og starfsmönnum hennar er heimilt að fara á slysstað til rannsóknar á loftfari eða flaki þess, jafnvel þótt um staði í einkaeign sé að ræða, og svo að gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í því skyni.

Flugslysanefnd og starfsmönnum hennar er heimilt að krefjast framlagningar á bókum, öðrum skjölum og vélrænum upptökum er varða loftfarið og áhöfn þess, taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda loftfarsins, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknastofnana í þágu rannsóknar máls og svo allra þeirra aðila sem að öryggis- og björgunarmálum vinna. Er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsókn í heild eða einstaka þætti hennar.

Flugslysanefnd má krefja lögreglu og starfsmenn flugmálastjórnarinnar um aðstoð við rannsóknina eftir því sem þurfa þykir. Ef ástæða er til getur lögregla framkvæmt þá eftirgrennslan sem ákæruvaldið telur nauðsynlega og krafist við hana aðstoðar flugslysanefndar og flugmálastjórnarinnar. Samgönguráðherra skal í samráði við dómsmálaráðherra setja nánari reglur um samstarf og verkaskiptingu lögreglu og flugslysanefndar.

Skráðum umráðanda loftfars í þjóðernisskrá og öðrum sem í hlut eiga skal kynna það sem rannsóknin leiðir í ljós og veita skal þeim færi á að gera athugasemdir eða krefjast framhaldsrannsóknar áður en niðurstaða er send samgönguráðherra. Aðilum þessum er heimilt að fylgjast með rannsókninni og hafa aðgang að öllum rannsóknargögnum.

134. gr.

Þegar rannsókn er lokið skal semja skýrslu svo fljótt sem verða má um niðurstöðu hennar og senda hana samgönguráðherra. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.

Skýrslunni er ætlað að stuðla að flugöryggi og verður hún ekki notuð sem sönnunargagn í dómsmáli og skal geta þess á forsíðu hennar.

Telji flugslysanefnd að rannsókn flugslyss leiði í ljós að skírteinishafi hafi í sambandi við slysið orðið sekur um refsivert atferli eða atferli er veiti tilefni til að svipta hann skírteininu þá skal hún gera tillögur þess efnis til samgönguráðherra. Samgönguráðherra skal senda saksóknara upplýsingar um þær athugasemdir nefndarinnar.

Samgönguráðherra skal birta opinberlega útdrátt úr hverri skýrslu flugslysanefndar og helstu niðurstöður hennar.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða svo á að birta skuli í heild skýrslu um rannsókn á flugslysi.

135. gr.

Um rannsókn á flugslysum fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr.19/1991, um meðferð opinberra mála.

136. gr.

Samgönguráðherra skal í samráði við dómsmálaráðherra setja reglugerð um vörslu og brottnám loftfars sem hefur lent í slysi. Nema má brott flak loftfars sem er til trafala umferð eða baga, enda hafi aðili eigi orðið við kröfu yfirvalds um brottnám innan hæfilegs frests. Skráður umráðandi í þjóðernisskrá eða eigandi, ef hann er erlendur, skal bera af því kostnað.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

137. gr.

Ef ástæða er til að ætla að loftfar sem ætlar á loft sé eigi lofthæft eða tilhlýðilega áhöfn skipað eða það muni verða notað andstætt ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim er þeim handhafa valds sem í hlut á heimilt að leggja bann við för loftfarsins og beri nauðsyn til aftra að það hefji sig upp af flugvelli uns úr er bætt. Samgönguráðherra eða sá sem hann veitir til þess vald tekur ákvörðun í þessu efni. Ákvörðun skal tafarlaust leggja fyrir samgönguráðherra ef hann hefur ekki sjálfur tekið hana.

138. gr.

Réttum umráðanda flugvallar, sem er heimill almenningi, er heimilt að aftra för loftfars af flugvellinum uns gjald eftir síðustu lendingu og vegna notkunar loftfarsins af vellinum er greitt eða trygging sett fyrir greiðslu þess.

139. gr.

Til aukins öryggis við loftferðir er samgönguráðherra heimilt að setja reglur um meðferð, geymslu og afhendingu eldsneytis og annars sem til búnaðar loftfara þarf og um eftirlit með því að reglurnar séu haldnar.

140. gr.

Skráður umráðandi loftfars í þjóðernisskrá, flugrekstraraðili og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðamannvirkis er skyldur að láta í té þá vitneskju sem flugmálastjórnin krefst til að hún geti rækt störf sín. Sömu skyldu hefur fyrirsvarsmaður viðurkenndrar starfsemi skv. 27. gr. eða annarrar starfsemi sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Flugmálastjórninni er heimilt að skýra þriðja aðila frá vitneskju sem hún hefur fengið með framangreindum hætti, að því leyti sem það er nauðsynlegt samkvæmt alþjóðasamningi. Að öðru leyti er heimilt að skýra frá slíkri vitneskju eða birta hana almenningi enda sé eigi um að ræða trúnaðarmál. Nú hefur sá sem telur sig eiga rétt til launungar, mótmælt því að vitneskja fari lengra eða sé birt og skal því þá fylgt ef um er að ræða viðskiptaleyndarmál. Verði ágreiningur um hvort upplýsingar fylgi viðskiptaleynd eða ekki sker samgönguráðherra úr.

Hafi maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum hefur hann þagnarskyldu að því leyti sem vitneskjan má eigi fara lengra eða hana birta.

141. gr.

Samgönguráðherra kveður á um gjöld sem inna ber af hendi fyrir stjórnvaldsgerðir framkvæmdar eftir lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða að sá sem hefur hag af þeim gerðum sem í 1. mgr. segir greiði kostnað af þeim.

Gjöld samkvæmt þessari grein má heimta með lögtaki.

142. gr.

Samgönguráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að semja og viðhalda flugverndaráætlun fyrir íslenskt flug í samræmi við alþjóðasamninga. Nefndin skal skipuð þremur sérfróðum mönnum um flugverndarmál. Einum frá löggæslu, einum frá flugfélögum landsins og einum frá flugmálastjórninni og er hann formaður.

XIII. KAFLI
Refsiákvæði.

143. gr.

Við brotum á ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim liggja sektir. Ef um gáleysi eða vanrækslu er að ræða liggja við sektir og ef brot er mikið eða ítrekað liggur við varðhald. Ef brot er framið af vítaverðu gáleysi eða ásetningi, liggur við varðhald og fangelsi allt að fimm árum ef brot er mikið eða ítrekað.

Ákvæði þetta rýrir í engu refsiákvæði almennra hegningarlaga eða annarra laga er leggja refsingu við broti á þessum lögum.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beita við brot á lögum þessum.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð upphæð sekta samkvæmt lögum þessum.

144. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir til framkvæmda og skýringar á lögum þessum.

145. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 34 frá 21. maí 1964, um loftferðir, lög nr. 32 frá 14. júní 1929, um loftferðir, og lög nr. 119 frá 28. desember 1950, um stjórn flugmála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
Formáli.

Frumvarp þetta að endurskoðuðum loftferðalögum er samið að ósk Halldórs Blöndals samgönguráðherra, en hann fól Pétri Einarssyni, lögfræðingi og fyrrverandi flugmálastjóra, að vinna að endurskoðun laga um loftferðir, nr. 32/1929, og nr. 34/1964, laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, og laga um stjórn flugmála, nr. 119/1950. Jafnframt var honum falið að endurskoða lög um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, nr. 41/1949 (Varsjársáttmálinn). Árangur þess starfs er að miklu leyti fólginn í lagafrumvarpi þessu.

Helstu rit sem notuð hafa verið til stuðnings eða staðfestu við endurskoðun gildandi loftferðalaga:

* Lög Noregs; Svíþjóðar; Finnlands; Danmerkur; Þýskalands; Frakklands; Stóra-Bretlands og Evrópusambandsins um loftferðir eða loftflutninga ásamt greinargerðum eftir því sem við átti.
* Sáttmáli um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation), Chicagosáttmálinn ásamt 18 viðbætum og ýmsum skýringum — eða leiðbeiningarritum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, svo sem:
ICAO Lexicon Volume I Vocabulary, 1974.
ICAO Lexicon Volume II Definitions; 1985.
Repertory — Guide to the Convention on Internal Civil Aviation, second edition, 1977.
Policy and Guidance Material on the Regulation of International Air Transport, first edition, 1992.
* Heere, W.P., International Bibliography of Air Law 1900–1971, með viðbótum.
* Cheng, Bin, The Law of International Air Transport, 1962.
* Shawcross, C.N. and K.C. Beaumont, Air Law 1977, með viðbótum.
* A.F. Lowenfeld, Aviation Law, 1981.
* Nicholas M. Matte, Treatise on Air-Aeronautical Law, 1981.
* I.H.Ph. Diederiks-Verschoor, An Introduction to Air Law, 1993.
* Stefán Már Stefánsson, Evrópuréttur, 1991.
* Gunnar G. Schram, Ágrip af þjóðarétti, 1986.
* Giemulla/Schmid, European Air Law, 1993, með viðbótum.
* Giemulla/Schmid/Ehlers, Warsaw Convention, 1993, með viðbótum.
* Air Transport and the European Community, 1989. Sakkoulas — Kluwer.
* Air Travel Within Europe, 1970, The National Swedish Consumer Council.
* Air Worthy, Liber Amicorum hon. Prof. Dr. I.H.Ph. Diederiks-Verschoor, 1985.
* Aeroscience, 1973, Aero Products Research.
* Jane's Aerospace Dictionary, 1986.
* Dictionary of Air Transport and Traffic Control, 1984, Granada.
* IATA and what it does, 1977, A.W. Sijthoff — Leyden.
* Samningar Íslands við erlend ríki, 1963. Utanríkisráðuneytið.
* Samningur um Evrópska efnahagssvæðið EES, I. og II. bindi, 1992. Utanríkisráðuneytið.
* Air Law, tímarit.
* Annals of Air and SpaceLaw/Annales de Droit Aérien et Spatial, tímarit.
* Lloyd's Aviation Law, tímarit.
* Study on the Possibilities of Community Action to Harmonise Limits of Passenger Liability and Increase the Amounts of Compensation for International Accident Victims in Air Transport — Volume I — Main report — Volume 2 — Appendices. Sven Brise.
* Airline Hull and Total Loss (Including Spares) and Liability Insurance 1st December, 1992 to 30th November, 1993. Ábyrgðartrygging Flugleiða hf.
* Flugorðasafn. Rit íslenskrar málnefndar. Reykjavík 1993.

I.
Inngangur.

Flugrétturinn rekur sögu sína til ársins 1900 þegar franski lögfræðingurinn Fauchille lagði til við lagastofnunina „Institut de Droit International“ að gerðar yrðu alþjóðlegar samþykktir um flugleiðsögu. Það er athyglisvert að sú gerð er ein af fáum þar sem réttarþróun fer á undan tækniþróun, en eins og alkunna er þá er fyrsta vélflugið talið flogið af Wright-bræðrum í Kitty Hawk í Norður-Karolínu í Bandaríkjum Norður-Ameríku 17. desember 1903. Reyndar hófst umfjöllun um nauðsyn á lagareglum vegna flugferða e.t.v. með útgáfu lögreglutilskipunar í Frakklandi 23. apríl 1784 er beindist eingöngu að loftbelgjum Montgolfier-bræðranna, en með henni var þeim bannað flug án undanfarandi samþykkis lögregluyfirvalda, allt með öryggi almennings í huga — væntanlega.

Fyrsta skráða tilraunin til samræmingar reglna á alþjóðlegum grunni var gerð árið 1910 þegar þýskir loftbelgir flugu ítrekað yfir franskt yfirráðasvæði. Ríkisstjórn Frakklands taldi að nauðsynlegt væri að komast að samkomulagi um flug af þessu tagi. Í beinu framhaldi var Parísarráðstefnan 1910 haldin. Vegna stjórnmálaágreinings náði ráðstefna þessi ekki þeim árangri sem menn höfðu vænst, að öðru leyti en því að fulltrúar ríkja fengu tækifæri til að skiptast á skoðunum um þetta nýja svið lögfræðinnar. Hliðstæða hins nýja réttarsviðs „flugréttarins eða loftréttarins“, sjórétturinn, hafði þróast um aldir og var og er mjög mótaður af kenningum hollenska lögvísindamannsins Hugo Grotius sem í riti sínu Mare Liberum (1625) hélt fram kenningum um frelsi úthafanna. Sams konar kenningar hafa ekki þróast í flugrétti.

Í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar, eða 8. febrúar 1919, hófst fyrsta reglubundna flugið milli Parísar og London og nauðsyn varð að landsréttarreglur yrðu sameinaðar í þjóðréttarreglur. Við þá umfjöllun tókust á sjónarmiðin um frelsi innan lofthelginnar samsvarandi hugmyndum sjóréttarsins eða lofthelgi sem lyti algerum yfirráðum ríkja þeirra sem undir lágu. Vegna afleiðinga fyrri heimsstyrjaldarinnar var sterk tilhneiging til að vernda réttindi þjóðanna og það sjónarmið varð ofan á að ekki mætti fara um lofthelgi ríkja án heimildar þeirra.

Parísarsáttmálinn 1919 varð fyrsti flugréttarsáttmálinn. Hann var staðfestur af 32 ríkjum. Alger og full yfirráð ríkja í lofthelgi þeirra voru viðurkennd, í samræmi við rómversku kenninguna „est solum, ejus est usque ad coelum et ad inferos“.

Nokkrir tæknilegir viðbætar voru samþykktir við Parísarsáttmálann. Þeir fjölluðu um m.a. lofthæfi, hæfniskírteini flugverja o.s.frv. Sáttmálinn hafði einnig að geyma upphaf CINA (Commission Internationale de la Navigation Aérienne) sem veitt var víðtækt vald til reglusetninga er einkum skyldu fjalla um tæknileg málefni. Í sáttmálanum var einnig kveðið á um söfnun og útgáfu upplýsinga varðandi flugleiðsögu og dreifing upplýsinga frá aðildarríkjunum.

Sáttmálinn hafði einnig að geyma fyrstu viðurkenndu skilgreininguna á hugtakinu „loftfar“ (aircraft) sem á frönsku hljóðaði þannig: „Le mot aéronef désigne tout appareil pouvant se soutenir dans l'atmosphére grace aux reactions de l'air.“ Þetta hugtak náði yfir öll tæki sem hreyfst gátu um loftið fyrir áhrif þess.

CINA og fyrrgreind skilgreining héldu sínu gildi um áratugi. CINA-samtökin störfuðu til ársins 1944, er Alþjóðaflugmálastofnunin (International Civil Aviation Organization), ICAO, var sett á laggirnar og hugtakið var notað til ársins 1967 er það var endurnýjað með núverandi skilgreiningu sem undanskilur tæki sem ferðast geta um loftið vegna loftpúðaáhrifa. Svifnökkvar falla þannig ekki undir skilgreininguna og þar af leiðandi ekki undir frumvarp þetta að loftferðalögum.

Umdeilt er hvort eldflaugar falla undir framangreinda skilgreiningu, en ef litið er til eðliseiginleika þeirra þá haldast þær á lofti af þrýstikrafti en ekki fyrir áhrif af lyftikrafti lofts. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að lagafrumvarp þetta nái yfir þær.

Helstu stofnanir, sem stuðlað hafa að þróun flugréttar, hafa verið ýmsar auk þeirrar sem að framan er getið. CITEJA (Comité International Technique D'Experts Juridiques Aériens) var stofnuð 1925 og hafði nokkrar undirnefndir sem fjölluðu um ýmis réttarsvið einkaréttarlegs eðlis sem snertu loftferðir, svo sem ábyrgð flytjanda, veðsetningu loftfara o.s.frv.

Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar, þegar mikil aukning var að hefjast í almennum loftflutningum, var PICAO (Provisional International Civil Aviation Organisation) sett á laggirnar, en sú stofnun var fyrirrennari Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem hóf starfsemi sína 1947 og telur nú 183 aðildarþjóðir, en sjálfstæðar þjóðir heims munu vera taldar 187 þegar þetta er skrifað. ICAO varð í tímans rás sérstök hliðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Dagleg stjórnun er í höndum fastaráðs sem í sitja 33 fulltrúar. ICAO starfrækir nokkrar fastanefndir, þar á meðal laganefnd sem hefur haldið áfram starfi CITEJA og CINA. ICAO er stofnun þar sem fulltrúar ríkisstofnana hittast og ráða ráðum sínum en IATA (International Air Transport Association), stofnað 1919, er samtök flugfélaga sem hefur að markmiði öruggar, reglulegar og hagkvæmar flugsamgöngur. IATA hefur náið samband við stjórnvöld sem láta sig flugmál skipta og hefur mikil alþjóðleg áhrif m.a. í fargjaldamálum. Nær öll áætlunarflugfélög eru aðilar að samtökunum. Leiguflugfélög hafa einnig með sér samtök, svo sem NACA (National Air Carrier Association); IACA (International Air Charter Association) og ACCA (Air Charter Carriers Association).

Áhrifamikil eru einnig samtök flugmanna IFALPA (International Federation of Air Line Pilots Associations) og International Union of Aviation Insurers eða alþjóðasamtök vátryggjenda í flugi.

II.
Réttarheimildir.

Réttarheimildir flugréttarins eru einkum sóttar í fjölþjóðlega sáttmála; tvíhliða samninga; landsrétt; samninga milli ríkja og flugfélaga; samninga milli flugfélaga og grundvallarreglna í alþjóðarétti.

Fjölþjóðlegir sáttmálar eru þýðingarmesta réttarheimild flugréttarins og er rétt að hafa í huga að flugrétturinn hefur frá upphafi sínu 1919 verið alþjóðlegur. Vegna þess hve hröð tækniþróun í flugi hefur hert á lagaþróun á flugrétturinn sér nær engan venjurétt heldur eru réttarheimildir að mestu skráðar reglur og sáttmálar.

Það sem einkennir loftfar umfram annað er hraði auk þeirrar staðreyndar að það getur hreyfst í þrívídd, þ.e. um þverás, láréttan ás og lóðréttan ás. Hraðinn gerir það að verkum að loftfar getur á ferð sinni milli staða farið um lofthelgi margra ríkja sem hvert um sig hefur sinn landsrétt og tollalögsögu. Þannig fer loftfarið á miklum hraða frá yfirráðasvæði eins ríkis til annars.

Það eru augljósir hagsmunir allra sem þátt eiga að loftflutningum, þ.e. ríkis, eiganda, flugrekanda, farþega, eiganda varnings og veðhafa, að réttar þeirra sé gætt. Einn megingrundvöllur flugréttarins er að ná þessu markmiði. Leiðum að þessum markmiðum er lýst í hinum ýmsu alþjóðlegu sáttmálum og samþykktum um loftflutninga og flugmál.

Flugréttinn má greina í landsrétt og þjóðarétt; einkarétt og opinberan rétt. Alþjóðlegur einkaréttur er í þessu tilfelli þær reglur er eiga við um samskipti einstaklinga sem þátt taka í rekstri eða notkun loftfars, en opinber alþjóðaréttur eru reglur er varða tengsl ríkja og alþjóðastofnana hvað loftflutninga varðar. Enn frekar má skilja milli stjórnmálalegra, tæknilegra, efnahagslegra, fjárhagslegra, félagslegra og lagalegra þátta flugréttarins.

III.
Fjölþjóðlegir sáttmálar.

Sáttmáli um alþjóðaflugmál.

Frumheimild flugréttarins er að finna í „Samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944", „ICAO Convention", en hún var undirrituð af Íslands hönd 7. desember 1944. Samþykktin var fullgilt af Íslandi 21. mars 1947 og gekk í gildi hvað Ísland varðaði 20. apríl 1947, sbr. auglýsingu nr. 45/1947. Ísland er einnig aðili að eftirtöldum breytingum á samþykktinni:

a. Á greinum 48 (a), 49 (e) og 61, sbr. auglýsingu nr. 100/1955.
b. Á grein 50 (a), sbr. auglýsingu nr. 18/1975, nr. 1/1981 og nr. 1/1988.
c. Á grein 48 (a); 83 (bis) og 56, sbr. auglýsingu nr. 10/1990.

Rétt þykir að gefa stutt yfirlit um meginreglur Chicago-sáttmálans eins og hann hefur verið kallaður.

Sáttmálinn staðfestir í 1. gr. meginreglu um alger yfirráð ríkis í lofti yfir landi sínu. Hann veitir réttindi í 5. gr. til loftferða yfir land sáttmálaríkja og lendingar til að taka eldsneyti, þ.e. lending sem er ekki í atvinnuskyni. Í II., VI., XIV. og XVI. kafla leggur hann grundvöll að skipulagi alþjóðaloftferða. Í VIII.–X. kafla leggur hann grunninn að Alþjóðaflugmálastofnuninni, International Civil Aviation Organization (ICAO), sem hefur það hlutverk að efla almennt alþjóðaflug.

Fimmtándi kafli sáttmálans er og hefur verið sérstaklega mikilvægur fyrir Ísland því hann heimilar ICAO aðstoð við rekstrarkostnað loftsiglingatækja. Alþjóðaflugþjónustan á Íslandi og Grænlandi sækir sínar réttarheimildir í fyrrgreindan kafla sáttmálans sem er einstakt því ICAO ber hvergi kostnað loftsiglingatækja nema á fyrrgreindu flugstjórnarsvæði. Vegna þessarar þjónustu er í gildi samningur milli Íslands og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, „Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi", frá 25. september 1965 með breytingum frá 31. ágúst 1987 (Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Iceland). Með sérstöku samkomulagi við Danmörku annast Ísland einnig stjórn flugumferðar yfir Grænlandi og Færeyjum, sbr. auglýsingu nr. 19/1975. Innheimtu yfirflugsgjalds vegna þjónustunnar annast Bretland samkvæmt samningi þar um, sbr. auglýsingu nr. 21/1982.

Alþjóðaflugmálastofnunin er samsett af þingi, fastaráði og nokkrum fastanefndum.

Þingið er skipað fulltrúum allra sáttmálaríkja og hefur hvert ríki eitt atkvæði, sbr. 48. gr. Fastaráðið starfar á ábyrgð þingsins. Í því skulu 33 sáttmálaríki eiga fulltrúa og kýs þingið þá til þriggja ára, sbr. 50. gr. Ísland á nú í fyrsta sinn fulltrúa í fastaráðinu árin 1993–1996.

Samkvæmt 37. gr. sáttmálans skuldbinda sáttmálaríkin sig til að starfa saman að því að vinna að sem fyllstri samræmingu reglna, staðla, tilmæla og ráðlegginga um loftför, áhafnir, flugleiðir og samstarf í öllum atriðum þar sem slíkt samræmi auðveldar og stuðlar að framför í loftferðum, sbr. 82. gr. Í þessu skyni skal ráðið, sbr. 54. gr., samþykkja og endurbæta alþjóðlega staðla eftir því sem nauðsyn krefur á hverjum tíma,

Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt og gefið út 18 viðbæta sem margir hafa verið þýddir á íslensku og allir hafa lagagildi hér á landi annaðhvort með orðréttri þýðingu eða efni þeirra er fólgið í lögum eða reglum um flugmál, enda er það skylda aðildarríkja ICAO að gera staðla að lögum í sínu heimalandi eða láta ella skrá sérstöðu í bókum ICAO. Viðbætirnir eru:

— 1. Starfsskírteini. (Personnel Licensing).
— 2. Flugreglur. (Rules of the Air).
— 3. Veðurþjónusta fyrir alþjóðaflug. (Meteorological Service for International Air Navigation).
— 4. Flugkort. (Aeronautical Charts).
— 5. Mælieiningar til notkunar við fjarskipti flugvéla. (Units of Measurement to be Used in Air and Ground Operations).
— 6. Flutningaflug. (Operation of Aircraft).
— 7. Þjóðernis- og skráningarmerki loftfara. (Aircraft Nationality and Registration Marks).
— 8. Lofthæfi. (Airworthiness of Aircraft).
— 9. Flugvallavirkt. (Facilitation).
— 10. Flugfjarskipti. (Aeronautical Telecommunications).
— 11. Flugumferðarþjónusta. (Air Traffic Services).
— 12. Leit og björgun. (Search and Rescue).
— 13. Rannsókn flugslysa. (Aircraft Accident Investigation).
— 14. Flugvellir. (Aerodromes).
— 15. Upplýsingar fyrir flug. (Aeronautical Information Services).
— 16. Umhverfisvernd. (Environmental Protection).
— 17. Flugvernd. (Security — Safeguarding International Civil Aviation against Acts of Unlawful Interference).
— 18. Öruggur flutningur hættulegra efna. (Safe Transport of Dangerous Goods by Air).

Aðrir fjölþjóðlegir sáttmálar.

Eins og fyrr segir eru fjölþjóðlegir samningar höfuðréttarheimildir flugréttarins. Þeir munu nú vera um 50 talsins og er Ísland aðili að um 13 fjölþjóðlegum samningum er varða flugmál, en þeir eru:

* Alþjóðasamningur um samræmingu nokkura reglna varðandi loftflutninga milli landa. (Varsjársáttmálinn) gerður 1929, síðari breytingar 1955 o.fl.
* Samþykkt um alþjóðaflugmál (Chicago-sáttmálinn) gerður 1944 ásamt breytingum, svo sem að framan segir.
* Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi loftfara (IAST) frá 1944.
* Alþjóðasamningur um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu frá 1956.
* Alþjóðasamningur um aðild Íslands að sameiginlegri greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi (Alþjóðaflugþjónustan) frá 1956.
* Samningur um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum (Genfarsáttmáli) frá 1948.
* Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningum frá 1969.
* Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningur) frá 1972.
* Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningur) frá 1972.
* Evrópusamningur um flutning líka, gerður 1973.
* Alþjóðasamningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum (Tókíósamningur) frá 1970.
* Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (Haag-samningur) frá 1973.
* Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna (Montreal-samningur) frá 1973.

Þá er rétt að geta GATS (General Agreement on Trade in Services) er undirritaður var í Marrakesh 15. apríl 1994 en í honum er fjallað um viðskiptafrelsi m.a. í alþjóðaflugi.

IV.
Tvíhliða samningar.

Tvíhliða loftferðasamningar eru mikilvæg réttarheimild og eru taldir um 1.200 gildandi samningar í heiminum. Ástæða þessa mikla fjölda samninga er að samkvæmt alþjóðasamningi um viðkomuréttindi loftfara (International Air Services Transit Agreement) frá 1944 og Chicago-sáttmálanum frá sama ári eru eingöngu tryggð réttindi loftfara aðildarþjóðanna til að fljúga um lofthelgi aðildarlandanna og lenda á tollflughöfnum þeirra án viðskipta. Ef þjóð hyggur á áætlunarflug milli landa þarf að gera um það sérstakan samning. Við stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 1944 voru þrír samningar lagðir til grundvallar, tveir eru nefndir hér að framan. Allar aðildarþjóðir ICAO hafa samþykkt stofnsáttmálann og þar með fyrrgreind tvenn réttindi. Þriðji samningurinn „The International Air Transport Agreement“ frá 1944 hafði að geyma fyrrgreind tvenn flugréttindi en einnig þrenn önnur sem nauðsynleg voru talin til alþjóðlegs millilandaflugs. Þessi samningur náði ekki alþjóðlegri viðurkenningu. Hér er rétt að vekja athygli á að vegna misskilnings var með auglýsingu nr. 94/1945 tilkynnt að Ísland hafi staðfest þennan samning og er hann í auglýsingunni kallaður „Alþjóðasamkomulag um loftflutninga“.

Til að fylla tómarúm sem var vegna þess að samningurinn hlaut ekki fullgildingu gerðu Bandaríki Norður-Ameríku og Stóra-Bretland samning sín á milli 1946 sem síðan hefur verið kallaður Bermúda I (síðar kom Bermúda II, eða 1977). Bermúdasamningurinn varð síðan fyrirmynd flestra, ef ekki allra, tvíhliða loftferðasamninga í heiminum og hafa heimildir til alþjóðlegs millilandaflugs síðan verið greindar á grundvelli fyrrgreindra heimilda og kallast hin fimm flugréttindi. Í tímans rás hafa þróast hjá hinum ýmsu fræðimönnum fjögur afbrigði flugréttindanna svo nú er talað um 9 flugréttindi. Í stuttu máli eru flugréttindin flokkuð þannig:

1. Heimild til flugs um lofthelgi ríkis án lendingar.
2. Heimild til lendingar án viðskipta.
3. Heimild til að flytja farþega, póst og vöru frá heimalandi loftfars til annars lands.
4. Heimild til að flytja farþega, póst og vöru frá öðru landi til heimalands loftfars.
5. Heimild til að flytja farþega, póst og vöru til og frá þriðja landi til og frá öðru landi.
6. Heimild til flutnings til og frá öðru ríki á flutningi til og frá þriðja ríki sem farið hefur um heimaríki loftfars á aðskildu flugi.
7. Heimild flugfélags sem starfar utan heimaríkis síns til flutnings milli annars ríkis og þriðja ríkis.
8. Heimild til flutnings milli staða innan yfirráðsvæðis annars ríkis.
9. Heimild til að stöðva loftflutninga.

Ísland hefur ekki verið atkvæðamikið við gerð loftferðasamninga og eru aðeins samningar við 11 ríki í gildi (Bandaríki Norður-Ameríku, Danmörk, Holland, Noreg, Lúxemborg, Tæland, Sambandslýðveldið Þýskaland, Finnland, Svíþjóð, Spán og Stóra-Bretland). Þess ber hins vegar að gæta að við inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið öðlast landið sjálfkrafa loftferðaréttindi til allra aðildarríkja svæðisins, en þau eru nú 17 (Belgía, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Spánn, Stóra-Bretland, Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð). Ríki Austur-Evrópu sækja á um inngöngu í svæðið og ef það verður má búast við fjölgun um allt að 15 ríki. Af framangreindu leiðir að ekki er nauðsynlegt að Íslendingar afli sér frekari flugréttarheimilda innan Efnahagssvæðis Evrópu eða Bandaríkja Norður-Ameríku. Aðrar heimsálfur og lönd þeirra eru hins vegar nær óplægður akur því enginn samningur er í gildi nema við Tæland.

Ísland hefur enn fremur gert tvíhliða samninga um skatta- og tollamál vegna flugvéla og eru 8 slíkir í gildi við Þýskaland, Benelúx-löndin, Bandaríki Norður-Ameríku, Belgíu, Sviss, Frakkland og Lúxemborg.

V.
Evrópuréttur.

Alþjóðaflugmálastofnunin ICAO þróaðist frá upphafsdögum sínum 1944 m.a. þannig að stofnuð voru svæðasamtök, og innan Evrópu var sett á laggirnar Evrópusamband flugmálastjórna ECAC (European Civil Aviation Conference) árið 1955. Stofnþjóðir voru 19 og var Ísland þar á meðal. Aðildarþjóðir ECAC nú munu vera 32 talsins og munar þar mest um Austur Evrópuþjóðir sem nær allar hafa sótt um þátttöku. Skýringarmynd í fylgiskjali V gerir glögga grein fyrir aðildarríkjum ECAC og þátttöku þeirra ríkja í öðrum Evrópusamtökum.

Tilgangur ECAC var og er einkum að fylgjast með þróun flugmála innan svæðisins, stuðla að samvinnu og samræmingu og eflingu loftflutninga innan Evrópu. ECAC er ráðgefandi aðili og þarf samþykki ríkisstjórna við ályktunum þess. Nokkrar fastanefndir starfa á vegum samtakanna. ECAC hafði forgöngu um ýmsa samninga vegna flugs innan Evrópu, svo sem samning um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu frá 30. apríl 1956 (Multilateral Agreement on Commercial Rights of Non-Scheduled Air Services in Europe). Ísland er aðili að þeim samningi, sbr. auglýsingu nr. 91/1961. Samningur um lofthæfisskírteini vegna influttra flugvéla frá 20. apríl 1960 (Multilateral Agreement Relating to Certificates of Airworthiness for Imported Aircraft). Alþjóðlegur samningur um aðferðir við ákvörðun far- og farmgjalda í áætlunarflugi frá 10. júlí 1967 (International Agreement on the Procedure for the Establishment of Tariffs for Scheduled Air Services). Samþykkt um flugumferðarþjónustu í Evrópu EUROCONTROL frá 13. desember 1960 (Convention for the Safety of Air Navigation). Samþykkt um samtök flugmálastjórna í Evrópu, JAA (Joint Aviation Authorities Convention final draft 17. November 1993).

Undirstofnanir ECAC eru þannig tvær: Flugumferðarþjónusta í Evrópu, EUROCONTROL, sem annast samræmingu flugumferðarstjórnar í hluta af Evrópu (Ísland er ekki aðili að þeirri stofnun), og samtök flugmálastjórna í Evrópu, JAA, en þar á Ísland fulla aðild. JAA-samtökin hafa verið mjög atkvæðamikil frá stofnun sinni en hlutverk þeirra er að annast samræmingu tæknilegra reglna innan ECAC-aðildarþjóðanna og samræma þær reglur reglum Bandaríkja Norður-Ameríku. Nú þegar þetta er skrifað í upphafi árs 1994 hafa 10 reglugerðir JAA tekið gildi hjá aðildarþjóðunum og aðrar 14 eru í bígerð. Reglur þessar eru í samræmi við alþjóðasáttmála og hafa því ekki kallað á breytingar á íslenskri löggjöf.

Efnahagssvæði Evrópu.

Efnahagsbandalag Evrópu varð til með Rómarsáttmálanum frá 1957. Því var breytt í Evrópusambandið (European Union), ESB, með undirritun samnings í Maastricht 7. febrúar 1992 og er því hér eftir kallað Evrópusambandið. Í þeim sáttmála eru ýmis ákvæði sem víkja að flutningum, þ.e. 74.–84. gr. Ekki er minnst á loftflutninga í fyrrgreindum greinum svo um árabil var ágreiningur innan bandalagsins hvort Rómarsáttmálinn næði yfir þá flutninga. Með dómi Evrópudómstólsins í málinu „The Nouvelles Frontiéres case" 1986 var hins vegar skorið úr án tvímæla að Rómarsáttmálinn ætti við um loftflutninga. Í framhaldi af niðurstöðu dómsins hóf ESB gagngeran undirbúning að einu markaðssvæði loftflutninga innan sinna vébanda þar sem haft yrði að markmiði sjónarmið neytenda, þ.e. aukin tíðni flutninga, lægri fargjöld, aukin samkeppni flugfélaga, afnám hafta á loftflutningum á svæðinu og afnám opinberra afskipta af fargjöldum jafnframt því sem fyllsta öryggis yrði gætt.

Frá upphafi fyrstu flugfélaga árið 1919 var opinbert eftirlit og stjórnun á flugrekstri mjög mikið, nánast hvað varðaði alla þætti flugsins þ.e. öryggi, verðlagningu, tíðni, flugleiðir, flugrekstrarleyfi o.s.frv. Skýring þessa kann að vera að flugfélög voru mörg, ef ekki flest, í ríkiseigu og voru fánaberar sinnar þjóðar. Þá má ekki gleyma að hafa í huga áhrif tveggja heimsstyrjalda sem að sumra áliti leiddu af sér frekari lokun landamæra ríkja en annars hefði orðið. Flugið var enn fremur nýr ferðamáti sem menn áttu eftir að venjast, átta sig á hættum þess og kostum — það átti eftir að verða sú almenningseign sem það síðar varð.

Bandaríki Norður-Ameríku stigu fyrstu spor í frjálsræðisátt í flugmálum heimsins með því að gefa loftflutninga á yfirráðasvæði sínu algerlega frjálsa árið 1978 og í þeirri aðgerð lögðu þeir m.a. niður sitt flugráð. Í framhaldi af innanlandsfrjálsræði kom fyrsta tilraun til frjálsræðis í milliríkjaflugi með loftferðasamningi Bandaríkja Norður-Ameríku og Hollands 1978. Í kjölfar þessara miklu breytinga í loftferðum Bandaríkjamanna styrktist einnig umræða um frjálsræði í flugmálum innan ESB.

Frjálsræðisaðgerðir ESB hafa verið í þremur þáttum, þ.e. því sem kallað hefur verið:

I. pakki frá því í desember 1987 sem innihélt fjórar gerðir ráðsins;
II. pakki frá nóvember 1990 sem innihélt tvær gerðir ráðsins og loks
III. pakki frá júní 1992 sem innihélt fjórar reglugerðir.

Með lögum frá 13. janúar nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið (EES) gerðist Ísland aðili að samþykktum EES. Frá þeim tíma gilda einnig reglur þess um flug hvað Ísland varðar, en aðeins I. og II. pakki urðu bindandi fyrir Ísland frá þeim tíma.

Með þingsályktun 11. maí 1994 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið sem samþykkt var í Brussel 21. mars 1994. Svokallaður III. pakki er hluti af þeim breytingum. III. pakkinn varð því bindandi fyrir landið í maí 1994 með fyrrgreindri ályktun Alþingis. Þann 30. júní 1994 voru gerðirnar birtar í Stjórnartíðindum og öðluðust gildi innan lands.

Fyrrgreindar gerðir ESB fjalla fyrst og fremst um efnahagslegt umhverfi flugfélaga og sem slíkar hafa þær ekki haft áhrif á íslenska löggjöf því gerðirnar hafa rúmast innan þeirra, nema gerðir sem áhrif hafa á rétt útlendinga til að eiga íslensk flugfélög, að skrá flugfélög hér á landi og rétt manna til að hefja flugrekstur í atvinnuskyni. Gerðirnar hafa hins vegar gífurleg áhrif á efnahagslegt umhverfi íslenskra flugmála sem hafa lotið mikilli opinberri forsjá frá byrjun fimmta áratugarins þegar flugleiðum var skipt milli Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf.

Gerðir Evrópusambandsins með tölumerkingum ESB, sem um er að ræða, eru:

I. pakki.

Reglugerð nr. 3975/87. Reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Regulation laying down the procedure for the application of the rules on competition to undertakings in the air transport sector).

Reglugerð nr. 3976/87. Reglur um beitingu greinar 85 (3) í Rómarsáttmálanum við loftflutninga (Regulation on the application of Article 85 (3) of the Treaty to certain categories of agreements and concerted practices in the air transport sector).

Tilmæli nr. 87/601. Um fargjöld í áætlunarflugi milli aðildarríkja (Directive on fares for scheduled air servces between Member States).

Ákvörðun nr. 87/602. Um sætaframboð milli áætlunarflugs og annars flugs milli aðildarríkjanna og aðgengi fyrir annað flug að áætlunarleiðum milli aðildarríkjanna (Decision on the sharing of passenger capacity between air carriers and scheduled air services between Member States and on access for air carriers to scheduled air service routes between member states).

II. pakki.

Reglugerð nr. 2342/90. Reglur um fargjöld í áætlunarflugi (Regulation on fares for scheduled Air Services).

Reglugerð nr. 2343/90. Reglur um aðgang flugfélaga að áætlunarflugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega milli flugfélaga í áætlunarflugi milli aðildarríkja (Regulation on access for air carriers to scheduled intra-Community air service routes).

III. pakki.

Reglugerð nr. 2411/92. Reglur um breytingu á reglugerð 3976/87 um beitingu á 3. mgr. 85. gr. Rómarsáttmálans (um samkeppni) gagnvart sérstökum samningum og starfsvenjum í loftflutningum (Regulation amending Regulation (EEC) no. 3976/87 on the application of Article 85 (3) of the Treaty to certain categories of agreements and concerted practices in the air transport sector).

Reglugerð nr. 2410/92. Reglur um breytingu á reglugerð 3975/87 um verklagsreglur við beitingu reglna um samkeppni gagnvart fyrirtækjum í flugrekstri (Regulation amending Reglulation (EEC) no. 3975/87 laying down the procedure for the application of the rules on competition to undertakings in the air transport sector).

Reglugerð nr. 2409/92. Reglur um fargjöld og farmgjöld fyrir flugþjónustu (Regulation on fares and rates for air services).

Reglugerð nr. 2408/92. Reglugerð um aðgang flugrekstraraðila innan bandalagsins að flugferðum milli staða innan þess (Regulation on access for Community air carriers to intra-Community air routes).

Reglugerð nr. 2407/92. Reglur um leyfi til flugreksturs (Regulation on licencing of aircarriers).

Alls hefur Evrópusambandið gefið út 53 gerðir um flugmál. Þar af eru 33 um viðskiptafrelsi, tæknireglur eru 9 talsins, 4 eru um samskipti við aðrar þjóðir og 7 eru af ýmsum toga. Íslendingar eru aðilar að 18 gerðum um flug og auk þess skal taka mið af 7 gerðum.

Gerðir sem Ísland er aðili að.

* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1284/91 frá 14. maí 1991.
* Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4261/88 frá 16. desember 1988 um kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2343/90 frá 24. júlí 1990 um aðgang flugfélaga að áætlunarflugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega milli flugfélaga í áætlunarflugi milli aðildarríkja.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 294/91 frá 4. febrúar 1991 um rekstur farmflugs milli aðildarríkjanna.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2342/90 frá 24. júlí 1990 um fargjöld í áætlunarflugi.

* Tilskipun ráðsins 80/1266/EBE frá 16. desember 1980 um framtíðarsamvinnu og gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna við rannsóknir flugslysa.
* Ákvörðun ráðsins 80/50/EBE frá 20. desember 1979 um tilhögun samráðs vegna samskipta aðildarríkjanna við ríki utan bandalagsins á sviði flutninga í lofti og vegna aðgerða í þeim málum á vegum alþjóðastofnana.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi.

Ofangreindar gerðir voru allar birtar með auglýsingu nr. 567/1993.

* Tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. desember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 83/206/EBE frá 21. apríl 1983.
* Tilskipun ráðsins 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða.

Báðar ofangreindar gerðir voru birtar með auglýsingu nr. 102/1994.

* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3089/93 frá 29. október 1993 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa.
* Tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum.

Gerðir þessar voru allar birtar með auglýsingu nr. 439/1994.

Þá má einnig nefna eftirtaldar þrjár reglugerðir:
* Reglugerð um málsmeðferð og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 593/1993.
* Reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 594/1993 með breytingu nr. 375/1994 en með henni eru m.a. þessi fylgiskjöl:

c. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.

d. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga milli fyrirtækja um tölvufarskráningarkerfi fyrir flugrekstur nr. 3652/93.

Á vegum ESB eru m.a. í undirbúningi gerðir um: tengsl við ríki utan ESB; bætur fyrir tapaðan farangur eða töf á afgreiðslu hans; flugumferðarþjónustu í Evrópu; tengsl milli flugvalla og notenda þeirra; flugskyldutíma og um bótaskyldu flugrekstraraðila.

VI.
Innlendur réttur.

Fyrstu lögin á Íslandi um loftferðir voru nr. 32. frá 14. júní 1929 og hétu lög um loftferðir. Þeim var síðar breytt með lögum nr. 49. frá 17. maí 1947. Þá voru sett lög um flugvelli, nr. 24. frá 12. febrúar 1945, og því næst lög um stjórn flugmála, nr. 119. frá 28. desember 1950, sem breytt var með lögum nr. 26. frá 24. mars 1954. Núgildandi lög um loftferðir eru nr. 34 frá 21. maí 1964. Um þau segir í greinargerð: „Svo sem áður var greint, ber nauðsyn til þess, að ríkin samræmi, svo sem kostur er, innanlandslög sín hinum alþjóðlega loftferðarétti. Á Norðurlöndum hafa starfað nefndir að þessu verkefni allt frá árinu 1948. Hafa hinar norrænu nefndir unnið saman og gert uppköst að loftferðalögum, sem í flestum aðalefnum eru samhljóða og eru reist á alþjóðasjónarmiðum. Hafa nú verið lög sett á grundvelli samstarfsins í Svíþjóð og í Danmörku. Frumvarp til slíkra laga hefur verið til meðferðar í Noregi. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er lagað eftir hinum norrænu lögum og alþjóðareglum."

Frumvarpið, sem lagt var fram á Alþingi árið 1962, var því staðfærð þýðing á hinu umsvifamikla starfi sem unnið hafði verið á Norðurlöndum um nær 20 ára skeið. Norrænu lögin voru grundvölluð á þýskum og frönskum rétti en svo mikil samræming var í álfunni hvað flugrétt varðaði. Íslensku loftferðalögin hafa þjónað sínu hlutverki ágætlega þau 30 ár sem þau hafa verið í gildi og er efnisskipun þeirra tvímælalaust greinargóð og eðlileg. Hins vegar hafa þau ekki tekið nauðsynlegum breytingum í tímans rás. Því er nauðsyn á þessu frumvarpi til loftferðalaga að tækniþróun flugsins hefur orðið miklu hraðari en nokkurn óraði fyrir og að hin unga fræðigrein, flugrétturinn, hefur öðlast mikinn þroska á þeim árum sem liðið hafa frá upphafi hans árið 1919.

Hér á eftir verður gerð stuttleg grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi lögum sem í lagafrumvarpi þessu felast og verður fylgt kaflaskiptingu núgildandi laga, enda er þeirri kaflaskiptingu haldið í lagafrumvarpi þessu.

Helstu breytingar frá núgildandi lögum.

Upphafsákvæði. Í þeim kafla hefur kerfisbundið verið raðað nýjum greinum er lýsa markmiði laganna, gildissviði, stjórnun, yfirráðasvæði Íslands, skilgreiningu á hugtakinu loftfar, umferðarheimildum og hömlum. Kafla þessum hefur verið mikið breytt frá núgildandi lögum.

Þjóðernisskrá. Kaflinn hefur allur verið endurskipulagður og ákvæði um skrásetningu verið færð í það horf sem þjónar því sem tíðkast hefur hérlendis og erlendis. Skilyrði fyrir skrásetningu loftfars hafa verið aðlöguð gildandi lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og réttarreglum þeim sem fylgja þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hefur verið lögð sú skylda á herðar íslenskum flugrekstraraðila sem notar loftfar í atvinnuskyni að hann skrásetji umráð sín þegar hann fær loftfarið til rekstr-

ar. Samkvæmt frumvarpinu eru margvíslegar skyldur bæði opinbers réttar eðlis og einkaréttar eðlis tengdar skráðum umráðanda til að forðast óvissu sem hefur skapast samkvæmt núgildandi lögum þar sem ekki er greint milli notanda, umráðanda eða eiganda. Nánari grein er gerð fyrir áhrifum þessara breytinga í athugasemdum við þær lagagreinar sem við á.

Lofthæfi. Í kaflann hefur verið sett nútímaskilgreining á lofthæfi, skilyrði um mengunarvarnir og heimild til framsals til erlendra aðila á reglubundnu eftirliti. Að öðru leyti hefur verið leitast við að gera efni kaflans skýrara.

Flugverjar. Heiti kaflans hefur verið breytt og settar inn nútímaskilgreiningar, ábyrgð flugstjórans er gerð afmarkaðri og skýrari, ákvæði um bráðabirgðasviptingu skírteinis eru gerð afdráttarlaus, skylda lögð á flugverja að hafa skírteini sín meðferðis í flugi og skylda lögð á lækna að tilkynna flugmálastjórninni er þeir verða varir við heilsubilun hjá flugverja er áhrif getur haft á hæfni hans til að stjórna loftfari.

Vinnuumhverfi áhafna loftfara. Úr kaflanum hafa verið felld ákvæði um opinbera skipun samráðsnefndar atvinnurekenda, starfsfólks og flugmálayfirvalda vegna þess að nefndin hefur ekki starfað svo vitað sé frá stofnun árið 1989.

Flugvellir. Kaflanum hefur verið breytt til samræmis við reynslu flugmálayfirvalda og orðalag verið aðlagað nútímanotkun.

Umferð í lofti og stjórn hennar. Heiti kaflans hefur verið breytt og ákvæði verið sett inn um flugumferðarþjónustu og flugumferðarstjóra.

Flugrekstrarleyfi. Miklar breytingar hafa verið gerðar á þessum kafla til samræmis við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

Loftflutningar. Kaflinn er mikið breyttur og löggjöfin samræmd rétti annarra Norðurlanda og nálægra landa. Kaflinn byggir á Varsjársáttmálanum frá 1929, en honum hefur verið breytt nokkrum sinnum án þess að Ísland hafi gerst þátttakandi í þeim breytingum. Bótamarki hefur verið breytt og það stórhækkað til samræmis við önnur ríki á Norðurlöndum og ábyrgð flytjanda enn fremur verið skýrð í samræmi við þróun sem orðið hefur á Norðurlöndum og á Varsjársáttmálanum. Viðmiðun bótafjárhæðar hefur verið breytt frá gullfæti í SDR.

Skaðabætur. Kaflinn er breyttur einkum hvað snertir ábyrgðaraðila og skyldu til að taka og viðhalda vátryggingu og þannig aðlagaður því sem tíðkast á nágrannalöndum.

Flugslys. Kaflinn er mikið breyttur m.a. á þann veg að rannsókn flugslysa, eða frávika í starfrækslu tækja eða búnaðar er varða flug, er alfarið færð til flugslysanefndar og rannsakar flugmálastjórnin ekki framar mál af embættisskyldu samkvæmt frumvarpi þessu. Ekki er framar gert ráð fyrir því að rannsóknarskýrslur nefndarinnar verði sendar saksóknara ríkisins og dómsmálaráðherra né að þær verði notaðar sem sjálfstætt sönnunargagn í dómsmáli.

Ýmis ákvæði. Kaflinn er breyttur m.a. með nýjum ákvæðum um nefnd er starfi að samningu og viðhaldi flugverndaráætlunar sem hefur þann tilgang að skipuleggja öryggisráðstafanir til varnar hermdar- eða skemmdarverkum gagnvart loftferðum.

Refsiákvæði. Kaflinn er mikið breyttur og refsiákvæðum stórfækkað, þ.e. úr 31 lagagrein í eina grein.

Í núgildandi lögum eru lagagreinar 190 talsins en í frumvarpi þessu eru þær 145. Af því má sjá að efni loftferðalaganna hefur verið mikið endurnýjað. Efnið hefur enn fremur verið dregið saman með það að markmiði að gera það samtímalegt, glöggt og skiljanlegt almenningi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum fjallar 1. gr. um hugtakið loftfar en um það er fjallað síðar í frumvarpi þessu. Hvergi er í núgildandi lögum getið um markmið laganna og er því gerð hér tillaga um að 1. gr. fjalli um markmið loftferðalaganna. Efni greinarinnar er sótt í 44. gr. stofnsamnings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem fjallar um markmið þeirrar stofnunar. Ísland gerðist aðili að sáttmálanum um alþjóðaflugmál 20. apríl 1947 en þar er lögð áhersla á að markmiðunum skuli náð með öryggi og farsæld almennings að leiðarljósi. Í 44. gr. segir orðrétt: Markmið stofnunarinnar og tilgangur er að stuðla að þróun millilandaflugs, grundvallaratriða þess og tækni og að vinna að skipulagningu og þróun millilandaloftflutninga í því skyni að:

a. tryggja öryggi og skipulega þróun alþjóðaflugmála um allan heim;
b. örva dráttlist á sviði flugvélabygginga og rekstur flugfara í friðsömu skyni;
c. stuðla að þróun loftleiða, flughafna og hjálpartækja til loftsiglinga fyrir millilandaflug;
d. fullnægja þörfum þjóða heimsins fyrir örugga, reglubundna, vel starfrækta og ódýra loftflutninga;
e. koma í veg fyrir óþarfa eyðslu vegna ósanngjarnar samkeppni;
f. tryggja að réttindi samningsríkja verði að fullu virt og að hvert samningsríki fái sanngjarnt tækifæri til að starfrækja millilandaflug;
g. forðast hlutdrægni meðal samningsríkja;
h. efla öryggi í millilandaflugi og
i. yfirleitt efla þróun allra greina alþjóðaflugmála.

Um 2. gr.

Efni þessarar greinar er í meginatriðum í samræmi við núgildandi 2. gr., 5. gr. og 186. gr. loftferðalaga. Lögð er aukin áhersla á lofthelgi landsins, þ.e. þar sem flugið fer fram, en hún miðast lárétt við tollalögsögu, þ.e. landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og 12 sjómílna landhelgi umhverfis það, sbr. tollalög, nr. 55 frá 30. mars 1987, 26. gr., sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41 frá 1. júní 1979.

Engin ein alþjóðleg skilgreining er staðfest um lóðrétt efstu mörk yfirráðasvæðis ríkis í lofthelginni en ýmsar kenningar hafa verið settar fram m.a.:

a. efstu mörk andrúmsloftsins,
b. mörk aðdráttarafls jarðar,
c. markalína milli loftferða og geimferða,
d. svæði sem ríki getur í raun stjórnað.

Talið er nægjanlegt að staðfesta lóðrétt mörk í mestu hæð sem loftfar getur flogið í, eða um 83.000 kílómetrar, þar sem áhrifa loftsins hættir að gæta og kraftar miðflóttaaflsins byrja að virka.

Ríki hafa óskoraða lögsögu í lofthelgi sinni. Þessi grundvallarregla er orðuð svo í 1. gr. Chicago-sáttmálans um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944: „Ríki þau, sem aðilar eru að samþykkt þessari, viðurkenna full og óskoruð yfirráð hvers ríkis yfir loftinu, sem uppi yfir því er.“ Í þessu felst að flugför erlendra ríkja hafa ekki heimild til að koma inn í lofthelgi ríkis án leyfis þess. Þar er ekki um að ræða neinn rétt þeirra til friðsamlegrar umferðar svo sem er á sjó. Umferðarréttur verður því ætíð að byggjast á heimild ríkisins samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum eða sérstakri leyfisveitingu, sbr. ákvæði Chicago-sáttmálans frá 1944 og þeirra fjölmörgu tvíhliða loftferðasamninga sem í gildi eru milli ríkja um gagnkvæman lendingarrétt flugfara og heimild til að flytja farþega og vöru.

Þrátt fyrir að lengi hafa verið ákvæði í almennum hegningarlögum um gildissvið þeirra laga um borð í íslenskum skipum og loftförum þykir ástæða til að hnykkja á því í þessu lagafrumvarpi einkum til að þeim aðilum er helst nota loftferðalög séu þessi lagafyrirmæli ljós, svo og vegna þess að Alþjóðaflugmálastofnunin hefur á undanförnum árum gert samþykktir um refsiverðan verknað gegn loftförum og loftferðum sem Ísland hefur gerst aðili að og sem hafa nú verið felldar inn í meginmál laga m.a. I. kafla almennra hegningarlaga.

Í 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, segir m.a.: „Refsað skal eftir íslenskum hegningarlögum: 1. Fyrir brot, framin innan íslenska ríkisins. Sé brot framið af starfsmanni eða farþega erlends skips eða loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með farinu fylgist, eða hagsmunum, sem við farið eru nátengdir, skal þó því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun. 2. Fyrir brot, framin á íslenskum skipum eða í íslenskum loftförum, hvar sem þau hafa þá verið stödd ...“

Í ofangreindu efni hafa ríki beitt mismunandi lögsögureglum, aðallega forráðasvæðis- eða þegnreglunni. Var því augljós nauðsyn þess að samhæfa framkvæmd ríkja á þessu sviði réttarins. Voru settar reglur um lögsögu vegna brota sem framin eru í flugvélum í alþjóðasamningi varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum sem undirritaður var í Tókíó 14. september 1963 og gerður var á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO (Convention on Offences and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft). Ísland gerðist aðili samningsins árið 1970, sbr. auglýsingu C-deild nr. 11/1970. Samkvæmt ákvæðum samningsins fer heimaríki loftfarsins með lögsögu vegna brota og athafna sem framin eru um borð í farinu hvort sem það er statt í lofthelgi annars ríkis eða yfir úthafinu. Þó er öðru samningsríki heimilt að fara með refsilögsögu vegna brota sem framin eru um borð í erlendu flugfari í eftirfarandi tilvikum:

1. þegar brotið hefur afleiðingar á landsvæði þess ríkis;
2. þegar brotið hefur verið framið af eða gegn þegn þess ríkis eða manni með fasta búsetu í því ríki;
3. þegar brotið beinist gegn öryggi þess ríkis;
4. þegar um er að ræða brot á reglum eða ákvæðum varðandi flugið eða stjórn loftfars sem í gildi eru í því ríki;
5. þegar beiting lögsögu er nauðsynleg til að tryggja framkvæmd skuldbindingar þess ríkis samkvæmt alþjóðasamningi.

Rétt er að vekja athygli á að samningur þessi tekur aðeins til kaupflugfara en ekki herflugfara og er það í samræmi við Chicago-sáttmálann frá 7. desember 1944. Erlendar herflugvélar þurfa ætíð að biðja um leyfi til að koma inn í lofthelgi ríkis þótt gagnkvæmir samningar um umferðarrétt loftfara hafi verið gerðir milli ríkjanna. Slíkir samningar taka

einvörðungu til ferða kaupflugfara. Ríki hefur aldrei refsilögsögu yfir erlendum herflugförum í lofthelgi sinni en getur krafist þess að þau verði þaðan á brott ef þau hlíta ekki settum umferðar- og flugreglum.

Með ákvæðum samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal 23. september 1971, er samningsríkjum fengin lögsaga: a) þegar afbrotið er framið á landsvæði þess ríkis, b) þegar afbrot er framið gegn loftfari eða í loftfari sem skrásett er í viðkomandi ríki, og c) þegar loftfarið, sem afbrotið er framið í, lendir á landsvæði þess ríkis með meintan brotamann um borð. Ísland gerðist aðili að samningi þessum 30. júlí 1973, sjá auglýsingu í C-deild nr. 13/1973, sbr. 4. tölul. 6. gr. ísl. hgl., og lög nr. 41/1973 og 165., 120., 257., 259. gr. hgl. og lög nr. 16/1990.

Ekki þykir ástæða til að endurtaka hér í frumvarpi þessu efni núgildandi 3. mgr. 5.gr. því af sjálfu leiðir þar sem milliríkjasamningur (Varsjársáttmálinn) er fyrir hendi og frekar er um þetta efni fjallað í þeim kafla laganna er fjallar um skyldur flytjanda, þ.e. IX. kafla.

Um 3. gr.

Hér er um nýmæli að ræða en í núgildandi lögum er ekki sérstaklega mælt fyrir um hver fari með stjórnun samkvæmt lögunum en lesa má í fjölmörgum greinum fyrirmæli um að samgönguráðherra fari með ákvörðunarvald samkvæmt viðkomandi greinum. Með þessari breytingu eru tekin af tvímæli og valdið allt falið þeim ráðherra er með samgöngumál fer.

Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra geti á hverjum tíma falið einstaklingi, fyrirtæki og stofnun, svo sem ráðuneyti, framkvæmd einstakra þátta laganna og er það í samræmi við núgildandi ákvæði, sbr. 187; 25; 26. og 33. gr. loftferðalaga. Ekkert mælir því mót að ráðherra framselji vald sitt til íslenskra eða erlendra einkafyrirtækja í þessu skyni, t.d. hvað varðar loftferðaeftirlit. Þar sem 187. gr. núgildandi laga fjallar um sama efni og 3. gr. frumvarpsins er hún felld brott.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að lög um stjórn flugmála, nr. 119 frá 28. desember 1950, falli brott í heild sinni, en ráðherra ákveði framvegis með reglugerð hvaða skipan hann vilji hafa á stjórn flugmála, enda eðlilegt að handhafi framkvæmdarvalds hafi til þess svigrúm. Þessi tilhögun skapar aukinn sveigjanleika í stjórnun samkvæmt efni loftferðalaganna því breyting á reglugerð er tiltölulega einföld stjórnvaldsaðgerð en lagabreyting er torleiði.

Þá er gert ráð fyrir að sá aðili sem samgönguráðherra felur starf flugmálastjórnarinnar fari einnig með eftirlit með því að ákvæði laga þessara séu haldin, eftir því sem við verður komið. Flugmálastjórninni getur reynst erfitt að halda uppi „lögreglueftirliti“ en lögð er á hana sú skylda að fylgjast grannt með og komist hún að brotum ber henni af embættisskyldu að kæra hinn brotlega.

Um 4. gr.

Grein þessi er til frekari staðfestingar á lofthelgi landsins, sbr. það sem áður segir um mörk lofthelgi.

Um 5. gr.

Grein þessi skilgreinir loftfar samkvæmt viðurkenndri skilgreiningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og ákvarðar sérstaklega að lög þessi ná ekki yfir svokallaða svifnökkva, en það eru farartæki sem ferðast má á yfir land og lög fyrir loftpúðaáhrif við yfirborð jarðar. Önnur málsgrein á einkum við um eldflaugar, flugskeyti, fallhlífar, fasta loftbelgi o.s.frv. Þriðja málsgrein varðar einkum svifflugur, loftbelgi, fjarstýrð loftför o.fl. Rétt er í þessu sambandi að minna á ákvæði 8. gr. Chicago-sáttmálans þar sem segir að ekkert fjarstýrt loftfar megi fljúga um yfirráðasvæði sáttmálaríkis nema sérstakt leyfi sé til þess og í samræmi við skilyrði leyfisins. Efni kunna einnig að vera til að víkja frá ákvæðum laganna um merkingu og loftferðaskjöl svifflugna sem einungis er ætlað mjög takmarkað flugsvið. Undanþágu mætti veita einstöku loftfari sem sérstaklega væri búið þótt önnur loftför af sömu tegund fengju hana ekki.

Samgönguráðherra er ekki heimilt að veita undanþágur frá einkaréttarákvæðum (skaðabóta- og refsiákvæðum laganna). Á þetta einkum við um IX. og X. og XIII. kafla.

Önnur og þriðja málsgrein samsvara 185. gr. núgildandi laga og eru nær óbreyttar; því er sú grein felld niður í frumvarpi þessu en sameinuð 5. gr.

Um 6. gr.

Grein þessi er í öllum aðalatriðum samhljóða 3. gr. núgildandi laga og greinir hverjir hafa rétt til farar um íslenskt yfirráðasvæði. Ákvæði 2. tölul. vitnar óbeint til alþjóðaflugmálasáttmálans frá 7. desember 1944 og alþjóðasamnings um viðkomuréttindi flugfara er undirritaður var fyrir Íslands hönd 4. júní 1945. Fyrrgreindir samningar heimila öllum aðildarlöndum samninganna m.a. eftirtalin flugréttindi í millilandaflugi: 1. Réttindi til að fljúga yfir land þeirra án þess að lenda. 2. Réttindi til viðkomu án viðskipta í fjáröflunarskyni, þ.e. til annars en að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst, svo sem til að taka eldsneyti og láta fara fram viðgerðir, sbr. d-lið 96. gr. Chicago-sáttmálans. Samkvæmt 4. gr. sáttmálans mega sáttmálaríki setja ýmis skilyrði um flugleiðir og lendingarstaði og sáttmálaríki áskilja sér skv. 5. gr. sáttmálans að afturkalla eða neita um leyfi til flugrekstraraðila annars ríkis þegar ekki þykir sannað að hinn raunverulegi eignarréttur og eftirlit með flugrekstrinum sé í höndum ríkisborgara í sáttmálaríki eða loftferðafyrirtæki hlítir eigi lögum þess ríkis þar sem það hefur sinn flugrekstur eða fullnægir eigi skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum.

Chicago-sáttmálinn og viðkomusamningurinn veita loftförum þannig mjög takmörkuð réttindi.

Hinn 7. desember 1944 var í Chicago undirritaður alþjóðaloftflutningasamningur (International Air Transport Agreement). Samkvæmt honum veita samningsríkin hvert öðru hin svonefndu fimm flugréttindi til handa loftförum hvers annars en þeirra er getið í inngangi greinargerðarinnar. Einungis örfá ríki hafa fullgilt sáttmálann um alþjóða borgaralega loftflutninga og er Ísland ekki þar á meðal. Svíþjóð hefur fullgilt hann en ekki önnur ríki á Norðurlöndum.

Í stað fyrrgreinds samnings hafa ríki farið inn á þá braut að gera tvíhliða samninga um loftferðaréttindi hvert handa öðru á yfirráðasvæðum sínum.

Ákvæði 83. gr. Chicago-sáttmálans veita sáttmálaríkjunum heimild til að gera slíka samninga, enda brjóti þeir í engu gegn Chicago-sáttmálanum. Í lokabókun við Chicago-sáttmálann er tekið upp uppkast að slíkum samningi (Form of standard agreement for provisional air routes).

Bermúdasamningurinn, sem Bandaríki Norður-Ameríku og Bretland gerðu með sér 11. febrúar 1946, hefur haft mikil áhrif á slíka samninga. Þar veittu ríkin hvort öðru gagnkvæma heimild til að hefja loftferðir milli ríkja, hvort um yfirráðasvæði hins, með ýmsum skilyrðum og takmörkunum. Fyrirmynd að loftferðasamningi sem sniðinn var í mörgum greinum eftir uppkastinu frá Chicago-sáttmálanum og Bermúdasamningnum var samþykkt á ráðstefnu í Genf 1947. Rétt er að vekja athygli á 7. gr. Chicago-sáttmálans, en þar er kveðið svo á að hvert sáttmálaríki hafi rétt til að synja loftörum annars ríkis leyfi til flugflutninga innan lands (cabotage/gestaflug). Innan Evrópska efnahagssvæðisins verða öll slík höft endanlega afnumin milli bandalagsríkjanna eftir 1. apríl 1997. Með 22. gr. sáttmálans tekst hvert sáttmálaríki á hendur að gera allar framkvæmanlegar og haganlegar ráðstafanir með setningu reglna eða á annan hátt til að auðvelda loftferðir og flýta þeim milli landa sáttmálaríkjanna og afstýra töfum loftfara, farþega og farms, einkum með skjótri framkvæmd laga um innflutning fólks, sóttkvíum og afgreiðslu. Samkvæmt 11. gr. sáttmálans skal með þeim takmörkunum sem leiðir af sáttmálanum beita lögum og reglum hvers sáttmálaríkis sem varða komu loftfara í millilandflugi, stjórn þeirra og brottför um öll loftför sáttmálaríkjanna án mismunar vegna þjóðernis. Skulu loftför hlíta reglum þessum og skv. 13. gr. sáttmálans skal hlíta lögum og reglugerðum sáttmálaríkis um innflutning, landtöku og útflutning farþega, áhafnar og farms, t.d. reglugerðum um innflutning, afgreiðslu, vegabréf, tollskoðun, sóttkvíun o.s.frv. Í samræmi við það er nú var sagt skal beita íslenskri löggjöf bæði um íslensk og erlend loftför á íslensku yfirráðasvæði. Þetta gildir t.d. um lofthæfi loftfars, en lofthæfisskírteini heimaríkis nægir hinu erlenda loftfari skv. 31. og 33. gr. Chicago-sáttmálans. Íslensk löggjöf tekur og hér á landi yfir erlend loftför að því er varðar áhöfn þeirra, umferð þeirra í lofti, lendingarskyldu, flutning þeirra á hergögnum, skaðabótskyldu umráðenda þeirra, vátryggingarskyldu og hald á loftförum. Beita skal hér á landi íslenskri löggjöf um vegabréf, sóttvarnir og tollgæslu að því er erlend loftför varðar.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. frumvarpsins getur samgönguráðherra veitt loftfari, skrásettu í ríki sem ekki hefur gert sáttmála við Ísland, leyfi til loftferða á íslensku yfirráðasvæði, svo og loftfari sem hvergi er skrásett og hefur enn eigi þjóðerni, t.d. loftfari er framkvæmir prófflug og loks loftfari sem eigi hefur verið skrásett.

Um 7. gr.

Greinin er sama efnis og 4. gr. núgildandi laga, en efnið er sameinað og texti styttur. Nýmæli er að forseti getur takmarkað loftferðir um íslenskt yfirráðasvæði að tillögu ríkisstjórnar, en í núgildandi lögum er ríkisstjórnin ekki tilgreind. Rétt þykir til að taka af vafa að hafa þennan hátt á.

Í a-lið 9. gr. Chicago-sáttmálans er svo kveðið á að hvert samningsríki geti af hernaðarnauðsyn eða vegna almenns öryggis takmarkað eða bannað algerlega loftförum annarra ríkja að fljúga yfir sérstök svæði, enda sé engin mismunun gerða að þessu leyti á loftförum í milliríkjaáætlunarflugi hvort sem þau eiga heima í því ríki sem bannið setur eða öðru sáttmálaríki. Slík bannsvæði skulu einungis vera hæfilega stór og svo í sveit sett að þau trufli ekki loftferðir að óþörfu. Tilkynna skal Alþjóðaflugmálastofnuninni og sáttmálaríkjum um bannsvæðin og breytingu á þeim.

Sáttmálaríki getur skv. b-lið 9. gr. nefnds sáttmála takmarkað eða bannað loftferðir um hluta af eða allt yfirráðasvæði sitt án fyrirvara, enda sé það nauðsynlegt af öryggisástæðum, t.d. á styrjaldartímum, en bannið verður þá að taka til loftfara allra ríkja. Athuga ber einnig 89. gr. Chicago-sáttmálans er veitir sáttmálaríki aukinn rétt til að banna loftferðir um yfirráðasvæði sitt á styrjaldar- og hættutímum.

Þá er einnig það nýmæli í þessari grein frumvarpsins að flug yfir hljóðhraða innan íslensks yfirráðasvæðis er bannað með þessum lögum, en það hefur ekki verið lögfest áður hér á landi en er í samræmi við löggjöf annarra Norðurlanda og þær skoðanir sem almennt eru ríkjandi um umhverfisvernd. Hávaði frá flugi yfir hljóðhraða er talinn skaðvænlegur mönnum og dýrum og því nauðsynlegt að takmarka hann svo sem kostur er. Hraði hljóðsins er í mállofti við sjávarmál 340,294 metrar á sekúndu eða um 1225 kílómetrar á klukkustund. Venjulegur flughraði nútímafarþegaþotu er 0.80–0.87 af hljóðhraða. Takmarkanir á þess háttar flugi hafa verið í gildi í leiðbeiningarreglum íslensku flugmálastjórnarinnar um árabil og hafa verið prentaðar í handbók flugmanna.

Um II. kafla.

Þróun þjóðernis loftfara og áhrif þess hefur eins og annað innan flugréttarins tekið hröðum og sjáanlegum breytingum frá upphafi 20. aldarinnar. Upphaflega urðu Frakkar til að kalla eftir alþjóðlegum reglum sem síðar leiddi til að hin upphaflega Parísarsamþykkt innihélt margar greinar er fjölluðu um þennan þátt. Sú meginregla að loftfar skuli hafa þjóðerni þess lands sem það er skrásett í var fest á blað með 6. gr. Parísarsamþykktarinnar; 6. gr. Ibero-American-samþykktarinnar; 7. gr. Pan-American-samþykktarinnar og síðar með 17. gr. Chicago-sáttmálans en þar segir: „Aircraft have the nationality of the State in which they are registered." Í 18. gr. Chicago-sáttmálans segir að loftfar geti ekki verið skráð í fleiri en einu ríki, en það er leyfilegt að breyta skráningu frá einu ríki til annars. Samkvæmt 19. gr. sama sáttmála þá skal skráning eða flutningur skráningar loftfars hjá einhverju samningsríki vera gerður í samræmi við lög þess og reglur. 20. gr. sama sáttmála mælir fyrir um að sérhvert loftfar er notað er í millilandaflugi skuli bera tilhýðileg þjóðernis- og skráningarmerki er því hafi verið úthlutað af alþjóðastofnun. Loks er í 21. gr. sáttmálans lagt svo fyrir að sáttmálaríkin hafi skyldu til að upplýsa Alþjóðaflugmálastofnunina eða önnur sáttmálaríki um skrásetningu og eignarrétt þeirra loftfara sem skráð eru í ríkinu. Í viðbæti nr. 7 við Chicago-sáttmálann er kveðið á um þjóðernins- og skráningarmerkingu loftfars.

Í alþjóðaflutningum hefur það alltaf verið mjög mikilvægt fyrir loftfar eða skip að njóta verndar þess ríkis sem það tilheyrir og einnig hefur það verið ríkjum mikilvægt að fánaberar þeirra, skip eða loftför beri rétt merki. Athyglisvert er að þjóðerni hefur ekki haft sama gildi fyrir landflutninga, þ.e. bifreiðar eða járnbrautir, og er því ekki um samskonar þjóðernisvernd að ræða þar.

Þjóðerni loftfars leiðir því af sér að í mörgum tilvikum nær lögsaga skráningarríkisins til loftfarsins hvar sem það er statt eða milliríkjasáttmálar greina mörk lögsögu skráningarríkisins og lögsögu þess ríkis er atburðurinn gerist í eða milliríkjasáttmálar kveða á um meðferð máls.

Þannig má segja að:

A. Fæðing, dauði, stofnun hjúskapar, samningur er á sér stað um borð í loftfari fylgja lögum skráningarríkis loftfarsins eins og gerst hefði innan yfirráðasvæðis skráningarríkisins.
B. Almenn regla alþjóðalaga er sú að hvert ríki ber á því ábyrgð að loftför þeirra uppfylli alþjóðlegar reglur um lofthæfi, öryggi og alþjóðasamninga hvar sem þau eru stödd. Þannig gilda reglur skráningarríkis um skyldur og réttindi áhafnarinnar um borð, en reglur þess ríkis sem farið er um gilda hvað varðar för loftfarsins og áhafnarinnar um yfirráðasvæði þess ríkis.
C. Ef glæpir eru framdir um borð hafa alþjóðlegar ákvarðanir verið teknar um lögsögu með Tókíósamþykktinni, Haag-samþykktinni og Montreal-samþykktinni.

Viðfangsefni innlenda réttarins er því að ákveða með hvaða hætti loftför hljóti þjóðernisskráningu og hvaða skilyrði þau þurfa að uppfylla, allt þó í samræmi við alþjóðasamninga. Íslensk löggjöf hafði að geyma miklar takmarkanir á skráningu loftfara og þurfti sérstakt leyfi samgönguráðherra til skrásetningar loftfars hérlendis ef það var í eigu erlends aðila, sbr. 7. gr. núgildandi laga. Það var í samræmi við lagareglur landa í nágrenni við okkur og reyndar almennar reglur aðildarlanda Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Með þátttöku okkar í efnahagssvæði Evrópu, sbr. reglugerð ráðsins nr. 2407/92 um veitingu leyfa til handa flugfélögum og undanfarandi rýmri íslenskum lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 121/1993, er nú svo komið að engar hömlur eru lagðar á skrásetningu loftfara hérlendis sem eru í eigu erlendra aðila svo fremi þau uppfylli alþjóðleg og innlend tækniskilyrði. Þessi staðreynd kallar á frekari greiningu milli eiganda og umráðanda því í mörgum tilfellum er ekki um sama aðila að ræða, t.d. þegar annar aðili en notandi fjármagnar kaup á loftfari og kýs að hafa það á sínu nafni þar til það er greitt eða leigutíma lýkur. Í þessu lagafrumvarpi er lagt til að alltaf sé skylt að skrá umráðanda loftfars ef hann er annar en eigandi og að hann sé ábyrgur gagnvart íslenskum yfirvöldum um að öllum reglum og fyrirmælum sé réttilega fylgt. Þó að hömlur hafi verið minnkaðar á skráningu loftfara í eigu erlendra aðila þýðir það engan veginn að sama gildi um leyfi til loftferðastarfsemi. Þar eru enn á hömlur þó þeim hafi verið aflétt frá núgildandi loftferðalögum hvað varðar þegna hins Evrópska efnahagssvæðis. Rétt er að vekja sérstaka athygli á að tvenns konar skráning er á loftförum, þ.e. annars vegar þjóðernisskráning sem haldin er og gerð hjá flugmálastjórninni og skráning réttinda í loftförum sem aðeins skal vera á einum stað í landinu samkvæmt alþjóðasamningnum um skrásetningu réttinda í loftförum gerðum í Genf 1948. Sú skráning fer fram hjá sýslumanninum í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 21 frá 16. apríl 1966, um skráningu réttinda í loftförum, sbr. lög nr. 92/1991, 45. gr., 1. tölul. Þessi háttur er ólíkur skráningu réttinda í skipum sem fer eftir gildandi þinglýsingalögum og fer fram hjá sýslumanni viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á skráningu réttinda í loftförum en hún fer fram samkvæmt fyrrgreindum lögum um skrásetningu réttinda í loftförum.

Í löggjöf annarra ríkja á Norðurlöndum, t.d. Noregs, fer um skrásetningu réttinda í loftförum samkvæmt gildandi þinglýsingalögum og er það einfaldari framgangsmáti en í gildandi íslenskum rétti. Aðferð sú sem hefur verið viðhöfð hérlendis í 30 ár hefur á hinn bóginn reynst vel og því ekki ráðlegt, né ástæða til, að leggja til breytingar þó það væri til samræmis við rétt nágrannaþjóða okkar. Lögin um skrásetningu réttinda í loft-

förum eru, að mestu, þýðing á alþjóðasamþykkt er gerð var í Genf í júní 1948 sem Ísland gerðist aðili að með fyrrgreindum lögum og staðfesti þann 6. febrúar 1967. Alþjóðasamningnum var ekki ætlað að vera fyrirmynd staðbundinnar löggjafar, svo sem hinnar íslensku, heldur skyldi hann gilda gagnvart loftförum skráðum í öðru landi og er ætlaður til að vernda rétt lánveitenda og krafna þeirra. Megninatriði Genfarsamningsins eru að aðildarríki samningsins fallast á að viðurkenna eftirfarandi réttindi:

a. Eignarrétt að loftfari. Þó að eignarréttur sé alþjóðlega viðurkenndur var talið nauðsynlegt að fjalla um hugtakið vegna þjóðernisskráningar loftfars.
b. Rétt til leigukaupa á loftfari þar sem leigjandinn hefur eignarumráð yfir loftfarinu. Ákvæði samningsins ná yfir almenn óskilyrt kaup; leigukaup; skilyrta kaupsamninga og veðsetningu loftfars.
c. Rétt til eignaryfirráða á loftfari þegar um er að ræða leigu í sex mánuði eða lengur.
d. Veðsetningu, tryggingu og samsvarandi réttindi í loftfari sem reist eru á samningi um tryggingu fyrir greiðslu skuldar.

Eftirfarandi eru þær breytingar sem gerðar eru frá núgildandi lögum með þessum kafla frumvarpsins um þjóðernisskráningu:

a. Sérhvert loftfar skal hljóta skrásetningarnúmer er fylgi því meðan það er á íslenskri skrá.
b. Réttur íslenskra ríkisborgara til skráningar á loftförum hérlendis er gerður afdráttarlausari en er í núgildandi rétti.
c. Rýmkuð er heimild erlendra ríkisborgara til skráningar loftfara hérlendis í samræmi við lög nr. 23/1991 frá 27. mars um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., sbr. 7. gr. laganna, sjá enn fremur lög nr. 34/1991 frá 19. mars, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. 4. tölul. 4. gr., sjá breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 121/1993 frá 27. desember.
d. Lögð er á skylda að skrá alltaf umráðanda loftfars ef annar er en eigandi og er það gert í því skyni að forðast réttaróvissu sem leitt hefur af orðalagi núgildandi laga þar sem ábyrgð á loftfari er lögð á eiganda, umráðanda (notanda) loftfars, sbr. eftirfarandi greinar í núgildandi lögum: 30.; 31.; 34.; 50.; 78.; 133.; 137.; 138.; 144.; 151.; 153.; 155.; 156.; 158.; 159.; 165. og 182.
   Ábyrgð á því að loftfar uppfylli öryggiskröfur um lofthæfi, tæknilegt og lögformlegt, er því samkvæmt þessu lagafrumvarpi lögð á skráðan umráðanda og þar sem það á við flugstjóra loftfarsins og í einstaka tilfellum einnig á þann aðila sem annast hefur nýsmíði, breytingar eða viðhald á loftfari. Rétt er að leggja áherslu á að hugtakinu „umráðandi loftfars“ er ekki ætlað að raska túlkun á eða notkun hugtaksins „flytjandi“, sbr. IX. kafla laganna um loftflutninga sem er nánast bein þýðing á Varsjársáttmálanum frá 1929 sem Ísland staðfesti 21. ágúst 1948, en sáttmálinn fjallar um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.
e. Í lagafrumvarpi þessu hefur II. kafli laganna hlotið nýtt heiti, þ.e. **Þjóðernisskráning**, í stað „Skrásetning, þjóðerni og merking“, og hefur uppbyggingu kaflans verið breytt til að gera efni hans auðskiljanlegra almenningi.

Um 8. gr.

Grein þessi samsvarar 6. gr. núgildandi laga og er að meginefni til óbreytt en hefur verið gerð ákveðnari með því að vísa til þjóðernisskráningar sem gert er ráð fyrir að haldin sé samkvæmt Genfarsamningnum um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum frá 1948, sbr. III. gr. og 17., 18., 19., 20. og 21. gr. sáttmálans um alþjóðaflugmál (ICAO-sáttmálans) frá 1944, sbr. viðbæti nr. 7 við ICAO-sáttmálann um þjóðerni og skráningu loftfara. Enn fremur með því að aðgreina frekar tvenns konar alþjóðlega skráningu loftfara, þ.e. þjóðernisskráninguna sem er tæknileg skráning er fjallar um staðfestingu lofthæfis (sbr. það sem síðar segir um lofthæfisvottorð) og að fullnægt sé skilyrðum þess að loftfar megi hljóta íslenskt þjóðerni og þannig tilsvarandi þjóðernismerkingu og þjóðernisvernd og hins vegar skráningu réttinda í loftförum sem er skráning eignar- og/ eða fjárréttinda í loftförum og fer nú eftir lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966. Eins og áður segir er ekki með frumvarpi þessu lögð til breyting á þeirri tilhögun.

Enn fremur er lögð sú skylda á herðar skrásetjara þjóðernisskráningar að tilkynna jafnharðan breytingar til skrásetjara réttinda í loftförum ef þær verða.

Þá er efni 19. gr; 2. mgr. 21. gr. og 23. gr. núgildandi laga fært í meginmál þessarar greinar.

Um 9. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. núgildandi laga en er gjörbreytt að efni til. Því veldur mjög rýmkuð löggjöf um fjárfestingu útlendinga hér á landi og lög um Evrópska efnahagssvæðið og reglur tengdar þeim.

Með lögum nr. 23 frá 27. mars 1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., 7. gr., er 1. mgr. 7. gr. núgildandi loftferðalaga breytt og er sú breyting sett hér fram nær óbreytt. Skilyrði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 frá 25. mars 1991, eru sett fram í 4. tölul. 4. gr. laganna, en þar segir: „Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%." Ákvæði þessi, sem hafa verið lögbundin, eru töluverð breyting frá fyrri skilyrðum, en eru í samræmi við þá þróun sem á sér stað í Vestur-Evrópu. Fastheldni hefur þó verið um heim allan á meirihlutaeign íbúa sjálfstæðra ríkja í eigin flugfélögum. Þetta hlutfall erlendrar eignar er með því hæsta sem þekkist utan Evrópska efnahagssvæðisins. Frekar verður fjallað um eignaraðild útlendinga í íslenskum atvinnufyrirtækjum, sem stunda flugrekstur hér á landi, í athugasemdum við VIII. kafla frumvarps þessa, en hann fjallar um flugrekstrarleyfi.

Efni 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins rýmkar því mjög verulega heimild til að skrá loftför á Íslandi frá þeim ákvæðum er núgildandi lög höfðu að geyma. Fyrir þessa breytingu var eignarhluti útlendinga bundinn við 33,3%, þ.e. ⅓ hlutar loftfarsins urðu að vera í eigu Íslendinga. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að fjöldi loftfara í eigu erlendra aðila hefur verið skráður í íslenska þjóðernisskrá með því að nýta undanþáguheimild í síðari málsgrein núgildandi laga. Ástæður þess eru að sífellt verður almennara að flugfélög kaupi ekki loftför sín með staðgreiðslu eða lántöku hjá þriðja aðila, heldur öðlast þau umráðarétt yfir loftfarinu með leigu- eða kaupleigusamningi við raunverulegan eiganda loftfarsins sem getur t.d. verið framleiðandi loftfarsins, fjárfestingarfélag, banki eða annars konar fjármögnunaraðili. Flugfélagið er þannig hinn raunverulegi umráðandi og notandi loftfarsins en hefur ekki eignarrétt á því. Í mörgum tilfellum er einnig um að ræða

takmörkun á umráðarétti, t.d. er aðeins heimilt að nota loftförin í ákveðnum heimshlutum, við ákveðinn flutning og/eða að því tilskildu að ákveðnar tryggingar verði notaðar, að ákveðnum viðhaldskerfum sé fylgt o.s.frv. Eins og sjá má af framansögðu var lagabreytingin til þess fallin að mæta raunverulegu ástandi.

Núverandi orðalag 1. mgr. 9. gr. bindur skrásetningu við íslenska lögaðila sem eiga heimili hér á landi og enn fremur því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Íslenskir lögaðilar geta samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, sbr. síðari breytingu nr. 121/1993, verið útlendir einstaklingar eða útlend félög og er ekki önnur takmörkun á eignarhaldi þeirra á fasteignum, lausafé eða atvinnurekstri en kemur fram í 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Í 4. tölul. þeirrar greinar er kveðið á um að samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Með gagnályktun má því segja að erlendur aðili, sem ekki stundar flugrekstur hér á landi en hefur heimilisfesti hérlendis sem íslenskur lögaðili, geti fengið loftfar sitt skráð hérlendis uppfylli hann hin tæknilegu formskilyrði. Enn fremur binda lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 frá 13. janúar 1993, 1. gr., heimild okkar til takmörkunar á eignarhaldi íslenskra loftfara hvað varðar ríkisborgara efnahagssvæðisins, en í henni segir:

„Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum, ...“

Ísland hefur í maí 1994 staðfest reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu leyfa til handa flugfélögum. Í 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Fyrirtæki sem fullnægir skilyrðum þessarar reglugerðar skal fá flugrekstrarleyfi.“ Í 2. gr. sömu reglugerðar segir: „c) „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili, hvort sem hann stundar viðskipti í ábataskyni eða ekki, ellegar opinber stofnun, hvort sem hún hefur réttarstöðu lögaðila eða ekki“.

Af þessu leiðir að ekki er hægt að beita takmörkun um 51% íslenskt eignarhald í flugfélögum gagnvart íbúum Evrópska efnahagssvæðisins og engar hömlur eru á skráningu loftfara í eigu flugrekenda fyrrgreinds svæðis hérlendis utan að þau uppfylli tæknileg formskilyrði.

Efni 2. mgr. hefur verið breytt frá núgildandi lögum og miðast nú við það að ef um vafa er að ræða hvort heimilt er að þjóðernisskrá erlent loftfar hérlendis getur ráðherra heimilað það.

Um 10. gr.

Greinin samsvarar 8. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt. Í 18. gr. ICAO-sáttmálans er kveðið á um að loftfar megi eigi standa á skrá nema í einu ríki. Loftfar hlýtur þjóðerni þess ríkis þar sem það stendur á skrá. Það og áhöfn þess hlítir fyrst og fremst lögum heimaríkisins. Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við 9. gr. Genfarsamningsins um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum. Þjóðernisskrásetjara hérlendis ber að krefjast vottorðs frá þjóðernisskrásetjara lands þess sem hefur loftfarið á skrá um að loftfarið hafi verið fellt af skrá og einnig skal hann krefjast vottorðs lögbærs aðila erlendis um niðurfall réttinda sem á loftfari hafa hvílt.

Um 11. gr.

Greinin samsvarar 9. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema í stað „stjórn loftferðamála“ kemur „flugmálastjórnin“.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. núgildandi laga og er óbreytt að efni til.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar 11. gr. núgildandi laga. Að meginefni til er greinin óbreytt en gert er að skilyrði að loftfar hljóti númer við skráningu og greinilegar er orðað hvað skuli skrá varðandi loftfarið og eiganda þess. Þá er gert að skilyrði að skrá verði umráðanda ef hann er annar en eigandi og í 16. gr. frumvarpsins er lögð skylda á herðar eiganda og umráðanda að láta skrá leigusamning um loftfar strax og hann er gerður.

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 12. gr. núgildandi laga og er óbreytt nema hvað leiðir af breytingum vegna 6-liðar 135. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar 13. gr. núgildandi laga og er í meginatriðum óbreytt. Efni 14. gr. núgildandi laga er fellt inn í efni þessarar greinar.

Um 16. gr.

Greinin samsvarar 15. gr. núgildandi laga og er nær óbreytt nema inn er skotið ákvæði um kaupleigu til samræmis við nútímaviðskiptahætti. Næstu greinar núgildandi laga, þ.e. 16., 17., 18. og 21. gr. eru felldar niður því ekki er þörf á að skrá í þjóðernisskráningu loftfar í smíðum, enda fullnægir það ekki ákvæði 11. gr. þessara laga um að loftfar skuli vera lofthæft. Skráningar er heldur ekki þörf til að skapa þjóðréttarlega vernd því loftfari í smíðum verður ekki flogið og ekki er hennar þörf vegna réttindaskráningar í loftförum því um loftfar í smíðum gilda almennar reglur um eignarhald eða veðsetningu lausafjár. Þá er 19. gr. einnig felld niður en efni hennar hefur verið sameinað meginmáli 8. gr.

Um 17. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. núgildandi laga og er óbreytt að meginefni til en felld er niður tilvísun til 14. gr. núgildandi laga, en hún hefur verið felld niður í frumvarpi þessu.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. núgildandi laga og er að meginefni til lítið breytt, en tíunduð eru öll gögn sem loftför þurfa að hafa meðferðis í flugferðum. Samkvæmt 29. gr. ICAO-sáttmálans skulu loftför hafa meðferðis þau gögn er getur í þessari grein. Þær kröfur eru nær orðrétt teknar hér upp. Ákvæði sama efnis og í þessari grein eru í 93., 94. og 95. gr. núgildandi laga en þau eru felld niður.

Um III. kafla.

Lofthæfi loftfars er skilgreint sem tæknilegt lofthæfi, ferðbundið lofthæfi og formlegt lofthæfi.

Tæknilegt lofthæfi er að loftfar sé hannað samkvæmt viðeigandi stöðlum og framleitt af viðurkenndum smiðjum eða verksmiðjum. Viðhald þess og reglubundið eftirlit sé í samræmi við reglur flugmálayfirvalda um grannskoðun, viðgerð, breytingar og ísetningu. Samkvæmt 31. gr. ICAO-sáttmálans skal sérhvert loftfar, sem er í milliríkjaflugi, hafa meðferðis lofthæfisskírteini útgefið eða staðfest af heimaríki loftfarsins og skal slíkt lofthæfisskírteini skv. 33. gr. sáttmálans tekið gilt af öðrum sáttmálaríkjum, enda fullnægi skírteinið kröfum sem séu hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær sem settar verða á hverjum tíma samkvæmt sáttmálanum. Alþjóðaflugmálastofnunin skal skv. 37. gr. sáttmálans setja alþjóðareglur um lofthæfi loftfara. Samkvæmt 39. gr. sáttmálans ber að rita á lofthæfisskírteini eða telja upp í viðfestu skjali það sem á kann að vanta til að loftfar fullnægi alþjóðastöðlum um lofthæfi og getu. Samkvæmt 40. gr. sáttmálans skal eigi nota loftfar í milliríkjaflugi þá er lofthæfisskírteini hefur verið áritað með nefndum hætti nema til komi leyfi þess ríkis eða þeirra ríkja sem yfir er flogið. Í viðbæti nr. 8 (Airworthiness of Aircraft/Lofthæfi) við ICAO-sáttmálann eru taldar upp og tíundaðar kröfur sem gerðar eru til lofthæfis loftfara af hinum ýmsu gerðum. Þá eru Íslendingar aðilar að samtökum flugmálastjórna í Evrópu (Joint Aviation Authorities) frá 1991 en sú stofnun hefur annast samræmingu staðla og aðferða innan Evrópusambands flugmálastjórna (European Civil Aviation Conference) vegna lofthæfis, útgáfu skírteina, viðhalds og margra annarra málaflokka. Þátttakan skyldar Ísland til að gera reglur sambandsins að sínum. Nú, vorið 1994, hafa verið gefnar út 10 samræmingarreglugerðir eða þessar: Skilgreiningar; Sviffflugur; Stór loftför; Viðurkenning viðhaldsstöðva; Flug við öll veðurskilyrði; Hreyflar; Skrúfur; Aðstoðarorkugjafar; Stöðluð tæknifyrirmæli og Fis.

Í undirbúningi eru 18 samræmingarreglugerðir eða þessar: Reglusetning; Viðurkenning framleiðslu loftfara eða hluta til þeirra; Létt loftför; Afturvirkt lofthæfi; Léttar þyrlur; Þungar þyrlur; Útblástur; Hávaði; Leiðbeiningar um lofthæfi; Viðurkenning réttinda áhafna fyrir þungar flugvélar og atvinnuflug; Flugmenn; Atvinnuflugflutningar; Almannaflug og Atvinnuflug með þyrlum.

Ferðbundið lofthæfi felur í sér að væntanlegt flug sé réttilega og vandlega undirbúið með það í huga að því megi ljúka farsællega. Því verður hið tæknilega lofthæfi að vera í lagi, loftfarið réttilega áhöfn skipað, hlaðið í samræmi við reglur og fyrirmæli og svo útbúið flugleiðsögutækjum og eldsneyti að nægi til að ljúka megi ferðinni farsællega. Þá þarf undirbúningur ferðarinnar að vera vandaður með athugun á: veðurútliti, ástandi flugleiðsögutækja og flugvalla þeirra sem notaðir verða eða eru til vara vegna flugsins. Í viðbæti nr. 6. við ICAO-sáttmálann (Operation of Aircraft/Reglugerð um flutningaflug) er nánar fjallað um hina ýmsu þætti hins ferðbundna lofthæfis. Viðbætir nr. 6. hefur verið þýddur á íslensku og birtur almenningi sem Reglugerð um flutningaflug nr. 641 frá 30. desember 1991 með síðari breytingum.

Formlegt lofthæfi felur í sér að uppfyllt séu skilyrði loftferðalaga um þann tiltekna flutning sem fyrirhugaður er, t.d. að loftfar og flutningur þess hafi vátryggingar svo sem mælt er fyrir um í lögum; að viðeigandi skírteini loftfars og áhafnar séu gild o.s.frv.

Um 19. gr.

Greinin samsvarar 24. gr. núgildandi loftferðalaga. Fyrsta málsgrein er óbreytt. Skilgreining lofthæfis er aðlöguð nútímanotkun og er í samræmi við túlkun gildandi reglugerða. Fjórða málsgrein er nýlunda, ætluð til að veita lagaheimild fyrir kröfum um mengunarvarnir m.a. vegna hávaða eða útblásturs sem eru nú orðnar alþjóðlegar og eru settar fram í viðbæti 16. við ICAO-sáttmálann (Environmental Protection/umhverfisvernd). Þá er 5. mgr. einnig nýlunda, ætlað að herða skilyrði um vátryggingar og veita aukið aðhald og eftirlit með því að loftfar, áhöfn og farþegar sé vátryggt á fullnægjandi hátt, sbr. 126. gr. frumvarps þessa.

Um 20. gr.

Greinin samsvarar 25. gr. núgildandi loftferðalaga og er efnislega óbreytt. Ákvæði 31. gr. ICAO-sáttmálans og viðbætir við hann nr. 8, II. kafli, leggja á heimaríki loftfars ábyrgð á því að loftfar sé lofthæft.

Með breytingu á 83. gr. ICAO-sáttmálans var gerð breyting á skipan mála þannig að ríkjum heimilast að framselja eftirlits- og skoðunarskyldu sína og fjallar 2. mgr. 20. gr. um það. Breytingin á 83. gr. var fullgilt af Íslandi hinn 9. maí 1990 og hljóðar hún þannig:

„83. gr. bis. Flutningur á ákveðnum skyldum og skuldbindingum.

a. Þrátt fyrir ákvæði 12.; 30. og 31. gr. og a-liðar 32. gr. getur samningsríki, er flugfar sem þar er skráð er notað samkvæmt samningi um leigu, afnot, skipti á flugförum eða svipaða tilhögun, af atvinnurekanda sem hefur aðalstarfsstöð sína í öðru samningsríki, eða hefur þar varanlegt aðsetur hafi hann enga slíka starfsstöð, gert samkomulag við það ríki um að það taki að öllu leyti eða að hluta við skyldum þess og skuldbindingum sem heimaríkis flugfarsins samkvæmt 12.; 30. og 31. gr. og a-lið 32. gr. Heimaríkið er þá laust undan ábyrgð varðandi þær skyldur og skuldbindingar sem fluttar hafa verið.
b. Flutningurinn skal ekki hafa áhrif gagnvart öðrum samningsríkjum fyrr en samkomulagið milli ríkja þeirra sem í hlut eiga hefur annaðhvort verið skráð hjá ráðinu og birt skv. 83. gr. eða aðili að samkomulaginu hefur tjáð stjórnvöldum annars samningsríkis eða samningsríkja þeirra, sem samkomulagið varðar, beint um gerð samkomulagsins og gildissvið þess.
c. Ákvæðum a- og b-liða skal einnig beitt um tilvik sem 77. gr. tekur til."

Ákvæði 2. mgr. 20. gr. nær þannig yfir tvö tilvik. Í fyrsta lagi að flugmálastjórnin fær innlendan eða erlendan aðila til að framkvæma skoðun eða eftirlit og ber ábyrgð á því eða í öðru lagi að flugmálastjórnin framselur vald sitt til erlends stjórnvalds til að framkvæma skoðun eða eftirlit og ber ekki ábyrgð á því.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. núgildandi laga og er fyrri málsgrein óbreytt. Síðari málsgrein fellur niður því efni hennar er í 20. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. núgildandi laga og eru fyrstu tvær málsgreinar óbreyttar nema gerð er sú krafa að íslenskt loftfar hafi lofthæfisskírteini um borð. Þriðja málsgrein er felld niður enda er efni hennar í 6. gr. þessa frumvarps.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 28. gr. núgildandi laga og er 1. mgr. óbreytt. Önnur málsgrein er felld niður vegna þess að ný skilgreining á lofthæfishugtakinu nær yfir það er þurfa þykir og ekki ástæða til heimildar af þessu tagi framvegis. Þriðja og fjórða málsgrein eru sameinaðar í eina.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 29. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt. Í 13. og 33. gr. ICAO-sáttmálans eru lögð að jöfnu lofthæfisskírteini sem heimilis- og skráningarríki gefur út og skírteini sem nefnt ríki staðfestir þótt gefið sé út af öðru ríki, sbr. viðbætir 8, II, 5, 2. Nefndar reglur um útgáfu, endurnýjun og ónýtingu íslensks lofthæfisskírteinis gilda einnig fyrir flugmálastjórnina til staðfestingar á erlendu lofthæfisskírteini og svo til endurnýjunar og ónýtingar á þeim.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar 30. gr. núgildandi loftferðalaga og er að meginefni til óbreytt nema að í 1. mgr. er skilgreint nákvæmar hvaða aðilar skulu fullvissa sig um lofthæfi og bera ábyrgð á því að skírteini sé gilt og um borð í loftfarinu. Lögð er áhersla á að skráður umráðandi í þjóðernisskrá ber ábyrgð og að skyldan er einnig lögð á herðar flugstjórans.

Flugstjórinn ber að mestu einn ábyrgð á ferðbundnu lofthæfi loftfars. Í 2. mgr. hefur einnig verið nákvæmar tilgreint hver tilkynnir frávik á lofthæfi til flugmálastjórnarinnar.

Um 26. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt en skyldan lögð á skráðan umráðanda samkvæmt þjóðernisskrá og flugstjóra bætt við til aðstoðar við eftirlit. Þá er 32. gr. núgildandi laga felld niður enda felur 26. gr. frumvarpsins í sér efni hennar.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 33. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um IV. kafla.

Kröfur um tæknilega staðla vegna loftfara og útgáfu skírteina flugverja, sem sanna eiga getu þeirra og hæfni, hafa verið lengi til meðferðar vegna þarfar á alþjóðlegri samræmingu. Því hljóðar 32. gr. ICAO-sáttmálans svo:

„a. Stýrimaður (pilot) hvers flugfars sem er í millilandaflugi, svo og aðrir menn úr flugáhöfn þess, skulu hafa hæfnisvottorð og leyfisbréf, útgefin eða árituð af heimaríki flugfarsins.

b. Hvert samningsríki áskilur sér rétt til að neita að taka til greina hæfnisvottorð og leyfi sem önnur samningsríki kunna að hafa gefið borgurum þeirra til flugs um eða yfir landi þeirra.“

Og 33. gr. sáttmálans hljóðar þannig:

„Loftfærnisskírteini þau, hæfnisvottorð og leyfisbréf, sem út eru gefin eða árituð af samningsríki, heimaríki flugfars, skulu tekin gild af öðrum samningsríkjum, enda séu kröfur þær sem slík skírteini og leyfisbréf fullnægja hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær sem settar kunna að verða á hverjum tíma í samræmi við samþykkt þessa."

Í viðbæti nr. 1 við ICAO-sáttmálann er fjallað um reglukerfi fyrir skírteini flugliða. Þessar reglur voru settar vegna öryggisnauðsynjar. Viðbætirinn er ítarefni í framhaldi af ákvæðum 32. gr. og 33. gr. ICAO-sáttmálans.

Flugstjórinn hefur sérstaka stöðu innan hins lagalega kerfis. Frá byrjun þróunar flugréttarins hefur mikilvægi flugstjórans verið viðurkennt og hefur verið vandlega skoðað frá 1926, fyrst af CITEJA og seinna af ICAO. Þegar árið 1891 var gefin út athugun á fyrrgreindu efni vegna flugs með loftbelgjum. CITEJA lagði fram tvö uppköst fyrir seinni heimsstyrjöldina. Hið fyrra var viðvíkjandi stöðu flugstjórans en hið síðara fjallaði um stöðu áhafnarinnar. Árið 1946 voru bæði uppköstin endurskoðuð og nýtt gert, en hlaut ekki staðfestingu þjóðanna.

Oft freistast menn til að bera saman stöðu flugstjóra við stöðu skipstjóra, en þar er mikilsverður munur á. Ferð með loftfari er skemmri, farþegar og áhöfn eru færri og svigrúmið til hreyfinga um borð er takmarkaðra. Fyrrgreindir þættir stuðla að því að staða flugstjóra er mjög ólík stöðu skipstjóra.

Frá 1947 hefur ICAO unnið að skilgreiningu á lögformlegri stöðu áhafnar flugvéla. Rannsóknir og uppkast frá CITEJA hafa verið notuð sem grundvöllur. Þrátt fyrir það hefur ICAO ekki orðið mikið ágengt umfram það að endurskoða uppkastið frá 1931.

Almennt séð er vald og ábyrgð flugstjórans eftirfarandi:

1. Hann hefur ábyrgð á fullkomnu ástandi loftfarsins og velferð áhafnarinnar, undirbúningi flugsins og að því ljúki farsællega. Það felur í sér skyldu flugstjórans til að afla sér tilhlýðilegra skjala vegna flugsins og farmbréfa, að gera fyrirflugsskoðun o.s.frv.
2. Flugstjórinn hefur rétt til að gefa áhöfninni og farþegum skipanir. Þessi réttur er sérlega mikilvægur ef refsiverður verknaður er framinn um borð. Fræðimenn hafa talið þennan rétt gagnvart farþegum grundvallast á þöglu samkomulagi milli farþeganna og flugfélagsins, en gagnvart farþegum hafi flugfélagið framselt skipunarvald sitt til flugstjórans.
3. Flugstjórinn hefur stöðuumboð og vald til að gera allar nauðsynlegrar ráðstafanir til að tryggja að fluginu ljúki örugglega og farsællega. Hann er jafnvel talinn hafa vald til dæmis til að láta gera við loftfarið þegar það er nauðsynlegt og að annast útvegun nýrra birgða fyrir hönd atvinnuveitanda síns. Í þeim löndum þar sem enginn umboðsmaður flugfélagsins er starfandi er flugstjórinn talinn fulltrúi atvinnuveitanda síns.
4. Stjórnunarskyldur flugstjórans ná yfir skráningu fæðinga og dauðsfalla um borð í loftfari og í sumum löndum réttinn til að gefa saman hjón og semja og staðfesta erfðaskrár.
5. Flugstjórinn ákveður hvort og hvernig aðstoð er veitt við leit og björgun þegar um slys er að ræða í samræmi við ákvæði ICAO-sáttmálans, 25. gr., og enn frekar í viðbæti nr. 12 við hann (Search and rescue/Leit og björgun).

Margir fræðimenn telja að refsileg eða bótaleg ábyrgð flugstjóra eigi að takmarkast við ásetningsbrot eða meiri háttar gáleysi og er þeirri kenningu fylgt í þessu frumvarpi bæði hvað varðar áhafnir loftfara og starfsfólk vegna flugs á jörðu niðri. Hvað þetta varðar er rétt að benda á að mjög lítið er fjallað um ábyrgð flugstjóra í Varsjársáttmálanum eða Rómarsáttmálanum, en það er hins vegar gert í 10. gr. Tókíósamningsins. Ábyrgð flugstjóra er því fyrst og fremst bundin að innlendum rétti en ekki með alþjóðasamningum. Höfð er hliðsjón af fræðikenningum og þeirri vinnu sem farið hefur fram á vegum alþjóðasamtaka og hér er lýst. Í viðbætum við ICAO-sáttmálann eru víða tilmæli um starfsaðferðir flugstjórans, en þau eru ekki lagalega bindandi.

Lagaleg staða flugstjórans var enn skoðuð 1980 af ICAO-sérfræðingum og gefin út skýrsla um þá vinnu (Study on the Legal Status of the Aircraft Commander, ICAO Doc. C/WP/6946 October 26 1979). Fyrrgreind skýrsla er sá grunnur sem sérfræðingar reisa nú ályktanir sínar og skoðanir á, en ICAO-ráðið ákvað 1981 að ekki yrði frekar unnið að þessu máli.

Í tengslum við lagalega stöðu flugstjórans er einnig rétt að skoða réttarstöðu þeirra er vinna að flugi á jörðu niðri. Afleiðing tæknilegra framfara, svo sem ratsjár, er að þeir sem loftförum stjórna reiða sig sífellt meira á aðstoð og samvinnu við stjórnendur á jörðu, aðila eins og flugvallarstjórnendur, flugumferðarstjórn, flugradíómenn og veðurfræðinga. Þetta umhverfi er til dæmis mjög ólíkt rekstri járnbrauta þar sem járnbrautarfélagið rekur alla sambærilega þjónustu fyrir þær.

Í viðbæti nr. 2 við ICAO-sáttmálann (Rules of the Air/Flugreglur) eru umferðarreglur flugsins settar fram í smáatriðum. Í 3. kafla er því lýst að flugstjórinn er ábyrgur fyrir því að fylgt sé fyrirmælum flugumferðarstjórnarinnar. Enn fremur er því einnig lýst að flugstjórinn er sá sem endanlega ber ábyrgðina. Hvernig geta þá þessar andstæðu reglur samrýmst? Almennt talað er flugstjórinn bundinn af fyrirmælum flugumferðarstjórnar, en í vissum tilfellum, svo sem beinni neyð, má flugstjórinn víkja frá fyrirmælum flugumferðarþjónustunnar en verður að tilkynna það strax og fært er.

Loks er rétt að benda á að vald flugstjórans vegna refsiverðs verknaðar um borð hefur verið greinilega skilgreint í Tókíósamningnum 1963 og Haag-samningnum 1970.

Í þessum kafla loftferðalaganna hafa þær breytingar verið gerðar að efni núgildandi laga, hvað varðar flugverja, hefur að mestu verið fært í þennan kafla til hagræðis og samræmis; lögfest er hugtakið „flugverji" og skilgreining þess; ástæður fyrir synjun skírteinis eru skilgreindar; skylda er lögð á lækna að tilkynna flugmálastjórninni ef þeir verða þess áskynja að flugmaður uppfyllir ekki heilsufarsskilyrði; felld eru niður ákvæði um að tilraun til brots við stjórn loftfars sé refsivert; niðurfelld er skylda þjóna og veitingamanna til að fylgjast með áfengisneyslu flugverja; verkefni og skyldur flugstjórans eru nákvæmar skilgreind og í flestum greinum hefur orðalag verið fært til nútímahorfs.

Um 28. gr.

Greinin samsvarar 34. gr. núgildandi laga. Á henni hafa þær breytingar verið gerðar að skilgreining á orðinu flugverji er nú lögfest og er það í samræmi við notkun orðsins í gildandi reglum, svo sem í reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn nr. 344 frá 17. júlí 1990.

Þá er nánar skilgreint hvaða aðilar bera ábyrgð á því að loftfar sé réttilega áhöfn skipað. Skráður umráðandi, sem einnig getur verið eigandi, sbr. það er að framan segir, skal ábyrgjast rétta mönnun loftfars og eðli málsins samkvæmt skal flugstjóri sjá til þess og ábyrgjast að ferð sé ekki hafin án þess að loftfarið sé réttilega skipað áhöfn.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 35. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema hvað orðunum „rétt er" er breytt í „heimilt er".

Um 30. gr.

Greinin samsvarar 36. gr núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 37. gr. núgildandi laga með þeim breytingum að 40. gr. núgildandi laga er felld niður og efni hennar fellt inn í 3. mgr. Þá er orðunum „rétt er" í 4. mgr. breytt í „heimilt er." Enn fremur er í 4. mgr. ákveðið nánar um skilyrði þess að synja megi manni um skírteini og er það nú bundið við önnur brot en þau sem varða sektum eða skilorði, en um þetta atriði hefur ríkt óvissa og mörg álitaefni risið.

Um 32. gr.

Greinin samsvarar 38. gr. núgildandi laga, hefur verið einfölduð, samræmd öðrum greinum þessara laga og aðlöguð nútímaalþjóðarétti. Því er nú tiltekið í 1. mgr. að flugverjar skuli hafa fullgild skírteini sín meðferðis í íslensku loftfari og er það breyting frá því sem áður var. Þá er felld niður 2. mgr. því efni hennar hefur verið fellt inn í 1. mgr.

Í 3. mgr. hefur orðunum „rétt er" verið breytt í „heimilt er". Þá er 4. mgr. felld niður þar sem efni hennar hefur ekki gildi lengur. Þá er 39. gr. núgildandi laga felld niður í heild sinni því efni hennar, sem er í 184. gr. núgildandi laga, er fellt inn í 33. gr. í þessu frumvarpi.

Um 33. gr.

Greinin samsvarar 41. og 184. gr. núgildandi laga og geymir þá breytingu í 2. mgr. að lækni ber að tilkynna til flugmálastjórnarinnar heilsubilun flugverja ef hætta stafar af vegna starfa hans í loftfari.

Sett er skýrt ákvæði um hvenær flugmálastjórninni er heimilt að svipta mann réttindum og til hve langs tíma. Greint er milli atvinnuskírteinis og annarra skírteina. Sá svipti getur alltaf borið sviptinguna undir dómara. Með þessari breytingu er leiðrétt réttaróvissa sem leiðir af ákvæðum núgildandi laga um hvenær og hvers vegna flugmálastjórnin megi svipta mann skírteini.

Síðari málsgreinar samsvara 184. gr. núgildandi laga sem er færð hingað samhengisins vegna. Úr greininni eru felld ákvæði um tilraun til brots skv. 36. gr. frumvarpsins en það er fellt inn í meginmál þeirrar greinar.

Þá eru felld niður ákvæði núgildandi 184. gr. um að brotlegur aðili geti höfðað mál til styttingar refsingar. Þessi ákvæði hafa varla raunhæft gildi vegna þess hve sækjanda málsins er settur þröngur rammi.

Um 34. gr.

Greinin samsvarar 42. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema orðin „er rétt" verða „er heimilt".

Um 35. gr.

Greinin samsvarar 51. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, en hefur verið færð í kaflann um flugverja vegna samhengis. Sama er að segja um næstu greinar frumvarpsins, þ.e. 35.–38. gr. er samsvara 51.–54. gr. núgildandi laga.

Um 36. gr.

Greinin samsvarar 52. gr. núgildandi laga og er í meginatriðum óbreytt nema að fellt er niður ákvæði um tilraun. Ákvæði greinarinnar ná nú öll yfir flugumferðarstjóra og bætt hefur verið við flugupplýsingamönnum. Þeir eru aðilar á flugvöllum sem ekki hafa flugumferðarstjórn á hendi en gefa ýmsar mjög mikilvægar upplýsingar til flugmanna sem nauðsynlegt er að séu áreiðanlegar og réttar. Í 4. mgr. er orðunum „rétt er" breytt í „heimilt er" og 5. og 6. mgr. eru felldar niður.

Fimmta málsgrein er felld niður vegna þess að efni hennar leiðir sjálfkrafa af efni fyrri málsliða og 6. gr. er felld niður vegna þess að löng reynsla er fyrir því að ekki gagnar að leggja þjónum eða veitingamönnum þá skyldur á herðar að fylgjast með grunsamlegri hegðan viðskiptamanna sinna, heldur koma hér til almenn ákvæði hegningarlaga um ráðstafanir til að afstýra refsiverðri hegðun. Þannig segir í 126. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940: „Hafi maður fengið vitneskju um, að fyrirhugað er eða hafið eitthvert þeirra brota, sem 86., 87., 89., 91., 98., 99. eða 100. gr. laga þessara getur, eða annað brot sem lífi eða velferð manna eða mikilvægum þjóðfélagsverðmætum er búin hætta af, og hann reynir ekki af fremsta megni að koma í veg fyrir brotið eða afleiðingar þess, þar á meðal, ef þörf krefur, með því að tilkynna yfirvöldum vitneskju sína, skal hann, ef brotið er eftir það framið eða reynt er að fremja það, sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef miklar málsbætur eru fyrir hendi . . . "

Um 37. gr.

Greinin er samsvarandi 53. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 38. gr.

Greinin er samsvarandi 54. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 39. gr.

Greinin samsvarar 43. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 40. gr.

Greinin samsvarar 44. gr.núgildandi laga og hefur þær breytingar í 1. mgr. að hert er á orðalagi um að hlutverk flugstjórans sé að ábyrgjast undirbúning flugs svo því megi ljúka á farsælan hátt. Orðalag þetta er í samræmi við ákvæði Chicago-sáttmálans.

Um 41. gr.

Greinin samsvarar 45. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema orðin „er rétt" verða „er heimilt".

Um 42. gr.

Greinin samsvarar 46. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema orðin „er rétt" verða „er heimilt".

Um 43. gr.

Greinin er samsvarandi 47. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema orðin „er rétt" verða „er heimilt".

Um 44. gr.

Greinin er samsvarandi 48. gr. núgildandi laga. Hert er á hlutverki flugstjórans og hann gerður ábyrgur fyrir færslu bóka loftfarsins.

Um 45. gr.

Greinin samsvarar 49. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 46. gr.

Greinin samsvarar 50. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. hefur orðunum „flugvirkjum eða flugtækjum á jörðu niðri" verið breytt í „flugvelli eða flugleiðsögubúnaði". Í 2. mgr. hefur nánar verið greint hvaða aðilum ber að tilkynna og í 3. mgr. hefur orðunum „er rétt" verið breytt í „er heimilt".

Um V. kafla.

Um 47. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. A núgildandi laga sem var sett með lögum nr. 81/1989, sbr. einnig næstu greinar, þ.e. til 53. gr., og er efnislega óbreytt.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. B núgildandi laga og er óbreytt.

Um 49. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. C núgildandi laga og er óbreytt.

Um 50. gr.

Greinin Samsvarar 54. gr. D núgildandi laga og er óbreytt.

Um 51. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. E núgildandi laga og er óbreytt.

Um 52. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. F núgildandi laga og er óbreytt nema að orðinu „flugmálastjórnar" er breytt í „flugmálastjórnarinnar" til samræmis við önnur ákvæði núgildandi laga.

Um 53. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. G núgildandi laga og er óbreytt. Felld er brott 54. gr. H núgildandi laga vegna þess að nefndin hefur ekki komið saman svo vitað sé frá stofnun árið 1989.

Um VI. kafla.

Fyrstu alþjóðlegu ákvæðin sem ýjuðu að lagalegu mikilvægi flugvalla voru sett fram í viðbæti H 1. gr. við Parísarsamþykktina, en samkvæmt henni varð erlent loftfar að lenda eða hefja flugtak frá flugvelli sem sérstaklega hafði verið til þess samþykktur af yfirvöldum í viðkomandi landi. Nær öll ríki hafa tekið þessa reglu upp í landsrétt. Á upphafsárum flugsins gátu flugmenn lent þar sem þeim hentaði, en þegar yfirstignir höfðu verið fyrstu tæknilegu erfiðleikarnir urðu flugvellir einu lögiltu lendingarstaðirnir.

Í Parísarsamþykktinni var ákveðið að á flugvöllum yrði tollafgreiðsla, enn fremur var hvatt til sóttvarnareftirlits. Samkvæmt 28. gr. ICAO-sáttmálans tekst hvert ríki á hendur eftir því sem fært þykir:

„a. Að sjá fyrir flughöfnum, radíóþjónustu, veðurupplýsingum og öðrum þægindum innan lands síns, til að auðvelda millilandaloftsiglingar, í samræmi við reglur þær og venjur, sem mælt kann að verða með, eða settar kunna að verða framvegis samkvæmt samþykkt þessari . . .". Samkvæmt 37. gr. sáttmálans hefur ICAO látið semja ýmsa viðbæti vegna þessa, svo sem nr. 3 (Meteorological Service for International Air Navigation/Flugveðurfræði); nr. 4 (Aeronautical Charts/Flugkort); nr. 5. (Units of Measurement to be used in Air and Ground Operations/Mælieiningar); nr. 9 (Facilitation/Flugvallarvirkt); nr. 10 (Aeronautical Telecommunication/Flugfjarskipti); nr. 11 (Air Traffic Services/Flugumferðarþjónusta); nr. 14 (Aerodromes/Flugvellir) og nr. 17 (Security — Safeguarding International Civil Aviation against Acts of Unlawful Interference/Flugvernd).

Í 10. gr. ICAO-sáttmálans segir: „Öllum flugförum, sem koma inn yfir landsvæði samningsríkis, skal leyft að lenda í flughöfn, sem það ríki tilgreinir í þessu skyni til tollskoðunar og annarrar skoðunar, ef reglugerðir þess ríkis mæla svo fyrir. Þetta gildir þó ekki, er flugförum er leyft samkvæmt sérstakri heimild eða ákvæðum samþykktar þessarar að fljúga yfir land samningsríkis án lendingar. Þegar flugför fara frá landi samningsríkis, skulu þau fara frá tollflughöfn, sem á sama hátt hefur verið tilgreind. Upplýsingar um allar tilgreindar tollflughafnir skulu birtar viðkomandi ríki og látnar í té Alþjóðaflugmálastofnuninni, sem stofnsett verður skv. II. hluta þessarar samþykktar, enda tilkynni hún þær öðrum samningsríkjum." Þetta ákvæði verður að skoða í tengslum við ákvæði 15. gr. sáttmálans en þar segir: „Sérhver flughöfn samningsríkis, sem opin er til almennra afnota flugförum þjóðarinnar, skal einnig (sjá þó ákvæði 68. gr.) vera opin flugförum allra annarra samningsríkja með samræmdum skilmálum. Sömu samræmdu skilmálar skulu gilda um afnot flugfara allra samningsríkja af öllum loftsiglingatækjum, og er þar með talin radíó- og veðurþjónusta, sem látin er almennt í té til öryggis og flýtis loftsiglingum.

Þau gjöld, sem lögð kunna að verða á eða leyft verður að leggja á af hálfu samningsríkis fyrir að leyfa flugförum annarra samningsríkja að nota slíkar flughafnir eða loftsiglingatæki, skulu ekki vera hærri en:

a. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem ekki starfa að áætlunarbundnu millilandaflugi, og á þetta við þau flugför erlend, sem í sama flokki teljast,
b. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem eru í áætlunarmillilandaflugi, og á þetta við þau flugför, sem í sama flokki teljast.

Öll slík gjöld skal auglýsa og tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það er tilskilið að, að fengnum tilmælum samningsríkis, sem hlut á að máli, skuli gjöld fyrir afnot flughafna og annarra þæginda háð endurskoðun flugmálaráðs, sem skal gefa um það skýrslu og gera tillögur til athugunar því ríki eða þeim ríkjum, sem í hlut eiga. Ekkert samningsríki má krefjast þóknunar, skatta eða annarra gjalda af flugförum samningsríkis eða þeim mönnum eða eignum, sem þau flytja, fyrir þau réttindi ein að mega fljúga yfir, koma inn í eða fara frá landsvæði þess". Í 68. gr. segir: „Öll samningsríki mega, að tilskildum ákvæðum þessarar samþykktar, ákvarða þær leiðir, sem í milliríkjaflugi verður að fara innan landsvæðis þeirra, svo og þær flughafnir, sem nota má í slíku flugi."

Í 16. gr. segir: „Réttum yfirvöldum sérhvers samningsríkis skal heimilt að leita í flugfari annars samningsríkis, þegar það kemur eða fer, og skoða skírteini og önnur skilríki, sem gert er ráð fyrir í samþykkt þessari. Skal slík skoðun fara fram án óhæfilegrar tafar." Sbr. Viðbæti nr. 9 við ICAO-sáttmálann kafli 5, 3. mgr. Samkvæmt henni er ekki heimilt að leita í loftförum sem hafa viðkomu án þess að taka um borð eða setja frá borði flutning, nema vegna flugöryggis, eiturlyfja eða vegna annarra sérstakra kringumstæðna.

Samanburður milli flugvalla í Evrópu og Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur sýnt að bandarískir flugvellir eru flestir í einkaeigu en í Evrópu eru flestir flugvellir í opinberri eigu. Því er erfitt að setja alþjóðlegar reglur um stjórn flugvalla þrátt fyrir þær reglur sem settar eru í viðbæti nr. 14 við ICAO-sáttmálann, (Airports/Flugvellir) en þar segir fyrir um tæknilega uppbyggingu flugvalla.

Áætlunarflugvellir á Íslandi hafa allir verið í opinberri eigu og rekstur þeirra á vegum ríkisins. Nokkrir litlir og frumstæðir flugvellir eru í einkaeigu, en varla fleiri en tugur. Reglur um sérleyfi til reksturs flugvallar hafa því ekki haft raunhæft gildi hérlendis frá upphafi flugsins hér 1919 og ekki fyrirsjáanlegt að svo megi verða.

Flugvellir eru aðgreindir í tvo flokka, þ.e. herflugvelli og flugvelli til almenningsnota. Þessi mismunur hefur þýðingu því mismunandi reglur gilda á herflugvelli og almenningsflugvelli. Keflavíkurflugvöllur er nú, árið 1994, gott dæmi um blandaðan her- og almenningsflugvöll með öllum þeim úrlausnarefnum sem því fylgja.

Eftirfarandi lögfræðiatriði koma gjarnan upp varðandi flugvelli:

a. Vandamál viðvíkjandi eignarhaldi á flugvelli og hindranir í nágrenni hans.
b. Ábyrgð þess er annast rekstur flugvallarins ef um slys er að ræða, en ábyrgðin er í flestum tilfellum innan almennu skaðabótareglunnar, þ.e. saknæmisreglunnar. Rétt er að vekja á því athygli að reglurnar eru aðrar en þær sem beitt er við flugumferðarstjórnun.
c. Lögfræðileg vandamál við flugvallarstjórnun, svo sem rekstrarform, ríkisrekstur, einkarekstur, hlutafélag o.s.frv. Þá geta einnig risið álitaefni um hverjum beri að annast viðhald.
d. Lagaleg tengsl notenda flugvallar og stjórnenda og einnig tengsl þeirra við yfirvöld, svo sem flugvallarlögreglu og fleiri.

Orðið flugvöllur tekur yfir hvern þann stað þar sem loftför hefja sig til flugs eða lenda, hvort sem er á láði, legi eða ís og hvort sem um lítinn eða stóran völl er að ræða.

Flugleiðsögubúnaður tekur yfir allan annan búnað á jörðu sem notaður er til flugleiðsögu.

Í þessu frumvarpi eru ekki lagðar til miklar breytingar á eftirfarandi kafla, en orðfæri er fært til nútímamáls og frekari skýringar. Ákvæði varðandi flugvirki sem í frumvarpi þessu heita flugleiðsögubúnaður, eru færð í VII. kafla: **Umferð í lofti og stjórn hennar.**

Um 54. gr.

Greinin samsvarar 55. og 63. gr. núgildandi laga. Felld eru út ákvæði um flugvirki og eru þau flutt í næsta kafla um umferð í lofti og kallast þar flugleiðsögubúnaður til samræmis við nútímanotkun. Felld er út 2. mgr. vegna þess að greinin felur efni hennar í sér. Felld er niður 63. gr. núgildandi laga og efni hennar fellt í efni 54. gr. frumvarpsins. Með því eru brottfelld ákvæði um viðurkenningu samgönguráðherra á flugvöllum til almennra nota nema þeir séu í einkaeign og er um það fjallað í 55. gr. frumvarpsins.

Um 55. gr.

Greinin samsvarar VI. kafla núgildandi laga er fjallar um sérleyfi, þ.e. 58.–62. gr. og hefur verið aðlöguð hugsanlegri þörf fyrir einkarekna almenningsflugvelli. Ákvæði er varða sérleyfi til flugvallarreksturs hafa verið felld brott en á 30 ára gildistíma núgildandi laga hefur aldrei komið fram þörf á notkun þeirra.

Um 56. gr.

Greinin samsvarar 64. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema að „flugvirki“ er breytt í „flugleiðsögubúnaðar“.

Um 57. gr.

Greinin samsvarar 65. gr. núgildandi laga og er efnislega ekki breytt.

Um 58. gr.

Greinin samsvarar 66. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 59. gr.

Greinin samsvarar 67. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema að orðalagið „flugmálastjórninni rétt“ verður „flugmálastjórninni heimilt“ og „fógeta“ verður „sýslumanni“.

Um 60. gr.

Greinin samsvarar 68. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 61. gr.

Greinin samsvarar 69. gr. núgildandi laga og er í meginatriðum óbreytt.

Um 62. gr.

Greinin samsvarar 70. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema leiðrétt er tilvísun í lög og orðunum „rétt er“ breytt í „getur“ og „heimilt“.

Um 63. gr.

Greinin samsvarar 71. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema orðin „Eigandi eða umráðamaður (notandi)“ verður „Skráður umráðamaður“. Aðilum þannig fækkað úr þremur í einn til að forða réttaróvissu. Með skráðum umráðamanni er hér átt við þann aðila sem skráður er í bókum fasteignamats ríkisins eða þinglýsingabókum. Skráður umráðandi í þinglýsingabókum skoðast sem réttur umráðandi að öðru jöfnu.

Um 64. gr.

Greinin samsvarar 72. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 65. gr.

Greinin samsvarar 73. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 66. gr.

Greinin samsvarar 74. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema „rétt er“ verður „heimilt“.

Um 67. gr.

Greinin samsvarar 75. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema „rétt er“ verður „heimilt“.

Um 68. gr.

Greinin samsvarar 76. og 77. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema „rétt er“ verður „heimilt“; „í samráði við samgöngumálaráðherra“ fellur brott og „flugstöðvar“ verður „flughafnir“.

Um 69. gr.

Greinin samsvarar 78. gr. núgildandi laga og er nokkuð breytt. Skráður umráðandi að íslensku loftfari er nú gerður ábyrgur fyrir greiðslu afgjalda vegna nota á þjónustu og taka má gjöld með lögtaki í loftfari því sem notin hafði og kyrrsetja það í því skyni segi alþjóðasamningar ekki annað.

Um 70. gr.

Greinin samsvarar 79. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema bætt er við setningu til að ítreka skyldu um að nota tollhafnir svo sem kveður á um í tollalögum.

Um 71. gr.

Greinin samsvarar 80. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt utan orðin „í öðru flugvirki“ verða „við flugleiðsögubúnað“.

Um 72. gr.

Greinin samsvarar 81. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla miða að því að auka öryggi við flugtak loftfara, umferð í lofti og lendingu. Réttarheimildir eru sóttar í ICAO-sáttmálann, II. kafla, sem fjallar um flug yfir land samningsríkis. Í 11. gr. sáttmálans sem fjallar um beitingu loftferðareglna segir svo: „Um komu flugfara, sem stunda millilandaflug, eða brottför þeirra frá landi samningsríkis, svo og um rekstur og stjórn slíkra flugfara, meðan þau eru innan landsins, skal beita lögum og reglugerðum ríkisins, jafnt um flugför allra samningsríkja, án tillits til þjóðernis (sjá þó ákvæði þessarar samþykktar). Skulu þau flugför hegða sér í samræmi við slík lög og reglur, þegar þau koma til lands þess ríkis, fara þaðan eða meðan þau dveljast þar". Í 12. gr. sáttmálans er fjallað um loftferðareglurnar og segir þar: „Öll samningsríkin skuldbinda sig til að gera ráðstafanir til tryggingar því, að sérhvert flugfar, sem flýgur yfir eða stýrt er innan landsvæða þeirra, og sérhvert flugfar, sem ber þjóðernismerki þeirra, skuli alls staðar fara eftir þeim reglum og reglugerðum um flug og loftsiglingar, sem þar gilda. Skuldbindur hvert ríki sig til að hafa sínar reglugerðir um þessi efni sem líkastar þeim, sem eftir því sem tímar líða verða settar í samræmi við samþykkt þessa. Yfir úthöfum skulu þær reglur gilda, sem settar eru með samþykkt þessari. Hvert samningsríki tekur að sér að tryggja, að lögum verði komið yfir aðila, sem brjóta settar reglur". Reglur þær sem settar hafa verið samkvæmt þessari grein sáttmálans eru einkum í viðbæti nr. 2 (Rules of the Air/Flugreglur) og hafa verið birtar á Íslandi með auglýsingu um setningu flugreglna nr. 55 frá 7. janúar 1992.

I. kafli flugreglnanna fjallar um orðaskýringar; II. kafli um gildissvið flugreglnanna; III. kafli um almennar reglur; IV. kafli um sjónflugsreglur; V. kafli um blindflugsreglur og í viðbætinum er enn fremur að finna reglur um flugmerki og ljósabúnað loftfara o.s.frv.

Í 68. gr. sáttmálans er kveðið á um ákvörðun leiða og flughafna. Þar segir: „Öll samningsríki mega, að tilskildum ákvæðum þessarar samþykktar, ákvarða þær leiðir, sem í milliríkjaflugi verður að fara innan landsvæðis þeirra, svo og þær flughafnir, sem nota má í slíku flugi.

Á Íslandi eru flugleiðir í blindflugi ákvarðaðar af flugumferðarþjónustu flugmálastjórnarinnar m.a. með flugleiðsögukorti (Radionavigation Chart-Iceland) og aðflugs- og lendingarkortum. Kortin eru unnin og útbúin í samræmi við viðbæti nr. 4 við sáttmálann sem fjallar um flugkort. Flugmálastjórnin fer með stjórn flugleiða í blindflugi eða sjónflugi og notar til þess flugumferðarþjónustu. Við flugumferðarþjónustu starfa flugumferðarstjórar sem einkum grundvalla vinnuaðferðir sínar á eftirfarandi gögnum:

viðbæti nr. 1 við ICAO-sáttmálann sem fjallar um flugreglur;

viðbæti nr. 11 við sáttmálann sem fjallar um flugumferðarþjónustu;

ICAO-skjali nr. 4444 RAC/501 (Procedures for Air Navigation Services Rules of the Air and Traffic Services);

ICAO-skjali 8168 - OPS/611 (Procedures for Air Navigation Services, Aircraft Operations) og því til viðbótar hérlendis, ICAO-skjali 7030 (Regional Supplementary Procedures North Atlantic Region).

Loftrými það sem Íslandi hefur verið úthlutað af ICAO til að stjórna utan íslensku lofthelginnar nefnist Reykjavík FIR (Flight Information Region).

Flughafnir, sem nota skal, eru ákvarðaðar í tollalögum á hverjum tíma, nú lög nr. 55 frá 30. mars 1987. Samkvæmt 51. gr. laganna er aðkomufari skylt að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, en tollstjóri getur þó veitt undanþágu frá því þegar sér-

staklega stendur á. Aðaltollhafnir hérlendis fyrir flug eru Reykjavík; Ísafjörður; Sauðárkrókur; Siglufjörður; Akureyri; Húsavík; Neskaupstaður; Vestmannaeyjar; Keflavík og Egilsstaðir, sbr. 28. gr. tollalaga. Frekari ákvæði eru í reglugerð um komu, brottflug og yfirflug nr. 107/1972. Efni þeirrar reglugerðar er byggt á heimild í gildandi loftferðalögum og alþjóðasamningi um viðkomuréttindi flugfara er gerður var í Chicago 7. desember 1944 sem gekk í gildi fyrir Íslands hönd 4. júní 1945.

Í 10. gr. ICAO-sáttmálans er fjallað um lendingu í tollflughöfn og þar segir: „Öllum flugförum, sem koma inn yfir landsvæði samningsríkis, skal leyft að lenda í flughöfn, sem það ríki tilgreinir í þessu skyni til tollskoðunar og annarrar skoðunar, ef reglugerðir þess ríkis mæla svo fyrir. Þetta gildir þó ekki, er flugförum er leyft samkvæmt sérstakri heimild eða ákvæðum samþykktar þessarar að fljúga yfir land samningsríkis án lendingar. Þegar flugför fara frá landi samningsríkis skulu þau fara frá tollflughöfn, sem á sama hátt hefur verið tilgreind. Upplýsingar um allar tilgreindar tollflughafnir skulu birtar viðkomandi ríki og látnar í té Alþjóðaflugmálastofnuninni, . . . "

Enn fremur segir í 13. gr. sáttmálans: „Lög og reglugerðir samningsríkis um landtöku farþega, áhafnar eða flutnings flugfara, svo og um brottför frá landi þess, t.d. reglugerðir um komu, afgreiðslu, landgöngu, vegabréf, tollskoðun og læknisskoðun, skulu haldin um þá farþega, áhöfn eða farm þegar þau koma inn í landið, fara þaðan eða dveljast innan landamæra þess". Samkvæmt 22. gr. sáttmálans ber sáttmálaríkjum að auðvelda, svo sem kostur er, milliríkjaflug milli yfirráðasvæða sinna og skv. 23. gr. skulu þau setja reglur um tollskoðun og landgöngu fólks í samræmi við reglur þær er settar hafa verið af ICAO, sbr. reglur í viðauka nr. 9 við ICAO-sáttmálann (Facilitation/Flugvallarvirkt).

Ákvæði 5. gr. ICAO-sáttmálans veitir sáttmálaríki rétt til að krefjast lendingar loftfars sem er í óreglubundnu flugi, þ.e. eigi áætlunarflugi, yfir yfirráðasvæði þess. Sams konar ákvæði leiðir af I. gr., 2. lið milliríkjasáttmála um viðkomuréttindi loftfara. Í 6. gr. ICAO-sáttmálans segir að eigi megi reka milliríkjaáætlunarflug um eða inn á yfirráðasvæði sáttmálaríks nema samkvæmt sérstöku leyfi eða heimild þess ríkis, enda sé slíku flugi hagað í samræmi við leyfið eða heimildina. Í c-lið 9. gr. ICAO-sáttmálans er ennfremur kveðið á um að hverju sáttmálaríki sé rétt samkvæmt þeim reglum er það setur að krefjast þess að hvert það loftfar sem flýgur inn á bannsvæði þau sem greind eru í a–b-liðum greinarinnar, þ.e. hernaðarsvæði o.fl., skuli svo fljótt sem kostur er lenda í einhverri tilgreindri flughöfn innan lands.

Í 35. gr. ICAO-sáttmálans segir: „Ekki má flytja hergögn eða hernaðartæki yfir eða um land samningsríkis í flugfari, sem stundar millilandaflug, nema leyfi þess ríkis komi til. Skal hvert ríki setja reglur um það, hvað skoða beri hergögn eða hernaðartæki, að því er til þessarar greinar tekur, og fyrir samræmis sakir skal taka fullt tillit til þess, sem loftferðaráð kann að mæla með á hverjum tíma." Enn segir: „Vegna allsherjarreglu og öryggis áskilur hvert samningsríki sér rétt til að setja reglur um flutning um eða yfir land sitt eða banna hann, ef um annan varning er að ræða en þann, sem getur í staflið a, og það tilskilið, að enginn munur sé gerður í þessu efni á flugförum eigin þjóðar, sem stundar millilandaflug, og flugförum annarra ríkja, sem stunda sama starf, og ekki má heldur leggja hömlur á flutning og afnot tækja þeirra í flugförum, sem nauðsynleg eru við stjórn flugfara eða áhöfn og farþegum til öryggis."

Til að fyllsta öryggis sé gætt við stjórn flugumferðar er leiðbeining flugstjórnarmiðstöðvar nauðsynleg. Skyldum flugumferðarstjórans má líkja við skyldur lóðsa á skipum, því þeir gefa skipanir til loftfara á sínu umráðasvæði.

Í viðbæti nr. 2 við ICAO-sáttmálann, sem fjallar um flugreglur, er staðfest að flugstjórinn verður að fylgja fyrirmælum flugumferðarstjórans, en það er einnig staðfest að endanleg ábyrgð á fluginu hvílir hjá flugstjóranum. Hér er bersýnilega um að ræða atburðarás þar sem erfitt getur verið að greina hvar sök eða ábyrgð liggur ef slys verður. Til að létta á óvissunni hefur eftirfarandi skilgreining verið gerð: Flugstjórinn skal fylgja fyrirmælum flugumferðarstjórans nema um neyðartilfelli sé að ræða.

Landsréttur gerir yfirleitt ráð fyrir því að flugumferðarstjórar séu opinberir starfsmenn og svo er hér á Íslandi, en sú réttarstaða ákveður stöðu þeirra hvað varðar réttindi, skyldur, vinnuumhverfi, verkfallsrétt, refsingar o.fl.

Ábyrgð flugumferðarstjóra er afar mikil í starfi þeirra þó þeir verði að miklu leyti að reiða sig á tækjabúnað til að leysa starf sitt af hendi. Að því leyti er flugumferðarstjórinn í verri aðstöðu en flugstjórinn því flugumferðarstjórinn á yfirleitt enga möguleika á að sjá raunverulega stöðu mála með eigin augum. Þrátt fyrir það getur ábyrgð stundum frekar legið hjá flugumferðarstjóra en flugstjóra. Ábyrgðin getur verið lögð á flugumferðarstjóra án tillits til þess þáttar sem tækjabúnaður hefur valdið.

Í eftirfarandi kafla hafa þær breytingar verið gerðar að hann er felldur að raunverulegri stjórnun flugumferðar, m.a. með því að ákvæði sem snerta flugleiðsögutæki eru tekin að mestu úr kaflanum um flugvelli og flutt í þennan kafla. Þá eru settar sérstakar reglur um starf, skyldur og réttindi flugumferðarstjóra og er það nýlunda því starfsgreinarinnar er aðeins getið á einum stað í núgildandi lögum sem hefur valdið réttaróvissu og ágreiningi.

Um 73. gr.

Fyrsta og þriðja málsgrein greinarinnar samsvarar 57. gr. núgildandi laga og eru ákvæðin í meginatriðum óbreytt utan orðið „Flugöryggisþjónusta“ verður „Flugumferðarþjónusta“ til samræmis við núverandi heiti.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli og er ætlað til að taka af tvímæli um að starfsmenn flugumferðarþjónustu hlíti lögum um opinbera starfsmenn, jafnvel þó aðrir aðilar en ríkisstofnanir annist flugumferðarþjónustuna. Til samanburðar er rétt að benda á að aðrir starfsmenn er lögin fjalla um væru væntanlega oftast í þjónustu einkaaðila, þ.e. flugfélaga, afgreiðsluaðila á flugvöllum eða rekstraraðila flugvallar o.s.frv.

Um 74. gr.

Fyrsta málsgreinin samsvarar 56. gr. núgildandi laga og er óbreytt nema „er rétt“ verður „er heimilt“ og 2. mgr. samsvarar 90. gr. sömu laga óbreytt. 3. mgr. samsvarar 89. gr. sömu laga óbreytt.

Um 75. gr.

Greinin samsvarar 91. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt utan, í stað orðanna „Rétt er þeim handhafa stjórnvalds“ kemur „Flugmálastjórninni“ í 1. mgr. og í 2. mgr. eru felld niður orðin „og mæli hann eigi annað, lenda á næsta flugvelli hér á landi, sem er til almennra flugnota og lenda má á“, því þetta er talið óþarft, og í 3. mgr. breytist „rétt“ í „heimilt“.

Um 76. gr.

Greinin samsvarar 92. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt utan að í 1. mgr. „er rétt" verður „er heimilt", í 2. mgr. verður „Rétt er samgönguráðherra", „Samgönguráðherra er heimilt" og í 3. mgr. sama breyting.

Um 77. gr.

Greinin samsvarar 96. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt utan „Flugmálastjórn" verður „Flugmálastjórninni" og er það til samræmis við aðrar greinar laganna. Enn fremur „flugverjar skulu vera búnir" verður „flugverjar skulu hafa meðferðis".

Um VIII. kafla.

Í fyrstu íslensku loftferðalögunum, nr. 32 frá 14. júní 1929, voru í IV. kafla, 22. og 23. gr., ákvæði um fyrirtæki til loftferða og hljóðuðu þau þannig: „Fyrirtæki þau, sem gera sér að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu. Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 10 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar. Leyfi þetta nægir öryggiskröfum alþjóðar. Leyfi þetta veitist Flugfélagi Íslands hf. til 10 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að félagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Félagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur félög um loftferðir milli landa." Og í 23. gr. sagði: „Leyfi skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefur sett." Greinargerð með lögunum er fáorð um fyrrgreindar lagagreinar en þar segir: „Sjálfsagt þykir, vegna þess, hve mikils það er virði fyrir þjóðlífið, að ráðuneytið veiti samþykki sitt til atvinnufyrirtækja þeirra, er koma vilja á reglubundnum flugferðum á Íslandi." Og í upphafi athugasemdanna segir: „Sambandsþjóð vor, Danir, hafa með lögum frá 1. maí 1923 skipað fyrir um loftferðir og þykir því hlýða að taka hæfilegt tillit til þessara laga."

Af þessu verður ráðið að m.a. tilvitnuð ákvæði um leyfi til flugreksturs hafi verið þýdd eftir danskri fyrirmynd.

Skilyrði um að leyfi þurfi til loftferðastarfsemi voru ekki reist á alþjóðlegum samningum heldur á landsrétti hinna ýmsu landa og voru forsendur þess að tryggja þyrfti öryggi í flugsamgöngum og enn fremur að vernda yrði áætlunarflug landsflugfélaganna.

Ákvæðum fyrrgreindra laga mun ekki hafa verið beitt strengilega því að á gildistíma þeirra hófu um 60 aðilar flugrekstur á Íslandi og eru þá ekki taldir flugskólar. Megnið af þessum fyrirtækjum liðu undir lok, einkum vegna fjárskorts. Með núgildandi loftferðalögum voru settar strengilegar reglur sem einkum beindust að því að eingöngu íslenskir aðilar gætu fengið leyfi til flugreksturs innan lands og að fjöldi íslenskra flugfélaga sem stunduðu millilandaflug að og frá Íslandi yrði mjög takmarkaður.

Með lögum um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., nr. 23 frá 27. mars 1991, 7. gr., varð gerbreyting á heimild til skrásetningar loftfara í eigu útlendinga hérlendis með því að hömlum var algerlega aflétt, nema ef útlendingarnir taka þátt í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi þá má samanlagður eignarhluti þeirra á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%, sbr. lög nr. 34 frá 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 4. mgr. 4. gr.

Með setningu laga um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 frá 13. janúar 1993, varð enn gerbreyting á íslenskum reglum hvað varðar íbúa efnahagssvæðisins því samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu leyfa handa flugfélögum má engar hömlur leggja á eignarhlutdeild. Því getur íslenskt flugfélag í framtíðinni verið algerlega í eigu útlendinga svo fremi þeir uppfylli skilyrði fyrrgreindrar reglugerðar. Reglugerðin er enn fremur fyrsti fjölþjóðlegi samningurinn um flugrekstrarleyfi og flugrekendaskírteini.

Með reglugerðinni eru settar sameiginlegar reglur um útgáfu leyfa fyrir öll flugfélög innan efnahagssvæðisins. Hún fjallar ekki um leyfi til að starfrækja flutninga á ákveðnum leiðum, heldur tæknikröfur og formkröfur er gera skal til flugrekenda. Frá gildistöku hennar getur sérhver flugrekstraraðili á efnahagssvæðinu sem uppfyllir öryggis- og fjárhagskröfur fengið leyfi til að stunda flugrekstur hvar sem er innan svæðisins, sbr. þó takmarkanir er greinir í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Reglugerðin inniheldur kröfur um að meiri hluti hlutafjár í EES-flugfélagi verði að vera á virkan hátt í höndum íbúa eða ríkja efnahagssvæðisins, að aðalskrifstofur flugfélagsins verða að vera í ríkinu sem hefur gefið út leyfið, að loftförin uppfylli evrópskar öryggisreglur og að loftfarið hafi rétta vátryggingu sérstaklega hvað varðar farþega, farangur, farm, póst og þriðja aðila, sbr. 6. gr. rg.

Flugrekstrarleyfi, sem til staðar eru við gildistöku reglugerðarinnar, halda gildi sínu í þrjú ár en eftir það verður flugrekandinn að aðlaga rekstur sinn reglugerðinni (aðeins eitt ár ef meginviðfangsefni fyrirtækisins er ekki flugrekstur). Nýir umsækendur verða að sýna fram á fjárhagsgetu samkvæmt ákveðnum reglum og verða að leggja fram tveggja ára áætlun.

Einnig eru í reglugerðinni nokkrar mikilvægar reglur er varða notkun, skráningu og leigu á loftfari. Þegar félag leigir loftfar frá öðru félagi þarf áður að afla samþykkis frá þeirri landsstofnun er veitir leyfin. Þegar um er að ræða leigu með áhöfn þarf leigusalinn að uppfylla kröfur flugrekandaskírteinis (AOC) leigutakans. Grundvallarreglan er að öll loftför sem flugrekandi notar verða að vera skrásett í aðildarlandi efnahagssvæðisins, en aðildarlöndin geta haft mismunandi takmarkanir á skráningu. Undantekning frá þessu er að aðildarland getur leyft skammtímaleigu, t.d. vegna sumarumferðar, á loftfari sem skráð væri utan efnahagssvæðisins og þá til að mæta tímabundinni þörf eða í undantekningartilfellum.

Aðili sá sem flugrekstrarleyfi hlýtur verður að undirgangast ýmsar skyldur, svo sem gagnvart öryggi loftfara sinna, m.a. með útgáfu og viðhaldi handbóka um notkun þeirra og hleðslu og reglna um notkun þeirra flugvalla sem fljúga skal til (flugvallalágmörk). Enn fremur er flugrekandinn ábyrgur fyrir þjálfun og hæfni starfsmanna sinna og að viðurkenndum hvíldarreglum áhafna sé fylgt. Þá hefur flugrekandinn ábyrgð gagnvart farþegum sínum, þriðja aðila er kann að hljóta skaða vegna notkunar loftfarsins og gagnvart flugmálastjórninni, t.d. með því að halda tilskildar skýrslur.

Vegna þess sem að framan segir er eftirfarandi kafli mjög breyttur frá núgildandi lögum.

Um 78. gr.

Greinin samsvarar 82. gr. núgildandi laga og leiðir efni hennar af reglum Evrópska efnahagssvæðisins. Greininni er ætlað að ná yfir starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni með eða án þess að hafa fjárhagslegan ávinning í huga. Ef ekki er um atvinnutilgang að ræða, svo sem listflug, ljósmyndaflug, getur samgönguráðherra ákveðið að til þess þurfi leyfi.

Ákvæði um sérleyfi eru felld brott enda samræmast þau ekki gildandi reglum EES.

Um 79. gr.

Greinin samsvarar 83. gr. núgildandi laga og er gerbreytt í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu leyfa til handa flugfélögum.

Um 80. gr.

Greinin samsvarar 85. gr. núgildandi laga og er töluvert breytt, en hér eru talin upp í grófum dráttum þau skilyrði leyfis sem sett eru í rg. EBE nr. 2407/92 um veitingu leyfa til handa flugfélögum.

Um 81. gr.

Greinin samsvarar 85. gr. núgildandi laga hvað efni varðar og er ætlað að opna heimild fyrir samgönguráðherra til að hnýta við leyfi skilyrðum, t.d. um flugleiðir innan lands, sem samrýmst gætu milliríkjasamningum.

Um 82. gr.

Greinin samsvarar 86. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, en samsvarar samt sem áður skilyrðum rg. EES nr. 2407/92.

Um 83. gr.

Greinin samsvarar 186. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um IX. kafla.

Kafli þessi fjallar um Varsjársáttmálann frá 1929 og sáttmálaaukann undirritaðan í Haag 1955 sem Ísland hefur báða staðfest. Í núgildandi lögum er efni þeirra nær orðrétt. Það hefur hér verið endurþýtt og fjölmargt verið endurnýjað, m.a. til samræmis við skýringar fræðimanna, dóma og nútímamálnotkun. Þá er efni Guadalajara-sáttmálans 1961; Gvatemala-sáttmálaaukans 1971 og Montreal-sáttmálaauka 1.; 2.; 3. og 4. frá 1975 fellt inn í frumvarpið og er það í samræmi við löggjöf í öðrum ríkjum á Norðurlöndum. Ísland hefur ekki enn undirritað eða staðfest efni Guadalajara-sáttmálans 1961; Gvatemala-sáttmálaaukans 1971 eða Montreal-sáttmálaaukanna 1975 og er því lagt til hér að efni samninganna sé lögfest í innanlandslögum og enn fremur að Ísland undirriti og staðfesti Montreal-sáttmálaaukana frá 1975 á alþjóðlegum vettvangi. Einnig er lagt til að Guadalajara-sáttmálinn frá 1961 og Gvatemala-sáttmálaaukinn frá 1971 verði undirritaðir svo sem önnur ríki á Norðurlöndum hafa gert, en beðið verði með fullgildingu og öðrum ríkjum á Norðurlöndum verði fylgt í því efni. Með því hafa landslög á Íslandi verið samrýmd alþjóðareglum og verða í samræmi við bótareglur annarra Norðurlanda vegna loftflutninga innan lands, en samkvæmt núgildandi reglum er bótafjárhæð og bótaábyrgð-

in í íslenskum rétti í engu samræmi við nágrannalönd okkar. Hámarksbætur á Íslandi vegna loftflutninga milli landa fara eftir sáttmálaaukanum gerðum í Haag 1955, en bætur í innanlandsflugi eru grundvallaðar á gildandi loftferðalögum frá 1964. Önnur ríki á Norðurlöndum munu árið 1976 hafa tekið upp hámark bótaábyrgðar svo sem það var ákveðið í Gvatemala-sáttmálaaukanum frá 1971 og Montreal-sáttmálaaukanum nr. 3 frá 1975.

Eftirfarandi er samanburður á gildandi hámarksbótafjárhæðum, í íslenskum krónum, á Íslandi annars vegar og annars staðar á Norðurlöndum hins vegar. Í samræmi við upplýsingar Seðlabanka Íslands hafa gildandi bótafjárhæðir verið margfaldaðar með 230/100 til að sýna verðgildi 1993:

Bótafjárhæðir	**Ísland**	**Önnur Norðurlönd**
Vegna farþega:		
Innanlands:	83.950	10.000.000
Milli landa:	1.660.000	10.000.000
Vegna skráðs farangurs:		
Innanlands :	pr/kg. 85	100.000 heild.
Milli landa:	pr/kg 1.700	100.000 „
Vegna handfarangurs:		
Innanlands:	1.679	fellt niður.
Milli landa:	33.200	fellt niður.
Vegna vöru:		
Innanlands	pr/kg: 85	1.700
Milli landa	pr/kg: 1.700	1.700
Vegna tafa:	án þaks	415.000

Ef ríki er ekki aðili að Varsjársáttmálanum munu landréttur þess ríkis og landsréttur Íslands gilda í samskiptum Íslands um flugflutninga við það eftir því sem við á.

Til glöggvunar á tilurð og þróun Varsjársáttmálans er skýringarmynd á fskj. VI:

1. Árið 1929 var Varsjársáttmálinn undirritaður og fjallar hann um bætur vegna tjóns er verður við loftflutninga. Hann skiptist í nokkra höfuðkafla, þ.e.: gildissvið og skýringar; flutningsskjöl; ábyrgð flytjanda; flutning með ýmislegum farartækjum og lokaákvæði. Ísland gerðist aðili að honum samkvæmt lögum nr. 41. frá 25. maí 1949. Um 123 ríki hafa undirritað hann og staðfest og hefur hann því alþjóðlegt gildi, en þó hafa ekki allar þjóðir undirritað hann, sbr. að aðildarþjóðir ICAO munu vera 182 talsins.
2. Árið 1955 var sáttmálaauki undirritaður í Haag. Hann fjallar um hækkun á hámarksbótagreiðslum vegna tjóns í loftflutningum; um einföldun á gerð flutningsskjala og breytingu á skaðabótahugtökum Varsjársáttmálans. Um 107 ríki hafa undirritað hann og staðfest og hefur hann því alþjóðlegt gildi. Ísland gerðist aðili að honum samkvæmt heimild í lögum nr. 46 frá 5. apríl 1956. Í fskj. I er skrá yfir lönd er undirritað hafa og staðfest Varsjársáttmálann eins og honum var breytt með Haag-sáttmálaaukanum árið 1955.

3. Árið 1961 var Guadalajara-sáttmálinn undirritaður og fjallar hann einkum um blautleigu á loftförum, þ.e. loftfar leigt með áhöfn, á ensku: wet lease. Um 71 land hefur undirritað hann og sáttmálinn hefur því hlotið alþjóðlega viðurkenningu. Öll ríki á Norðurlöndum nema Ísland hafa undirritað sáttmálann, en þau hafa ekki staðfest hann. Í fskj. II er skrá yfir lönd er undirritað hafa og staðfest sáttmálann.
4. Árið 1966 var undirritaður Montreal-samningurinn, sem er milli Bandaríkja Norður-Ameríku og flugfélaga sem fljúga þaðan og þangað. Aðalatriði hans eru að ábyrgð flytjandands verður hlutlæg í stað saknæmisábyrgðar Varsjársáttmálans og að hámarksbótafjárhæð vegna líkams- eða heilsutjóns farþega verður 78 þúsund bandarískir dalir eða 58 þúsund bandarískir dalir utan málskostnaðar. Öll flugfélög sem fljúga til eða frá Bandaríkjunum þurfa að undirgangast ákvæði samnings þessa.
5. Árið 1971 var undirritaður Gvatemala-sáttmálaaukinn sem einkum felur í sér þær breytingar á Varsjársáttmálanum, eins og hann er breyttur með Haag-sáttmálaaukanum, að saknæmisábyrgð flytjandans vegna farþega og farangurs breytist í hlutlæga ábyrgð og að hámark bótaskyldu verður 1.500.000 gullfrankar (Poincaré) eða um 100.000 SDR. Sáttmálaaukann hafa um 31 ríki undirritað en aðeins 12 staðfest. Þrjátíu ríki þurfa að staðfesta sáttmálaaukann þannig að hann hafi alþjóðlegt gildi. Öll ríki á Norðurlöndum nema Ísland hafa undirritað sáttmálaaukann, en þau hafa ekki staðfest hann. Í fskj. III er skrá yfir lönd er undirritað hafa og staðfest sáttmálaaukann.
6. Árið 1975 voru undirritaðir í Montreal viðbótarsáttmálaaukar 1.; 2.; 3. og 4. og er efni þeirra í aðalatriðum eftirfarandi:

Montreal-sáttmálaauki nr. 1 fjallar um breytingu á Varsjársáttmálanum á þann veg að hámark bóta ákvarðist í mynteiningunni Special Drawing Rights.

Montreal-sáttmálaauki nr. 2 fjallar um breytingu á Haag-sáttmálaaukanum á þann veg að hámark bóta ákvarðist í mynteiningunni Special Drawing Rights.

Montreal-sáttmálaaukinn nr. 3 fjallar um breytingu á Gvatemala-sáttmálaaukanum aðallega á þann veg að hámark bóta ákvarðist í mynteiningunni Special Drawing Rights.

Montreal-viðbótarsáttmálaaukinn nr. 4 fjallar um breytingu á ábyrgð flytjanda á varningi á sama hátt og Gvatemala-sáttmálaaukinn fjallaði um breytingu á ábyrgð vegna farþega. Ábyrgð flytjanda hefur þannig verið breytt frá saknæmri ábyrgð til hlutlægrar ábyrgðar, en flytjandinn er þó undanþeginn ábyrgð á eftirfarandi máta:

a. ef varningur er gallaður,
b. ef galli er á pökkun varnings sem hefur verið framkvæmd af öðrum en starfsmönnum flytjanda eða umboðsmönnum hans,
c. ef stríðsástand varir,
d. sökum aðgerða yfirvalda vegna útflutnings, viðkomu eða innflutnings varnings.

Mynteiningin Special Drawing Rights er einnig notuð við ákvörðun endanlegrar hámarksbótafjárhæðar (hámarksfjárhæðinni verður ekki breytt).

Kröfur um skjalagerð hafa verið einfaldaðar.

Öll ríki á Norðurlöndum nema Ísland hafa undirritað og staðfest sáttmálaaukana. Í fskj. IV er skrá yfir lönd er undirritað hafa og staðfest Montreal-sáttmálaaukana.

7. Árið 1975 var gert samningsígildi á Möltu sem kallað hefur verið Malta Agreement en það er sammæli nokkurra flugfélaga, flestra frá Evrópu, um hækkun hámarksbótafjárhæðar vegna tjóns á farþegum í flugflutningum skv. 1. mgr. 22. gr. Varsjársáttmálans í 58.000 bandaríska dali. Íslensk flugfélög eiga þar ekki aðild.

Árið 1992 ákváðu japönsk flugfélög að hámarksbætur þeirra vegna dauða eða skaða á farþegum skv. 22. gr. Varsjársáttmálans væri skilyrðislaus að 100.000 SDR, en vörnum skv. 1. mgr. 20. gr. Varsjársáttmálans væri beitt vegna hærri krafna, en þar er fjallað um saknæmisregluna. Samkvæmt henni getur flytjandi losnað undan ábyrgð ef hann gerði allt sem í hans valdi stóð til að afstýra tjóni. Í raun hafa japönsk flugfélög þannig fallið frá reglu um hámarksbætur.

Árið 1993 hóf ECAC umræður um hækkun hámarksbóta vegna Varsjársáttmálans. Haldnir hafa verið átta fundir vegna málsins þegar þetta er skrifað, og hefur verið rætt um hækkun bótamarks frá 100.000 SDR vegna dauða eða líkamstjóns farþega í fjárhæðir frá 250.000 SDR til 500.000 SDR. Engin ákvörðun liggur fyrir og ólíklegt að hún verði tekin fyrr en árið 1995–1996, en nái breyting fram að ganga mun hún væntanlega ná til Efnahagssvæðis Evrópu að minnsta kosti.

Varsjársáttmálinn.

Gildissviði Varsjársáttmálans er lýst í 1. gr. hans, en þar segir að hann eigi aðeins við um flutning milli landa (fjölmörg lönd láta meginefni hans gilda um innanlandsflutninga sína meðal annars öll ríki á Norðurlöndum). Enn fremur er því lýst í 1. gr. að sáttmálinn eigi við um allan flutning á fólki, farangri eða vörum milli landa gegn endurgjaldi. Ókeypis flutningur með flugi fellur einnig undir sáttmálann þegar hann er framkvæmdur af loftflutningafyrirtæki. Annar ókeypis flutningur fellur ekki undir samninginn. Ástæða þess að sáttmálinn gildir fyrir ókeypis flutning með loftflutningafyrirtæki er sú að „frímiðar" eru venjulega gefnir út með eitthvert endurgjald í huga, svo sem kynningu á fyrirtækinu eða þjónustu þess. Reglur um ókeypis flutning eru í landsrétti viðkomandi ríkja.

Ofangreint leiðir óhjákvæmilega að spurningunni, hvernig skilgreina skuli hugtakið „flug milli landa". Í 1. gr. sáttmálans er það skilgreint: „. . . í sáttmála þessum er flutningur talinn vera „milli landa", þegar brottfararstaður og ákvörðunarstaður samkvæmt flutningssamningi eru innan tveggja sáttmálaríkja, og gildir það jafnvel þótt hlé verði á flutningunum eða skipt sé um loftfar. Séu brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan sama samningsríkis, er flutningur talinn vera milli landa, ef lenda skal innan annars ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé eigi aðili að sáttmála þessum. Flutningur skal ekki talinn vera milli landa, ef flogið er án slíkrar viðkomu milli landsvæða, sem hlíta fullveldi, vernd, gæslu eða yfirráðum sama samningsríkis." Gildi sáttmálans rofnar ekki þó loftfar þurfi af óviðráðanlegum ástæðum að lenda einhverstaðar, svo sem vegna nauðlendingar.

Alþjóðlegt gildi flutningssamnings milli landa ákvarðast af ætlan aðila eins og henni er lýst í samningnum, en þar eru þrjár undantekningar á sem eru:

a. Sáttmáli þessi gildir eigi um loftflutning milli landa sem framkvæmdur er af loftflutningafyrirtæki „. . . sem fyrsta tilraun með það fyrir augum að stofna til skipulagðra loftflutninga . . . " (34. gr.). Dæmi um þetta getur verið þegar loftflutningafyrirtæki voru fyrst að athuga með flug yfir Norðurheimskautið.
b. Sáttmálinn gildir ekki um flutning í alveg sérstökum tilvikum sem ekki getur talist eðlilegur og venjulegur loftflutningur. Nefna má til dæmis ef slys hendir loftfar sem flytur nýja vél í skip sem lent hafði í vélarbilun á veiðum (34. gr.).
c. Sáttmáli þessi skal eigi gilda um flutning bréfa og póstböggla. (2. gr. 2. mgr.).

Sáttmálinn nær ekki yfir alla þætti sambands flytjanda og farþega eða sendanda vöru. Í IATA-skilmálum (Alþjóðasamtök flugfélaga) eru viðbótarreglur sem grundvallaðar eru á sáttmálanum, en komið verður að þeim síðar.

Rétt er að skoða um hvers konar loftfarategundir sáttmálinn gildir, en hann geymir sjálfur engin ákvæði þar um. Til þess verður að leita fanga í almennum skilgreiningum ICAO á því hvað loftfar er, en þær eru í viðbætum við samþykktina um alþjóðaflugmál frá 1944. Skilgreiningin hljóðar þannig: „Sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.“ Skilgreiningin leiðir af sér að sáttmálinn gildir um flugvélar; þyrlur; svifflugur; loftbelgi o.fl., en lokaorð hennar útiloka flutning með svifnökkva (Hoovercraft).

Í skilningi sáttmálans er farþegi maður sem er fluttur í loftfari samkvæmt skilmálum flutningssamnings. Umdeilt er hvort starfsmaður flugfélagsins er farþegi í skilningi sáttmálans. Fræðimenn halda því fram annars vegar að sáttmálinn nái aðeins yfir samband flugfélags og farþega og hins vegar að starfsmaður sé ekki aðeins bundinn starfssamningi heldur einnig ákvæðum sáttmálans.

Flutningsskjöl.

Farseðill.

Farseðillinn er flutningsskjal sem flytjandinn er skyldugur að gefa út vegna flutnings á farþegum. Hann á að innihalda eftirfarandi:

— Brottfarar og ákvörðunarstað.
— Ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis skal geta um a.m.k. einn slíkan stað.
— Ákvæði þess efnis að sé ferð farþega heitið til annars lands eða af henni leiði dvöl í öðru landi komi ákvæði Varsjársáttmálans til framkvæmda og að sá samningur gildi um og takmarki að jafnaði bótaskyldu flytjenda vegna dauða, slysa eða tjóns eða skaða á farangri.
— Farseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á því að flutningssamningur hafi verið gerður, svo og á ákvæðum hans. Ef farseðill er eigi fyrir hendi eða hann er með óreglulegri gerð eða hann hefur glatast, breytir það engu um, hvort flutningssamningur er fyrir hendi né um gildi hans en hann skal engu að síður háður ákvæðum sáttmálans. Hafi farþegi samt sem áður með samþykki flytjanda farið um borð án þess að farseðill hafi verið útgefinn eða án þess að í farseðlinum sé ákvæði það sem getur hér að ofan þá er flytjanda óheimilt að notfæra sér ákvæði um hámarksbætur sem eru í 22. gr. sáttmálans.

Ef enginn farmiði hefur verið gefinn út, týnist eða ónákvæmni gætir heldur flutningssamningurinn gildi sínu og ákvæði Varsjársáttmálans eiga við. Hins vegar hefur það víðtækar afleiðingar fyrir flytjanda að taka við farþega án þess að gefa út farseðil. Flytjandinn getur ekki borið fyrir sig takmörkun á bótum eða ábyrgð sem tilgreind eru í sáttmálanum og ber hann fulla ábyrgð. Samkvæmt Haag-sáttmálaaukanum frá 1955 á framangreind takmörkun heldur ekki við ef ekki er tilgreint í farseðlinum að ákvæði Varsjársáttmálans eigi við um hann.

Farangursmiði.

Í 4. gr. sáttmálans er krafa um að farangursmiða skuli gefa út vegna flutnings á öðrum farangri en þeim sem farþeginn annast um sjálfur. Farangursmiða skal gefa út í tveimur eintökum og heldur farþegi öðru en flytjandi hinu og skal hann geyma sömu ákvæði og farmiðinn. Hann verður einnig að innihalda tilvísun til raðnúmers farseðilsins, fjölda og þyngd varnings, verðmæti hans ef farþeginn hefur gefið þannig yfirlýsingu og loks yfirlýsingu um að farangurinn verði afhentur handhafa farangursmiðans. Ef farangursmiði hefur týnst, vantar eða er ekki fyllilega útfylltur heldur flutningssamningurinn samt gildi sínu og sáttmálinn á við. Flytjandinn getur ekki skýlt sér bak við takmarkaða ábyrgð ef hann veitir móttöku farangri án þess að gefa út farangursmiða.

Framangreindar kröfur voru verulega minnkaðar með Haag-sáttmálaaukanum og var það í samræmi við daglega hætti. Nú er því nægjanlegt að sameina eða tengja saman farseðil og farangursmiða. Aðeins er nauðsynlegt að tilvísun sé í þess háttar miðum um takmarkaða ábyrgð.

IATA (Alþjóðasamband flugfélaga) hefur sett fram skilgreiningu um hvað farangur er í 1. gr. almennra flutningsskilmála sinna sem þannig hljóðar: „Farangur er hlutir, útbúnaður og aðrar eignir farþega sem eru nauðsynlegir eða viðeigandi til klæðnaðar, notkunar, þæginda eða hagræðingar í ferðinni. Ef ekki er annað tekið fram nær skilgreiningin bæði yfir skráðan og óskráðan farangur farþega.“ Í IX. gr. 1. mgr. (a) flutningsskilmálanna er tekið fram að farþegi eigi ekki að hafa í farangri sínum:

(i) Hluti sem ekki falla undir skilgreininguna hér að ofan.
(ii) Hluti sem gætu sett í hættu öryggi loftfars, manna um borð eða varnings.
(iii) Hluti sem bannað er lögum samkvæmt að flytja.
(iv) Hluti sem að áliti flytjanda eru ekki hæfir til flutnings vegna þyngdar, stærðar eða eiginleika.
(v) Lifandi dýr . . . (með undantekningum).

Flytjandi getur neitað að flytja sem farangur sérhvern hlut sem fellur undir ofangreinda lýsingu og hann getur neitað að flytja áfram sérhvern farangur ef hann verður þess áskynja meðan á flutningi stendur að hluturinn uppfyllir ekki ofangreinda skilmála. Flytjandinn getur enn fremur krafist þess af farþeganum að hann heimili að leitað sé á honum sjálfum eða í farangri til að ganga úr skugga um að farangur falli ekki undir ofangreinda lýsingu.

Í 5. mgr. IX. gr. eru frekari skilmálar viðvíkjandi hluti sem ekki verða samþykktir sem skráður farangur eins og t.d. brothættir eða viðkvæmir hlutir, peningar, skartgripir, verðmætir málmar, viðskiptabréf, verðbréf og önnur verðmæti, viðskiptaskjöl eða sýnishorn.

Skráður farangur er fluttur með sama loftfari og farþeginn nema flytjandi telji það óhagkvæmt. Ekkert er hins vegar sagt um hvort flytja skal annan farangur með sama loftfari og farþegann.

Loks segir í IX. gr. lið 9 (a) að farþeginn skuli taka farangur sinn eins fljótt og mögulegt er á áfanga- eða áningarstað.

Flugfarmbréf.

Flugfarmbréfið skal gefið út af sendanda í þremur eintökum og hafa þau öll sama gildi skv. 6. gr. sáttmálans. Fyrsta eintakið skal merkt „handa flytjanda“ og verður að vera undirritað af sendanda varningsins. Annað eintakið skal merkt „handa viðtakanda“ og verður að vera undirritað af flytjanda og sendanda og fylgja farminum. Þriðja eintakið er undirritað af sendanda og skal því skilað sendanda þegar tekið hefur verið við vörunum.

Eftir aðra heimsstyrjöldina hófst umfjöllun um framseljanleg flugfarmbréf sem tækju mið af farmbréfum vegna sjóflutninga, en þau eru framseljanleg. Aukinn flutningur varnings og flug heimsálfa á milli urðu hvati þessarar umræðu. Þrátt fyrir það hefur flugfarmbréf ekki sama gildi og farmbréf vegna sjóflutninga. Í Varsjársáttmálanum var ákvæði í 8. gr. f-lið sem gerði ráð fyrir því að flugfarmbréfið gæti verið framseljanlegt. Í henni er gefið svigrúm til að hafa eyðu þar sem nafn viðtakanda ætti að vera. Með Haag-sáttmálaaukanum var bætt 3. mgr. við 15. gr. Í henni segir: Ekkert ákvæði samnings þessa skal skilið svo að það geti hindrað útgáfu framseljanlegs flugfarmskírteinis. Kosti þess að flugfarmbréf er framseljanlegt má skýra þannig:

1. Þegar flugfarmbréfið kemur fyrr en varningurinn og varningurinn er endurseldur þá getur seinni kaupandi fengið varninginn afhentan.
2. Það gerir seljandanum kleift að fara í banka og taka út sína greiðslu áður en kaupandi hefur greitt og einnig þarf kaupandinn ekki að greiða fyrr en eftir að hann hefur tekið á móti varningnum.
3. Framseljanlegt flugfarmbréf gerir það að verkum að viðskipti með varninginn geta átt sér stað meðan á flutningstímanum stendur.
4. Flutningur á sjó og í lofti verður auðveldari þar sem farmbréf vegna sjóflutninga eru framseljanleg og því lengri tíma sem flutningurinn tekur því fleiri eru kostirnir við framseljanlag flugfarmbréf.

Samkvæmt 10. gr. sáttmálans ber sendandi ábyrgð á að upplýsingar þær sem greindar eru í flugfarmskírteininu varðandi vörurnar séu réttar. Hann ber ábyrgð á hvers konar tjóni sem flytjandi kann að bíða, eða aðrir þeir sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart, sakir þess að upplýsingar er hann hefur gefið eru óreglulegar, ónákvæmar eða ófullkomnar. Greinina þarf að lesa í samhengi við 16. gr. sáttmálans þar sem segir að sendanda er skylt að gefa þær upplýsingar og að láta fylgja flugfarmskírteini þau skjöl sem nauðsynleg teljast til að lögmæltar athuganir af hendi tollyfirvalda og lögreglu geti fram farið áður en varan er afhent viðtakanda. Sendandi ber gagnvart flytjanda ábyrgð á tjóni sem hljótast kann af því að slíkar upplýsingar eða skjöl vantar eða eru ófullkomin og ekki samkvæmt settum reglum, nema því aðeins að flytjandi eða starfsmenn hans eigi sök á því. Á flytjandanum hvílir ekki skylda til að rannsaka hvort þessar upplýsingar eða skjöl eru réttar eða tæmandi.

Samkvæmt 11. gr. sáttmálans gildir flugfarmskírteini sem sönnun fyrir samningsgerð, móttöku vöru til flutnings og skilmálum fyrir flutningi uns annað sannast. Upplýsingar í flugfarmskírteini varðandi þyngd vöru, stærð, umbúðir og stykkjatölu skulu taldar réttar þar til annað sannast. Aðrar upplýsingar um magn eða rúmtak vöru eða ástand gilda hins vegar ekki sem sönnun gegn flytjanda nema hann hafi í viðurvist sendanda athugað þær og staðfest það með áritun á flugfarmbréf eða upplýsingarnar snerta sýnilegt ástand vöru.

Sáttmálagreinar 12., 13. og 14. hljóða um réttindi farmsendanda og móttakanda farms gagnvart farmflytjanda. Samkvæmt 12. gr. hefur sendandi ráðstöfunarrétt á eftirfarandi máta:

a. með því að endurheimta hana á brottfarar- eða ákvörðunarstað;
b. með því að stöðva flutninginn ef lent er á leiðinni;
c. með því að láta afhenda vöruna á ákvörðunarstaðnum eða á leiðinni, öðrum en þeim sem tilgreindur er í flugfarmskírteini sem viðtakandi eða
d. hann getur krafist þess að varan verði flutt aftur til brottfararstöðvar.

Þessar ráðstafanir getur sendandi gert, en með fullri hliðsjón af skyldu flytjanda til að annast flutninginn. Sé eigi hægt að framkvæma fyrirmæli sendanda skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Ef flytjandi fer eftir fyrirmælum sendanda um ráðastöfun vöru án þess að lagt sé fram eintak sendanda af flugfarmbréfi er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni sem sá aðili kann að verða fyrir er hefur eintakið löglega í sínum vörslum. Flytjandi hefur þó alltaf rétt til að krefjast bóta af sendanda vegna fyrrgreindra ráðstafana.

Réttur sendanda fellur niður þegar réttur viðtakanda vöru hefst skv. 13. gr. sáttmálans, en sendandi heldur rétti sínum ef viðtakandi neitar að taka á móti flugfarmbréfi eða varningi eða ef hann finnst ekki.

Viðtakandi getur krafist þess að flytjandi láti flugfarmbréfið og vöruna af hendi við hann þegar varan er komin á ákvörðunarstað gegn greiðslu þeirrar upphæðar er hvílir á vörunni, enda uppfylli hann öll þau flutningsskilyrði sem um ræðir í flugfarmbréfinu. Ef annað er ekki tilgreint skal flytjandi tilkynna viðtakanda án tafar um komu vörunnar.

Viðurkenni flytjandi að varan hafi glatast eða varan er ekki komin fram í síðasta lagi sjö dögum eftir áætlun getur viðtakandi beitt ákvæðum samningsins gegn flytjanda.

Samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. sáttmálans geta sendandi og viðtakandi hvor um sig notað sér öll þau réttindi sem þeir hafa gegn því að uppfylla þær skuldbindingar sem samningurinn leggur þeim á herðar. Gildir það hvort sem þeir koma fram fyrir hönd sjálfs sín eða annarra.

Ákvæði 15. gr. sáttmálans kveða á um að skilyrði 12., 13. og 14. gr. sáttmálans snerta hvorki sambandið milli sendanda og viðtakanda, né sambandið við þriðja aðila sem byggir rétt sinn á öðrum hvorum hinna.

Bótaábyrgð flytjanda.
Varsjársáttmálinn.

Samkvæmt 17. gr. sáttmálans er flytjandinn bótaskyldur vegna skaða er verður við dauða, líkams- eða heilsutjóns er farþegi verður fyrir. Samkvæmt 18. gr. sáttmálans hefur flytjandinn einnig bótaábyrgð vegna skráðs farangurs eða vöru. Enn fremur er kveðið á um í 19. gr. sáttmálans að flytjandinn hefur bótaábyrgð vegna tafa er verða við flutning farþega, farangurs eða vöru í flugi.

Rétt er að leggja áherslu á að reglur sáttmálans gilda aðeins um flutning, þær gilda til dæmis ekki um ábyrgð framleiðenda eða flugumferðarstjórnar. Um ábyrgð þeirra fer að landsrétti ýmist opinberum eða einkamálarétti.

Flutningssamningurinn skyldar flytjandann til að annast flutninginn án þess að valda tjóni eða töfum sem leiðir af sér að flytjandinn verður að hafa lokið flutningnum innan sanngjarnra tímamarka. Lögfræðilegur grunnur bótaskyldu flytjandans er saknæmisábyrgð með öfugri sönnunarbyrði sem þýðir að flytjandinn ber sönnunarbyrðina. Þessi háttur stafar af meginreglu sáttmálans sem er að flytjandi ber ábyrgð að settu hámarki nema honum takist að sanna brottfall bótaskyldu sinnar. Hafa verður hliðsjón af því að loftför voru nýlunda árið 1929 þegar sáttmálinn er gerður. Ekki má gleyma því að farþeginn getur einnig tekið sér tryggingu vegna áhættu við ferðalagið og hefur sú trygging ekki áhrif á ákvæði sáttmálans.

Í 20. gr. sáttmálans segir að flytjandi verði ekki bótaskyldur ef hann sannar að hann og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að forða skaða eða þeim var ómögulegt að gera þær ráðstafanir. Það er síðan hlutverk dómstóla að skýra hvað „nauðsynlegar ráðstafanir“ eru í hverju tilfelli.

Samkvæmt Varsjársáttmálanum er flytjandi ekki ábyrgur ef hann sannar að skaðinn orsakaðist af vænrækslu við stjórnun flugvélarinnar eða leiðsögu og að hann og umboðsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Þessi undanþága á eingöngu við um vörur og farangur. Ákvæði þetta var fellt niður með Haag-sáttmálaaukanum 1955. Flytjandinn getur einnig losnað að hluta eða öllu leyti við bótaábyrgð ef hann sannar að skaðinn hafi orsakast eða orsaka skaða megi leita til vanrækslu tjónþolans.

Flytjandinn er einungis ábyrgur vegna tækjabúnaðar síns að því leyti að hann þarf að sanna, hafi tjón orðið, að loftfarið hafi haft lofthæfisskírteini í gildi, hafi ekki verið yfirhlaðið og í góðu ásigkomulagi. Verði slys og ástæður eru ókunnar þá leiðir af sjálfu að flytjandi getur ekki sannað að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Sumir fræðimenn telja nægjanlegt að loftfar hefji sig til flugs vel tækjum búið með vel þjálfaða áhöfn um borð. Aðrir eru hins vegar þeirrar skoðunar að flytjandi sé bótaskyldur vegna tjóns að mörkum tilgreindum í Varsjársáttmálanum vegna þess að hann getur sjaldnast sannað sakleysi sitt og þess að hann getur tryggt sig gegn bótaskyldunni. Í flestum tilfellum hafa dómar í bótamálum fallið í samræmi við síðari skoðunina.

Í tveimur tilvikum verður ábyrgð flytjanda ótakmörkuð:

1. Ef skaðinn verður vegna ásetnings hans eða aðgerðar sem líkja má við ásetning.
2. a. Þegar farseðil vantar, sbr. 2. mgr. 3. gr.,
   b. þegar farangursmiða vantar eða hann uppfyllir ekki kröfur, sbr. 2. mgr. 4. gr.,
   c. ef flugfarmbréf hefur ekki verið gefið út eða það uppfyllir ekki kröfur 9. gr.

Í öllum öðrum tilfellum verður flytjandinn bótaskyldur í samræmi við mark sem ákveðið er í 22. gr. sáttmálans, þ.e. 124.000 gullfrankar vegna farþega og vegna skráðs farangurs og vöru 250 gullfranka hvert kílógramm, nema sendandinn hafi gefið sérstaka yfirlýsingu þegar hann afhenti vöruna til flytjanda um verðmæti við afhendingu og greitt aukreitis ef farið er fram á það. Í því tilfelli verður flytjandi skyldur að greiða upphæð sem fer ekki fram úr yfirlýstu verðmæti nema hann sanni að upphæðin sé hærri en raunverulegt verðmæti sendingarinnar við afhendingu.

Í 3. mgr. 22. gr. segir að vegna farangurs sem farþegar hafi í eigin umsjá takmarkist bótaábyrgð við 5.000 gullfranka. Í 4. mgr. sömu greinar er skilgreining á gullfranka, þ.e. gullfranki er sextíu og fimm og hálft milligramm gulls sem er níu hundruð þúsundustu að skírleika. Fjárhæðir þær sem greindar eru í samningnum eru endanlegar hámarksbótafjárhæðir sem hægt er að krefjast.

Í 17. gr. sáttmálans segir: „Flytjandi er ábyrgur vegna tjóns er verður við það að farþegi lætur lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni að því tilskildu að atburðurinn sem olli skaðanum, sem þannig varð, hafi gerst um borð í loftfari eða við að farið var um borð í loftfarið eða frá borði."

Hér er rétt að gera sér grein fyrir hvað átt er við með orðunum „atburðurinn sem olli skaðanum", en það er þýðing á enska orðinu accident. Í fræðiritum um Varsjársáttmálann er slys skilgreint þannig: „óvæntur og skyndilegur atburður sem var ófyrirséður".

Tímabil það er ábyrgð flytjandans nær yfir samkvæmt sáttmálanum er ekki lýst greinilega í sáttmálanum. Það er hins vegar almennt viðurkennt að ábyrgð flytjandans byrjar þegar farþeginn gefur sig í umsjá starfsmanna flytjandans og endar þegar farþeginn kemur inn í móttökusal flugstöðvar á ákvörðunarstað. Þegar um vörur er að ræða gildir 2. málsl. 18. gr. sem greinir ábyrgðartímabil flytjandans. Tímabil flutnings nær ekki yfir flutning utan flugvallarsvæðis nema flutningur þessi sé samkvæmt skilmálum flutningssamningsins vegna hleðslu, afhendingar eða umhleðslu. Tjón sem við það verður skal talið verða í loftflutningum nema annað sannist. Þegar um er að ræða flutning á vöru milli landa er ábyrgðartímabil flytjandans þann tíma sem varan er í hans umsjá hvort sem er á flugvelli eða um borð í loftfari. Verði mistök frá hendi loftflutningafyrirtækis við afhendingu vöru til viðtakanda sem valda tjóni er flytjandi ábyrgur samkvæmt sáttmálanum. Flytjandinn ber ábyrgð samkvæmt sáttmálanum þann tíma sem varan er hjá honum á flugvellinum, um borð í loftfari eða á sérhverjum stað sem varð að lenda á uns varan hefur endanlega verið afhent viðtakanda.

Samkvæmt 19. gr. er flytjandinn bótaskyldur vegna tjóns sem orsakast af töf á flutningi farþega, farangurs eða vara loftleiðis. Bótaskylda flytjanda vegna tafar er hin sama og vegna líkamstjóns og dauða farþega og vegna þess að vara týnist eða skemmist. IATA hefur sett reglur sem fjalla um tafir þar sem krafist er af flytjanda að hann leggi sig allan fram um að flutningurinn gangi snurðulaust. Ekki er tekin ábyrgð á tímasetningu í miða, tímatöflum eða annars staðar. Samkvæmt því er ekki hægt að krefjast bóta fyrir tjón er verður við að áætlaður tími raskast. Töfin þarf að vera utan sanngjarnra marka þannig að bótaskylda vakni. Töf getur átt sér margar ástæður hvað snertir farþega, t.d. bókun var ekki gerð eða bókað var tvisvar vegna sömu ferðar; frestun flugs; rangar upplýsingar gefnar um brottfarartíma; áningarstaður yfirfloginn; áætlun var breytt eða lendingarstöðum var fjölgað. Tafir vegna farangurs eða vöru geta t.d. stafað af: bókun var ekki gerð; vöntun var á rými; farangur eða vörur voru ekki settar um borð; farangur eða vörur voru settar í rangt loftfar; breytingu áætlunar; farangur eða vörur voru ekki afhlaðnar á réttum stað; nauðsynleg fylgiskjöl týnast eða misfarast.

Bótakrafa vegna tjóns verður að vera metanleg til fjár með nákvæmni og verður að vera bein afleiðing af atburðinum sem leiddi til tjónsins. Í þessu sambandi er rétt að nefna nýleg tilfelli um geislunaráhrif á farþega og áhöfn frá geislavirkum farangri, en aukning hefur orðið á þess konar flutningi. Í 17. gr. er getið um líkamsmeiðsli og heilsutjón, en ekki er getið um andlegt tjón. Bandarískir dómstólar hafa tekið tillit til andlegs tjóns í úrlausnum sínum.

Í 26. gr. segir að ef tjón verður á vöru skal tjónþoli senda kröfu innan þriggja daga frá móttöku. Ef um töf er að ræða skal krafa koma fram innan 14 daga frá því varan var tilbúin til afhendingar. Kröfur verður að gera skriflega. Kröfur á hendur flytjanda falla niður að loknum þessum tímafresti nema hann hafi haft svik í frammi. Frestir þessir voru lengdir með sáttmaálauka gerðum í Haag 1955.

Rétt er að minnast á mismun reglna um ókeypis flutning og flutning sem greitt er fyrir, en hann er sá að við ókeypis flutning er ekki um að ræða öfuga sönnunarbyrði og ekki er þörf á flutningssamningi. Flytjandi getur ekki í því tilviki nýtt sér hámark bóta sem greind eru í Varsjársáttmálanum.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á flutningi þegar eitt flugfélag tekur við af öðru, sbr. 3. málsl. 1. gr. og 30. gr. Þannig flutningur skoðast sem einn flutningur ef aðilar líta á hann sem eina aðgerð. Það getur því skipt miklu máli að vita ætlan samningsaðilanna.

Þegar um er að ræða flutning með ýmislegum farartækum skoðast sérhver flytjandi einn aðili flutningssamnings hvað hans þátt í flutningnum snertir. Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. getur farþegi eða umboðsmaður hans aðeins stefnt þeim flytjanda sem annaðist flutninginn þegar tjónið eða töfin varð, nema í þeim tilfellum þegar fyrsti flytjandi hefur fallist á bótaskyldu vegna allrar ferðarinnar. Varðandi farangur eða vöru geta farþegi eða sendandi stefnt fyrsta flytjanda og farþegi eða viðtakandi geta stefnt síðasta flytjanda og þar fyrir utan geta þeir stefnt flytjanda sem annaðist flutninginn þegar hinn bótaskyldi atburður gerðist, þ.e. eyðilegging, glötun, skemmd eða töf. Þessir flytjendur eru bótaskyldir einn fyrir alla og allir fyrir einn gagnvart farþega, sendanda eða viðtakanda.

Samkvæmt Varsjársáttmálanum verður krafa vegna tjóns að hafa komið fram innan tveggja ára frá því að loftfar kom á ákvörðunarstað eða átti að hafa komið á ákvörðunarstað. Útreikningur tímabilsins fer eftir landsrétti. Dæmi eru um að frestur þessi hafi verið lengdur í einstaka tilfellum, t.d. vegna dauða upprunalegs kröfuhafa og erfingjar hafa tekið við kröfu. Aðild að kröfu fer annars að landsrétti.

Sóknarþing eru ákveðin þannig í 28. gr. sáttmálans: Heimilisvarnarþing; atvinnuvarnarþing; varnarþing þar sem flutningssamningurinn var gerður og varnarþing á ákvörðunarstað, allt að vali sækjanda, en varnarþingið verður að vera í einhverju af aðildarríkjum sáttmálans.

Haag-sáttmálaaukinn.

Með sáttmálaaukanum undirrituðum í Haag 1955 var 16 greinum Varsjársáttmálans frá 1929 breytt, einkum með það í huga:

1. Að hækka bótahámark skv. 22. gr. sáttmálans vegna líkamstjóns úr 125.000 gullfrönkum í 250.000 gullfranka.
2. Að einfalda formskilyrði við útbúnað flutningsskjala, sbr. breytingar á 3. gr. er fjallar um farseðil, á 4. gr. er fjallar um farangursmiða og á 6. og 8. gr. er fjalla um flugfarmbréf en einkum í 8. gr. er mikil einföldun formsatriða.
3. Breytt er hugtökum um bótaábyrgð, minni áhersla er lögð á saknæmisþátt og meiri áhersla lögð á hlutlægan þátt ábyrgðar. Þess vegna eru nú færri atriði sem leysa flytjanda undan ábyrgð en áður var og sönnunarbyrðin er öfug, þ.e. að flytjandi þarf að sanna þau atriði sem leysa hann undan ábyrgð eða lækka hana.
   Sönnunarbyrðin hvílir þannig ekki á farþeganum, sendandanum eða viðtakanda heldur flytjanda fyrst og fremst.
   Ákvæði Varsjársáttmálans um að ábyrgð flytjanda félli brott ef hann gæti sannað að tjónið orsakaðist vegna vanrækslu við stjórn loftfarsins var fellt brott úr 2. mgr. 20. gr. og í stað þess var sett viðbót við 2. mgr. 23. gr., en hún fjallar um að flytjandi getur ekki gert samninga sem lækka bótahámark sáttmálans. Enn fremur segir að 1. mgr. eigi ekki við þegar um er að ræða að vörur, sem fluttar eru, hafi glatast eða orðið fyrir tjóni vegna upprunalegrar vöntunar, ástands eða galla.

Mikilvæg breyting var gerð á 25. gr. en þar segir að takmarkanir á bótaskyldu vegna flutnings á farþegum og farangri sem í 22. gr. eru taldar skuli eigi gilda ef það sannast að tjónið stafaði frá aðgerð eða aðgerðaleysi flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna hvort sem gert var af ásetningi til að valda tjóni eða af gáleysi og vitandi að tjón mundi væntanlega hljótast af, að því tilskildu að sannanlega hafi starfsmaður eða umboðsmaður verið innan verksviðs þess er hann var ráðinn til við aðgerð þessa eða aðgerðaleysi, en með því eru rýmkuð mjög skilyrði fyrir afnámi hámarksbótaskyldu.

Með nýrri 25. gr. A er staðfest í sáttmálanum að starfsmenn eða umboðsmenn flytjanda geti hagnýtt sér hámarksbótaákvæði sáttmálans í máli á hendur þeim.

4. Frestum til að bera fram kvartanir skv. 26. gr. er breytt og þeir lengdir þannig að þeir verða 14 dagar í stað 7 vegna vöru og 7 dagar í stað 3 vegna farangurs og vegna tafa 21 dagur í stað 14.

Ofangreindar breytingar hafa allar verið felldar inn í texta frumvarpsins og eru í lögum nr. 41 frá 25. maí 1949 er fjalla um Varsjársamninginn. Lagafrumvarp um breytingu á þeim lögum verður væntanlega lagt fram á Alþingi ásamt þessu frumvarpi.

Gvatemala-sáttmálaaukinn.

Sáttmálaaukinn var undirritaður 1971 og fjallar um farþega og farangur þeirra. Með Gvatemala-sáttmálaaukanum var saknæmisregla Varsjársáttmálans, sem bótaskylda flytjandans byggðist á, breytt í algera hlutlæga ábyrgð. Hámarksbætur voru hækkaðar í sömu fjárhæðir og voru síðar staðfestar í Montreal-sáttmálaauka nr. 3, sbr. hér á eftir.

Hinir fjórir Montreal-sáttmálaaukar.

Árið 1975 voru undirritaðir í Montreal fjórir sáttmálaaukar. Tveir þeirra, þ.e. nr. 1 og nr. 2, höfðu þann eina tilgang að breyta hámarksbótaákvæðum Varsjársáttmálans annars vegar úr gullfrönkum í SDR og hins vegar að breyta sömu bótafjárhæðum eins og þær voru ákvarðaðar í Varsjársáttmálanum eins og honum var breytt í Haag 1955 úr gullfrönkum í SDR.

Þriðji sáttmálaaukinn, sem undirritaður var í Montreal, breytti hámarksbótaákvæðum Varsjársáttmálans með breytingum frá Haag og breytingum frá Gvatemala 1971. Sáttmálinn eins og honum var breytt í Gvatemala hefur aðeins verið staðfestur af 11 ríkjum þegar þetta er skrifað og því ekki hlotið alþjóðlegt gildi, en til að svo megi verða þurfa 30 ríki að staðfesta hann og einnig er skilyrði að samanlagðir farþegakílómetrar fimm samningsríkja í áætlunarflugi séu jafnt og/eða meira en 40% af alþjóðlegu áætlunarflugi ICAO-ríkja (Alþjóðaflugmálastofnunin) árið 1970. Ráðstöfun þessi er beinlínis gerð til að gera að skilyrði að Bandaríki Norður-Ameríku verði að staðfesta sáttmálann. Án þeirra næst umrætt lágmark ekki.

Gvatemala-sáttmálaaukinn 1971 breytti bótaskyldu flytjanda úr saknæmisábyrgð í hlutlæga ábyrgð vegna farþega og farangurs og samkvæmt honum verða flytjendur meðal annars ábyrgir vegna flugráns eða hermdarverka. Bótaábyrgð er hækkuð í allt að 1.500.000 gullfranka vegna farþega og farangurs og getur aldrei orðið hærri. Montrealsáttmálaaukinn nr. 3 breytir 22. gr. Varsjársáttmálans eins og henni var breytt í Haag og Gvatemala þannig að bótafjárhæðir eru tilgreindar í SDR. Vegna þess að samhengi breytinganna er flókið er rétt að leggja áherslu á að hámarksbótafjárhæðir og fyrri hluti 22. gr. sáttmálans fara eftir Montreal nr. 3 í frumvarpi þessu.

Montreal-sáttmálaauki nr. 4 breytir bótaákvæðum vegna vöru jafnframt því sem upphæðum er breytt í SDR, en hann er sjálfstæður á sinn hátt, þ.e. hann breytir Varsjársáttmálanum eins og honum var breytt í Haag 1955 í fjölmörgum greinum, en hinir 3 sáttmálaaukarnir undirritaðir í Montreal breyttu aðeins 22. gr. sáttmálans. Ábyrgð flytjanda vegna vöru er felld að sömu meginlínum og ábyrgð vegna farþega og farangurs samkvæmt Gvatemala-sáttmálaaukanum og bótaábyrgðin breytist í hlutlæga ábyrgð. Undanþágur frá ábyrgðinni hafa verið tilgreindar framar í greinargerð þessari. Ábyrgðarmörk voru ákveðin í SDR og verða óbreytanleg. Kröfur um skjalagerð voru einfaldaðar.

Um 84. gr.

Greinin fjallar um gildissvið kaflans og skilgreinir jafnframt að ekki skiptir máli hvort flutningur er ókeypis ef hann er framkvæmdur af loftflutningafyrirtæki. Greinin samsvarar 97. gr. núgildandi laga og hefur meginefni hennar ekki verið breytt. Greinin samsvarar einnig 1. gr. Varsjársáttmálans, henni var breytt í Haag 1955 en hefur ekki verið breytt síðar.

Um 85. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð opinberra aðila við loftflutninga. Í greininni er tilgreind takmörkun á ábyrgð við flutning á pósti. Greinin samsvarar 98. gr. núgildandi laga og er ekki breytt að meginefni til. Greinin samsvarar einnig 2. gr. Varsjársáttmálans og var breytt í Haag og síðar með Montreal-sáttmálaauka nr. 4.

Um 86. gr.

Greinin samsvarar 99. gr. núgildandi laga og fjallar um útgáfu farseðils til farþega og hvaða formskilyrðum þeir skuli hlíta. Miklar breytingar hafa orðið á greininni og er það í samræmi við rétt annarra ríkja á Norðurlöndum. Ekki þarf lengur að gefa út farseðil á sama hátt og áður heldur er heimilt að nota annað form. Samkvæmt 120 gr. frumvarpsins er ekki lengur skylda að gefa út farseðil og gilda þó ákvæði kafla þessa. Greinin samsvarar 3. gr. Varsjársáttmálans sem var breytt með Haag-sáttmálaaukanum og enn fremur með Gvatemala-sáttmálaaukanum, en hann einfaldaði mjög formskilyrði við útgáfu farseðla og lagði aukna ábyrgð á flytjanda. Sú breyting er einnig gerð hér, enda tillaga um að Ísland undirriti sáttmálann svo sem aðrar Norðurlandaþjóðir, en staðfesti ekki að sinni frekar en þær.

Um 87. gr.

Grein þessi samsvarar 100. gr. núgildandi laga og hefur verið mikið breytt í samræmi við rétt annarra ríkja á Norðurlöndum. Hún fjallar um farangursmiða til farþega og hvaða formskilyrðum þeir megi hlíta. Greininni var breytt með Haag-sáttmálaaukanum og með Gvatemala-sáttmálaukanum sem einfaldaði mjög formskilyrði við útgáfu farangursmiða og lagði aukna ábyrgð á flytjanda. Sú breyting er gerð hér, enda gerð tillaga um að Ísland undirriti Gvatemala-sáttmálaaukann, en staðfesti ekki að sinni svo sem aðrar Norðurlandaþjóðir.

Um 88. gr.

Greinar 88 til 99 fjalla um flugfarmbréf og eru mikið breyttar frá núgildandi lögum með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og eru breytingarnar í lagafrumvarpi þessu. Í greininni er fjallað um útgáfu flugfarmbréfs. Formskilyrði eru einfölduð og tekin upp ákvæði um móttökukvittun vöru er jafngildi flugfarmbréfi. Réttur flytjanda til að hafna flutningi er þrengdur. Greinin samsvarar 5. gr. Varsjársáttmálans og næstu 10 greinar samsvara 101.–112. gr. núgildandi laga.

Um 89. gr.

Greinin fjallar um hvernig útbúa skal flugfarmbréf. Nægilegt er að undirritun flytjanda og sendanda sé prentuð eða stimpluð. Flugfarmbréf útgefið af flytjanda hefur löglíkur fyrir flutningssamningi. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4. og samsvarar 6. gr. Varsjársáttmálans.

Um 90. gr.

Greinin fjallar um að flytjandi getur krafið sendanda um flutningsskjöl fyrir hvern pakka ef um marga er að ræða. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 7. gr. Varsjársáttmálans.

Um 91. gr.

Greinin fjallar um innihald flugfarmbréfs og/eða kvittun fyrir móttöku. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 8. gr. Varsjársáttmálans.

Um 92. gr.

Greinin fjallar um að þó ekki sé gætt formskilyrða sem getið er um í 88.–91. gr. þá gilda sáttmálaákvæðin. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 9. gr. Varsjársáttmálans.

Um 93. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð sendanda á því að upplýsingar um vöruna sem greindar eru í flutningsskjölum séu réttar og enn fremur um ábyrgð flytjanda á því að upplýsingar frá honum komnar séu réttar. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 10. gr. Varsjársáttmálans.

Um 94. gr.

Greinin fjallar um að flugframbréf eða kvittun fyrir móttöku vörunnar geymi löglíkur á að flutningssamningur sé kominn á og að upplýsingar í þeim um þyngd, stærð, umbúðir og stykkjatölu skulu taldar réttar nema annað sannist. Upplýsingar um magn, rúmtak eða ástand gilda hins vegar ekki nema flytjandi hafa sérstaklega skoðað og skriflega staðfest niðurstöðu sína eða framangreint hefur verið augljóst. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 11. gr. Varsjársáttmálans.

Um 95. gr.

Greinin fjallar um ráðstöfunarrétt sendanda yfir vörunni hvar sem er á ferð hennar til ákvörðunarstaðar og enn fremur um að flutningsskjölin séu framseljanleg. Þá fjallar greinin um mörk á ráðstöfunarrétti sendanda og viðtakanda og ábyrgð flytjanda ef varan er afhent röngum aðila. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 12. gr. Varsjársáttmálans.

Um 96. gr.

Greinin fjallar um rétt viðtakanda og skyldu flytjanda til að tilkynna strax um komu vörunnar. Þá er ákvæði um tafir eða glötun sendingarinnar og ákveðinn frestur allt að sjö dögum til kvartana, eftir það getur viðtakandi beitt ákvæðum flutningssamnings. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 13. gr. Varsjársáttmálans.

Um 97. gr.

Greinin fjallar um rétt sendanda og flytjanda til að hagnýta sér réttindi skv. 12. og 13. gr. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 14. gr. Varsjársáttmálans.

Um 98. gr.

Greinin fjallar um skyldu sendanda til að leggja nauðsynleg gögn með sendingu vöru svo hana megi afgreiða til innflutnings á ákvörðunarstað. Kveðið er á um að sendandi þurfi ekki að kanna upplýsingarnar og beri því ekki ábyrgð á þeim. Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og samsvarar 16. gr. Varsjársáttmálans.

Um 99. gr.

Greinin er ein hin mikilvægasta í sáttmálanum og fjallar um ábyrgð flytjanda á dauða eða líkamsmeiðslum eða heilsutjóni sem farþegi verður fyrir meðan hann er í umsjón flytjandans. Greininni var mikið breytt með Gvatemala-sáttmálaaukanum 1971, m.a. er undanþegið tjón er rekja má til heilsu farþegans. Greinin samsvarar 113. gr. núgildandi laga og 17. gr. Varsjársáttmálans og er í samræmi við rétt annarra ríkja á Norðurlöndum.

Um 100. gr.

Greininni er breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og eru breytingarnar felldar inn í frumvarp þetta. Greinin fjallar um ábyrgð flytjanda vegna tjóns er verður við að einhver skráður farangur eyðileggst, týnist eða skemmist. Í greininni er gerð grein fyrir atriðum sem undanþiggja flytjanda ábyrgð og skilgreint er það tímabil sem vara er í ábyrgð flytjanda. Greinin samsvarar 114. gr. núgildandi laga og 18. gr. Varsjársáttmálans.

Um 101. gr.

Greinin samsvarar 114. gr. núgildandi laga og fjallar um ábyrgð flytjanda vegna tjóns er verður á vöru við flutning og er mikið breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4. Greinin samsvarar 18. gr. Varsjársáttmálans.

Um 102. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð flytjanda vegna tjóns er verður við að töf verður vegna flutnings. Í greininni er gerð grein fyrir atriðum sem undanþiggja flytjanda ábyrgð. Greinin samsvarar 115. og 116. gr. núgildandi laga, 10.–20. gr. norsku loftferðalaganna, 20. gr. sænsku loftferðalaganna og 19. gr. Varsjársáttmálans.

Rétt er að geta hér atriða sem varða neitun flytjanda á flutningi, yfirbókun og þegar farþega er neitað um aðgengi að landi.

Samkvæmt 33. gr. Varsjársáttmálans getur flytjandi neitað um flutning án þess að tilgreina ástæðu. Ef um er að ræða eina flytjandann gilda án vafa aðrar reglur að landsrétti en þær eru þó óskráðar. Hér er átt við ef flutningsaðili nýtur einkaleyfis eða ígildis þess þá er hann skyldur til að annast flutning ef flutningurinn uppfyllir allar tilskildar reglur.

Með reglugerð ráðs Evrópusambandsins frá 4. febrúar 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi, staðfestar með auglýsingu um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála nr. 567 frá 31. desember 1993 voru settar reglur um bætur sem flytjandinn skal greiða ef um yfirbókun er að ræða. Þær bætur eru utan bóta sem gæti þurft að greiða vegna tafa. Umræddar bætur eru 150 ECU fyrir flug 3.500 km eða skemmra og 300 ECU fyrir flug sem er lengra. Þessar upphæðir eru helmingaðar ef farþeganum er boðið að ferðast á annan hátt ef töf verður ekki meiri en tvær stundir þannig eða fjórar stundir ef fjarlægð er meiri en 3.500 km.

Vaxandi vandamál í nútímaflugi er að stjórnvöld neita farþega um aðgengi að landi, t.d. þegar um er að ræða aðila sem óskar eftir „pólitísku hæli“ eða aðra sem ekki hafa skilríki til að ákvarða þjóðerni sitt. Í þessum tilfellum hefur verulegur kostnaður iðulega fallið á viðkomandi flugfélag.

Um 103. gr.

Greininni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og eru breytingarnar felldar inn í frumvarp þetta. Greinin fjallar um ábyrgð tjónþola ef flytjandi sannar að hann hafi átt þátt í að orsaka tjónið að hluta eða öllu og má þá lækka bótaskyldu flytjanda eða fella alveg niður. Greinin samsvarar 116. og 117. gr. núgildandi laga og er nokkuð breytt. Hún samsvarar einnig 10.–21. gr. norsku loftferðalaganna, 21. gr. sænsku loftferðalaganna og 20. gr. Varsjársáttmálans.

Um 104. gr.

Greinin fjallar um hámark bótaábyrgðar flytjanda. Á þessari grein hafa verið gerðar breytingar með Haag-sáttmálaaukanum 1955; með Gvatemala-sáttmálaaukanum 1971 og með Montreal-sáttmálaaukum 1 til 4. Í frumvarpi þessu eru breytingarnar felldar inn í meginmál kaflans. Greinin eins og hún er í frumvarpi þessu er í samræmi við rétt annarra ríkja á Norðurlöndum. Breytingar á gildandi hámarksbótafjárhæðum í íslenskum rétti verða þannig:

A. Hámarksbætur vegna dauða eða heilsutjóns hvers farþega fara ekki fram úr 100.000 SDR eða um 10.000.000 kr. Hámarksbæturnar eru um 1.660.000 kr. í millilandaflugi og aðeins 83.950 kr. í innanlandsflugi samkvæmt núgildandi lögum, sbr. töflu í greinargerð um IX. kafla loftflutninga.

B. Hámarksbætur vegna tafa við flutning á fólki takmarkast við 4.150 SDR eða um 415.000 kr. fyrir hvern farþega. Hámark er ekkert í núgildandi lögum.
C. Hámarksbætur vegna eyðileggingar, taps, skemmda eða tafa á farangri takmarkast við 1.000 SDR eða 100.000 kr. fyrir hvern farþega. Hámarksbætur eru 1.700 kr. á kg í millilandaflugi og 85 kr. á kg í innanlandsflugi samkvæmt núgildandi lögum.
D. Hámarksbætur vegna vöru takmarkast við 17 SDR á kg eða um 1.700 kr. og eru óbreyttar frá núgildandi lögum.

Bætur eru samkvæmt frumvarpi þessu ákvarðaðar með sérstökum dráttarréttindum og er það í samræmi við sáttmálaauka 1 til 4 undirrituðum í Montreal. Hámarksbótamörk eru endanleg og verða ekki hækkuð. Öllum er þó heimilt að tryggja sig frekar hjá tryggingarfélögum. Greinin samsvarar 118. gr. núgildandi laga og er gjörbreytt. Jafnframt samsvarar hún 22. gr. Varsjársáttmálans.

Um 105. gr.

Greinin fjallar um að flytjandi getur ekki gert samninga sem leysa hann undan ábyrgð samkvæmt sáttmála þessum eða lækkað bótahámarkið. Í 2. málsl. eru tilgreindar undanþágur frá þessu. Greinin samsvarar 119. gr. núgildandi laga og 23. gr. Varsjársáttmálans en henni var breytt með Haag-sáttmálaaukanum og er hún að meginefni til óbreytt frá gildandi lögum.

Um 106. gr.

Greinin samsvarar 24. gr. Varsjársáttmálans en hún er ekki í núgildandi lögum. Samsvarandi texti greinarinnar er í löggjöf annarra ríkja á Norðurlöndum.

Um 107. gr.

Greinin fjallar um að ákvæði 104. gr. um að hámarksbætur gilda ekki ef það sannast að tjónið stafaði frá aðgerð eða aðgerðaleysi flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna. Greinin samsvarar 120. og 121. gr. núgildandi laga og 25. og 25. gr. A Varsjársáttmálans. Henni var breytt með Montreal-sáttmálaauka nr. 4 og er efnið með breytingum fellt inn í frumvarp þetta.

Um 108. gr.

Greinin fjallar um fresti til að bera fram kvörtun vegna tjóns eða tafa vegna farangurs eða vöru. Ef frestur rennur út fellur bótaréttur niður nema um svik hafi verið að ræða af hálfu flytjanda. Greininni var breytt með Haag-sáttmálaaukanum og er í núgildandi lögum. Hún samsvarar 122. og 123. gr. núgildandi laga og 26. gr. Varsjársáttmálans.

Um 109. gr.

Greinin fjallar um varnarþing vegna málssóknar vegna efnis kafla þessa og samsvarar 124. gr. núgildandi laga og 28. gr. Varsjársáttmálans.

Um 110. gr.

Greinin fjallar um niðurfellingu málshöfðunarréttar sem er tvö ár. Framlenging þessa frests á sér fordæmi, t.d. í því tilfelli að tjónþoli hefur látist og erfingjar hans tekið við málarekstri. Greininni hefur ekki verið breytt og er hún í núgildandi lögum og samsvarar 125. gr. Enn fremur samsvarar hún 29. gr. Varsjársáttmálans.

Um 111. gr.

Greinin fjallar um rétt tjónþola þegar um er að ræða flutning þegar margir flytjendur eru. Greinin er óbreytt og er í gildandi lögum og samsvarar 126. gr. núgildandi laga og 30. gr. Varsjársáttmálans.

Flutningur sem framkvæmdur er af öðrum en þeim er undirritað hefur flutningssamning.

Guadalajara-sáttmálinn.

Þegar Varsjársáttmálinn var gerður 1929 var leiguflug nærri óþekkt. Skilgreining á hugtakinu flytjandi er ekki í sáttmálanum vegna þess að loftferðir voru þá mjög ung grein og menn vildu ekki hafa áhrif á þróun réttarins með því.

Eftir seinni heimsstyrjöldina fjölgaði mjög gerð leigusamninga um flugvélar með áhöfn (blautleiga). Við það skapaðist þörf fyrir nýjar reglur, ekki reglur sem breyttu Varsjársáttmálanum heldur til fyllingar honum. Til að mæta þessari þörf var Guadalajara-sáttmálinn gerður1961. Sáttmálann hafa öll ríki á Norðurlöndum nema Ísland staðfest og fellt inn í löggjöf sína.

Guadalajara-sáttmálinn skilgreinir ábyrgð flytjandans sem undirritar flutningssamninginn og flytjandans sem raunverulega annast flutninginn að hluta eða öllu leyti. Guadalajara-sáttmálinn geymir enga skilgreiningu á hugtakinu „flytjandi" frekar en Varsjársáttmálinn. En í 1. gr. sáttmálans segir: „Samningsflytjandi er aðili sem gerir samning við farþega eða sendanda eða þeirra umboðsmann um flutning er lýtur ákvæðum Varsjársáttmálans." Í grein 1 (c) segir: „Raunverulegur flytjandi er aðili, annar en samningsflytjandi sem í umboði hans framkvæmir flutninginn að hluta eða öllu leyti, en er ekki flytjandi í röð flutningsaðila í skilningi Varsjársáttmálans". Samkvæmt sáttmálanum er ábyrgð flytjanda sem raunverulega annast flutninginn minni en samningsflytjandans því hans ábyrgð getur aldrei orðið meiri en hámarksábyrgð Varsjársáttmálans. Í 4. gr. í sáttmálanum segir að samanlagðar bætur frá raunverulegum flytjanda og samningsflytjanda geti aldrei farið fram úr greindu hámarki. Einnig að báða flytjendur megi sækja í sama máli.

Um 112. gr.

Ákvæðið er nýlunda, sbr. inngang kaflans, og skýrir sig að mestu sjálft.

Um 113. gr.

Ákvæðið er nýlunda, sbr. inngang kaflans, en skýrir sig að mestu sjálft.

Um 114. gr.

Ákvæðið er nýlunda, sbr. inngang kaflans, en skýrir sig að mestu leyti sjálft.

Um 115. gr.

Ákvæðið er nýlunda, sbr. inngang kaflans, en skýrir sig að mestu sjálft.

Um 116. gr.

Ákvæðið er nýlunda, sbr. inngang kaflans, en skýrir sig að mestu sjálft.

Um 117. gr.

Ákvæðið er nýlunda, sbr. inngang kaflans, en skýrir sig að mestu sjálft.

Um 118. gr.

Greinin fjallar um flutning með ýmislegum farartækjum og hefur ekki verið breytt efnislega. Greinin er í gildandi lögum og samsvarar 127. gr. núgildandi laga og 31. gr. Varsjársáttmálans.

Um 119. gr.

Greinin fjallar um ógildi samninga sem gerðir eru áður en tjón verður og miðar að því að ganga framhjá reglum sáttmála þessa. Greinin er óbreytt að meginefni til nema hvað vísað er einnig í Guadalajara-sáttmálann, sbr. leigu á loftförum með áhöfn. Hún er í gildandi lögum og samsvarar 128. gr. og 32. gr. Varsjársáttmálans.

Um 120. gr.

Greinin samsvarar 130. gr. núgildandi loftferðalaga en hefur verið breytt þannig að flytjanda er það í sjálfsvald sett hvort hann gefur út farseðla, farangursmiða eða farmbréf í innanlandsflugi, en hann þarf að gera það í flugi milli landa. Ákvæði um bótaskyldu halda sér að því tilskildu að loftferðafyrirtæki annist flutninginn. Sambærilegt ákvæði er í loftferðalögum annarra ríkja á Norðurlöndum og samhljóða ákvæði er í sænsku lögunum.

Um 121. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjallar um áskilnað sem ýmis aðildarríki sáttmálans hafa gert um að ákvæði hans gildi ekki um flutning fólks, vöru eða farangurs með hernaðarloftförum þeirra sáttmálaríkja og er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 122. gr.

Í þessari grein er lýst við hvaða sáttmála er átt þegar fjallað er um Varsjársáttmálann og Guadalajara-sáttmálann í lögum þessum með þeim breytingum sem á þeim hafa orðið til þessa dags og vísast um það efni til inngangsgreinargerðar þessa kafla.

Um X. kafla.

Um skaðabætur vegna flutnings á farþegum, farangri og vörum í lofti hefur verið fjallað í IX. kafla hér á undan. Í eftirfarandi kafla er m.a. fjallað um skaðabætur vegna tjóns er verður á mönnum eða hlutum sem eru utan loftfars en tjónið hlýst vegna notkunar loftfarsins, þ.e. þegar loftfarið er á flugi.

Fyrst var fjallað á alþjóðavettvangi um tjón á þriðja aðila á jörðu niðri af völdum loftfara árið 1927. Eftir mikla umfjöllun var gerður sáttmáli í Róm 29. maí 1933 sem fylgt var eftir með sáttmálaauka er fjallaði um tryggingar og gerður var í Brussel 29. september 1938. Hvorugur þessara gerninga hlaut alþjóðaviðurkenningu og haldið var áfram lögfræðilegu starfi á alþjóðavettvangi með alþjóðlegan sáttmála að markmiði. Meginviðfangsefnin voru ábyrgð, tryggingar, árekstur í lofti og alþjóðleg takmörkun á ábyrgð flugrekandans. Nýr sáttmáli var gerður í Róm 7. október 1952. Ekki náðist mikill árangur því aðeins hafa 38 þjóðir af 182 aðildarþjóðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar staðfest sátt-

málann. Noregur, Danmörk og Svíþjóð hafa undirritað Rómarsáttmálann frá 1952, en ekki staðfest. Norðurlandaþjóðirnar hafa ekki átt aðild að Montreal-sáttmálaaukanum 1978.

Ástæður áhugaleysis aðildarþjóðanna hafa verið taldar stafa af því að ábyrgðarmörk voru of lág, landsréttur nær yfir tjón er þriðji aðili verður fyrir á jörðu niðri, sáttmálinn fjallaði ekki um vandamál eins og hávaða, hljóðbylgjudrunu eða tjón vegna kjarnorku og að ekki var eining um alþjóðlegan úrskurðaraðila. Þann 23. september 1978 var gerður sáttmálaauki í Montreal. Sáttmálaaukinn leiddi ekki til frekari staðfestingar Rómarsáttmálans. Til frekari skýringar á eftirfarandi ákvæðum og hugsuninni er að baki þeim liggur verður samt sem áður fjallað um grundvallaratriði Rómarsáttmálans eins og hann er nú með breytingum.

Sáttmálinn nær til tjóns er þriðji maður verður fyrir á jörðu niðri vegna loftfars sem skráð er í öðru sáttmálaríki, en ef tjónið verður í skráningarríki loftfars gildir landsréttur. Enn fremur gildir sáttmálinn gagnvart tjóni af fyrrgreindum toga hvar sem loftfarið hefur verið skráð ef notandi þess hefur skrifstofu eða aðsetur í sáttmálaríki. Loftfar á ferð yfir úthafinu skal talið hluti af yfirráðasvæði skráningarríkis síns.

Sáttmálinn nær ekki til tjóns er verður ef samningur vegna þess er í gildi milli tjónþola og notanda loftfars eða tjón hefur orðið á starfsmönnum notanda loftfarsins. Hann á heldur ekki við um ríkis- eða herloftför nema þau séu notuð í kaupsýsluskyni. Árekstur í lofti fellur ekki undir sáttmálann nema hvað varðar tjón á jörðu niðri vegna hans.

Hin almenna regla skaðabótaréttarins er saknæmisreglan og er hún þess efnis að sá maður sem bakað hefur öðrum manni tjón með saknæmri og ólögmætri athöfn sinni eða athafnaleysi skuli bæta hinum það tjón sem telja má sennilega afleiðingu af þessari athöfn hans eða athafnaleysi. Hin meginreglan, sem ekki er eins algeng, er regla um hlutlæga bótaábyrgð en skilyrði hennar er m.a. að tjón hafi orðið og það stafi frá hinni bótaskyldu starfsemi. Ekki er þörf á að sanna ásetning eða gáleysi og fellur ábyrgð án tillits til hegðunar þess sem starfrækir loftfarið. Þessi ábyrgðarregla gildir í sáttmálanum. Enn fremur er alger ábyrgð lögð á þann sem notar loftfarið (á ensku: the operator) en notandinn er talinn sá sem er skráður eigandi/umráðandi í þjóðernisskrá viðkomandi ríkis og er ekki um að ræða skiptingu ábyrgðar á þriðja aðila nema tjónþoli eigi sök á tjóninu þá koma til aðrar reglur sem nefndar verða hér á eftir.

Fyrsta skilyrði þess að tjónið sé bótaskylt samkvæmt sáttmálanum er að loftfarið hafi verið á flugi og gildir þá skilgreining á loftfari sem áður hefur verið kynnt í þessari greinargerð, þ.e. sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar. Flugið er talið hefjast frá byrjun flugtaksbruns og enda við lok lendingarbruns. Ef um loftbelg er að ræða telst flugið frá því jarðfestar eru leystar til að þær eru bundnar aftur.

Annað skilyrði þess að tjónið sé bótaskylt samkvæmt sáttmálanum er að það sé orsakasamband milli tjónsins og atburðarins sem olli skaðanum eða tjóninu. Orsakasambandið verða dómstólar að skýra. Þá er tjón ekki aðeins bótaskylt vegna skaða er loftfarið sjálft veldur heldur og einnig vegna hluta eða manna er frá því falla.

Undanþegið bótaskyldu samkvæmt sáttmálanum er tjón er verður við að loftfar fer um loftrými en fylgir gildandi loftferðareglum. Dæmi um það er að hús hrynur vegna hljóðbylgjudrunu eða loðdýr drepa unga sína.

Samkvæmt sáttmálanum getur notandi loftfars orðið undanþeginn bótaskyldu, að hluta eða öllu leyti, ef hann sannar að tjónið stafaði eingöngu frá ásetningi, vanrækslu og aðgerðar eða aðgerðaleysis tjónþola. Einnig ef tjónið er bein afleiðing vopnaviðskipta eða uppreisnar eða ef notandi loftfarsins hefur verið sviptur notum af loftfari með opinberum aðgerðum. Ef sprengju hefur verið komið fyrir í loftfarinu af þriðja aðila og tjón hlýst af er notandi ábyrgur samkvæmt sáttmálanum þó hann eða hans starfsmenn hefðu ekki getað hindrað sprenginguna.

Samkvæmt sáttmálanum eru hámarksbótafjárhæðir í fjórum flokkum, þ.e.:

a. Loftför 2.000 kg eða léttari, hámarksbótafjárhæð 300.000 SDR.
b. Loftför 2.000–6.000 kg, hámarksbótafjárhæð 1.000.000 SDR., en DHC 6 Twin Otter vegur 6.000 kg.
c. Loftför 6.000–30.000 kg, hámarksbótafjárhæð 2.500.000 SDR., en Fokker F-28 vegur 28.000 kg.
d. Loftför yfir 30.000 kg, hámarksbótafjárhæð 23.400.000 SDR., en Boeing 747 vegur um 352 tonn.

Hámarksbótafjárhæð vegna dauða eða líkamstjóns er samkvæmt sáttmálanum 125.000 SDR fyrir hvern einstakling.

Verði árekstur í lofti milli loftfara er ekki að finna úrlausn á því álitaefni í alþjóðlegum rétti nema í 7. gr. sáttmálans sem segir: Þegar tvö eða fleiri loftför í flugi hafa lent í árekstri eða snert hvort annað og af því leiðir bótaskylt tjón skv. 1. gr. eða þegar tvö eða fleiri loftför hafa í sameiningu valdið slíku tjóni skal hvort loftfar um sig teljast hafa valdið tjóninu og notandi hvors loftfars um sig vera ábyrgur samkvæmt reglum um hámarksbætur samkvæmt sáttmálanum.

Í alþjóðlegum flugrétti er ekki að finna beinlínis skyldu um tryggingar vegna loftferða eða flugs en þó má finna óbein tilmæli í 9. gr. sáttmálans um alþjóðaflugmál. Í greininni segir að banna megi eða takmaka flug erlendra ríkja „vegna almenns öryggis“ og vegna „öryggis almennings“. Fræðimenn hafa sumir viljað túlka þetta svo að það ætti við flugrekendur sem ekki hefðu nægilegar tryggingar til að mæta tjónareglum, m.a. Rómarsáttmálans.

Fjöldi landa hefur gert fullnægjandi tryggingar að skilyrði fyrir rekstri loftfars eða loftflutningafyrirtækja. Tryggingarnar skulu verja ábyrgð flytjandans gagnvart innlendum bótakröfum og bótakröfum samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum, samningum og viðaukum. Sem dæmi um það má nefna Norðurlönd, Austurríki, Þýskaland, Ítalíu, Spán og Sviss.

Tryggingunum má skipta í þrjá aðalþætti:

Tryggingu tækja, þ.e. loftfarsins, sem má skipta í tryggingu vegna flugáhættu, áhættu við akstur á flugvelli og áhættu vegna tjóns á jörðu niðri.

Tryggingu flytjandans sem nær ekki aðeins yfir ábyrgð flytjandans á farþegum, farangri og vörum heldur einnig yfir ábyrgð gagnvart þriðja manni.

Tryggingu áhafnar sem nær yfir flugverja um borð í loftfari.

Í frumvarpi þessu er fylgt meginreglum fyrrgreinds sáttmála, löggjöf Norðurlanda og nálægra ríkja, jafnframt því sem höfð er hliðsjón af gildandi lögum. Rétt er að taka fram að bætur sem dæmdar kunna að verða í samræmi við þennan kafla frumvarpsins yrðu einnig ákvarðaðar með hliðsjón af skaðabótalögum, nr. 50 frá 19. maí 1993. Frekari skýringar eru við einstakar lagagreinar hér á eftir.

Um 123. gr.

Greinin samsvarar 133. gr. núgildandi laga og er mjög breytt. Fyrsta málsgrein, sem fjallar um hlutlæga skaðabótaábyrgð af notkun hættulegra hluta, hefur verið umorðuð og bótaábyrgðin lögð á skráðan umráðanda loftfars í þjóðernisskrá og vísast þar til þess sem sagt er í greinargerðinni hvað varðar þjóðernisskrá og lofthæfi og að eitt er eign en annað umráð og að oft getur verið erfitt að greina milli notanda, umráðanda, eiganda, flugstjóra, leigjanda eða ábyrgðaraðila. Lögð er áhersla á að bótaábyrgðin verður aðeins vegna flugs loftfars og að sá sem fyrir tjóninu verður hafi sjálfur eða eignir hans verið á jörðu niðri. Vísað er til inngangsgreinargerðar kafla þessa hvað varðar skilgreiningu á því hvenær flug hefst og hvenær því lýkur. Enn fremur ef fylgt er flugreglum er líklegt að bótaskylda falli niður. Önnur málsgrein er umorðuð en efnislega óbreytt. Þriðja og fjórða málsgrein hafa verið felldar niður með skaðabótalögum, nr. 50/1993.

Um 124. gr.

Greinin samsvarar 134. gr. núgildandi laga og er óbreytt að meginefni til en frekar er greint hvað viðurkenndur flugvöllur er skv. 1. mgr. og lögð er áhersla á að tjón, sem verður innan marka viðurkennds flugvallar, lýtur almennum reglum skaðabótaréttarins. Í 2. gr. er kveðið á um að tjón er verður vegna áreksturs loftfara á flugi skuli fara eftir siglingalögum um tjón af árekstri, sbr. siglingalög, nr. 34 frá 19. júní 1985, VII. kafli, 158.–162. gr. Í 3. mgr. er ábyrgð af tjóni við árekstur tveggja eða fleiri loftfara lagður á skráðan umráðanda loftfars í þjóðernisskrá, sbr. það sem áður segir um skilgreiningu á ábyrgðaraðila loftfars.

Um 125. gr.

Greinin samsvarar 135. gr. núgildandi laga og er óbreytt. 136. gr. núgildandi loftferðalaga var felld niður með skaðabótalögum, nr. 50/1993.

Um 126. gr.

Greinin samsvarar 137. gr. núgildandi laga en er allmikið breytt. Í 1. gr. er skylda lögð á skráðan umráðanda í þjóðernisskrá að loftfari, að taka og viðhalda tryggingu svo fullnægjandi sé og er þar vísað til þess er áður segir um ábyrgðaraðila að loftfari en í núgildandi lögum er kveðið á um að eigandi skuli bera þessa skyldu. Vegna þess hve erfitt er í nútímaviðskiptaumhverfi að átta sig á því hver hinn raunverulegi eigandi er þá er sérstaklega greindur aðilinn sem ber ábyrgðina, sbr. 13. gr. frumvarps þessa, þ.e. skráður umráðandi í þjóðernisskrá.

Í frumvarpi þessu er gert að skyldu að vátryggingar skuli vera fullnægjandi til tryggingar hugsanlegum skaðabótum og er lofthæfi loftfarsins háð því, sbr. 5. tölul. 19. gr. frumvarps þessa. Hinir þrír aðalflokkar tryggginganna eru tilgreindir í 1. mgr. Greint er nákvæmar en í núgildandi lögum hvað skal tryggja. Í samræmi við 123. gr. skal tryggja gagnvart tjóni er verða kann á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess, þ.e. flugi loftfarsins. Í samræmi við IX. kafla laganna skal tryggja fyrir tjóni er verður í loftflutningum á farþegum, farangri og vöru og einnig samkvæmt Varsjársáttmálanum eins og hann hefur verið fullgiltur af Íslandi. Athygli er vakin á að þetta ákvæði nær einnig til áhafnar loftfarsins. Þá er kveðið á um að tryggingu skuli taka gagnvart hugsanlegu tjóni á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar. Annarri og þriðju málsgrein hefur ekki verið efnislega breytt frá núgildandi lögum.

Um XI. kafla.

Aðstoð og björgun.

Fyrsta tilraun til alþjóðlegs samkomulags um aðstoð og björgun var gerð í Brussel 29. september 1938 með því að nokkur ríki undirrituðu sáttmála um samræmingu reglna um aðstoð og björgun sem loftför verða aðnjótandi eða inna af hendi á sjó. Danmörk ein Norðurlanda undirritaði. Aðeins Mexíko hefur fullgilt sáttmálann og hefur hann ekki öðlast alþjóðlegt gildi. Með sáttmálanum voru þrátt fyrir það eftirfarandi grundvallaratriði varðandi aðstoð og björgun fest í sessi. Grundvallarregla sáttmálans er skylda, bæði flugstjóra og skipstjóra, til að aðstoða menn sem eru í lífshættu á sjó. Í því tilliti þarf að hafa í huga að miklum erfiðleikum getur verið bundið fyrir flugstjóra að koma til aðstoðar í neyð á sjó, en aðstæður skipstjórans eru augljóslega aðrar.

Meginregla sáttmálans gilti hins vegar ekki í eftirfarandi tilvikum:

a. þegar loftfar eða skip er á ferð eða tilbúið til brottfarar,
b. þegar ekkert vit er í að reyna að aðstoða,
c. þegar stjórnandinn veit að aðstoð er veitt af öðrum á betri máta en hann gæti sjálfur,
d. ef tilraun til aðstoðar mundi stofna loftfari, áhöfn, farþegum eða öðru fólki í alvarlega hættu.

Refsingar voru ekki lagðar við aðgerðaleysi stjórnenda samkvæmt sáttmálanum og var gert ráð fyrir að ákvæði þess eðlis væru í landsrétti.

Skylda flugrekstraraðila til að greiða þeim er aðstoðar, þannig að hann yrði skaðlaus, er önnur aðalregla sáttmálans. Greint er á milli skylduaðstoðar og annarrar aðstoðar. Þegar um aðra aðstoð er að ræða gildir reglan: „engin björgun, engin borgun".

Þá er sú meginregla í sáttmálanum að loftfar eða skip, sem aðstoðað hefur, á rétt á björgunarlaunum og eru þau grundvölluð á nokkrum þáttum svo sem: árangri aðstoðarinnar, framlagi þeirra er að aðstoðinni stóðu, yfirvofandi hættu fyrir loftfar, skip, fólk og varning og verðmæti hins bjargaða.

Eftir seinni heimsstyrjöldina var gerður nýr lagalegur grunnur með 25. gr. sáttmála um alþjóðaflugmál frá 1944 jafnframt því að nákvæmar tæknireglur voru fram settar í viðbæti 12 við sáttmálann og kallast hann „Leit og björgun". En í 25. gr. sáttmálans segir:

Hvert samningsríki heitir því að gera þær aðstoðarráðstafanir til handa nauðstöddum flugförum innan yfirráðasvæðis síns sem framkvæmanlegar eru og leyfa undir eftirliti yfirvalda landsins eigendum eða yfirvöldum þess ríkis sem flugfar er skrásett í að gera þær ráðstafanir til hjálpar sem nauðsynlegar kunna að þykja eftir atvikum. Þegar leit er hafin að týndu flugfari skulu öll samningsríkin vinna saman og gera þær ráðstafanir sameiginlega sem líklegar kunna að þykja og í samræmi við þessa samþykkt.

Tuttugusta og fimmta grein sáttmálans nær aðeins yfir yfirráðasvæði sáttmálaríkis, en viðbætir 12 við alþjóðaflugmálasáttmálann nær til jarðarinnar allrar. Í 3. kafla viðbætisins eru settir fram staðlar og tilmæli vegna samvinnu ríkja. Þar er skyldan til að aðstoða ekki aðeins lögð á íbúa landsins, heldur einnig á nærliggjandi lönd. Ekki eru þó sett fram landfræðileg mörk um það hvar þessi skylda endar. Sá vandi hefur verið leystur með svæðisbundnum flugleiðsögusamningum á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Regional Air Navigation Agreements). Ábyrgð á leit og björgun er birt í riti ICAO „Skipulag svæðisbundinnar flugleiðsögu" (Regional Air Navigation Plans). Björgunarmiðstöðvar hafa verið settar á stofn á hverju svæði, m.a. er ein í Reykjavík fyrir stóran

hluta Norður-Atlantshafsins, en þær samræma björgunaraðgerðir á sínu svæði. Útbúnaður björgunarstöðvanna er að vali viðkomandi ríkisstjórna.

Í 2., 3., 4. og 5. kafla viðbætisins eru settar fram nákvæmar reglur um skipulagsmál, undirbúningsaðferðir og aðferðir sem fylgja skal við raunverulega leit og björgun. Starfsemi björgunarmiðstöðva hefur verið lýst í þremur neyðarstigum sem eru:

1. óvissa þegar beðið er frétta af loftfari,
2. viðbúnaður þegar björgunaraðilar eru settir í viðbúnaðarstöðu og
3. hætta þegar kerfi björgunaraðgerða er gert virkt.

Nákvæmar reglur sem flugstjóranum ber að fylgja eru settar fram í viðbætinum. Hann skal hafa í sjónmáli loftfar eða bát á yfirborðinu sem í hættu er. Hann skal gefa viðkomandi björgunarmiðstöð ítarlega skýrslu um ástandið og á grundvelli hennar verður ákvarðað hvort aðstoð verður veitt. Hann skal hlíta fyrirmælum frá björgunarmiðstöðinni. Samkvæmt viðbætinum á þetta hins vegar aðeins við þegar flugstjórinn sér sjálfur loftfar í neyð. Ákvæði viðbætisins gilda því aðeins að þjóðarrétti að þau hafi verið lögleidd í viðkomandi sáttmálalandi.

Í viðbæti 11, er fjallar um flugumferðarstjórn, eru enn fremur fyrirmæli til flugumferðarstjórnar um samvinnu við björgunarmiðstöðvar. Sáttmáli frá 1. nóvember 1974 um verndun mannslífa á sjó geymir ákvæði um skyldu skipstjóra að fara til hjálpar nauðstöddum mönnum á sjó er skipi eða loftfari hefur hlekkst á, sbr. lög nr. 56 frá 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

Samkvæmt IV. gr. sáttmála frá 19. júní 1948 um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum njóta bjarglaun forréttar fyrir öðrum réttindum í loftförum, sbr. lög nr. 21 frá 16. apríl 1966, um skrásetningu réttinda í loftförum.

Um 127. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 25. gr. sáttmálans um alþjóðaflugmál frá 1944 og viðbæti 12 við sáttmálann. Skylda samkvæmt greininni er ríkari en skv. 221. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19. frá 12. febrúar 1940, en hún fjallar um skyldu manna til að koma mönnum sem staddir eru í lífsháska til hjálpar og refsingu ef frá henni er brugðið.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir hjálparstarfsemi ef hennar er krafist af skráðum umráðanda loftfars í þjóðernisskrá. Greinin er miðuð við að einkaaðilar eigi ekki lögkröfur til fulls endurgjalds fyrir kostnað sinn og fyrirhöfn en 128. gr. fjallar um það er fjárverðmætum er bjargað. Ef einkaaðilar framkvæmdu hjálparstarfsemi samkvæmt beinni skipan yfirvalda kæmi til mála að ríkið greiddi þá þóknun sem ráðherra ákveður en framkrefði síðan umráðanda. Greinin samsvarar 138. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt nema hvað varðar skráðan umráðanda í þjóðernisskrá, sbr. það sem að framan segir um það hugtak.

Um 128. gr.

Ákvæði þetta er sniðið eftir ákvæðum siglingalaga um björgun, en gildir bæði á láði og legi. Ákvæði 2. mgr. tekur til loftfars sem hlekkst hefur á. Það veitir þeim sem varðveitir það og afstýrir frekari spjöllum á því, t.d. með flutningi á því, húsaskjóli eða gæslu, rétt á endurgjaldi. Greinin samsvarar 139. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 129. gr.

Rétt er að benda á að eigandi bjargaðs varnings ábyrgist eigi einungis með því sem bjargað var, heldur einnig með verðmæti þess. Glötun bjargaðs varnings, sem bjargandi á eigi sök á, sviptir bjarganda eigi kröfu sinni. Greinin samsvarar 140. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Rannsókn á flugslysum.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála frá 1. júlí 1992, nr. 19/1991, IX. kafla, 66. gr., skal lögregla fara með rannsókn „svo sem tíðkast hefur út af mannslátum, mannshvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Einnig skulu haldast sérreglur annarra laga um opinbera rannsókn." Þrátt fyrir það er ákvæði í gildandi lögum um rannsókn flugslysa og í 26. gr. sáttmálans um alþjóðaflugmál frá 1944 segir: „Nú verður flugfar samningsríkis fyrir slysi í landi annars samningsríkis, og leiðir af því dauða eða alvarleg meiðsli, eða í ljós koma alvarlegir tæknigallar á flugfarinu eða tækjum til að auðvelda loftsiglingar, og skal þá fyrir atbeina þess ríkis, þar sem slysið varð, hafin rannsókn á atvikum þess, og að svo miklu leyti, sem lög leyfa, skal henni hagað í samræmi við þá málsmeðferð, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir með. Heimaríki flugfars skal gefið tækifæri til að kjósa skoðunarmenn til að vera viðstaddir rannsóknina, enda skal ríki það, er fyrir rannsókn gengst, láta heimaríkinu í té skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar." Greinin tekur aðeins til slysa er verða á loftfari eins sáttmálaríkis í öðru sáttmálaríki. Vegna 26. gr. sáttmálans hafa Norðurlandaþjóðir og aðrar nágrannaþjóðir okkar kosið að setja sambærileg ákvæði um flugslysarannsóknir og eru í eftirfarandi kafla frumvarpsins.

Með auglýsingu nr. 567 þann 31. desember 1993 gerðist Ísland aðili að tilskipun Evrópuráðsins frá 16. desember 1980 um framtíðarsamvinnu og gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna við rannsóknir flugslysa. Hún fjallar um að þar sem slys verður „skal aðildarríki að því marki sem unnt er, að beiðni ríkisins sem stjórnar rannsókninni, bjóða fram viðeigandi aðstoð hverju sinni, svo sem að veita afnot af starfsstöðvum, aðstöðu, búnaði og tækjum sem yfirvöld hafa yfir að ráða . . . og útvega sérfræðinga sem geta tekið að sér sérstök verkefni í rannsóknum af þessu tagi, en þó aðeins ef um rannsókn á stórslysi er að ræða . . . "

Viðbætir 13 við sáttmálann um alþjóðaflugmál fjallar um rannsókn flugslysa (Aircraft Accident Investigation). Hann geymir ýmsar reglur um rannsókn flugslysa, tryggingu sönnunar, gæslu og meðferð loftfars eftir slys og tilkynningu til skrásetningarríkis. Sáttmálaríki, þar sem slys verður, ber ábyrgð á rannsókn en er þó rétt að veita skrásetningarríkinu færi á að framkvæma rannsóknina. Það ríki sem rannsóknina hefur á hendi skal afla þeirrar vitneskju sem unnt er og skrásetja öll atriði sem máli skipta. Slysstað skal kanna gaumgæfilega, skoða og rannsaka flak og afla vitnisburðar. Skrásetningarríki skal ætíð vera heimilt og unnt að skipa fulltrúa sinn til þátttöku í rannsókninni. Senda skal rækilega greinargerð um rannsóknina til skrásetningarríkis.

Um 130. gr.

Greinin samsvarar 141. gr. núgildandi laga en er breytt að því leyti að ekki er ætlast til að flugmálastjórnin annist rannsóknir á flugslysum eða þegar legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna. Er sá háttur í samræmi við rannsóknaraðferðir nágrannalanda okkar og stafar af því að oft á tíðum þarf að rannsaka þátt flugmálastjórnarinnar í framangreindum tilfellum. Til að alls hlutleysis sé gætt hefur rannsóknarþátturinn verið gerður algerlega sjálfstæður og verkefni flugmálastjórnarinnar greind í rekstur, þjónustu og eftirlit vegna flugs. Samkvæmt þessari grein frumvarpsins mun flugmálastjórnin því ekki annast rannsóknir af fyrrgreindu tagi.

Um 131. gr.

Greinin samsvarar 142. gr. núgildandi laga og er í megniatriðum óbreytt nema lögreglu eða flugmálastjórninni er nú gert skylt að tilkynna flugslysanefndinni um flugslys svo hún geti strax hafist handa um rannsókn slyssins. Þá hefur setningin „enda sé honum eigi rétt að ætla, að yfirvöld viti þegar um slysið“ verið felld niður.

Um 132. gr.

Ákvæði greinarinnar miðar að því að girða fyrir að sönnunargögnum sé spillt svo sem skylt er samkvæmt viðbæti 13 við sáttmálann um alþjóðaflug frá 1944. Þó er heimilt að fórna sönnunargögnum að því leyti sem nauðsynlegt er til að bjarga mannslífum eða varðveita enn stærri hagsmuni eða verðmæti en þau sem fórnað er svo sem fyrir er lagt í viðbæti 13. Greinin samsvarar 143. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 133. gr.

Greinin samsvarar 144. gr. núgildandi laga og er að meginefni til óbreytt utan þess að í stað flugmálastjórnarinnar er það flugslysanefnd er annast rannsókn flugslyss, sbr. 130.–133. gr. frumvarpsins. Þá er ákveðið afdráttarlaust að skráðum umráðanda loftfars í þjóðernisskrá og öðrum sem í hlut eiga er heimilt að fylgjast með rannsókninni og hafa aðgang að öllum rannsóknargögnum. Þá er starfsmönnum flugmálastjórnarinnar gert skylt að aðstoða flugslysanefnd í hvívetna.

Um 134. gr.

Felld niður skylda til að senda niðurstöðu rannsóknar til saksóknara og dómsmálaráðherra. Ákvæði 134. gr. frumvarpsins, sbr. 145. gr. núgildandi laga, hafa hér verið færð til samræmis við tillögur flugráðs samþykktar á 1222. fundi ráðsins, en ráðið féllst á tillögur starfshóps er fjallaði um refsiaðgerðir vegna flugliða. Starfshópurinn hafði eflingu flugöryggis að markmiði fremur en sakfellingu flugliða sem starfa samkvæmt réttindum er skírteini flugmálastjórnarinnar veita. Í starfshópnum voru fulltrúar Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Þáverandi flugmálastjóri veitti hópnum forstöðu.

Í greininni er lögð áhersla á að skýrslur flugslysanefndar eru ætlaðar til að stuðla að auknu flugöryggi en ekki til notkunar í refsimáli, enda fer rannsókn nefndarinnar ekki fram samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Ef flugslysanefnd kemst að þeirri niðurstöðu að lög hafi verið brotin og ástæða sé til að svipta menn skírteini er henni gert skylt að gera samgönguráðherra aðvart um það. Samgönguráðherra skal senda þær upplýsingar til saksóknara sem hefst handa í samræmi við lög um meðferð opinberra mála og framkvæmir eigin rannsókn, sbr. það sem áður segir um hlutverk lögreglu við rannsókn á slysum.

Um 135. gr.

Greinin samsvarar 146. gr. núverandi laga og er lagatilvitnun leiðrétt til samræmis við breytingar.

Um 136. gr.

Greinin samsvarar 147. gr. núgildandi laga og er í meginatriðum óbreytt.

Um XII. kafla.

Um 137. gr.

Samgönguráðherra eða fulltrúum hans er heimilt með aðstoð lögreglu að banna brottflug loftfars af flugvelli ef ætla má að það sé eigi lofthæft, tilhlýðilega áhöfn skipað eða það muni verða notað andstætt ákvæðum loftferðalaga eða reglum settum samkvæmt þeim.

Ákvæðinu má beita gegn erlendum loftförum en samkvæmt viðbæti nr. 8 um lofthæfi við sáttmála um alþjóðaflugmál heyrir það undir yfirvöld í skrásetningarlandinu að kveða á um hvort loftfar, sem bilað hefur, sé orðið lofthæft, en öðru sáttmálaríki er þó heimilt, ef loftfarið er á yfirráðasvæði þess, að banna því flug enda sé yfirvöldum í skrásetingarríkinu strax tilkynnt þetta.

Ákvæði greinarinnar veita ekki heimild til að banna loftfari brottflug vegna brota á öðrum lögum en loftferðalögum, t.d. tollalögum, refsilögum o.s.frv. Um það koma til greina almenn ákvæði réttarfarslaga.

Sáttmáli um samræmingu reglna um kyrrsetningu á loftförum til tryggingar kröfum var undirritaður í Róm 29. maí 1933. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa fullgilt sáttmála þennan en hvorki Ísland né Finnland. Alls eiga um 30 ríki aðild að samningnum og hefur hann því gildi milli þeirra. Vegna þess þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir meginefni hans.

Sáttmálinn miðar að því að afstýra því að kyrrsetning loftfara trufli um of loftferðir. Hann undanþiggur því kyrrsetningu:

1. ríkisloftför sem eru í ríkisnotkun,
2. loftför í almennu áætlunarflugi,
3. öll önnur loftför sem skrásett eru í sáttmálaríki sem ætluð eru og notuð til flutnings á fólki og vöru í fjáraflaskyni enda séu þau búin til flugs og eigi sé um að ræða skuld vegna ferðarinnar eða kröfu er hafi orðið til í ferðinni.

Loftfar er ekki undanþegið haldi eða aðför samkvæmt:

1. aðfararhæfum dómi,
2. gjaldþrotalögum, tolla-, refsi- og lögreglulögum,
3. haldsrétti þegar kröfuhafi hefur vörslur samkvæmt landslögum.

Hvers konar kyrrsetningu má afstýra með nægilegri tryggingu er ákveða skal með skjótri dómsúrlausn. Ákvæði 27. gr. alþjóðasáttmálans um flug frá 1944 undanþiggur loftfar kyrrsetningu vegna einkaleyfiskröfu.

Greinin samsvarar 148. gr. núgildandi laga og er að meginefni til óbreytt nema orðið „rétt" verður „heimilt". Í stað „flugmálastjórnar" er „samgönguráðherra" enda þykir réttara að ráðuneyti ráðherrans staðfesti aðgerð af þessu tagi.

Um 138. gr.

Greinin samsvarar 149. gr. núgildandi laga og er að meginefni til óbreytt nema orðin „er rétt" verða „er heimilt" og þarfnast ekki skýringa.

Um 139. gr.

Greinin samsvarar 150. gr. núgildandi laga og er að meginefni til óbreytt nema orðið „rétt" verður „heimilt" og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 140. gr.

Ákvæði 21. gr. sáttmálans um alþjóðaflugmál frá 1944 hljóðar þannig: „Hvert samningsríki um sig skuldbindur sig til að láta öllum öðrum samningsríkjum eða Alþjóðaflugmálastofnuninni í té upplýsingar um skrásetningu, eigendur og önnur atriði viðvíkjandi flugförum sem skrásett eru innan ríkisins ef óskað er. Auk þess skal hvert samningsríki láta Alþjóðaflugmálastofnuninni í té skýrslur samkvæmt þeim reglum sem hún kann að setja um þau meginatriði sem fáanleg eru og varða eignarheimild og yfirráð flugfara sem skrásett eru í ríkinu og venjulega hafa á hendi millilandaflugferðir. Upplýsingar þær sem Alþjóðaflugmálastofnunin öðlast á þennan hátt skulu veittar öðrum samningsríkjum, ef þau óska þess." Í 67. gr. segir enn fremur: „Öll samningsríki skuldbinda sig samkvæmt þeim fyrirmælum er þau setja til að láta milliríkjaflugfélög sín senda ráðinu ferðaskýrslur, kostnaðarskýrslur og fjárhagsyfirlit, þar sem meðal annars séu sýndar allar tekjur og uppruni þeirra."

Ákvæði 140. gr. veita lagaheimild fyrir öflun fyrrgreindra upplýsinga og er ætlast til að upplýsingar til ráðsins fari um hendur flugmálastjórnarinnar.

Ákvæði 140. gr. eru ekki takmörkuð við fyrrgreindar milliríkjaskuldbindingar. Flugmálastjórnina skiptir miklu að hún geti fylgst með allri flugstarfsemi í landinu og tilætlun ákvæðisins er að veita henni tæki til að rækja þá skyldu sína. Flugmálastjórnin getur þannig beðið um þær upplýsingar sem hún telur sig þurfa og á kröfu á að fá þær.

Greinin samsvarar 151. gr. núgildandi laga og er óbreytt að meginefni til. Þó er lögð áhersla á að sá sem telur sig hafa rétt á því að upplýsingar frá honum séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál, enda séu þær viðskiptalegs eðlis, getur gefið fyrirmæli þar um og skal því fylgt. Verði ágreiningur sker samgönguráðherra úr. Enn fremur verður orðið „loftferðavirkis" „loftferðamannvirkis" og orðið „rétt" verður „heimilt".

Um 141. gr.

Greinin samsvarar 152. gr. núgildandi laga og er óbreytt að meginefni til utan orðið „rétt" verður „heimilt". Frekari skýringa er ekki þörf.

Um 142. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Samkvæmt viðbæti 17. kafla, 3.1., við alþjóðaflugmálasáttmálann frá 1944, sem fjallar um flugvernd (Security), skal sérhvert sáttmálaríki semja flugverndaráætlun fyrir sitt landsvæði. Flugverndaráætlunin skal hafa að markmiði að tryggja öryggi, reglu og afköst alþjóðaflugs með því að skipuleggja varnir gegn ólögmætum aðgerðum gegn flugi með reglugerðum, starfsreglum og leiðbeiningum.

Til að svo megi verða skal hvert sáttmálaríki hafa aðila innan síns ríkis sem er ábyrgur fyrir þróun, setningu og viðhaldi flugverndaráætlunar fyrir landið. Í fyrrgreindum viðbæti og tilvísuðum kafla eru ítarlegri reglur um framkvæmdina.

Þessi mál hafa verið í ólestri hérlendis og þarfnast úrbóta. Talið hefur verið að lagastoð vantaði svo hefjast mætti handa um framkvæmd þessara alþjóðlegu skyldna Íslands. Með lögfestingu þessa ákvæðis er vandinn væntanlega leystur.

Um XIII. kafla.

Í núverandi loftferðalögum er alllangur kafli sem fjallar um refsiákvæði og er hann orðrétt saminn eftir þágildandi norskum loftferðalögum. Greinarnar eru 31 talsins, að ótöldum ákvæðum vegna áfengis- eða vímuefna eða sviptingu skírteinis, sbr. 33., 36. og 72. gr. í frumvarpi þessu. Núgildandi loftferðalög hafa verið í gildi í rétt 30 ár, eða frá 21. maí 1964. Á þeim tíma hefur ekki fallið hæstaréttardómur sem byggst hefur á refsiákvæðum loftferðalaga. Þeir dómar sem fallið hafa voru grundaðir á almennum ákvæðum loftferðalaganna og refsiákvæðum almennra hegningarlaga. Almenn hegningarlög hafa að geyma ákvæði sem beinlínis snerta brot gegn loftferðum í eftirtöldum greinum:

Nr. 4; en hún fjallar um hvar refsa skuli eftir íslenskum hegningarlögum.

Nr. 6; en hún fjallar m.a. um lögfestingu á Montreal-samningnum, sbr. hér á eftir, og Evrópusamnings frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum.

Nr. 82; en hún fjallar um fyrningarfrest vegna refsiverðs verknaðar framins um borð í íslensku loftfari.

Nr. 120; en hún fjallar m.a. um það að maður veiti vísvitandi rangar upplýsingar sem fallnar eru til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna, um atriði sem varða loftferðaöryggi eða öryggi í flughöfn.

Nr. 141; en hún fjallar um opinberan starfsmann sem sekur gerist um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi.

Nr. 165; en hún fjallar um m.a. um efni Tókíó-, Haag- og Montreal-samninganna, sbr. hér á eftir.

Nr. 168; en hún fjallar um ef maður raskar öryggi, m.a. loftfara.

Nr. 169; en hún fjallar um ef maður lætur hjá líða að gera það sem í hans valdi stendur til að vara við eða afstýra m.a. umferðarslysum.

Nr. 221; en hún fjallar um að maður láti farast fyrir að koma manni til hjálpar sem staddur er í lífsháska, m.a. þeim sem lent hafa í skipreika eða öðrum svipuðum óförum.

Nr. 257; en hún fjallar m.a. um eignaspjöll á loftfari.

Nr. 259; en hún fjallar um hvern sem notar heimildarlaust m.a. flugfar.

Fyrrgreind ákvæði, auk annarra almennra ákvæða hegningarlaganna, virðast vera tæmandi hvað varðar brot á loftferðalögum.

Til frekari glöggvunar verður gerð grein fyrir þremur nýlegum refsidómum frá Hæstarétti, vegna brota á loftferðalögum.

Dómur 523/1993.

Ákært var eftir 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og krafist sviptingar réttar til starfa í loftfari samkvæmt 184. gr. loftferðalaga, nr. 34/1964. Í dómi er vísað í 1. og 2. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga. Enn fremur er vísað til setningar flugreglna með auglýsingu nr. 55/1992, sbr. 1. mgr. 163. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964. Efni var að flugmaður lenti utan flugbrautar á Ólafsfirði í slæmu skyggni og dimmu.

Dómur 885/1990.

Ákært var eftir 2. mgr., sbr. 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Efni var að flugumferðarstjórar þóttu ekki hafa sýnt nægilega árvekni í störfum sínum svo þeim yfirsást árekstrarhætta milli flugvéla.

Dómur 1313/1990.

Ákært var eftir 2. mgr., sbr. 1. mgr. 168. gr. og 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Efni var að flugstjóri á flugvél með 145 manns innan borðs þótti eigi hafa sýnt nægjanlega aðgæslu við brottflug frá Keflavík svo litlu munaði að flugvélin rækist á aðra flugvél sem var með 258 manns innan borðs.

Þá hafa, t.d. Finnar, valið þann kost að hafa refsiákvæði mjög fá í gildandi loftferðalögum sínum.

Frá gildistöku núgildandi loftferðalaga hefur Ísland gerst aðili að þremur alþjóðlegum samningum um brot gegn loftferðum og loftflutningum, en þeir eru:

a. Tókíósamningurinn, gerður 14. september 1963 og fjallar um lögbrot og aðra verknaði í loftförum. Hann tók gildi á Íslandi 14. júní 1970.
b. Haag-samningurinn, gerður 16. desember 1970 og fjallar um aðgerðir til að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara. Hann tók gildi á Íslandi 30. júlí 1973.
c. Montreal-samningurinn, gerður 23. september 1971 og fjallar um hvernig má koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Hann tók gildi á Íslandi 30. júlí 1973.

Þegar ofangreint er haft í huga og einnig sú gagnrýni sem komið hefur fram á hin flóknu refsiákvæði núgildandi loftferðalaga þykir rétt að gera í frumvarpi þessu ráð fyrir að almenna refsiákvæðið sé aðeins eitt en almenn hegningarlög verði hin virka refsiheimild eins og verið hefur í reynd. Sérrefsiákvæði, t.d. vegna notkunar vímuefna, eru látin halda sér.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir fyrrgreindum alþjóðasamningum.

Vegna þess hve loftferðir og flugréttur eru alþjóðleg í eðli sínu er nauðsynlegt að ákveða hvaða ríki hefur lögsögu þegar framið er afbrot um borð í loftfari. Allt frá 1902 hefur það vandamál valdið lögfræðilegum heilabrotum. Lögsaga ríkis yfir landsvæði sínu er að mestu óumdeild og voru kenningar um það settar fram í Parísarsáttmálanum 1919 og síðar í Chicago-sáttmálanum 1944.

Greina má vandann í tvo þætti, annars vegar þegar ríki ætlar að beita refsiviðurlögum sínum um afbrot drýgt um borð í loftfari sem skrásett er í öðru ríki og hins vegar þegar afbrot er framið yfir landsvæði eða sjó sem ekki lýtur yfirráðum neins ríkis og jafnvel þegar ekki er hægt að ákvarða með neinni vissu hvar brotið átti sér stað.

Fimm aðskildar kenningar hafa verið algengastar:

1. Kenningin um yfirráðasvæði. Lög landsins, sem ræður loftrými því sem afbrotið var framið í, ráða.
2. Kenningin um þjóðerni. Lög skráningarríkis ræður refsingu við afbroti í loftfari.
3. Kenningin um þjóðerni og yfirráðasvæði. Þannig að þjóðerninskenningin gildir nema ef afbrotið sem framið var ógnaði öryggi eða reglu lands þess er yfirflogið var þá gildi kenningin um yfirráðasvæði.
4. Kenningin um að lög brottfararstaðar ráði.
5. Kenningin um að lög lendingarstaðar ráði.

Tókíósamningurinn.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsins gildir hann um:

a. brot á refsilögum,
b. verknaði hvort sem þeir eru refsiverðir eða ekki sem stofna eða geta stofnað í hættu öryggi loftfarsins eða manna eða eigna í því eða stofna í hættu góðri hegðun og reglu um borð.

Í 4. mgr. 1. gr. er undanþága vegna loftfara sem notuð eru í þjónustu hers, tollyfirvalda eða lögreglu. Sýnilegt er af textanum að hér er átt við notkun, en ekki eignarhald eða skráningu loftfars.

Lýsa má meginatriðum Tókíósamningsins þannig:

a. Að ákvarða hvaða refsilöggjöf skal eiga við þegar brot hefur verið framið um borð í loftfari í loftrými sem ekki lýtur yfirráðum neins ríkis, svo sem úthafinu eða þegar ekki er hægt að ákveða með nákvæmni hvar brotið hefur verið framið.
b. Að skilgreina réttindi og skyldur flugstjórans þegar brot eru framin um borð í loftfari sem ógna öryggi þess.
c. Að skilgreina réttindi og skyldur yfirvalda á lendingarstað loftfars sem brot samkvæmt b-lið hefur verið framið í.

Orðalag 3. gr. samningsins, þ.e. „samningur þessi kemur ekki í veg fyrir refsilögsögu, sem framkvæmd er samkvæmt landslögum“, leiðir af sér að meginregla samningsins um að „. . . ríki það sem loftfar er skrásett í hefur lögsögu varðandi brot og verknaði sem framin eru um borð . . . “ verður að víkja ef tiltekið samningsríki hyggst nýta sér heimild sína. Þetta er enn frekar staðfest í 4. gr. en þar segir: „Samningsríki sem ekki er skrásetningarríki má ekki trufla för loftfars í flugi í því skyni að beita refsilögsögu sinni vegna brots sem framið er um borð, nema í eftirtöldum tilvikum:

a. þegar brotið hefur afleiðingar á landsvæði þess ríkis,
b. þegar brotið hefur verið framið af eða gegn þegn þess ríkis eða manni með fasta búsetu í því ríki,
c. þegar brotið beinist gegn öryggi þess ríkis,
d. þegar um er að ræða brot á reglum eða ákvæðum varðandi flugið eða stjórn loftfars sem í gildi eru í því ríki,
e. þegar framkvæmd lögsögu er nauðsynleg til að tryggja framkvæmd skuldbindingar þess ríkis samkvæmt alþjóðasamningi.“

Loks má nefna 2. gr. en þar segir: „Ekkert ákvæði samnings þessa, að undanskildum ákvæðum 4. gr., og þegar öryggi loftfars eða einstaklings eða eigur um borð gera slíkt nauðsynlegt, skal skýrt þannig að það heimili eða geri nauðsynlegar ráðstafanir vegna brota á refsilögum sem eru stjórnmálalegs eðlis, eða eiga rót sína að rekja til kynþáttalegs eða trúarlegs misréttis.“ Ákvæði af þessu tagi eru ekki í Haag- eða Montreal-samningnum.

Skilgreining á því hvenær loftfarið er á flugi er í 3. mgr. 1. gr.: „. . . að loftfar sé á flugi frá því að orku er beitt til fugtaks og þar til lendingu er lokið“. Valdsvið flugstjórans samkvæmt samningnum lýtur ekki sömu skilgreiningu. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. nær það frá „. . . að búið er að loka öllum ytri dyrum þess þegar farþegar eru komnir um borð og þangað til einhverjar slíkar dyr eru opnaðar til affermingar . . . “ Loftfar sem ekið er um flugvöll í flugtaksstöðu lýtur þannig landsrétti flugvallarins, en að jöfnu lögum skráningarríkis eftir að flugtak hefst.

Í 3. kafla Tókíósamningsins 5.–11. gr. er fjallað um vald flugstjórans. Þar segir í 2. mgr. 6. gr.: „Rétt er flugstjóra að fyrirskipa eða heimila aðstoð annarra flugverja og að óska eftir eða heimila, en ekki fyrirskipa, aðstoð farþega til að setja í gæslu hvern þann sem honum er heimilt. Sérhver flugverji eða farþegi getur einnig gert sanngjarnar varúðarráðstafanir án slíkrar heimildar, þegar hann hefur rökstudda ástæðu til að ætla að slík ráðstöfun sé nauðsynleg, þegar í stað, til að vernda öryggi loftfarsins eða manna og eigna þar.“ Ráðstafanir þessar má flugstjórinn auðvitað ekki gera án raka og skynsemi. Því ríður á að hann beiti rökréttri dómgreind þegar hann ákvarðar hvað „ógnun við öryggi loftfarsins“ er. Í 10. gr. segir: „Að því er varðar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt samningi þessum skulu hvorki flugstjóri, annar flugverji, farþegi, eigandi eða umráðamaður né aðili, sem flogið var fyrir, taldir ábyrgir í nokkrum réttarhöldum vegna meðferðar, sem sá maður hefur orðið fyrir, er ráðstöfunum var beitt gegn.“

Haag-samningurinn.

Hann fjallar um ólöglega töku loftfara og hverning koma megi í veg fyrir hana. Ólögleg taka loftfara (flugrán) eru ákaflega erfið viðfangs, einkum vegna þess hve viðkvæm loftför eru fyrir allri truflun. Hætta sem verður til við refsiverðan verknað af þessu tagi er geysileg og ófyrirsjáanleg. Alþjóðasamband flugmanna (IFALPA) hefur gert grein fyrir henni þannig:

a. átök milli áhafnar og flugræningja geta leitt af sér stjórnlaust loftfar,
b. alger eyðilegging getur orðið ef notuð eru skotvopn í flugstjórnarklefa,
c. árekstur getur orðið ef ekki er fylgt flugreglum,
d. eldsneyti getur þrotið og
e. áhöfnin getur verið ókunnug fyrirhuguðum lendingarstað og aðflugsreglum hans.

Í Haag-samningnum eru eftirfarandi grundvallarþættir:

1. aðgerðin verður að hafa verið ólögleg,
2. valdbeiting eða hótun um hana verður að hafa átt sér stað og
3. aðgerðin verður að hafa verið fólgin í ólöglegri töku loftfars eða hótun um það.

Samningurinn gildir jafnt í flugi milli landa sem og innanlandsflugi. Hann gildir eingöngu um brot framin um borð í loftfari. Gildistími hans er meðan loftfarið er á flugi og skilgreinist þannig: „. . . hvenær sem er eftir að búið er að loka öllum ytri dyrum þess, eftir að farþegar eru komnir um borð og þangað til einhverjar slíkar dyr eru opnaðar, til að farþegar geti gengið frá borði“, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 4. gr. er lögsaga samkvæmt samningnum hjá eftirfarandi samningsríki:
1. skrásetningarríki ef brotið hefur verið framið um borð í loftfari skráðu í því ríki,
2. ríki því sem lent er í þegar hinn grunaði er enn um borð,
3. ríki þar sem leigjandi loftfars á þurrleigu hefur aðalskrifstofu eða á heimili og
4. ríki sem handtekur hinn grunaða ef það framselur hann ekki til ríkja skv. 1.–3. lið.

Montreal-samningurinn.

Hann fjallar um ráð til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Tókíó- og Haag-samningurinn fjalla um brot um borð í loftfari á flugi. Montreal-samningurinn fjallar hins vegar um aðgerðir áður en flug hefst.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsins gerist aðili sekur um afbrot ef hann á ólögmætan hátt og af ásetningi:
a. beitir ofbeldi gegn einstaklingi í loftfari í flugi en aðgerðin er til þess fallin að stofna öryggi loftfarsins í hættu,
b. eyðileggur loftfar í rekstri eða veldur á því skemmdum þannig að það er óhæft til flugs eða ætla má líklegt að öryggi þess í flugi sé stofnað í hættu,
c. kemur fyrir eða stuðlar að því að komið sé fyrir, á einhvern hátt, í loftfari í flugi útbúnaði eða efni sem ætla má til þess fallið að eyðileggja eða valda skemmdum á loftfari á slíkan hátt að það reynist óhæft til flugs eða valda á því skemmdum sem líklegt er að stofnað gætu öryggi þess í flugi í hættu,
d. eyðileggur eða veldur skemmdum á flugstjórnartækjum eða veldur truflun á starfsemi þeirra ef ætla má slíka aðgerð til þess fallna að stofna öryggi loftfars í flugi í hættu,
e. veitir upplýsingar sem hann veit að eru rangar og stofnar þar með öryggi loftfars í flugi í hættu.

Tilraun og hlutdeild eru einnig refsiverð. Rétt er að geta þess að sprengjuhótanir sem aðeins valda töfum, en engum skemmdum, falla ekki undir fyrrgreint ákvæði.

Samkvæmt 5. gr. skal sérhvert samningsríki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að ná lögsögu yfir afbrotunum í eftirfarandi tilvikum:
a. þegar afbrot er framið á landsvæði þess ríkis,
b. þegar afbrot er framið gegn loftfari eða í loftfari sem skrásett er í viðkomandi ríki,
c. þegar loftfarið sem afbrotið er framið í lendir á landsvæði þess ríkis með meintan brotamann um borð,
d. þegar afbrotið er framið gegn loftfari eða í loftfari sem án áhafnar er leigt leigutaka, enda hafi hann aðalaðsetur fyrir atvinnustarfsemi sína í því ríki eða hafi búsetu þar.

Um 143. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa umfram það sem kemur fram í inngangi.

Um 144. gr.

Greinin samsvarar 188. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 145. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

CONTRACTING PARTIES TO THE WARSAW CONVENTION (1929) AND TO THE HAGUE PROTOCOL (1955)[1]

State	Warsaw Convention			The Hague Protocol		
	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force
Afghanistan		20.2.69	21.5.69		20.2.69	21.5.69
Algeria		2.6.64	31.8.64		2.6.64	31.8.64
Argentina		21.3.52	19.6.52		12.6.69	10.9.69
Australia[2]	12.10.29	1.8.35	30.10.35	12.7.56	23.6.59	1.8.63
Austria	12.10.29	28.9.61	27.12.61		26.3.71	24.6.71
Bahamas[3]		15.5.75	10.7.73		15.5.75	10.7.73
Bangladesh[4]		1.3.79	26.3.71		1.3.79	26.3.71
Barbados[5]		8.1.70	30.11.66			
Belgium	12.10.29	13.7.36	11.10.36	28.9.55	16.6.64	14.9.64
Benin[6]		9.1.62	1.8.60		9.1.62	1.8.63
Botswana[7]		21.3.77	30.9.66			
Brazil	12.10.29	2.5.31	13.2.33	28.9.55	16.6.64	14.9.64
Brunei Darussalam[8]		28.2.84	28.2.84			
Bulgaria		25.6.49	23.9.49		14.12.63	13.3.64
Burkina Faso		9.12.61	9.3.62			
Byelorussian Soviet Socialist Rep.		26.9.59	25.12.59	9.4.60	17.1.61	1.8.63
Cambodia (Democratic Kampuchea)						
Cameroon		21.8.61	1.1.60		21.8.61	1.8.63
Canada		10.6.47 R	8.9.47	16.8.56	08.4.64	17.7.64
Chile		2.3.79 R	31.5.79		2.3.79	31.5.79
China		20.7.58	18.10.58		20.8.75	18.11.75
Colombia		15.8.66	13.11.66		15.8.66	13.11.66
Congo		5.1.62 R	15.8.60		5.1.62	1.8.63
Costa Rica		10.5.84	8.8.84		10.5.84	8.8.84
Côte d'Ivorie		7.2.62	7.8.60		7.2.62	1.8.63
Cuba		21.7.64 R	19.10.64		30.8.65	28.11.65
Cyprus		23.4.63	16.8.60		23.7.70	21.10.70
Czechoslovakia	12.10.29	17.11.34	15.2.35	28.9.55	23.11.57	1.8.63
Denmark	12.10.29	3.7.37	1.10.37	16.3.57	3.5.63	1.8.63
Dominicau Republic		25.2.72	25.2.72		25.2.72	25.2.72
Ecuador		1.12.69	1.3.70		1.12.69	1.3.70
Egypt		6.9.55	5.12.55	28.9.55	26.4.56	1.8.63
El Salvador				28.9.55	17.9.56	1.8.63
Equadorial Guinea		20.12.88	19.3.89			
Ethiopia		14.8.50 R	12.11.50			
Fiji		15.3.72	10.10.70		15.3.72	10.10.70
Finland		3.7.37	1.10.37		25.5.77	23.8.77
France	12.10.29	15.11.32	13.2.33	28.9.55	19.5.59	1.8.63
Gabon		15.2.69	16.5.69		15.2.69	16.5.69
Gambia						

State	Warsaw Convention			The Hague Protocol		
	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force
Germany	12.10.29	30.9.33	29.12.33	28.9.55	23.6.65	21.9.65
Ghana						
Greece	12.10.29	11.1.38	11.4.38	28.9.55	23.6.65	21.9.65
Grenada					15.8.85	13.11.85
Guatemala					28.7.71	26.10.71
Guinea		11.9.61	10.12.61		9.10.90	7.1.91
Guyana						
Hungary		29.5.36	27.8.36	28.9.55	4.10.57	1.8.63
Iceland		21.8.48.	19.11.48	3.5.63	3.5.63	1.8.63
India		29.1.70	15.8.47		14.2.73	15.5.73
Indonesia		2.2.52	17.8.45			
Iran, Islamic Republic of		8.7.75	6.10.75		8.7.75	6.10.75
Iraq		28.6.72	26.9.72		28.6.72	26.9.72
Ireland		20.9.35	19.12.35	28.9.55	12.10.59	1.8.63
Israel		8.10.49	6.1.50	28.9.55	5.8.64	3.11.64
Italy	12.10.29	14.2.33	15.5.33	28.9.55	4.5.63	2.8.63
Jamaica						
Japan	12.10.29	20.5.53	18.8.53	2.5.56	10.8.67	8.11.67
Jordan		17.11.69	25.5.46		15.11.73	13.2.74
Kenya		7.10.64	12.12.63			
Korea, Democratic People's Republic of		1.3.61	30,5.61		4.11.80	2.2.81
Korea, Republic of					13.7.67	11.10.67
Kuwait		11.8.75	9.11.75		11.8.75	9.11.75
Laos (Lao People's Dem.Rep.)		14.3.56	19.7.49	28.9.55	9.5.56	1.8.63
Lebanon		10.2.62	22.11.43		10.5.78	8.8.78
Lesotho		3.3.75	4.10.66		17.10.75	15.1.76
Liberia		2.5.42	31.7.42			
Libyan Arab Jamahiriya		16.5.69	14.8.69		16.5.69	14.8.69
Liechtenstein		9.5.34	7.8.34	28.9.55	3.1.66	3.4.66
Luxembourg	12.10.29	7.10.49	5.1.50	28.9.55	13.2.57	1.8.63
Madagascar		17.8.62	26.6.60		17.8.62	1.8.63
Malawi					9.6.71	7.9.71
Malaysia		3.9.70	16.9.63		20.9.74 R	19.12.74
Mali		26.1.61	26.4.61	16.8.62	30.12.63	29.3.64
Malta		19.2.86	21.9.64			
Mauritania		6.8.62	4.11.62			
Mauritius		17.10.89	15.1.90		17.10.89	15.1.90
Mexico		14.2.33	15.5.33	28.9.55	24.5.57	1.8.63
Monaco					9.4.79	8.7.79
Mongolia		30.4.62	29.7.62			
Morocco		5.1.58	5.4.58	31.5.63	17.11.75	15.2.76
Myanmar		2.1.52	4.1.48			
Nauru		4.11.70	31.1.68		4.11.70	31.1.68

State	Warsaw Convention			The Hague Protocol		
	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force
Nepal		12.2.66	13.5.66		12.2.66	13.5.66
Netherlands, Kingdom of the	12.10.29	1.7.33	29.9.33	28.9.55	21.9.60	1.8.63
New Zealand		6.4.37	5.7.37	19.3.58	16.3.67	14.6.67
Niger		20.2.62	3.8.60		20.2.62	1.8.63
Nigeria		9.10.63	1.10.60		1.7.69	29.9.69
Norway	12.10.29	3.7.37	1.10.37		3.5.63	1.8.63
Oman		6.8.76	4.11.76		4.8.87	2.11.87
Pakistan		26.12.69	14.8.47	8.8.60	16.1.61	1.8.63
Papua New Guinea		6.11.75	16.9.75		6.11.75	16.9.75
Paraguay		28.8.69	26.11.69		28.8.69	26.11.69
Peru		5.7.88	3.10.88		5.7.88	3.10.88
Philippines		9.11.50 R	7.2.51	28.9.55	30.11.66	28.2.67
Poland	12.10.29	15.11.32	13.2.33	28.9.55	23.4.56	1.8.63
Portugal		20.3.47	18.6.47	28.9.55	16.9.63	15.12.63
Quatar		22.12.86	22.3.87		22.12.86	22.3.87
Romania	12.10.29	8.7.31	13.2.33	28.9.55	3.12.58	1.8.63
Rwanda		1.12.64	1.7.62			
Samoa		16.10.63	1.1.62		16.10.72	14.1.73
Saudi Arabia		27.1.69	27.4.69		27.1.69	27.4.69
Senegal		19.6.64	17.9.64		19.6.64	17.9.64
Seychelles		24.6.80	22.9.80		24.6.80	22.9.80
Sierra Leone		21.3.61	27.4.61			
Singapore					6.11.67	4.2.68
Solomon Islands		9.9.81	7.7.78		9.9.81	7.7.78
Somalia						
South Africa (Republic of)	12.10.29	22.12.54	22.3.55		18.9.67	17.12.67
Spain	12.10.29	31.3.30	13.2.33		6.12.65	6.3.66
Sri Lanka		24.4.51	4.2.48			
Sudan		11.2.75	12.5.75		11.2.75	12.5.75
Swaziland					20.7.71	18.10.71
Sweden		3.7.37	1.10.37	28.9.55	3.5.63	1.8.63
Switzerland	12.10.29	9.5.34	7.8.34	28.9.55	19.10.62	1.8.63
Syrian Arab Republic		13.4.64	5.12.55		13.4.64	1.8.63
Tanzania, United Republic of		7.4.65	6.7.65			
Togo		2.7.80	30.9.80		2.7.80	30.9.80
Tonga		31.1.77	4.6.70		31.1.77	22.5.77
Trinidad and Tobago		10.5.83	31.8.62		10.5.83	8.8.83
Tunisia		15.11.63	13.2.64		15.11.63	13.2.64
Turkey		25.3.78	23.6.78		25.3.78	23.6.78
Uganda		24.7.63	22.10.63			
Ukrainian Soviet Socialist Republic		14.8.59	12.11.59	15.1.60	23.6.60	1.8.63

State	Warsaw Convention			The Hague Protocol		
	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force	Signature	Ratification or Adherence	Entry into Force
Union of Soviet Socialist Republics	12.10.29	20.8.34	18.11.34	28.9.55	25.3.57	1.8.63
United Arab Emirates		4.4.86	3.7.86			
United Kingdom of Great Britain and Nortern Ireland	12.10.29	14.2.33	15.5.33	23.3.56	3.3.67	1.6.67
United Kingdom of Great Britain and Norther Ireland for the following territories:					3.3.67	1.6.67
-Bermuda		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-British Antarctic Territory		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-British Virgin Islands		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-Cayman, Turks and -Caicos Islds.		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-Akrotiri and Dhekelia *(Territories of Cyprus)*		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-Falkland Islds. and Dependencies		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-Hong Kong		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-Montserrat		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-St. Christopher, Nevis and Aguilla		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
-St. Helena and Ascension		3.12.34	3.3.35		3.3.67	1.6.67
United States of America		31.7.34 R	29.10.34	28.6.56		
Uruguay		4.7.79	2.10.79			
Vanuatu		26.10.81	24.1.82			
Venezuela		15.6.55	13.9.55	28.9.55	26.8.60 R	1.8.63
Viet-Nam, Democratic Rep.of		11.10.82	9.1.83		11.10.82	9.1.83
Yemen		6.5.82	4.8.82		6.5.82	4.8.82
Yugoslavia	12.10.29	27.5.31	13.2.33	3.12.58	16.4.59	1.8.63
Zaire, Republic of		27.7.62	30.6.60			
Zambia		25.3.70	24.10.64		25.3.70	23.6.70
Zimbabwe		27.10.80	25.1.81		27.10.80	25.1.81

Fylgiskjal II.

CONTRACTING PARTIES TO THE GUADALAJARA SUPPLEMENTARY CONCVENTION (1961)

State	Date of Signature	Date of Deposit of Ratification or Adkherence (A)	Entry into Force
Australia	19 June 1962	1 Nov. 1962	1 May 1964
Austria		21 Dec. 1965(A)	212 Mar. 1966
Bahamas			10 July 1973
Belgium	28 Nov. 1961	6 May 1969	4 Aug. 1969
Brazil	18 Sept. 1961	8 Feb. 1967	9 May 1967
Byelorussian Soviet Socialist Rep.	18 Sept. 1961	17 Oct 1983	14 Jan. 1984
Chad		9 Mar. 1971(A)	7 June 1971
Colombia		2 May 1966(A)	31 July 1966
Cuba	29 Jan. 1963		
Cyprus		31 Aug. 1970(A)	29 Nov. 1970
Czechoslovakia	18 Sept. 1961	27 July 1967	25 Oct. 1967
Denmark		20 Jan. 1967(A)	20 Apr. 1967
Egypt		4 May 1967(A)	2 Aug. 1964
El Salvador		11 Jan. 1980(A)	10 Apr. 1980
Fiji		18 Jan. 1972	18 Jan. 1972
Finland		26 May 1977(A)	23 Aug. 1977
France	18 Sept. 1961	24 Jan 1964	1 May 1964
Gabon		18 Feb. 1971(A)	19 May 1971
Germany	18 Sept 1961	2 Mar. 1964	31 Mar. 1964
Greece		19 Sept. 1973(A)	17 Dec. 1973
Grenada		29 Aug 1985	27 Nov. 1985
Guatemala	18 Sept. 1961	24 June 1971	22 Sept. 1971
Holy See	18 Sept. 1961		
Honduras	18 Sept. 1961		
Hungary	18 Sept. 1961	23 Nov. 1964	21 Feb. 1965
Indonesia	6 July 1964		
Iran, Islamic Republic of		17 July 1975(A)	15 Oct. 1975
Iraq		27 July 1972(A)	25 Oct. 1972
Ireland		19 Jan. 1966(A)	19. Apr. 1966
Israel		27 Nov. 1980	25 Feb. 1981
Italy		15 May 1968(A)	13 Aug. 1968
Jamica		3 Oct. 1964(A)	1 Jan. 1965
Kuwait		18 Aug. 1975(A)	16 Nov. 1975
Lebanon		21 Feb. 1967(A)	22 May 1967
Losotho		20 Oct. 1975(A)	18 Jan. 1976
Libyan Arab Jamahiriya		22 May 1969(A)	20 Aug. 1969
Luxembourg		23 Aug. 1968(A)	21 Nov. 1968
Malawi	28 Oct. 1977(A)	25 Jan. 1978	

State	Date of Signature	Date of Deposit of Ratification or Adkherence (A)	Entry into Force
Mauritania		29 Mar. 1979	27 June 1979
Mauritius		15 Oct. 1990(A)	13 Jan. 1991
Mexico	18 Sept. 1961	16 May 1962	1 May 1964
Morocco		7 Nov. 1975(A)	5 Feb. 1976
Netherlands, Kingdom of the	18 Sept. 1961	25 Feb. 1964	25 May 1964
New Zealand		19 May 1969(A)	17 Aug. 1969
Niger		14 July 1964(A)	12 Oct. 1964
Nigeria		16 July 1969(A)	14. Oct. 1969
Norway	15 Feb. 1962	20 Jan 1967	20 Apr. 1967
Pakistan		21 July 1964(A)	19 Oct. 1965
Papula New Guinea		3 Dec. 1975(A)	2 Mar. 1976
Paraguay		2 Oct. 1969(A)	31 Dec. 1969
Peru		15 July 1988(A)	12 Oct. 1988
Philippines	18 Sept. 1961	5 Apr. 1966	4 July 1966
Poland	25 Oct. 1961	16 Dec. 1964	16 Mar. 1964
Romania		21 Apr. 1965(A)	20 July 1965
Rwanda		11 June 1971(A)	9 Sept. 1971
Saudi Arabia		18 May 1973(A)	16 Aug. 1973
Seychelles		19 June 1980(A)	17 Sept. 1980
Solomon Islands		15 Mar. 1967	13 June 1967
South Africa		4 Jan. 1974(A)	4 Apr. 1974
Swaziland		12 July 1971(A)	10 Oct. 1971
Sweden	18 Sept 1961	20 Jan 1967	20 Apr. 1967
Switzerland	18 Sept. 1961	1 Feb. 1964	1 May 1964
Togo		27 June 1980(A)	25 Sept. 1980
Tunisia		6 May 1970(A)	4 Aug. 1970
Ukrainian Soviet Socialist Republic	18 Sept. 1961	17 Oct. 1983	14 Jan 1984
Union of Soviet Socialist Republics	18 Sept 1961	22 Sept 1983	20 Dec. 1983
United Kingdom	18 Sept 1961	4 Sept 1962	1 May 1956
Venezuela	5 June 1962		
Yugoslavia		24 Mar. 1977(A)	21 June 1977
Zambia		1 Mar 1971(A)	30 May 1971
Zimbabwe		27 Apr. 1982	27 Apr. 1982

Fylgiskjal III.

CONTRACTING PARTIES TO THE GUATEMALA CITY PROTOCOL (1971)

State	Date of signature	Date of Deposit of Instument of Ratification or Adherence (A)
Argentina	28 August 1972	
Barbados	18 November 1971	
Belgium	8 March 1971	
Brazil	8 March 1971	
Canada	8 March 1971	
Colombia	8 March 1971	19 June 1974
Costa Rica	8 March 1971	20 December 1972
Cyprus		20 May 1990(A)
Denmark	8 March 1971	
Dominican Republic		30 January 1987(A)
Ecuador	8 March 1971	
El Salvador	8 March 1971	
Finland	4 November 1971	
France	8 March 1971	
Germany	8 March 1971	
Greece	11 January 1989	11 January 1989
Guatemala	8 March 1971	
Israel	8 March 1971	
Italy	8 March 1971	26 March 1985
Jamaica	8 March 1971	
Luxemburg	4 December 1972	
Mauritania		13 April 1978(A)
Mexico	21 July 1971	
Netherlands, Kingdom af the	10 June 1982	7 January 1983
New Zealand	12 September 1972	
Nicaragua	8 March 1971	
Niger		17 June 1988(A)
Norway	11 February 1972	
Seychelles		30 June 1980(A)
Spain	10 May 1971	
Sweden	9 September 1971	
Switzerland	8 March 1971	
Togo	19 July 1985	24 April 1987
Trinidad and Tobago	8 March 1971	
United Kingdom	8 March 1971	
United States of America	8 March 1971	
Venezuela	8 March 1971	

Fylgiskjal IV.

CONTRACTING PARTIES TO THE MONTREAL ADDITIONAL PROTOCOL NO. 1 (1975)

State	Date of Signature	Date of Deposit of Instrument of Ratification or Adherence
Argentina	14 March 1990	14 March 1990
Barbados	25 September 1975	
Brazil	25 September 1975	27 July 1979
Chile	23 November 1984	19 May 1987
Colombia	20 May 1982	20 May 1982
Denmark	1 December 1976	29 June 1983
Egypt	25 September 1975	17 November 1978
Ethiopia	14 July 1987	14 July 1987
Finland	2 May 1978	17 June 1980
France	30 December 1975	11 February 1982
Ghana	25 September 1975	
Greece	10 November 1988	12 November 1988
Guatemala	25 September 1975	
Ireland	27 June 1989	27 June 1989
Israel	25 September 1975	16 February 1979
Italy	15 May 1978	2 April 1985
Mexico	21 December 1983	18 May 1984
Morocco	18 October 1984	
Netherlands, Kingdom of the	19 May 1982	7 January 1983
Norway	3 September 1979	4 August 1983
Portugal	25 September 1975	7 April 1982
Senegal	18 August 1976	
Spain	30 September 1981	8 January 1985
Sweden	12 December 1977	28 June 1978
Switzerland	9 December 1987	9 December 1987
Togo	21 August 1985	5 May 1987
Tunisia	9 November 1984	28 May 1985
United Kingdom	25 September 1975	5 July 1984
Venezuela	25 September 1975	14 July 1978
Yugoslavia	25 September 1975	11 March 1977
Zaire	25 September 1975	

CONTRACTING PARTIES TO THE MONTREAL ADDITIONAL PROTOCOL NO. 2 (1975)

State	Date of Signature	Date of Deposit of Instrument of Ratification or Adherence
Argentina	14 March 1990	14 March 1990
Barbados	25 September 1975	
Brazil	25 September 1975	27 July 1979

State	Date of Signature	Date of Deposit of Instrument of Ratification or Adherence
Chile	23 November 1984	19 May 1987
Colombia	20 May 1982	20 May 1982
Denmark	1 December 1976	29 June 1983
Egypt	25 September 1975	17 November 1978
Ethiopia	14 July 1987	14 July 1987
Finland	2 May 1978	17 June 1980
France	30 December 1975	11 February 1982
Ghana	25 September 1975	
Greece	10 November 1988	12 November 1988
Guatemala	25 September 1975	
Ireland	27 June 1989	27 June 1989
Israel	25 September 1975	16 February 1979
Italy	15 May 1978	2 April 1985
Mexico	21 December 1983	18 May 1984
Morocco	18 October 1984	
Netherlands, Kingdom of the	19 May 1982	7 January 1983
Norway	3 September 1979	4 August 1983
Portugal	25 September 1975	7 April 1982
Senegal	18 August 1976	
Spain	30 September 1981	8 January 1985
Sweden	12 December 1977	28 June 1978
Switzerland	9 December 1987	9 December 1987
Togo	21 August 1985	5 May 1987
Tunisia	9 November 1984	28 May 1985
United Kingdom	25 September 1975	5 July 1984
Venezuela	25 September 1975	14 July 1978
Yougoslavia	25 September 1975	11 March 1977
Zaire	25 September 1975	

CONTRACTING PARTIES TO THE MONTREAL ADDITIONAL PROTOCOL NO. 3 (1975)

State	Date of Signature	Date of Deposit of Instrument of Ratification or Adherence
Argentina	14 March 1990	14 March 1990
Barbados	25 September 1975	
Belgium	25 September 1975	
Brazil	25 September 1975	27 July 1979
Canada	31 December 1975	
Chile	23 November 1984	19 May 1987
Colombia	20 May 1982	20 May 1982
Denmark	1 December 1976	4 May 1988
Ethiopia	14 July 1987	14 July 1987
Finland	2 May 1978	4 May 1988
France	30 December 1975	


State	Date of Signature	Date of Deposit of Instrument of Ratification or Adherence
Ghana	25 September 1975	
Greece	10 November 1988	12 November 1988
Guatemala	25 September 1975	
Hungary	29 June 1987	30 June 1987
Ireland	27 June 1989	27 June 1989
Israel	27 November 1987	16 February 1988
Italy	15 May 1978	2 April 1985
Netherlands, Kingdom of the	19 May 1982	7 January 1983
Norway	21 October 1977	4 May 1988
Portugal	25 September 1975	7 April 1982
Spain	19 November 1987	20 July 1989
Sweden	12 December 1977	4 May 1988
Switzerland	25 September 1975	9 December 1987
Togo	21 August 1985	5 May 1987
United Kingdom	25 September 1975	5 July 1984
United States of America	25 September 1975	
Venezuela	25 September 1975	

CONTRACTING PARTIES TO THE MONTREAL ADDITIONAL PROTOCOL NO. 4 (1975)

State	Date of Signature	Date of Deposit of Instrument of Ratification or Adherence
Argentina	14 March 1990	14 March 1990
Barbados	25 September 1975	
Belgium	25 September 1975	
Brazil	25 September 1975	27 July 1979
Canada	30 December 1975	
Chile	23 November 1984	
Colombia	20 May 1982	20 May 1982
Denmark	1 December 1976	4 May 1988
Egypt	25 September 1975	17 November 1978
Ethiopia	14 July 1987	14 July 1987
Finland	2 May 1978	4 May 1988
France	30 December 1975	
Ghana	25 September 1975	
Greece	10 November 1988	12 November 1988
Guatemala	25 September 1975	
Hungary	29 June 1987	30 June 1987
Ireland	27 June 1989	27 June 1989
Israel	27 November 1987	16 February 1988
Italy	15 May 1978	2 April 1985
Morocco	18 October 1984	
Netherlands, Kingdom of the	19 May 1982	7 January 1983
Norway	21 October 1977	4 May 1988


State	Date of Signature	Date of Deposit of Instrument of Ratification or Adherence
Portugal	25 September 1975	7 April 1982
Quatar	28 August 1987	
Spain	30 September 1981	8 January 1985
Sweden	12 December 1977	4 May 1988
Switzerland	25 September 1975	9 December 1987
Togo	21 August 1985	5 May 1987
United Kingdom	25 September 1975	5 July 1984
United States of America	25 September 1975	
Venezuela	25 September 1975	
Yugoslavia	25 September 1975	11 March 1977
Zaire	25 September 1975	

Fylgiskjal V.



Fylgiskjal VI.

The Warsaw System



112. Fyrirspurn [109. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um uppgjör bifreiðatjóna.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

1. Hefur orðið aukning á uppgjöri bifreiðatjóna með beinum greiðslum til eigenda tjónabifreiða í stað uppgjörs viðgerðarreikninga á verkstæðum?
2. Hvernig er meðferð virðisaukaskatts háttað við slík uppgjör?

Skriflegt svar óskast.

113. Fyrirspurn [110. mál]

til viðskiptaráðherra um verslunarálagningu matvæla.

Frá Jóni Helgasyni.

Er mismunur á meðaltalsverslunarálagningu í heildsölu og smásölu á milli innlendrar og innfluttrar matvöru?

114. Fyrirspurn [111. mál]

til fjármálaráðherra um tekjutengingu bóta í skattkerfinu.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

1. Hvaða bætur í skattkerfinu eru tekjutengdar?
2. Hver yrðu áhrifin á afkomu ríkissjóðs ef tekjutenging yrði afnumin, aðgreint eftir tegund bóta?

Skriflegt svar óskast.

115. Fyrirspurn [112. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tekjutengingu bóta í kerfi almannatrygginga.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

1. Hvaða bætur í kerfi almannatrygginga eru tekjutengdar?
2. Hver yrðu áhrifin á afkomu Tryggingastofnunar ef tekjutenging yrði afnumin, aðgreint eftir tegund bóta?

Skriflegt svar óskast.

116. Fyrirspurn [113. mál]

til fjármálaráðherra um markaða tekjustofna ríkisins.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hverjir voru markaðir tekjustofnar ríkisins árin 1988–94?
2. Hversu háar tekjur hlutust af þeim hverjum fyrir sig og hve hátt hlutfall teknanna rann til hins markaða tekjustofns og hvernig var þeim fjármunum ráðstafað sem ekki runnu til hins afmarkaða verkefnis, sundurliðað á árin 1988–94?
3. Hverjir eru hinir mörkuðu tekjustofnar fyrir árið 1995 og hvernig er áætlað að verja tekjum af þeim á árinu 1995?

Skriflegt svar óskast.

117. Fyrirspurn [114. mál]

til fjármálaráðherra um niðurfellingu virðisaukaskatts af barnafatnaði.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Telur ráðherra koma til greina að fella niður virðisaukaskatt af barnafatnaði?
2. Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef slíkt yrði gert?

118. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115., 116. og 117. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Tilgangur þessarar tillögu er að koma á fót samráðsvettvangi þeirra aðila og stofnana sem næst koma upplýsingamiðlun af slysförum og harmraunum fólks. Mikilvægt er að samræmdar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar geti ríkt við slíkar aðstæður er taki mið af mannhelgi, virðingu og hluttekningu en um leið af nauðsynlegri upplýsingaskyldu svo að ekki verði vegið að fjölmiðlafrelsi í landinu.

Fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjölmiðlar hafa í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni. Þó má greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum, sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum að störfum og öðrum viðkomandi aðilum verði æ meiri og óvægnari. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum. Hér er hvorki verið að leggja til lagasetningu né opinbera reglugerð heldur að þeir aðilar og stofnanir, sem nærri aðstæðum koma, geti sameinast um samræmdar starfsreglur. Þá er einnig mikilvægt að greina betur upplýsingaskyldu viðkomandi stofnana, samtaka og starfsstétta gagnvart fjölmiðlum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra sjái um skipan slíkrar nefndar er lagt gæti grundvöll að samráðsvettvangi og styrkt og eflt gagnkvæman trúnað og skilning viðkomandi aðila og stofnana. Í starfi nefndarinnar er eðlilegt að hafa náið samráð m.a. við eftirtalda aðila: Slysavarna- og björgunarsveitir, Blaðamannafélag Íslands, Félag fréttamanna, Prestafélag Íslands, Lögreglufélag Íslands, Rannsóknastofnun Háskólans í siðfræði, Samtökin um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélag Íslands og barnaverndarráð.

119. Fyrirspurn [116. mál]

til menntamálaráðherra um reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna um nám foreldra fatlaðra barna.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvaða reglur gilda hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna um heimildir foreldra fatlaðra barna til lengingar námstíma án þess að lánsréttur skerðist?

Njóta námsmenn, sem eiga fötluð börn, sömu réttinda til lengds námstíma og fatlaðir námsmenn? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þessar reglur verði samræmdar?

120. Fyrirspurn [117. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslu sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs árið 1994.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hversu há upphæð hefur runnið til sveitarfélaga til svokallaðra átaksverkefna af þeim 600 millj. kr. sem sveitarfélögin lögðu til Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu ári?

121. Fyrirspurn [118. mál]

til menntamálaráðherra um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar hafa verið árlegar tekjur Listskreytingasjóðs ríkisins frá árinu 1991 til ársins í ár á verðlagi þessa árs?
2. Hvernig skiptast árleg framlög úr Listskreytingasjóði til einstakra viðfangsefna?

Skriflegt svar óskast.

122. Svar [75. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna R. Árnasonar um aðgerðir til að stemma stigu við skattsvikum.

1. *Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að draga úr skattsvikum frá því að nefnd um umfang skattsvika lagði fram skýrslu og tillögur um aðgerðir gegn þeim í september 1993?*

Nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði í nóvember 1992 til að kanna umfang skattsvika, skilaði skýrslu til fjármálaráðherra í september 1993. Í skýrslunni leggur nefndin mat á umfang skattsvika og ýmsa þætti sem þeim tengjast og bendir á leiðir sem hún taldi að mættu verða til þess að draga úr þeim. Um er að ræða ellefu ábendingar sem raktar verða hér á eftir.

1. Hert skatteftirlit og auknar skattrannsóknir.

Nefndin gagnrýndi skipulag skatteftirlits og skattrannsókna og sérstaklega hversu litlum mannafla er ætlað að sinna þessum verkefnum.

Á starfstíma nefndarinnar var lagt fram frumvarp sem fól í sér aðskilnað skattrannsókna frá embætti ríkisskattstjóra. Var embætti skattrannsóknarstjóra gert að sjálfstæðri stofnun og því falið að sjá um skattrannsóknir, þ.e. rannsókn og meðferð skattsvikamála og brota á skattalögum. Við embættið störfuðu upphaflega 12 manns, en þeim var á síðasta ári, m.a. með hliðsjón af framangreindri skýrslu, fjölgað um fimm. Fjármálaráðu-

neytið telur að breyting þessi hafi tvímælalaust orðið til bóta og starf að skattrannsóknum hafi eflst og verið gert skilvirkara með breyttum starfsháttum.

Samhliða þessu beitti fjármálaráðuneytið sér fyrir breyttu skipulagi skatteftirlits sem fram fer á skattstofum landsins og hjá embætti ríkisskattstjóra. Meginbreytingin fólst í því að á stærri skattstofunum voru settar upp sérstakar deildir sem einungis sinna skatteftirliti. Á minni skattstofunum er gert ráð fyrir að eftirliti sé sinnt af einstökum starfsmönnum í náinni samvinnu við eftirlitsdeild ríkisskattstjóraembættisins. Embætti ríkisskattstjóra er ætlað að sjá um samræmingu við framkvæmd skatteftirlits og forustu við þróun og skipulagningu eftirlitsstarfs. Embættið á enn fremur að veita minni skattstofunum sérstaka eftirlitsaðstoð, eftir því sem þörf er á.

Í framhaldi af þessum breytingum og auknum verkefnum við skatteftirlitið var starfsmönnum fjölgað um 20.

2. Breytt skipulag og starfshættir skattyfirvalda.

Önnur ábending nefndarinnar var að of lítil áhersla væri á virku skatteftirliti og skattrannsóknum vegna annarra verkefna skattstofanna, þ.e. álagningarvinnu o.fl. Þá var og talið að auka þyrfti samræmingu og skipulagningu skatteftirlits og skattrannsókna.

Með þeim skipulagsbreytingum á skatteftirliti, sem að framan er lýst, er komið til móts við þessi sjónarmið. Með því að skatteftirlitið fer nú fram í sérstökum deildum með eigin mannafla sem ekki sinna öðrum verkefnum er tryggt að önnur störf gangi ekki inn á þann tíma og mannafla sem ætlaður er til skatteftirlits. Hvað samræmingu skatteftirlits varðar hefur fjármálaráðuneytið sett á stofn sérstaka nefnd sem ætlað er að hafa umsjón með aðgerðum gegn skattsvikum. Meðal þess sem talið var að hamlaði virku skatteftirliti var að skattframtöl rekstraraðila eru ekki stöðluð, en það leiðir til þess að úrvinnsla úr þeim er seinvirk og erfitt að koma við vélvirku eftirliti. Unnið hefur verið að undirbúningi staðlaðra framtala um nokkurt skeið hjá embætti ríkisskattstjóra og hefur ráðuneytið tillögur þess embættis til athugunar.

Annað skilyrði fyrir skilvirkari úrvinnslu skattgagna er einföldun á framtalsskilum einstaklinga. Skýrsla um það efni ásamt tillögum um nýtt álagningarkerfi var lögð fram af ríkisskattstjóra 1992. Forsenda slíkrar breytingar er að þau upplýsingakerfi, sem framtalskil einstaklinga byggjast á, verði þess umkomin að veita nauðsynlegar upplýsingar með sjálfvirkum hætti.

3. Endurskoðun á bókhaldslögum.

Nefndin benti á að herða þyrfti eftirlit með bókhaldi og herða viðurlög við bókhaldsbrotum.

Nefnd á vegum fjármálaráðherra samdi ný frumvörp til laga um bókhald og um ársreikninga sem lögð voru fram til kynningar á síðasta þingi. Frumvörpin hafa verið endurflutt og þess vænst að þau verði afgreidd. Enn fremur er nú unnið að sérstakri athugun á viðurlagaákvæðum bókhaldslaga og annarra laga og er að vænta tillagna um lagabreytingar í framhaldi þeirrar vinnu.

4. Ákvæði í almennum hegningarlögum.

Nefndin benti á að nauðsynlegt væri að lögfesta ný refsiákvæði í almennum hegningarlögum. Eru viðræður hafnar við dóms- og kirkjumálaráðuneytið um að samið verði frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum þar sem stórfelld skattsvik verði gerð refsiverð samkvæmt þeim.

5. Breyting refsiákvæða í skattalögum.

Fimmta atriðið, sem nefndin benti á, var að refsiákvæði skattalaga hefðu lítt verið notuð og ástæða væri til að herða refsiframkvæmd. Nefndin taldi æskilegt að lögfest yrðu refsilágmörk fyrir skattsektir og að til álita kæmi að lögfesta skyldubundnar refsivistarákvarðanir þegar um alvarleg skattsvik væri að ræða.

Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins vinnur nú að því að gera tillögur um lagabreytingar á grundvelli þessara hugmynda.

6. Átak gegn svartri atvinnustarfsemi.

Nefndin taldi að eitt brýnasta verkefnið til þess að stemma stigu við skattsvikum hér á landi væri að leita leiða til að uppræta svarta atvinnustarfsemi. Var skattrannsóknarstjóra falið að gera tillögur í því efni. Á grundvelli þeirra ákvað fjármálaráðherra að hjá embættinu yrði stofnuð sérstök skrifstofa sem hefði að aðalstarfi að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi. Í þeim tilgangi var starfsmönnum embættisins fjölgað úr 12 í 17. Auk þess að sinna rannsóknun í skattsvikamálum hafa starfsmenn skrifstofunnar og embættisins sótt fundi hjá hagsmunaaðilum og öðrum þar sem þetta málefni hefur verið á dagskrá. Þá hefur skattrannsóknarstjóri lagt fyrir ráðuneytið frekari tillögur um að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og hefur ráðuneytið þær tillögur nú til athugunar.

7. Reiknað endurgjald hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum.

Sjöunda ábending nefndarinnar laut að reiknuðu endurgjaldi sjálfstætt starfandi einstaklinga. Taldi hún nauðsynlegt að taka reglur varðandi reiknað endurgjald til endurskoðunar, m.a. með tilliti til þess að reiknuð viðmiðunarlaun verði eigi lægri en meðallaun í viðkomandi starfsstétt.

Fjármálaráðuneytið hefur skoðað þessa ábendingu nefndarinnar. Það telur að óvíst sé hvort lagabreyting í þessu efni sé nauðsynleg. Reiknað endurgjald er ekki endanlegur stofn til álagningar tekjuskatts en þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vera stofn til ákvörðunar staðgreiðslu sem síðan er gerð endanlega upp á grundvelli rekstrarreiknings. Hins vegar telur ráðuneytið að til álita komi að í reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt verði sett nánari ákvæði um reiknað endurgjald.

8. Skýrar reglur um rekstrarkostnað.

Í skýrslu sinni benti nefndin á að ágreiningur milli skattyfirvalda og skattaðila um hvað sé frádráttarbær rekstrarkostnaður hafi haft slæm áhrif á framkvæmd skatteftirlits.

Síðan nefndin lauk skýrslu sinni hefur fjármálaráðuneytið gefið út reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þar sem tekið er á fjölda þeirra atriða sem valdið hafa ágreiningi og settar skýrari reglur en verið hafa um hvað er frádráttarbær rekstrarkostnaður og hvað ekki.

9. Hugarfarsbreyting.

Nefndin taldi brýnt að vinna að breyttum viðhorfum almennings til skattsvika.

Undir þau sjónarmið er tekið en erfiðara kann að vera að finna leiðir til þess að móta viðhorf almennings til skattsvika. Þó má telja líklegt að þær breytingar, sem að framan getur og lúta að hertum viðurlögum og strangari framkvæmd refsiþátta í skattsvikamálum, muni leiða til viðhorfsbreytinga. Annars vegar ættu strangari viðurlög að opna augu almennings fyrir því að þessi brot eru talin alvarleg og hins vegar ættu strangar refsingar að hafa fælingaráhrif. Þá er og til athugunar hvernig heppilegt sé að standa að fræðslu um þessi mál og áróðri gegn skattsvikum.

10. Opinber birting refsidóma.

Nefndin bendir á að með birtingu refsidóma megi ná verulegum varnaðaráhrifum og gerir það að tillögu sinni að niðurstöður dóma í skattsvikamálum verði kynntar almenningi í fjölmiðlum.

Aukin fjölmiðlaumræða hefur m.a. falið það í sér að umfjöllun um refsidóma er meiri en áður var. Birting refsidóma er vandmeðfarið mál og getur á ýmsan hátt verið viðkvæm í framkvæmd. Er mikilvægt að ekki sé gengið inn á þá braut nema að vandlega athuguðu máli.

11. Aðgerðir með þátttöku fleiri aðila en stjórnvalda.

Síðasta ábending nefndinnar var að umfangsmikil skattsvik felist í nótulausum viðskiptum. Því taldi hún koma til álita að byggja upp samstarf milli ýmissa aðila sem koma nálægt viðskiptum á þeim sviðum sem helst eru opin fyrir skattsvikum af þessum toga. Til skoðunar er hvernig þessu samstarfi verður best hagað og til hvaða aðgerða verði gripið í framhaldi af því.

2. Hvað hyggst ráðherra gera í framhaldi af því?

Hér að framan hefur verið greint frá einstökum ábendingum og tillögum skattsvikanefndarinnar og aðgerðum fjármálaráðuneytisins sem tengjast þeim. Skal nú gerð nánari grein fyrir þeim og öðrum ráðstöfunum sem snerta skatteftirlit og skattsvik.

1. Skipun framkvæmdanefndar í skattsvikamálum.

Skipuð hefur verið þriggja manna framkvæmdanefnd til að hafa yfirumsjón með aðgerðum sem snúa að skattsvikamálum. Nefndinni er falið að yfirfara tillögur skattsvikanefndarinnar, fylgjast með framkvæmd þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið á þeim grundvelli og gera tillögur um frekari aðgerðir. Tilgangur með skipan nefndarinnar er einnig sá að skapa samstarfsvettvang milli ráðuneytisins og þeirra embætta og stofnana fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta sem fara með framkvæmd eftirlitsmálanna og viðurlaga við skattbrotum. Nefndinni er gert að skila fjármálaráðherra skriflegu áliti ársfjórðungslega.

2. Refsiákvæði og viðurlög við skattbrotum.

Veigamikill þáttur í ábendingum skattsvikanefndarinnar er að viðurlög við skattsvikum og refsingar við brotum á skattalögum og bókhaldslögum séu ófullnægjandi. Fjármálaráðuneytið hefur því falið sérstökum aðilum að gera tillögur um breytingu á lögum til þess að herða á viðurlögum við skattsvikum og bókhaldsbrotum. Stefnt er að því að

á þessu þingi verði lögð fram frumvörp til breytinga á ýmsum ákvæðum skattalaga og bókhaldslaga þar sem kveðið verði fastar á um refsingar og viðurlög en gert hefur verið. Enn fremur er til athugunar að ákvæði almennra hegningarlaga taki til stórfelldra skattalagabrota.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga um stofnun sérstaks skattadómstóls og þyngingu viðurlaga við skatta- og bókhaldsbrotum. Dráttur er sannanlega oft óeðlilegur á rannsókn og dómsniðurstöðu í auðgunarbrotum. Á því má ráða bót með öðrum hætti en stofnun sérstaks dómstóls sem stríðir gegn þeirri meginstefnu sem uppi hefur verið, þ.e. að fækka sérdómstólum. Álitlegra er að efla rannsóknarstarfsemi og styrkja stöðu ákæruvaldsins til þess að flýta málsmeðferð. Hvað varðar þyngingu á refsingu má taka undir það að refsingar við auðgunarbrotum séu of léttbærar og að þær þurfi að vera það þungar að þær fæli hlutaðeigandi frá því að svíkja undan skatti.

3. Rekstrarframtal atvinnurekstrar samræmt.

Skilvirkni skatteftirlits byggist að verulegu leyti á því að gögn, sem varða álagningu skatta og eftirlit með þeim, séu í aðgengilegu formi og þannig úr garði gerð að fljótlegt sé að vinna úr þeim. Á það hefur skort hér á landi, einkum er varðar framtöl rekstraraðila. Um þau hafa ekki gilt fastar reglur og þau því verið mjög fjölbreytileg. Fjármálaráðuneytið, í samvinnu við embætti ríkisskattstjóra, er nú að undirbúa upptöku staðlaðs framtals rekstraraðila. Staðlað rekstarframtal mun á margan hátt auðvelda skattlagningu með því að tryggja samræmi, einfalda vinnubrögð og auka skilvirkni. Stefnt verður að því að hafa framtalið eins einfalt og unnt er án þess þó að fórnað verði þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar á sköttum og eftirlits með þeim. Sérstök áhersla er lögð á að tengsl framtals og ársreikninga verði með þeim hætti að framtalið kosti ekki verulega viðbótarvinnu fyrir framteljendur og geti jafnvel orðið til þess að auðvelda störf þeirrra. Skortur á stöðlum af þessu tagi hefur gert það að verkum að möguleikar í nútímatækni í bókhaldsmálum hafa ekki nýst sem skyldi.

4. Skattframtöl einstaklinga einfölduð.

Einföldun á skattskilum einstaklinga er mál sem er á ýmsan hátt hliðstætt því sem snertir rekstraraðila. Miklu varðar fyrir vinnu við skattframkvæmd og skatteftirlit að unnt sé að einfalda skattskil einstaklinga enn frekar en þegar hefur verið gert og leysa framteljendur og skattyfirvöld undan mikilli skráningarvinnu með því að nýta betur tölvutækni. Ýmis undirbúningsvinna hefur verið innt af hendi í þessu sambandi og liggur skýrsla um þetta efni fyrir. Stefnt er að því að þoka undirbúningi þessa máls áfram og að unnt verði að taka ákvarðanir í þessu efni áður en langt um líður.

5. Endurskoðun reglugerðar um tekjuskatt og eignarskatt haldið áfram.

Nýlega var gefin út reglugerð um skilgreiningu kostnaðar í atvinnurekstri og byggir hún á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sérstakt átak í skatteftirliti og kostnaðarfærslu í atvinnurekstri hefur sýnt að umrædd reglugerð, sem að stofni til var sett 1963, þarfnast gagngerrar endurskoðunar. Næsti áfangi í þessari vinnu er að endurskoða ákvæði um skattskyldar tekjur einstaklinga. Í því verkefni felst m.a. að kveða á um skil milli launatekna og greiðslna til verktaka, en skortur á reglum í því efni er mjög til baga. Þetta verkefni tekur enn fremur til þess að setja reglur um reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi

manna. Nefnd, sem að þessu vinnur og er skipuð starfsmönnum ráðuneytisins, skattkerfisins og endurskoðendum, hefur fyrirmæli um að hraða þeirri vinnu þannig að nýr áfangi náist í þessu starfi sem fyrst.

6. Eftirlit — átak og kynning.

Á síðustu árum hefur embætti ríkisskattstjóra staðið fyrir sérstökum átaksverkefnum í skatteftirliti og séð um samræmda framkvæmd þeirra. Hafa þessi verkefni komið til viðbótar við reglulegt eftirlit skattstofanna sem nú hefur verið eflt eins og greint hefur verið frá. Á grundvelli þessa starfs, sem unnið hefur verið, skal sérstaklega bent á tvö atriði.

Annars vegar skal bent á nauðsyn þess að skattareglur séu skýrar og ljósar og í samræmi við aðstæður og viðskiptahætti á hverjum tíma. Til þessa hefur verið litið í því verkefni sem fjallað er um í 5. lið hér að framan.

Hitt atriðið, sem nefnt skal, er að starf þetta hefur leitt til endurálagningar á sköttum sem nemur umtalsverðum fjárhæðum. Má í því sambandi geta þess að á árinu 1993 voru endurákvarðaðir skattar að fjárhæð yfir 1.200 m.kr. Þar af voru um 530 m.kr. vegna fyrirtækja og einstaklinga sem lentu í sérstöku eftirlitsátaki, um 585 m.kr. í reglulegu eftirliti skattstofanna og um 116 m.kr. hjá eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra. Veruleg aukning hefur verið í endurálagningu á síðustu árum. Sem dæmi um það er að endurálagning skattstofanna, að meðtöldu átaksverkefninu, á tekjuskatti lögaðila og einstaklinga, var um 360 m.kr. 1991, um 560 m.kr. 1992 og um 750 m.kr. á árinu 1993.

Á næsta ári er fyrirhugað að fram fari úrtak atvinnugreina til sérstakrar skoðunar eins og undanfarin ár. Skipulagning þessa verkefnis er í höndum embættis ríkisskattstjóra. Jafnframt áformar ráðuneytið að standa fyrir sérstakri kynningu á og umfjöllun um skattsvik og svarta atvinnustarfsemi fyrir almenning. Þar komi m.a. fram ábyrgð framteljenda, viðurlög við skattsvikum og fleira. Stefnt er að því að með skattframtölum, sem dreift verður til allra skattgreiðenda í ársbyrjun 1995, verði send kynning á ábyrgð og skyldum skattgreiðenda og viðurlögum við skattbrotum.

123. Svar [35. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um ráðstöfun jöfnunaraðstoðar í skipasmíðaiðnaði.

1. *Hvernig var ráðstafað þeim fjármunum sem ríkisstjórnin samþykkti fyrr á þessu ári að veita til jöfnunaraðstoðar í skipasmíðaiðnaði og til endurskipulagningar í greininni? Svar óskast sundurliðað þannig að fram komi hvað hvert einstakt fyrirtæki fékk í sinn hlut.*

Veitt hefur verið jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði frá ársbyrjun 1994 og hefur Iðnlánasjóður séð um framkvæmd verkefnisins fyrir hönd ráðuneytisins. Á árinu 1994 hafa stjórnvöld veitt 60 millj. kr. til jöfnunaraðstoðarinnar. Samkvæmt upplýsingum Iðnlánasjóðs hefur nú verið ráðstafað um 56 millj. kr. Óráðstafað er því um 4 millj. kr. Þess er að geta að greiðslur vegna jöfnunaraðstoðar til þeirra fyrirtækja, sem hafa fengið aðstoð í samræmi við reglur, eru inntar af hendi í áföngum til fyrirtækjanna eftir framvindu viðkomandi verkefna.

Á meðfylgjandi yfirliti Iðnlánasjóðs er að finna skiptingu á samþykktri jöfnunarað-

stoð á milli fyrirtækja í skipa- og málmiðnaði. Tekið skal fram að sum fyrirtæki hafa verið með fleiri en eitt verkefni, sjá fskj. I.

Tilgangur jöfnunaraðstoðarinnar er að jafna röskun í skipaiðnaði sem orsakast af erlendum ríkisstyrkjum í þeirri grein þannig að innlend fyrirtæki geti keppt á jafnréttisgrundvelli við erlenda aðila hvað það varðar. Jöfnunaraðstoðin er veitt til stærri endurbóta- og viðhaldsverkefna fiskiskipa og einnig til búnaðar og tækja í nýsmíði. Í reglum um jöfnunaraðstoðina er m.a. miðað við það að verkefni þurfi að vera a.m.k. að upphæð 10 millj. kr. til að hljóta aðstoð og því einungis verður aðstoð veitt að innlendur smíðakostnaður véla og tækja sé meiri en 50%. Fyrirtækin verða að skila inn verksamningi og verklýsingu með umsóknarblaði um jöfnunaraðstoð, sjá fskj. III.

2. *Hefur verið lagt mat á hvort þessi aðstoð hafi leitt til aukinna umsvifa og fjölgunar atvinnutækifæra við skipaviðgerðir?*

Ráðuneytið óskaði eftir því við Iðnlánasjóð síðasta vor að lagt yrði mat á árangur jöfnunaraðstoðarinnar fram að þeim tíma. Iðnlánasjóður leitaði þá eftir umsögn aðila innan skipasmíðaiðnaðarins og hjá rekstrarráðgjöfum varðandi þetta efni. Í svari sjóðsins kemur m.a. fram að það var hans mat að rúmlega helmingur af þeim verkefnum, sem jöfnunaraðstoðin náði til á tímabilinu, hefði farið úr landi ef jöfnunaraðstoðin hefði ekki komið til. Jöfnunaraðstoðin hafi einnig orðið til þess að flýta verkefnum innan skipasmíðaiðnaðarins, sjá fskj. II.

Frá þeim tíma þegar jöfnunaraðstoðin var tekin upp hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið stefnt að því að fram fari heildarúttekt á árangri þessara aðgerða í lok ársins. Ráðuneytið hefur nú þegar skipað nefnd í þessum tilgangi sem skila mun áliti eins fljótt og auðið er.

Þessu til viðbótar skal stuttlega gerð grein fyrir helstu verkefnum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur beitt sér fyrir til að stuðla að hagræðingu og aukinni samkeppnishæfni skipasmíðaiðnaðarins á árinu 1994, en þau voru:

1. Á vegum ráðuneytisins hefur starfað nefnd til að kanna fjárhagsstöðu skipaiðnaðarins og koma með tillögur til úrbóta í ljósi tímabundinna erfiðleika greinarinnar. Þau verkefni, sem nefndin benti á til úrlausnar og unnin hafa verið á vegum hennar, eru m.a. ráðgjafarverkefni sem miða að því að auðvelda fyrirtækjum aðgang að ráðgjafarþjónustu vegna hagræðingarverkefna. Þetta hefur verið gert á þann hátt að fyrirtæki hafa fengið styrki vegna þjónustu ráðgjafa í allt að 80 ráðgjafartíma í þessum tilgangi. Einnig hefur verið veitt ráðgjöf varðandi endurskipulagningu greinarinnar í heild. Varið hefur verið til þessa verkefnis um 3 millj. kr., sjá enn fremur fskj. III. Einnig hefur nefndin unnið að öðrum verkefnum, svo sem sameiginlegri umfjöllun iðnaðarins, lánastofnana ráðuneyta og annarra hagsmunaaðila, er varða greiningu og úrlausnum á fjárhagsvanda skipaiðnaðarins.
2. Unnið hefur verið að verkefninu „Skipaiðnaður '94" sem miðar að því að efla vöruþróun og markaðsmál fyrirtækja með hagnýtum verkefnum. Aðstoðin miðar aðallega að því að veita ráðgjöf um vöruþróun og markaðsmál í ákveðnum verkefnum innan fyrirtækjanna. Verkefnið nær til 12 verkefna í skipa- og málmiðnaði og auglýst var eftir þátttöku að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Iðntæknistofnun sér um framkvæmd verkefnisins og hefur það þegar skilað afurðum sem komnar eru í framleiðslu. Veittar hafa verið um 12 millj. kr. til þessa verkefnis í heild og er þá talinn með kostnaður vegna verkefnisins, sjá fskj. IV.

3. Unnið hefur verið að bættum lánskjörum til útgerða vegna skipaviðgerða innan lands. Þetta varðar aðallega hækkun á lánshlutfalli, lengingu lánstíma og afborgunarfrest hjá Fiskveiðasjóði og Iðnlánasjóði. Unnið var að þessu í samráði við sjávarútvegsráðuneytið.
4. Sett hefur verið á stofn nefnd um undirboðs- og jöfnunartolla á vegum fjármálaráðuneytisins. Nefndinni er ætlað að vinna að kærum sem berast um þetta efni, m.a. á sviði skipaiðnaðar. Nefndin hefur nú til umfjöllunar kæru frá Samtökum iðnaðarins og Samiðn vegna ríkisstyrkja til erlendra aðila í skipasmíði, svo sem í Noregi og Póllandi.
5. Starfandi er samráðsnefnd, „Vettvangur", iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Samtaka iðnaðarins, LÍÚ og Samtaka fiskvinnslustöðva sem unnið hefur að stuðningi við þróun vara á sviði iðnaðar og sjávarútvegs. Tekist hefur að efla verkefni á þessu sviði.

Fylgiskjal I.

Iðnlánasjóður — jöfnunaraðstoð.

Umsækjandi	Samþ. styrkur
Gjörvi hf.	2.398.228
Klaki sf.	5.005.000
Landssmiðjan hf.	4.732.000
Marel hf.	1.775.813
Ósey hf.	3.029.000
Skipalyftan hf.	10.152.740
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.	879.320
Slippstöðin Oddi hf.	13.981.144
Stálsmiðjan hf.	9.814.467
Þorgeir & Ellert hf.	4.235.400
Samtals	**56.003.112**

Fylgiskjal II.

Bréf Iðnlánasjóðs til iðnaðarráðuneytis um jöfnunaraðstoð.

(14. apríl 1994.)

Viðbrögð við jöfnunaraðstoð vegna stærri endurbóta- og viðhaldsverkefna hafa verið mjög skjót þegar haft er í huga að ekki er nema rétt rúmur mánuður frá því verkefnið var kynnt.

Nú þegar hafa borist 10 umsóknir sem rúmast innan þeirrar fjárveitingar (40 millj. kr.) sem verkefnið hefur og uppfylla skilyrði til styrkveitinga. Um er að ræða heildarverðmæti samninga að upphæð 369 millj. kr. og samkvæmt heimildum okkar sem vinnum við mat umsókna og afgreiðslu jöfnunaraðstoðar er ekki óraunhæft að ætla að um 68% verkefna, metið í verðmætum, hefðu lent hjá erlendum aðilum ef ekki hefði komið til jöfnunaraðstoð.

Þá má einnig ætla að verkefnum hafi verið flýtt með tilkomu styrksins sem í reynd kemur sér vel í þessum iðnaði þar sem mörg fyrirtækjanna búa við greiðsluerfiðleika.

Miðað við þá reynslu sem þegar er fengin af jöfnunaraðstoð og fyrirliggjandi umsóknir sem ekki er hægt að staðfesta (samningsupphæð 53,2 millj. kr.) getum við ekki annað en hvatt til þess að frekari fjármunum verði varið til stuðnings skipaiðnaði með þessum hætti.

Virðingarfyllst,
Þórður Valdimarsson.

Fylgiskjal III.

Iðnaðarráðuneyti:

Kynning á verkefninu Markaðssókn og þróun í skipaiðnaði og reglum um jöfnunaraðstoð í skipaiðnaði.

(Sent fjölmiðlum 3. mars 1994.)

Í kjölfar skýrslu nefndar um verkefnastöðu skipaiðnaðarins og niðurstöðu nefndar um fjárhagsstöðu greinarinnar samþykkti ríkisstjórnin 14. janúar sl. sérstakar eftirfarandi aðgerðir til handa skipaiðnaðinum vegna þess vanda sem greinin stóð frammi fyrir, m.a. vegna mikilla ríkisstyrkja til erlendra samkeppnisaðila:

1. Samþykkt var að veita 40 millj. kr. til jöfnunaraðstoðar í skipaiðnaði vegna erlendra samkeppnistruflana af völdum ríkisstyrkja.
2. Stuðlað yrði að hagræðingu innan skipaiðnaðarins með eftirfarandi hætti:
   — Aðstoð vegna tímabundinnar almennrar ráðgjafarvinnu í greininni.
   — Aðstoð í formi þátttöku í kostnaði vegna vinnu ráðgjafa í fyrirtækjum. Greidd verði 80% af kostnaði ráðgjafa í einstaka fyrirtækjum, þó að hámarki 100 tímar.
   — Veittar verði 10 millj. kr. til markaðs- og vöruþróunar.
3. Samþykkt var að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir samráði við hagsmunasamtök um að útboð fari fram innan lands vegna verkefna sem mögulegt er að vinna hér á landi.

4. Ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir því að afkastageta í skipasmíðaiðnaði verði ekki aukin að svo stöddu með opinberum framlögum.

Í framhaldi af þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar er í dag kynnt sérstaklega verkefnið Markaðssókn og þróun í skipaiðnaði og reglur um jöfnunaraðstoð vegna verkefna í skipaiðnaði. Tekið skal fram að nú þegar hefur starfsemi ráðgjafa hafist í tengslum við þessar aðgerðir, en fyrirtæki innan skipaiðnaðarins geta nýtt sér þá þjónustu til að auka hagræðingu innan greinarinnar.

Ráðuneytið hefur fengið Iðntæknistofnun Íslands til að sjá um framkvæmd verkefnisins Markaðssókn og þróun í skipaiðnaði. Verkefnið miðar að því að aðstoða fyrirtæki við að takast á við ný verkefni á sviði markaðs- og vöruþróunarmála. Varið verður í heild 10 millj. kr. til verkefnisins. Styrkur til einstakra verkefna getur numið allt að 60% af samþykktum kostnaði, þó að hámarki 1,5 millj. kr. Sækja þarf sérstaklega um þátttöku í verkefninu á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem fást hjá Iðntæknistofnun.

Nú hafa einnig verið samdar reglur varðandi skilyrði þau sem sett eru fyrir því að fyrirtæki í skipa- og málmiðnaði fái jöfnunaraðstoð. Tilgangur jöfnunaraðstoðarinnar er að jafna samkeppnisstöðu íslensks skipaiðnaðar á móti erlendum ríkisstyrkjum í þeirri grein. Jöfnunaraðstoðin verður veitt til stærri endurbóta og viðhaldsverkefna í skipaiðnaði og einnig til smíða búnaðar og tækja í ný skip. Í reglunum er miðað við það að verkefni þurfi að vera a.m.k. að upphæð 10 millj. kr. eða meira til að hljóta aðstoð og því aðeins verður aðstoð veitt að innlendur smíðakostnaður véla og tækja sé meiri en 50%. Fyrirtækin verða að skila inn verksamningi og verklýsingu með umsóknarblaði um jöfnunaraðstoð. Ráðuneytið hefur fengið Iðnlánasjóð til að annast framkvæmd jöfnunaraðstoðarinnar og verða fyrirtæki að snúa sér þangað. Sjóðurinn mun hafa aðgang að sérstökum ráðgjafa vegna þessa verkefnis. Gefin hafa verið út sérstök eyðublöð í þessu sambandi sem skýra frekar hvaða skilyrði eru sett vegna þessarar aðstoðar.

Fylgiskjal IV.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti:

Markaðs- og þróunarstyrkir til íslensks skipasmíðaiðnaðar.

(Fréttatilkynning 20. júní 1994.)

Á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis var nú í júní úthlutað styrkjum, sem nema alls um 10 millj. kr., til þróunar- og markaðsstarfs í íslenskum skipaiðnaði. Styrkir þessir voru auglýstir í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar 14. janúar sl. Markmið þeirra er að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja í skipa- og málmiðnaði.

Alls bárust umsóknir um styrki í 21 verkefni frá 12 fyrirtækjum. Stjórn verkefnisins, sem hlotið hefur heitið „Skipaiðnaður 1994“, ákvað að styrkja alls 12 verkefni frá jafnmörgum fyrirtækjum. Verkefnin, sem hlutu styrki, eru ýmist á sviði markaðsmála eða tækniþróunar. Markaðsþátturinn beinist að því að afla verkefna sem skila fyrirtækjunum tekjum á skömmum tíma. Þróunarverkefnin ganga út á að þróa tæknibúnað sem gerir íslenskum fyrirtækjum í skipaiðnaði kleift að veita ýmsa þá þjónustu sem aðallega hefur verið á færi erlendra keppinauta hingað til. Einnig verða styrkt verkefni sem lúta að gæðaumbótum í þjónustu. Styrkupphæð til viðkomandi verkefna er á bilinu 20–60% af áætluðum heildarkostnaði við verkefnin. Iðntæknistofnun Íslands hefur umsjón með fram-

kvæmd þeirra og hefur verkefnisstjóri á hennar vegum heimsótt öll fyrirtækin og mótað verkefnin í samráði og samstarfi við þau.

Verkefnin voru skilgreind mjög nákvæmlega í upphafi og óskað var eftir að fram kæmi sá árangur sem sóst er eftir að verkefnið skili í verklok. Á þennan hátt er árangur verkefnanna mælanlegur og hægt er að fylgjast með nýtingu þess fjármagns sem sett er í verkefnið frá upphafi. Umsjónarmaður verkefnisins er Karl Friðriksson frá Iðntæknistofnun. Hann mun hafa eftirlit með framvindu verkefnanna og greiða út styrki til fyrirtækjanna eftir framvindu og árangri miðað við þá áætlun sem samþykkt hefur verið. Þeim verkefnum, sem fengu ekki styrk, mun verða vísað á aðrar fjármögnunarleiðir.

Í stjórn Skipaiðnaðar 1994 sitja fulltrúar frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Málmi, samtökum fyrirtækja úr málmiðnaði, og Samiðn, sambandi iðnfélaga.

124. Fyrirspurn [119. mál]

til utanríkisráðherra um frísvæði á Suðurnesjum.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hefur undirbúningsnefnd um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum lokið störfum?
2. Hvenær er þess að vænta að Alþingi fái tillögur nefndarinnar til umfjöllunar?
3. Hyggst ráðherra leggja fram lagafrumvarp á þessu þingi um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum?

125. Fyrirspurn [120. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni sumarhúsaeigenda.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra skilgreina hvaða þjónustu sveitarfélögum er skylt að sinna með því að innheimta fasteignagjöld af sumarhúsaeigendum?
2. Finnst ráðherra koma til greina að sveitarfélög „eyrnamerki“ þann hluta fasteignaskatts sem greiddur er af sumarhúsaeigendum og að sá sjóður yrði notaður í þágu þeirra sérstaklega?

126. Fyrirspurn [121. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir í samgöngumálum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hvaða fjárveitingar eru ætlaðar til sérstakra framkvæmda í samgöngumálum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga á þessu ári?

2. Hefur sameining sveitarfélaga breytt forgangsröð verkefna í samgöngumálum á næstu árum?
3. Telur ráðherra að unnt verði að standa við fyrirheit þau sem gefin voru af hálfu félagsmálaráðuneytis varðandi samgöngumál þegar undirbúin var sameining sveitarfélaga?

127. Fyrirspurn [122. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu faggreina í netagerð.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hefur menntamálaráðuneytið breytt um stefnu varðandi kennslu í faggreinum netagerðar fyrir samningsbundna iðnnema sem ákveðið var í desember 1988, í samráði við hagsmunaaðila, að aðeins yrði í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og staðfest með bréfi í mars 1994?
2. Á hvaða forsendum var heimilað að þessi kennsla færi fram í Framhaldsskóla Vestmannaeyja nú í haust?
3. Var haft samráð við hagsmunaaðila um þessa ákvörðun?
4. Mun þessi heimild hafa áhrif á kennslu þessara greina við Fjölbrautaskóla Suðurnesja á næstu vorönn?

128. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Í stað II. kafla laganna, **Stjórn náttúruverndarmála**, 2.–8. gr., koma 13 nýjar greinar svohljóðandi:

a. (2. gr.)

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála. Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal umhverfisráðuneytið hafa samráð við Náttúruverndarráð, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd eftir því sem við á hverju sinni.

b. (3. gr.)

Landvarsla ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðuneytisins.

c. (4. gr.)

Landvarsla ríkisins hefur umsjón með þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum, svo og öðrum náttúruverndarsvæðum, skv. 3. gr. laga þessara. Stofnuninni er heimilt með samþykki ráðherra að semja um að taka að sér umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs.

Landvarsla ríkisins skal gæta þess að umferð ferðamanna á svæðum í umsjón hennar valdi ekki raski né spjöllum á náttúru og getur m.a. takmarkað umferð eða lokað svæðum í því skyni.

Landvarsla ríkisins skal árlega gefa umhverfisráðherra skýrslu um ástand svæða í umsjón hennar og aðstöðu þar til að taka á móti ferðamönnum. Í skýrslunni skal jafnframt setja fram tillögur til úrbóta þar sem þörf er á og álit stofnunarinnar á stöðu ferðamála frá sjónarmiði náttúruverndar.

Landvarsla ríkisins skal sjá til þess í samráði við embætti skipulagsstjóra ríkisins og sveitarstjórnir að gerðar verði skipulagsáætlanir fyrir þjóðgarða, friðlýst svæði og önnur náttúruverndarsvæði í umsjón hennar.

Landvarsla ríkisins skal hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í umsjón hennar, m.a. með útgáfu á fræðsluefni um náttúrufar.

Landvörslu ríkisins er heimilt að setja á stofn og reka gestastofur í þjóðgörðum og á öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Í gestastofu skal veita fræðslu um náttúru staðarins, jarðmyndanir og lífríki, fornleifar og aðrar þjóðminjar, reglur sem gilda um svæðið, náttúruvernd og sögu byggðar og landnýtingar. Heimilt er að taka gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu í gestastofu.

Landvarsla ríkisins skal einnig leitast við að efla áhuga á náttúruvernd með útgáfu á fræðsluefni fyrir skóla, fjölmiðla og almenning í samráði við umhverfisráðuneytið. Stofnunin skal hafa samvinnu við sveitarstjórnir, yfirvöld ferðamála og skóla um kynningu á friðlýstum svæðum og náttúruminjum, m.a. þar sem ástæða þykir til að hvetja til heimsókna ferðamanna.

Landvarsla ríkisins skal hafa samstarf við Náttúruverndarráð og samtök áhugamanna um náttúruvernd, m.a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd í samráði við náttúruverndarnefndir.

d. (5. gr.)

Landvarsla ríkisins skal fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum eða framkvæmdum sem brjóta í bága við lög þessi.

Telji Landvarslan nauðsynlegt að halda uppi sérstöku eftirliti með framkvæmd ber þeim sem framkvæmdina annast að endurgreiða stofnuninni kostnað sem hún hefur af slíku. Gera skal fyrir fram áætlun í samráði við framkvæmanda, þar sem fram komi í meginatriðum hvaða kostnaðarliði yrði um að ræða, eftir því sem við verður komið. Ef um minni háttar framkvæmd er að ræða er heimilt að fella niður slíka áætlanagerð, enda séu aðilar sammála um slíkt.

Ef ágreiningur rís á milli Landvörslunnar og framkvæmanda um þau efni sem um ræðir í 2. mgr. sker ráðherra úr.

e. (6. gr.)

Umhverfisráðherra skipar Landvörslu ríkisins þriggja manna stjórn, þar af formann sérstaklega, til fjögurra ára í senn og ákveður stjórnarlaun. Skipa skal jafnmarga menn til vara.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Landvörslu ríkisins. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlanir stofnunarinnar og fylgist með fjárhag hennar og ráðstöfun fjár. Stjórnin gætir samráðs við Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð, sveitarstjórnir, bændur og aðra landnotendur, samtök áhugamanna um náttúruvernd og aðra eins og við á hverju sinni.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Landvörslu ríkisins til 5 ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur framkvæmdastjóra og stjórnar.

f. (7. gr.)

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem umhverfisráðherra skipar til 5 ára í senn að fenginni tillögu stjórnar Landvörslu ríkisins. Þjóðgarðsverðir starfa í umboði Landvörslu ríkisins og annast stjórn og daglegan rekstur þjóðgarða. Þeir ráða landverði og annað starfsfólk þjóðgarðanna. Umhverfisráðherra getur, samkvæmt tillögum Landvörslu ríkisins, falið þjóðgarðsvörðum víðtækara eftirlits- og stjórnunarhlutverk á svæðum í umsjón stofnunarinnar í viðkomandi landshluta.

Á vegum Landvörslunnar starfa landverðir sem sjá m.a. um eftirlit og fræðslu á svæðum í umsjón stofnunarinnar. Ráðherra getur sett í reglugerð fyrirmæli um menntun og starfsskyldur landvarða.

g. (8. gr.)

Að fengnu áliti Landvörslu ríkisins getur umhverfisráðherra með samningum falið öðrum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða, að þjóðgörðum undanskildum, t.d. sveitarfélögum, ferðafélögum, áhugasamtökum um náttúruvernd og einstaklingum. Í samningum skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila hvað varðar umsjón með svæði, mannvirkjagerð þar og aðrar framkvæmdir, landvörslu og menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna og fræðslu og ráðstöfun tekna af gjaldtöku, ef hún er leyfð, og ákveðin skv. 17. gr. laganna.

Eftirlit með framkvæmd slíkra samninga er á hendi Landvörslu ríkisins.

h. (9. gr.)

Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir ákveða fjölda nefndarmanna og kjósa þá til fjögurra ára í senn og ákveða formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Náttúruverndarnefndirnar hafa það hlutverk að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með ábendingum og tillögugerð til umhverfisráðuneytis, sveitarstjórna og Náttúruverndarráðs.

i. (10. gr.)

Náttúruverndarþing kemur saman annað hvert ár. Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd landsins og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Náttúrverndarþing er vettvangur frjálsra félagasamtaka, sem sinna náttúruverndarmálum, stofnana, fræðimanna og annarra sem málið varða. Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing, þar sem kveðið er á um hverjir eiga rétt til setu á þinginu og kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa. Reglurnar skal senda umhverfisráðuneytinu sem auglýsir þær í Stjórnartíðindum í síðasta lagi fjórum vikum áður en náttúruverndarþing hefst.

Verði deilur um seturétt, kjörgengi og kosningarrétt á þinginu skal vísa slíkum málum til úrskurðar á þinginu sjálfu.

j. (11. gr.)

Náttúruverndarráð skal skipað 7 mönnum, kosnum óbundinni kosningu á náttúruverndarþingi. Annað hvert þing skal kjósa formann og varaformann ráðsins sérstaklega til fjögurra ára og tvo aðra ráðsmenn til sama tíma. Á öðrum þingum skal kjósa þrjá ráðsmenn til fjögurra ára. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu.

Ríkissjóður greiðir laun framkvæmdastjóra og veitir framlag til reksturs skrifstofu eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Ríkissjóður greiðir einnig fasta þóknun til ráðsmanna fyrir setu í Náttúruverndarráði.

Fyrir lok marsmánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir umhverfisráðuneytinu fjárhagsáætlun um þau útgjöld sem ríkissjóði ber að greiða og ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

k. (12. gr.)

Hlutverk Náttúruverndarráðs er að stuðla að almennri náttúruvernd í landinu og vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Náttúruverndarráð skal marka sér sjálfstæða stefnu í náttúruverndarmálum og gera náttúruverndarþingi, almenningi og stjórnvöldum grein fyrir henni.

Leita skal eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum stjórnarfrumvörpum á sviði náttúruverndar áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Umsagnar Náttúruverndarráðs skal og leitað við setningu reglugerða um náttúruvernd.

Náttúruverndarráð skal fjalla ítarlega um náttúruminjaskrá áður en hún er gefin út hverju sinni og getur gert tillögur um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir.

Náttúruverndarráð og umhverfisráðherra hafa fund með sér tvisvar á ári eða oftar ef þurfa þykir, um stefnu og ákvarðanir stjórnvalda er varða náttúruvernd.

l. (13. gr.)

Náttúruverndarráð annast vörslu friðlýsingarsjóðs. Tilgangur sjóðsins er að fjármagna einstök verkefni í þágu náttúruverndar, sbr. skipulagsskrá þjóðhátíðarsjóðs. Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr honum í samræmi við tilgang hans og reglugerð, sbr. 3. mgr.

Í stjórn sjóðsins sitja formaður Náttúruverndarráðs, sem jafnframt er formaður stjórnar, einn fulltrúi tilnefndur af Landvörslu ríkisins og einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Að fengnum tillögum stjórnar setur ráðherra í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi friðlýsingarsjóðs.

m. (14. gr.)

Umhverfisráðuneytið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðuneytið falið gróðurverndarnefndum slíkt eftirlit.

Umhverfisráðuneytið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Umhverfisráðherra getur í samráði við landbúnaðarráðherra ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 1. og 2. mgr.

2. gr.

Í stað III. kafla laganna, **Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna**, 9.–10. gr. koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (15. gr.)

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum.

b. (16. gr.)

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Landvörslu ríkisins, að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og friðlöndum.

Umhverfisráðherra er einnig heimilt, að fenginni tillögu Landvörslunnar, að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum. Heimild þessi nær þó aðeins til svæða þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Um ráðstöfun tekna sem aflast skv. 1. og 2. mgr. gildir sú almenna regla að tekjunum skuli varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra er aflað. Umhverfisráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu að því tilskildu að tekjunum sé varið til náttúruverndar í friðlöndum og þjóðgörðum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. kafla laganna, **Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni**:

a. Í stað orðsins „Náttúruverndarráði“ í 3. mgr. 12. gr. kemur: Umhverfisráðherra.

b. Í stað 2. mgr. 13. gr. kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:

Umhverfisráðherra skal setja reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þar á meðal um merkingu vega og slóða. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill.

c. Við síðasta málslið 1. mgr. og við 2. mgr. 17. gr. bætist: og Landvörslu ríkisins.
d. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 2. málsl. 18. gr. kemur: Landvarsla ríkisins.
e. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í upphafi 3. mgr. 19. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
f. 21. gr. laganna fellur niður.
g. Greinartölur 11.–20. gr. laganna breytast og verða 17.–26. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á V. kafla laganna, **Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða**:

a. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í upphafi 1. mgr. 22. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
b. Við 1. mgr. 22. gr. bætist: að mati Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.
c. Í 4. mgr. 22. gr. falla brott orðin „nema eftir fyrirmælum Náttúruverndarráðs“.
d. 23. gr. laganna hljóðar svo:

Umhverfisráðherra getur að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands friðlýst örverur og jurtir sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að sé ekki raskað, fækkað, eða útrýmt. Jafnframt skal friðlýsa lífsvæði tegundar, eða hluta þess, ef nauðsynlegt þykir að ná fram markmiði friðlýsingarinnar.

Friðunin getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Um lífsvæði fugla og dýra, sem friðuð eru samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, skal fara með sama hætti ef brýnt þykir að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands til að viðhalda tegundinni.

e. Í stað orðanna „Náttúruverndarráð friðað í heild“ í 1. mgr. 24. gr. kemur: umhverfisráðherra friðað í heild að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.
f. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
g. 1. og 2. mgr. 25. gr. orðast svo:

Ef landsvæði er sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvílir sérstök helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur umhverfisráðherra lýst það þjóðgarð. Þjóðgarðar skulu að jafnaði vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðuneytis og landeigenda.

Þjóðgarðsverðir fara með stjórn þjóðgarða í umboði Landvörslu ríkisins, sbr. 6. gr. Umhverfisráðherra setur reglur um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgang almennings að fenginni tillögu Landvörslunnar og umsögn Náttúruverndarráðs um hana.

h. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 1. mgr. 26. gr. kemur: umhverfisráðuneytis.
i. Í stað orðanna „Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallist“ í 2. mgr. 26. gr. koma orðin: umhverfisráðherra getur á tillöguna fallist að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs og Landvörslu ríkisins.
j. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 3. og 4. mgr. 26. gr. kemur: Landvarsla ríkisins.

k. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 6. mgr. 26. gr. kemur: umhverfisráðuneyti.
l. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 8. mgr. 26. gr. kemur: Landvörslu ríkisins.
m. Í 9. mgr. 26. gr. falla niður orðin „Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra“. Í þeirra stað kemur: umhverfisráðherra úr um málið.
n. Í 1. mgr. 27. gr. fellur orðið „Náttúruverndarráð“ niður en í þess stað kemur: „Landvarsla ríkisins“.
o. Greinartölur 22.–27. gr. laganna breytast og verða 27.–32. gr.
p. Við kaflann bætist ný grein sem verður 33. gr. og hljóðar svo:

Staðir og svæði sem búið er að friðlýsa samkvæmt ákvæðum þessara laga eða eru á náttúruminjaskrá nefnast náttúruverndarsvæði. Til náttúruverndarsvæða teljast einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Gera skal vörsluáætlun fyrir hvert náttúruverndarsvæði þar sem fram kemur hvernig ná skuli markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VI. kafla laganna, **Framkvæmd friðlýsingar**:

a. Við kaflann bætist ný grein sem verður 34. gr. og hljóðar svo:

Umhverfisráðuneytið skal gefa náttúruminjaskrá út þriðja hvert ár og auglýsa hana í Stjórnartíðindum. Á náttúruminjaskrá skulu vera upplýsingar um öll náttúruverndarsvæði landsins og um náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi sem friðlýst hafa verið samkvæmt lögum þessum.

Í náttúruminjaskrá skal að auki telja upp náttúrumyndanir, sem æskilegt er að friðlýsa, svo og lönd þau sem ástæða kann að verða að lýsa friðlönd, leggja til þjóðgarða eða fólkvanga eða vernda á annan hátt vegna náttúru sinnar eða landslags.

Í skránni skulu vera ítarlegar upplýsingar um hvert svæði og rökstuðningur fyrir verndun þeirra eða friðun, m.a. skal færa í skrána þær upplýsingar um minjar og lönd sem nauðsynlegar eru vegna varðveislu eða friðlýsingar, svo sem um beinan og óbeinan eignarrétt, mörk svæðis, náttúruverndargildi, aðsteðjandi hættur og æskilegar aðgerðir til verndar.

Í náttúruminjaskrá skal einnig vera listi yfir örverur, jurtir, dýr og vistkerfi, sem æskilegt þykir að vernda, m.a. til að tryggja varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Fram skal koma rökstuðningur fyrir verndun, markmið með henni, hvernig þeim verði best náð og til hvaða staða á landinu hún nái.

Landvarsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu með aðstoð náttúruverndarnefnda og náttúrustofa gera rökstuddar tillögur til umhverfisráðuneytisins um svæði, náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi á náttúruminjaskrá. Náttúruverndarráð, félagasamtök eða einstaklingar geta jafnframt gert slíkar tillögur og skal þá ráðuneytið fallast á eða hafna tillögunni með rökstuddu áliti innan fjögurra mánaða frá því að hún berst.

Leita skal eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum tillögum annarra áður en á þær er fallist.

Heimilt er með reglugerð að setja reglur um skráningu náttúruminja og verkaskiptingu Landvörslu ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands á því sviði.

b. 1. mgr. 28. gr. fellur niður.
c. 2. mgr. 28. gr. hljóðar svo: Ef umhverfisráðherra telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum, skal fela Landvörslu ríkisins að freista þess að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra er eiga hagsmuna að gæta. Verði samkomulag skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.
d. 29. gr. fellur brott.
e. 1. mgr. 30. gr. orðast svo:
Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda, annarra rétthafa eða sveitarfélags þess sem hlut eiga að máli, skal Landvarsla ríkisins semja tillögu um friðlýsinguna.
f. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 30. gr. kemur: Landvörslu ríkisins.
g. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 31. gr. kemur: Landvarsla ríkisins í umboði ráðherra.
h. 32. gr. orðast svo:
Áður en ráðherra tekur ákvörðun um friðun og friðunarákvæði skal leita eftir áliti Náttúruverndarráðs. Gefa skal ráðinu 6 vikur til að gera athugasemdir.
i. Í 1. mgr. 33. gr. fellur niður: skv. 32. gr.
j. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 33. gr. kemur: Landvörslu ríkisins.
k. Greinartölur 28.–33. gr. laganna breytast og verða 35.–39. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á VII. kafla laganna, **Ýmis ákvæði**:

a. Á undan 1. mgr. 37. gr. kemur ný málsgrein:
Fái starfsfólk Landvörslu ríkisins, eða annarra aðila sem falin hefur verið umsjón svæða með samningi, vitneskju í starfi sínu um að brot hafi verið framið gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, ber þeim að tilkynna það lögreglu svo skjótt sem auðið er. Yfirmaður svæðisins skal gera eða láta gera skýrslu um atvikið og afhenda hana lögreglu. Ráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd skýrslugerðar.
b. Greinartölur 34.–38. gr. laganna breytast og verða 40.–44. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella þau að lögum nr. 47/1971 og samræma greinartölur og gefa lögin út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. situr núverandi Náttúruverndarráð uns náttúruverndarþing hefur verið haldið. Umhverfisráðherra boðar til 9. náttúruverndarþings eigi síðar en í árslok 1995. Í kosningum til Náttúruverndarráðs skal kjósa formann og varaformann ásamt tveimur ráðsmönnum til fjögurra ára en þrjá ráðsmenn til tveggja ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um náttúruvernd, nr. 47/1971, eru að stofni til frá árinu 1956. Þessi lög hafa reynst vel en tímabært þykir að endurskoða þau vegna breytinga sem orðið hafa á skipan náttúruverndarmála í stjórnkerfinu og löggjöf á sviði umhverfismála. Sérstakt ráðuneyti umhverfismála var stofnsett árið 1990 og tekur að verulegu leyti við því hlutverki sem Náttúruverndarráði er falið að gegna í gildandi lögum um náttúruvernd. Eftir stofnun ráðuneytisins er eðlilegt að það hafi yfirumsjón með stefnumótun stjórnvalda í náttúruverndarmálum og annist þær stjórnvaldsaðgerðir sem Náttúruverndarráð sér nú um. Verulegar breytingar hafa einnig orðið á viðhorfi fólks til náttúruverndar og ný löggjöf verið sett á undanförnum árum sem áhrif hefur á framkvæmd náttúruverndarmála. Má þar t.d. nefna lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um náttúruvernd um langt skeið. Menntamálaráðherra lagði t.d. fram á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85 frumvarp til laga um náttúruvernd sem samið var að tilstuðlan náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs. Það frumvarp varð ekki útrætt á því þingi og var ekki endurflutt. Náttúruverndarráð fjallaði á næstu árum þar á eftir ítarlega um framtíðarskipan náttúruverndarmála og varð sammála um að breytingar væru óumflýjanlegar í ljósi þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað frá því að náttúruverndarlögin voru samþykkt árið 1971. Elín Pálmadóttir, þáverandi varaformaður Náttúruverndarráðs, kynnti tillögur ráðsins um breytingar á 6. náttúruverndarþingi 1987 fyrir hönd ráðsins og sagði þá m.a.: „Miðað við þau verkefni sem Náttúruverndarráð hefur lögum samkvæmt, sýnist tilurð þess orðin óeðlileg, þ.e. þetta blandaða kjör þar sem ráðherra skipar formann og varaformann og frjáls félög sín úr hverri áttinni, auk náttúruverndarnefndanna, kjósa sex fulltrúa sína. Þegar til daglegra vinnubragða kemur er ráðinu svo ætlað að starfa á ábyrgð ráðherra. Það hefur vissa ábyrgð gagnvart stefnu ríkisstjórnarinnar og framkvæmd hennar, eins og hún er hjá ríkisstjórn hverju sinni. Náttúruverndarráð er rekið í umboði ráðherra og fyrir fé úr ríkissjóði. Það getur ekki eðli sínu samkvæmt starfað sem frjálst félag þótt meirihluti ráðsmanna taki umboð sitt úr þeirri átt og við höfum stundum orðið vör við þennan tvískinnung, t.d. í hvalamálinu. Stjórnskipulega er Náttúruverndarráð því hálfgerður bastarður. Raunar voru strax skiptar skoðanir um þetta fyrirkomulag 1971, enda hvergi verið tekið upp síðan. Við teljum farsælla að greina þarna á milli. Rekstur verði skilvirkari með því að vera ráðuneytisdeild, er veiti um leið meira svigrúm fyrir frjálsu félögin, sem eðlilega hafa tilhneigingu til að telja málin alfarið í verkahring Náttúruverndarráðs og það dregið kraftinn úr þeim. Auk þess sem sífellt er verið að rugla þessum aðilum og störfum þeirra saman. Uppstokkun á verktilhögun og vinnubrögðum er því að okkar dómi löngu tímabær.“

Á tímabilinu 1988–90 var lítið rætt um endurskoðun náttúruverndarlaga vegna umræðu um stofnun umhverfisráðuneytis. Eftir stofnun þess var þráðurinn tekinn upp að nýju og snemma árs 1991 ákvað Náttúruverndarráð að endurskoða verksvið sitt í ljósi breyttra aðstæðna og semja tillögu um nýja náttúruverndarstefnu. Í framhaldi af því kynnti Náttúruverndarráð drög að stefnu í náttúruvernd á 8. náttúruverndarþingi í október 1993 ásamt ítarlegri greinargerð.

Umhverfisráðherra skipaði nefnd í janúar 1992 til að endurskoða þá þætti náttúruverndarlaga sem lúta að hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála með hliðsjón af stofnun ráðuneytis umhverfismála. Nefndinni var falið að semja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd og um aðrar lagabreytingar sem hún teldi æskilegt að gera á stjórn náttúruverndarmála. Óskað var eftir að nefndin lyki störfum fyrir 1. ágúst 1992. Eigi reyndist unnt að ljúka nefndarstörfum innan settra tímamarka og þegar ráðherraskipti urðu í umhverfisráðuneytinu í júní 1993 var það mat ráðuneytisins að langur tími mundi líða þar til nefndin næði saman um drög að frumvarpi. Í framhaldi af því var nefndin leyst frá störfum.

Í ræðu sem Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra flutti við setningu 8. náttúruverndarþings 29. október 1993 fjallaði hann m.a. um endurskoðun á stjórnunarþætti náttúruverndarlaganna og kynnti tillögur sem samdar höfðu verið í ráðuneytinu að hans ósk. Í ræðu ráðherra kom fram að kjarninn í tillögunum væri að skipta þeim verkefnum ríkisins sem Náttúruverndarráð hefur nú með höndum á umhverfisráðuneytið og stofnanir þess, en skapa jafnframt nýjan grundvöll fyrir sjálfstætt Náttúruverndarráð, sem verður óháð valdboði ráðherra og mun ekki annast stjórnsýslu á vegum ríkisins né bera ábyrgð á ríkisrekstri.

Á grundvelli þessara tillagna var á 117. löggjafarþingi 1993–1994 lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu og er hér endurflutt með nokkrum breytingum. Ákveðið var að tvískipta endurskoðun náttúruverndarlaganna og leggja áherslu í þessum fyrri áfanga á breytingar á þeim lagaákvæðum sem lúta að stjórnkerfi náttúruverndarmála, verkaskiptingu stofnana og hlutverki Náttúruverndarráðs. Jafnframt skyldi leita leiða til að styrkja friðlýsingarþátt laganna með hliðsjón af aðild Íslands að alþjóðasamningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem umhverfisráðherra undirritaði fyrir Íslands hönd í Rio de Janeiro 12. júní 1992. Í síðari áfanga er stefnt að endurskoðun á öðrum ákvæðum laganna, sérstaklega þeim kafla náttúruverndarlaganna sem fjallar um aðgang almennings að náttúru landsins og umgengni.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, tekur mið af stefnumörkun ráðherra varðandi stjórnsýsluþátt náttúruverndarlaga sem kynnt var á 8. náttúruverndarþingi, drögum Náttúruverndarráðs að stefnu í náttúruvernd sem kynnt var á sama þingi, fyrri samþykktum Náttúruverndarráðs um framtíðarskipan náttúruverndarmála og nýrri löggjöf á sviði umhverfismála. Meginmarkmið þeirra breytinga á gildandi lögum um náttúruvernd sem felast í þessu frumvarpi eru:

1. að laga stjórn þessa málaflokks að stofnun umhverfisráðuneytisins,
2. að skilja ríkisrekstur frá annarri starfsemi Náttúruverndarráðs og tryggja sjálfstæði þess gagnvart Stjórnarráðinu,
3. að skapa grundvöll fyrir sjálfstætt og virkt Náttúruverndarráð,
4. að samræma verksvið umhverfisráðuneytis og stofnana þess,
5. að samræma lög um náttúruvernd nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og löggjöf á sviði mengunarvarna,
6. að styrkja stefnu um friðlýsingar og framkvæmd friðlýsinga.

Samkvæmt frumvarpinu mun Náttúruverndarráð ekki sinna stjórnsýslu á vegum ríkisins eða bera ábyrgð á ríkisrekstri. Ráðið verður sjálfstæður en þó lögbundinn ráðgjafar- og umsagnaraðili á sviði náttúruverndar. Gert er ráð fyrir því að Náttúruverndarráð móti sjálfstæða stefnu í náttúruverndarmálum og geti, ef svo ber undir, gagnrýnt stefnu ríkisins í einstökum málum. Náttúruverndarráð mun hafa bakhjarl í náttúruverndarþingi og lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda á sviði umhverfismála.

Lagt er til að sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, sem að stofni til er núverandi skrifstofa Náttúruverndarráðs, taki við hluta af verkefnum Náttúruverndarráðs. Undirbúningur friðlýsinga, framkvæmd friðlýsinga og rekstur þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða verður kjölfestan í náttúrverndarstarfi stofnunarinnar.

Eftirlit með framkvæmdum hefur verið veigamikill þáttur í starfi Náttúruverndarráðs. Með bættri löggjöf á sviði mengunarmála og með lögum um mat á umhverfisáhrifum er slíkt eftirlit sett í nýjan farveg, sem óhjákvæmilega breytir því hlutverki sem Náttúruverndarráð hefur gegnt á þessu sviði. Náttúruverndarráð mun þó eftir sem áður gegna ákveðnu og mjög mikilvægu sjálfstæðu umsagnar- og eftirlitshlutverki. Eftirlit hins opinbera með því að náttúru landsins sé ekki spillt, auk eftirlits með framkvæmdum flyst frá Náttúruverndarráði til Landvörslu ríkisins, enda eðlilegt að ríkisstofnun sinni þessu hlutverki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að náttúruminjaskrá verði efld sem stefnumarkandi þáttur. Umhverfisráðuneytið mun gefa skrána út en undirbúningur hennar mun verða á vegum Landvörslu ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem annast mun öflun grunnupplýsinga. Náttúruverndarráð skal fjalla ítarlega um skrána áður en hún er út gefin og gerir tillögur um breytingar.

Helstu breytingarnar, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því að það var fyrst lagt fram á Alþingi, eru á fyrstu grein þess. Við breytingarnar var tekið nokkurt mið af athugasemdum sem Alþingi bárust við frumvarpið og leitast við að skýra það og einfalda. Eitt meginmarkmið breytinganna á frumvarpinu er að draga betur fram sjálfstæði Náttúruverndarráðs og aðskilnað þess frá ríkisvaldinu. Sérstaklega skal bent á sjö atriði við 1. gr. frumvarpsins sem tóku breytingum: Í fyrsta lagi er (í a- og e-liðum 2. gr. og 6. gr.) kveðið á um samráð við bændur og aðra landnotendur; í öðru lagi mun ráðherra (skv. e-lið 6. gr.) skipa stjórn Landvörslu ríkisins án tilnefninga; í þriðja lagi (í h-lið 9. gr.) verða náttúruverndarnefndirnar óbreyttar frá því sem er í gildandi löggjöf; í fjórða lagi er (í i-lið 10. gr.) felld niður upptalning á þeim sem eiga rétt til setu á náttúruverndarþingi og í staðinn kemur almennt ákvæði um seturétt; í fimmta lagi eru (í j-lið 11. gr.) felldar niður tilnefningar í Náttúruverndarráð; í sjötta lagi eru ákvæði um eftirlitshlutverk Náttúruverndarráðs felld niður og almennt eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt og eftirlit með framkvæmdum fært til Landvörslunnar (d-liður 5. gr.); og í sjöunda lagi er varsla friðlýsingarsjóðs (í l-lið 13. gr.) færð frá Landvörslu ríkisins til Náttúruverndarráðs. Í g-lið 4. gr., er opnuð sú leið að þjóðgarðar verði ekki að öllu leyti í eigu ríkisins náist samkomulag um slíkt milli eigenda og umhverfisráðuneytis. Ríkiseign á þjóðgörðum verður eftir sem áður meginreglan. Sérstaklega skal bent á eina breytingu á 5. gr. frumvarpsins. 29. gr. núgildandi laga um náttúruvernd er felld niður en hún kveður á um eftirlitshlutverk Náttúruverndarráðs. Greinin er óþörf í ljósi nýrrar 5. gr. og laga um mat á umhverfisáhrifum. Að lokum er bent á viðbót við 6. gr. frumvarpsins en á undan 1. mgr. 37. gr. kemur ný málsgrein um skýrslugerð starfsmanna Landvörslunnar vegna brota á lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í nýrri 2. gr. er kveðið á um samráð umhverfisráðuneytis við Náttúruverndarráð, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði. Ákvæði þetta er í samræmi við þá stefnu, sem staðfest var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro 1992, að veita almannasamtökum aðild að stefnumörkun á sviði umhverfismála þar sem því verður við komið.

Í b–g-liðum 3.–8. gr., er fjallað um Landvörslu ríkisins sem verður ný ríkisstofnun byggð á gömlum grunni. Hér er um að ræða skrifstofu Náttúruverndarráðs sem nú er kostuð af ríkissjóði, en fær nýtt hlutverk við aðskilnað frá ráðinu og betur skilgreinda stöðu innan ríkiskerfisins. Landvarsla ríkisins verður undir yfirstjórn umhverfisráðuneytisins, sbr. nýja 3. gr.

Samkvæmt nýrri 4. gr. skal Landvarsla ríkisins hafa umsjón með rekstri og framkvæmdum á friðlýstum svæðum og öðrum náttúruverndarsvæðum í samræmi við ákvæði laga þar að lútandi, en Náttúruverndarráð hefur annast þessa umsjón fyrir hönd ríkisins samkvæmt gildandi lögum. Nýmæli er að stofnuninni verður heimilt skv. 1. mgr. nýrrar 4. gr. að taka að sér umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs.

Í samræmi við umsjónarhlutverk Landvörslunnar er henni gert skylt skv. 3. mgr. nýrrar 4. gr. að gefa ráðherra skýrslu árlega um ástand lands í hennar umsjá og um aðstöðu þar til að taka á móti ferðamönnum. Jafnframt skulu settar fram tillögur til úrbóta sé þess þörf og álit stofnunarinnar á stöðu ferðamála frá sjónarmiði náttúruverndar. Ákvæði þetta, sem er nýmæli, og önnur sem kveða á um samvinnu Landvörslunnar við yfirvöld ferðamála eru sett með vísun til þess að vernd náttúru er einn af hornsteinum ferðaþjónustu hér á landi.

Landsvæði, sem vernduð eru sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, laða til sín ferðamenn. Mikill fjöldi ferðamanna á takmörkuðu svæði hefur í för með sér hættu á umhverfisspjöllum sem nauðsynlegt er að draga úr. Í 2. mgr. nýrrar 4. gr. er kveðið á um eftirlitsskyldu Landvörslu ríkisins með ferðamönnum á svæðum í hennar umsjá og heimild veitt til að takmarka umferð og loka svæðum til að koma í veg fyrir spjöll á landi. Í 4. mgr. nýrrar 4. gr. er það nýmæli að áhersla er lögð á gerð skipulagsáætlana fyrir þjóðgarða og önnur friðlýst svæði í umsjá Landvörslunnar til að tryggja varðveislu þessara svæða og bæta umgengni og nýtingu.

Fræðsla er undirstaða virkrar náttúruverndar. Í 5. og 7. mgr. nýrrar 4. gr. er kveðið á um skyldu Landvörslu ríkisins til að hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í hennar umsjá og um útgáfu á fræðsluefni fyrir skóla, fjölmiðla og almenning í samráði við umhverfisráðuneytið. Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um náttúruvernd. Jafnframt er stofnuninni heimilað skv. 6. mgr. nýrrar 4. gr. að setja á stofn og reka gestastofur í þjóðgörðum og öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni. Heimilt verður að taka gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu í gestastofu til að standa straum af rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir að í gestastofu verði náttúra staðarins kynnt, jarðmyndanir og lífríki, reglur sem gilda um svæðið, náttúruvernd, saga byggðar og landnýting. Ákvæði þetta er nýmæli sem tekur mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað og stefnumörkun Náttúruverndarráðs um þjónustu

við ferðamenn á friðlýstum svæðum. Gestastofa hefur þegar verið sett á stofn við Gullfoss og undirbúningur er hafinn að gestastofu við Mývatn. Áætlun hefur einnig verið gerð um gestastofur í þjóðgörðunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Eðlilegt þykir að uppbygging og rekstur gestastofa verði á verksviði Landvörslu ríkisins í stað Náttúruverndarráðs eftir að ráðið hefur verið losað við allan rekstur fyrir hönd ríkisins og umsjón með náttúruverndarsvæðum.

Í 8. mgr. nýrrar 4. gr. er kveðið á um samstarf Landvörslu ríkisins við Náttúruverndarráð og samtök áhugamanna um náttúruvernd. Ákvæði þetta tekur mið af þeirri verkaskiptingu á milli Landvörslunnar, Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefnda sem lögð er til í frumvarpinu en er að öðru leyti efnislega samhljóða 4. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Verulegur hluti af starfi Náttúruverndarráðs hefur verið að framfylgja 29. gr. gildandi laga um náttúruvernd. Með nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum flyst þessi starfsemi hins vegar að miklu leyti til embættis skipulagsstjóra ríkisins, sem hefur lögum samkvæmt umsjón með matinu.

Landvörslu ríkisins ber skv. nýrri 5. gr. að fylgjast með því, að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóti í bága við lög. Rétt þykir að fela Landvörslunni þetta almenna eftirlitshlutverk, auk eftirlits með framkvæmdum. Nýtt og óháð Náttúruverndarráð getur eðli málsins samkvæmt ekki sinnt þessu hlutverki, enda væri það í andstöðu við þau meginsjónarmið sem frumvarpið byggist á.

Eftirlitsmenn hafa starfað um langt skeið í hlutastörfum á vegum Náttúruverndarráðs og hefur verkefni þeirra verið eftirlit með almennum framkvæmdum og sérstaklega þeim sem falla undir ákvæði 29. gr. gildandi laga og 33.–40. gr. reglugerðar um náttúruvernd (nr. 205/1973). Kostnaður af störfum þeim hefur oftast verið greiddur af þeim sem framkvæmdina hefur annast.

Í nýrri 5. gr. er Landvörslu ríkisins falið þetta hlutverk og er framkvæmanda gert að bera kostnað af eftirliti samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun þegar um er að ræða framkvæmdir. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi lög og reglugerð um náttúruvernd og er nauðsynlegt til að gera Landvörslu ríkisins kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu af fullum krafti.

Samkvæmt nýrri 6. gr. skipar ráðherra stjórn Landvörslunnar án tilnefninga til fjögurra ára í senn. Eðlilegt er að stjórnin sé skipuð óháð hagsmunaaðilum enda erfitt að gera upp á milli þeirra fjölmörgu sem eiga hagsmuna að gæta. Skýrt er kveðið á um samráð stjórnarinnar við Náttúruverndarráð, samtök áhugamanna um náttúruvernd og hagsmunaðila. Lagt er til að ráðherra skipi Landvörslunni framkvæmdastjóra til 5 ára í senn sem fari með daglega stjórn stofnunarinnar og hafi umsjón með rekstri hennar.

Í hverjum þjóðgarði skal vera þjóðgarðsvörður samkvæmt nýrri 7. gr. sem starfar í umboði Landvörslu ríkisins og annast stjórn og daglegan rekstur garðsins. Þjóðgarðsvörður ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins, þar á meðal landverði, að fengnu samþykki framkvæmdastjóra Landvörslu ríkisins. Ráðherra skipar þjóðgarðsverði að fenginni tillögu stjórnar Landvörslu ríkisins og getur falið þeim víðtækara eftirlits- og stjórnunarhlutverk á svæðum í umsjón Landvörslunnar, hverjum í sínum landshluta. Þjóðgarðsvörður hefur starfað um langt skeið í þjóðgarðinum í Skaftafelli samkvæmt reglugerð (nr. 319/1984) og í reglugerð um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum (nr. 359/1993) er gert ráð fyrir að þar starfi þjóðgarðsvörður. Náttúruverndarráð ræður þjóðgarðsverði nú til að fara með daglega stjórn þjóðgarða og starfa þeir samkvæmt erindisbréfum. Lagabreytingin, sem hér er lögð til, miðar að því að auka ábyrgð þjóðgarðsvarða á rekstri þjóðgarðanna

og styrkja stöðu þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir að þjóðgarðsverðir geti sinnt verkefnum á öðrum svæðum í umsjón Landvörslunnar hver í sínum landshluta eftir aðstæðum. Það ætti að leiða til aukinnar samnýtingar og samræmingar.

Á svæðum í umsjá Landvörslu ríkisins starfa landverðir samkvæmt nýrri 2. mgr. 6. gr. og skulu þeir m.a. annast eftirlit og fræðslu. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 3. mgr. 7. gr. gildandi laga um náttúruvernd, sbr. reglugerð nr. 61/1990 um landverði.

Ný 8. gr. tekur mið af þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu á starfsemi skrifstofu Náttúruverndarráðs eftir aðskilnað hennar frá ráðinu. Gert er ráð fyrir að Landvarsla ríkisins verði lítil en skilvirk stofnun. Til að ná þessu markmiði og draga úr miðstýringu er heimild til ráðherra að fela öðrum með samningum að annast framkvæmdir og rekstur á svæðum í umsjá Landvörslunnar, að þjóðgörðum undanskildum. Þar má nefna sveitarfélög, ferðafélög, einstaklinga og samtök um náttúruvernd. Í samningum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila. Sambærilegt ákvæði er í 4. gr. reglugerðar um náttúruvernd (nr. 205/1973), en þar segir að Náttúruverndarráð geti falið öðrum umsjón með friðlýstum svæðum.

Í nýrri 9. gr. er fjallað um náttúruverndarnefndir. Ákvæði þetta er samhljóða 3. gr. laga um náttúruvernd frá 1971.

Ný 10. gr. fjallar um náttúruverndarþing. Lagt er til að náttúruverndarþing komi saman annað hvert ár í stað þriðja hvers árs eins og verið hefur. Hlutverk þingsins verður skv. 2. mgr. nýrrar 10. gr. að fjalla um náttúruvernd landsins og kjósa Náttúruverndarráð. Í samræmi við breytt hlutverk Náttúruverndarráðs og sjálfstæði þess gagnvart ríkisvaldinu þykir ekki eðlilegt að kveða á um það í lögum eða reglugerð ráðherra hverjir eigi seturétt á náttúruverndarþingi. Þess í stað er almennt ákvæði um náttúruverndarþing sem vettvang frjálsra félagasamtaka sem sinna náttúruverndarmálum, stofnana, fræðimanna og annarra sem málið varðar. Nánari framkvæmd þessa ákvæðis hverju sinni er í höndum Náttúruverndarráðs sem semur reglur um seturétt, kjörgengi og kosningarrétt á þinginu. Umhverfisráðuneytið auglýsir þessar reglur í Stjórnartíðindum í síðasta lagi fjórum vikum fyrir þingið en tekur ekki afstöðu til þeirra. Verði deilur um reglur Náttúruverndarráðs skal vísa þeim til úrskurðar á þinginu sjálfu.

Í nýrri 11. gr. er fjallað um skipan Náttúruverndarráðs og kostnað sem ríkissjóður ber af starfsemi þess. Eins og verið hefur er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð verði skipað sjö mönnum. Lagt er til að á öðru hverju þingi verði formaður og varaformaður kosnir til fjögurra ára og tveir aðrir ráðsmenn til sama tíma. Á öðrum þingum verði þrír ráðsmenn kosnir til fjögurra ára. Tillaga þessi er gerð til að tryggja samfellu í starfi ráðsins og eðlilega endurnýjun. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður tryggi fjárhagslegan grundvöll Náttúruverndarráðs skv. 3. mgr. með því að greiða laun framkvæmdastjóra, fasta þóknun til ráðsmanna og veita framlag til reksturs á skrifstofu. Rétt er að benda á að Náttúruverndarráð hefur til ráðstöfunar 5% af árlegum tekjuafgangi Endurvinnslunnar hf. eins og kveðið er á um í lögum um hana (nr. 52/1989). Skv. 4. mgr. nýrrar 11. gr. skal Náttúruverndarráð gera fyrir lok marsmánaðar ár hvert tillögur um útgjöld sem ríkissjóði ber að greiða og senda umhverfisráðuneytinu. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga. Ráðinu verður heimilt að afla sér annarra tekna að eigin frumkvæði.

Í nýrri 12. gr. er áhersla lögð á sjálfstæði Náttúruverndarráðs skv. 1. mgr. og er kveðið á um að ráðið skuli marka sér sjálfstæða stefnu í náttúruverndarmálum og gera náttúruverndarþingi, almenningi og stjórnvöldum grein fyrir henni. Mikilvægt þykir að ráðið hafi sína eigin stefnu, óháða stefnu ríkisvaldsins, sem taki mið af vilja náttúruverndarþings, eigi Náttúruverndarráð að geta sinnt því meginverkefni sínu að gæta almannahagsmuna í náttúruvernd. Hlutverk Náttúruverndarráðs verður að stuðla að náttúruvernd og vera stjórnvöldum til ráðgjafar á því sviði.

Í 2. mgr. nýrrar 12. gr. er kveðið á um lögbundið umsagnarhlutverk Náttúruverndarráðs. Álits ráðsins skal leitað við gerð stjórnarfrumvarpa og setningu reglugerða á sviði náttúruverndar. Ráðið skal jafnframt fjalla ítarlega um náttúruminjaskrá áður en hún er gefin út og hafa frumkvæði að friðlýsingu og öðrum verndunaraðgerðum. Til að tryggja samstarf við stjórnarráðið er í 4. mgr. kveðið á um reglubundna fundi ráðsins með umhverfisráðherra um stefnu og ákvarðanir stjórnvalda á sviði náttúruverndar.

Samkvæmt nýrri 13. gr. annast Náttúruverndarráð vörslu friðlýsingarsjóðs. Í 3. gr. skipulagsskrár þjóðhátíðarsjóðs segir að fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skuli renna til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs. Auk árlegs framlags þjóðhátíðarsjóðs hefur friðlýsingarsjóður haft tekjur af gjöfum og af sérstökum verkefnum sem Náttúruverndarráð hefur gengist fyrir til tekjuöflunar fyrir sjóðinn. Umhverfisráðuneytið samþykkti formlega stofnun sjóðsins í apríl 1991 en þá hafði hann verið til um langt árabil. Skipulagsskrá var send dómsmálaráðuneyti til staðfestingar 17. apríl 1991 en ráðuneytið taldi þá ekki þörf á að staðfesta hana. Hér er lagt til að styrkari stoðum verði rennt undir friðlýsingarsjóð sem lúti stjórn þriggja manna sem skipaðir verða af Náttúruverndarráði til fjögurra ára í senn. Í stjórn sjóðsins verða formaður Náttúruverndarráðs, sem jafnframt verður formaður stjórnar, framkvæmdastjóri Landvörslu ríkisins og einn samkvæmt tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr honum í samræmi við tilgang hans og reglur sem ráðherra setur skv. 3. mgr.

Ný 14. gr. er efnislega samhljóða 5., 6. og 7. mgr. 7. gr. gildandi laga. Eina breytingin er að í stað Náttúruverndarráðs mun umhverfisráðuneytið vinna að gróðurvernd ásamt Landgræðslu ríkisins og að skógvernd ásamt Skógrækt ríkisins. Þetta verkefni ráðuneytisins er í samræmi við það samkomulag sem gert var þegar ráðuneyti umhverfismála var sett á laggirnar og endurspeglast í 5., 6. og 7. mgr. 7. gr. náttúruverndarlaga sem samþykktar voru með lögum nr. 47/1990. Sjálfstætt Náttúruverndarráð, óháð valdboði umhverfisráðherra, getur eðli sínu samkvæmt ekki gegnt þessu hlutverki.

Um 2. gr.

Lagt er til að í stað 9. og 10. gr. laganna, sem falla brott, komi tvær nýjar greinar sem verða 15. og 16. gr.

Ný 15. gr. er samhljóða 10. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í nýrri 16. gr. verður umhverfisráðherra heimilt, að fengnum tillögum Landvörslu ríkisins, að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og friðlöndum. Heimild þessi er þó bundin því skilyrði að vel sé skilgreint hverju sinni hvað verið er að greiða fyrir. Jafnframt verður ráðherra heimilt skv. 1. mgr. nýrrar 16. gr. að ákveða tímabundið gjald

fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum, að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins, ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna á slíku svæði eða hætta er á spjöllum. Skv. 3. mgr. skal sú almenna regla gilda að tekjum skuli varið til eftirlits eða framkvæmda á sama svæði og þeirra er aflað.

Ferðamenn þurfa nú víða að greiða fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum og nægir þar að nefna greiðslur fyrir tjaldstæði og aðgang að hreinlætisaðstöðu. Slík gjöld eru t.d. innheimt í þjóðgörðunum, sem eru ríkisreknir, og á svæðum þar sem ferðafélög hafa komið upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Gjaldtaka þessi er ekki nema að litlu leyti samræmd og í sumum tilfellum hafa gjöld verið hærri en nauðsyn krafði til að standa straum af kostnaði. Eðlilegt er að tekjum sé varið til framkvæmda og rekstrar á sama svæði og þær eru innheimtar en fyrir því er engin trygging nú. Áhöld hafa einnig verið um hvort lagaheimildir séu fyrir þeirri gjaldtöku sem tíðkast hefur. Í ljósi þessa þykir rétt að setja í lög skýr ákvæði um gjaldtöku í þjóðgörðum, friðlöndum og á öðrum náttúruverndarsvæðum. Rétt þykir að heimila sérstaka gjaldtöku á svæðum þar sem spjöll hafa orðið eða hætta er á spjöllum. Tilgangur slíkrar gjaldtöku er að draga úr aðsókn, sérstaklega stórra hópa ferðamanna, og til að afla fjár til forvarna.

Um 3. gr.

a. Breyting þessi er lögð til í samræmi við þá meginstefnu sem tekin er með frumvarpi þessu að Náttúruverndarráð sinni ekki stjórnsýslu á vegum ríkisins.
b. Lagt er til að í stað 2. mgr. 13. gr. gildandi laga komi ný málsgrein um sama efni. Kveðið er á um að umhverfisráðherra skuli setja reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum í stað Náttúruverndarráðs. Þetta er í samræmi við breytt hlutverk ráðsins.
c. Eðlilegt þykir að leitað sé eftir umsögn Landvörslu ríkisins auk umsagnar frá Náttúruverndarráði þar sem um getur verið að ræða svæði eða náttúruminjar í umsjá stofnunarinnar.
d. Í samræmi við þá breytingu að Náttúruverndarráð sinni ekki lengur stjórnsýslu á vegum ríkisins er lagt til að Landvarsla ríkisins setji fyrirmæli samkvæmt greininni og ákveði tímamörk. Rétt þykir að Landvarslan setji þessi fyrirmæli til að gefa þolendum kost á áfrýjun til æðra stjórnvalds.
e. Eðlilegt þykir að umhverfisráðherra setji reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt greininni og úrskurði vafaatriði.
f. Lagt er til að 21. gr. gildandi laga falli brott. Grein þessi á ekki lengur við þar sem öll sveitarfélög eru nú skipulagsskyld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1978 sem breyttu gildandi skipulagslögum, nr. 19/1964.
g. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

a. Eðlilegt er að umhverfisráðherra fari með heimild til friðlýsingar í stað Náttúruverndarráðs eftir stofnun ráðuneytis umhverfismála.
b. Lagt er til að ákvörðun umhverfisráðherra um friðlýsingu skuli byggjast á mati Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem annast fræðilegar rannsóknir á jarðfræði landsins og verður fræðilegur bakhjarl Landvörslunnar.

c. Óeðlilegt þykir að Náttúruverndarráð geti gefið fyrirmæli um að breyta, spilla eða eyða friðlýstum náttúruvættum.

d. Eðlilegt er að umhverfisráðherra fari með heimild til að friðlýsa jurtir og örverur í stað Náttúruverndarráðs. Náttúrufræðistofnun Íslands ber samkvæmt lögum um stofnunina (nr. 60/1192) að leiðbeina um verndargildi vistkerfa og náttúruminja og því eðlilegt að fela stofnuninni tillögugerð um verndun jurta og örvera. Jafnframt er mið tekið af því að ráðgert er að Náttúrufræðistofnun Íslands sjái um framkvæmd alþjóðlegs samnings um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland hefur undirritað. Með vísun til þessa samnings og til aukins skilnings á gildi smæstu lífvera í náttúrunni er lagt til að heimilt verði að friðlýsa örverur á sama hátt og jurtir.

Friðlýsing einstakra tegunda dugir skammt ef þess er ekki jafnframt gætt að varðveita lífssvæði þeirra. Lagt er því til að heimild verði í lögum til að friðlýsa lífssvæði tegundar, eða hluta þess, þegar það er talið nauðsynlegt til að ná fram markmiði friðlýsingar. Flest villt dýr og fuglar eru friðuð samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og er ráðherra heimilt skv. 3. mgr. að friðlýsa ef brýnt þykir lífssvæði tiltekinna fugla og dýra.

e. Á sama hátt og um getur í skýringum við a- og d-liði þykir rétt að umhverfisráðherra fari með heimildir til að friðlýsa landsvæði í stað Náttúruverndarráðs, jafnframt að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands áður en ákvörðun er tekin um friðlýsingu.

f. Vísað er til skýringa við e-lið.

g. Á sama hátt og um getur í skýringum við a-, d- og e-liði þykir rétt að umhverfisráðherra hafi heimild til að lýsa landsvæði þjóðgarð í stað Náttúruverndarráðs. Samkvæmt greininni skulu þjóðgarðar að jafnaði vera í ríkiseign en það er nýmæli að svo þurfi ekki nauðsynlega að vera náist samkomulag um það milli umhverfisráðuneytis og landeigenda.

Lagt er til að þjóðgarðsverðir fari með stjórn þjóðgarða í umboði Landvörslu ríkisins í stað Náttúruverndarráðs í samræmi við 1. gr. frumvarpsins, jafnframt að umhverfisráðherra setji reglur um meðferð og rekstur þjóðgarða í stað ráðsins, en að fenginni tillögu Landvörslu ríkisins og umsögn Náttúruverndarráðs um hana.

h. Með vísun til aðskilnaðar Náttúruverndarráðs frá stjórnsýslu á vegum ríkisins þykir rétt að óskir um stofnun fólkvanga verði bornar fram til umhverfisráðherra í stað Náttúruverndarráðs og að ráðherra taki ákvarðanir um stofnun þeirra.

i. Vísað er til skýringa við h-lið.

j. Eðlilegt þykir að Landvarsla ríkisins annist framkvæmd friðlýsinga fyrir hönd ráðherra, þar á meðal undirbúning að stofnun fólkvanga.

k. Vísað er til skýringa við h-lið.

l. Í samræmi við það meginverkefni Landvörslu ríkisins að hafa umsjón með friðlýstum svæðum skv. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að Landvarslan hafi samráð við sveitarfélög um rekstur fólkvanga í stað Náttúruverndarráðs.

m. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

n. Breyting þessi er lögð til í samræmi við þá verkaskiptingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins á milli Landvörslu ríkisins og Náttúruverndarráðs.

o. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

p. Nauðsynlegt þykir að lögfesta samheiti yfir staði og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum vegna náttúru eða landslags og svæði sem ekki njóta slíkrar verndar og hafa verið sett á náttúruminjaskrá. Hér er lagt til að landsvæði þessi verði nefnd náttúruverndarsvæði. Jafnframt er kveðið á um að gera skuli vörsluáætlun fyrir hvert þeirra þar sem fram komi hvernig ná skuli settum markmiðum með vernd. Ákvæði þetta er sett bæði til þess að koma í veg fyrir að ráðist verði í friðlýsingar eða aðrar verndaraðgerðir þar sem þær eru óframkvæmanlegar og til þess að efla verndunarstarfið.

Um 5. gr.

a. Lagt er til að náttúruminjaskrá fái aukið vægi sem stefnumarkandi rit um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir. Umhverfisráðuneytið skal gefa skrána út þriðja hvert ár skv. 1. mgr. nýrrar 34. gr. og auglýsa hana í Stjórnartíðindum. Í náttúruminjaskrá skal skv. 1. mgr. telja upp náttúruminjar og lönd þau sem æskilegt er að friðlýsa eins og kveðið er á um í 1. mgr. 28. gr. gildandi laga. Hér er auk þess lagt til að í náttúruminjaskrá verði einnig upp talin þau lönd sem ástæða þykir til að vernda á annan hátt vegna náttúru sinnar eða landslags, svo og öll þau svæði, náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi sem friðlýst hafa verið eða vernduð á annan hátt með lögum. Í náttúruminjaskrá skal einnig vera skv. 4. mgr. listi yfir örverur, jurtir, dýr og vistkerfi sem æskilegt þykir að vernda, m.a. til að tryggja varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni í samræmi við ákvæði alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að.

Í skránni skulu vera ítarlegar upplýsingar um hvert svæði, rökstuðningur fyrir vernd þeirra og markmið með henni. Í þessu öllu felst að skráin verður markvissari og betur rökstudd en áður. Hér verður um að ræða opinbera stefnu framkvæmdavaldsins um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir og því eðlilegt að umhverfisráðuneytið hafi yfirumsjón með gerð skrárinnar og gefi hana út.

Gert er ráð fyrir að vinna við náttúruminjaskrá verði á verksviði Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landvörslu ríkisins. Verkaskipting verði með þeim hætti að Náttúrufræðistofnun muni annast öflun gagna um náttúruna og setja fram tillögur um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir á grundvelli þeirra. Gagnasöfnun skal miðast við að markmið með aðgerðum verði skýr, rökstuðningur fyrir því að setja svæði á skrá fullnægjandi og að unnt sé að ganga frá ítarlegri náttúrulýsingu fyrir hvert svæði. Náttúrufræðistofnun skal gera tillögur til ráðuneytis um svæði og náttúruminjar á skrána með hliðsjón af settum markmiðum í náttúruvernd og alþjóðlegum skuldbindingum á því sviði.

Landvarsla ríkisins muni hins vegar annast öflun upplýsinga sem lúta að því að hrinda friðlýsingu í framkvæmd, m.a. öflun gagna um eignarhald, og sjái um framkvæmdina þegar að henni kemur. Landvarslan skal gera rökstuddar tillögur til ráðuneytis um svæði og náttúruminjar sem æskilegt er talið að setja á náttúruminjaskrá vegna útivistar og ferðamennsku og aflar nauðsynlegra gagna þar að lútandi í samvinnu við Náttúrufræðistofnun.

Leita skal eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum tillögum áður en á þær er fallist skv. 6. mgr. nýrrar 34. gr. Í 4. mgr. er jafnframt kveðið á um að Náttúruverndarráð, félagasamtök eða einstaklingar geti átt frumkvæði að því að setja landsvæði, náttúrumyndanir, lífverur eða vistkerfi á skrána. Umhverfisráðuneytið skal hafna slíkum tillögum eða samþykkja þær með rökstuddu áliti innan fjögurra mánaða frá því að þær berast.

b. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
c. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
d. 29. gr. er felld niður með vísun til laga um mat á umhverfisáhrifum og nýrrar 5. gr.
e. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
f. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
g. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
h. Áhersla er lögð á að Náttúruverndarráð fjalli um friðlýsingar og segi álit sitt á þeim áður en til fullnaðarákvörðunar kemur.
i. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
j. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
k. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

a. Brot, sem hér um ræðir, eiga sér yfirleitt stað fjarri þéttbýli á landsvæðum sem hafa verið friðuð eða friðlýst sökum sérstöðu sinnar um landslag, gróðurfar, dýralíf, eða náttúrumyndanir, svo sem fossar, eldstöðvar, hellar, drangar, o.s.frv. Brotin beinast því gegn náttúruperlum og þjóðargersemum sem að öllu jöfnu hafa mikið aðdráttarafl fyrir gesti, innlenda sem erlenda, og því mjög mikilvægt að vernda þessi svæði eins og kostur er.

Brotin eiga sér yfirleitt stað fjarri þéttbýli og því getur liðið talsverður tími frá því að vitneskja fæst um brotið þar til lögregla kemur á vettvang. Sá tími er mjög mikilvægur með hliðsjón af því að það náist að upplýsa um brotið. Með lögfestingu þessa ákvæðis er ætlunin að virkja starfsfólk svæðanna eins og kostur er við rannsókn mála, án þess þó að brotin sæti afbrigðilegri rannsókn.

Því er lagt til að landverðir og annað starfsfólk geri eigin skýrslu um þá vitneskju sem það hefur um brotið, gefi þar stutta lýsingu á því, upplýsingar um vitni, myndir af vettvangi, sé þess þörf, og verndi eins og kostur er brotavettvang þar til lögregla kemur. Jafnframt þarf að koma fram í skýrslunni lýsing á afleiðingum brotsins, eða tjóni. Með þessu móti ættu að fást inn í málið upplýsingar og gögn sem ella væri hætta á að glötuðust sökum fjarlægðar lögreglu frá vettvangi. Þessar upplýsingar eru síðan afhentar lögreglu.

Það er nauðsyn ef árangur á að nást í rannsókn lögbrota að frumrannsókn á brotavettvangi sé gerð eins skjótt og vel og kostur er. Með því að virkja landverði og aðra starfsmenn þessara svæða við rannsókn og skilgreina þeirra hlutverk við rannsókn brota gegn náttúruverndarlögum ætti rannsókn málsins og afgreiðsla þess á síðari stigum að fá frekari framgang.

Starfsmenn taka hvorki skýrslur af sakborningum eða vitnum né öðrum sem málinu tengjast enda er það hlutverk lögreglu.

b. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nýtt Náttúruverndarráð var kjörið á 8. náttúruverndarþingi sem haldið var í október 1993. Eðlilegt er að það ráð sitji fram að næsta þingi þótt lagabreytingar þær sem hér er gerð tillaga um taki gildi fyrri hluta árs 1995. Óraunhæft er að gera ráð fyrir að náttúruverndarþing verði haldið fyrr en um haust 1995. Í kosningum til Náttúruverndarráðs skal kjósa formann og varaformann, ásamt tveimur ráðsmönnum til fjögurra ára og þrjá ráðsmenn til þriggja ára.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 47/1971.

Frumvarpi þessu er ætlað að breyta fyrirkomulagi og áherslum í framkvæmd náttúruverndar hérlendis. Einnig er tekið mið af breyttum aðstæðum á þessu sviði í kjölfar stofnunar sérstaks umhverfisráðuneytis og nýrrar lagasetningar, svo sem lög um mat á umhverfisáhrifum sem sett voru á vorþingi 1993. Í meginatriðum er frumvarpinu ætlað að skilja eftirlit og stefnumörkun Náttúruverndarráðs frá rekstri þjóðgarða og annarri starfsemi sem lýtur að nýtingu verndaðra landsvæða. Sjálfstæði og frumkvæði Náttúruverndarráðs verði eflt um leið og umsjón og starfsræksla náttúruverndarsvæða verði gerð skilvirkari með því að færa hana í hendur nýrrar stofnunar, Landvörslu ríkisins, sem sinni því starfi einvörðungu.

Ekki hefur farið fram sérstök athugun á þeim breytingum sem gerðar yrðu á núverandi starfsemi til að framfylgja ákvæðum laganna, t.d. á fjölda starfa eða deildaskipulagi í kjölfar nýrrar verkaskiptingar. Að mati fjármálaráðuneytisins hefði gerð slíkrar starfs- og rekstraráætlunar verið nauðsynlegur þáttur í undirbúningi lagasetningarinnar. Á þessu stigi er því einungis vakin athygli á nokkrum kostnaðaráhrifum sem leiðir beint af ákvæðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um að náttúruverndarþing skuli haldin annað hvert ár í stað inn fyrir þriðja hvert ár áður. Einnig eru ákvæði um að ríkissjóður greiði laun framkvæmdastjóra og veiti framlag til reksturs skrifstofu. Ætla má að árlegur kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa nemi um 4–5 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins nú umsjón með því að vandlega undirbúið mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fari fram. Dregur það úr þörfinni fyrir sambærilega vinnu hjá ráðinu og má ætla að kostnaður í tengslum við slík verkefni lækki verulega og vegi að hluta upp annan kostnaðarauka. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð láti fara fram sérstakar vettvangsathuganir vegna mannvirkjagerðar á kostnað framkvæmdaraðila.

Samkvæmt frumvarpinu yrði sett þriggja manna stjórn yfir Landvörslu ríkisins og eru þau útgjöld lauslega áætluð um 0,5 m.kr. Gert er ráð fyrir nokkurri fækkun í öðrum störfum þar sem verksvið stofnunarinnar yrði þrengt miðað við sambærileg verkefni Náttúruverndarráðs áður. Eftirlit sem haldið er uppi með framkvæmdum í sérstökum tilvikum yrði framvegis í verkahring Landvörslu ríkisins en ekki Náttúruverndarráðs. Sá kostnaður greiðist af framkvæmdaraðila. Þá má nefna að í frumvarpinu eru ákvæði um að umhverfisráðherra geti samið við aðra aðila, t.d. ferðafélög, um vörslu verndaðra svæða annarra en þjóðgarða og dregið þannig úr kostnaði Landvörslunnar af þjónustu við ferðamenn.

Umhverfisráðuneytið fyrirhugar að standa þannig að framangreindum breytingum á framkvæmd náttúruverndar að starfsemin rúmist innan ramma núverandi fjárveitinga. Ráðuneytið hefur jafnframt ákveðið að ef lögin komi til framkvæmda verði gerð úttekt á Náttúruverndarráði og Landvörslunni sem miði að því að tryggja það markmið með endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri.

129. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er með það fyrir augum að ná samkomulagi.

Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp.

Trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á að fá allar upplýsingar frá atvinnurekanda, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að koma til framkvæmda.

Atvinnurekandi skal veita skriflega upplýsingar um viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp og aðferðir við útreikninga á greiðslum vegna uppsagna.

Atvinnurekandi skal enn fremur senda afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunarinnar í umdæminu. Sé vinnumiðlun ekki í sveitarfélaginu skulu gögn send viðkomandi sveitarstjórn.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er endurflutt í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Markmið aðila að samningnum er að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði grundvallað á sameiginlegum reglum og jafnrétti gagnvart einstaklingum og atvinnurekendum varðandi fjórfrelsið og samkeppnisskilyrði og þar sem stefnt er að víðtækri samvinnu, m.a. á sviði félags- og vinnumála.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru tilvísanir í ESB-gerðir sem snerta EES og Evrópusambandið gaf út fyrir 1. ágúst 1991. Í því skyni að tryggja einsleitni samningsins og réttaröryggi fyrir einstaklinga og atvinnurekendur er nauðsynlegt að breyta samningnum með hliðsjón af gerðum útgefnum af Evrópusambandinu eftir 31. júlí 1991. Með tilliti til þessa ákvað sameiginlega EES-nefndin m.a. á fundi sínum 21. mars 1994 að tilskipun ráðsins 92/56/EBE frá 24. júní 1992 um breytingu á tilskipun 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir bætist við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði tilskipunar 75/129/EBE hafa öðlast gildi á Íslandi með lögum nr. 95/1992, um hópuppsagnir. Frumvarp þetta er flutt til að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum sem leiðir af því að tilskipun Evrópusambandsins 92/56/EBE verður hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frumvarpið er samið í samráði við nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 23. ágúst 1993 til að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera ráðgefandi við mótun á afstöðu íslenskra stjórnvalda til tillagna að nýjum reglum á sviði félagsmála sem kunna að taka gildi á efnahagsvæðinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunar 92/56/EBE er hægt að hrinda í framkvæmd ákvæðum hennar með tvennum hætti: Með samningum aðila vinnumarkaðarins eða með setningu laga. Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins er sammála um að í því tilviki sem hér um ræðir sé eðlilegast að gefa ákvæðum tilskipunarinnar lagagildi með því að breyta lögum nr. 95/1992.

Breyting frá núgildandi lögum kemur fram í 1. gr. Þar er tekið fram að uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna skuli teljast með hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða. Aðrar breytingar felast í því að ákvæði um upplýsingaskyldu og samráð eru gerð ítarlegri eins og kemur fram í 2. gr. frumvarpsins og í athugasemdum við hana.

Meginbreyting sem felst í tilskipuninni, en snertir í minna mæli íslenskar aðstæður, er ákvæði 3. gr. Það miðar að því að koma í veg fyrir að atvinnurekendur geti notað höfuðstöðvar eða dótturfyrirtæki erlendis sem afsökun fyrir því að geta ekki uppfyllt upplýsingaskyldu innan tímamarka sem mælt er fyrir um í tilskipuninni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni felst að við 1. gr. núgildandi laga bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um það að uppsögn ráðningarsamninga fimm einstaklinga á 30 daga tímabili skuli teljast með hópuppsögnum. Hér er átt við uppsagnir sem tengjast einstökum starfsmönnum.

Um 2. gr.

Helsta breytingin frá núgildandi lögum kemur fram í 2. mgr. Samkvæmt henni er hliðstætt ákvæði í núgildandi lögum gert ákveðnara. Tekið er fram að beita skuli félagslegum aðgerðum til að draga úr afleiðingum hópuppsagna sem hafa m.a. að markmiði að auðvelda tilfærslur eða endurhæfingu starfsmanna sem hefur verið sagt upp.

Í 4. mgr. er aukið við upplýsingaskyldu atvinnurekanda. Til viðbótar upplýsingum sem atvinnurekandi skal veita skv. 3. gr. sem eru í núgildandi lögum skal hann enn fremur upplýsa um viðmiðanir sem hann notar við val á starfsmönnum sem hann hyggst segja upp og um það hvernig greiðslur til starfsmanna eru reiknaðar ef um slíkar greiðslur er að ræða.

Um 3. gr.

Ákvæðið snertir fyrst og fremst fjölþjóðafyrirtæki. Markmiðið er að tryggja að fylgt sé ákvæðum um fresti til að stofna til samráðs og til að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum um væntanlegar uppsagnir. Í ákvæðinu felst að atvinnurekandi getur ekki borið fyrir sig að ákvörðun um hópuppsögn hafi verið tekin í höfuðstöðvum fyrirtækisins erlendis eða af erlendu dótturfyrirtæki og þar af leiðandi hafi honum ekki verið kleift að uppfylla kröfur um tímafresti.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

130. Frumvarp til laga [125. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: sbr. reglugerðir nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE.

2. gr.

Fylgiskjal með lögunum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra, orðast svo:

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, eins og henni er breytt með reglugerðum nr. 312/76/EBE og nr. 2434/ 92/EBE, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.

I. HLUTI
ATVINNA OG FJÖLSKYLDUR LAUNÞEGA
I. BÁLKUR
Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.
2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:
   — þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara eða
   — þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. sem:
   a. mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;
   b. takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;
   c. binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði eða á landsmælikvarða skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.
2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963.[1)]

[1)] Stjtíð. EB nr. 159, 2. nóv. 1963, bls. 2661/63.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.
2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR
Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og komi til atvinnumissis endurskipun eða endurráðningu.
2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.
4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið[1]; það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

[1] Reglugerð nr. 312/76.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði; það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.
2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.
   Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR
Fjölskyldur launþega.

10. gr.

1. Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis:
   a. maki hans ásamt afkomendum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri;
   b. ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.
2. EES-ríkin skulu auðvelda þeim aðstandendum, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþega sem að framan er getið eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá, að koma til ríkisins.
3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. verður launþeginn að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði þar sem hann hefur ráðið sig til vinnu; þetta ákvæði má hins vegar ekki leiða til þess að launþegum frá öðrum EES-ríkjum sé mismunað á kostnað innlendra launþega.

11. gr.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisborgari EES-ríkis hefur ráðið sig til vinnu eða er sjálfstætt starfandi á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skulu maki hans og þau barnanna, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, hafa rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er hvar sem er á yfirráðasvæði þess ríkis, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins EES-ríkis.

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI
ATVINNUFRAMBOÐ OG ATVINNUUMSÓKNIR
I. BÁLKUR
Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES.
   Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.
2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA.
   EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs.[1)]
2. Fastanefnd EFTA skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli settar fram.
3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar[1)], skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.

Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri með öllum tiltækum ráðum við þá launþega sem hlut eiga að máli.

[1] Reglugerð nr. 2434/92.

II. BÁLKUR
Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.[1]

1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA:
   a. upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkja EES geta hugsanlega gegnt;
   b. upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan EES;
   c. upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið til að starfa í öðru EES-ríki;
   d. upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og greinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.

   Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa eins fljótt og kostur er.
2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal koma á fót, í samvinnu við umsjónarnefndina.

   Ef nauðsynlegt reynist getur fastanefnd EFTA aðlagað þetta kerfi í samvinnu við umsjónarnefndina.

[1] Reglugerð nr. 2434/92.

16. gr.[1]

1. Þar til bærar vinnumiðlanir hinna EFTA-ríkjanna skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 15. gr. sem er tilkynnt til vinnumiðlana EES-ríkis og vinna úr þeim.

   Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda EFTA-ríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.
2. Viðkomandi vinnumiðlanir EFTA-ríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr. innan hæfilegs frests sem sé eigi lengri en einn mánuður.
3. Vinnumiðlanirnar skulu veita launþegum sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja sömu forréttindi og gert er ráð fyrir samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum að innlendir ríkisborgarar njóti miðað við launþega sem eru ríkisborgarar landa utan EES.

[1] Reglugerð nr. 2434/92.

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:
   a. skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:
      i. á grundvelli upplýsinganna[1] sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
      ii. koma á beinum tengslum við ráðstöfun:
         — starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;
         — einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;
         — starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;
   b. skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra miðla og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
      ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta boðið:
      — notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar flutningafrelsins og hægt er og
      — stofnunum vinnumarkaðarins, félagsmálastofnunum (m.a. opinberum, einkareknum og þeim sem nýtast almenningi) og öllum stofnunum sem málið varðar, samþættar ráðstafanir er tengjast frelsi til flutninga;[1]
   c. skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.
2. EFTA-ríkin, sem hlut eiga að máli, skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

[1] Reglugerð nr. 2434/92.

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR
Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastnefnd EFTA kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða EES vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.[1)]
2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.
3. Annað hvert ár skal fastanefnd EFTA leggja fram skýrslu um framkvæmd II. hluta þessarar reglugerðar þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu.[1)]

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

20. gr.[1)]

[Fellur brott.]

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

IV. BÁLKUR
Evrópska samráðsskrifstofan.[1)]

21. gr.

Evrópska skrifstofan, sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan"), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar falla undir framkvæmdastjórnina og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru skv. 13. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

[1)] Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:
   a. samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;
   b. vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því í samvinnu við umsjónarnefndina að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;
   c. safna saman þegar sérstaka nauðsyn ber til í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.
2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI
NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐA FRJÁLSA FLUTNINGA LAUNÞEGA OG ATVINNUMÁL ÞEIRRA

I. BÁLKUR
Ráðgjafarnefndin.[1)]

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

[1)] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;
b. gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;
c. koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;

d. láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.
2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.
3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins.

Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.
2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meiri hluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minni hlutans fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR
Umsjónarnefndin.[1)]

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

[1)] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;
b. móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;
c. auðvelda söfnun upplýsinga sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;
d. kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.
2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI
BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI
I. BÁLKUR
Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar eiga áfram við.

40. gr.

[Gildir ekki.]

41. gr.

[Gildir ekki.]

II. BÁLKUR
Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.]
   Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.
2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 29. gr. EES-samningsins.
3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:
   — sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar eða
   — samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

   Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum, sem í samræmi við þetta ákvæði stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja, geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema í samræmi við skilmála sáttmálans takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna, sem um getur í III. hluta, skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

[Gildir ekki.]

VIÐAUKI[1)]

[Fellur brott.]

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu er ætlað að veita lagagildi ákvæðum reglugerðar nr. 2434/92/EBE um breytingu á II. hluta reglugerðar nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins. Reglugerð nr. 1612/68, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE og ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, var veitt lagagildi hér á landi með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæði reglugerðar nr. 2434/92/EBE fela í sér breytingu á 14., 15., 16., 17., 19. og 20. gr. reglugerðar nr. 1612/68. Breytingar þessarar reglugerðar snerta ýmsa þætti atvinnuráðninga og vinnumiðlunar milli aðildarríkjanna. Helstu breytingar eru sem hér segir:

Ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE breytist á þann hátt að fellt er brott niðurlag 1. mgr. „á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum“ og 2. mgr. umorðast alveg þannig að fastanefnd EFTA á að taka fullt tillit til álits umsjónarnefndarinnar á því á hvaða hátt upplýsingar eru gefnar skv. 1. mgr. Þá er orðalaginu „í samráði við umsjónarnefndina“ í 1. málsl. 3. mgr. breytt í „að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar“.

Helstu breytingar á 15. gr. eru þær að upplýsingar samkvæmt greininni á að senda „reglulega“ í stað „mánaðarlega hið minnsta“. Þá eru upplýsingaþættirnir í fjórum liðum í stað tveggja og við bætist að senda skal upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan bandalagsins og að sundurliða skal upplýsingar eftir svæðum og atvinnugreinum um þá sem eru tilbúnir til að vinna í öðru landi. Enn fremur er kveðið nákvæmar á um dreifingu upplýsinga eftir samræmdu heildarkerfi.

16. gr., sem fjallar nánar um framkvæmd upplýsingaskyldu skv. 15. gr., hefur verið verið breytt til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 15. gr. Viðkomandi vinnumiðlanir eiga að svara umsóknum erlendra ríkisborgara um atvinnu innan mánaðar.

Nokkrar breytingarnar verða á b-lið 17. gr. og varða þær skipulag á samvinnu vinnumiðlana í aðliggjandi ríkjum. Þá eru gerðar breytingar á 19. gr. sem lúta að því að sameiginlega könnun EFTA-ríkjanna og fastanefndar EFTA skal gera a.m.k. einu sinni á ári í stað tvisvar á ári. Þá er bætt við 3. mgr. sem fjallar um að fastanefnd EFTA skuli á tveggja ára fresti gera skýrslu um framkvæmd II. hluta reglugerðar nr. 1612/68.

Ákvæði 20. gr. reglugerðar nr. 1612/68 og viðauki, sbr. 16. gr., eru felld brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér lögfestingu á reglugerð nr. 2434/92/EBE. Vísast til athugasemda hér að framan varðandi helstu breytingar sem hún hefur í för með sér á reglugerð nr. 1612/68/EBE.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1993 var reglugerð nr. 1612/68/EBE, eins og hún hafði verið aðlöguð og breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE, prentuð sem fylgiskjal með lögunum. 2. gr. frumvarpsins felur í sér að breytingar þær, sem reglugerð nr. 2434/92/EBE hefur í för með sér, hafa verið felldar inn í fylgiskjalið og það birt í heild. Breytingarnar eru sérstaklega auðkenndar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993.

Frumvarpið fjallar um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið er því ætlað að veita lagagildi ákvæðum reglugerðar nr. 2434/92/EBE um breytingu á II. hluta reglugerðar nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins. Reglugerð nr. 1612/68, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE og ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahgassvæði, var veitt lagagildi hér á landi með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1993. Þessar breytingar eru síðan raktar nánar í athugasemdunum.

Kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, sem leiða kann af samþykkt frumvarpsins, má áætla um 2 m.kr. Um 1,5 m.kr. vegna búnaðar, kerfisuppsetningar, þjálfunar vinnumiðlunarráðgjafa o.fl. og um 0,5 m.kr. til rekstrar vinnustöðva, fast línugjald og notkunargjald. Þessi kostnaður er talinn með í þeim 5 m.kr. auknum kostnaði sem getið er um í umsögn um frumvarp til laga um vinnumiðlun.

131. Frumvarp til laga [126. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI

Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Hver grunnskóli skal vera einsetinn.

Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Í strjálbýli skal miðað við heimanakstur nemenda þar sem því verður við komið en ekki heimavist.

Börn yngri en tíu ára skulu ekki dveljast í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.

5. gr.

Sveitarstjórn getur borið fram við menntamálaráðuneytið rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. og 26. gr. laga þessara um skólaskyldu og skólatíma. Menntamálaráðuneytið úrskurðar hvort eða að hvað miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta.

Takist það ekki vísar skólastjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Finnist enn ekki úrlausn getur hvor aðili, forráðamaður eða skólanefnd, vísað málinu til menntamálaráðuneytis sem leitar úrlausnar og getur úrskurðað með hvaða hætti úr skuli bætt.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 56. gr.,
b. börn sem búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

II. KAFLI
Stjórnun grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir við þau og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um.

Ráðuneytið skal fylgjast með að allir grunnskólar landsins eigi kost á sérfræðiþjónustu og að nemendur, sem ekki geta notið kennslu með fullnægjandi hætti í almennum grunnskóla, fái kennslu við hæfi.

Menntamálaráðuneytið annast söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald og skólastarf á grunnskólastigi.

10. gr.

Allur rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga frá þeim tíma sem lög þessi koma að fullu til framkvæmda sé ekki sérstaklega kveðið á um annað. Sveitarstjórn skal gera menntamálaráðuneytinu árlega eða oftar, sé þess krafist, grein fyrir framkvæmd skólahalds í skólahverfi sínu.

Menntamálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um upplýsingaskyldu sveitarfélaga varðandi skólahald.

11. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi. Sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr því sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Þar sem sveitarfélög sameinast um rekstur grunnskóla eða hluta hans skulu viðkomandi sveitarstjórnir gera með sér samning um stofnun skólans, rekstur hans og hvernig kostnaði skuli skipt milli aðila. Í samningnum skal m.a. kveðið á um hvernig haga skuli ráðningum starfsmanna, hjá hvaða sveitarfélagi þeir eru ráðnir, svo og hvernig endurgreiðslu annarra rekstraraðila á hlutdeild í launakostnaði skuli hagað.

12. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi. Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu og að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Skólanefnd ásamt skólastjóra lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

13. gr.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, og samþykktum viðkomandi sveitarfélags.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri grunnskóla, eða hluta hans, skal setja í stofnsamning ákvæði um aðild hvers og eins að skólanefnd.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Grunnskólakennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd. Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjóri, eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans, eiga rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla.

Foreldrafélag, eða samtök foreldra í skólahverfinu, kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa til að starfa með skólanefnd og einn varamann.

14. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu. Skólastjóri sér um að skólanámskrá skólans sé gerð.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skóla. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara skólans æskir þess.

Í skólum, þar sem kennslumagn nemur 8 fullum stöðum eða fleiri auk skólastjóra, kjósa kennarar þriggja manna kennararáð sem í umboði kennara er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Skólastjóri skal a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða.

15. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla geta ákveðið að stofna samtök foreldra við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla.

Skólastjóri skal boða til stofnfundar slíkra samtaka óski foreldrar þess. Samtökin setja sér starfsreglur.

16. gr.

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldraráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar sem ekki eru starfsmenn skólans. Foreldrar við grunnskóla velja fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára í senn.

Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra.

Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.

Óski foreldrar þess er skóla heimilt, með rökstuddri greinargerð, að sækja um undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur.

17. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

18. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

19. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennsluaðstöðu fyrir allar námsgreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; vinnuaðstöðu fyrir kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn skólans; íþróttaaðstöðu og aðstöðu fyrir almenna félagsstarfsemi nemenda og öðru því er lög þessi tilgreina. Ef henta þykir má nýta aðstöðu í nágrenni skóla fyrir einstakar greinar, svo sem íþróttir.

Við gerð heimavista skal kappkostað að þær minni sem mest á venjulegt heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

20. gr.

Við undirbúning að nýbyggingu og endurbótum grunnskólahúsnæðis skal farið að reglugerð er menntamálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og kveður á um lágmarks aðstöðu og búnað.

Sveitarstjórn ákveður nafn skóla að fenginni umsögn menntamálaráðuneytis og örnefnanefndar.

21. gr.

Sveitarfélögum er skylt að annast og kosta viðhald skólahúsa og endurnýjun og viðhald búnaðar þeirra á fullnægjandi hátt.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þau skólahús er byggð voru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og eiga sveitarfélög ekki kröfur á ríkissjóð vegna viðhalds þessara mannvirkja. Verði húsnæði, er byggt var með stofnkostnaðarframlagi úr ríkissjóði, ráðstafað til annarra nota en grunnskólahalds skal samið um uppgjör þess eignarhluta er þannig myndaðist. Náist ekki samkomulag skal eignin metin af dómkvöddum mönnum.

22. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skulu vera í höndum skólastjóra í umboði sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði öllu eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi eða almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi, félagslífi nemenda eða annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skólans renna til sveitarsjóðs.

IV. KAFLI
Starfsfólk grunnskóla.

23. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera skólastjóri sem ráðinn er af sveitarstjórn að fenginni umsögn skólanefndar. Við ráðningu skólastjóra skal tekið mið af menntun umsækjanda og starfsreynslu. Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri.

Í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, skal sveitarstjórn ráða aðstoðarskólastjóra að fenginni tillögu skólastjóra. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Í skólum þar sem starfa færri en 12 starfsmenn ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við kennarafund og skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

Um ráðningu kennara og annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð fyrirmæli til skóla um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

Við ráðningu kennara og skólastjóra skal gæta ákvæða gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og skólastjóra.

24. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Skólastjóra er heimilt að fela kennurum árgangastjórn, fagstjórn, leiðsögn nýliða og kennaranema samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

25. gr.

Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Sjóði þessum er ætlað að styrkja kennara og skólastjóra við grunnskóla til allt að eins árs viðbótarnáms og endurmenntunar.

Sjóðnum stjórnar fimm manna stjórn. Heildarsamtök kennara á skyldunámsstigi skulu tilnefna tvo stjórnarmenn en stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þrjá. Varamenn skulu valdir með sama hætti.

Stjórn sjóðsins metur umsóknir um styrki úr sjóðnum og ákveður árlega úthlutun. Úthlutun skal lokið eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Samband íslenskra sveitarfélaga annast og kostar skrifstofuhald fyrir stjórn sjóðsins og skulu endurskoðaðir reikningar hans birtir árlega með rekstrarreikningi sambandsins.

Öllum tekjum sjóðsins skal varið til styrkveitinga. Tilnefningaraðilar greiða kostnað af öllum störfum fulltrúa sinna í sjóðstjórn.

Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

V. KAFLI
Starfstími grunnskóla.

26. gr.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera 9 mánuðir. Kennsludagar skulu eigi vera færri en 172.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur menntamálaráðherra veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum.

27. gr.

Kennsludagur grunnskólanemenda skal hefjast að morgni og vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matarhléi. Stundahlé í grunnskóla skulu að lágmarki vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru og matarhlé að lágmarki 30 mínútur.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

1200 mínútur (30 kennslustundir) í 1.–4. bekk
1400 mínútur (35 kennslustundir) í 5.–7. bekk
1480 mínútur (37 kennslustundir) í 8.–10. bekk

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda í samráði við kennararáð/kennarafund. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla skulu vera 40 mínútur.

Sveitarstjórn getur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

28. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi nemenda vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska.

VI. KAFLI
Námskrár og kennsluskipan.

29. gr.

Menntamálaráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda,
— að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi,
— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,
— hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
— að nýta leiki barna sem náms- og þroskaleið,
— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi,
— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
— margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu,
— náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólastarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda.

30. gr.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu. Í aðalnámskrá skal tilgreina kjarnagreinar og kveða á um uppbyggingu og skipan náms í grunnskóla, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms á þeim sviðum sem hér verða talin:

a. íslenska,
b. stærðfræði,
c. erlend tungumál, þ.e. enska og eitt Norðurlandamál,
d. listir og verkmenntir,
e. náttúrufræði, umhverfis- og tæknimennt,
f. heimilisfræði,
g. skólaíþróttir,
h. samfélagsgreinar,
i. kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.

31. gr.

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Hún er starfsáætlun skóla þar sem m.a. skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert.

32. gr.

Í 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjungi námstímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um valgreinar.

33. gr.

Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni er nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár en sveitarstjórn ákveður hvort námsgögn eru afhent nemendum til eignar eða til afnota.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

Sérstök stofnun á vegum ríkisins skal tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár, annaðhvort með eigin útgáfu eða útvegun frá öðrum aðilum.

Ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli skilyrði gildandi laga og aðalnámskrár má vísa til menntamálaráðuneytisins sem úrskurðar í málinu.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd greinar þessarar.

34. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

VII. KAFLI
Réttindi og skyldur nemenda.

35. gr.

Börnum og unglingum er skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 56. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með tilskildum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Foreldrar eða forráðamenn geta sótt um eða samþykkt að skólastjóri heimili nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi síðar. Heimilt er að meta þessa þátttöku nemanda í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er ráðherra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein.

36. gr.

Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um kennslu þessara nemenda.

37. gr.

Börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

38. gr.

Sveitarfélög skulu annast rekstur sérdeilda/sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild grunnskóla. Þeim er ætlað:

— að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma.
— að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu í sérdeildum/sérskólum þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðherra staðfestir starfsreglur sérdeilda/sérskóla að fengnum tillögum sveitarstjórna. Í starfsreglum skal kveðið á um frávik frá almennri námskrá og öðrum viðmiðunum laga um grunnskóla.

Fasteignir þeirra sérskóla er nú eru starfandi á þessu sviði skulu afhentar til þessarar starfsemi án leigu eða annarra gjalda en rekstraraðilar annast og kosta allan rekstur þeirra þar með talið viðhald frá þeim tíma er lög þessi koma að fullu til framkvæmda.

Teljist síðar ekki þörf fyrir áframhaldandi rekstur einhverra þessara stofnana eða þeirra allra tekur ríkissjóður aftur við umráðum fasteigna þeirra og ráðstafar þeim til annarra nota.

39. gr.

Í grunnskóla er heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um nemendaverndarráð.

40. gr.

Nemandi má ekki stunda vinnu á starfstíma skóla valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og kennara. Í slíkum tilfellum skal skólastjóri gera nemanda, forráðamanni hans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart. Verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til skólanefndar. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun skólanefndar getur hvor aðili, forráðamaður eða skólastjóri, vísað málinu til barnaverndarnefndar.

41. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur skólanefnd það til meðferðar. Takist skólanefnd ekki að leysa málið þannig að allir aðilar þess verði á sáttir fer um frekari meðferð þess skv. 3. mgr. 6. gr. þessara laga, að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Sérfræðiþjónusta.

42. gr.

Öllum sveitarfélögum er standa að rekstri grunnskóla er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr., námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Þar sem slík þjónusta er ekki rekin á vegum sveitarfélaga er sveitarstjórn skylt að semja um þjónustuna við önnur sveitarfélög, stofnanir, svo sem kennaramenntunarstofnanir, eða aðra aðila er veita þjónustu á þessu sviði.

Hverju sveitarfélagi er skylt að gera menntamálaráðuneyti grein fyrir skipulagi sérfræðiþjónustu við skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um lágmarksþjónustu á þessu sviði.

43. gr.

Sérfræðiþjónustu skóla er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðiþjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Sérfræðiþjónusta skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá skulu starfsmenn sérfræðiþjónustu vinna að forvarnastarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og gera tillögur um úrbætur. Forráðamenn nemenda geta komið með ósk um slíka athugun. Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun að fengnu samþykki forráðamanna.

Starfsmenn sérfræðiþjónustu skulu vera kennarar með framhaldsmenntun, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar.

IX. KAFLI
Námsmat.

44. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

45. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans og skulu nemendur og forráðamenn þeirra fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers skólaárs.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Nemandi og forráðamaður hans hafa rétt til að skoða metnar prófúrlausnir nemanda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

46. gr.

Samræmd próf í kjarnagreinum skulu lögð fyrir samtímis í öllum 4. og 7. bekkjum grunnskóla. Við lok grunnskóla skal leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

Skólum skulu jafnframt standa til boða samræmd könnunarpróf og stöðluð kunnáttupróf til greiningar á námsstöðu nemenda.

Menntamálaráðherra leggur grunnskólum til samræmd próf og greiðir kostnað af störfum trúnaðarmanna til eftirlits og umsjónar við framkvæmd samræmdra lokaprófa.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, eða annar aðili sem menntamálaráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd þessara prófa.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa.

47. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteini skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

Menntamálaráðuneytið gefur út viðmiðanir fyrir slík skírteini.

48. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti fylgst skuli með námsárangri nemenda í sérskólum og hjá öðrum þeim nemendum á skyldunámsaldri er taldir eru víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki próf skv. 46. gr.

49. gr.

Sérhver grunnskóli innleiði aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

X. KAFLI
Skólaþróun, tilraunaskólar.

50. gr.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu, auk námsleyfa, sbr. 25. gr., eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum.

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo hún sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá.

51. gr.

Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár. Menntamálaráðherra getur falið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðilum að annast framkvæmd slíks mats.

Niðurstöður af mati á skólum og skólastarfi skulu m.a. hafðar til hliðsjónar við endurskoðun aðalnámskrár.

52. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum í þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðherra hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar.

53. gr.

Menntamálaráðherra getur, með samþykki sveitarstjórnar, haft forgöngu um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum. Einnig getur hann veitt sveitarfélögum og einkaskólum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða. Slík undanþága getur t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Menntamálaráðherra er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

XI. KAFLI
Skólasöfn.

54. gr.

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Skólasafn er eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu og skal búnaður safnsins varðandi húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfsfólk taka mið af því.

Sveitarstjórn er heimilt að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann.

XII. KAFLI
Heilsugæsla.

55. gr.

Um heilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Héraðslæknir viðkomandi umdæmis skal skipuleggja starfsemina undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar. Heilbrigðisþjónusta skólahverfis skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti heilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir heilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við heilsugæslu í skólum og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu í heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

56. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir. Slíkir skólar hlíti sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn sem sækja þessa einkaskóla hafa undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.
Um námsmat í einkaskólum fer skv. 45. og 46. gr.

XIV. KAFLI
Gildistaka.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1995. Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49 frá 1991 eftir því sem ákvæði þessara laga koma til framkvæmda fram til 1. ágúst 1995 en þá falla lög nr. 49 frá 1991 að fullu úr gildi.

Hinn 1. ágúst 1995 falla enn fremur úr gildi lög nr. 49 frá 1967, um skólakostnað, lög nr. 23 frá 1990, um Námsgagnastofnun, 9. gr. laga nr. 55 frá 1974, um skólakerfi, X. kafli laga nr. 29 frá 1988, um Kennaraháskóla Íslands, enda skal Reykjavíkurborg taka við öllum rekstri og stjórn Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands frá þeim tíma, lög nr. 61 frá 1957, um heilsuvernd í skólum, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við ákvæði laga þessara.

Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1995, þar með talið hvernig skuli, fram til þess tíma, haga ráðningu kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem starfa sem ríkisstarfsmenn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla skal komið að fullu til framkvæmda að 6 árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 27 gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skal koma til framkvæmda á árabilinu 1995–1999 sem hér segir:

Haustið 1995 fjölgar kennslustundum um 6, þannig að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verður að lágmarki sem hér segir:
1.–4. bekkur: 26 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 29, 31 og 33 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 34 kennslustundir.
Haustið 1996 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:
1.–4. bekkur: 27 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 30, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.
Haustið 1997 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:
1.–4. bekkur: 28 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 32, 33, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 36 kennslustundir.
Haustið 1998 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:
1.–4. bekkur: 29 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 34, 34, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 37 kenslustundir.
Haustið 1999 fjölgi kennslustundum um 7, þannig:
1.– 4. bekkur: 30 kennslustundir,
5.– 7. bekkur: 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 37 kennslustundir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið var samið af nefnd sem Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra skipaði hinn 24. mars 1992 til að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla og móta menntastefnu. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í janúar 1993 og voru þar reifaðar helstu hugmyndir hennar um áherslur í skólastarfi. Var skýrslan víða kynnt og send fjölmörgum aðilum til umsagnar. Á grundvelli áfangaskýrslunnar, umsagna um hana og viðræðna við ólíka aðila, voru samin drög að frumvarpi til laga um grunnskóla. Nefndin skilaði menntamálaráðherra einnig drögum að frumvarpi til laga um framhaldsskóla ásamt skýrslu. Í skýrslu nefndarinnar er sett fram heildstæð skólastefna fyrir grunn- og framhaldsskóla og er vísað til hennar til frekari skýringa á frumvarpi þessu. Nefnd um mótun menntastefnu skipa eftirtaldir aðilar: Sigríður Anna Þórðardóttir alþingismaður, formaður nefndarinnar, Arnar Þórisson viðskiptafræðingur, Árni Sigfússon borgarfulltrúi, Björn Búi Jónsson, kennari við Menntaskólann í Reykjavík, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, Halldóra Rafnar, menntamálafulltrúi VSÍ, Haukur Helgason, skólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, Helgi Jónasson, fræðslustjóri Reykjanessumdæmis, Ingibjörg Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi MFA, Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Linda Rós Mikaelsdóttir, kennari í Álftamýrarskóla, María Þ. Gunnlaugsdóttir, aðstoðarskólameistari Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Ólafur H. Jóhannsson, endurmenntunarstjóri Kennaraháskóla Íslands, Sigurveig Sæmundsdóttir, kennari í Hofstaðaskóla í Garðabæ, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Stefán Baldursson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra, Þórleifur Jónsson, viðskiptafræðingur hjá Samtökum iðnaðarins.

Með nefndinni störfuðu Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra í skólamálum, og Margrét Harðardóttir, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu. Þá starfaði Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri með nefndinni til loka janúar 1993. Auk þess veittu Hrólfur Kjartansson, deildarstjóri grunnskóladeildar, og Sigurður Helgason, deildarstjóri starfsmannadeildar, nefndinni ýmis góð ráð og ábendingar.

Menntamálaráðherra sendi frumvarpsdrögin til umsagnar helstu hagsmunaaðila. Við endanlega gerð frumvarpsins var tekið mið af ábendingum þessara aðila og umræðum í þjóðfélaginu í kjölfar kynningar á tillögum nefndarinnar.

Flestar tillögur um breytingar frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, eru gerðar vegna flutnings á ábyrgð og kostnaði en meginmarkmið frumvarpsins er flutningur alls reksturs grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Nokkrum öðrum greinum er breytt þrátt fyrir að ný verkaskipting kalli ekki beinlínis á breytingar. Þar er t.d. um að ræða aukningu vikulegs kennslumagns samfara einsetningu grunnskólans, aukna áherslu á námsmat og mat á skólastarfi.

Yfirstjórn skólamála hjá menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn grunnskóla og fylgist með því að fylgt sé þeirri stefnumörkun um nám og kennslu sem lög kveða á um (9. gr.). Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að sett sé aðalnámskrá fyrir grunnskóla og reglugerðir um skólahald á grundvelli gildandi laga. Hann ber einnig ábyrgð á eftirliti með skólastarfi, öflun og úrvinnslu upplýsinga um starf í grunnskólum, svo og upplýsingamiðlun til foreldra og almennings um skólastarf og árangur þess (9. gr.). Menntamálaráðherra leggur skólum til samræmd

próf (46. gr.) og ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi, sbr. 51. gr. Menntamálaráðherra er heimilt að veita undanþágur frá nokkrum ákvæðum laganna, sbr. 1. gr., 5. gr., 7. gr. og 26. gr., og er úrskurðaraðili í einstökum atriðum er varða skólahald, sbr. 6. gr., 33. gr., 41. gr. og greinargerð með 46. gr.

Grunnskólinn á ábyrgð sveitarfélaga.

Með lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, voru ýmis verkefni sem áður voru í höndum menntamálaráðuneytisins flutt til sveitarfélaga. Þar var ákveðið að sveitarfélög kostuðu ein stofnun og rekstur grunnskóla en ríkissjóður kostaði áfram kennslu (almenna kennslu, viðurkennda forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu), stjórnun, námsgögn og sérfræðiþjónustu. Með þessu frumvarpi er lagt til að sveitarfélög taki við þessum verkefnum að undanskilinni útgáfu námsgagna og að öll ábyrgð á framkvæmd skólahalds færist til þeirra. Sveitarfélög munu því taka við ráðningu starfsmanna og launagreiðslum til skólastjórnenda, kennara og annarra sérfræðinga sem starfa í grunnskólum og eru nú ráðnir hjá ríkinu.

Menntamálaráðherra mun jafnframt leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um flutning á starfsskyldu og launagreiðslu þessara aðila þar sem m.a. verður kveðið á um hvernig fara skuli með áunnin starfstengd réttindi þeirra.

Í frumvarpinu eru ekki settar fram reglur um útreikninga vegna kennslukostnaðar eins og gert er í gildandi lögum þar sem öll framkvæmd og skipulag skólahalds verður framvegis í höndum sveitarstjórna. Í 75. gr. gildandi laga um grunnskóla eru sett viðmið um fjölda nemenda í hverri bekkjardeild og er gert ráð fyrir að sveitarfélög setji sér svipaðar viðmiðunarreglur þegar kennslukostnaður einstakra skóla er reiknaður.

Í 1. mgr. 76. gr. gildandi laga er fámennum skólum heimilað að blanda saman aldurshópum í 1.–8. bekk og gilda ákveðnar reglur um fjölda nemenda í deildir. Er við það miðað hve mörgum aldurshópum verður að kenna saman. Þær viðmiðanir, sem hér um ræðir, hafa gefist vel og því er eðlilegt að ætla að sveitarfélög hafi þær til hliðsjónar við skipulag kennslu í fámennum skólum. Samkvæmt 76. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að ekki sé haldið uppi kennslu í 9. og 10. bekk nema að nemendafjöldi í hvorri bekkjardeild nái 12 nemendum að meðaltali. Samkvæmt frumvarpinu geta sveitarfélög framvegis ákveðið að halda uppi kennslu í þessum bekkjum í heimaskóla óháð því hve margir nemendur eru í árgangi.

Sérdeildir/sérskólar.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög taki við rekstri sérskóla og sérdeilda fyrir þá nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og ekki geta notið kennslu í almennum grunnskólum (38. gr.).

Sérfræðiþjónusta.

Verkefni fræðsluskrifstofa á sviði stjórnunar, daglegs eftirlits með skólahaldi, fjármála, sálfræðiþjónustu og annarrar sérfræðiþjónustu við grunnskóla verða á ábyrgð sveitarfélaga eftir flutninginn. Hverju sveitarfélagi er gert skylt að tryggja skólum aðgang að sérfræðiþjónustu og annarri sérhæfðri ráðgjöf (42. gr.). Lögð er áhersla á að þessi þjónusta skerðist ekki frá því sem nú er og setur menntamálaráðherra reglugerð þar sem kveðið er á um lágmarkssérfræðiþjónustu við grunnskóla.

Námsgögn.

Kennsla og námsgögn í skyldunámi skulu vera nemendum að kostnaðarlausu. Sveitarfélögum ber að leggja til og kosta kennslu og námsgögn í skyldunámi. Ríkinu ber að reka áfram sérstaka stofnun sem sér um útgáfu og útvegun námsgagna í skyldunámi (33. gr.).

Kjarnagreinar.

Nýjung í frumvarpinu er ákvæði um að kjarnagreinar séu skilgreindar í aðalnámskrá grunnskóla (30. gr.). Kjarnagreinar eru þær námsgreinar sem öðrum skyldunámsgreinum fremur eru taldar hafa afgerandi þýðingu fyrir framhaldsnám, atvinnu og almenna menntun. Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er lagt til að kjarnagreinar verði íslenska, stærðfræði og enska.

Samræmt námsmat.

Í frumvarpinu er lagt til að aukin áhersla verði lögð á samræmt námsmat í grunnskólum (46. gr.). Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra leggi skólum til samræmd próf, bæði könnunarpróf og árgangapróf, ásamt stöðluðum kunnáttuprófum til að greina stöðu nemenda og fylgjast með námsframvindu þeirra.

Nýjung er ákvæði um að samræmd próf skuli lögð fyrir allan árgang nemenda í 4. og 7. bekk grunnskóla. Tilgangur samræmdra prófa í neðri bekkjum grunnskóla er að veita nemendum, foreldrum og skólum hlutlægar upplýsingar um námsframvindu nemenda þannig að hægt verði að grípa inn í snemma á námsferlinum með markvissum aðgerðum hjá þeim nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri. Einnig er lagt til að lögfest verði að nemendur taki fjögur samræmd próf við lok grunnskóla.

Skólanámskrá og sjálfsmat skóla.

Ákvæði í frumvarpinu um að hver skóli skuli gefa út skólanámskrá er nýjung (31. gr.). Þar er um að ræða rökstudda áætlun um skólastarfið sem unnin er af starfsfólki skólans undir faglegri forustu skólastjóra. Skólanámskrá skal borin undir foreldraráð og hljóta samþykki skólanefndar. Önnur nýjung í frumvarpinu er ákvæði um að hver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta sitt innra starf (sjálfsmat skóla, 49. gr.), þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Báðar þessar tillögur eru til þess fallnar að styrkja fagmennsku í skólastarfi og efla innra starf skóla.

Ráðningar.

Skólastjórar og kennarar verða starfsmenn sveitarfélaga. Sveitarstjórn ræður skólastjóra, kennara og annað starfsfólk grunnskóla og fer með ráðningar starfsmanna samkvæmt ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Ef slík ákvæði eru ekki fyrir hendi skal sveitarstjórn eða byggðarráð gefa fyrirmæli til skólastjóra um hvernig skuli staðið að ráðningu starfsmanna, sbr. greinargerð með 23. gr.

Endurmenntun, fagleg ráðgjöf.

Áhersla er lögð á að möguleikar kennara á framhaldsmenntun, endurmenntun og kennsluráðgjöf skerðist ekki frá því sem nú er. Lagt er til að framlag í sjóð vegna námsleyfa kennara og skólastjóra, sbr. 42. gr. gildandi grunnskólalaga, og 25. gr. frumvarpsins verði óbreytt og að áfram verði í boði styttri námskeið og fræðslufundir eftir því sem fjárveitingar leyfa, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Loks er í frumvarpinu ákvæði um að kennarar skuli eiga kost á almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf sem tekur til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr. frumvarpsins. Þar sem slík þjónusta er ekki fyrir hendi á vegum sveitarfélaga skulu þau kaupa hana af stofnunum sem mennta kennara og/eða öðrum aðilum sem bjóða upp á slíka þjónustu. Slík fagleg ráðgjöf komi að hluta til í stað kennsluráðgjafar sem fræðsluskrifstofur hafa boðið fram (42. gr.).

Foreldrar.

Samkvæmt frumvarpinu eru áhrif foreldra á skólastarf aukin. Gert er ráð fyrir að við hvern grunnskóla starfi foreldraráð með þátttöku þriggja fulltrúa foreldra, auk skólastjóra (16. gr). Foreldraráð hvers skóla á t.d. að vera umsagnaraðili um skólanámskrá skólans og fylgjast með framkvæmd hennar. Jafnframt er heimilt að stofna félag foreldra við grunnskóla til að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla (15. gr.).

Einsetinn skóli og lengdur skóladagur.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að allir grunnskólar séu einsetnir og að það takmark hafi náðst árið 2001 (3. gr. og ákvæði til bráðabirgða). Víða um land, einkum í dreifbýli, hefur þessu takmarki þegar verið náð og í sveitarstjórnarkosningum vorið 1994 kom í ljós að fjölmörg sveitarfélög hafa lýst yfir vilja og metnaði til að koma sem fyrst á einsetningu í skólunum.

Í samræmi við stefnumörkun um einsetningu er gert ráð fyrir að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda aukist frá því sem nú er (27. gr.). Þannig er gengið út frá því að allir grunnskólanemendur geti hafið skóladaginn á morgnana þegar þeir ættu að vera móttækilegastir fyrir námi og að hægt verði að skipuleggja samfelldan vinnudag allra grunnskólabarna. Kveðið er á um sérstakt hádegishlé, að lágmarki 30 mínútur, þar sem nemendur geta matast en ákvæði um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma er óbreytt frá gildandi lögum (4. gr.). Gert er ráð fyrir að ákvæðin um tímafjölda á hvern nemenda verði lágmarksákvæði þannig að ekki verði heimilt að bjóða minni kennslu í viku hverri en grunnskólalög kveða á um. Lagt er til að kennslustundafjöldi í grunnskóla aukist á hverju ári þar til lágmörkum laganna er náð að fullu. Hér er miðað við haustið 1999, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Loks er heimildaákvæði um að sveitarstjórnir geti boðið nemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma (27. gr.) en þar er verið að lögfesta framkvæmd sem nokkur sveitarfélög hafa komið á að eigin frumkvæði.

Níu mánuða starfstími nemenda.

Kveðið er á um að starfstími grunnskólanemenda skuli vera 9 mánuðir og kennsludagar grunnskóla að lágmarki 172 (26. gr.). Þannig er starfstími skóla skilgreindur út frá rétti nemenda til náms og kennslu á skólaárinu í stað þess sem nú tíðkast að árlegur starfstími skóla er sá tími sem kennarar starfa í skólunum. Markmiðið er að hinn lögbundni 9 mánaða skóli verði betur nýttur til skipulegra starfa með nemendum en verið hefur.

Kjarasamningar kennara.

Ljóst er að bæði einsetning grunnskóla og annars konar nýting á starfstíma skóla kallar á breytta kjarasamninga við kennara. Endurskoða þarf skilgreiningar á starfstíma kennara og laga þær að þörfum skólastarfsins í einsetnum grunnskóla þar sem aukin áhersla er lögð á samvinnu skólafólks, m.a. við gerð skólanámskrár (31. gr.) og við reglubundið mat á skólastarfi, þar á meðal sjálfsmat skóla (49. gr.). Kennarasamtök hafa þegar lýst yfir vilja til að ganga til samninga um breyttar skilgreiningar á starfstíma kennara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú meginbreyting er gerð frá gildandi lögum nr. 49/1991 að fellt er brott ákvæði um skyldu ríkis og sveitarfélaga til sameiginlegs skólahalds fyrir börn og unglinga á skyldunámsaldri. Þessi skylda hvílir framvegis á sveitarfélögum einum eftir því sem lög þessi segja til um.

Um 2. gr.

Ekki er gerð breyting á ákvæðum laga nr. 49/1991 um hlutverk grunnskólans og er greinin því samhljóða 2. gr. þeirra laga.

Um 3. gr.

Ákvæði gildandi laga um 10 ára skólaskyldu er óbreytt, sbr. 1. gr., með þeim frávikum sem fram koma í 35. gr. frumvarpsins.

Í greininni er kveðið á um að allir grunnskólar skuli vera einsetnir. Með einsetningu er átt við að allir nemendur skóla hefji nám að morgni og séu samtímis í skólanum. Í bráðabirgðaákvæði með gildandi lögum er gert ráð fyrir að allir skólar verði einsetnir á 10 ára tímabili frá gildistöku þeirra laga. Hér er gert ráð fyrir að einsetningu skóla verði að fullu náð árið 2001, sbr. ákvæði til bráðabirgða, eða einu ári fyrr en gildandi lög gera ráð fyrir.

Það er í valdi sveitarstjórnar að ákveða hvort skóli skuli starfa sem ein stofnun (1.–10. bekkur) eða vera skipt í einingar, t.d. 1.–4. bekkur, 8.–10. bekkur. Í dreifbýli kann að vera heppilegt að sameina mjög fámenna skóla undir einni stjórn og á þessi grein einnig við um það. Fellt er brott úr gildandi lögum ákvæði um samþykki fræðslustjóra og menntamálaráðuneytis til að skipta skólum í einingar. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir embætti fræðslustjóra og nú tekur sami aðili, þ.e. sveitarstjórn, ákvörðun um hvort og þá í hvernig einingar grunnskóla er skipt og ber allan kostnað sem því fylgir, þar með talinn kennslukostnað.

Um 4. gr.

Með fullri ábyrgð sveitarfélaga á rekstri grunnskóla er ekki lengur þörf afskipta fræðslustjóra né menntamálaráðuneytis af stofnun heimavista eða skólaselja. Frumkvæðið er hér að fullu flutt til sveitarfélaga. Greinin ítrekar það meginviðmið að í strjálbýli skuli nemendum ekið í og úr skóla daglega í stað þess að þeir búi á heimavist. Sveitarfélög kosta og bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs. Mikilvægt er að nemendum sé ekki ofgert með löngum akstursleiðum eða löngum tíma í skólabíl.

Sett hafa verið á stofn skólasel, sem útibú við einstaka skóla, til að stytta akstursleiðir fyrir nemendur. Með skólaseli er átt við útibú frá aðalskóla, t.d. fyrir yngstu nemendurna, til að komast hjá heimavistardvöl eða löngum skólaakstri. Mikilvægt er að við stofnun slíkra útibúa sé gætt faglegrar samræmingar við aðalskólann og að nemendur eigi möguleika á félagslegum samskiptum við aðra nemendur skólans, t.d. þátttöku í skólaskemmtunum, leiksýningum, íþróttamótum og öðrum viðburðum í skólastarfinu.

Ákvæði 4. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum. Þar er átt við að nemendur geti keypt mat í skólanum eða komið með nesti að heiman og hafi aðstöðu í skólanum til að neyta matar. Sveitarfélögum er ekki gert skylt að stofna og reka mötuneyti.

Um 5. gr.

Þar sem staða fræðslustjóra í núverandi mynd er lögð niður þykir eðlilegt að menntamálaráðuneytið sé framvegis úrskurðaraðili um þær undanþágur er hér um ræðir, þ.e. um skólaskyldu og skólatíma.

Um 6. gr.

Þær breytingar eru gerðar á 6. gr. gildandi laga að skólastjóri skal vísa málinu til skólanefndar takist honum ekki að finna lausn á því, enda á skólanefnd að sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Í gildandi lögum hefur skólanefnd verið gert að vinna að lausn málsins í samráði við sérfræðiþjónustu skóla og barnaverndarnefnd áður en málinu er vísað til menntamálaráðuneytis.

Með hliðsjón af nýlegri niðurstöðu máls, sem umboðsmaður Alþingis fékk til úrskurðar og fjallar um brottrekstur nemanda úr skóla vegna agabrots, er hér breytt þeirri reglu að vísa málum af því tagi sem hér um ræðir og vegna agabrots nemenda til barnaverndarnefndar. Í niðurstöðu umboðsmanns í máli nr. 761/1993 segir m.a. á bls. 10:

„Á vegum sveitarfélaga starfa barnaverndarnefndir, sbr. 6. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Foreldrar, forráðamenn barns og aðrir þeir, sem eru barninu nákomnir, geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar, sbr. 49. gr. laganna. Samkvæmt 3. gr. laganna fer félagsmálaráðuneytið með yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndir teljast til stjórnsýslu sveitarfélaga og heyra stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra. Menntamálaráðherra er því aðeins heimilt að fela barnaverndarnefndum vald til þess að leysa úr kærumálum á þessu sviði, að hann hafi til þess skýra lagaheimild. Ráðherra getur ekki á grundvelli hinnar almennu heimildar til setningar reglugerðar um nánari framkvæmd þess ákvæðis, sem fram kemur í 5. mgr. 57. gr., sbr. 85. gr. grunnskólalaga, falið vald sitt stjórnvaldi, sem hvorki fellur undir yfirstjórn hans né hann ber stjórnskipulega ábyrgð á. Þar sem ekki er mælt fyrir um slíka kæruheimild í grunnskólalögunum, eins og gert er t.d. í 56. gr. laganna, og ráðherra heldur ekki veitt

sérstök lagaheimild til þess að mæla fyrir um slíkt í reglugerð, verður að telja, að ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 512/1975, þar sem mælt er fyrir um málskot til barnaverndarnefndar, skorti lagaheimild".

Í lok greinargerðar sinnar tekur umboðsmaður Alþingis fram að þótt nægjanleg lagaheimild væri til þess að fela barnaverndarnefnd meðferð slíkra kærumála telji hann vafa leika á því að slík skipan væri heppileg.

Um 7. gr.

Engin breyting frá 7. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Fellt er brott ákvæði um skyldu til þess að tilkynna fræðslustjóra um tímabundnar undanþágur. Tímabundar undanþágur, sem hér um ræðir, eru t.d. keppnisferðir í íþróttum, aðstoð við bændur á álagstímum, eins og um réttir og sauðburð, og aðrar tímabundnar fjarvistir sem skólastjóri metur gildar.

Lagt er til að lögfest verði að þegar undanþága af þessu tagi er veitt verði forráðamaður nemandans ábyrgur fyrir því að nemandi vinni upp það sem hann missir úr námi, enda á greinin við um þær undanþágur sem foreldrar eða forráðamenn sækja um.

Um II. kafla.

Þessi kafli hefur verið styttur í samræmi við flutning grunnskóla til sveitarfélaga. Felldar eru brott lagagreinar sem fjalla um grunnskólaráð, samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, skiptingu landsins í fræðsluumdæmi, fræðsluráð, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofur.

Um 9. gr.

Þegar framkvæmd grunnskóla er að fullu komin til sveitarfélaga, ber sveitarstjórn ábyrgð á að skólar starfi samkvæmt lögum þessum, reglugerðum við þau og aðalnámskrá grunnskóla. Menntamálaráðuneytið fylgist með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar.

Á það hefur verið bent að eftirlit framkvæmdaraðila á sjálfum sér geti ekki verið mjög virkt og hefur það gjarnan verið ein röksemdin fyrir mikilvægi þess að skapa hrein skil í verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga varðandi grunnskólann. Þegar framkvæmd grunnskólalaga er að fullu komin á ábyrgð sveitarfélaga er mikilvægt að tryggja virkt ytra eftirlit með skólahaldi í landinu. Greinin kveður á um skyldu menntamálaráðuneytisins til þess að halda uppi slíku eftirliti.

Til þessa hefur eftirlit með starfi grunnskólans verið í höndum menntamálaráðuneytis og fræðsluskrifstofa. Samkvæmt frumvarpinu eru fræðsluskrifstofur lagðar niður í núverandi mynd. Hluti af verkefnum þeirra flytjast yfir til sveitarfélaga en utanaðkomandi eftirlit með því að sveitarfélög og skólar uppfylli kröfur laga og reglugerða varðandi skólahald flyst til menntamálaráðuneytis. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir haldi uppi eftirliti á vettvangi, m.a. að frumkvæði skólanefnda.

Um 10. gr.

Með lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, var ákveðið að sveitarfélög kostuðu ein stofnun og rekstur grunnskóla en ríkissjóður kostaði áfram kennslu (almenna kennslu, viðurkennda forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu), stjórnun, námsgögn og sérfræðilega þjónustu. Með frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög taki við þessum verkefnum, að undanskilinni útgáfu námsgagna, og ábyrgð á skólahaldi færist til þeirra.

Í greininni er um nýmæli að ræða þar sem kveðið er á um skyldu sveitarstjórna til að gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir framkvæmd skólahalds. Slíkt samræmt eftirlit og upplýsingasöfnun eru óhjákvæmileg til þess að hægt sé að hafa yfirsýn yfir skólahald í landinu og er ráðuneytið sjálfsagður eftirlitsaðili með þessum málum. Þær upplýsingar sem hér um ræðir varða m.a. nemendur (fjölda nemenda, skólasókn o.fl.), skólastarfið (tímafjölda, nemendastundir, skyldunámsgreinar, kjarnagreinar o.fl.), sérfræðiþjónustu, sérstakan stuðning við nemendur, sbr. 37. gr., aðstæður (húsnæði, búnað o.fl) og starfsfólk (menntun, starfsaldur, meginverkefni o.fl.).

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 17. grein gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um verkefni og hlutverk skólanefnda. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum að gert er ráð fyrir auknu hlutverki skólanefnda og þá fyrst og fremst hvað viðkemur innra starfi skólanna.

Skólanefnd fer með málefni grunnskóla í umboði sveitarstjórnar. Skólanefnd er ætlað að fylgja eftir ákvæðum laga og reglugerða um grunnskóla. Í því felst m.a. að sjá um að skólaskyldu sé fullnægt, að fullnægjandi húsnæði og aðstaða sé fyrir hendi og að áætlanir séu gerðar um skólastarfið. Skólanefnd fylgist með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu og getur lagt tillögur um umbætur á skólastarfi fyrir skólastjóra. Skólanefnd skal fylgjast með því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu á borð við kennslufræðilega ráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu, sbr. 42. gr.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 19. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um hlutverk skólastjóra sem forstöðumanns grunnskóla. Nýjung er ákvæði um faglegt forustuhlutverk skólastjóra og er það áréttað enn frekar með ákvæði um ábyrgð skólastjóra á gerð skólanámskrár.

Greinin kveður á um að skólastjóri skuli boða til kennarafundar eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Bætt er inn ákvæði sem segir að auk kennara skuli aðrir sérfræðingar skólans sækja kennarafundi. Með sérfræðingum er átt við fagmenntað starfsfólk sem sinnir menntunar- og uppeldisstarfi innan skólans, svo sem bókasafnsfræðinga, námsráðgjafa o.fl.

Ákvæði um kennararáð eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 15. gr.

Hér er gerð sú breyting frá 22. gr. gildandi laga að í stað félags foreldra og kennara er nú gert ráð fyrir foreldrafélögum sem eingöngu foreldrar eiga aðild að. Greinin ítrekar skyldu skólastjóra til að stíga fyrsta skrefið til að stofna samtök foreldra ef foreldrar óska eftir aðstoð hans.

Sú breyting er gerð að tekið er út ákvæði um að foreldrar eigi rétt til setu á kennarafundum. Foreldrum er sköpuð formleg leið til að hafa áhrif á starf og stefnumörkun skólans með tilkomu foreldraráðs (16. gr.) og með sérstökum fulltrúa sem þeir tilnefna til setu á skólanefndarfundum (13. gr.).

Um 16. gr.

Greinin fjallar um foreldraráð og hlutverk þess. Lagt er til að við hvern skóla starfi foreldraráð sem sé eingöngu skipað foreldrum.

Í 20. gr. gildandi laga um grunnskóla er ákvæði um skólaráð sem ekki hefur komið til framkvæmda. Gagnrýni hefur komið fram á samsetningu skólaráðs en það skal skipað þremur fulltrúum, einu foreldri, einum kennara og einum nemanda. Fáir skólar hafa komið á fót slíku ráði.

Með foreldraráðum er verið að mynda formlegan vettvang til að koma sjónarmiðum foreldra varðandi innihald og áherslur í starfi skólans og skipulagi skólahalds á framfæri við stjórn skólans.

Foreldraráði er ætlað að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólahald. Foreldraráð skal fá áætlanir um skólahald til umsagnar í tæka tíð til að hægt sé að taka athugasemdir þess til greina. Hér er átt við t.d. áform um skólabyggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir, búnað skóla og skólaakstur. Gert er ráð fyrir að í skólanámskrá sé fjallað um atriði sem varða innra starf skóla, svo sem skipulag náms og kennslu, skólareglur, öryggismál, skólatíma, skóladagatal, námsmat, mat á skólastarfi, endurmenntun kennara, félagslíf í skólanum og annað sem varðar starfsemi skólans. Foreldraráð á að hlutast til um að skólanámskráin sé kynnt öllum foreldrum við skólann og að áætlunum hennar sé framfylgt.

Skólastjóra er skylt að veita foreldraráði upplýsingar um skólastarfið og niðurstöður mats á starfi skólans.

Gert er ráð fyrir að kosning í foreldraráð sé til tveggja ára í senn. Um val fulltrúa foreldra í foreldraráð fer eftir ákvörðun foreldrahópsins í hverjum skóla. Við fámenna skóla eða skóla þar sem foreldrahópurinn er mjög dreifður kann að vera erfiðleikum bundið að velja fulltrúa í foreldraráð á lýðræðislegan hátt. Af þessum sökum er m.a. nauðsynlegt að hafa undanþáguheimild.

Um 17. gr.

Fellt er niður heimildarákvæði um setu fulltrúa nemenda á fundum skólastjóra og kennararáðs og á kennarafundum. Rétt þykir að hafa það í valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans er fyrir komið.

Um 18. gr.

Greinin er óbreytt frá 24. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. gildandi laga. Hér er fellt brott ákvæði um heilsugæslu í skólum en um hana er fjallað í XII. kafla.

Um 20. gr.

Greinin kemur í stað 27. gr. gildandi laga og ítrekar ákvæði 84. gr. gildandi laga um reglur um lágmarksaðstöðu og búnað. Þar sem sveitarstjórnir kosta nú með öllu byggingu grunnskólahúsnæðis er óþarft að taka fram hver ráði hönnuði. Er það ákvæði því fellt brott.

Nauðsynlegt er að til séu einhver viðmið um aðstöðu og búnað skóla. Mörg sveitarfélög eða skólar hafa á síðustu árum leitað eftir slíkum viðmiðunum við undirbúning hönnunar skóla eða kaup á búnaði. Árið 1969 gaf menntamálaráðuneytið út reglugerð um stofnkostnað skóla þar sem kveðið var á um aðstöðu. Sú reglugerð er löngu orðin úrelt og var unnið að breytingum á henni árið 1982. Breytingarnar voru aldrei staðfestar en unnið hefur verið samkvæmt þeim við ákvörðun um skólabyggingar. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, setji reglugerð um lágmarksaðstöðu og búnað grunnskóla. Slík reglugerð er hugsuð sem viðmiðun til að tryggja jafna stöðu nemenda hvað varðar húsnæði, aðstöðu og aðbúnað.

Við gerð nýs grunnskólahúsnæðis eða viðbyggingar við eldra húsnæði verður að taka mið af einsetnum skóla, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Rétt þykir að taka skýrt fram að viðhaldsskylda sveitarfélaga nær einnig til þeirra skólahúsa er byggð voru með stofnkostnaðarframlagi úr ríkissjóði og eiga sveitarfélög ekki endurkröfu á ríkissjóð vegna þessa kostnaðar.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. gildandi laga um grunnskóla nema að felld er brott tilvitnun í umboð frá menntamálaráðuneyti varðandi umsjón og umráð skólamannvirkja.

Gert er ráð fyrir því að dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja sé í höndum skólastjóra á skólatíma með þeim takmörkunum sem sveitarstjórn kann að ákveða.

Um 23. gr.

Við þá breytingu að sveitarfélög taka við rekstri grunnskólanna að fullu færast ráðningar skólastjóra og kennara til sveitarstjórna. Í greininni er gert ráð fyrir því að ráðningar kennara og annarra starfsmanna skóla fari eftir ákvæðum í samþykktum viðkomandi sveitarstjórnar.

Þar sem ekki eru slík ákvæði gefur sveitarstjórn skólastjóra fyrirmæli um með hvaða hætti staðið skuli að ráðningu starfsmanna. Má samkvæmt því viðhafa sama fyrirkomulag og gildandi lög mæla fyrir um, þ.e. að skólastjóri annist og beri ábyrgð á kennararáðningum innan þess ramma sem fjárveitingar sveitarfélagsins ákveða.

Kveðið er á um að við ráðningu skólastjóra skuli tekið tillit til menntunar viðkomandi og starfsreynslu. Í stefnumótun nefndar um mótun menntastefnu er lögð áhersla á ábyrgð skólastjórnenda og faglegt forustuhlutverk í skólum. Mikilvægt er að þetta verði haft í huga við ráðningu skólastjóra, t.d. með því að meta sérstaklega ef umsækjendur hafa aflað sér sérhæfðrar menntunar á sviði skólastjórnunar.

Nýjung er ákvæði um aðstoðarskólastjóra að því leyti að við ákvörðun um stjórnunarumfang er tekið tillit til annarra starfsmanna skólans en ekki kennara einna. Skal miða við 12 starfsmenn í fullu starfi. Með þessu er komið til móts við þá kröfu skólastjóra að meta stjórnunarstörf vegna skólaaksturs, gæslustarfa á heimavistum, mötuneytum og ýmissa annarra starfa en kennslu. Hér er gengið út frá þeirri forsendu að aðrir starfsmenn skóla, svo sem húsvörður og starfsmenn mötuneytis séu skilgreindir sem starfsmenn eins ákveðins skóla.

Í greininni er ítrekað að við ráðningu kennara og skólastjóra sé gætt ákvæða gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og skólastjóra.

Um 24. gr.

Hlutverk umsjónarkennara er nánar skilgreint en í gildandi lögum. Umsjónarkennari hefur mikilvægu hlutverki að gegna ekki síst á unglingastigi þar sem kennsla er yfirleitt greinabundin. Því þarf að tryggja að kennari, sem hefur umsjón með bekk á unglingastigi, kenni bekknum a.m.k. eina námsgrein þannig að nemendur nái að mynda traust tengsl við einn ákveðinn kennara á þessu skólastigi. Einnig er mikilvægt að umsjónarkennarar á unglingastigi hafi til umráða eina kennslustund á viku á stundatöflu nemenda sem ætluð er til samveru umsjónarkennara og nemenda.

Árgangastjórn, fagstjórn og leiðsögn nýliða er ekki lögbundin skylda og umfang þessara starfa hefur ráðist af fjárframlögum hverju sinni. Í greininni er gert ráð fyrir að sveitarfélög haldi a.m.k. uppi svipuðu umfangi þessara starfa og verið hefur og því er heimildarákvæði inni um að skólastjórum sé heimilt að fela kennurum þessi störf. Gert er ráð fyrir að þær stofnanir er annast kennaramenntun í landinu leiti samninga við sveitarstjórnir um að kennaranemar fái aðstöðu og leiðsögn í grunnskólum.

Um 25. gr.

Ákvæðum greinarinnar er ætlað að viðhalda sams konar möguleikum kennara og skólastjóra til námsleyfa og gilt hafa skv. 42. gr. gildandi grunnskólalaga.

Ríkissjóður hefur til þessa lagt fram sem svarar 1% af dagvinnulaunum kennara til endurmenntunar. Nefnd, sem skipuð er fulltrúum kennarasamtaka, skólastjóra og ráðuneytis, hefur metið umsóknir og gert tillögur um námsleyfi til ráðherra.

Lagt er til að myndaður verði sjóður sem veitt verði úr fé til viðbótarnáms- og endurmenntunar kennara og skólastjórnenda. Heimilt verði að veita úr sjóðnum ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi, t.d. vegna skólagjalda.

Gert er ráð fyrir sérstakri sjóðstjórn sem í eiga sæti fulltrúar kennara og sveitarstjórna. Fulltrúar sveitarstjórna skulu vera í meiri hluta í sjóðstjórn enda bera sveitarstjórnir allan kostnað af starfsemi sjóðsins. Stjórn sjóðsins er gert að setja sér starfsreglur og birta þær. Átt er við reglur sambærilegar þeim sem kveðið er á um í reglugerð nr. 427/1988.

Um 26. gr.

Sú breyting er gerð frá gildandi lögum að starfstími skóla er skilgreindur út frá þeim tíma sem nemendur sækja skóla. Einnig er kveðið á um lágmarksfjölda kennsludaga á skólaárinu og er það nýjung. Með kennsludögum er átt við skóladaga þar sem fram fer skipulagt starf nemenda undir leiðsögn kennara.

Að undanförnu hefur orðið vart mikillar gagnrýni almennings á það hve kennsludagar eru fáir og hve nemendur fái oft frí á starfstíma skóla. Í reglugerð um starfstíma skóla er veitt heimild til að fella niður kennslu af ýmsum orsökum, t.d. vegna prófahalds, starfsdaga kennara á skólaárinu og námskeiðahalds kennara. Niðurfelling kennslu af þessum ástæðum veldur því að raunverulegir kennsludagar nemenda í 9 mánaða skólum eru í mörgum tilvikum aðeins 144–155 dagar á ári.

Þrátt fyrir að gildandi grunnskólalög geri ráð fyrir 9 mánaða skólaári nemenda á grunnskólastigi starfa 66 af 207 grunnskólum landsins í einungis 8½ mánuð, allmargir starfa aðeins í 8 mánuði og tveir í 7 mánuði. Það skal hins vegar tekið fram að 92% nemenda í grunnskólum sækja 9 mánaða skóla þar sem fjölmennir skólar í þéttbýli starfa í 9 mánuði en margir skólar í dreifbýli starfa skemur.

Brýnt er að nýta árlegan starfstíma grunnskóla betur en verið hefur. Með því að skilgreina starfstíma skóla sem vinnutíma nemenda er þess freistað að starfstíminn sé betur nýttur til skipulags starfs nemenda undir leiðsögn kennara.

Nauðsynlegt er að skólastjórar geti kallað kennara til starfa að sameiginlegum verkefnum í þágu skólans nokkra daga áður en skólahald hefst og að því loknu. Ljóst er að slík endurskipulagning skólaársins kallar á endurskoðun á kjarasamningum kennara.

Fellt er brott ákvæði um að ráðuneytið setji reglugerð um starfstíma skóla og skóladagatal enda er gert ráð fyrir að starfstími og skóladagar séu tilgreindir í skólanámskrá, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Í skólanámskrá skal hver skóli gera grein fyrir því hvernig skólaárið er skipulagt.

Um 27. gr.

Greinin kveður á um lágmarksviðmiðun kennslutíma í grunnskóla, svo og rétt nemenda til einsetins skóla og samfellds vinnudags sem hefjist að morgni. Viðmiðun um lágmarks vikulegan kennnslutíma skal náð að fullu á næstu fimm árum, þ.e. fram til skólaársins 1999–2000, sbr. þá áætlun sem sett er fram í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að árið 2001 séu allir skólar einsetnir og að uppfyllt séu lágmarks viðmið um vikulegan kennslutíma.

Nýjung er heimildarákvæði um að sveitarstjórn geti boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma í húsnæði skólans eða nágrenni hans. Er þar um að ræða lögfestingu á framkvæmd sem þróast hefur á allra síðustu árum. Víða um land hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir til að lengja viðveru barna í skólum og hafa sveitarfélög sýnt þar bæði frumkvæði og útsjónarsemi.

Í þjóðfélagi þar sem almenn atvinnuþátttaka foreldra er frekar regla en undantekning er mikilvægt að samfara einsetningu skólanna standi grunnskólabörnum til boða lengd viðvera í skólum eða nágrenni þeirra þar sem fram fari uppeldi og umönnun utan lögbundinnar fræðslu. Mikilvægt er að kennari eða annar aðili með uppeldismenntun hafi umsjón með starfseminni. Gera verður ráð fyrir að lengd viðvera í húsnæði grunnskóla sé á ábyrgð skólastjóra.

Einsetning skóla, samfelldur skóladagur og lengd viðvera minnkar þörfina á ýmiss konar sérúrræðum og eykur möguleika á að koma á tengslum við t.d. tónlistarskóla og íþróttastarf. Með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna ætti að gefast tækifæri til að mynda sterkari tengsl milli skóla, umhverfis og frjálsrar félagastarfsemi.

Fellt er brott ákvæði um skólaathvörf. Með lengingu skóladags og lengdri viðveru í skólum ætti ekki að vera lengur þörf á þeim.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr gildandi laga að öðru leyti en því að fellt er brott ákvæði um setningu reglugerðar um leyfisdaga. Með því móti er gefinn möguleiki til aukins svigrúms við skipulag námstíma nemenda á skólaárinu eftir aðstæðum á hverjum stað.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 48. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt er við sem sjötta lið í upptalningu „að nýta leiki barna sem náms- og þroskaleið". Vísað er til þess að við skipulagningu náms og starfs í yngstu bekkjum grunnskólans sé tekið mið af aldri og þroska barnsins og hugað sé að tengslum leikskóla og grunnskóla.

Um 30. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að kjarnagreinar skuli ákveðnar í aðalnámskrá grunnskóla. Kjarnagreinar hafa sérstöðu meðal skyldunámsgreina. Um er að ræða kennslugreinar sem fela í sér undirstöðukunnáttu og færni hvort heldur litið er til áframhaldandi náms, almennrar menntunar eða starfa í þjóðfélaginu að loknum grunnskóla. Lagt er til að í 4. og 7. bekk grunnskóla verði lögð fyrir grunnskólanemendur samræmd próf í kjarnagreinum. Tilgangur þeirra prófa er að fylgjast með námsframvindu nemenda í kjarnagreinum og nota niðurstöður prófanna sem leiðarljós í áframhaldandi starfi. Nefnd um mótun menntastefnu leggur til í lokaskýrslu sinni að kjarnagreinar grunnskóla verði þrjár, þ.e. íslenska, stærðfræði og enska.

Með kennslu í íslensku er bæði átt við móðurmálskennslu íslenskra barna og íslensku sem annað tungumál, þ.e. íslenskukennslu nýbúa.

Fellt er brott ákvæði um að menntamálaráðuneytið gefi út aðalnámskrá grunnskóla á fimm ára fresti. Menntamálaráðherra ber ábyrgð á endurskoðun aðalnámskrár og útgáfu hennar þegar þörf krefur.

Um 31. gr.

Skólanámskrá er stjórntæki skólans og er unnin af starfsfólki skóla undir faglegri forustu skólastjóra sem ábyrgist gerð hennar. Hún er rökstudd skrifleg lýsing á því sem gert er í skólanum og jafnframt áætlun um skólastarfið. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Með slíkri skriflegri lýsingu er reynt að tryggja þekkingu allra viðkomandi aðila á skólastarfinu, skapa grundvöll til mats og innra og ytra eftirlits með skólastarfinu. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð í tæka tíð til þess að tryggja að upplýsingarnar berist og gefa þeim aðilum er að rekstri skólans standa, svo og foreldrum, tækifæri til að gera athugasemdir við skólanámskrána, sjá 16. gr. Ekki er gert ráð fyrir því að þessir aðilar þurfi að staðfesta skólanámskrá formlega. Eðlilegt er þó að skólanefnd og foreldraráð geti kallað eftir faglegum rökum fyrir þeim markmiðum, áherslum og áætlunum sem fram eru sett í skólanámskrá.

Um 32. gr.

Takmörkuð er heimild til þess að verja hluta námstíma nemenda í efstu bekkjum grunnskólans til kennslu í valgreinum frá gildandi ákvæðum en þau hafa reyndar ekki verið framkvæmd að fullu. Nú er miðað við val í tveimur efstu bekkjunum og að ekki verði ráðstafað til valgreina meiri tíma en sem svarar þriðjungi árlegs kennslutíma.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um valgreinar í aðalnámskrá.

Um 33. gr.

Greinin kveður á um að óheimilt sé að krefja nemendur í skyldunámi um gjald fyrir kennslu og námsgögn. Með skyldunámi er átt við þær námsgreinar og námsþætti sem grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla gera ráð fyrir að kenndar séu í grunnskólum, þar með taldar valgreinar.

Námsgögn. Námsgögn eru samkvæmt skilgreiningu í aðalnámskrá grunnskóla námsbækur, kennsluleiðbeiningar, handbækur, myndbönd, hljómbönd, veggspjöld, tölvuforrit, myndir og ýmiss konar prentefni, svo og gögn sem jafngilda námsbók, svo sem efni til kennslu í listum og verkgreinum.

Efnisgjald. Skólum er ekki heimilt að krefja nemendur um fé til að standa straum af kostnaði sem fellur undir almennan rekstur skóla. Sveitarfélögum ber áfram að greiða rekstrarkostnað grunnskóla en í því felast m.a. efniskaup til verklegrar kennslu, kaup á kennslutækjum og búnaði, svo og pappír og ritföngum sem notuð eru í sameiginlegri starfsemi skólans og eru í hans vörslu.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota og sem hefð er fyrir að foreldrar útvegi. Dæmi um slík gögn eru m.a. stílabækur, reikningsbækur, blýantar, pennar, strokleður, reglustrikur, yddarar, plastmöppur og litir. Skólum er hins vegar heimilt að útvega nemendum slík gögn gegn endurgjaldi ef foreldrar óska þess eða samkomulag næst þar um. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis dags. 31. ágúst 1990 sem fjallar um kaup á námsbókum og efnisgjöld.

Meginbreytingin, sem frumvarpsgreinin felur í sér, er sú að sveitarfélög kosta námsgögn í skyldunámi. Hlutverk ríkisins verður að reka sérstaka stofnun sem á að tryggja að ætíð séu til námsbækur og námsgögn sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár. Ríkið rekur þegar slíka stofnun, Námsgagnastofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. 23/1990.

Sveitarfélög (skólar) geta snúið sér til hvaða aðila sem er um kaup á námsbókum og öðrum námsgögnum skv. 33. gr. frumvarpsins. Tilgangurinn með því að lögfesta rekstur stofnunar á vegum ríkisins, þrátt fyrir flutning verkefna og kostnaðar frá ríki til sveitarfélaga, er einkum sá að tryggja framboð á nauðsynlegum námsgögnum á öllum sviðum skyldunáms. Hér er reiknað með svipuðu umfangi í útgáfu og endurnýjun námsgagna og verið hefur hjá Námsgagnastofnun. Ekki er gert ráð fyrir söluhagnaði heldur minnki framlag ríkisins til stofnunarinnar sem nemur kaupum sveitarfélaga.

Sveitarfélögum (skólum) er ekki gert skylt að kaupa öll námsgögn frá Námsgagnastofnun eða með milligöngu hennar. Námsgagnastofnun mun framvegis ekki úthluta námsgagnakvóta til skólanna heldur selja sveitarfélögum námsgögn.

Fellt er út ákvæði í gildandi lögum um sérstaka nefnd til að fjalla um vafamál. Í stað þess er gert ráð fyrir að slíkum málum sé vísað til menntamálaráðuneytis til úrskurðar og er það í samræmi við málsmeðferð í öðrum tilvikum þar sem álitamálum er skotið til æðra stjórnvalds til úrskurðar.

Um 34. gr.

Greinin er samhljóða 52. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að felld er brott síðasta setningin sem kveður á um að kostnaður greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

Um 35. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 53. grein gildandi laga en gerðar eru nauðsynlegar áherslubreytingar vegna breytts skipulags yfirstjórnar.

Síðasta málsgrein er ný. Hér er lagt til að menntamálaráðherra hafi heimild til að veita einstökum nemendum undanþágu frá því að stunda tilteknar námsgreinar. Beiðnum af þessu tagi fjölgar, m.a. vegna fjölgunar nemenda af erlendum uppruna og heimkomu íslenskra nemenda sem hafa stundað nám í skólum erlendis. Þannig verði menntamálaráðherra t.d. heimilt að meta móðurmálskunnáttu erlendra nemenda jafngilda námi í Norðurlandamáli.

Enn fremur er lagt til að ráðherra sé heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngilt tilteknu skyldunámi. Sem dæmi um þetta má nefna sund, tónlistarnám eða listdans. Nemendur sem stunda slíkt nám utan grunnskólans hafa oft tileinkað sér kunnáttu og færni sem er langt umfram það sem grunnskólinn gerir kröfur um.

Um 36. gr.

Á undanförnum árum hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað í íslenskum skólum. Ekki eru þó tölur tiltækar yfir fjölda þeirra þar sem ekki er gert ráð fyrir sérstöðu þeirra við innritun í skólana. Þessir nemendur hafa þó flestir notið stuðningskennslu en það er mat hvers skóla fyrir sig hvort nemendur þurfi á stuðningi að halda eða ekki.

Eftir því sem næst verður komist fengu um 200 nemendur sérstaka aðstoð í íslensku á árinu 1992, ýmist vegna þess að þeir höfðu annað móðurmál en íslensku eða höfðu dvalist lengi erlendis. Árið 1993 fékkst sérstök fjárveiting til kennslu erlendra nemenda en þá voru þeir orðnir tæplega 300 og á haustdögum 1994 eru þessir nemendur a.m.k. 350 samkvæmt tölum frá fræðslustjórum.

Það reynist nýbúum oft erfitt að tileinka sér íslensku ef þeim er ætlað að læra málið eingöngu með nemendum sem hafa íslensku að móðurmáli. Íslenskukennsla fyrir Íslendinga hefur eðli málsins samkvæmt aðrar áherslur en íslenskukennsla fyrir þá nemendur sem ekki hafa tileinkað sér hana í máltöku frá fæðingu. Því þurfa nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku annars konar kennslu. Reynslan hefur sýnt hérlendis og í nágrannalöndunum að þar sem nemendur hafa ekki fengið sérstaka tungumálakennslu hefur kunnáttu margra þeirra verið ábótavant á seinni stigum grunnskólans og hefur þeim reynst erfitt að nota íslensku sem tæki til náms og upplýsingaöflunar.

Ýmsar tilraunir hafa verið í gangi í grunnskólum að undanförnu um fyrirkomulag kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Tilraun hefur t.d. verið gerð með svokallaðar móttökudeildir þar sem nemendum er kennt í hópi fyrstu mánuði og ár eftir komuna til Íslands. Í þeim tilvikum, sem ekki hefur verið unnt að ná hópi saman, hafa nemendur fengið undanþágu frá námsgreinum sem þeir hafa haft takmarkað gagn af vegna skorts á íslenskukunnáttu og fengið sérstaka íslenskukennslu og stuðning við lestur sérgreina. Með því að gefa nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku kost á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er reynt að stytta og auðvelda aðlögunartíma þeirra fyrstu árin í nýju tungumálaumhverfi og nýrri menningu.

Greinin kveður einnig á um að heimilt sé að veita nemendum, sem hafa annað móðurmál en íslensku, undanþágu frá því að gangast undir samræmt lokapróf í íslensku í 10. bekk. Því er talið nauðsynlegt að heimila sérstakt samræmt lokapróf í íslensku fyrir þá unglinga sem ekki eru taldir hafa forsendur til að þreyta hefðbundið íslenskupróf við lok grunnskóla.

Um 37. gr.

Í greininni er áréttuð sú stefna gildandi laga að börn og unglingar, sem erfitt eiga með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar skv. 2. gr. laga nr. 59/1992, eigi rétt á kennslu við sitt hæfi og að kennslan fari fram í heimaskóla nemandans eins og frekast er kostur. Þetta ákvæði er í samræmi við markmiðsgreinar frumvarpsins (1., 2. og 29. gr.) um að allir nemendur eigi rétt á kennslu við hæfi í grunnskóla, svo og þá stefnu um blöndun sem kveðið er á um í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti rekið sérdeildir eða sérskóla fyrir þá nemendur sem að mati forráðamanna og sérfræðinga fá ekki notið kennslu við hæfi í almennum bekkjardeildum grunnskóla og þurfa því sérstaka aðstöðu.

Kveðið er á um að menntamálaráðherra setji reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessarar greinar, svo sem um rétt nemenda til sérstaks stuðnings og um kennslu og þjónustu við þessa nemendur.

Um 38. gr.

Greinin leggur þá skyldu á sveitarfélög að tryggja nemendum, sem að mati forráðamanna og sérfræðinga fá ekki notið kennslu í almennum bekkjardeildum grunnskóla, námstilboð við þeirra hæfi í sérdeild eða sérskóla. Sérdeildir og sérskólar eru hluti grunnskólakerfisins og því eðlilegt að rekstur þeirra flytjist til sveitarfélaga á sama hátt og almenni skólinn.

Hugsanlegt er að fleiri en eitt sveitarfélag standi að rekstri einstakra sérdeilda eða sérskóla og deili rekstrarkostnaði eftir nánari reglum sem þau koma sér saman um. Þannig væri hægt að koma á fót samvirku ráðgjafarstarfi á grunnskólastiginu og sveitarfélögin mynduðu, með ráðgjafarþjónustu og sérhæfðum úrræðum, tengslanet á landsvísu sem hefði tvíþætt hlutverk: að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning og að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma.

Nauðsynlegt er að menntamálaráðherra tryggi reglubundið eftirlit með sérdeildum og sérskólum á sama hátt og með almennum grunnskólum.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 55. gr. í gildandi lögum.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. í gildandi lögum.

Um 41. gr.

Greinin er samhljóða 57. gr. í gildandi lögum að öðru leyti en því að varðandi málsmeðferð er vísað til 6. gr. frumvarpsins, sjá greinargerð með 6. gr. Ástæða þykir að taka fram að þegar talað er um heimild til að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir er ekki gert ráð fyrir að meira en ein kennsluvika líði áður en nemandi hlýtur annað kennsluúrræði hafi sættir ekki náðst í málinu.

Um 42. gr.

Í lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, er sveitarfélögum ætlað að sinna ráðgjöf á sviði uppeldismála. Flest stærri sveitarfélög hafa ráðið til sín félagsráðgjafa og sálfræðinga til að sinna málefnum unglinga, svo og barnaverndar- og forræðismálum. Þá hafa leikskólar í auknum mæli kallað eftir sálfræðiþjónustu og í lögum um leikskóla, nr. 78/1994, er gert ráð fyrir að þeir eigi aðgang að slíkri þjónustu. Í lögum um leikskóla 1994 segir að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla geti verið rekin sameiginlega með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.

Skil milli sálfræðiþjónustu grunnskóla og verkefna sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og barnaverndar eru oft óskýr. Á undanförnum missirum hafa orðið árekstrar um verksvið og sálfræðiþjónusta skóla hefur þurft að taka að sér verkefni á sviði barnaverndar- eða forræðismála til að leysa vanda sem kemur fram í skólunum og sjá skjólstæðingum fyrir meðferð. Með því að fela sveitarfélögum fulla ábyrgð á þessum málum dregur úr slíkum árekstrum. Þeim aðilum fækkar sem fjalla um málefni einstaklinga og þjónustan ætti að geta verið samhæfðari og markvissari.

Greinin gerir ráð fyrir að sveitarfélög, eitt eða fleiri sameiginlega, haldi uppi sérfræðiþjónustu, þ.e. almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskólann. Greinabundin kennsluráðgjöf taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr.

Með þessu fyrirkomulagi skapast möguleikar hjá sveitarfélögum til meiri samhæfingar félagslegrar þjónustu og sérfræðiþjónustu skóla. Í greininni er horfið frá þeirri aðgreiningu á kennslufræðilegri og sálfræðilegri þjónustu sem gerð er í gildandi lögum og báðum sviðum gert jafnhátt undir höfði.

Til þess að tryggja skólum ákveðna lágmarksþjónustu setur menntamálaráðherra reglugerð um hvað getur talist lágmarksþjónusta á þessu sviði.

Um 43. gr.

Í greininni eru talin upp helstu verkefni sérfræðiþjónustu grunnskóla. Að inntaki eru verkefni sérfræðiþjónustunnar ekki breytt frá ákvæðum VIII. kafla gildandi laga. Ákvæði um skyldur fræðsluskrifstofa í þessum efnum eru felld brott.

Um 44. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 63. gr. í gildandi lögum.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 64. gr. í gildandi lögum að öðru leyti en því að bætt er inn ákvæði um rétt nemanda og forráðamanns til að skoða prófúrlausnir nemanda. Í greininni er gert ráð fyrir að nánari reglur um framkvæmd þessa heimildarákvæðis verði sett í reglugerð.

Um 46. gr.

Lögð er áhersla á að fá með samræmdum mælingum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda í námi og framfarir á námsferlinum, auk þess sem samræmdar mælingar veita skólafólki og fræðsluyfirvöldum mikilvægar upplýsingar um árangur skólastarfsins. Því eru sett í lög ákvæði um samræmd próf í kjarnagreinum, a.m.k. tvisvar á skólagöngu nemenda í grunnskóla auk lokaprófa í 10. bekk, svo og um samræmd könnunarpróf og stöðluð próf fyrir kennara til notkunar í skólum.

Kveðið er á um að leggja skuli fyrir nemendur í 4. og 7. bekk samræmd próf í kjarnagreinum. Þar er átt við próf sem eiga að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í ákveðnum þáttum námsgreinar. Niðurstöður samræmdra prófa eiga að gefa foreldrum, kennurum og skólastjórnendum vísbendingar um að hve miklu leyti nemendur hafa náð grundvallarfærni sem frekara nám byggir á og vera þannig leiðbeinandi um áherslur í kennslunni. Í ljósi niðurstaðna á skólinn að bregðast við og veita þeim nemendum, sem ekki hafa náð lágmarksþekkingu og færni, sérstakan stuðning.

Lagt er til að lögbundið verði að við lok grunnskóla taki nemendur samræmd próf í a.m.k. fjórum greinum. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji í reglugerð í hvaða greinum skuli haldin samræmd próf og getur þar verið um að ræða mismunandi greinar milli ára, a.m.k. að hluta til þótt líklegt sé að ávallt verði prófað í einhverjum kjarnagreinum. Bent hefur verið á nauðsyn þess að reglubundið verði prófað samræmt í verklegum greinum í samræmi við þá stefnumótun að jafna hlut verklegs náms gagnvart bóknámi í skólakerfinu og auka vægi starfsnáms í framhaldsskólum.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra kveði nánar á um það í reglugerð hvernig staðið skuli að samningu, dreifingu og úrvinnslu samræmdra prófa, svo og um undanþágur frá próftöku og hvernig skuli úrskurðað í vafamálum er upp kunna að koma, t.d. með skipun sérstakrar prófanefndar.

Um 47. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 66. grein gildandi laga.

Um 48. gr.

Kveðið er á um að setja skuli í reglugerð ákvæði um hvernig háttað skuli eftirliti með námsárangri nemenda sem víkja verulega frá almennum þroska og verða því undanþegnir því að gangast undir samræmd próf sem lögð eru fyrir allan árgang grunnskólanemenda. Nemendum sem þannig er háttað um skal kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá og mat fara fram á grundvelli hennar.

Um 49. gr.

Á síðustu árum hafa verið teknar upp margvíslegar sjálfsmatsaðferðir í skólum til að bæta árangur skólastarfsins. Gert er ráð fyrir að skólar styðjist við aðferðir sem þróaðar hafa verið og gefist vel. Þá er gert ráð fyrir að skólar geti tekið upp aðferðafræði altækrar gæðastjórnunar eða notkun viðurkenndra gæðakerfa sem byggja á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

Ekki eru tilgreindar ákveðnar aðferðir við að meta sjálfsmatsaðferðir skóla en þess vænst að stuðst verði við viðurkenndar aðferðir sem þróaðar hafa verið bæði hérlendis og í öðrum löndum í þessu skyni. Þegar skólar taka upp stöðluð gæðakerfi er gert ráð fyrir að viðurkenndir vottunaraðilar geti vottað notkun slíkra gæðakerfa.

Um 50. gr.

Greinin kveður á um að kennarar og skólastjórar skuli eiga kost á endurmenntun er viðhaldi og efli starfshæfni þeirra, kynni þeim markverðar nýjungar og styðji við nýbreytni- og þróunarstörf.

Samkvæmt lögum nr. 29/1988 (1. og 17. gr.) ber Kennaraháskóla Íslands að annast endurmenntun. Gert er ráð fyrir að Kennaraháskólanum eða öðrum stofnunum sem sama gildir um sé árlega tryggt fé til að geta staðið að slíku námsframboði og geti haft frumkvæði að nýmælum er varða skólastarfið í heild. Er hér verið að tryggja að slíkt námsframboð verði áfram fyrir hendi.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög kosti kennara og skólastjóra á þau endurmenntunarnámskeið sem nýtast skólastarfinu best á hverjum tíma með hliðsjón af þeim áherslum sem lagðar eru í skólanámskrá skólans. Þá er gert ráð fyrir að skólastjóri hvers skóla hlutist til um að starfsfólk hans sæki árlega endurmenntunarnámskeið sem komi að sem bestu gagni fyrir skólastarfið.

Um 51. gr.

Greinin er ný og fjallar um mat á skólastarfi. Með þessu ákvæði er ætlunin að tryggja að fram fari formlegt mat á skólastarfi og að niðurstöður þess séu nýttar til umbóta.

Um 52. gr.

Ákvæði um þróunarsjóð grunnskóla eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 53. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 70. grein gildandi laga. Bætt er við ákvæði um að fram skuli fara mat á þróunar- og tilraunastarfi í grunnskólum.

Um 54. gr.

Greinin kveður á um skyldu til stofnunar skólasafns við grunnskóla.

Skólasöfn eru eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu. Með skólasafni er átt við safn bóka, kennslutækja, námsgagna og annarra gagna sem koma að notum við nám og kennslu. Nauðsynlegt er að vel sé búið að skólasöfnum bæði hvað varðar húsnæði, aðbúnað, gagnakost og starfsfólk. Sérstakt húsnæði er víðast nauðsynlegt en í fámennum skólum getur þurft að samnýta húsrými með öðru.

Um 55. gr.

Gert er ráð fyrir að heilsugæsla í skólum verði hluti almennrar heilsugæslu í viðkomandi sveitarfélagi og að rekstri verði hagað í samræmi við það. Ekki þykir fært að fella stofnkostnað húsnæðis undir sömu reglur, eðli málsins samkvæmt, og er því gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði þann kostnað eins og annan stofnkostnað skóla.

Um 56. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 73. gr. gildandi laga.

Um 57. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum um grunnskóla frá 1991 er reiknað með að markmiði um einsetningu verði náð á 10 árum frá gildistöku laganna, eða árið 2001. Með ákvæði til bráðabirgða með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sú tímasetning standist. Í mörgum sveitarfélögum eru grunnskólar nú þegar einsetnir og í yfirlýsingum stjórnmálaflokka fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar kom skýrt fram að einsetningu grunnskóla skyldi náð á allra næstu árum.

Í samræmi við þessa stefnumörkun er gert ráð fyrir að fyrirhugaðri aukningu í kennslumagni samfara lengingu skóladags í einsetnum grunnskóla verði jafnað niður á næstu ár. Lagt er til að heildarkennslumagnið aukist um 43 kennslustundir. Haustið 1995 verði bætt við 6 kennslustundum eins og fjárlagafrumvarp fyrir 1995 gerir ráð fyrir, 10 verði bætt við haustið 1996, 10 haustið 1997, 10 haustið 1998 og loks 7 haustið 1999. Þannig hefur ríkið staðið við sínar skuldbindingar um fjölgun kennslustunda tveimur árum áður en einsetning verður lögbundin. Sveitarfélög eru með þessu hvött til að flýta einsetningu sem kostur er.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.

Umsögn þessi hefur verið unnin í nánu samráði við menntamálaráðuneyti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög yfirtaki rekstur grunnskóla. Í umsögninni er reynt að leggja mat á breytingar miðað við núgildandi lög óháð því hver muni bera kostnaðinn. Lög um grunnskóla eru frá árinu 1991 en á þeim hafa verið gerðar breytingar með lögum nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994. Í eftirfarandi kostnaðarmati er miðað við grunnskólalögin, með áorðnum breytingum. Í heild er áætlað að frumvarpið hafi um 680–910 m.kr. kostnaðarauka í för með sér. Það nemur 13–17% af heildarrekstrarfjárveitingu til grunnskóla í frumvarpi til fjárlaga 1995 sem er um 5.390 m.kr. Þar eru með talin útgjöld til fræðsluumdæma, fræðsluskrifstofa, sérskóla, Námsgagnastofnunar o.fl. Rétt er að leggja áherslu á að kostnaðaráhrif frumvarpsins geta orð-

ið mun víðtækari en þessar tölur segja til um þar sem eftir á að útfæra ýmislegt sem í frumvarpinu er og því ekki unnt að meta allar breytingar til fjárhæða. Í eftirfarandi töflu eru sýnd þau atriði sem lagt var talnalegt mat á og er miðað við heildarútgjaldaauka þegar öll ákvæði frumvarpsins hafa náð fram að ganga. Nánar er fjallað um þau atriði hér á eftir, svo og önnur sem ekki eru metin til fjárhæða.

	Lágmark m.kr.	Hámark m.kr.
Starfstími grunnskóla	195	390
Fjöldi vikustunda	400	400
Sérskólar, starfstími grunnskóla	10	20
Sérskólar, fjöldi vikustunda	30	30
Mat á skólum og skólastarfi	20	40
Samræmd próf	22	24
Aðstoðarskólastjórar	1	5
Samtals	678	909

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæðum 27. gr. um fjölgun vikustunda verði náð á fimm árum, sbr. umfjöllun um þá grein.

Starfstími grunnskóla (26. gr.).

Í núgildandi lögum segir að starfstími grunnskóla skuli vera níu mánuðir en hann er nánar skilgreindur í reglugerð og með skóladagatali sem menntamálaráðuneytið gefur út árlega. Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um lengd starfstíma grunnskóla og skal hann vera níu mánuðir og fjöldi kennsludaga ekki færri en 172. Samkvæmt skóladagatali eru starfsdagar grunnskóla nú 172–174 í 9 mánaða skóla. Þar af eru kennslu- og prófadagar að lágmarki 160 en aðrir starfsdagar allt að 12. Kostnaðarauki vegna fjölgunar kennsludaga fer eftir útfærslu, m.a. eftir skipulagi skólaársins. Ef miðað er við að um helmingur af þessari viðbót náist án aukins vinnuframlags en um helmingur leiði til aukinnar vinnu má ætla að kostnaðarauki verði um 4%. Ef þetta verður hins vegar hrein viðbót við þá vinnu, sem fyrir er, getur kostnaðaraukinn orðið allt að 8%. Kennslukostnaður í grunnskólum er áætlaður u.þ.b. 4.440 m.kr. skólaárið 1994–1995 og sé miðað við 4–8% yrði kostnaðaraukinn um 180–355 m.kr. Verði viðmiðunarstundum fjölgað eins og gert er ráð fyrir í 27. gr. hækka tölurnar og verða 195–390 m.kr.

Fjöldi vikustunda (27. gr.).

Í 27. gr. er fjallað um vikulegan kennslutíma og er gert ráð fyrir að vikustundum verði fjölgað úr 293 í 336 stundir frá núgildandi grunnskólalögum, með áorðnum breytingum. Hver viðmiðunarstund í grunnskólum kostar um 10 m.kr. og áætlaður kostnaðarauki vegna fjölgunar stunda um 43 verður því um 430 m.kr. Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að fjölga stundum um 6 frá hausti 1995 og er um 30 m.kr. fjárveiting ætluð til að mæta þeirri viðbót á árinu 1995. Kostnaðarauki verður því um 400 m.kr. Í bráðabirgðaákvæði grunnskólafrumvarpsins er gert ráð fyrir að lengingin komi til framkvæmda á 5 árum og fellur kostnaður til samkvæmt eftirfarandi töflu:

	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	Samtals m.kr.
Fjölgun vikustunda	80	100	100	85	35	400

Einnig er kveðið er á um að sveitarstjórn geti boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Með þessu ákvæði er verið að lögfesta úrræði sem hefur verið á hendi sveitarfélaga og er ekki áætlaður kostnaðarauki vegna þessa.

Sérskólar/sérdeildir (38. gr.).

Ákvæði um sérskóla/sérdeildir fela í sér svipað fyrirkomulag, a.m.k. fyrst um sinn, en reksturinn færist að fullu til sveitarfélaga. Samkvæmt 27. gr. fjölgar vikulegum kennslustundum úr 293 í 336 eða um rúm 14%. Kostnaðaraukinn sem af því hlýst í sérskólum er ríflega 30 m.kr. Fjölgun kennsludaga skv. 26. gr. getur kallað á 10–20 m.kr. kostnaðarauka.

Sérfræðiþjónusta o.fl. (42. og 43. gr.).

Í VIII. kafla er fjallað um sérfræðiþjónustu af ýmsum toga og gert ráð fyrir að hún færist öll til sveitarfélaga. Ríkið rekur nú fræðsluskrifstofu í hverju fræðsluumdæmi sem veita margs konar þjónustu. Verkefni sérfræðiþjónustunnar breytist ekki frá núgildandi lögum að inntaki og því eru ekki áætlaðar kostnaðarbreytingar vegna þessa.

Mat á skólum og skólastarfi (49. og 51. gr.).

Samkvæmt frumvarpinu ber menntamálaráðherra ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár en hann getur falið öðrum aðila en ráðuneytinu að annast framkvæmd slíks mats. Þetta hlýtur að vera eitt af grundvallarhlutverkum menntamálaráðuneytis nú þegar en ætla má að leggja verði aukna áherslu á þennan þátt ef rekstur grunnskóla færist frá ríki. Þá er gert ráð fyrir að skólar taki upp sjálfsmatsaðferðir til að bæta árangur skólastarfsins. Ætla má að þetta kalli á aukna vinnu í skólum en á móti ætti það aðhald sem slíkt mat hefur í för með sér leiða til hagræðingar. Því er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessa. Einnig er kveðið á um að á 5 ára fresti skuli, að frumkvæði menntamálaráðuneytis gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Erfitt er að áætla kostnað við slíka úttekt en gera má ráð fyrir að það geti kostað 0,5–1 m.kr. fyrir hvern skóla. Grunnskólar eru ríflega 200 og væru um 40 skólar metnir á ári yrði kostnaðarauki samkvæmt því 20–40 m.kr.

Samræmd próf (46. gr.).

Gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á samræmdum prófum í lok grunnskóla og nú er. Lögfest er að prófa skuli í a.m.k. fjórum greinum við lok grunnskóla. Bætt er við prófum í kjarnagreinum í 4. og 7. bekk. Ef miðað er við að prófin verði tvö í 4. bekk og þrjú í 7. bekk yrði kostnaðarauki vegna þessa ákvæðis um 20 m.kr. þar sem hvert samræmt próf kostar um 4 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið leggi skólum til

stöðluð próf til greiningar á námsstöðu nemenda. Kostnaður við slík próf fer eftir fjölda prófa en gera má ráð fyrir að hann verði ekki meiri en 2–4 m.kr., a.m.k. fyrst um sinn.

Aðalnámskrá (30. gr.).

Í ákvæði um aðalnámskrá er ný málsgrein um að í námskránni skuli tilgreina kjarnagreinar. Það getur haft aukna vinnu í för með sér en á móti er fellt niður ákvæði um skyldu menntamálaráðuneytis að gefa út aðalnámskrá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Ákvæði um aðalnámskrá hefur í sjálfu sér lítinn sem engan kostnaðarauka í för með sér en ný aðalnámskrá getur haft afgerandi áhrif á kostnað, t.d. vegna námsefnisgerðar. Þau áhrif er þó ekki hægt að meta fyrr en ný aðalnámskrá liggur fyrir.

Skólanámskrá (31. gr.).

Skólanámskrá er nýtt hugtak en hver skóli skal gefa út skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Vinna við gerð hennar verður í höndum kennara og skólastjóra og er talið að það vinnumagn geti rúmast innan núverandi kostnaðarramma.

Stjórn grunnskóla (9.–17. gr.).

Í II. kafla, um stjórn grunnskóla, eru felldar brott greinar um grunnskólaráð, samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga o.fl. Að óbreyttu ætti það að hafa sparnað í för með sér þegar yfirbyggingin minnkar en í reynd hafa lögin ekki náð fyllilega fram að ganga og er því sparnaður lítill. Á móti kemur kostnaðarauki vegna skólanefnda en þeim er ætlað stærra hlutverk, s.s. að fylgjast með innra starfi skóla. Kostnaðarauki fer eftir hvernig störf skólanefnda þróast en ekki er gert ráð fyrir að hann verði verulegur.

Aðstoðarskólastjórar (23. gr.).

Ákvæði um aðstoðarskólastjóra er samhljóða 32. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að við ákvörðun um stjórnunarumfang er tekið mið af öllum starfsmönnum skólans í stað kennara einna. Í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, skal ráða aðstoðarskólastjóra, en í gildandi grunnskólalögum er viðmiðunin 10 kennarar í fullu starfi, auk skólastjóra. Ekki er gert ráð fyrir verulegum kostnaðarauka vegna þessa en hann getur þó orðið 1–5 m.kr.

Gerð námsgagna (33. gr.).

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn. Sérstök stofnun á vegum ríkisins skal tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár. Sveitarfélög geta keypt námsgögn af stofnuninni eða öðrum aðilum. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á því fjármagni sem fer til námsgagnakaupa í heild sinni.

Skólahúsnæði (18.–22. gr.).

Í III. kafla er fjallað um skólahúsnæði og eru í greininni ítrekuð ákvæði núgildandi laga um lágmarksaðstöðu og búnað. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að leitað sé eftir samþykki menntamálaráðuneytis áður en framkvæmdir hefjast við byggingu skólamannvirkja en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að staðlar séu skilgreindir í reglugerð. Ekki eru

gerðar breytingar á núverandi framkvæmd og viðmiðum um aðstöðu og búnað skóla og er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessa. Einnig er fjallað um hvernig fara skuli með viðhald húsnæðis og uppgjör á eignarhluta ríkisins, ef til þess kemur, vegna eldra húsnæðis er byggt var sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Málsverðir í skólum (4. gr.).

Ákvæði um að nemendur skuli eiga kost á málsverði í skólum er samhljóða gildandi lögum. Með lögum nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, var því ákvæði hins vegar frestað. Kostnaðarauki vegna þessa ákvæðis fer eftir því með hvaða hætti það verður framkvæmt og ógerlegt er að leggja mat á hann. Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki sé gert skylt að stofna og reka mötuneyti heldur er átt við að nemendur hafi aðstöðu í skólanum til að neyta nestis eða eigi kost á að fá málsverði keypta í skólanum. Ljóst er þó að einhver kostnaður mun falla til vegna gæslu á matmálstímum en erfitt er að áætla þann kostnaðarauka og fer það eftir því hvort um er að ræða gæslu fyrir hvern bekk eða stærri hópa og hvort það verða kennarar eða aðrir starfsmenn sem sinna þeirri gæslu.

Foreldraráð og foreldrasamstarf (15. og 16. gr.).

Gert er ráð fyrir að þátttaka foreldra í starfi skóla aukist til muna. Hingað til hafa störf foreldra í skólum verið að mestu ólaunuð og er því ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna þessa.

Sjóður vegna endurmenntunar og viðbótarnáms kennara (25. gr.).

Kveðið er á um sama framlag í sjóð vegna endurmenntunar og viðbótarnáms kennara og miðað er við í núgildandi lögum. Hugsanlegt er að smávægilegur kostnaðarauki hljótist af starfi sjóðstjórnar en sjóðnum skal stjórnað af fimm mönnum. Tilnefningaraðilar greiða kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í sjóðstjórn en tveir eru tilnefndir af heildarsamtökum kennara á skyldunámsstigi og þrír af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Valgreinar (32. gr.).

Heimild til að verja námstíma í valgreinar er þrengd frá núgildandi lögum. Miðað við núverandi framkvæmd hefur þetta þó ekki mikil áhrif á kostnað.

Íslenskukennsla fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku (36. gr.).

Nemendur sem hafa annað móðurmál eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku og heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku. Í fjárlögum er sérstök fjárveiting til kennslu nýbúa og ættu viðbótarútgjöld því ekki að verða veruleg.

Fjöldi í bekkjardeildum.

Í 75. gr. gildandi grunnskólalaga er kveðið á um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Með lögum nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, var viðmiðunarfjölda í bekk breytt ótímabundið. Í drögum að frumvarpi til laga um grunnskóla er ekkert ákvæði að finna um fjölda í bekkjardeildum. Í greinargerð með frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir að sveitarfélög setji sér svipuð viðmið. Ekki er ljóst hvort og þá hvaða áhrif þetta hefur til breytinga á fjölda nemenda í bekk og þar með kostnaði.

132. Frumvarp til laga [127. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar, menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar.

III. KAFLI

Starfstími.

3. gr.

Árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal vera 9 mánuðir. Þar af skulu kennsludagar ekki vera færri en 150. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfstíma skóla og leyfisdaga.

IV. KAFLI
Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á aðalnámskrá, eftirliti með skólastarfi og námsefni, ráðgjöf um kennslu og þróunarstarf í framhaldsskólum, söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf.

Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla og annast fjárhagslegt eftirlit svo og eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað.

5. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum (rektorum og skólastjórum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd.

Í skólanefnd skulu sitja fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans, hinn tilnefndur af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

7. gr.

Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára sem háð er samþykki menntamálaráðherra. Skólanefnd gerir í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd skal gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og hlut nemenda í efniskostnaði vegna verklegrar kennslu í samræmi við reglur er menntamálaráðherra setur. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Gjöld til nemendasjóða eru ákveðin af nemendafélögum skóla sem sjá um innheimtu og meðferð fjárins. Bókhald nemendafélags skal háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður skólans.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um skipan og störf skólanefnda.

8. gr.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, starfi þeir við skólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

9. gr.

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun í starfi skólans, um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat, og aðra starfsemi. Kennarafund skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skylt er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla, nemendafélög, setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

V. KAFLI
Starfsfólk.

11. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni.

Menntamálaráðherra ræður skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar. Kennari sem ráðinn er skólameistari skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma er hann gegnir starfi skólameistara.

Skólameistari ræður kennara, námsráðgjafa, skólasafnverði og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd. Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn og áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.

Menntamálaráðherra setur skólameistara og kennurum erindisbréf svo og öðrum starfsmönnum skóla eftir því sem við á.

12. gr.

Hafi kennari starfað a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um námsorlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja námsorlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum námsorlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðherra getur veitt kennara, er nýtur námsorlofs, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um námsorlof skal hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 1. október ár hvert. Að loknu námsorlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á námsorlofstíma.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd námsorlofs kennara.

13. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal rækja heilsuvernd. Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skólans skal fela henni að annast heilsuverndina.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

14. gr.

Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Inntökuskilyrði.

15. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi. Í reglugerð skal kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Heimilt er skólameistara að undangengnu mati að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu í einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum á framhaldsskólastigi. Inntaka nemenda í framhaldsskóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI
Námsskipan.

16. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skiptast í starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, og almenna námsbraut. Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót náms.

Á starfsnámsbrautum er nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám sem lýkur með skilgreindum prófum. Þeir sem lokið hafa sveinsprófi eða öðru starfsnámi, sem nánar er tilgreint í reglugerð, skulu eiga kost á viðbótarnámi til stúdentsprófs. Iðnsveinar skulu eiga kost á námi til meistaraprófs í grein sinni. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Bóknámsbrautir veita undirbúning að námi á háskólastigi og lýkur með stúdentsprófi. Bóknámsbrautir eru þrjár: tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut.

Almenn námsbraut er bóklegt og verklegt nám og lýkur með framhaldsskólaprófi. Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók- og starfsnámsbrautum og er jafnframt hluti af því námi.

Við ákvörðun um stofnun námsbrauta skal tekið mið af eðlilegri sérhæfingu og verkaskiptingu framhaldsskólanna.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

17. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Þær skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hlutfall milli þessara þátta er ákveðið í aðalnámskrá og getur verið mismunandi eftir brautum.

Brautarkjarni er skyldunám brautar. Þar eru sérgreinar brautarinnar og námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélaginu. Áherslur í almennum greinum skulu miðast við lokamarkmið námsbrautar.

Kjörsvið er frekari sérhæfing á brautinni. Það er skipulagt sem heild, ýmist með samröðun námsáfanga eða í stórum heildstæðum áföngum með áherslu á fræðileg viðfangsefni. Starfsnám eða viðurkennt listnám á framhaldsskólastigi má meta til kjörsviðs í námi á bóknámsbrautum að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í aðalnámskrá.

Frjálst val námsgreina, sem skilgreindar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla og kenndar eru í viðkomandi skóla, gefur nemendum kost á að kynnast list-, verk- og fræðasviðum að eigin vali.

18. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun og starfrækslu fornáms við framhaldsskóla. Fornám er skipulagt sem eins árs nám fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fornám og skilyrði fyrir stofnun þess.

19. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Menntamálaráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um kennslu og nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

20. gr.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Menntamálaráðherra getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda, tilhögun og mat á íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna í framhaldsskólum.

VIII. KAFLI
Námskrár og mat.

21. gr.

Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólastarfs. Í henni eru útfærð markmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina. Í aðalnámskrá skulu vera almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta, samhengi í námi og meðallengd námstíma á hverri braut. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi kennslustunda í einstökum námsgreinum, inntak í megindráttum, stígandi í náminu og kennsluskipan.

Í aðalnámskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talin próf og vitnisburð. Þar komi fram hvaða kröfur nemandi þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið einstökum áföngum náms með fullnægjandi árangri og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Þar skal kveðið á um hversu oft nemandi má endurtaka próf og birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar.

Í aðalnámskrá eru ákvæði um mat á starfsþjálfun sé hún hluti námsins, mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla og skilyrði þess að flytjast milli námsbrauta. Í aðalnámskrá skal setja viðmiðunarreglur um skólanámskrár og mat á skólastarfi.

22. gr.

Í hverjum skóla skal gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga og skiptingu námsgreina á námsannir og/eða námsár. Þar skal einnig gerð grein fyrir kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, svo sem gæðastjórnun.

Í skólanámskrá geri skólar grein fyrir hvernig ná skuli því markmiði framhaldsskóla að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Skólanámskrá skal samþykkt af skólanefnd sem fylgist með framkvæmd hennar.

23. gr.

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

24. gr.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara og deildarstjóra. Matið byggir á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Lokapróf úr framhaldsskóla er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa skulu vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur umsjón með gerð samræmdra prófa fyrir framhaldsskóla og úrvinnslu samræmdra lokaprófa. Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum.

IX. KAFLI
Starfsnám.

25. gr.

Starfsnám skal stuðla að almennri menntun nemenda, veita þeim undirbúning til tiltekinna starfa og innsýn í hlutverk fyrirtækja og starfsfólks í atvinnulífi. Náminu er jafnframt ætlað að hvetja nemendur til að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana með endurmenntun eða áframhaldandi námi.

Starfsnám skiptist á skóla og vinnustað eða fer fram eingöngu í skóla. Námið er bóklegt og verklegt og skal mynda sem samfelldasta heild svo að nemendur fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta. Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum starfsgreina fyrir fagmenntun starfsfólks til einstakra starfa á hverjum tíma.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífs: 5 frá Alþýðusambandi Íslands, þar af skal 1 vera fulltrúi nema, 1 frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 5 frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 1 frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni 1 fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 5 fulltrúar skipaðir án tilnefningar og skal a.m.k. 1 þeirra vera starfsmenntakennari og 1 stjórnandi starfsmenntaskóla. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Samtök atvinnurekenda, launþega og sveitarfélaga greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í samstarfsnefndinni en menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og leggur nefndinni til skrifstofuþjónustu.

27. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi stuðlar að tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin gerir tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokka í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsröðun verkefna í starfsnámi svo og sérstakar til-

raunir og þróunarverkefni. Nefndin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi við staðfestingu menntamálaráðherra.

28. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi skulu eiga kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs.

Samtök atvinnurekenda og launþega greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði og menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af fulltrúa menntamálaráðherra og af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

29. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms svo og um tilhögun námsmats og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það gerir einnig tillögur að skiptingu náms í skóla og á vinnustað svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.

30. gr.

Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi.

31. gr.

Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi er menntamálaráðherra gerir við þá stofnun er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi.

32. gr.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggir á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitanda.

Námssamningur skal undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar. Þar skal tilgreindur reynslu- og gildistími samningsins. Ákvæði um laun og önnur starfskjör skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skulu vera ákvæði um starfsþjálfunarsamninga. Þar skal einnig kveðið á um form, staðfestingu og skráningu námssamninga, svo og samningsslit og meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samnings. Áður en reglugerð þessi er sett skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda.

X. KAFLI
Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

33. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungadeildum fyrir nemendur 20 ára og eldri. Nám í öldungadeildum skal vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða.

Fyrir kennslu í slíku námi skulu nemendur greiða gjald sem nemur sem næst þriðjungi kennslulauna og kennslugögn. Menntamálaráðherra setur reglur um hlutdeild öldungadeildarnemenda í efniskostnaði. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

34. gr.

Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, t.d. með farskólasniði.

Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þátttökugjöldum.

Gera skal samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið er frá fyrirkomulagi og full greiðsla kostnaðar tryggð.

XI. KAFLI
Skólasafn.

35. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

XII. KAFLI
Stofnun og bygging framhaldsskóla.

36. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 40. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis, sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að, vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn framkvæmda, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá, skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi ver[illegible] stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingarkostnaðar miðist við.

37. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

XIII. KAFLI
Rekstur framhaldsskóla.

38. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur til fjárveitingar á fjárlögum til hvers skóla á grundvelli samþykktrar kennslu- og fjárhagsáætlunar skólans til þriggja ára. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega með tilliti til nemendafjölda skólans.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa. Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað skóla, svo og viðhald húsa og tækja. Rekstrarframlag er greitt til skóla samkvæmt ákvæðum í samningi er gerður skal við menntamálaráðuneytið. Heimilt er skólanefnd, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal greitt af sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis sem ákveðin er í fjárlögum í samræmi við sérstaka viðhaldsáætlun til þriggja ára í senn sem menntamálaráðherra gerir. Um undirbúning viðhaldsframkvæmda og umsjón með þeim fer með sama hætti og aðrar slíkar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann undir stjórn skólameistara.

39. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist við framhaldsskóla er ríkið rekur, greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum og rekstri mötuneyta samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari hefur umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.

Einkaaðilar og/eða samtök geta stofnað skóla á framhaldsskólastigi enda uppfylli þessir skólar ákvæði laga og reglugerða um námsframboð, kennsluskipan og eftirlit og hafi hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis. Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

41. gr.

Samtök atvinnurekenda og launþega geta gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Um slíka aðild skal gerður samningur milli aðila er kveði á um framlög og aðild að stjórnun hans ef um slíkt á að vera að ræða.

42. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 36. og 38. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kýs sér sjálf formann og vara formann.

43. gr.

Heimilt er að nýta skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

Hagnaði af leigu skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 39. gr., skal verja til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

44. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Um fjárframlög til tilraunastarfs af þessu tagi fer samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

45. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum til þróunarsjóðs framhaldsskóla og heyrir hann undir menntamálaráðherra sem setur reglur um styrkveitingar úr sjóðnum.

46. gr.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

XV. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

47. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. ágúst 1995 og skulu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1999–2000.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum.

XVI. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði í 23. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 1999–2000.

II.

Ákvæði um starfsnám í 25.–32. gr. skulu vera komin til fullra framkvæmda innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra setur í reglugerð áætlun um framkvæmd ákvæða greina þessara að höfðu samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Ef þörf þykir skal fara fram endurskoðun þessara lagagreina í kjölfar úttektar á framkvæmd þeirra.

III.

Næstu fjögur ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangi undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms enda liggi fyrir: (a) vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár undir stjórn meistara; (b) vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að ganga undir sveinspróf og (c) umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs. Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið af nefnd sem Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra skipaði hinn 11. mars 1992 til að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla og móta menntastefnu. Nefnd um mótun menntastefnu skilaði áfangaskýrslu í janúar 1993 og voru þar reifaðar helstu hugmyndir hennar um áherslur í skólastarfi. Var skýrslan víða kynnt og send fjölmörgum aðilum til umsagnar. Frumvarpið var unnið á grundvelli áfangaskýrslunnar, umsagna um hana og viðræðna við fjölmarga aðila. Í lokaskýrslu nefndarinnar er sett fram heildstæð skólastefna fyrir grunn- og framhaldsskóla. Nefnd um mótun menntastefnu skipuðu: Sigríður Anna Þórðardóttir alþingismaður, formaður nefndarinnar, Arnar Þórisson viðskiptafræðingur, Árni Sigfússon borgarfulltrúi, Björn Búi Jónsson, kennari við Menntaskólann í Reykjavík, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, Halldóra J. Rafnar, menntamálafulltrúi VSÍ, Haukur Helgason, skólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, Helgi Jónasson, fræðslustjóri Reykjanesumdæmis, Ingibjörg Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi MFA, Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Linda Rós Mikaelsdóttir, kennari í Álftamýrarskóla í Reykjavík, María Þ. Gunnlaugsdóttir, aðstoðarskólameistari Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Ólafur H. Jóhannsson, endurmenntunarstjóri Kennaraháskóla Íslands, Sigurveig Sæmundsdóttir, kennari í Hofstaðaskóla í Garðabæ, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Stefán Baldursson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra, Þórleifur Jónsson, viðskiptafræðingur hjá Samtökum iðnaðarins.

Með nefndinni störfuðu Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra í skólamálum, Kristrún Ísaksdóttir og Margrét Harðardóttir, deildarsérfræðingar í menntamálaráðuneytinu. Þá starfaði Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri með nefndinni til loka janúar 1993. Auk þess veittu Hörður Lárusson, deildarstjóri framhaldsskóladeildar, og fleiri starfsmenn skrifstofu menntamála og vísinda nefndinni ýmis góð ráð og ábendingar.

Tillaga að frumvarpi til laga um framhaldsskóla var samþykkt samhljóða á fundi nefndarinnar þann 15. febrúar 1993. Björn Búi Jónsson og María Þ. Gunnlaugsdóttir skiluðu séráliti um 3. gr. og 3. efnisgr. 16. gr. og Björn Halldórsson tók ekki afstöðu til þáverandi 37. gr.

Frumvarpsdrög nefndarinnar voru kynnt helstu hagsmunaaðilum í febrúar og marsmánuði 1994. Gerðar voru breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af ábendingum þessara aðila og það síðan lagt fyrir til kynningar á Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94. Með hliðsjón af opinberri umræðu frá þeim tíma hafa enn verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. Fallið hefur verið frá fyrirhugaðri lengingu á skólaárinu úr 9 mánuðum í 10 og lágmarksfjöldi kennsludaga lækkaður úr 160 í 150. Jafnframt er fallið frá fækkun námsára til stúdentsprófs og öll ákvæði um lengd námstíma tekin út (16. gr.). Auk þess er kveðið á um það í 16. gr. að nám á almennri námsbraut skuli metið sem hluti af námi á bók- og starfsnámsbrautum. Í frumvarpið var bætt við nýrri grein um rétt nemenda, sem hafa annað móðurmál en íslensku, til sérstakrar íslenskukennslu (20. gr.). Einnig hefur verið bætt inn ákvæði um að sveitarfélög skuli leggja til lóðir fyrir framhaldsskóla, án kvaða eða gjalda (36 gr.), ásamt því að í grein um rekstur framhaldsskólans hefur verið bætt inn heimildarákvæði um að skólanefnd geti fært fé á milli rekstrar- og launaliða fjárlaga (38. gr.).

Heildarendurskoðun grunn- og framhaldsskólalaga.

Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið að heildarendurskoðun á lögum um grunn- og framhaldsskóla á vegum menntamálaráðuneytis. Við endurskoðunina var tekið mið af rannsóknum sem til eru um þessi skólastig, viðhorfum til skólastarfs innan lands og utan, svo og reynslu kennara, skólastjórnenda, aðila atvinnulífs og almennings af skólastarfi og árangri þess.

Endurskoðun grunnskólalaga felur í sér breytingu á stjórnun grunnskóla sem er afleiðing af áætlaðri yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Jafnframt er gert ráð fyrir að við endurskoðun námskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla verði hugað meira að tengslum beggja skólastiga og reynt að líta á skólagöngu nemenda frá upphafi grunnskóla til loka framhaldsskóla sem heildstætt ferli þar sem nemendur þroskast og verða sjálfstæðari eftir því sem lengra dregur í náminu. Skólarnir eru uppeldis- og menntastofnanir sem gegna veigamiklu hlutverki í því að vekja ungt fólk til ábyrgrar og virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Staða framhaldsskólans í dag.

Kröfur til framhaldsskólans hafa breyst mjög á síðastliðnum árum. Breiður hópur nemenda sækir nú nám í framhaldsskóla og lætur nærri að um 85% árgangs hefji þar nám. Hér er um að ræða alþjóðlega þróun en aukin aðsókn að framhaldsskólanámi hér á landi hófst skömmu fyrir 1970. Frá miðjum áttunda áratugnum var sú skólagerð sem nú er ríkjandi á framhaldsskólastiginu að byrja að þróast þótt ekki væri nein heildarlöggjöf til um þetta skólastig. Víða um land voru stofnaðir fjölbrautaskólar eða aðrir framhaldsskólar sem ætlað var að bjóða fjölbreyttar námsleiðir á sviði bók- og starfsnáms. Markmið með stofnun fjölbrautaskóla var að tengja saman námsheiðir bóknáms og starfsnáms með það að leiðarljósi að gera báðum jafnhátt undir höfði. Óhætt er að fullyrða að þessu marki hafi ekki verið náð því að vægi bóknáms hefur í raun stóraukist og mikil áhersla verið lögð á nám á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Tölur um brottfall nemenda benda til þess að stór hluti nemendahópsins fái ekki nám við hæfi í framhaldsskólum. Í skýrslunni „Námsferill í framhaldsskóla" kemur t.d. fram að í árgangi nemenda sem fæddir eru 1969 hafa 58% pilta og 50% stúlkna ýmist ekki farið í framhaldsskóla, hætt námi eða ekki tekist að ljúka því við 22 ára aldur, þ.e. sex árum eftir að þeir luku grunnskóla[1].

Í skýrslu OECD frá árinu 1987 um menntastefnu á Íslandi er bent á að framhaldsskólinn sé það stig íslenska skólakerfisins þar sem mest skortir ákveðna og formlega stefnu. Þar segir m.a. að framhaldsskólar hafi ekki „verið skuldbundnir til að fylgja afmarkaðri stefnu"[2] og að aðstandendur framhaldsskólanna „greini enn á um í hverju framhaldsmenntun skuli vera fólgin og hver skuli vera markmið hennar og skipulag"[3]. Nú sjö árum síðar á þessi gagnrýni enn við rök að styðjast þrátt fyrir að sett hafi verið lög um framhaldsskóla. Gildandi lög um framhaldsskóla voru samþykkt árið 1988 og þeim síðan breytt árið 1989. Þar voru m. a. afnumin öll inntökuskilyrði á einstakar brautir framhaldsskóla. Afnám inntökuskilyrða samkvæmt þessum lögum og fækkun samræmdra prófa við lok grunnskóla hefur fært grunnskólanemendum þau skilaboð að námsárangur í grunn-

---

[1] Jón Torfi Jónasson (1992): *Námsferill í framhaldsskóla.* Helstu niðurstöður. Félagsvísindastofnun. Töflur 4.1 og 4.3.

[2] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): Menntamálanefnd: Skýrsla um menntastefnu á Íslandi. Efnahags- og framfarastofnunin, bls. 21.

[3] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 21.

skóla skipti litlu um námsmöguleika og árangur á síðari skólastigum. Framhaldsskólakennarar hafa kvartað yfir ónógum undirbúningi nemenda úr grunnskólum og því að stór hluti nemenda sem skráður er á lengri bók- og starfsnámsbrautir sé ekki fær um að takast á við settar námskröfur. Að öðru leyti var gildandi framhaldsskólalögum fyrst og fremst ætlað að setja ramma utan um það skólastarf sem þegar fór fram í framhaldsskólum og hafa því haft lítil mótandi áhrif á innihald þess og skipan.

Skýr stefna um markmið, skipulag og framkvæmd náms.

Það frumvarp sem nú er lagt fram felur í sér breytingu frá gildandi lögum þar sem nú er mörkuð skýr stefna um skólastarf á framhaldsskólastigi, hlutverk þess, skipulag og starfshætti. Í hlutverkagrein frumvarpsins (2. gr.) er lögð aukin áhersla á almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans, auk þess sem honum er áfram ætlað að búa nemendur undir störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám. Þau námsmarkmið framhaldsskólans sem einkum eiga að stuðla að almennri menntun nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi eru sameiginleg á öllum námsbrautum. Þau skulu skilgreind í aðalnámskrá en skólum ætlað að útfæra þau eftir aðstæðum, bæði í sérstökum námsáföngum og sem hluta af námi í einstökum námsgreinum.

Markmiðum og skipulagi framhaldsmenntunar eru gerð mun nákvæmari skil í frumvarpi þessu (VI. og VII. kafli) en í gildandi lögum. Lögð er áhersla á skýrari námsuppbyggingu í framhaldsskólum og breyttar áherslur í námsframboði. Frumvarpið kveður á um að öllum nemendum sem lokið hafa grunnskólanámi skuli tryggður aðgangur að námi í framhaldsskóla en sett eru ákveðin inntökuskilyrði á námsbrautir hans (15. gr.). Kveðið er á um mismunandi tegundir námsbrauta og hlutverk þeirra (16. gr.), lögð áhersla á að allar námsbrautir framhaldsskólans skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins (17. gr.) en horfið frá því ákvæði gildandi laga að námsefni og kennsla hvers áfanga skuli nýtast sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Nemendur, sem ekki hafa tilskilinn undirbúning til að hefja nám á námsbrautum framhaldsskóla, skulu eiga kost á eins árs fornámi (15. og 18. gr.). Loks er kveðið á um að fötluðum nemendum skuli standa til boða nám í sérstökum deildum (19. gr.) og er þar um að ræða lögfestingu á námsframboði sem hefur verið að þróast á síðustu árum.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum. Þar eru ákvæði um aðalnámskrá framhaldsskóla (21. gr.) sem skólastarf á framhaldsskólastigi byggist á. Í henni skal skilgreint allt nám sem í boði er í hinu opinbera framhaldsskólakerfi, markmið einstakra námsbrauta og uppbygging þeirra, svo og markmið einstakra námsgreina og námsþátta. Skólanámskrár (22. gr.) skulu unnar í skólunum undir faglegri forustu skólameistara og er ætlað að útfæra nánar markmið aðalnámskrár fyrir hið daglega skólastarf svo og að marka áherslur í starfi skólans. Skólanámskrá er hvort tveggja í senn innra stjórntæki skóla og upplýsingarit fyrir nemendur og almenning um áherslur í starfi skólans, skipulag og sérstöðu. Í þessum kafla frumvarpsins er og kveðið á um að skólar skuli taka upp aðferðir til að meta innra starf sitt (23. gr.) en í nágrannalöndunum er lögð mikil áhersla á innra gæðamat sem fyrst og fremst er í höndum starfsfólks skólanna og þykir gefa góða raun í bættu skólastarfi.

Frumvarpið felur einnig í sér nýja stefnumörkun um starfsnám á framhaldsskólastigi, stjórnun þess og framkvæmd (IX. kafli). Þar er gert ráð fyrir mun virkari þátttöku aðila atvinnulífs í tillögugerð og stefnumótun og skapaður vettvangur fyrir samstarf aðila atvinnulífs og skólamanna um framkvæmd starfsnáms.

Tengsl skóla og samfélags.

Í skýrslu OECD kom fram að einangrun skólanna var talin mikið vandamál í íslensku skólakerfi. Í henni fólst ábending til íslenskra stjórnvalda um að efla bæri tengsl menntunar við samfélagið í heild, „þ.e. tengsl við fjölskylduna, vinnumarkaðinn og menninguna“[4]. Nefnd OECD taldi nám í framhaldsskólum vera yfirborðskennt, þar væri „lítið tillit tekið til þarfa sérhvers einstaklings eða þarfa hins íslenska vinnumarkaðar“ og samráð skorti milli háskóla og framhaldsskóla.[5]

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla eru skapaðar forsendur til að auka tengsl framhaldsskólans við það þjóðfélag sem hann þjónar. Stefnt er að því að gera skólastarfið sýnilegra og vinna þannig að auknum skilningi á starfi skólanna, m.a. með aukinni upplýsingamiðlun til almennings. Skólar skulu gefa út skólanámskrá sem veitir upplýsingar um áherslur skólans og starfshætti (22. gr.) en menntamálaráðuneyti er falið að dreifa upplýsingum um skólastarf í framhaldsskólum (4. gr.). Einnig eru tengsl skólanna við nánasta umhverfi aukin verulega með breyttu hlutverki skólanefnda. Skólanefnd skipa fimm fulltrúar úr sveitarfélögum sem að skólanum standa, tilnefndir af sveitarstjórn og menntamálaráðherra. Nefndin fær nú það hlutverk að ákveða áherslur í starfi skólans og fylgjast með því að stefnumótuninni sé framfylgt. Þannig eru ákvarðanir um innra starf skólanna ekki teknar einhliða af skólafólki heldur ber því á hverjum tíma að rökstyðja stefnumörkun skólans fyrir fulltrúum þess samfélags sem skólinn þjónar. Tengsl framhaldsskólans við atvinnulífið eru einnig stóraukin með aukinni aðild fulltrúa þeirra að stefnumótun, stjórnun og framkvæmd starfsnáms. Þá eru skapaðar forsendur til betri tengsla framhaldsskóla og háskóla með tilkomu samræmdra lokaprófa úr framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að val á greinum til samræmdra stúdentsprófa og prófkröfur verði ákvarðaðar m.a. í samráði við fulltrúa háskólastigsins.

Ábyrgð og stjórnun: aukið sjálfstæði skóla.

Stefnt er að því að auka sjálfstæði skólanna um ákvarðanatöku í eigin málefnum. Forsenda fyrir auknu sjálfstæði skólanna er að stjórn þeirra verði styrkari. Í frumvarpinu er þess freistað að tengja betur völd og ábyrgð en hingað til hefur verið gert og afmarka eins og kostur er hlutverk og ábyrgð skólameistara og skólanefndar en völd skólanefndar eru aukin frá því sem nú er.

Skólameistarar eru forstöðumenn skóla og bera ábyrgð á faglegri stjórnun og daglegum rekstri (8. gr.). Ráðningarvald skólameistara er aukið þar sem ráðning starfsmanna er nú að öllu leyti á þeirra ábyrgð (11. gr.). Hins vegar er æviráðning skólameistara afnumin og gert ráð fyrir að þeir verði ráðnir eingöngu til 5 ára í senn (11. gr.). Skólameisturum til stuðnings við stjórnun skóla eru skólaráð sem einkum er ætlað að fjalla um innri málefni skólans og mál einstakra nemenda, og skólanefndir.

Skólanefndir fá aukna ábyrgð á stjórnun skóla. Þeim er ætlað að marka áherslur í starfi skólans m.a. með því að samþykkja skólanámskrá sem unnin er af fagfólki skólans. Þær gera árlega starfs- og fjárhagsáætlanir til þriggja ára og senda menntamálaráðuneyti til samþykkis og fylgjast með að skólahald sé í samræmi við faglega stefnumörkun, þ.e. skólanámskrá, og samþykktan fjárhagsramma sem skólanum er ætlað að starfa eftir (7.

---

[4] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 40.

[5] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 22.

gr. og 21. gr.). Þannig má segja að núverandi valdsvið ráðuneytis sé að hluta til sett í hendur skólanefndar. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar, undirbýr fundi hennar og fylgir eftir ákvörðunum hennar. Nýmæli er að skólanefndir skili árlega starfs- og fjárhagsáætlun til ráðherra til þriggja ára í senn. Þess er vænst að aukin festa náist í starfi skólanna þegar starfsáætlanir eru unnar nokkur ár fram í tímann þó svo að þær kunni að verða endurskoðaðar ef forsendur breytast milli ára.

Gert er ráð fyrir aukinni verkaskiptingu framhaldsskóla og að þeir sérhæfi sig í framboði tiltekinna námsbrauta og kjörsviða (16. gr.). Verkaskipting er talin forsenda þess að unnt verði að halda uppi í landinu framhaldsskólanámi sem stenst alþjóðlegar kröfur um gæði, ekki síst þá kröfu að kennslan sé í höndum kennara sem hafa sérhæfða menntun til kennslu í viðkomandi námsgreinum. Menntamálaráðuneytið veitir skólum heimild til að halda uppi tilteknu námi með því að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun skóla.

Í frumvarpinu er nýjung er varðar fjárveitingar til skóla þar sem gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji sérstaka reglugerð er kveði á um hvernig kennslukostnaður skóla skuli reiknaður (38. gr.). Þar með er horfið frá því að setja fastar viðmiðanir í lög. Þess í stað er reynt að nálgast kennslukostnað einstakra skóla með hjálp reiknilíkans. Þróun hlutlægra aðferða við að reikna út fjárveitingar til skóla og aukin stjórnunarábyrgð í skólum er forsenda þess að unnt verði að auka sjálfstæði skóla og koma á valddreifingu í skólakerfinu.

Öflugra innra skólastarf.

Innra starf framhaldsskóla er fyrst og fremst mótað af skólameisturum, kennurum og öðru starfsfólki skólanna. Brýnt er að skólafólk fái hvatningu til að leggja sitt af mörkum til að skólastarfið verði sem metnaðarfyllst. Fulltrúum OECD þótti sem andrúmsloft í íslenskum framhaldsskólum væri óþvingað og notalegt, en að námi og kennsluháttum væri í ýmsu ábótavant.[6]

Í frumvarpi þessu eru ákvæði sem miða að því að auka frumkvæði og ábyrgð skólafólks á mótun innra starfs skólanna og hvetja til umbótastarfs í skólum. Ber þar fyrst að nefna ákvæði um skólanámskrá (22. gr.) sem unnin skal af starfsfólki skólanna undir faglegri forustu skólameistara. Vinna við gerð skólanámskrár er mikilvægur þáttur í gæðastjórnun hvers skóla. Í öðru lagi eru í frumvarpinu ákvæði um reglulegt sjálfsmat starfsfólks á starfsháttum skóla (23. gr.) sem gerir skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk ábyrgt fyrir því að fram fari stöðug endurskoðun á innra starfi skólans. Í þriðja lagi er í frumvarpinu lögð áhersla á stöðugt þróunar- og tilraunastarf til að efla skólastarf á framhaldsskólastigi. Gert er ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur þróunarsjóður fyrir framhaldsskóla (45. gr.) þar sem skólar geti sótt um styrki og er þannig hvatt til nýbreytnistarfa í skólum. Einnig er ákvæði um að menntamálaráðherra geti veitt skólum heimild til að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga (44. gr.). Skilyrði fyrir slíkri heimild er að tilraunin sé takmörkuð við tiltekinn tíma og að úttekt verði gerð á árangri hennar.

Brýnt er að auka endurmenntun kennara í framhaldsskólum þar sem öflug og skipuleg endurmenntun er mikilvæg leið til að innleiða nýja starfshætti í skólum. Huga þarf að því hvernig tengja megi betur endurmenntun kennara við þarfir skólans á hverjum tíma.

---

[6] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 21–22.


Eftirlit með skólastarfi.

Á síðustu árum hafa aukist mjög kröfur um eftirlitsskyldu stjórnvalda með skólahaldi þannig að tryggt verði að allir skólar uppfylli lágmarksgæðakröfur. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirlit með skólastarfi verði aukið á öllum stigum framhaldsskólakerfisins. Skólum er gert skylt að veita skólanefnd, nemendum og aðstandendum þeirra reglulega upplýsingar um skólastarfið, m.a. með útgáfu skólanámskrár (22. gr.). Einnig skulu þeir taka upp viðurkenndar aðferðir til að meta skólastarfið innan frá en slíkt mat verður m.a. hægt að tengja aðferðum altækrar gæðastjórnunar eða innleiðslu vottunarhæfra gæðakerfa (23. gr.). Úttekt skal gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti af utanaðkomandi aðila. Nánar er kveðið á um eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis, en það ber ábyrgð á ytra eftirliti með skólastarfi og námsefni, svo og dreifingu upplýsinga um skólastarf (4. gr.). Gert er ráð fyrir samræmdum lokaprófum í framhaldsskólum (24. gr.) en það er sjálfsagt réttlætismál fyrir nemendur, foreldra, viðtökuskóla og atvinnulíf að lokapróf allra framhaldsskóla séu jafngild. Loks er í frumvarpinu kveðið á um að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti (46. gr.) en brýnt er að Alþingi fylgist reglulega með framkvæmd skólahalds í landinu. Reglubundið eftirlit með skólastarfi og árangri þess miðar að því að tryggja að nám í framhaldsskólum sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.

Réttur allra nemenda til náms — samræmdar námskröfur.

Nokkuð virðist skorta á að nemendum framhaldsskólans sé tryggt nám við hæfi þrátt fyrir að gildandi lög kveði á um rétt allra nemenda til náms. Lögin hafa verið túlkuð á þann veg að nemendur eigi rétt á að hefja hvaða nám sem er á framhaldsskólastigi óháð árangri í grunnskóla. Skólar hafa ekki verið í stakk búnir til að veita stórum hópi nemenda viðhlítandi þjónustu, mikið fall er við upphaf framhaldsskóla, nemendur eru oft mun lengur að ljúka námi en námskrá segir til um og margir hverfa frá námi án formlegra námsloka. Meðfylgjandi tafla[7] sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ekki hafa lokið námi sex árum eftir grunnskólapróf. Þar kemur fram að íslenskir nemendur virðast skila sér álíka

[7] Jón Torfi Jónasson (1992): Vöxtur menntunar á Íslandi og tengsl hennar við atvinnulíf. *Menntun og atvinnulíf.* Sammennt og Félagsvísindastofnun, bls. 59.



vel inn í framhaldsskóla og í nágrannalöndum, Danmörku og Noregi. Hins vegar ljúka hlutfallslega mun færri nemendur skilgreindum prófum í framhaldsskóla hér á landi. Þessi vandi hefur að sumu leyti ekki verið sýnilegur í íslensku samfélagi því að ungu fólki hefur reynst auðvelt að fá vinnu þótt það hafi ekki haft formlegt lokapróf sem býr það undir ákveðin störf á vinnumarkaðnum. Með samdrætti á vinnumarkaði hefur orðið breyting í þessu efni og kröfur um árangur af skólastarfi hafa aukist.

Það er sjálfsagður réttur nemanda að innritast í nám sem hæfir undirbúningi hans og áhugasviði og sem líklegt er að hann geti lokið á eðlilegum námstíma. Talið er að helst megi koma til móts við námsþarfir þeirra nemenda sem nú hverfa frá námi með aukinni fjölbreytni í starfsnámi og stefna ber að því að efla verulega námsframboð framhaldsskólans á því sviði. Til að gera námsval markvissara eru sett inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans (15. gr.). Þau skulu vera sveigjanleg og í samræmi við kröfur sem gerðar eru á viðkomandi braut þannig að hægt verði að taka tillit til mismunandi undirbúnings nemenda í einstökum námsgreinum. Einnig er gert ráð fyrir að nemendum standi til boða námsráðgjöf til að auðvelda námsval í upphafi náms og á síðari stigum þess (14. gr.). Með inntökuskilyrðum, námsráðgjöf og aukinni áherslu á náms- og starfsfræðslu í unglingadeildum grunnskóla skapast forsendur fyrir því að nemendur velji sér nám í framhaldsskóla sem hentar námsundirbúningi þeirra og áhugasviði.


Það er einnig sjálfsagður réttur nemenda að nám sé sambærilegt að gæðum milli framhaldsskóla og að lokapróf úr framhaldsskólum séu jafngild hvar sem þau eru tekin. Gagnrýnt hefur verið að það skorti á samræmingu í námsframboði og námskröfum milli framhaldsskóla og jafnvel innan sama skóla. Markmiðssetning, kennsla, próf og námsmat er að öllu leyti í höndum einstakra kennara án þess að þessu frelsi skóla og kennara sé fylgt eftir með virku ytra eftirliti. Til að tryggja jafnan rétt nemenda til sambærilegs náms, óháð því hvar það er stundað, gerir frumvarpið ráð fyrir að lokapróf úr framhaldsskólum verði samræmd í tilteknum námsgreinum (24. gr.). Samræmt námsmat felur í sér virkt ytra eftirlit með því að nám og kennsla byggi á ákvæðum aðalnámskrár (21. gr.) en gert er ráð fyrir að ásamt skólamönnum komi ýmsir aðrir aðilar þjóðfélagsins, svo sem úr háskóla og atvinnulífi, að ákvörðun námsmarkmiða fyrir framhaldsskóla. Skýr markmiðssetning í aðalnámskrá og skólanámskrám skólanna veitir nemendum og foreldrum upplýsingar um innihald náms á hverri námsbraut svo og um starfshætti einstakra skóla. Þannig er tryggður réttur nemanda til að fá upplýsingar um það nám sem hann hyggst leggja stund á. Ákvæði um sjálfsmat skólanna og utanaðkomandi úttekt á þeim aðferðum sem skólinn beitir eiga að tryggja að almenningur fái upplýsingar um hvernig faglegum vinnubrögðum innan skólanna er háttað (23. gr.).

Aukin fjölbreytni í námsframboði.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins eru breyttar áherslur í námsframboði framhaldsskólans. Framhaldsskólinn er opinn öllum nemendum sem ljúka grunnskóla og stefnt að því að nemendum standi til boða námsleiðir við hæfi. Uppbygging framhaldsskólans samkvæmt frumvarpinu (16. gr.) er á mynd á hér á eftir.

Námsleiðir framhaldsskólans verða:

(1) Námsbrautir framhaldsskólans: bóknám, starfsnám, almennt nám. (a) Bóknámsbrautum til stúdentsprófs er fækkað úr þrettán í þrjár að grunni til. Nemendur hafa þó talsvert val milli kjörsviða og geta þannig sérhæft sig á síðari stigum námsins á svipaðan hátt og gerist í núverandi kerfi. (b) Starfsnámsbrautir eru fjölmargar, mislangar og ólíkar að uppbyggingu. Auk hefðbundins starfsnáms á lengri námsbrautum er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu á einnar til fjögurra anna starfsnámi. Slíkt nám er ætlað nemendum sem vilja skjót námslok og komast sem fyrst út í atvinnulífið. Í styttra starfsnámi verða mjög hagnýtar áherslur en jafnframt þarf að tryggja að námið nýtist nemendum ef þeir ætla að halda áfram skólagöngu þótt síðar verði. Á sumar stuttar starfsnámsbrautir geta nemendur jafnvel innritast án þess að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir framhaldsskólans. (c) Almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs er ný braut, ætluð nemendum sem eru óráðnir í vali á námsbraut eða skortir undirbúning til að innritast á þá námsbraut sem þeir kjósa. Nám á almennri námsbraut er að hluta til metið inn á aðrar brautir framhaldsskólans. Viðfangsefni á almennri námsbraut er að stórum hluta val og því má tengja nám á brautinni við stutt starfsnám þannig að nemendur ljúki hvoru tveggja í senn.



(2) Fornám er eins árs nám, ætlað nemendum sem koma úr grunnskóla með mjög slakan undirbúning og þurfa mikinn stuðning og persónulega ráðgjöf. Að loknu fornámi geta nemendur tekið stutt starfsnám eða þreytt á ný samræmt lokapróf úr grunnskóla til að geta hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla.

(3) Nám í sérstökum deildum er ætlað fötluðum nemendum sem ekki geta nýtt sér námsframboð framhaldsskólans. Um er að ræða nám sem þegar er fyrir hendi í skólakerfinu en hefur ekki fengið formlega viðurkenningu.

Inntökuskilyrði verði sett á námsbrautir framhaldsskólans. Þau eiga að vera sveigjanleg, mismunandi eftir brautum, og taka mið af uppbyggingu námsins og lokamarkmiðum. Til viðmiðunar verði einkunnir á samræmdu grunnskólaprófi og skólaeinkunnir úr grunnskóla, bæði samtala einkunna í nokkrum völdum námsgreinum og einstakar einkunnir tiltekinna námsgreina. Þannig verði t.d. hægt að miða við árangur í verklegri grein við inntöku á starfsnámsbrautir. Val greina og lágmarkseinkunnir skulu miðast við námskröfur sem gerðar eru á viðkomandi námsbraut. Nánari ákvæði um inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir verða sett í reglugerð.

Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla auka líkur á að nemendur innritist í nám sem þeir hafa forsendur til að stunda með fullnægjandi árangri og ljúka á þeim námstíma sem kveðið er á um í námskrá. Hægt verður að miða námskröfur á einstökum námsbrautum við undirbúning nemenda úr grunnskóla. Gera má ráð fyrir sanngjarnari starfsháttum í framhaldsskólum þegar kröfur til nemenda eru í samræmi við námsgetu þeirra og undirbúning.

Nefnd um mótun menntastefnu leggur til að fram fari endurskoðun á uppbyggingu og innihaldi náms í framhaldsskóla. Við upphaf náms á einstökum brautum þarf að gera ráð fyrir tilteknum undirbúningi nemenda. Á undanförnum árum virðist sem námsefni grunnskóla hafi í auknum mæli færst upp á fyrsta ár framhaldsskólans. Fyrir suma nemendur er oft um hreina endurtekningu að ræða, aðrir nemendur hafa ekki forsendur til að takast á við settar námskröfur. Á þessu þarf að verða sú breyting að nám verði samfellt ferli, einnig þegar nemendur flytjast milli skólastiga.

Efling starfsnáms.

Megináhersla er lögð á starfsnám í frumvarpinu. A.m.k. þrír af hverjum fjórum nemendum sem nú sækja nám í framhaldsskólum skrá sig á almennar bóknámsbrautir og aðeins lítill hluti árgangs útskrifast af starfsmenntabrautum[8]. Breyttar áherslur í námsframboði framhaldsskólanna á næstu árum þurfa fyrst og fremst að beinast að uppbyggingu á sviði starfsnáms. Íslendingar standa frammi fyrir breyttum ytri aðstæðum í efnahags- og atvinnulífi. Aðild að samningi um Evrópskt efnahagssvæði knýr á um uppbyggingu atvinnulífs sem stenst alþjóðlega samkeppni. Menntakerfið gegnir lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu, ekki síst starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Stofna þarf nýjar námsbrautir í starfsnámi og aðlaga það nám sem fyrir er breyttum aðstæðum. Mikilvægt er að starfsnám verði eftirsótt, ekki síst af góðu námsfólki. Stefnt skal að því að gera róttæka endurskoðun á starfsmenntabrautum og m.a. að opna leið til stúdentsprófs fyrir nemendur sem ljúka starfsnámi (16. gr.).

Í frumvarpinu eru stefnumótandi ákvæði um markmið og uppbyggingu starfsnáms sem skal vera í sem bestu samræmi við kröfur sem gerðar eru á vinnumarkaði um menntun starfsfólks (25. gr.). Til að slíkt takist þarf að treysta tengsl atvinnulífs og skólakerfis. Því er gert ráð fyrir stóraukinni þátttöku aðila atvinnulífs í nefndum og ráðum sem ætlað er að annast stefnumörkun í starfsnámi og gera tillögur til ráðherra um tilhögun þess og framkvæmd. Sérstakri ráðgjafarnefnd, samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sem í situr jafn fjöldi fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda, samtökum launþega og hinu opinbera, er ætlað að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun á sviði starfsnáms (26. og 27. gr.). Tillögugerð um innihald og uppbyggingu starfsnáms í einstökum greinum verður í höndum svonefndra starfsgreinaráða sem er ætlað að gegna lykilhlutverki í stjórnun starfsnáms (28. og 29. gr.). Aðilar atvinnulífs eiga meirihlutaaðild að starfsgreinaráði en um þátttöku þeirra í ákvörðunum um starfsnám í skólakerfinu er ávallt haldið þeirri reglu að jafnræðis sé gætt í fjölda fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og samtökum launþega.

---

[8] Samkvæmt námsferilsskýrslunni hafði um 35% af árgangnum lokið stúdentsprófi við 22 ára aldur, en einungis 8% höfðu lokið iðnnámi eða öðru starfsnámi. Jón Torfi Jónasson (1992).

Gert er ráð fyrir að skólar hafi áfram sjálfstæði um framkvæmd starfsnáms en skapaður er möguleiki á að aðilar atvinnulífs geti haft áhrif á framkvæmdina í samvinnu við skólamenn. Þannig er gert ráð fyrir að skólar sem sinna starfsnámi geti sett á fót sérstakar ráðgjafarnefndir (30. gr.) með fulltrúum atvinnulífs en einnig geta aðilar á vinnumarkaði tekið þátt í kjarnaskólaverkefni í samvinnu við skóla og menntamálaráðuneyti. Kjarnaskóli er eins konar þróunarskóli (eða þróunardeild) fyrir tilteknar greinar starfsnáms (31. gr.). Kjarnaskóli starfar í nánum tengslum við starfsgreinaráð. Einnig er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að samtök atvinnurekenda og launþega geti gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla.

Fullorðinsfræðsla.

Í frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir öldungadeildarnámi á vegum framhaldsskóla (33. gr.) en sérstaklega tekið fram að skipulag náms og kennsla skuli sniðin að þörfum fullorðinna nemenda. Stefnt er að aukinni fjölbreytni í námsframboði öldungadeilda, einkum í starfsnámi. Einnig er gert ráð fyrir að fullorðnum nemendum sem hafa litla skólagöngu að baki verði boðið grunnnám í öldungadeildum. Með fjölbreyttara námi fær öldungadeildarhugtakið víðari merkingu.

Hægt verður að heimila framhaldsskólum að efna til endurmenntunarnámskeiða eða annars náms og nýta þannig aðstöðu, kennarakost og tækjabúnað. Forsenda slíkrar starfsemi er að trygging fáist fyrir fullri greiðslu kostnaðar sem af hlýst (34. gr.).

Starfstími skóla.

Bæði meðal almennings og skólafólks hefur komið fram mikil gagnrýni á nýtingu starfstíma í framhaldsskólum. Bent er á að einungis sé kennt í u.þ.b. 130 daga á ári og að 6–8 vikur af árlegum starfstíma fari í prófahald og frágang prófa. Nauðsynlegt er talið að starfstími framhaldsskóla verði betur nýttur í þágu nemenda. Til að tryggja nemendum fleiri kennsludaga á ári en verið hefur er lagaákvæði í gildandi lögum breytt á þann veg að starfstími skóla er hér skilgreindur sem starfstími nemenda í skóla. Kveðið er á um að starfstími framhaldsskólanemenda skuli vera fullir níu mánuðir og tilgreindur lágmarkfjöldi kennsludaga. Þannig er réttur nemenda til náms og kennslu lagður til grundvallar skilgreiningu á starfstíma framhaldsskólans.

Ljóst er að þessi skilgreining á starfstíma skóla kallar á breytta kjarasamninga við kennara því að í gildandi kjarasamningum er einungis gert ráð fyrir 34 vinnuvikum kennara á ári innan skólanna. Þörf er á að skilgreina starfstíma í kjarasamingum kennara á ný. Kennarasamtök hafa þegar lýst yfir vilja til að ganga til samninga um breyttar skilgreiningar á starfstíma kennara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að fellt er brott ákvæði um framhaldsdeildir grunnskóla. Framvegis tilheyrir allt skólahald á framhaldsskólastigi framhaldsskóla. Eðlilegt þykir að draga skörp skil á milli grunn- og framhaldsskólastigs þó af hagkvæmnisástæðum kunni í einstaka tilvikum að verða stofnað til útibúa frá framhaldsskóla í tengslum við grunnskóla eða jafnvel stofnað til sérstaks skólahalds á framhaldsskólastigi í húsnæði grunnskóla. Fari slík starfsemi fram í húsnæði grunnskóla verður að gera ráð fyrir sérstökum samningi um reksturinn.

Um 2. gr.

Markmiðsgrein laganna leggur grunn að almennu og sérhæfðu menntunarhlutverki framhaldsskólans. Gert er ráð fyrir að framhaldsskólinn sinni öllum ungmennum sem lokið hafa námi í grunnskóla og veiti þeim undirbúning fyrir líf, starf og frekara nám. Í aðalnámskrá skulu meginmarkmið framhaldsskólans skilgreind nánar og endurspeglast síðan í skólanámskrám og störfum einstakra skóla.

Lögð er áhersla á mikilvægt hlutverk framhaldsskólans í almennri menntun og félagslegu uppeldi nemenda auk þess sem skólinn á að vera vettvangur fyrir kynningu þjóðlegra og alþjóðlegra menningarverðmæta. Með vali viðfangsefna og starfsháttum skal stefnt að því að þroska með nemendum ábyrgðarkennd, víðsýni og umburðarlyndi, hvetja þá til sjálfstrausts og frumkvæðis og þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun. Loks er framhaldsskólanum ætlað að hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar eftir að formlegri skólagöngu lýkur.

Um 3. gr.

Lagt er til að hinn níu mánuða starfstími framhaldsskóla verði betur nýttur til kennslu en verið hefur. Kennsludögum verði fjölgað í 150, en prófatími jafnframt styttur.

Margoft hefur verið bent á, bæði af skólafólki og almenningi, að starfstíma í framhaldsskólum mætti nýta betur en nú er. Gagnrýnt hefur verið hversu kennslutíminn er stuttur, prófatíminn langur og frítími nemenda kringum jól og í maímánuði langur. Í flestum framhaldsskólum er einungis kennt í um 13 vikur á önn eða í 6 mánuði á níu mánuða starfstíma skóla og til prófahalds er varið 6–8 vikum á ári. Misræmis gætir milli gildandi lagaákvæða um starfstíma skóla og kjarasamninga fjármálaráðuneytis við kennara, en samkvæmt þeim skulu kennarar vinna í skólunum í aðeins 34 vikur á ári.

Almennt hefja framhaldsskólar starfsemi sína 1. september. Meðal skólafólks í framhaldsskólum hefur verið gagnrýnt hversu haustönn og vorönn eru mislangar og bent hefur verið á þann kost að hefja kennslu á haustönn þegar í ágústmánuði. Samkvæmt frumvarpsgreininni er ekkert því til fyrirstöðu að skólar geti hafið kennslu t.d. 21. ágúst og að nemendur ljúki störfum fyrr að vori sem því nemur eða 20. maí. Einnig gætu skólar haldið áfram því fyrirkomulagi að hefja kennslu 1. september og að nemendur starfi þá til 31. maí. Jafnframt yrði nauðsynlegt að skólar gætu kallað kennara til starfa viku áður en kennsla hefst. Slík lenging á starfstíma kennara kallar á endurskoðun kjarasamninga við þá.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð um starfstíma framhaldsskóla, þ.e. skóladagatal, þar sem fram komi hverjir eru leyfisdagar nemenda á starfstíma skóla.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um ábyrgð menntamálaráðherra á yfirstjórn menntunar á framhaldsskólastigi. Þannig gefur hann út aðalnámskrá og sér um eftirlit með skólastarfi. Eftirlit með skólastarfi beinist að því að skólar framfylgi í starfi sínu ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskrár. Einnig þykir rétt að fylgst verði betur með gæðum námsefnis á framhaldsskólastigi en hingað til hefur tíðkast vegna augljóss mikilvægis þess í námi og kennslu.

Bætt er inn ákvæði um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf til almennings og opinberra aðila. Þar er m.a. um að ræða útgáfu ýmiss konar upplýsingarita, t.d. með tölfræðilegum upplýsingum um skólastarf. Upplýsingakrafa á íslensk stjórnvöld erlendis frá hefur stóraukist með auknu alþjóðasamstarfi. Sem dæmi má nefna þátttöku Íslendinga í Eurydice, tölvugagnabanka um menntamál í kjölfar samnings um EES. Á vegum Eurydice er nú unnið að upplýsingaöflun um skólastarf á leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi.

Menntamálaráðherra er einnig falið að hafa eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu að því er húsnæði og búnað varðar. Í greininni er kveðið á um eftirlitsskyldu ráðuneytis varðandi fjárhag skólanna, húsnæði þeirra og búnað en þar er um nýmæli að ræða frá núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd framhaldsskóla sé fyrst og fremst til ráðgjafar varðandi málefni framhaldsskólastigsins og vettvangur þessara aðila til samræmingar og samstarfs.

Fellt er brott ákvæði í gildandi lögum um heimild til þess að skipta landinu í afmörkuð framhaldsskólasvæði. Gert er ráð fyrir að nemendur eigi ótvíræðan rétt á að hefja nám í framhaldsskóla óháð búsetu.

Um 6. gr.

Í skipan skólanefnda er gerð sú breyting frá gildandi lögum að fækkað er úr sjö fulltrúum í fimm. Fulltrúar sveitarfélaga verða tveir í stað þriggja en rétt þykir að gefa sveitarstjórn, þar sem framhaldsskóli er, möguleika til verulegra áhrifa á skólann þótt sveitarstjórn greiði ekki rekstrarkostnað framhaldsskóla. Fulltrúar ríkisins verða nú þrír í stað eins áður og er gert ráð fyrir að þeir séu að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem að skólanum standa. Reglan á að vera sú að allir fulltrúar skólanefndar komi af því svæði sem sækir nám til skólans en ekki þykir t.d. rétt að ætlast til þess að skipaður skólanefndarfulltrúi þurfi að víkja sæti ef hann flyst út fyrir bæjarfélagið. Með aukinni verkaskiptingu má gera ráð fyrir að skólar þjóni stóru svæði, jafnvel öllu landinu í einstökum greinum. Í þeim tilvikum kann að þykja rétt að skólanefndarmenn komi víðar að. Lagt er til að við skipun fulltrúa menntamálaráðherra í skólanefnd verði m.a. leitað til aðila úr atvinnulífi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einn fulltrúi nemenda og einn fulltrúi starfsmanna skóla verða áheyrnarfulltrúar.

Þar sem verkefni skólanefndar er m.a. að fjalla um mannaráðningar og námsframboð skólans er talið hætt við hagsmunaárekstrum með skipun fulltrúa starfsmanna í skólanefnd. Auk þess má telja óeðlilegt að undirmenn skólameistara séu með setu sinni í skólanefnd settir yfir hann í krafti atkvæðisréttar síns. Því þykir rétt að starfsmenn skóla hafi einungis einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd með málfrelsi og tillögurétti.

Kveðið er á um að ráðherra geti heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd, en slíkt hefur verið rætt t.d. á Austurlandi.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni skólanefndar verði umfangsmeiri en gildandi lög gera ráð fyrir. Gagnrýnt hefur verið að í gildandi lögum um framhaldsskóla sé verkaskipting skólameistara og skólanefndar óljós. Í frumvarpinu er reynt að skerpa þessi skil. Skólanefnd gerir ár hvert starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára í senn og sendir hana menntamálaráðherra. Skólanefnd er ætlað að marka stefnu skólans og sérstöðu. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að skólanámskrá, sem unnin er af starfsfólki skólans að frumkvæði skólameistara (sbr. 8. og 21. gr.), þarfnist samþykkis skólanefndar. Skólanefnd fylgist náið með fjármálum skólans og gerir menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Fagleg forusta í daglegu starfi skólans er hins vegar með öllu í höndum skólameistara, svo og starfsmannaráðningar í samráði við skólanefnd. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar og undirbýr tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun og leggur fyrir skólanefnd.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda sem nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla svo og gjaldtöku af nemendum vegna verklegrar kennslu. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um innheimtu gjalda af nemendum. Gjöld til nemendasjóðs eru ákveðin af nemendafélagi skólans sem sér um innheimtu þeirra.

Allar fjárreiður framhaldsskóla eru nú háðar endurskoðun löggilts endurskoðanda og staðfestingu Ríkisendurskoðunar. Gildir það einnig um innheimt gjöld er nemendum er gert að greiða.

Um 8. gr.

Sú breyting er frá gildandi lögum að hér er sérstaklega kveðið á um faglega forustu skólameistara. Hann hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og er þannig leiðandi í faglegu umbótastarfi innan skólans. Skólaráð er nýtt heiti á skólastjórn en verksvið þess er að aðstoða skólameistara við stjórn skóla, einkum þá hlið sem snýr að samskiptum nemenda við starfsfólk skólans.

Um 9. gr.

Hér eru sett nokkuð fyllri ákvæði um kennarafundi en eru í gildandi lögum. Almennur kennarafundur er vettvangur þar sem kennarar geta haft áhrif á stefnumótun og þróun innra starfs skólans, þar með er talin þróun skólanámskrárgerðar. Því er mikilvægt að ályktanir og tillögur, sem kennarafundur samþykkir, berist skólanefnd og skólaráði til umfjöllunar. Talið er rétt að lögbinda lágmarkstíðni kennarafunda við tvo fundi á önn að jafnaði, ekki síst í ljósi þess að formleg áhrif starfsmanna í skólanefnd verða nú minni en áður. Þá er skólameistara skylt að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur starfandi kennara skólans krefst þess.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga að því undanskildu að nemendaráð gerir ekki lengur tillögu til skólanefndar um upphæð nemendasjóðsgjalda, heldur er sú ákvörðun nú eingöngu í höndum nemendafélags skólans.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að horfið verði frá setningu og skipun í stöður við framhaldsskóla. Þess í stað verði ráðningu starfsmanna hagað með sama hætti og almennt er nú orðið um ríkisstarfsmenn, þ.e. ráðning til starfa er samkvæmt ráðningarsamningi, en skipanir í stöður ævilangt sæta vaxandi gagnrýni og ýmis vandkvæði fylgja því ráðningarformi.

Ráðningartími skólameistara miðast við fimm ár og gert er ráð fyrir að heimilt verði að endurráða í starfið að undangenginni auglýsingu. Vakin er sérstök athygli á ákvæði um rétt kennara sem ráðinn er skólameistari til að halda kennarastöðu sinni meðan hann gegnir starfi skólameistara. Þar sem ráðning er til ákveðins tíma þykir rétt að tryggja starf með þessum hætti og stuðla þannig að því að hæfir kennarar fáist til stjórnunarstarfa þar sem þeir eiga öruggt kennslustarf að ráðningartíma loknum.

Skólameistari ræður aðra starfsmenn skóla að höfðu samráði við skólanefnd. Er ráðningarvald skólameistara aukið frá því sem nú er þar sem ekki þarf lengur að leita staðfestingar menntamálaráðherra á ráðningum við framhaldsskóla. Er þetta liður í því að efla sjálfstæði einstakra skóla. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji skólameistara, kennurum og fleiri starfsmönnum skóla erindisbréf en tryggja þarf að erindisbréfin gefi skólum möguleika á að starfa samkvæmt aðferðum altækrar gæðastjórnunar.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt frá 14. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að í stað „orlofs“ er talað um námsorlof og að frestur til þess að skila umsóknum um námsorlof er miðaður við 1. október árlega í stað 1. nóvember áður.

Um 13. gr.

Greinin kveður á um rétt nemenda til heilbrigðisþjónustu meðan þeir eru við nám í framhaldsskóla. Sú breyting er gerð frá gildandi ákvæðum að nú er ótvírætt kveðið á um að nærliggjandi heilsugæslustöð skuli annast þetta starf í umsjá viðkomandi héraðslæknis.

Um 14. gr.

Greinin kveður á um rétt nemenda til námsráðgjafar en námsráðgjöf hefur eflst í framhaldsskólum á undanförnum árum. Nemendur skulu eiga kost á hvoru tveggja, ráðgjöf um náms- og starfsval á ýmsum stigum námsins sem og leiðsögn og liðsinni í persónulegum málum er snerta námið og skólann. Námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk veita þessa þjónustu. Í því sambandi er brýnt að auka vægi umsjónarkennara í framhaldsskólum.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að öll ungmenni eigi kost á námi á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla og í boði verði nám sem henti nemendum með ólíkan undirbúning, námsgetu og áhugasvið. Möguleikar nemenda í vali á námsleiðum eru í samræmi við undirbúning og námsárangur nemenda úr grunnskóla eða undirbúning sem þeir hafa aflað sér með öðrum hætti.

Inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir miðast fyrst og fremst við að nemendur hafi nægilegan undirbúning til þess að takast á við nám viðkomandi brautar og geti náð lokamarkmiðum hennar á eðlilegum námstíma. Inntökuskilyrði verða því breytileg eftir námsbrautum. Þau miðast við einkunnir á samræmdum prófum grunnskóla og skólaeinkunnir. Ýmist er um að ræða meðaleinkunn nokkurra tiltekinna námsgreina eða lokaeinkunn einstakra greina. Val greina, sem inntökuskilyrði eru miðuð við, verður í samræmi við áherslur á námsbrautinni. Í starfsnámi verður m.a. hægt að miða við einkunnir í verklegum greinum.

Rétt þykir að heimila skólum, ef sérstök rök mæla með því, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir án þess að hann fullnægi almennum inntökuskilyrðum. Áður en slík heimild er veitt ber að meta stöðu nemandans og skera þannig úr um það hvort hann hefur raunhæfa möguleika til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut.

Þeim sem ekki hafa náð tilskildum lágmarksárangri við lok grunnskóla til að innritast á einstakar námsbrautir skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum sem ætlað er fötluðum nemendum.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að nám að loknu grunnskólaprófi sé skipulagt á mismunandi námsbrautum og að nemendur innritist á tilteknar brautir strax við upphaf náms í framhaldsskóla. Markmið með námi á öllum námsbrautum er að veita almenna menntun sem undirbýr nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi og sérhæfða menntun sem er markviss undirbúningur fyrir frekara nám og/eða störf í þjóðfélaginu.

Um er að ræða þrenns konar námsbrautir: bóknámsbrautir til stúdentsprófs sem veita undirbúning fyrir nám á háskólastigi, starfsnámsbrautir til skilgreindra lokaprófa sem búa nemendur undir tiltekin störf í atvinnulífinu og almenna námsbraut til framhaldsskólaprófs sem býr nemendur undir frekara nám á öðrum námsbrautum eða er skilgreindur hluti af námi á einstökum starfs- eða bóknámsbrautum.

Ástæða þykir að fækka að grunni til bóknámsbrautum til stúdentsprófs en í gildandi námskrá fyrir framhaldsskóla eru þrettán slíkar skilgreindar. Gert er ráð fyrir að bóknámsbrautirnar verði þrjár, þ.e. að einungis verði skilgreindir þrír brautarkjarnar í bóknámi, en kjarnanám hinna þrettán brauta er svo líkt að einföldun þykir vel möguleg. Fækkun námsbrauta auðveldar skipulagningu náms í skólum, eykur samræmi milli einstakra skóla og gefur möguleika á markvissu eftirliti með námsárangri nemenda. Á einstökum brautum er síðan hægt að bjóða mismunandi mörg kjörsvið. Þannig hafa nemendur möguleika á fjölbreytni í vali á kjörsviði og því verður í heild ekki um að ræða samdrátt í námsframboði á framhaldsskólastigi frá því sem nú er.

Gert er ráð fyrir aukinni verkaskiptingu framhaldsskóla og að þeir sérhæfi sig í framboði tiltekinna námsbrauta og kjörsviða. Nemandi velur þannig skóla með tilliti til námsframboðs. Þegar skólum er veitt leyfi til að bjóða tiltekið nám skal tekið mið af sérstökum aðstæðum í skóla og byggðarlagi, fjölda nemenda í skólanum, aðbúnaði og kennarakosti skólans. Verkaskipting er talin forsenda þess að unnt verði að halda uppi í landinu framhaldsskólanámi sem stenst alþjóðlegar kröfur um gæði, ekki síst þá kröfu að kennslan sé í höndum kennara sem hafa sérhæfða menntun til kennslu í viðkomandi námsgreinum.

Um 17. gr.

Allt nám í framhaldsskóla skal byggt upp í samræmi við lokamarkmið námsins og skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Þar sem lokamarkmið einstakra námsbrauta eru ólík má gera ráð fyrir mismunandi hlutföllum einstakra þátta eftir brautum. Þannig er lögð mikil áhersla á bóklegar og verklegar valgreinar á almennri námsbraut til framhaldsskólaprófs og eru þær a.m.k. helmingur námsins á brautinni. Á almennri námsbraut er t.d. mögulegt að taka stutta starfsnámsbraut sem kjörsvið. Á bóknámsbrautum til stúdentsprófs er brautarkjarni u.þ.b. 60% námsins, kjörsvið u.þ.b. 30% þess og frjálst val u.þ.b. 10%. Þar velja nemendur námsbraut í upphafi náms og síðan kjörsvið innan brautarinnar. Með ákveðnu frelsi í samsetningu brautarkjarna og kjörsviðs í námi til stúdentsprófs er reynt að gera stúdentsprófið sveigjanlegra án þess að slaka á kröfum í námsgreinum brautarkjarnans. Á starfsnámsbrautum getur hlutfallið milli brautarkjarna, kjörsviðs og frjáls vals verið mismunandi, enda eru starfsnámsbrautir innbyrðis ólíkar meðal annars með tilliti til uppbyggingar og námslengdar.

Brautarkjarni tekur til námsgreina sem stuðla að almennri menntun nemenda og undirbúningi undir þátttöku í samfélaginu og sérgreina brautar sem gefa námsbrautinni sérstöðu gagnvart öðrum brautum.

Almennar námsgreinar og námsþættir í brautarkjarna geta verið mismunandi eftir brautum og áherslur ólíkar, hagnýtar og fræðilegar, eftir því hvert lokamarkmið brautarinnar er. Á öllum lengri námsbrautum skal kennd íslenska, stærðfræði, enska og eitt Norðurlandamál. Vægi einstakra greina er ólíkt eftir brautum en tryggt skal að nemendur í námi til samræmds stúdentsprófs leggi stund á a.m.k. tvær af kjarnagreinunum íslensku, ensku og stærðfræði öll ár framhaldsskólans. Nemendur skulu öðlast þjálfun í að tjá sig munnlega og skriflega og læra að beita nútímatækni, t.d. tölvu, við lausn daglegra verkefna. Einnig skulu koma til námsþættir sem stuðla að því að gera nemendur hæfa til að lifa í lýðræðisþjóðfélagi og dýpka skilning þeirra á samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu og listum, náttúru og umhverfi, hagfræði og auðlindum jarðar, samskiptum, fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldum. Þessi hluti almenna námsins nefnist ratvísikjarni og skulu markmið hans skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólar geta hagað útfærslu námsmarkmiða ratvísikjarna á mismunandi vegu. Í skólanámskrá skal vera lýsing á þeirri útfærslu en námsþættir ratvísikjarna skulu kenndir ýmist sem sérstakir áfangar eða samþættir kennslu einstakra námsgreina.

Sérgreinar brautar í starfsnámi eru bóklegar og verklegar sérgreinar starfs eða starfssviðs. Í bóknámi til stúdentsprófs eru sérgreinar t.d. þriðja tungumál og aukin áhersla á tiltekin fræðasvið, t.d. náttúrufræðigreinar og stærðfræði á náttúrufræðabraut eða tungumál á málabraut þar sem nemendur kynnast m.a. aðferðafræði fræðasviðanna og eru búnir undir frekara nám á háskólastigi. Samsetning sérgreina einstakra brauta og áherslur í innihaldi verða ákvarðaðar í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að aðilar atvinnulífs skilgreini sérgreinahluta náms á starfsnámsbrautum, sbr. IX. kafla frumvarps þessa, sem fjallar um starfsnám.

Kjörsvið brautar felur í sér frekari sérhæfingu á sviði brautarinnar. Í starfsnámi gæti kjörsvið ýmist falið í sér sérhæfingu verklegs náms með tilliti til starfa eins og t.d. val á milli útivinnu á byggingarstað (mótauppsláttur, grófsmíði), innivinnu (fínsmíði, innréttingavinna á verkstæði) og véltrésmíði á námsbraut fyrir húsasmíði. Einnig gæti verið um að ræða dýpkun á sérsviðum, svo sem í efnisfræði, hönnun, teikningum, tölvu-

stýringum, sögu og félagsfræði starfsgreinarinnar eða samþætt verkefni á borð við vöruþróun í samstarfi við fyrirtæki. Sé sama starfsnám í boði í nokkrum skólum gætu þeir boðið fram mismunandi kjörsvið.

Kjörsvið á bóknámsbrautum til stúdentsprófs gefur nemendum tækifærki til að kafa dýpra í einstök námssvið tengd sérgreinum brautarinnar og þar með fá þeir markvissan undirbúning fyrir tiltekið nám á háskólastigi. Nám á kjörsviði á jafnframt að tryggja að nemandi, sem lokið hefur stúdentsprófi, hafi öðlast þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og innsýn í aðferðafræði vísinda með því að kynnast vel viðfangsefnum tiltekins fræðasviðs. Á kjörsviði félagsfræðabrautar geta nemendur t.d. valið á milli sérhæfingar á sviði hagfræði, almennrar félagsfræði, sálarfræði, fjölmiðlafræði o.fl.; á kjörsviði málabrautar geta nemendur sérhæft sig í fornmálum, nýmálum o.fl.; á kjörsviði náttúrufræðabrautar geta nemendur sérhæft sig á sviði líffræði, eðlisfræði, stærðfræði o.fl., svipað og nú gerist á hinum mismunandi námsbrautum framhaldsskólans.

Gefa þarf nemendum kost á að taka kjörsvið af öðrum brautum ef þeir hafa uppfyllt ákveðin skilyrði sem skilgreind eru í aðalnámskrá. Þannig gæti nemandi á náttúrufræðabraut hugsanlega tekið kjörsvið í sálarfræði. Einnig verði hugað að þeim möguleika að nemendur sem hafa lokið öðru námi á framhaldsskólastigi, t.d. starfsnámi, fái það nám eða hluta þess metið sem ígildi kjörsviðs. Tónlistarnám við viðurkennda tónlistarskóla eða annað samfellt listnám á framhaldsskólastigi fengist t.d. metið með þessum hætti.

Frjálst val á lengri námsbrautum framhaldsskóla gefur nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum námsgreinum, t.d. matreiðslu, listasögu, tónlist, heimspeki, forritun. Með því að leggja stund á ólíkar námsgreinar að eigin vali gefst nemendum kostur á að sinna eigin áhugasviði og víkka sjóndeildarhringinn. Einnig gæti nemandi notað frjálst val til að bæta við kjörsvið sitt.

Um 18. gr.

Fornám er ætlað nemendum sem lokið hafa grunnskóla án þess að ná lágmarksárangri og geta ekki hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla án frekari undirbúnings, sbr. 15. gr. Námið miðar að því að byggja upp sjálfstraust nemenda og efla færni þeirra í almennum námsgreinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla og hafi möguleika til að standa sig þar. Ráðgjöf og ýmiss konar stuðningur við nemendur gegna veigamiklu hlutverki í fornámi. Í aðalnámskrá skulu vera rammareglur um innhald og uppbyggingu fornáms en líklega mun útfærsla þess verða ólík eftir skólum og samsetningu nemendahópa.

Ljóst er að skortur er á námsframboði fyrir nemendur sem ekki tekst að ljúka grunnskóla með lágmarksárangri og undanfarin ár hefur verið tvísýnt um hvort unnt yrði að uppfylla þörf nemenda fyrir fornám. Tryggja þarf að slíkt námstilboð sé til staðar og þykir rétt að það sé við framhaldsskóla en ekki grunnskóla þannig að allur árgangurinn færist á milli skólastiga samtímis. Nánari ákvæði um stofnun, rekstur og fyrirkomulag fornáms skulu sett í reglugerð.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu samhljóða ákvæðum 30. gr. gildandi laga þó með þeirri breytingu að felld er brott heimild til stofnunar sérskóla fyrir þroskahefta nemendur, en þess í stað kemur heimild til stofnunar sérstakra deilda fyrir fatlaða nemendur.

Gert er ráð fyrir að áfram verði stefnt að því að kenna fötluðum nemendum í almennum framhaldsskólum svo sem frekast er unnt og veita þeim nauðsynlegan aðbúnað og sérfræðilega aðstoð í því skyni. Hugsanlegt er að stærri skólar sérhæfi sig í þjónustu við fatlaða nemendur. Þegar er kominn vísir að þjónustumiðstöð fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur við Menntaskólann við Hamrahlíð og gæti reynsla sem skapast hefur þar nýst öðrum skólum.

Með námi í sérstökum deildum er átt við ýmiss konar nám sem sniðið er fyrir nemendur með sérþarfir sem þurfa sérstakt námstilboð. Námið veitir nemendum almennan undirbúning fyrir lífið og getur einnig miðað að því að undirbúa þá undir atvinnuþátttöku. Í Iðnskólanum í Reykjavík hefur í nokkur ár verið rekin slík starfsdeild með góðum árangri. Mikilvægt er að þetta nám hljóti viðurkenningu í framhaldsskólakerfinu og að fatlaðir nemendur eigi kost á námstilboði sem býr þá undir verkefni daglegs lífs og þátttöku í þjóðfélaginu. Þróun þessa námstilboðs þarf að taka mið af aðstæðum þar sem það verður sett á fót.

Um 20. gr.

Nýbúar eiga oft erfitt með að fylgja íslenskum nemendum í námi vegna lítillar kunnáttu í íslensku. Þeir þurfa því að fá sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að nemendur sem hafa þegar náð nokkru valdi á íslensku eigi kost á námsáföngum í íslensku sem öðru tungumáli. Einnig getur verið um að ræða sérstakt grunnnám í íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Á undanförnum árum hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað í skólakerfinu. Könnun sem gerð var haustið 1993 um fjölda nemenda í framhaldsskólum leiddi í ljós að í framhaldsskólum voru um 23 erlendir nemendur sem þyrftu á viðbótarkennslu í íslensku að halda. Má gera ráð fyrir að þeir erlendu nemendur sem eru við nám í framhaldsskólunum séu þeir sem best eru staddir í íslensku og athygli vekur að fæstir erlendu nemendanna eru á bóknámsbraut.

Á vorönn 1994 hófst íslenskukennsla fyrir nýbúa við Iðnskólann í Reykjavík og hafa kennarar og námsráðgjafi skilað skýrslu þar um. Námstilboði þessu er haldið áfram á haustönn 1994 og voru send bréf til rúmlega 100 erlendra ríkisborgara frá fjarlægum málsvæðum á aldrinum 16–25 ára, ásamt því að haft var samband við unglinga sem luku 10. bekk sl. vor og þeim boðin þátttaka.

Annars staðar á Norðurlöndum skila mun færri nýbúar sér í framhaldsskólana en landsmenn almennt og er ástæða þess rakin til tungumálaerfiðleika, einangrunar í samfélaginu og takmarkaðrar þekkingar m.a. á menntakerfinu. Í Noregi geta nýbúar sótt sérstakt nám í norsku, norsku 2, sem kemur í stað móðurmálskennslu í norsku.

Um 21. gr.

Aðalnámskrá framhaldsskóla er meginviðmiðun skólastarfs á framhaldsskólastigi og því mikilvægt stjórntæki yfirvalda menntamála. Aðalnámskrá inniheldur ákvæði um réttindi og skyldur nemenda í framhaldsskólum.

Í aðalnámskrá er gerð grein fyrir uppbyggingu náms á einstökum námsbrautum. Með ákvæðum um samhengi og stígandi náms á hverri námsbraut er gert ráð fyrir að námið sé byggt upp sem samfellt ferli frá upphafi til loka og hugsað sem ein heild þar sem hver þáttur styður annan. Við gerð aðalnámskrár þarf einnig að huga að samfellu í námi á milli grunn- og framhaldsskólastigs.

Með kennsluskipan er átt við aðstæður og tilhögun sem nauðsynlegar eru til að geta útfært markmiðslýsingar aðalnámskrár, svo sem hvernig kennsla í starfsnámi skiptist á skóla og vinnustað, í hvaða greinum nemendur eigi rétt á skiptitímum, þ.e. kennslu í smærri hópum svo og tilhögun fjarnáms. Með kennsluskipan er ekki átt við kennsluhætti, ákvörðun þeirra er á ábyrgð kennara og einstakra skóla og á að koma fram í skólanámskrá.

Í aðalnámskrá skulu vera ákvæði um námsmat í framhaldsskólum, almennt námsmat og lokamat. Hvers konar mati skuli beitt og hvaða námskröfur skuli gera til nemenda til að geta lokið tilteknum áföngum náms eða til lokaprófa. Þar skal einnig tilgreindur réttur nemenda til próftöku og til að sjá eigin prófúrlausnir.

Aðalnámskrá kveður á um hvernig nám skuli metið milli námsbrauta og einstakra skóla, svo og hverju nemendur þurfa að bæta við sig í námi við þann flutning en gert er ráð fyrir að skilgreindar verði brýr milli námsbrauta framhaldsskólans. Einnig skulu í aðalnámskrá settar reglur um skólanámskrár og mat á skólastarfi.

Um 22. gr.

Skólanámskrá er stjórntæki skólameistara og skólanefndar á sama hátt og aðalnámskrá er stjórntæki fyrir fræðsluyfirvöld. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnumörkun skólans, sérstökum áherslum í starfi, skipulagi náms í skólanum og kennsluháttum. Einnig veitir skólanámskrá nemendum og almenningi upplýsingar um skólann og skólastarfið en skólanámskrá er ætlað að lýsa sérstöðu skólans gagnvart öðrum framhaldsskólum.

Vinna við gerð skólanámskrár er mikilvægur þáttur í gæðastjórnun hvers skóla því að starfsmenn skólans vinna í sameiningu að skólanámskrá, að frumkvæði og á ábyrgð skólameistara. Leggja þarf skólanámskrá fyrir skólanefnd til samþykktar áður en skólar geta hafið störf á grundvelli hennar.

Um 23. gr.

Á síðustu árum hafa verið teknar upp margvíslegar sjálfsmatsaðferðir í skólum til að bæta árangur skólastarfsins. Gert er ráð fyrir að skólar styðjist við aðferðir sem þróaðar hafa verið og gefist hafa vel. Þá er gert ráð fyrir að skólar geti innleitt aðferðafræði altækrar gæðastjórnunar eða notkun viðurkenndra gæðakerfa sem byggja á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

Ekki eru tilgreindar ákveðnar aðferðir við að taka út sjálfsmat skóla en þess vænst að stuðst verði við viðurkenndar aðferðir sem þróaðar hafa verið í öðrum löndum í þessu skyni. Þegar skólar innleiða stöðluð gæðakerfi er gert ráð fyrir að viðurkenndir vottunaraðilar geti vottað notkun slíkra gæðakerfa.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir að lokapróf af námsbrautum framhaldsskóla verði samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Slíkt mun gera kröfu til meira samræmis í námi milli skóla, en allt námsframboð framhaldsskólans skal skilgreint í aðalnámskrá.

Nauðsynlegt þykir að lög ákveði hvaða aðili annist gerð samræmdra prófa og úrvinnslu samræmdra lokaprófa. Gert er ráð fyrir að lokapróf í starfsnámi verði undirbúin í samráði og/eða samvinnu við aðila atvinnulífsins samkvæmt nánari tillögum frá viðkomandi starfsgreinaráðum.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um hlutverk starfsnáms á framhaldsskólastigi. Kveðið er á um að innihald starfsnáms skuli taka mið af kröfum atvinnulífs um fagmenntun starfsfólks og stuðla jafnframt að almennri menntun nemenda og jákvæðu viðhorfi til símenntunar. Áhersla er lögð á að námið sé skipulagt sem heild þannig að hver þáttur námsins styðji annan og að verknámið fari fram við raunverulegar aðstæður eftir því sem kostur er. Stuðlað skal að kerfisbundinni víxlverkun náms í skóla og á vinnustað eftir því sem við verður komið.

Um 26. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi er ætlað að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis í stefnumótandi ákvörðunum um starfsnám þannig að áherslur í náminu séu í samhengi við atvinnuþróun í landinu á hverjum tíma. Eigi starfsnám að vera í samræmi við áherslur í atvinnulífi þjóðarinnar þarf að sameina krafta ólíkra aðila við mótun starfsmenntastefnu. Því er horfið frá því að binda ráðgjöf til ráðherra um stefnumörkun í starfsnámi við einstaka atvinnuvegi eða starfsgreinasvið eins og verið hefur. Samstarfsnefnd um starfsnám leysir þannig af hólmi iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegs og fræðsluráð ferðamála sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 58/1988, um framhaldsskóla.

Í nýrri skipan á stjórnun starfsnáms er tekið mið af stjórnkerfi starfsmenntunar í nálægum löndum en í Danmörku og Þýskalandi eru starfandi slíkar samstarfsnefndir stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar. Um er að ræða fjölmennar nefndir þar sem hver aðili um sig á u.þ.b. ⅓ hluta fulltrúa, þ.e. hið opinbera, samtök atvinnurekenda og samtök launþega.[9] Reynt er að fylgja þessari reglu við val á fulltrúum í samstarfsnefndina. Þeir eru 18 alls, 6 tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, 6 tilnefndir af samtökum launþega og 6 eru fulltrúar hins opinbera.

Mikilvægt er að í samstarfsnefndinni sitji fulltrúar sem flestra atvinnugreina þannig að vettvangur myndist fyrir breiða yfirsýn yfir málefni starfsnáms. Ljóst er að ekki er hægt að tryggja fulltrúum allra hagsmunasamtaka á vinnumarkaði setu í samstarfsnefndinni. Leitað skal til heildarsamtaka atvinnurekenda og launþega um tilnefningar í nefndina og er ætlast til að þessir aðilar hafi með sér samráð um tilnefningar og tryggi þannig sem flestum starfssviðum aðild að nefndinni.

Af hálfu hins opinbera sitja í nefndinni einn fulltrúi frá samtökum sveitarfélaga og 5 fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Mikilvægt er að fulltrúar ráðherra hafi reynslu og þekkingu af skóla- og fræðslumálum og er honum m.a. skylt að tilnefna einn starfsmenntakennara og einn fulltrúa úr röðum skólameistara starfsmenntaskóla. Þessir fulltrúar sitja í nefndinni sem fulltrúar hins opinbera en ekki sem fulltrúar tiltekinna hagsmunasamtaka. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra noti möguleika sína á beinni skipan í nefndina til að kalla til fulltrúa starfssviða sem sýnt er að ekki muni eiga fulltrúa í nefndinni eða til að auka vægi fulltrúa fyrir tiltekin svið atvinnulífs sem talið er að þurfi að sinna sérstaklega á skipunartímabili nefndarinnar. Dæmi um hið fyrrnefnda er landbúnaður, dæmi um hið síðarnefnda eru sjávarútvegur, matvælaiðnaður og ferðamál. Þessir fulltrúar gætu t.d. komið úr viðkomandi fagráðuneytum eða þau haft milligöngu um að finna þá.

---

[9] Sbr. 34.–36. gr. í lögum nr. 668/1992 um starfsmenntun í Danmörku (Lov om erhvervsuddannelser) og 54.–56. gr. í þýsku starfsmenntalögunum (Berufsbildungsgesetz) frá 14. ágúst 1969 (með áorðnum breytingum).

Með nýju stjórnkerfi starfsmenntunar er lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð aðila atvinnulífs og hins opinbera á mótun starfsmenntastefnu. Því er talið eðlilegt að tilnefningaraðilar í atvinnulífi greiði kostnað vegna setu fulltrúa sinna á fundum nefndarinnar.[10] Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið veiti nefndinni skrifstofu- og ritaraþjónustu og haldi utan um störf nefndarinnar að öðru leyti.

Um 27. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám er samstarfsvettvangur aðila atvinnulífs og hins opinbera og er m.a. ætlað að gera tillögur um hvernig efla megi tengsl atvinnulífs og skóla. Samstarfsnefndin er jafnframt vettvangur þar sem fjallað er um heildarstefnumörkun í málefnum starfsnáms á framhaldsskólastigi, en mikilvægt er að slík stefnumörkun byggi á mati á þörfum í atvinnulífi á hverjum tíma.

Ætlast er til að nefndin sýni frumkvæði í störfum sínum og geri tillögur til umbóta þar sem hún telur þess þörf. Þetta gildir jafnt um viðbrögð við sérstökum aðkallandi vanda og áætlanir til lengri tíma.

Gert er ráð fyrir að samstarfsnefndin sé ráðgefandi um setningu almennra reglna um málefni starfsnáms, gefi ráð um forgangsröðun verkefna í starfsnámi með tilliti til fjárlaga og sé til ráðuneytis varðandi ákvarðanir um sérstakar tilraunir og þróunarverkefni á sviði starfsnáms.

Þá skal nefndin gera tillögur til menntamálaráðherra um flokkun starfsgreina fyrir starfsgreinaráð en flokkunin skal gerð í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum.

Um 28. gr.

Starfsgreinaráð koma í stað fræðslunefnda í núverandi stjórnkerfi löggiltra iðngreina. Aðilar vinnumarkaðar tilnefna meiri hluta fulltrúa í starfsgreinaráð og skal tryggja jafnt hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launþega í ráðunum. Í hverju starfsgreinaráði situr einn fulltrúi ráðherra. Skal hann hafa þekkingu á starfsnámi og er ætlast til að hann aðstoði við að koma hugmyndum aðila atvinnulífs í það form sem hentar skólastarfi. Fulltrúi ráðherra getur verið starfsnámskennari eða annar sérfræðingur í málefnum starfsnáms og/eða námskrárgerðar.

Tryggja þarf að sérhver atvinnugrein sem nýtur fræðslu á framhaldsskólastigi eigi kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði[11]. Hér er um að ræða verulega breytingu frá núgildandi skipulagi þar sem lögbundin aðild að tillögugerð um skipan náms í starfsgrein er einungis á sviði löggiltra iðngreina. Með því að veita fulltrúum allra starfsgreina á framhaldsskólastigi kost á aðild að starfsgreinaráðum er verið að auka möguleika samtaka atvinnulífsins á að hafa áhrif á skipan starfsnáms. Þetta gildir einnig um stjórnun náms í löggiltum iðngreinum en þar verða áhrifin meiri og beinni en núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Aðilar vinnumarkaðar eiga aðeins tvo af fimm fulltrúum í starfandi fræðslunefndum fyrir iðngreinaflokka og skal iðnfræðsluráð tilnefna þá auk eins fulltrúa starfsnámskennara. Menntamálaráðherra skipar formann og ritara fræðslunefnda og er mælst til þess í gildandi lögum að sömu menn sinni þessum hlutverkum í öllum nefndunum. Margar

---

[10] Þetta er t.d. í samræmi við það sem tíðkast um kostnað af störfum „Erhvervsuddannelsesrådet" í Danmörku, þar sem lögð er áhersla á að áhrifum á stefnu og framkvæmd fylgi einnig fjárhagsleg ábyrgð.

[11] Æskilegt er að hver starfsgrein hafi auk þessa sérstaka fagnefnd eða fræðsluhóp sem vinnur að menntunarmálum greinarinnar og verði starfsgreinaráði til fulltingis.

iðngreinar eiga því ekki beina aðild að fræðslunefnd, aðeins fagnefnd sem undirbýr mál fyrir fræðslunefnd viðkomandi iðngreinaflokks. Í frumvarpi þessu er tryggð bein tilnefning samtaka á vinnumarkaði á fulltrúum í starfsgreinaráð. Hver starfsgrein á kost á fulltrúaaðild og í ráðunum sitja nánast einvörðungu fulltrúar aðila atvinnulífs.

Fjöldi starfsgreinaráða fer fyrst og fremst eftir því hvernig starfsgreinar eru flokkaðar og er mikils um vert að aðilar í starfsgreinum séu sáttir við þá flokkun. Starfsgreinaráð geta verið mismunandi fjölmenn og fer stærð þeirra eftir því hversu margar starfsgreinar heyra undir ráðið og ákvörðun samtaka atvinnurekenda og launþega sem að ráðunum standa um fjölda fulltrúa fyrir hverja starfsgrein.

Gert er ráð fyrir að nokkur tími líði frá gildistöku nýrra laga og þar til öll starfsgreinaráð hafa tekið til starfa. Að líkindum er breytingin einföldust á sviði löggiltra iðngreina þar sem fræðslunefndir hafa þegar sinnt hluta þeirra viðfangsefna sem starfsgreinaráðum er ætlað auk þess sem sumir iðngreinaflokkar hafa nú þegar mikil umsvif í endurmenntun og hafa komið sér upp fræðsluhópum eða jafnvel stofnunum sem vinna að menntunarmálum greinanna.[12] Í öðrum starfsgreinum getur breytingin átt sér stað mishratt, allt eftir áhuga, möguleikum og framtaksvilja aðila vinnumarkaðar, svo og möguleikum menntamálaráðuneytis til að fylgja breytingunum eftir með auknum umsvifum á sviði starfsnáms. Í bráðabirgðaákvæði frumvarps þessa er kveðið á um að menntamálaráðherra setji í reglugerð hvernig standa skuli að því að koma ákvæðum um starfsnám til framkvæmda.

Vinnuframlag aðila einstakra starfsgreina mun eðli máls samkvæmt verða mismunandi og m.a. háð áhuga aðila á menntunarmálum greinarinnar. Mikilvægt er að tryggja að starfsnámið líði ekki fyrir það ef einhverjar starfsgreinar sýna ekki það frumkvæði sem vænst er. Því er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra geti skipað tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs ef ekki tekst að mynda slíkt ráð.

Eðlilegt þykir að ákveðin fjárhagsleg ábyrgð fylgi auknum möguleikum aðila vinnumarkaðar til frumkvæðis og beinna áhrifa á ákvarðanatöku um skipan starfsnáms. Því er gert ráð fyrir að starfsgreinasamtök greiði kostnað af hefðbundnum nefndarstörfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði. Lögð er áhersla á að menntamálaráðuneytið veiti ráðunum sérfræðilega þjónustu og aðstoð við að laga tillögur þeirra og hugmyndir að eðli skólastarfs. Menntamálaráðherra kostar gerð námskrár í sérgreinum starfsnáms eins og aðra hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Um 29. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þá hæfni sem atvinnulífið krefst af starfsfólki í einstökum starfsgreinum en slík skilgreining liggur til grundvallar skipulagi starfsnáms. Tillögur og ábendingar starfsgreinaráðs til menntamálaráðherra byggja á skilgreindum hæfnikröfum.

Starfsgreinaráð setur fram markmið starfsnáms, þ.e. skilgreinir hvaða kunnáttu og færni nemi þarf að hafa tileinkað sér við lok námsins. Skilgreining þessi tekur fyrst og fremst til bóklegra og verklegra sérgreina en gert er ráð fyrir að starfsgreinaráð taki einnig afstöðu til markmiða almennra bóknámsgreina eins og þau eru skilgreind í aðalnámskrá og geri tillögur um hvernig megi sveigja þau að lokamarkmiðum viðkomandi námsbrautar. Í sumum tilvikum kann starfsgreinaráð að leggja til að sérstakar áherslur

---

[12] Hér má nefna Prenttæknistofnun, Rafiðnaðarskólann, fræðsluráð málmiðnaðarins, fræðsluráð byggingargreina og eftirmenntun bílgreina.

verði lagðar í kennslu einstakra greina. Sem dæmi um slíkt væri áhersla á fagensku í námi í bílgreinum.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms, þ.e. hvernig námið skuli saman sett og hvert skuli vera innihald þess í grófum dráttum. Með tillögum að námskrá í sérgreinum starfsnáms er átt við að starfsgreinaráð skilgreini nákvæmlega markmið einstakra námsþátta er tilheyra sérgreinum starfsnáms. Fyrir þá vinnu skal starfsgreinaráði standa til boða sérfræðiþjónusta af hálfu menntamálaráðuneytis.

Starfsgreinaráð gerir einnig tillögur að reglum um námsmat í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, þ.e. hvernig gengið skuli úr skugga um að nemandinn hafi staðist tiltekna áfanga náms og geti haldið áfram. Einnig gerir starfsgreinaráð tillögu um tilhögun lokamats. Þar er annars vegar átt við í hvaða greinum starfsnáms skuli prófað samræmt og hverjir skuli koma að því mati. Hins vegar er átt við hvenær lokamat eigi að fara fram (við lok skólanáms eða vinnustaðanáms eða e.t.v. hvort tveggja). Starfsgreinaráð gerir einnig tillögur til menntamálaráðherra um hvernig háttað skuli eftirliti með gæðum skólastarfs og vinnustaðanáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögu að skiptingu náms á skóla og vinnustað svo og að reglum um atriði er varða nám á vinnustöðum. Það gerir tillögu að reglum um hvaða skilyrði vinnustaðir þurfa að uppfylla til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning svo sem kröfur til leiðbeinenda, um tækjakost, hvort og hvernig fleiri en eitt fyrirtæki geta skipt á milli sín þjálfun einstakra nema o.s.frv. Starfsgreinaráð gerir einnig tillögu að reglum um hvaða kennsluaðstöðu og tækjabúnað skólar sem annast tiltekið starfsnám skulu hafa yfir að ráða og hvaða sérstöku kröfur gera skuli til kennara til að kenna viðkomandi starfsnám.

Gert er ráð fyrir að starfsgreinaráð hafi frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms í þeim starfsgreinum er undir ráðið heyra og sé stjórnvöldum til ráðuneytis að öðru leyti. Þannig getur ráðið verið ráðgefandi um ráðstöfun fjár vegna tækjakaupa, námsgagnagerðar o.fl. í viðkomandi starfsnámi og gert tillögur um stofnun nýrra námsbrauta og inntökuskilyrði í viðkomandi starfsnám. Einnig er gert ráð fyrir að starfsgreinaráð tilnefni fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi, sbr. 30. gr. Loks er þess að vænta að starfsgreinaráð stuðli að sem bestum námsaðstæðum á vinnustað og að fyrirtæki í greininni taki nema í starfsþjálfun samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár.

Menntamálaráðherra gefur út námskrá í sérgreinum starfsnáms, sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla, svo og reglur um framkvæmd starfsnáms í viðkomandi starfsgreinum að fengnum tillögum starfsgreinaráðs.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að skólanefnd sé heimilt að setja á fót sérstakar ráðgjafarnefndir við skóla til að stuðla að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi. Slíkar nefndir gætu veitt skólamönnum aðstoð við að útfæra skólanámskrá í starfsnámi á grundvelli aðalnámskrár. Nefndirnar geta verið misstórar og haft ólíkt hlutverk eftir skólum. Við skóla með fjölmennar starfsnámsdeildir getur ein nefnd verið til samráðs við hverja deild og í litlum skólum getur verið ein ráðgjafarnefnd fyrir allan skólann. Að undanförnu hefur Iðnskólinn í Reykjavík haft ráðgjafaraðila af þessum toga í ýmsum greinum og er sú reynsla talin lofa góðu.

Í þessum ráðgjafarnefndum skulu vera jafnmargir fulltrúar launþega og atvinnurekenda og er gert ráð fyrir að skólar leiti til viðkomandi starfsgreinaráða með beiðni um tilnefningar. Með því að starfsgreinaráð hafi milligöngu um tilnefningu fulltrúa úr atvinnulífi í byggðarlaginu eru tryggð ákveðin tengsl milli ráðgjafarnefndar og starfsgreinaráðs. Ákvarðanir starfsgreinaráðs eiga greiðari leið inn í skólana þegar fulltrúar atvinnulífs og skóla geta rætt þær og útfært á sameiginlegum vettvangi. Það fer eftir hlutverki nefndarinnar í hverjum skóla hverjir veljast til setu í henni af skólans hálfu en eðlilegt er að þar sitji a.m.k. fulltrúar frá yfirstjórn og fagkennurum og e.t.v. fulltrúi nemenda.

Ráðgjafarnefndir samkvæmt lögum þessum eru á ábyrgð viðkomandi skóla sem ber kostnað af störfum þeirra nema um annað semjist milli aðila.

Um 31. gr.

Grein þessi er nýmæli en með ákvæðum hennar geta framhaldsskólar eða einstakar deildir þeirra fengið sérstakt hlutverk sem kjarnaskóli, þ.e. tilrauna- og þróunarskóli í starfsnámi. Kjarnaskólar geta verið mismunandi, enda um að ræða þróunarverkefni sem tekur mið af ólíkum þörfum og aðstæðum starfsgreina og/eða atvinnuvega.

Gera þarf sérstakt samkomulag milli menntamálaráðuneytis og viðkomandi skóla þar sem kveðið er á um tímalengd verkefnisins, stjórnun þess, þar með talda skiptingu hlutverka og ábyrgðar á milli aðila, svo og hvernig úttekt á árangri skuli hagað.

Í kjarnaskóla fer fram þróun á námsefni, námsskipan, kennsluaðferðum og námsmati í viðkomandi starfsnámi. Skólar sem veita menntun á sama sviði eiga að geta leitað til kjarnaskóla um leiðsögn og ráðgjöf m.a. varðandi skipulag námsins, námsefni og kennsluhætti, sem og sérstök þróunarverkefni. Þannig er kjarnaskóli hugsaður sem þróunar- og þjónustustofnun fyrir allt landið.

Um 32. gr.

Þegar í aðalnámskrá er kveðið á um að hluti starfsnáms fari fram á vinnustað fer um það nám samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám sem ráðherra hefur sett að fenginni tillögu viðkomandi starfsgreinaráðs. Um vinnustaðanám skal ýmist gerður sérstakur starfsþjálfunarsamningur á milli skóla og vinnustaðar eða námssamningur á milli nema og vinnuveitanda.

Starfsþjálfunarsamningur er gerður milli skóla og einstakra fyrirtækja eða stofnana. Þar er kveðið á um að viðkomandi stofnun taki tiltekinn fjölda nemenda skólans til starfsþjálfunar í ákveðinn tíma. Í samningnum kunna einnig að vera ákvæði um hvers konar leiðsögn nemar skulu hljóta á starfsþjálfunartímanum. Dæmi um starfsþjálfunarsamninga eru t.d. samningar um þjálfun nema í sjúkraliðanámi og matartæknanámi.

Námssamningur skal undirritaður af báðum samningsaðilum, nema og vinnuveitanda, við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar af fulltrúa menntamálaráðherra. Reynslutími er yfirleitt að hámarki sex mánuðir frá upphafi samningstímans en hann skal tilgreindur sérstaklega svo og gildistími samningsins. Laun og önnur starfskjör nema á samningstíma skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög. Dæmi um námssamninga eru meistarasamningar á sviði löggiltra iðngreina.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um náms- og starfsþjálfunarsamninga. Þar kemur fram hvernig námssamningur skuli líta út, hverjir skuli undirrita hann, hver beri ábyrgð á að senda samninginn til staðfestingar og hvaða aðili skuli staðfesta samninginn fyrir hönd ráðherra. Einnig skal þar kveðið á um hvernig standa skuli að samningsslitum, t.d. hvernig skuli fara með málið ef samningi er slitið án samkomulags. Þar skulu einnig vera ákvæði um meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samningsins. Um reglugerð þessa skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda en þar er átt við heildarsamtök atvinnulífsins og samtök nema í viðkomandi greinum.

Um 33. gr.

Eitt af einkennum nútímaþjóðfélags er sérmenntun til tiltekinna starfa og kröfur á einstaklinga um að geta brugðist við breyttum aðstæðum á vinnustað. Þannig er líklegt að kröfur um framboð á almennri og sérhæfðri fræðslu á framhaldsskólastigi fyrir fullorðna fari vaxandi á komandi árum. Þar að auki benda upplýsingar úr könnuninni „Námsferill í framhaldsskóla“ til mikils brotthvarfs nemenda úr námi í íslenskum framhaldsskólum og mikill fjöldi fólks með litla skólagöngu að baki er á almennum vinnumarkaði. Í upplýsingum sem birtar hafa verið um fjölda atvinnulausra kemur í ljós að atvinnuleysi er mest á meðal þeirra sem hafa litla formlega skólagöngu. Því er afar brýnt að einstaklingar sem ýmist hafa aldrei farið í framhaldsskóla eða hafa hætt í framhaldsskóla án skilgreindra námsloka eigi kost á að sækja nám á framhaldsskólastigi.

Námsframboð öldungadeilda þarf að endurskoða, breikka það og m.a. bæta við hagnýtum námsleiðum. Er þar einkum átt við nám á tveimur sviðum. Í fyrsta lagi ber að leggja áherslu á uppbyggingu starfsnámsbrauta fyrir fullorðið fólk, þ.e. hagnýtt nám sem veitir undirbúning til tiltekinna starfa á vinnumarkaði. Þetta þarf að gerast jafnhliða almennri uppbyggingu starfsnáms á framhaldsskólastigi. Í öðru lagi er mikil þörf á að skipuleggja sérstakt grunn- og upprifjunarnám fyrir fullorðna, þ.e. nám fyrir fólk sem ekki hefur lokið formlegum prófum, hefur jafnvel ekki grunnskólapróf og þarf mikinn stuðning í grunngreinum. Slíkt nám væri ætlað þeim sem ekki náðu valdi á undirstöðuatriðum í grunnskóla á sínum tíma eða hafa ekki stundað skólanám lengi.

Það er staðreynd að fullorðnir einstaklingar nálgast viðfangsefnin á annan hátt en unglingar. Því er mikilvægt að kennsla og skipulag náms í öldungadeildum framhaldsskóla taki mið af námsþörfum fullorðinna. Hins vegar er lögð áhersla á að nám í öldungadeildum sé jafngilt námi í almennum framhaldsskólum. Þar er átt við að náminu ljúki með sambærilegum prófum og að gerðar séu sömu kunnáttu- og færnikröfur til hinna fullorðnu nemenda þrátt fyrir að skipulag og innihald náms og kennslu kunni að vera ólíkt vegna þeirrar reynslu sem fullorðnir hafa er þeir hefja námið.

Um 34. gr.

Í framhaldsskólum er víða dýrmæt aðstaða sem rétt þykir að nýta til fullnustu. Það á ekki síst við um skóla sem sinna starfsnámi og hafa oft yfir að ráða sérhæfðri kennsluaðstöðu og kennslukröftum. Þess vegna þykir rétt að heimila framhaldsskólum að starfrækja endurmenntunarnámskeið og annað nám í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa. Kostnaður af námskeiðshaldi þessu er greiddur af neytendum, þ.e. þeim sem nýta sér kennsluna.

Á undanförnum árum hefur verið tekin upp kennsla með farskólasniði á vegum einstakra framhaldsskóla á landsbyggðinni. Þar er átt við ýmiss konar námskeiðahald í héraði eða byggðarlagi. Með námskeiðahaldi af þessu tagi er hægt að koma til móts við þarfir íbúa fyrir námskeið á sviði fullorðinsfræðslu eða endurmenntunar. Á vegum farskóla hefur að mestu verið í boði nám skv. 34. gr. frumvarps þessa, þ.e. endurmenntunarnámskeið, en einnig ýmiss konar tómstundanámskeið. Þátttakendur greiða að fullu kostnað af þessum námskeiðum.

Um 35. gr.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á aðstöðu margra framhaldsskóla með tilkomu vandaðra skólasafna og hafa bókasafnsfræðingar haft forustu í því uppbyggingarstarfi. Skólasafn er einn af hornsteinum skólastarfs í framhaldsskólum og er mjög mikilvægt bæði nemendum og kennurum í daglegu starfi.

Áhersla er lögð á að skólasafnið verði virkur þáttur í fræðslustarfi framhaldsskólans og að þar verði nemendur þjálfaðir í sjálfstæðri þekkingarleit og öflun upplýsinga, m.a. með aðgangi að heimildaritum og gagnabönkum. Sífellt aukast möguleikar á upplýsingamiðlun í tölvutæku formi og er mikilvægt að nemendur í framhaldsskóla fái að kynnast sem flestum aðferðum upplýsingaöflunar.

Um 36. gr.

Felld eru brott ákvæði úr gildandi lögum um að ríkissjóður skuli kosta byggingu heimavista að fullu og að heimilt sé að víkja frá meginreglu um skiptingu stofnkostnaðar þegar um fámenn sveitarfélög er að ræða. Er nú gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við byggingu heimavista sé sú sama og við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla, þ.e. 60%. Rétt þykir að kveða skýrt á um að sveitarfélög er njóta þess hagræðis að hafa framhaldsskóla staðsettan í sveitarfélaginu skuli leggja honum til lóðir án gjalda eða lóðaleigu en að kostnaður við að gera lóðina byggingarhæfa teljist til stofnkostnaðar skólans. Ekki þykir æskilegt að veita heimild í lögum frá almennum reglum um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga enda talið að slíkt geti leitt til óhagkvæmni í fjárfestingum. Gert er ráð fyrir að samið verði um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig sveitarfélögum verði bætt aukin þátttaka í kostnaði við byggingu heimavista.

Þá er ákveðið að setja skuli reglugerð um normkostnað framhaldsskólahúsnæðis sem skipting áætlaðs stofnkostnaðar milli framkvæmdaraðila verði miðuð við. Einnig skal setja í reglugerð viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að allur undirbúningur verði í höndum framkvæmdaraðila.

Um 37. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga og kveður á um eignaraðild að fasteignum skóla á framhaldsskólastigi og málsmeðferð ef þær verða teknar til annarra nota eða seldar öðrum hvorum eignaraðila.

Um 38. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið greiði áfram rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Tölulegar viðmiðanir fyrir kennslumagn á hvern nemanda og fjölda í námshópum sem eru í núgildandi lögum eru teknar út, en í staðinn er kveðið á um að reikniregla (reiknilíkan) fyrir fjárveitingar til kennslu verði sett í reglugerð. Reiknireglunni er ætlað að reikna út raunverulegan kostnað við þá starfsemi sem nauðsynleg er talin og heimiluð er. Þetta er aðferð sem hefur verið farin í ýmsum löndum og hefur gefið allgóða raun. Með því að taka hana upp hér er verið að gera tilraun til að gera ákvarðanir um fjárveitingar eins hlutlægar og kostur er. Vinna við gerð reiknireglu af þessu tagi hefur enn ekki hafist fyrir alvöru og því er ekki tímabært að setja fram neinar fastar viðmiðanir að þessu sinni og hætt við að tölur um tiltekið kennslumagn á hvern nemanda geti takmarkað þær viðmiðanir sem æskilegt er að hafa við gerð slíkrar reiknireglu. Ljóst er að reikniregla af þessu tagi er háð stöðugri endurskoðun og þess vegna eðlilegra að efnisatriði séu bundin í reglugerð en í lögum.

Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag verði áfram greitt beint til skóla samkvæmt samningi er menntamálaráðuneytið gerir við hvern skóla fyrir sig. Þessi háttur var tekinn upp við gildistöku núgildandi laga og gerðu ýmsir skólar slíkan samning í ársbyrjun 1990. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð og hefur haft ýmsa hagræðingu í för með sér fyrir skólana og þess vegna er gert ráð fyrir að halda því áfram. Bætt er inn ákvæði um að skólanefnd sé heimilt að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Gert er ráð fyrir að til grundvallar fjárveitingum til viðhalds liggi sérstök viðhaldsáætlun er ráðuneytið geri. Þannig ætti að fást betra yfirlit yfir heildarþörfina og skapast möguleikar á að nýta betur það fjármagn sem ætlað er til viðhalds hverju sinni og tryggja að verk sem byrjað er á verði lokið á sem skemmstum tíma.

Um 39. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga en felld út ákvæði er ekki eiga við um heimavistir og mötuneyti. Ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda af efniskaupum vegna verklegrar kennslu hefur flust í 7. gr. frumvarpsins og ákvæði um hagnað af leigu skólahúsnæðis er í 43. gr. Fellt er út ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda í skipulögðum skólaakstri. Að jafnaði bera nemendur sjálfir kostnað af ferðum til og frá skóla. Ef um er að ræða verulegan kostnað fer eftir ákvæðum laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989. Skólameistari skal einn hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis, í stað skólameistara og skólanefndar í gildandi lögum. Er sú breyting í samræmi við þá stefnu að í lögum sé skýrt kveðið á um ábyrgð skólameistara á daglegu starfi skólans.

Um 40. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 38. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að felld er brott tilvísun í Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann. Einnig er bætt inn ákvæði um að skólar sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum skuli uppfylla skilyrði laga þessara um eftirlit.

Um 41. gr.

Með ákvæðum greinar þessarar er veitt heimild til þess að semja við samtök atvinnurekenda og launþega í einstökum starfsgreinum eða starfsgreinaflokkum um að þeir gerist virkir þátttakendur í stofnun og rekstri framhaldsskóla. Slíkri heimild er ætlað að stuðla að því að atvinnulífinu gefist kostur á að hafa áhrif á skipulag og starfshætti skóla er sinna starfsnámi. Gert er ráð fyrir að samtök atvinnurekenda og launþega taki sameiginlega þátt í slíkum rekstri en sú stefna sem mörkuð hefur verið um aukna aðild atvinnulífs að starfsnámi gengur út frá því að ávallt sé gætt jafnræðis milli þessara aðila þegar um er að ræða þátttöku í mótun og framkvæmd starfsnáms.

Á grundvelli breytingar á lögum um framhaldsskóla sem samþykkt var á vorþingi 1992 hefur þegar verið tekið upp slíkt samstarf við aðila vinnumarkaðar í tilraunaskyni með undirritun samnings um stjórnun og rekstur fræðslumiðstöðvar bílgreina innan fyrirhugaðs framhaldsskóla í Grafarvogi. Fræðslumiðstöðin verður rekin í sameiningu af menntamálaráðuneyti og fulltrúum samtaka atvinnurekenda og launþega í bílgreinum og er fyrsta tilraunin um rekstur starfsmenntaskóla í samvinnu hins opinbera og aðila atvinnulífs. Ætlunin er að þar fari fram bæði grunn- og endurmenntun á sviði bílgreina auk þess sem til stendur að bjóða styttra nám í stoðgreinum bílgreina svo sem vinnu á dekkjaverkstæði, smurningsvinnu o.fl.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 37. gr. gildandi laga. Bent skal á að Samvinnuháskólinn á Bifröst rekur ekki lengur fræðslustarf á framhaldsskólastigi. Þó þykir rétt að halda ákvæði um skólann óbreyttu í lagagrein þessari þar til sett hefur verið heildarlöggjöf um nám á háskólastigi þar eð skólinn hefur ekki aðra stoð í lögum en þessa.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. gildandi laga nema kveðið er á um hvernig skuli verja hagnaði sem fæst af leigu skólahúsnæðis og heimavista. Það ákvæði er efnislega samhljóða 3. mgr. 33. gr. gildandi laga.

Um 44. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir að skólar geti borið fram óskir um að gera tilraunir með nýjungar í skólastarfi sem verði að víkja frá ákvæðum laga og reglugerða. Með ákvæðum greinar þessarar er menntamálaráðherra veitt heimild til að veita slíkar undanþágur en jafnframt sett takmörk varðandi tímalengd og kveðið á um að ávallt skuli fara fram úttekt á slíkum tilraunum að þeim loknum.

Um 45. gr.

Grein þessi er nýmæli og gerir ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur þróunarsjóður framhaldsskóla og að sjóðurinn heyri undir menntamálaráðherra. Sjóði þessum er ætlað að hvetja til þróunarstarfs í skólum og standa undir auknum kostnaði sem af hlýst. Nýbreytnistarf er mikilvægur þáttur í starfi skólanna og mikilvægt að skólum sem sýna frumkvæði og vilja til að þróa nýjungar í skólastarfi verði gert það kleift. Til að sjóðurinn nýtist sem best þarf að setja úthlutunarreglur þar sem skilgreind eru skilyrði sem skólar þurfa að uppfylla til að geta fengið úthlutað úr sjóðnum.

Um 46. gr.

Grein þessi er nýmæli og gerir ráð fyrir að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs á framhaldsskólastigi á þriggja ára fresti. Mikilvægt er talið að Alþingi fylgist með reglubundnum hætti með framkvæmd skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum. Forsenda fyrir slíkri umfjöllun er að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um framkvæmd skólastarfs og árangur af því. Gert er ráð fyrir að það verði hluti af eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis að afla reglulega upplýsinga úr skólum og að standa fyrir því að gerðar verði rannsóknir og úttektir á tilteknum þáttum skólastarfs.

Um 47. gr.

Kveðið er á um að lögin taki gildi skólaárið 1995–1996. Þörf er á nokkrum aðlögunartíma áður en ýmis ákvæði laganna, svo sem um samræmd lokapróf og starfsnám, geta komið að fullu til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að þau komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 1999–2000, sbr. bráðabirgðaákvæði.

Um 48. gr.

Við gildistöku laganna falla brott gildandi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, ásamt áorðnum breytingum á þeim með lögum nr. 107/1988, nr. 72/1989 og nr. 81/1993.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Óhjákvæmilegt þykir að veita skólum aðlögunartíma að samræmdum lokaprófum þar sem kennsla nemenda frá byrjun skólagöngu hlýtur að taka mið af slíkri samræmingu. Er því miðað við að ákvæði 23. gr. verði ekki komið að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 1999–2000.

II.

Ljóst þykir að nokkur tími muni líða þar til tekist hefur að koma ákvæðum 25.–32. gr. um breytt fyrirkomulag starfsnáms í framhaldsskólum til fullra framkvæmda. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra leggi fram framkvæmdaáætlun þar um sem unnin verði í samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Þannig verði skilgreind ákveðin skref í þeirri þróun að auka aðild fulltrúa vinnumarkaðar að skipulagningu starfsnáms í framhaldsskólum. Breytingin mun væntanlega verða einföldust á sviði löggiltra iðngreina og ganga fyrst í gegn þar. Í flestum öðrum greinum er í núverandi skipulagi ekki um að ræða formlega aðild að skipulagningu starfsnáms og því er um verulega breytingu að ræða sem verður að framkvæma í ákveðnum þrepum og í samræmi við áætlanir um forgangsverkefni á sviði starfsnáms í framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að sérstök úttekt verði gerð á framkvæmd starfsnáms samkvæmt nýju skipulagi innan fjögurra ára frá því að það hefur komist til fullra framkvæmda.

III.

Loks er bráðabirgðaákvæði um að sú heimild í gildandi lögum að iðnaðarmenn er unnið hafa við iðnina í 10 ár geti sótt um að gangast undir verklegt próf án skólanáms gildi aðeins í fjögur ár frá gildistöku laga þessara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Frumvarpið er samið af nefnd um mótun menntastefnu sem menntamálaráðherra skipaði á árinu 1992. Í frumvarpinu og greinargerðinni með því er lítið fjallað um fjárhagslegar forsendur fyrir ýmsum breytingum sem lagðar eru til eða hugsanleg áhrif á nemendafjölda o.fl. Óvissuþættir eru því margir og hefur fjármálaráðuneytið í mörgum tilfellum gefið sér forsendur til að geta metið kostnaðaráhrif. Það hefur verið gert í samráði við menntamálaráðuneyti. Í umsögninni er fyrst yfirlit þar sem tíundaðir eru þættir sem talið er að muni hafa áhrif á útgjöld. Að öðru leyti skiptist umsögnin í kafla sem eru að mestu leyti hliðstæðir við kafla frumvarpsins og er þar að finna nánari skýringar á þeim þáttum sem nefndir eru í yfirlitinu.

1. Yfirlit.

Í frumvarpi þessu eru margir þættir sem munu hafa veruleg áhrif á kostnað. Ekki eru þeir allir metnir í fjárhæðum en reynt er að draga fram það sem mun leiða til breytinga á útgjöldum. Talnalegt mat miðast við kostnað á ársgrundvelli þegar viðkomandi ákvæði er að fullu komið til framkvæmda. Það er mat fjármálaráðuneytis að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna rekstrar framhaldsskóla verði að lágmarki um 320 m.kr. en geti orðið allt að 500 m.kr. Það nemur 10–15% af heildarrekstrarfjárveitingu til framhaldsskóla í fjárlögum 1994. Ekki var lagt talnalegt mat á viðhalds- og stofnkostnað. Lögð er rík áhersla á að kostnaðaráhrifin geta orðið mun víðtækari en þessar tölur segja til um þar sem ekki reyndist unnt að meta allar breytingar til fjárhæða og margar forsendur sem liggja til grundvallar áætlun um útgjaldaauka geta verið umdeilanlegar. Matið byggist á þeim atriðum sem talin eru upp hér á eftir og skýrð nánar í texta, svo og öðrum smærri þáttum sem ekki eru tilgreindir hér. Í lok umsagnarinnar er einnig birt tafla þar sem sýndar eru heildarfjárhæðir og útreikningar.

1. **Starfstími framhaldsskóla (3. kafli umsagnar).** Til að skólinn starfi fulla níu mánuði þarf að fjölga kennslu- og prófavikum úr 34 í 36. Áætlað er að það geti haft í för með sér um 140–150 m.kr. kostnaðarauka.
2. **Breytt uppbygging framhaldsskólastigsins (4. kafli).** Áætlaður útgjaldaauki er 130–260 m.kr. en þar er um að ræða aukinn kostnað vegna fornáms og almennrar námsbrautar til framhaldsskólaprófs.
3. **Þjónusta við fatlaða nemendur (4. kafli).** Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki verði 20–40 m.kr. vegna aukinnar þjónustu við fatlaða, t.d. í formi sérdeilda innan framhaldsskólanna.
4. **Aðalnámskrá (5. kafli).** Aðalnámskrá er meginviðmiðun skólastarfsins og mun hafa víðtæk áhrif á rekstrarútgjöld. Að auki er gert ráð fyrir að hver skóli gefi út skólanámskrá en það getur kallað á aukin launagjöld.
5. **Mat á skólastarfi (5. kafli).** Gert er ráð fyrir að með reglubundnum hætti fari fram mat á sjálfsmatsaðferðum einstakra skóla af utanaðkomandi aðila og er áætlað að það geti kostað 5–10 m.kr. Í annan stað er stefnt að samræmdum prófum á framhaldsskólastigi og er kostnaður metinn á 10–20 m.kr.

6. **Starfsnám (6. kafli).** Í frumvarpinu er lögð aukin áhersla á starfsnám en nemendur í starfsnámi eru að jafnaði um 50% dýrari en nemendur í bóknámi. Fjölgun nemenda í starfsnámi mun auka kostnað en á móti kemur að gert er ráð fyrir að starfsnámsbrautir verði almennt styttri en nú er.
7. **Stofnun og bygging framhaldsskóla (8. kafli).** Fellt er niður ákvæði um að ríkissjóður greiði að fullu byggingu heimavistar og sparar það fyrirsjáanlegan kostnað.
8. **Námsráðgjöf (9. kafli).** Aukin áhersla á námsráðgjöf getur haft í för með sér 12–20 m.kr. kostnaðarauka að því gefnu að námsráðgjöfin aukist um 30–50%.
9. **Vinnumagn í menntamálaráðuneyti.** Telja má víst að þróunarvinna o.fl. muni leiða til aukinnar vinnu í menntamálaráðuneyti, a.m.k. til skamms tíma (9. kafli).
10. **Annað.** Það eru margir þættir þar sem kostnaðaráhrif eru óljós. Sem dæmi má nefna kennslu nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku (4. kafli), sérhæfingu og verkaskiptingu framhaldsskóla (4. kafli), kjarnaskóla (6. kafli), aukna áherslu á öldungadeildir (7. kafli), tilraunastarfsemi og þróunarsjóð (11. kafli).

2. Gildissvið og hlutverk.

Í 1. gr. er fellt burt ákvæði um framhaldsdeildir grunnskóla til að draga skörp skil milli framhalds- og grunnskólastigsins. Af greinargerð með frumvarpinu má þó ráða að hugsanlegt er að í einstaka tilvikum verði hliðstæð starfsemi rekin áfram en þá alfarið á ábyrgð viðkomandi framhaldsskóla. Því er ekki gert ráð fyrir að þetta hafi teljandi áhrif á útgjöld.

3. Starfstími framhaldsskóla.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að starfstími nemenda í framhaldsskólum skuli vera 9 mánuðir og að kennsludagar skuli ekki vera færri en 150. Þetta er efnislega samhljóða núgildandi lögum að því frátöldu að kveðið sé á um lágmarksfjölda kennsludaga. Í kjarasamningum kennara er gert ráð fyrir að kennslu- og prófvikur séu 34 á ári hverju en í reynd eru kennsluvikur yfirleitt 26–28. Með fjölgun kennsludaga fjölgar kennsluvikum í a.m.k. 30. Í kjarasamningum er ekki kveðið á um skiptingu í kennslu- og prófatíma og hefur þessi breyting því ekki áhrif á kostnað nema hún leiði til þess að kennslu- og prófvikur verði fleiri en 34. Telja verður að með fjölgun kennsluvikna í 30 verði það líkleg niðurstaða.

Í núgildandi lögum er kveðið á um 9 mánaða starfstíma framhaldsskóla en það ætti að jafngilda u.þ.b. 36 vikum. Þeim hefur hins vegar ekki verið að fullu framfylgt þar sem í kjarasamningum kennara er ekki gert ráð fyrir nema 34 vikum. Ef gert er ráð fyrir að 9 mánaða starfstími framhaldsskóla verði fullnýttur má ætla að kennslukostnaður mundi aukast um ¾ eða um tæp 6%. Í fjárlögum 1994 er kennslukostnaður áætlaður 2.440 m.kr. og jafngildir 6% aukning um 140–150 m.kr. á ári. Ekki er gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður aukist.

4. Inntökuskilyrði og námsskipan.

Gert er ráð fyrir að námsbrautir framhaldsskólans verði almenn braut til framhaldsskólaprófs, bóknámsbrautir og starfsnám. Að auki verður boðið upp á fornám. Mjög erfitt er að áætla breytingar á núverandi kostnaði þar sem óvissuþættir eru margir en til að geta lagt mat á kostnað þarf að gefa sér forsendur um hvernig nemendur úr grunnskóla skiptast á brautir framhaldsskóla. Sé tekið mið af hlutfalli nemenda sem hafa farið í bóknám

annars vegar og verknám hins vegar undanfarin ár og hlutfalli þeirra sem ljúka prófi úr framhaldsskóla má ætla að um 50% nemenda færi beint í bóknám. Miðað er við að hlutfall verknámsnemenda sé óbreytt eða um 30% og standa þá eftir um 20% sem færu fyrst á almennu brautina. Þeir nemendur mundu ljúka námi með framhaldsskólaprófi eða velja starfs- eða bóknámsbraut en gera má ráð fyrir að meiri hluti nemenda haldi áfram námi.

Ekki eru áætlaðar breytingar á kostnaði vegna bóknáms en ætla má að kostnaður aukist um 60–180 m.kr. vegna fornáms. Nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi stendur til boða fornám sem er heildstætt ársnám og því ekki sambærilegt við 0-áfanga sem nú eru fyrir hendi í framhaldsskólum. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneyti má gera ráð fyrir að 10–15% nemenda nýti sér fornám, þ.e. 400–600 nemendur. Líklegur meðalfjöldi nemenda í hóp yrði 10–12 og kostnaður á hóp 3–3,5 m.kr. Samkvæmt framangreindu yrði fjöldi námshópa 30–60 og kostnaður 90–210 m.kr. Á móti þessum kostnaðarauka ættu að falla niður 0-áfangar og annað fornám en kostnaður við það er 26–28 m.kr. þannig að heildarkostnaðarauki yrði um 60–180 m.kr. Einnig ætti nemendum sem hverfa frá námi án prófs að fækka.

Erfitt er að meta áhrif almennu brautarinnar. Eins og segir hér að ofan má gera ráð fyrir að um 20% nemenda fari á almenna námsbraut. Að teknu tilliti til eftirfarandi forsendna er kostnaðarauki metinn á um 140–160 m.kr., sbr. töflu aftast.

* Meðalkostnaður á nemanda í bóknámi er 200–230 þús. kr. miðað við að almenna brautin verður að mestu bóknám.
* Hlutfall nemenda sem fer í framhaldsskóla er um 85% en hlutfall 19 ára nemenda í framhaldsskóla er um 60%.
* Meðalstærð árgangs sem útskrifast úr grunnskóla er 4.150 nemendur.

Þó verður að telja þetta ofmetið þar sem ekki er tekið tillit til þess að almenna námsbrautin verður að jafnaði ekki heils árs viðbót. Er því gert ráð fyrir að kostnaðarauki verði 70–80 m.kr. eða um helmingur af áætluðum kostnaðarauka ef almenna brautin yrði hrein viðbót. Ekki er lagt mat á hugsanlegan kostnaðarauka vegna starfsnáms en ef það gengur eftir að nemendum í starfsnámi fjölgar eykur það kostnað þar sem þeir eru að jafnaði dýrari en bóknámsnemendur eins og áður er getið. Af sömu ástæðum má ætla að stofnkostnaður hækki. Að auki er líklegt að hlutfall þeirra nemenda í framhaldsskólum hækki en það er nú um 85%. Á árinu 1991 var sambærilegt hlutfall annars staðar á Norðurlöndum 86–93%.

Á heildina litið er því áætlað að útgjaldaauki vegna breyttrar námsskipunar verði 130–260 m.kr. en eins og kemur fram í texta hér að framan er sú áætlun háð mikilli óvissu. Einnig getur 16. gr. frumvarpsins haft kostnaðaráhrif en þar er við það miðað að stofnun námsbrauta taki mið af eðlilegri sérhæfingu og verkaskiptingu framhaldsskóla. Ef það gengur eftir að skólar, og þá sérstaklega verkmenntaskólar, sérhæfi sig í meira mæli en verið hefur til þessa dregur það úr kostnaði. Ógerlegt er að leggja mat á þann sparnað.

Kveðið er á um þjónustu við fatlaða nemendur með svipuðum hætti og gert er í núgildandi lögum með einni undantekningu. Í stað þess að heimilt sé að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur er miðað við að menntamálaráðherra geti heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Kostnaður við slíkar deildir getur verið verulegur og stafar það bæði af breytingum sem oft þarf að gera á húsnæði, smæð námshópa og mikilli þörf fyrir sérfræðilega aðstoð. Kostnaðarauki getur verið mismikill eftir því hvort um er að ræða líkamlega eða andlega fatlaða nemendur. Nú eru um

40 m.kr. veittar til ýmiss konar þjónustu við fatlaða en ætla má að aukningin verði 50–100% sé tekið mið af þörf og fyrirsjáanlegum áherslum. Kostnaðarauki mundi þá nema 20–40 m.kr. Ekki er lagt mat á stofnkostnaðarauka en víða þarf að gera endurbætur á húsnæði vegna aðgengis fatlaðra. Erfitt er að meta hve stór hluti kostnaðarauka yrði vegna nýrra ákvæða frumvarpsins og hvað er hluti af almennri þróun í að veita fötluðum meiri þjónustu.

Við bætist ný grein, 20. gr., þar sem kveðið er á um rétt nemenda, sem hafa annað móðurmál en íslensku, á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Samkvæmt greininni getur menntamálaráðherra heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að samkvæmt könnun sem gerð var haustið 1993 voru um 23 erlendir nemendur sem þyrftu á viðbótarkennslu að halda. Líklegt er að nemendum fjölgi með auknum möguleikum á íslenskukennslu og því er óljóst hve margir þeir verða og hvernig staðið yrði að slíkri kennslu. Því er ekki lagt mat á áhrif á kostnað en útgjaldaauki gæti hins vegar orðið nokkur, sérstaklega ef grunnnám væri í mörgum skólum og námshópar litlir.

5. Námskrár og mat.

Aðalnámskrá er meginviðmiðun skólastarfsins og þar er ákveðinn fjöldi vikulegra kennslustunda, inntak námsgreina, mælt fyrir um námsmat o.s.frv. Ný aðalnámskrá hefur því afgerandi áhrif á kostnað en ekki liggja fyrir drög að henni og því útilokað að leggja mat á kostnaðaráhrif. Í mati á öðrum kostnaðarþáttum er miðað við að kennslumagn o.fl. sé óbreytt.

Skólanámskrá er nýtt hugtak en hver skóli skal gefa út skólanámskrá. Þar skal gera grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga o.fl. Skólanámskrá byggist á aðalnámskrá, lögum og reglugerðum um framhaldsskóla og hefur því ekki bein áhrif á rekstrarútgjöld skólans. Hins vegar getur orðið útgjaldaauki vegna vinnu við gerð skólanámskrár en á móti kemur að nú þegar eru gefnir út námsvísar í skólum og er lögð töluverð vinna í þá.

Í 23. gr. er fjallað um mat á skólastarfi og er það tvíþætt. Annars vegar er gert ráð fyrir að skólar taki upp sjálfsmatsaðferðir til að bæta árangur skólastarfsins. Ætla má að þetta kalli á aukna vinnu í skólum en á móti ætti það aðhald sem slíkt mat hefur í för með sér að leiða til hagræðingar. Hins vegar er kveðið á um að á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Gera má ráð fyrir að þetta geti kostað allt að 1 m.kr. fyrir hvern skóla og að u.þ.b. 8–10 skólar yrðu metnir á ári. Samkvæmt því yrði kostnaðarauki 5–10 m.kr.

Ráðgert er að taka upp samræmd próf á framhaldsskólastigi en ekki er ljóst í hve mörgum greinum. Nánar verður kveðið á um þessi próf í reglugerð. Kostnaður við hvert samræmt próf í grunnskólum er um 4 m.kr. Ætla má að kostnaður fyrir hvert samræmt próf á framhaldsskólastigi verði 3–5 m.kr. Ef prófað verður í 3–4 kjarnagreinum í framhaldsskólum þá er kostnaðaraukinn 10–20 m.kr. Einnig er hugsanlegt að það verði samræmd próf á einstökum brautum en að þau verði með einfaldari hætti en próf í kjarnagreinum.

6. Starfsnám.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að auka og efla starfsnám. Gert er ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins hafi áhrif á uppbyggingu námsins í gegnum samstarfsnefnd um starfsnám og starfsgreinaráð. Að auki er heimild til að setja á fót ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs. Við setningu námskrár verði tekið mið af umfjöllun og tillögum samstarfsnefndar og starfsgreinaráða. Gert er ráð fyrir að starfsnámsbrautir verði almennt styttri en nú er en á móti á að byggja upp nýjar brautir til að aðlaga það nám sem fyrir er breyttum aðstæðum. Útilokað er að meta kostnað vegna breyttra áherslna fyrr en drög að námskrá liggja fyrir og ekki ljóst hvernig starfsnámið mun breytast. Ekki er áætlaður kostnaðarauki vegna nýrra nefnda og ráða þar sem á móti falla niður ýmsar fjárveitingar, t.d. til iðnfræðsluráðs.

Í 31. gr. er kveðið á um að menntamálaráðherra geti gert deild eða skóla að kjarnaskóla sem þróar námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að skólar sem veita menntun á sama sviði og kjarnaskóli eiga að geta leitað til hans um leiðsögn og ráðgjöf þannig að kjarnaskóli verði þróunar- og þjónustustofnun fyrir allt landið. Ef skóli verður valinn sem kjarnaskóli hlýtur það að auka rekstrarkostnað hans að einhverju marki. Hugsanlegur kostnaður fer eftir því hvernig þetta verður framkvæmt og í hve miklum mæli. Á móti kostnaðarauka má ætla að þetta hafi í för með sér sparnað til lengri tíma litið þar sem sérhæfing skóla eykst og það kemur í veg fyrir mistök í uppbyggingu náms.

7. Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

Framhaldsskóla er heimilt að bjóða nám í öldungadeildum fyrir nemendur 20 ára og eldri. Í gildandi lögum segir að bjóða skuli nám hliðstætt því sem er á námsbrautum skólans en í þessu frumvarpi er kveðið á um að nám í öldungadeildum skuli vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans. M.a. á að leggja meiri áherslu á uppbyggingu starfsnámsbrauta. Þetta getur haft kostnaðarauka í för með sér en ekki er hér lagt mat á hve mikill hann gæti orðið.

Ákvæðum um kostnaðarþátttöku öldungadeildarnema er breytt til samræmis við framkvæmdina eins og hún er, þ.e. að nemandi greiðir sem næst þriðjungi kennslulauna, efniskostnað og kennslugögn. Þetta hefur því ekki kostnaðarleg áhrif. Ákvæðum um kostnað vegna endurmenntunarnámskeiða er einnig breytt til samræmis við framkvæmdina eins og hún er en gert er ráð fyrir að allur kostnaður vegna endurmenntunarnámskeiða sé greiddur af þeim aðilum sem standa að slíkum námskeiðum með skólanum eða með þátttökugjöldum. Í núgildandi lögum er við það miðað að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna en kostnaðaraðild ríkissjóðs er háð samþykki menntamálaráðherra.

8. Stofnun og bygging framhaldsskóla.

Ákvæði um stofnun og byggingu framhaldsskóla eru hliðstæð og í gildandi lögum en fellt er niður ákvæði 6. mgr. 3. gr. núgildandi laga þar sem vísað er í lög nr. 49/1967, um skólakostnað, enda eru þau lög úr gildi fallin. Í stað þess er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda. Í 36. gr. frumvarpsins segir að til stofnkostnaðar framhaldsskóla skuli telja byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla. Kveðið er skýrt á um að sveitarfélög skuli leggja til lóðir undir framhaldsskóla án kvaða eða gjalda.

Fellt er niður ákvæði um að ríkissjóður greiði að fullu byggingu heimavistar en þess í stað er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% og sveitarfélög 40%. Þetta sparar fyrirsjáanlegan kostnað fyrir ríkissjóð. Að auki er í 35. gr. frumvarpsins kveðið á um skólasöfn en þar er sagt að í tengslum við húsnæði skuli vera lesaðstaða. Þetta getur haft áhrif á byggingarkostnað en lesaðstöðu er ábótavant í mörgum skólum.

9. Stjórnun og starfslið.

Fækkað er í skólanefndum við framhaldsskóla en á móti er þeim ætlað víðtækara hlutverk og verða því kostnaðaráhrif lítil. Gert er ráð fyrir áheyrnarfulltrúum en ekki er ljóst hvort þeir fá þóknun fyrir fundarsetu eða ekki.

Í 13. gr., sem fjallar um heilsuvernd, er gerð sú breyting að í stað þess að heimilt sé að heilsuverndarstöð annist heilsuvernd í skólanum, sé hún á annað borð til staðar, verði það skylt. Kostnaður skóla vegna heilsugæslu er ekki mikill og verða því áhrif vegna þessarar greinar lítil.

Erfitt er að meta núverandi kostnað skóla vegna námsráðgjafar þar sem það eru oft kennarar sem sinna henni og fá kennsluafslátt á móti. Kostnaður bókast því ekki sem námsráðgjöf. Það er þó mat menntamálaráðuneytis að þessi kostnaður nemi um 40 m.kr. á ári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auka áherslu á námsráðgjöf en ekki er ljóst hvaða áhrif aukin áhersla mun hafa. Ef miðað er við 30–50% aukningu er kostnaðaraukinn 12–20 m.kr.

Að lokum er rétt að benda á að jafnvíðtækar skipulagsbreytingar og hér eru boðaðar hafa í för með sér mikla vinnu við þróun og frekari útfærslu. Sú vinna yrði mest í upphafi en síðan dragi úr henni þangað til búið væri að öllu leyti að taka upp breytt fyrirkomulag. Í 4. gr. er að auki gert ráð fyrir víðtækara hlutverki menntamálaráðuneytis varðandi eftirlit, ráðgjöf um kennslu- og þróunarstörf o.fl. og má ætla að það leiði til útgjaldaauka.

10. Rekstur framhaldsskóla.

Ákvæði um rekstrarkostnað eru hliðstæð og í gildandi lögum með nokkrum undantekningum. Það sem hefur mest áhrif er að ekki eru lögfestar viðmiðanir við grunntölu kennslustunda heldur gert ráð fyrir að fjárveitingaákvarðanir verði skilgreindar í reglugerð. Þær ákvarðanir skal miða við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku o.fl. Ljóst er að þetta setur rekstrarútgjöldum framhaldsskóla fastan ramma sem byggir á lögum og reglugerðum um framhaldsskóla og almennri stefnumörkun ríkisstjórnar í ríkisfjármálum. Reglugerðin hefur því ekki bein áhrif á útgjöld en mikilvægt er að framsetning verði með þeim hætti að stuðst sé við mælanlegar reglur svo útgjöld vaxi ekki sjálfkrafa. Ekki liggja fyrir drög að reglugerðinni.

11. Ýmis ákvæði.

Ákvæði um Verslunarskólann, Samvinnuskólann og aðra einkaskóla eru hliðstæð og í núgildandi lögum. Við bætist nýtt ákvæði um að samtök atvinnurekenda og launþega geti gerst aðilar að stofnun og rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Kostnaðaráhrif þessa eru óljós en ætti að geta leitt til sparnaðar.

Menntamálaráðherra er veitt heimild til að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða um framhaldsskóla. Ekki er hægt að meta kostnað vegna þessa en hann fer alfarið eftir í hve miklum mæli þessi heimild er notuð og hvers eðlis tilraunastarfsemin er.

Í 45. gr. er kveðið á um að stofna skuli þróunarsjóð framhaldsskóla. Fjárveiting til sjóðsins er ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Þetta þarf ekki að leiða til kostnaðarauka því á móti falla niður ýmsar fjárveitingar á fjárlagalið 319 Framhaldsskólar, almennt, eins og t.d. Nýjungar í skólastarfi en framlag til þess er 13,5 m.kr. í fjárlögum 1994.

Mat á kostnaðaráhrifum framhaldsskólafrumvarps, sbr. kostnaðarumsögn

(Allar tölur eru í m.kr. nema annað sé tekið fram)

	Heildartölur	Lágmark	Hámark
1.	Starfstími framhaldsskóla	140	150
2.	Breytt uppbygging framhaldsskólastigsins	131	261
3.	Þjónusta við fatlaða nemendur	20	40
4.	Aðalnámskrá	-	-
5.	Mat á skólastarfi	15	30
6.	Starfsnám	-	-
7.	Stofnun og bygging framhaldsskóla	-	-
9.	Vinnumagn í menntamálaráðuneyti	-	-
10.	Annað	-	-
	Alls	**318**	**501**
	Hlutfall af heildarrekstrargjöldum (%)	***10***	***15***

Breytt námsskipan			
Meðalstærð árgangs sem útskrifast úr grunnskóla = 4.150 nemendur			
Hlutfall 16 ára nemenda í framhaldsskóla = 85%			
Hlutfall 19 ára nemenda í framhaldsskóla = 61%			
Hlutfall árgangs úr grunnskóla sem fer í hreint bóknám = 50%,			
í starfsnám = 30% og á almenna braut = 20%			
Meðalkostnaður pr. bóknámsnemanda = 200-230 þús.kr.			
		Lágmark	Hámark
Almenna brautin		71	81
	(miðað við að um 50% sé kostnaðarauki)		
	4.150 * 85% * 20% * 50% * 200 þús.kr. = 141 m.kr.		
	4.150 * 85% * 20% * 50% * 230 þús.kr. = 162 m.kr.		
Fornámið, sbr. texta		60	180
Samtals		**131**	**261**

133. Frumvarp til laga [128. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aclipen, Berglind Frances, starfsmaður í Reykjavík, f. 26. nóvember 1977 í Reykjavík.
2. Andreasen, Margrethe Thaagaard, meðferðarfulltrúi á Selfossi, f. 13. maí 1968 í Danmörku.
3. Berglind Ellen Pétursdóttir, nemi í Kópavogi, f. 10. janúar 1979 í Reykjavík.
4. Cambray, Jean Vivien, hjúkrunarfræðingur á Akureyri, f. 13. maí 1956 á Englandi.
5. Cuizon, Emelia Basalan, þerna í Reykjavík, f. 28. maí 1948 á Filippseyjum.
6. Daoud, Bassam, verkamaður í Reykjavík, f. 15. nóvember 1957 í Sýrlandi.
7. Enos, James Paul, líffræðingur í Reykjavík, f. 12. febrúar 1964 í Bandaríkjunum.
8. Ferrer, Carlos Aristides, sóknarprestur á Kolfreyjustað, f. 2. mars 1961 í Þýskalandi.
9. Gerber, Nicola Inga, starfsmaður í Reykjavík, f. 20. október 1972 í Skotlandi.
10. Hall, Steven Leo, verkamaður í Reykjavík, f. 22. desember 1952 í Bandaríkjunum.
11. Hampshire, Judith Ann, ritari í Garðabæ, f. 16. mars 1941 á Englandi.
12. Hansen, Inge Miriam, sjúkraliði á Akureyri, f. 12. maí 1949 í Danmörku.
13. Hansen, Jóhanna Björg, verkfræðingur í Mosfellsbæ, f. 12. nóvember 1966 í Reykjavík.
14. Hansen, Sigurður Böðvar, nemi í Mosfellsbæ, f. 8. október 1969 í Reykjavík.
15. Herrera de Ólafsson, Elvira, ekkja í Reykjavík, f. 23. janúar 1923 í Kólumbíu.
16. Holm, Jónína Daniella, húsmóðir í Garði, f. 9. desember 1961 í Reykjavík.
17. Madrazo, Lea Mendoza, verslunarmaður í Þorlákshöfn, f. 17. september 1964 á Filippseyjum.
18. Mangubat, Nora Valeriano, verkakona í Vogum, f. 17. febrúar 1953 á Filippseyjum.
19. Mía Björk Jónsdóttir, barn í Reykjavík, f. 10. febrúar 1985 í Danmörku.
20. Rosento, María Nieves Chavez, starfsmaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1959 á Filippseyjum.
21. Sepulveda Benner, Chyntia Viviana, verslunarmaður á Hellu, f. 31. janúar 1968 í Chile.
22. Shedan Sanchez, Nina Veronica, sjúkraliðanemi í Kópavogi, f. 24. febrúar 1959 í Perú.
23. Sleight, Þórunn Patricia, kennari á Skógum, f. 31. júlí 1954 í Bandaríkjunum.
24. Smar, Sarra, nemi í Reykjavík, f. 3. febrúar 1974 á Englandi.
25. Smidt, Angela Kirsten de, leiðbeinandi í Hveragerði, f. 11. apríl 1962 í Suður-Afríku.
26. Sonnentag, Irmgard Martha, verslunarmaður í Reykjavík, f. 9. desember 1940 í Þýskalandi.

27. Spyratou, Despina-Depy, verslunarmaður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1953 í Kenýa.
28. Tangolamos, Catalina, saumakona í Reykjavík, f. 25. nóvember 1964 á Filippseyjum.
29. Turin, Bozena Teresa, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 29. maí 1971 í Póllandi.
30. Valiente, Rodita Rufina, verkakona í Keflavík, f. 28. júní 1946 á Filippseyjum.
31. Vokes, Atli Marel, verkamaður á Selfossi, f. 1. október 1975 á Selfossi.
32. Þóra Vikar Guðmundsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1976 í Suður-Kóreu.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er fyrsta frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 118. löggjafarþingi.

134. Fyrirspurn [129. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um glasafrjóvgun.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað líður stækkun glasafrjóvgunardeildar kvennadeildar Landspítalans sem ráðherra tilkynnti um sl. vor?
2. Hve langir eru biðlistar fyrir glasafrjóvgun?
3. Hvað tekur langan tíma fyrir þá sem síðastir eru í röðinni nú að komast að?
4. Hvernig hefur meðferð þeirra sem á deildina hafa komið tekist?
5. Er verið að vinna að því að taka upp frystingu fósturvísa og að öðrum tækninýjungum, svo sem smásjárfrjóvgunum?

135. Frumvarp til laga [130. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 2. mgr. 45. gr. laga nr. 93/1994 bætast tveir nýir málsliðir, sem verða 3. og 4. málsl., svohljóðandi: Einnig eru undanskilin ákvæði IX. kafla lyfjalaga, nr. 108/1984, 32.–38. gr., ásamt 4. tölul. 50. gr., er fjalla um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæði í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, 2.–6. gr., 9.–13. gr. og 27.–34. gr., er fjalla um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða. Þessi ákvæði lyfjalaga og laga um lyfjadreifingu falla úr gildi 1. nóvember 1995, sbr. 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög
um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér að við þingmeðferð lyfjalaga, nr. 93/1994, hafi verið ákveðið að fresta gildistöku VII. kafla laganna um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi og XIV. kafla laganna um lyfjaverð til 1. nóvember 1995, sbr. 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða. Á hinn bóginn láðist að framlengja gildistíma sambærilegra ákvæða í IX. kafla lyfjalaga, nr. 108/1984, um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd, og ákvæða í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða.

Lyfjalög, nr. 93/1994, öðlast gildi 1. júlí 1994. Að óbreyttum þeim lögum munu við gildistöku þeirra engin lagaákvæði gilda um lyfjaverð, stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi fram til 1. nóvember 1995.

Því ber brýna nauðsyn til að breyta 45. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, þannig að gildistími ákvæða lyfjalaga, nr. 108/1984, um lyfjaverð og laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða, framlengist þar til ákvæði VII. og XIV. kafla laga nr. 93/1994 koma til framkvæmda 1. nóvember 1995.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Við 2. mgr. 45. gr. laga nr. 93/1994 bætast tveir nýir málsliðir, sem verða 3. og 4. málsl., svohljóðandi: Einnig eru undanskilin ákvæði IX. kafla lyfjalaga, nr. 108/1984, 32.–38. gr., ásamt 4. tölul. 50. gr. er fjalla um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæði í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, 2.–6. gr., 9.–13. gr. og 27.–34. gr. er fjalla um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða. Þessi ákvæði lyfjalaga og laga um lyfjadreifingu falla úr gildi 1. nóvember 1995, sbr. 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Gjört í Reykjavík 28. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

136. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [77. mál]

í málinu: Till. til þál. um vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Frá forsætisráðherra.

Þar sem fram komin tillaga brýtur í bága við starfshætti Alþingis og rótgróna þingvenju samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

137. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um áætlun um að draga úr áfengisneyslu.

Flm.: Jón Helgason, Björn Bjarnason, Petrína Baldursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar markvissa áætlun um hvernig megi ná markmiði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem ríkisstjórnin samþykkti árið 1986, um að draga úr áfengisneyslu um 25% frá þeim tíma til ársins 2000.

Greinargerð.

Árið 1986 samþykkti ríkisstjórn Íslands að farið skyldi að ráðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og stefnt að því að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar um 25% frá þeim tíma til aldamóta.

Árið 1986 nam áfengissala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins 3,34 lítrum á mann miðað við 100% áfengi. Svo vill til að í fyrra, 1993, var áfengissalan á mann nákvæmlega jafnmikil, 3,34 áfengislítrar á mann. Við stöndum sem sé í sömu sporum og fyrir átta árum þegar samþykktin var gerð — og ekki nema sex ár til aldamóta.

Nokkrar sveiflur hafa orðið á neyslunni á þessum átta árum. Mest varð breytingin milli áranna 1988 og 1989 en leyft var að selja áfengan bjór frá og með 1. mars 1989. Salan árið 1988 nam 3,35 áfengislítrum en varð 4,13 lítrar árið eftir og hafði aldrei orðið meiri. Síðan hefur dregið úr sölu, a.m.k. fram til síðustu áramóta. Salan á fyrra missiri þessa árs bendir hins vegar til þess, því miður, að enn stefni í öfuga átt því að hún hefur aukist um tæp 5% miðað við sama tíma í fyrra. Síðustu árin hefur líka í vaxandi mæli borið á ólöglegri sölu á heimabrugguðu áfengi, sérstaklega til unglinga, og er neyslan því meiri en opinberar tölur segja. Sagan sýnir að mikil fylgni er milli þjóðartekna og kaupgetu almennings annars vegar og áfengiskaupa hins vegar. Það sýna og rannsóknir sem gerðar hafa verið víða um heim. Til dæmis um þetta má nefna að 1968, árið sem síldveiðar fyrir Austurlandi brugðust, dró úr áfengissölu um 11,3%. Því hefði mátt ætla að áfengisneysla minnkaði enn meir síðustu árin en raun hefur á orðið.

Orsakir þess að skert kaupgeta almennings og vaxandi atvinnuleysi hefur ekki orðið til þess að draga verulega úr áfengiskaupum og áfengisneyslu eru vafalítið einkum þrjár: Lögleg sala áfengs öls, gífurleg fjölgun áfengisveitingastaða og linkind við að framfylgja banni við áfengisauglýsingum.

Margt hefur verið rætt um bjórinn og afleiðingar þess að sala á þeirri tegund áfengis var leyfð.

Ljóst er að fjölgun áfengisveitingastaða sigldi í kjölfar þessarar breytingar. Í ársbyrjun 1989 voru áfengisveitingastaðir 148 en árið 1993 höfðu 309 staðir heimildir til að selja áfengi. Það er meira en 100% fjölgun á þessum fáu árum.

Einnig voru það framleiðendur og sölumenn bjórs sem riðu á vaðið með auglýsingar á áfengi á almannafæri, svo sem á bifreiðum og utan dyra á veitingahúsum. Framleiðendur og seljendur sterkra drykkja hafa síðan runnið á peningalyktina og hafið að auglýsa vöru sína sumir hverjir — en yfirvöld sitja með hendur í skauti.

Þá virðist koma bjórsins hafa breytt nokkru um það hverjir neyta áfengis og hve mikið þeir drekka. Fullorðið fólk virðist ekki hafa aukið áfengisneyslu sína og þeim sem drekka í þeim hópi lítt fjölgað eða ekki. Á hinn bóginn hefur drykkja unglinga, einkum drengja, aukist uggvænlega. Könnun Ásu Guðmundsdóttur og dr. Tómasar Helgasonar á rannsóknastofu Geðdeildar Landspítalans bendir til þess að þeim unglingum, sem áfengis hafa einhvern tíma neytt, hafi ekki fjölgað, jafnvel fækkað í hópi 13 til 15 ára, en hins vegar hafi neysla þeirra sem drekka aukist gífurlega, einkum meðal pilta 13 til 19 ára og stúlkna 13 til 15 ára. Svo segir í grein þeirra Ásu og Tómasar um þessar rannsóknir:

„Það sem veldur áhyggjum er hversu mjög drykkja þeirra sem neyta áfengis hefur aukist eftir að bjórsalan var leyfð. Gagnstætt vonum jókst neysla sterkra drykkja verulega. Aukningin var mest fyrsta árið en hefur haldið áfram síðan . . . Hefur heildarneysla pilta 16 til 19 ára aukist um nærri 80% eftir að sala áfengs öls var leyfð hér á landi. Rúmlega þriðjungur af þessari aukningu er vegna þess að piltar drekka nú verulega meira magn af sterku áfengi samanborið við það sem þeir gerðu áður. Neysla stúlkna á þessum aldri hefur hins vegar staðið í stað. Neysla þeirra sem eru á aldrinum 13 til 15 ára og

drekka áfengi á annað borð hefur rúmlega tvöfaldast eftir að bjórinn var leyfður. Þessi hópur drekkur nú tvisvar sinnum meira af sterku áfengi en áður og í honum drekka stúlkurnar meira en piltar, fyrst og fremst af sterku áfengi."

Þessi staðreynd er uggvænleg og vekur ótta um ört vaxandi vandamál á næstu árum ef ekki verður gripið í taumana. Flestir munu gera sér grein fyrir hverjar afleiðingar það hefur ef ekki tekst að verða við tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um það að draga verulega úr áfengisneyslu, hvað þá ef hún eykst og jafnvel mest hjá þeim sem síst skyldi.

Könnun, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði á kostnaði og tekjum þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu árin 1985–89, sýnir að kostnaður hins opinbera vegna áfengisneyslu er að minnsta kosti jafnmikill og tekjurnar og sterkar líkur eru taldar benda til að hann sé allmiklu meiri en þær.

Bandaríkjamaðurinn Robin Room er einn þekktasti vísindamaður heims á sviði vímuefnarannsókna. Hann er varaforseti rannsókna- og þróunardeildar Rannsóknastofnunar Ontario-ríkis í Kanada í vímuefnamálum (Addiction Research Foundation). Í sumar ritaði hann grein í málgagn stofnunarinnar, The Journal, um þær afleiðingar sem það hefði ef áfengi yrði lengur og víðar á boðstólum en nú er í Ontario, ef leyfð yrði notkun greiðslukorta við áfengiskaup og þó einkum og sér í lagi um þau vandræði og það aukna tjón sem yrði ef áfengisverð yrði lækkað. Í grein sinni segir Robin Room: „Í raun og veru er áfengi mjög sérstæð vara og þess vegna þarf að fara með það á alveg sérstakan hátt. Rannsóknir í Bandaríkjunum og Evrópu hafa leitt í ljós að þegar áfengisneysla eykst fjölgar venjulega lemstrunum og dauðsföllum af völdum skorpulifrar, krabbameins, umferðarslysa, sjálfsvíga, líkamsárása og annarra ofbeldisglæpa." Svo mörg eru þau orð. Og það er vert að hugleiða að þetta ritar virtur og reyndur vísindamaður en ekki áróðursmaður fyrir einn eða neinn.

Það leikur sem sé ekki á tveim tungum hverjar afleiðingarnar verða ef ekki er spyrnt við fótum: Kostnaður hins opinbera eykst, heilsu þegnanna hrakar, slysum og glæpum fjölgar — og er þá því sleppt sem seint verður tölum talið en það er félagslegt tjón margs konar, m.a. vegna óreglu á heimilum og sundraðra fjölskyldna.

Enn er rétt að minna á að áfengisneysla er oft undanfari annarrar vímuefnaneyslu. Talið er að nánast allir neytendur ólöglegra vímuefna hafi byrjað vímuefnaneysluna á áfengi og flestir neyta áfengis ásamt öðrum efnum (blönduð neysla).

Eðlilegt er að spurt sé: Hvað má þá til varnar verða? Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bendir á þann þátt sem mestu skiptir: Að draga úr neyslunni. Rannsóknir hafa sýnt að tjón af völdum áfengisneyslu ferfaldast ef neyslan tvöfaldast. Því er það grundvallaratriði í þessum sökum að neyslan minnki. Allar forvarnir hljóta að taka mið af því.

Við getum ekki litið fram hjá því að hér er ábyrgð ríkisvaldsins mikil. Það er ekki einasta mikilvægt að stuðla að því með skynsamlegri lagasetningu að úr drykkju dragi, heldur skiptir og miklu máli að þeir sem til forustu veljast séu öðrum gott fordæmi. Fyrsti forseti Íslands, Sveinn Björnsson, mælti svo í síðasta nýársávarpi sínu til þjóðarinnar 1. janúar 1952: „Þeir eru margir, sem vanda um við æskulýðinn, en hve margir eru þeir sem hann getur í stolti tekið sér til fyrirmyndar? Ef menn krefjast reglusemi, elju og hófsemi af fólkinu sem er að vaxa upp, þá verður að finna kosti þessa í fari þeirra, sem ráða fyrir því. Annars er engin von um árangur."

Markvissar aðgerðir gætu m.a. falist í eftirfarandi:

1. Nýrri stefnu varðandi leyfisveitingar til áfengisveitingastaða. Sem dæmi um þær ógöngur sem þessi mál eru komin í hérlendis má geta þess að í Frakklandi, þar sem áfengisframleiðsla er mikilvægur atvinnuvegur, er bannað að heimila veitingastöðum við hraðbrautir að selja áfengi — en hér á landi fær hver áningarstaðurinn við hringveginn eftir annan leyfi til áfengisveitinga.
2. Settar verði sams konar reglur um áfengisauglýsingar og tóbaksauglýsingar.
3. Lögð sé rækt við öflugar forvarnir og fræðslu.

Ef við ætlum að taka tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar alvarlega og leitast við að draga úr áfengisneyslu um 25% til aldamóta er ekki seinna vænna að grípa til viðeigandi aðgerða strax. Við höfum varið miklu fé til meðferðarmála undanfarna áratugi, fé til að aðstoða þá og leitast við að hjálpa þeim sem illa hafa verið leiknir í skiptum sínum við vímuefnið áfengi. Slík verk eru dýr og árangur jafnan tvísýnn. Nú er kominn tími til að hefjast handa af alvöru við að koma í veg fyrir þær hörmungar sem hlotist geta af áfengisneyslu. Það gerum við best með því að deyfa þann ljóma sem hagsmunahópar og viðhlæjendur þeirra sveipa um áfengi og neyslu þess. Þær aðgerðir eru ekki dýrar, oftast árangursríkar og alltaf er betra heilt en þó að vel gróið sé.

138. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um skipan nefndar er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Gísli S. Einarsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð og geri tillögur er tryggi því sambærileg kjör og réttindi við námsfólk er stundar nám í heimabyggð.

Nefndin athugi sérstaklega:

1. hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð,
2. á hvern hátt Lánasjóður íslenskra námsmanna styður námsfólk í námi fjarri heimabyggð og hvort sjóðurinn taki í raun sérstakt tillit til slíkra aðstæðna.

Greinargerð.

Fjölmargir þurfa að stunda nám fjarri heimabyggð þar sem ekki er boðið upp á viðkomandi námskost heima. Ljóst er að slíkt hefur í för með sér mikinn kostnað og röskun á persónulegum högum. Það hlýtur að teljast alvarlegt ef námsmaður í námi fjarri heimabyggð nýtur ekki allra þeirra almennu réttinda og félagslegrar þjónustu á námsstað nema hann flytji lögheimili sitt þangað. Þetta á t.d. við barnafólk í námi utan heimabyggðar en aðgangur þess að leikskólum á námsstað er mjög takmarkaður ef lögheimili er haldið í heimabyggð. Þá er líklegt að fólk neyðist til að flytja lögheimili sitt en það kann þá að verða af annarri aðstoð vegna raunverulegrar búsetu sinnar. Þá er mikilvægt að athuga hvort þetta fólk eigi ekki að njóta allra lögheimilisréttinda á námsstað þótt það haldi lögheimili í heimabyggð.

Jafnrétti til náms er hornsteinn í menntastefnu lýðræðisþjóðar. Staðsetning menntastofnana í landinu hefur án efa haft mikil áhrif á búsetuþróun síðustu ár og átt þátt í mikilli byggðaröskun. Það er því löngu tímabært að gerð verði ítarleg úttekt á kjörum og stöðu námsfólks í námi fjarri heimabyggð. Lánasjóður íslenskra námsmanna gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar jöfnun námsaðstoðar. Brýnt er að kanna nákvæmlega hvernig sjóðnum hefur tekist að rækja þetta hlutverk sitt gagnvart fólki í námi fjarri heimabyggð og hvort hann taki í raun nægjanlegt tillit til slíkra aðstæðna.

139. Fyrirspurn [133. mál]

til fjármálaráðherra um áhrif samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á forsendur fjárlaga.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvaða áhrif hefur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið haft á forsendur fjárlaga 1995,
   a. á tekjuhlið,
   b. á gjaldahlið?
2. Hver áhrif er samningurinn talinn hafa á ríkisfjármál árið 1994?

140. Fyrirspurn [134. mál]

til umhverfisráðherra um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Gildir reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla á Evrópska efnahagssvæðinu einnig um vörur sem framleiddar eru utan svæðisins þar sem aðrar reglur gilda?
2. Sé svo, hver áhrif hefur það á samkeppnisstöðu og vöruverð?

141. Fyrirspurn [135. mál]

til umhverfisráðherra um merkingu næringargildis matvæla.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Gildir reglugerð nr. 586/1993 um merkingu næringargildis matvæla á Evrópska efnahagssvæðinu einnig um vörur sem framleiddar eru utan svæðisins þar sem aðrar reglur gilda?
2. Sé svo, hver áhrif hefur það á samkeppnisstöðu og vöruverð?

142. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Björn Bjarnason, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar ellefu einstaklinga í Rannsóknarráð Íslands til þriggja ára:

a. Þrjá samkvæmt tillögum skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar og stofnana á sviði þjóðlegra fræða og Vísindafélags Íslendinga.
b. Þrjá samkvæmt tillögum rannsóknastofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknastofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis.
c. Þrjá samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.
d. Tvo án tilnefningar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Aðilar, sem tilnefna menn til setu í Rannsóknarráði Íslands skv. a-, b- og c-liðum hér að framan, skulu hver tilnefna tiltekinn fjölda einstaklinga samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Menntamálaráðherra skipar þrjá úr hverjum hópi og tvo sem tilnefndir eru að höfðu samráði við ríkisstjórn eða alls ellefu einstaklinga. Við skipun í ráðið skal menntamálaráðherra gæta þess að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og tryggja sjálfstæði ráðsins þannig að það geti sinnt eftirlitshlutverki skv. 7. tölul. 2. gr. Þá skipar menntamálaráðherra jafnmarga varamenn úr hópi þeirra sem tilnefndir eru með sama hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Alþingi setti lög um Rannsóknarráð Íslands á 117. löggjafarþingi. Er þar orðinn til einn stjórnunarvettvangur rannsókna- og vísindastarfa í landinu þar sem áður voru tveir, Vísindaráð Íslands og Rannsóknaráð ríkisins. Hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna og grunnrannsóknir heyra þar með undir sama ráðið sem gegnir víðtæku samræmingarhlutverki, stefnumörkun, ráðgjöf til stjórnvalda og eftirlits- og kynningarhlutverki.

Í 3. gr. laganna er kveðið á um hverjir skuli gera tillögur um setu í ráðinu. Eru þar tilnefndar m.a. vísindastofnanir og rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Ekki er kveðið á um að atvinnulífið geti með beinum hætti haft áhrif á skipan í ráðið, eins og t.d. rannsóknastofnanir. Rannsóknarráð Íslands fjallar þó á mjög breiðum grundvelli um hagnýtar rannsóknir, nýsköpun í atvinnulífi og stefnumótun í rannsókna- og vísindastarfi. Ber því að beita sér fyrir áætlanagerð um rannsóknir og þróunarstarf í samráði við atvinnulífið.

Rannsóknarráð Íslands veitir styrki til rannsókna, m.a. til þeirra stofnana sem tillögur gera um setu í ráðinu. Þess utan er ráðinu gert með lögum að meta árangur rannsóknastarfs og gera tillögur til úrbóta ef starfsemin er ófullnægjandi, skipulag eða skilyrði ófullkomin eða ákveðin rannsóknasvið vanrækt. Af þessum sökum m.a. er ljóst að mikils er vert að ráðið sé óháð þeim rannsóknaraðilum sem það á að veita aðhald, sem og að atvinnulífið eigi aðgang í ráðið ekki síður en rannsókna- og vísindastofnanir.

Þegar fjallað var um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands í menntamálanefnd Alþingis bárust nefndinni ábendingar um þá meinbugi á málinu að ekki væri gert ráð fyrir fulltrúum frá atvinnulífinu við skipan ráðsins. Athugasemdir, sem lutu að þessu atriði, bárust menntamálanefnd frá Rannsóknaráði ríkisins, millifundanefnd háskólaráðs Háskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins, Iðntæknistofnun, Alþýðusambandi Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Eru þessar umsagnir birtar sem fylgiskjöl með frumvarpinu.

Menntamálanefnd brást við þessum ábendingum með því að fella inn í 3. gr. laganna ákvæði um að menntamálaráðherra skyldi við skipan í ráðið gæta þess að jafnvægi yrði milli vísinda og tækni og að sjónarmið atvinnulífsins kæmu fram í ráðinu. Við framkvæmd laganna hefur þessa ekki verið gætt að mati flutningsmanna, né heldur hins að stofnanir, sem Rannsóknarráð Íslands skal lögum samkvæmt veita aðhald, geti ekki haft óeðlilega mikil áhrif á störf þess.

Í frumvarpinu er farin sú leið að fjölga ráðsmönnum um tvo. Gert er ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands geri tillögur um ráðsmenn samkvæmt ákvæðum þar að lútandi sem sett verði með reglugerð. Þeim einstaklingum sem ráðherra skipar án tilnefningar er fækkað um einn frá því sem er í lögunum. Ráðherra hefur samkvæmt lögunum mikil áhrif á val í Rannsóknarráð og þykja áhrif hans á heildarskipan ráðsins tryggð með þessum hætti.

Ákvæði frumvarpsins um gildistöku taka mið af því að nú þegar hefur nýskipað Rannsóknarráð Íslands ráðist í það mikla verkefni að skipuleggja starf ráðsins á nýjum forsendum. Því er gildistíminn miðaður við 1. janúar 1996 þannig að ráðinu gefist tækifæri til að ljúka því undirbúningsstarfi sem nú stendur yfir.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á skipun fagráða ellegar á ráðningu framkvæmdastjóra.

Fylgiskjal.

Umsagnir um 3. gr. frumvarps til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands sem lutu að áhrifum atvinnulífsins á skipan í ráðið.

Rannsóknaráð ríkisins:

Rannsóknaráð telur það fyrirkomulag skynsamlegt að tilnefningar til ráðsins séu fleiri en endanlega skipaðir fulltrúar. Með tilnefningum á hæfi fulltrúanna að vera tryggt, en með endanlegu vali ráðherra gefst svigrúm til að skapa jafnvægi sjónarmiða og losa um bein hagsmunatengsl þar sem ráðsmenn eru valdir persónulega úr stærri hópi.

Hins vegar telur ráðið það einn meginágalla frumvarpsins að skipan ráðsins skv. 3. gr. gerir ekki ráð fyrir fulltrúum með tilnefningu frá samtökum atvinnulífsins. Með hliðsjón af heildarhlutverki hins fyrirhugaða ráðs er mikilvægt að nokkurt jafnræði ríki milli sjónarmiða sem áður voru nefnd og að stjórnvöld, háskólar, rannsóknastofnanir og „notendur“ eigi þar sem jafnastan rétt. Rannsóknaráð leggur þunga áherslu á að svo stór hluti „neytendahópsins“, sem atvinnulífið er, eigi rödd í ráðinu. Ekki er sjálfgefið að menn úr atvinnulífi veljist heppilega með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í greinargerð með frum-

varpinu og reiknað er með í væntanlegri greinargerð. Rannsóknaráð leggur því til að annaðhvort verði t.d. tveimur fulltrúum atvinnulífs bætt við í ráðið og það skipað 11 manns í allt eða að skipan ráðsins verði endurskoðuð með ofangreinda fjórskiptingu í huga. Íhuga mætti að tveir fulltrúar atvinnulífs komi í stað eins fulltrúa ríkisstjórnar skv. c-lið og eins fulltrúa rannsóknastofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytisins skv. b-lið og verði fulltrúar tilnefndir af læknaráðum Landspítala og Borgarspítala sameinaðir fulltrúaskipun frá háskólastiginu skv. a-lið. Fulltrúar atvinnulífs verði valdir úr hópi a.m.k. tvöfalt fleiri tilnefndra.

Millifundanefnd háskólaráðs:

Mikilvægasta hlutverk sameinaðs Vísinda- og tækniráðs varðar ráðgjöf og stefnumótun fyrir ríkisstjórn og Alþingi, og þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi í vísinda- og tæknimálum fyrir Ísland. Vísindastefna ráðsins þarf að taka mið af alþjóðlegum kröfum og íslenskum aðstæðum. Hún þarf fyrst og síðast að byggjast á fræðilegum forsendum og hafa langtímamarkmið að leiðarljósi fremur en stefnu stjórnvalda hverju sinni. Á hinn bóginn munu stjórnvöld einnig leita álits ráðsins á málefnum sem varða pólitíska stefnumótun á hverjum tíma.

Með hliðsjón af meginhlutverki Vísinda- og tækniráðs er mikilvægt að meiri hluti ráðsmanna hafi náð það góðum árangri í rannsóknastörfum að þeir njóti alþjóðlegrar viðurkenningar og að þeir hafi jafnframt reynst hæfir stjórnendur. Einnig er mikilvægt að í ráðinu sitji reyndir og farsælir stjórnendur úr atvinnulífi.

Vísbendingar um alþjóðlega viðurkenningu í rannsóknum eru m.a.:

1. Birting greina í virtum fræðiritum.
2. Beiðnir um að meta handrit að greinum fyrir alþjóðlega viðurkennd fagtímarit.
3. Beiðnir um að skrifa yfirlitsgreinar í fagtímarit sem gera miklar kröfur eða kafla í bækur sem eru gefnar út af virtum forlögum.
4. Boð um að flytja fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum.
5. Beiðnir um að prófa doktorsefni við erlenda háskóla.
6. Beiðnir um að taka þátt í úttektum á rannsóknastofnunum eða fræðasviðum erlendis.
7. Þátttaka í ritstjórnarnefndum (Editorial Boards).
8. Styrkveitingar úr virtum vísinda- og rannsóknasjóðum.

Til að tryggja sem best að hæfustu og reyndustu vísinda- og rannsóknamenn Íslendinga veljist í Vísinda- og tækniráð væri æskilegt að lögbinda að menntamálaráðherra leiti umsagnar Vísindafélags Íslendinga um þá vísinda- og rannsóknamenn sem tilnefndir eru í ráðið. Sérstakur fjölfræðilegur ráðgjafahópur ætti að geta gefið slíka umsögn.

A-liður verði svohljóðandi:

a. Þrjá samkvæmt tillögu **Háskóla Íslands og annarra** skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar og stofnana á sviði þjóðlegra fræða og **vísinda**.

Á undan síðustu málsgrein 3. gr. komi viðbótarmálsgrein: „Ráðherra skipar í Vísinda- og tækniráð að fenginni umsögn Vísindafélags Íslendinga.“

Iðntæknistofnun:

Varðandi skipun í ráðið er rannsóknastofnunum atvinnuveganna ætlaður hlutur í samræmi við hlut þeirra í rannsóknum hér á landi. Hins vegar er við skipun ráðsins ekki gert ráð fyrir atvinnulífsfulltrúum, nema fulltrúar menntamálaráðuneytis/ríkisstjórnar verði slíkir. Eins og ítrekað hefur komið fram í úttektum þarf að auka hlut atvinnulífsins bæði í fjármögnun og framkvæmd rannsókna. Þannig er hlutfall opinberra aðila í fjármögnun rannsókna hér á landi svipað og á Norðurlöndum en framlag atvinnulífs mun minna. Þó óraunhæft sé að hlutur atvinnulífs verði svipaður hér og gerist þar sem stórfyrirtæki eru burðarás rannsóknastarfsemi þarf að tryggja tengsl við atvinnulífið.

Vísindafélag Íslendinga:

Stjórn félagsins er sammála um að megintillaga frumvarpsins um að sameina Vísindaráð og Rannsóknaráð í eitt ráð geti stuðlað að markvissari stefnumótun á sviði vísinda og tækni.

Hún lýsir einnig ánægju sinni yfir því að Vísindafélaginu skuli falið að tilnefna mann í hið nýja Vísinda- og tækniráð.

Mjög er brýnt að í ráðið veljist hinir hæfustu menn hverju sinni og því leggur stjórnin til að settar verði viðmiðunarreglur sem tryggi hæfi manna til setu í ráðinu.

Stjórnin vill taka undir tillögu Háskóla Íslands um að leitað verði umsagnar Vísindafélags Íslendinga um þá vísinda- og rannsóknamenn sem tilnefndir verða í Vísinda- og tækniráð. Unnið er að breytingum á störfum félagsins, sbr. afrit af bréfi til vísindanefndar Háskóla Íslands, og algengt er erlendis að vísindafélög gegni slíkum ráðgjafarhlutverkum. Ef Vísindafélag Íslendinga öðlast slíkt ráðgjafarhlutverk er ekki eðlilegt að það tilnefni mann í Vísinda- og tækniráð.

Alþýðusamband Íslands:

Miðstjórn ASÍ telur ákaflega mikilvægt að mótuð verði heilsteypt stefna í vísinda- og tæknimálum sem nýst geti til markvissari nýsköpunarstarfsemi í framtíðinni. Miðstjórn ASÍ telur það einnig mikilvægt að tryggt sé að sjónarmið og þarfir atvinnulífsins fái betur notið sín við ákvörðun verkefna og úthlutun styrkja en hingað til. Það flókna kerfi, sem hér er lagt til, telur miðstjórn ASÍ að veiti ráðherra of mikið sjálfsákvörðunarvald í skipun ráðsins þannig að óvissa geti ríkt um það hvort sjónarmið atvinnulífsins fái notið sín í umfjöllun þess.

Samtök iðnaðarins:

Í ljósi mikilvægis virkra tengsla og jafnræðis milli háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífs vekur 3. gr. frumvarpsins furðu. Það er tryggilega gengið frá tilnefningum frá háskólaumhverfinu í a-lið og rannsóknastofnanaumhverfinu í b-lið. Ekki hefur þótt ástæða til að atvinnulífið tilnefni fulltrúa á sama hátt heldur á það að vera á hendi ráðherra að gæta þess að sjónarmið atvinnulífsins komi fram í ráðinu undir c-lið.

Þessi tilhögun getur ekki talist viðunandi að mati Samtaka iðnaðarins í ljósi vaxandi samkeppni milli fyrirtækja og stofnana um fjármagn til nýsköpunar. Ef raunverulegur vilji er fyrir því að auka þátt fyrirtækja í rannsókna- og þróunarstarfsemi verður með markvissum hætti að byggja upp þekkinguna innan fyrirtækjanna. Til þess að svo geti orðið verða fyrirtækin að sitja við sama borð og stofnanirnar en ekki vera upp á náð og miskunn þeirra komin.

Samtök iðnaðarins leggja til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt, t.d. þannig að háskólaumhverfið, rannsóknastofnanirnar og atvinnulífið fengju hver sína tvo fulltrúa. Ríkisstjórnin gæti síðan tilnefnt sína þrjá fulltrúa án þess að raska ofangreindu jafnvægi, en einnig kæmi til greina að auka vægi atvinnulífsins enn undir þessum lið.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins:

Frumvarpið leggur mikla áherslu á nauðsyn vísinda og tækni í þróun og uppbyggingu samfélagsins. Í ljósi þessa er mjög mikilvægt að tryggja sem best virka þátttöku atvinnulífsins í störfum ráðsins. Á meðan Stjórnarráðið er að hluta skipt eftir atvinnugreinum er skynsamlegast að tryggja slíka þátttöku með því að atvinnuvegaráðuneytin tilnefni einnig til setu í ráðinu. Þetta mun einnig leiða til aukinnar vitundar um mikilvægi ráðsins í stjórnmálaumræðunni.

Tilnefning til setu í ráðinu er „þungur" ferill. Af þeim sökum mætti lengja skipunartímann í fjögur ár. Samtímis væri þá einnig hægt að tryggja aukna samfellu í starfsemi ráðsins með því að skipa helming ráðsmanna til tveggja ára í upphafi þannig að stórfelld mannaskipti verði ekki á tilteknum degi. Þetta mun og draga úr líkum á því að stjórnmálaskoðanir fái hlutfallslega þungt vægi við skipan í ráðið.

143. Svar [79. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um eingreiðslur til atvinnulausra.

1. *Hversu háar verða eingreiðslur til þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur á árinu 1994?*

Nú þegar hafa verið greiddar um 104.000.000 kr. þannig að áætla má að heildarupphæðin fyrir allt árið verði um 200.000.000 kr.

2. *Hvaða reglur gilda um útreikning bótanna og hvernig eru upphæðir ákveðnar til einstakra bótaþega?*

Til að eiga rétt á svokallaðri launauppbót þarf einstaklingur að hafa notið bóta í 87 daga eða lengur á sl. 12 mánuðum (miðað við lokadagsetningu viðmiðunartímabils). Síðan þarf að telja greidda bótadaga á viðmiðunartímabilinu og er fjöldi þeirra margfaldaður með þeirri upphæð sem tilheyrir bótarétti viðkomandi.

Sama regla var notuð við útreikninga á hinni sérstöku eingreiðslu, þ.e. fundið var út hvað viðkomandi hafði fengið marga daga greidda á viðmiðunartímabilinu og fjöldi þeirra margfaldaður með þeirri upphæð sem tilheyrir bótarétti viðkomandi.

3. *Finnast dæmi um atvinnulausa einstaklinga eða hópa sem ekki njóta eingreiðslna?*

Eins og fram kemur í svari við 2. spurningu eru eingreiðslur aðeins greiddar fyrir þá daga sem atvinnuleysisbætur voru greiddar fyrir. Ein undantekning var þó varðandi sérstöku eingreiðsluna, þ.e. fæðingarorlof í allt að 6 mánuði skerti ekki rétt til hennar. Vitað er að þeir sem t.d. eru á 16 vikna bótalausa tímabilinu á viðmiðunartímabilinu fá ekki þessar eingreiðslur. Sama gildir um þá sem eru t.d. veikir, slasaðir eða skrá sig ekki á tímabilinu. Ekki er þó vitað hver fjöldi þeirra er.

4. *Er það stefna ráðherra að þessar greiðslur falli niður á næsta ári eða hvernig hyggst hann sjá fyrir þeim ella, sbr. forsendur fjárlagafrumvarps?*

Við það er miðað að nefndar greiðslur taki mið af niðurstöðum almennra kjarasamninga sem eru lausir um næstu áramót.

144. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins ljúka athugun á tengingu Austurlands og Norðurlands með öruggu vegasambandi allt árið um byggðir á Norðausturlandi og um Vopnafjörð, með jarðgöngum undir Hlíðarfjöll. Þessi kostur verði borinn saman við aðra möguleika og síðan mótuð stefna í tengslum við endurskoðun vegáætlunar.

Við athugun málsins verði haft samráð við heimaaðila í báðum landshlutum og lokaáliti skilað til Alþingis fyrir 1. febrúar 1995.

Greinargerð.

Mikil nauðsyn er á að bæta vegasamband milli Austurlands og Norðurlands. Núverandi vegur yfir Fjöllin er afar langt frá því að uppfylla kröfur sem gera verður um aðalleið milli þessara landshluta. Hann liggur á löngum köflum í óbyggðum í 500–650 metra hæð og hefur litlu verið til hans kostað um áratugi. Afleggjari frá þessum vegi til Vopnafjarðar er um 70 km á lengd og hann nýtist sáralítið þeim byggðum sem norðar liggja.

Síðustu árin hefur nokkuð verið rætt um hvernig rétt sé að leggja vegi á Norðausturlandi, horft til framtíðar. Stærsta byggðarlagið á þessu svæði er Vopnafjörður og eðlilega hefur spurningin um samgöngur þaðan austur á Hérað og við nágrannabyggðirnar til norðurs verið ráðandi í umræðunni. Fyrir orð þingmanna Austurlands gerði starfshópur, skipaður fulltrúum frá Vegagerð ríkisins, ýmsar athuganir á vegasambandi á þessu svæði og skilaði í apríl 1990 skýrslu sem ber heitið „Vegasamband byggða á Norðausturlandi“; hefur hún marghátttaðan fróðleik að geyma.

Síðan hefur með endurbótum á vegi um Hellisheiði fengist bráðabirgðabót á vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs en áfram brennur á mönnum spurningin um frambúðarlausn sem aðeins getur fengist með jarðgöngum milli ofangreindra byggðarlaga.

Snemma á árinu 1993 komu fram hugmyndir um að skynsamlegt gæti verið að stefna að því að vetrarleiðin eða svonefnd heilsárstenging milli Austurlands og Norðurlands lægi um Vopnafjörð, annaðhvort með ströndinni og yfir Öxarfjarðar- og Reykjaheiði áleiðis til Akureyrar eða upp úr Vesturdal í Vopnafirði og yfir Einbúasand að Grímsstöðum og áfram til Mývatns. Fyrsti flutningsmaður þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér er flutt, skrifaði um mál þetta grein sem birtist m.a. í Tímanum og Degi í júní 1993. Þar var hvatt til að nýjar leiðir yrðu skoðaðar til hlítar áður en ráðist verður í að byggja upp nýjan veg yfir Fjöllin. Viðbrögð við þessum hugmyndum voru afar jákvæð, einkum í byggðarlögum á Norðausturlandi.

Umræddar vegtengingar voru til umræðu á aðalfundi Samtaka sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi, SSA, 26.–27. ágúst 1993 og viku síðar, 2.–3. september 1993, á aðalfundi Eyþings, sveitarstjórnarsamtakanna í Norðurlandskjördæmi eystra. Var á báðum fundunum ályktað með líkum hætti um málið og valdir fulltrúar í sameiginlegan starfshóp til að móta tillögur í samvinnu við yfirvöld samgöngumála um uppbyggingu vegar um Norðausturland sem fær sé allt árið. Eru samþykktir beggja þessara samtaka birtar sem fylgiskjöl hér á eftir.

Veturinn 1993–94 beitti samgönguráðherra sér fyrir snjóruðningi á leiðinni yfir Fjöllin og kostaði hann samtals um tæpar 10 millj. kr. (sjá fskj. IV).

Í maí 1994 skipaði vegamálastjóri samráðshóp um tengingu Norðurlands og Austurlands að ósk Eyþings og Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Í samráðshópnum eiga sæti Eymundur Runólfsson, Guðmundur Svafarsson og Einar Þorvarðarson frá Vegagerð ríkisins, Pétur Þór Jónasson, Jóhannes Sigfússon og Sigurður Rúnar Ragnarsson frá Eyþingi og Broddi Bjarnason, Vilmundur Gíslason og Björn Hafþór Guðmundsson frá SSA.

Fyrsti fundur hópsins var haldinn þriðjudaginn 17. maí 1994 að Hótel Reynihlíð við Mývatn með þingmönnum Austurlands og Norðurlands eystra. Fóru þingmennirnir ásamt starfsmönnum Vegagerðar ríkisins í skoðunarferð landleið frá Akureyri um Húsavík og út fyrir Melrakkasléttu til Vopnafjarðar. Daginn eftir var ekið um Möðrudal austur á Jökuldalsheiði og um Mývatnssveit norður til Akureyrar. Í þessari skoðunarferð og á fundinum í Hótel Reynihlíð kynnti Vegagerðin áfangaskýrslu innanhússnefndar hjá Vegagerðinni, „Tenging Norðurlands og Austurlands“ (sjá fskj. VII), en vegamálastjóri skipaði þá nefnd í ársbyrjun 1993. Er formaður hennar Eymundur Runólfsson.

Samráðsnefnd vegamálastjóra kom saman til annars fundar 21. október 1994.

Nokkur umræða varð fyrri hluta októbermánuðar 1994 um yfirlýsingar samgönguráðherra um vegtengingu milli Norður- og Austurlands yfir Fjöllin og um jarðgangagerð á Austurlandi.

Þann 4. október 1994 ályktar Verkalýðsfélag Húsavíkur um hugmyndir samgönguráðherra og „skorar á sveitarstjórnir á Norðausturlandi að taka upp samvinnu um það að við ákvarðanir um vegaframkvæmdir á svæðinu verði það haft að markmiði að þær þjóni þeim sem þar hafa búsetu öðrum fremur“ (sjá fskj. VIII).

Þá fór fram utandagskrárumræða um afstöðu samgönguráðherra til jarðgangagerðar á Austurlandi 5. október 1994. að frumkvæði fyrri flutningsmanns þessarar tillögu og fléttuðust atriði varðandi tengingu milli landshluta inn í þá umræðu.

Þann 14. október 1994 gekkst SSA fyrir fundi um jarðgöng á Austurlandi með sveitarstjórnarmönnum, alþingismönnum kjördæmisins og sérfræðingum frá Vegagerð ríkisins og Byggðastofnun. Fundurinn ályktaði samhljóða um jarðgangaframkvæmdir í Austfirðingafjórðungi (sjá fskj. IX).

Þingsályktunartillaga svipuð þessari var flutt á 117. löggjafarþingi (97. mál) og er nú endurflutt með nokkrum breytingum í tillögutexta og greinargerð. Er tekið tillit til athugana sem fram hafa farið og umræðu frá því tillagan var fyrst flutt. Með flutningi hennar nú er lögð áhersla á að athugun á umræddri leið verði lokið í tæka tíð fyrir endurskoðun vegáætlunar síðari hluta vetrar 1994–95.

Verður hér gerð stuttlega grein fyrir þeim leiðum sem einkum er rætt um til að tengja Austurland og Norðurland til frambúðar.

1. Með ströndinni og um Öxarfjarðar- og Reykjaheiði.

Þessi vegur yrði byggður upp miðað við umferð allt árið og lægi í jarðgöngum frá Jökulsárhlíð til Vopnafjarðar og þaðan norður með ströndinni um Bakkafjörð, Þistilfjörð og yfir Öxarfjarðarheiði og Reykjaheiði áleiðis til Akureyrar. Þetta er núverandi vetrartenging byggðanna á Norðausturlandi við landsvegakerfið. Hún mundi styttast talsvert frá því sem nú er með uppbyggingu vegar um Öxarfjarðar- og Reykjaheiði en yrði rúmlega 100 km lengri en yfir Fjöllin.

Þetta er sú leið sem best tengir byggðirnar saman og væntanlega yrði auðveldast að halda opinni að vetrarlagi. Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd (sjá fskj. II) færi vegurinn á þessari leið hvergi yfir 300 metra hæð og yrði hæsti kafli á honum þar sem hann nú liggur um Víkurskarð milli Fnjóskadals og Eyjafjarðar. Að meginhluta lægi vegurinn skammt yfir sjávarmáli frá Egilsstöðum til Akureyrar. Þá má einnig minna á að vegi með ströndinni út fyrir Melrakkasléttu og Tjörnes má nota sem varaleiðir ef óvenjuleg veðurharka eða snjóþyngsli hindra þjónustu á heiðum uppi.

Rétt er að hafa í huga að á þessari leið er nú þegar veitt vetrarþjónusta og svo yrði að sjálfsögðu áfram þótt önnur tenging milli Austurlands og Norðurlands kæmi til. Á þessu svæði er um 2.500 manna byggð og 5.000 manna ef Húsavík er meðtalin.

Eftir sem áður mætti byggja leiðina yfir Fjöllin upp sem góðan sumarveg með bundnu slitlagi án þess að leggja í þann mikla kostnað sem fylgdi því að halda honum opnum allan veturinn. Notkunartími þess vegar gæti hins vegar auðveldlega orðið 6–8 mánuðir í venjulegu árferði.

2. Um Jökuldalsheiði og Fjöllin.

Þar er um að ræða uppbyggingu vegar nálægt núverandi hringvegi um Fjöllin, þó með nýlagningu um Jökuldalsheiði austan Möðrudalsfjallgarða yfir í Langadal eða jafnvel norðan Þjóðfells til Grímsstaða. Þessi leið liggur á meira en 100 km kafla í yfir 300 metra hæð, þar af eru um 70 km af leiðinni í milli 500–600 metra hæð yfir sjó. Kaflinn frá Jökuldal til Mývatns liggur þannig um öræfi, að mestu fjarri byggð. Vegalengd milli Egilsstaða og Akureyrar eftir þessari leið er svipuð og eftir núverandi vegi 1, þ.e. um 270 km í stað 273 km.

Af þessum aðalvegi yrði afleggjari til Vopnafjarðar með svipuðum hætti og nú er og hringtenging austur á Hérað um Hellisheiði og síðar með jarðgöngum gegnum Hlíðarfjöll.

Með þessari tilhögun yrði Vopnafjörður heldur betur settur en nú er en þó áfram úrleiðis miðað við landsumferð, a.m.k. mikinn hluta ársins. Leiðin frá Egilsstöðum „yfir Fjöllin“ til Vopnafjarðar mundi styttast um nálægt 40 km ef þjóðvegur er fluttur austur fyrir Möðrudalsfjallgarða.

3. Um Vopnafjörð og Einbúasand.

Þessi leið gerir ráð fyrir jarðgöngum undir Hlíðarfjöll á sama hátt og í leið 1 en lægi síðan um Vesturdal í Vopnafirði og þaðan um Grímsstaðadal eystri og Einbúasand að Gömlu-Grímsstöðum og áfram til Mývatns. Með henni tengist Vopnafjörður landsumferðinni, þó með öðrum hætti en ef fylgt er ströndinni. Á Einbúasandi færi vegurinn eftir sem áður upp í 600 metra hæð yfir sjó og lægi um öræfi á alllöngum kafla milli Vopnafjarðar og Mývatns. Þessi leið yrði tæpum 40 km lengri milli Egilsstaða og Akureyrar en vegurinn yfir Fjöllin. Hún gæti í framtíðinni hugsanlega orðið aðalleið milli

landshluta að sumarlagi í stað vegarins um Fjöllin milli Skjöldólfsstaða á Jökuldal og Grímsstaða.

Kostir þess að leggja veg sem opinn væri allt árið um byggðir á Norðausturlandi eru auðsæir:

— Verulegur kostnaður sparaðist við að halda opinni einni leið í stað tveggja milli landshluta að vetrarlagi þegar mest eru snjóalög.
— Stofnkostnaður við lagfæringar og uppbyggingu á vegi yfir Fjöllin yrði lægri ef ekki væri stefnt að vetrarvegi á þeirri leið.
— Jarðgöng, sem leggja þarf milli Héraðs og Vopnafjarðar, yrðu arðbærari framkvæmd ef hún væri beinlínis í þágu landsumferðar og kæmu slík göng væntanlega í gagnið fyrr en ella.
— Vopnafjörður og aðrar byggðir á Norðausturlandi tengdust aðliggjandi landshlutum og landinu sem heild mun traustari böndum ef þær yrðu í alfaraleið. Fátt er betur fallið til að treysta stöðu þessara byggða en framkvæmdir þær í samgöngumálum sem tillagan gerir ráð fyrir.

Nokkur umræða hefur síðasta áratug verið um svonefnda hálendisvegi og er þá átt við miðhálendið milli jökla. Hugmyndin að baki þeirri umræðu er að finna sem stystar leiðir frá austanverðu Norðurlandi og Austurlandi til Reykjavíkur og þá jafnvel gert ráð fyrir að þeim mætti halda opnum að vetrarlagi.

Ekki er ástæða til að hafa á móti vangaveltum af þessu tagi en flutningsmenn efast um að það sé raunhæft verkefni í náinni framtíð. Fyrst af öllu þarf að leysa það sjálfsagða verkefni að tengja byggðir landsins saman, einnig með jarðgöngum þar sem þeirra er brýn þörf.

Valið á aðalvegi milli Norður- og Austurlands snertir með vissum hætti umræðuna um hálendisvegi og byggðavegi. Út frá sjónarhóli þeirra sem erindi eiga fyrst og fremst milli landshluta er eðlilega litið til stystu leiðar svo lengi sem hún er fær. Þar setja hins vegar veðurfar og kröfur um öryggi vegfarenda viss takmörk. Fyrir innbyrðis samskipti innan landshlutanna er tengivegur byggðanna það sem máli skiptir.

Með þeirri tillögu, sem hér er flutt, er lögð áhersla á að vönduð athugun fari fram á kostum og göllum mismunandi leiða til að tryggja sem best vegasamband allt árið milli Austur- og Norðurlands. Fyrst að slíkri athugun lokinni á að taka ákvarðanir í þessu efni og verja takmörkuðu fjármagni til framkvæmda í samræmi við þá niðurstöðu.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdu níu fylgiskjöl. Á fskj. I, II og III voru birt kort og línurit frá Vegagerð ríkisins og vísast um þau til þskj. 100, 97. mál 117. löggjafarþings, bls. 750–751 í A-deild Alþt. 1993–94; um fskj. V (samþykkt Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi) og VI (samþykkt Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi eystra) vísast til fskj. IV og V sama þingskjals (100) sama máls (97. mál) á bls. 752. Á fskj. IV með þingsályktunartillögunni var prentað svar samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um kostnað við snjómokstur yfir Fjöllin 1993–94 og vís-

ast um það í þskj. 1299, 611. mál 117. löggjafarþings, bls. 5203 í A-deild Alþt. 1993–94. Á fskj. VII var birt áfangaskýrsla Vegagerðar ríkisins frá því í maí 1994 um tengingu Norðurlands og Austurlands, á fskj. VIII ályktun Verkalýðsfélags Húsavíkur um málið og á fskj. IX ályktun fundar sveitarstjórnarmanna á Austurlandi um jarðgangaframkvæmdir í Austfirðingafjórðungi frá 14. október 1994. Um fskj. VII, VIII og IX vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

145. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að kanna embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Finnur Ingólfsson, Jón Helgason, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar með vísan til 39. gr. stjórnarskrárinnar að kjósa skuli nefnd níu alþingismanna til að kanna embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins frá Reykjavík. Áhersla skal lögð á að kanna réttarstöðu starfsmanna. Nefndin skal skila Alþingi skýrslu um málið fyrir 31. janúar 1995.

Greinargerð.

Tillaga þessi um rannsókn á embættisfærslu Össurar Skarphéðinssonar umhverfisráðherra er flutt að gefnu alvarlegu tilefni. Í janúar 1994 tilkynnti ráðherrann um þá ákvörðun sína að flytja embætti veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar. Þessi ákvörðun var tekin fyrirvaralaust án nokkurs minnsta samráðs við starfsmenn veiðistjóraembættisins sem fyrst fengu vitneskju um ákvörðun ráðherra eftir að hún var tekin. Ástæða er einnig til að ætla að þessi ákvörðun eigi rætur í persónulegum árekstri ráðherra við starfsmenn embættisins á óskyldum vettvangi. Upplýsingar, sem styðja þetta, komu fram af hálfu starfsmanna embættisins í umhverfisnefnd Alþingis á 117. löggjafarþingi. Þar sem hér er um mjög alvarleg málsatvik að ræða, sem hugsanlega varða við lög (sbr. 4. mgr. 20. gr. og 72. og 73. gr. stjórnarskrárinnar, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins) og alþjóðlegar skuldbindingar (félagsmálasáttmála Evrópu) er að mati flutningsmanna eðlilegt að sérstök rannsóknarnefnd kanni málavexti. Athugun nefndarinnar er fyrst og fremst ætlað að beinast að samskiptum ráðherrans við umrædda starfsmenn í tengslum við ákvörðun hans um flutning veiðistjóraembættisins en varðar ekki flutning embættisins sem slíks til Akureyrar. Þótt ýmis álitamál séu um málatilbúnað ráðuneytisins að því leyti eru þau annars eðlis og ekki tilefni flutnings þessarar tillögu.

Hér verða málavextir, sem tillagan byggir á, raktir í aðalatriðum eins og þeir virðast liggja fyrir að mati flutningsmanna. Jafnframt vísast til skriflegra umsagna í fylgiskjölum sem bárust umhverfisnefnd við meðferð frumvarps til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Í umræðum um frumvarpið fléttuðust af hálfu starfsmanna veiðistjóra, af eðlilegum ástæðum, saman við málið atriði er varða meint fagleg áhrif flutnings embættisins og áhrif þeirrar aðgerðar á starfs-

menn þess sem og vinnubrögð ráðherrans í heild. Endurspeglast þetta m.a. í umsögnum þeirra og greinargerðum sem bárust umhverfisnefnd á síðasta þingi.

Þann 6. janúar 1994 boðaði Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneyti, Pál Hersteinsson veiðistjóra á sinn fund og tilkynnti honum að ákveðið hefði verið að flytja embætti veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar fyrir árslok 1994. Ákvörðunin kom veiðistjóra í opna skjöldu en ráðuneytisstjóri féllst á þá ósk hans að leggja fram greinargerð um málið. 7. janúar var veiðistjóra skýrt frá því að umhverfisráðherra hefði tilkynnt fyrirhugaðan flutning embættisins á ríkisstjórnarfundi og að ekki yrði aftur snúið. Umhverfisráðherra tilkynnti síðan á blaðamannafundi á Akureyri 19. janúar að veiðistjóraembættið yrði flutt þangað. 24. janúar var fyrst rætt við starfsmenn um flutninginn en embættismenn í umhverfisráðuneyti gátu á þeim fundi ekki gert grein fyrir réttarstöðu starfsmanna vegna breytts starfsvettvangs. 7. febrúar 1994 var fyrirhugaður flutningur fyrst tilkynntur veiðistjóra formlega, með bréfi frá umhverfisráðuneyti. Þar kom fram að flutningur embættisins væri áformaður í janúar 1995 og að starfsemi ætti að hefjast á Akureyri 1. febrúar sama ár.

Með þessum vinnubrögðum gekk umhverfisráðherra gegn ráðleggingum sem fram koma í áliti stjórnskipaðrar nefndar frá 1993 um flutning ríkisstofnana þar sem segir m.a.: „... Með flutningi stofnana er ætlunin að færa atvinnutækifæri til landsbyggðar. Það má gerast hvort sem starfsmenn fylgja með stofnun sinni eða ekki. Hins vegar varðar miklu að stofnun geti haldist á starfsmönnum sínum. Þar er um gagnkvæma hagsmuni að ræða ... Verður að leita allra ráða til þess að stofnun haldist á starfsmönnum sínum ...“ Rétt er að vekja athygli á að veiðistjóraembættið var ekki í tillögum nefndarinnar um stofnanir sem flytja ætti frá Reykjavík. Margt bendir líka til að hugmyndin hafi fyrst orðið til í höfði ráðherrans skömmu fyrir jól 1993, sbr. fskj. I. Þar kemur m.a. fram að á svonefndum „hádegisvettvangi“ umhverfisráðuneytis og forstöðumanna stofnana, sem undir það heyra, hafi flutningur ríkisstofnana verið umræðuefni í kjölfar áðurnefnds nefndarálits. Ekkert kom þar fram af hálfu umhverfisráðherra um veiðistjóraembættið og ráðherra virtist þar almennt vera andsnúinn stofnanaflutningi. Í símtali við veiðistjóra 23. desember 1993 nefndi ráðherra ekki heldur flutning embættisins en ræddi hins vegar aðfinnslur sínar í garð einstakra starfsmanna embættisins. Ljóst er að ekki fór fram fagleg skoðun á málinu á vegum umhverfisráðuneytis áður en ráðherra tilkynnti ákvörðun sína. Það var fyrst viku síðar, 14. janúar 1994, að ráðherra fór fram á úttekt tveggja einstaklinga á embætti veiðistjóra og samruna þess við Náttúrufræðistofnun Íslands. Niðurstaða þeirrar athugunar er dagsett 8. apríl 1994.

Ráðherra mátti þegar vera ljós afstaða starfsmanna til flutnings, sbr. greinargerð veiðistjóra til umhverfisráðuneytis, dags. 10. apríl 1994. Samt sem áður hélt ráðherra sínu striki og gerði tilraun til að breyta eigin frumvarpi um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, til að lögfesta stefnu sína.

Málið kom til kasta umhverfisnefndar Alþingis með bréfi, dags. 16. mars 1994, þar sem embættismaður umhverfisráðuneytis, f.h. umhverfisráðherra, óskaði eftir að nefndin gerði tilteknar breytingar á frumvarpi til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, til samræmis við framangreind áform um flutning veiðistjóraembættis. Tillögurnar byggðust enn fremur á þeim fyrirætlunum ráðherra að sameina veiðistjóraembættið Náttúrufræðistofnun Íslands þannig að embætti veiðistjóra yrði sérstök „veiðideild“ í stofnuninni. Tillögurnar ollu uppnámi í starfi umhverfisnefndar sem hafði nánast lokið vinnu sinni við framangreint frumvarp. Nefndin

klofnaði í afstöðu sinni til málsins en minni hluti hennar lýsti yfir andstöðu sinni við þá málsmeðferð sem viðhöfð var og taldi eðlilegra að tillögur um flutning embættis veiðistjóra færu venjubundna leið í gegnum þingið. Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk á sinn fund þá sem málið varðar. Fyrir nefndinni gagnrýndu starfsmenn harðlega vinnubrögð umhverfisráðherra í málinu og lögðu fram gögn sem bentu til þess að með vinnubrögðum ráðherra um flutning embættisins yrði freklega brotinn á þeim réttur.

Flutningsmenn þessarar tillögu fá ekki betur séð en að umhverfisráðherra hafi í málafylgju sinni gagnvart starfsmönnum veiðistjóraembættisins beitt mikilli valdníðslu, auk þess að brjóta gegn óskrifuðum lögum um mannleg samskipti. Fyrir utan þann miska sem viðkomandi starfsmenn og aðstandendur þeirra hafa orðið að þola er hætt við að vinnubrögð ráðherra í þessu máli vinni gegn almennum áformum um flutning ríkisstofnana. Hið sama má einnig segja um framkomu ráðherrans gagnvart starfsmönnum Landmælinga ríkisins og Skipulags ríkisins í tengslum við athugun á flutningi þessara stofnana á fyrri hluta árs 1994.

Tillaga þessi er flutt til að fram fari rannsókn á embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum veiðistjóraembættisins þannig að vinnubrögð ráðherrans í þessu máli verði könnuð með formlegum hætti. Jafnframt þarf að leiða í ljós hver réttarstaða viðkomandi starfsmanna er ef flutningur embættisins verður að veruleika. Niðurstaða úr þeirri könnun sem tillagan gerir ráð fyrir getur reynst mikilvæg og leiðbeinandi fyrir stjórnvöld í framtíðinni og komið í veg fyrir að óhæfa af því tagi sem hér virðist hafa átt sér stað verði endurtekin.

Með hliðsjón af ofangreindu er lagt til að skipuð verði rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Fylgiskjal I.

MINNISBLAÐ VEIÐISTJÓRA

Nokkrar dagsetningar tengdar ákvörðun um flutning veiðistjóraembættis.

(15. apríl 1994.)

10. nóvember 1993: Hádegisvettvangur umhverfisráðuneytis og forstöðumanna. Umræðuefni: Flutningur ríkisstofnana. Aldrei var minnst á embætti veiðistjóra og ekkert kom fram sem benti til þess að ráðherra væri hlynntur flutningi.

22. desember 1993: Við undirritun samnings um rekstur seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri lýsir ráðherra því yfir að fleiri verkefni muni flytjast norður og nefnir í því sambandi sérstaklega umhverfismat.

23. desember 1993: Ráðherra hringir í PH vegna annars máls og nefnir ekki flutning.

6. janúar 1994: Veiðistjóri boðaður á fund ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti og honum tilkynnt að ráðherra hafi ákveðið að flytja embættið norður á Akureyri og færa starfsemina undir setrið. Ástæðan sögð byggðastefna og hagræðing. Ráðuneytisstjóri telur litlar líkur á að ákvörðun verði breytt. PH biður um leyfi til þess að skila greinargerð um málið. Leyfið veitt.

7. janúar 1994: Samtal við skrifstofustjóra umhverfisdeildar ráðuneytisins þar sem fram kemur að ráðherra hafi tilkynnt fyrirhugaðan flutning á ríkisstjórnarfundi og ekki verði aftur snúið.

7. janúar 1994: PH hringir í forstöðumann seturs NÍ á Akureyri til þess að forvitnast um aðstæður á stofnuninni. Forstöðumaður kemur af fjöllum og ekkert rými talið laust á stofnuninni.

10. janúar 1994: Veiðistjóri afhendir ráðuneytisstjóra greinargerð sína um flutninginn.

10. janúar 1994: Aðstoðarmaður ráðherra hefur samband við skógræktarstjóra og spyr hvort eitthvað sé til skriflegt um flutning Skógræktar ríkisins. Fær sendar þrjár blaðsíður sem skógræktarstjóri hafði skrifað að beiðni nefndar undir forsæti Þorvaldar Garðars Kristjánssonar (upplýsingar samkvæmt samtali veiðistjóra við skógræktarstjóra 28. janúar 1994).

14. janúar 1994: Umhverfisráðherra fer fram á úttekt á embætti veiðistjóra og „tillögum" um samruna þess við NÍ.

19. janúar 1994: Ráðherra tilkynnir á blaðamannafundi á Akureyri að veiðistjóraembætti flytjist norður.

24. janúar 1994: Þrír starfsmenn ráðuneytisins koma á fund starfsmanna embættisins til þess að ræða afstöðu starfsmanna til flutnings.

16. mars 1994: Ráðuneytið fer bréflega fram á að „villidýrafrumvarpi" verði breytt. Veiðistjóri ekki látinn vita af þeirri beiðni.

12. apríl 1994: Úttekt á embætti veiðistjóra send umhverfisnefnd Alþingis.

Fylgiskjal II.

Bréf Páls Hersteinssonar veiðistjóra til umhverfisráðuneytis um flutning veiðistjóraembættis frá Reykjavík til Akureyrar.

(10. janúar 1994.)

Undirrituðum var tilkynnt fimmtudaginn 6. janúar 1994 að umhverfisráðherra hefði ákveðið að embætti veiðistjóra yrði flutt frá Reykjavík til Akureyrar og að flutningurinn skuli eiga sér stað fyrir árslok.

Í ljósi þess að ákvörðunin virðist eiga sér stuttan aðdraganda og að ekki hafði verið leitað álits undirritaðs eða annarra starfsmanna embættisins áður en hún var tekin þykir mér rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til hennar.

Í stuttu máli tel ég flutning þennan óheppilegan fyrir þá starfsemi sem fram fer hjá embættinu eins og nánar er getið hér að neðan og í greinargerð.

Í fyrsta lagi mun hann koma niður á þeim rannsóknum sem fram fara á vegum embættisins, bæði þeim sem það stendur fyrir eitt og þeim sem það er í samvinnu um við aðrar stofnanir. Sum þessara verkefna munu vafalaust leggjast af en önnur mun taka mörg ár að byggja upp á ný.

Í öðru lagi mun flutningurinn hafa neikvæð áhrif á þá þjónustu sem embættið veitir veiðimönnum, bændum, öðrum hagsmunaaðilum og sveitarfélögum.

Í þriðja lagi er ólíklegt að nokkur hagræðing yrði af veru embættisins í nábýli við setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri, jafnvel þótt verkefni þess yrðu alveg lögð undir setrið og veiðistjóraembættið lagt niður.

Í fjórða lagi mun flutningnum fylgja nokkur kostnaður sem hægt væri að komast hjá ef embættið yrði um kyrrt í Reykjavík.

Í fimmta lagi mun flutningurinn hafa í för með sér mikla röskun fyrir starfsmenn embættisins sem sennilega munu allir láta af störfum. Sú sérþekking, reynsla og sambönd sem starfsmenn hafa aflað nýtist ekki fyrir starfsemina og sú hætta er fyrir hendi að langur tími líði áður en nýir starfsmenn koma henni á skrið á ný.

Nánar er fjallað um einstaka þætti í meðfylgjandi greinargerð.

Úr greinargerð veiðistjóra:

Áhrif á starfsmenn og áhrif starfsmanna.

Undirritaður hefur átt samræður um fyrirhugaðan flutning embættisins við þá tvo menn, Arnór Þóri Sigfússon og Þorvald Þór Björnsson, sem eru í fullu starfi við embættið. Því miður virðist svo sem hvorugur þeirra hafi áhuga á að flytjast með embættinu til Akureyrar. Þorvaldur Björnsson var þó sýnu ákveðnari í tilsvörum og telur flutning útilokaðan. Það er mikill skaði því að auk reynslu hans og kunnáttu eru sambönd hans um allt land orðin slík að leitun er að manni sem með tímanum gæti fetað í fótspor hans.

Því miður kemur ekki heldur til greina að undirritaður flytjist til Akureyrar enda er eiginkona hans, dr. Ástríður Pálsdóttir, einn fremsti sérfræðingur landsins í sameindalíffræði en ekkert starf er við hennar hæfi á Akureyri um þessar mundir og ólíklegt að svo verði á næstu árum.

Ég tel að starfsemi veiðistjóraembættis muni líða mjög mikið fyrir það að enginn starfsmanna þess skuli vilja flytjast með því til Akureyrar. Nýir menn munu þurfa að byrja frá grunni við aðstæður sem standa aðstæðum í Reykjavík mjög að baki.

Núverandi starfsmenn hafa byggt upp net persónulegra sambanda innan lands sem utan og það er fyrir áhuga þessara manna sem starfsemi embættisins er orðin sú sem hún er nú. Slík sambönd nást ekki á skömmum tíma. . . . Embætti veiðistjóra er ekki síður starfsmennirnir sem þar vinna, reynsla þeirra, þekking og persónuleg sambönd. Þetta á sérstaklega við á litlu landi eins og Íslandi þar sem ekki eru margir sérfræðingar á hverju sviði.

Fylgiskjal III.

Laganefnd BHMR:

Réttarstaða starfsmanna sem eru í aðildarfélögum BHMR í tengslum við áformaðan flutning embættis veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar.

Fyrirspurn til laganefndar BHMR.

Starfsmenn embættis veiðistjóra hafa sent laganefnd BHMR eftirfarandi fyrirspurnir:

1. *Hver telst vera eðlilegur undirbúningur ráðuneytisins undir ákvörðun af þessum toga?*
2. *Eru starfsmenn veiðistjóraembættis skyldir til þess að flytja frá höfuðborgarsvæðinu til Akureyrar eða missa öll réttindi ella?*
3. *Hvaða stuðning ber hinu opinbera að veita þeim starfsmönnum sem ákveða að hlíta kallinu og flytja til Akureyrar með embættinu?*
4. *Hafa ríkisstarfsmenn félagafrelsi og málfrelsi?*

Málavextir.

Umhverfisráðherra tilkynnti 6. janúar 1994 veiðistjóra að hann hygðist flytja stofnunina til Akureyrar að hausti en í síðasta lagi að ári. Umhverfisráðherra hefur jafnframt lýst því yfir að hann hyggist sameina embætti veiðistjóra við setur náttúrfræðistofnunar á Akureyri sem er undirstofnun Náttúrfræðistofnunar Íslands.

Umhverfisráðherra hefur krafið hlutaðeigandi starfsmenn um skjót svör við því hvort þeir ætli að flytja með stofnuninni. Umhverfisráðuneytið hefur ekki upplýst starfsmenn um hvort og þá með hvaða hætti þeir verði styrktir vegna búferlaflutninga. Umhverfisráðherra hefur jafnframt lýst því yfir að hann líti svo á að starfsmönnum beri lögum samkvæmt að flytja með stofnuninni en missi starf og öll réttindi ella. Hefur í því sambandi verið vísað í álit ríkislögmanns dags. 3. maí 1989 sem samið var vegna flutnings Skógræktar ríkisins frá Reykjavík til Egilsstaða.

Starfsmenn telja að flutningur á stofnuninni valdi verulegri röskun á högum þeirra og fjölskyldna þeirra og gerbreyti forsendum upphaflegra ráðningarsamninga. Starfsmenn hafa á þessum grundvelli dregið í efa skyldur sínar til að flytja með stofnuninni.

Hér eru í raun til umfjöllunar mörg álitaefni. Laganefnd mun þó aðeins fjalla um þá þætti sem lúta að vinnuréttarlegri stöðu starfsmanna. Þessi álitaefni eru:

1. Má ráðherra flytja embætti veiðistjóra til Akureyrar án sérstakrar lagasetningar og, ef svo er, hefur hann skyldur gagnvart starfsmönnum í því samhengi?
2. Ef ráðherra er heimilt að flytja stofnunina, ber þá starfsmönnum að flytja með eða geta þeir hafnað flutningi og átt rétt á bótum vegna stöðumissis?
3. Hvaða stuðningi eiga starfsmenn sem flytja rétt á?
4. Skerða lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins rétt starfsmanna embættis veiðistjóra til að tjá sig eða taka þátt í dægurumræðu þjóðfélagsins?

Lagarök og eðli máls.

I. Almenn lög veita ráðherra rétt til að ákveða upphaflega staðsetningu stofnunar ef staðsetningin er ekki tilgreind sérstaklega í lögum. Ráðherra getur sennilega breytt staðsetningu stofnunar án lagabreytingar ef ekki er kveðið á um staðsetninguna í lögum. Fjallað er um embætti veiðistjóra í lögum nr. 52/1957, *um eyðingu refs og minnka*, og lögum nr. 50/1965, *um eyðingu svartbaks*, án þess að tilgreina staðsetningu stofnunarinnar. Hins vegar þarf breytingu á lögum til að leggja niður embætti veiðistjóra eða sameina það eða verkefni þess annarri stofnun.

II. Stjórnsýslulög, nr. 37/1993, gilda þegar stjórnvald, t.d. ráðherra, tekur ákvörðun sem varðar réttindi eða skyldur manna eins og hér um ræðir. Lögfest er að stjórnvaldi ber að afla sér nægjanlegra upplýsinga áður en ákvörðun er tekin (10. gr., *rannsóknarregla)*, gæta samræmis og jafnræðis (11. gr., *jafnræðisregla*) og taka aðeins íþyngjandi ákvörðun (12. gr., *meðalhófsreglan*) þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skylt er einnig að veita aðila máls kost á að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun er tekin.

Ákvörðun um flutning embættis veiðistjóra virðist ekki hafa fengið neina almenna umræðu innan umhverfisráðuneytis eða stofnana þess og ekki liggur fyrir athugun á hvaða ávinningur fengist af því né til hvaða kostnaðar yrði stofnað fyrir ríkið og starfsmennina. Ekki liggur fyrir úttekt um þessi atriði vegna flutnings Skógræktar ríkisins til Egilsstaða á sínum tíma. Nú stendur yfir úttekt á embætti veiðistjóra sem er ólokið. Ekki var rætt við starfsmenn veiðistjóra um væntanlegar breytingar áður en ákvörðun var tekin. Ekki var rætt við forsvarsmenn seturs náttúrufræðistofnunar á Akureyri um staðsetningu embættis veiðistjóra þar eða hugsanlega sameiningu stofnananna. Af þessu sést að ráðherra hefur ekki virt lögbundna *rannsóknarreglu* við ákvörðunartöku í máli þessu. Með *jafnræðisreglunni* er m.a. átt við að allir þegnar, einnig ríkisstarfsmenn, eigi að búa við jafnræði gagnvart stjórnvaldsákvörðunum. Ljóst má vera að lög veita ekki vinnuveitendum rétt til að knýja starfsmenn sína til að flytja á milli vinnusvæða og lög um atvinnuleysistryggingar veita atvinnulausum bótarétt ef þeir fá ekki vinnu á vinnusvæðinu. Það getur því ekki samræmst *jafnræðisreglu* stjórnsýslulaga að ætla starfsmönnum ríkisins að flytja á milli landshluta en ella tapa starfa sínum bótalaust. Þá verður ekki annað séð en að ákvörðunin sé óeðlilega íþyngjandi fyrir starfsmenn og gangi á svig við *meðalhófsregluna* um beitingu umboðsvalds. Stjórnsýslulögin eiga við um rétt borgaranna til að andæfa ákvörðunartöku stjórnvalds og þau veita rétt til áfrýjunar til æðra stjórnvalds þegar lægra stjórnvald á í hlut en um ábyrgð ráðherra gilda lög nr. 4/1963. Má í því sambandi benda sérstaklega á 10. gr. laganna.

III. Stjórnarskráin, þ.e. 4. mgr. 20. gr., fjallar um réttarstöðu skipaðra embættismanna ríkisins gagnvart flutningi úr einni stöðu í aðra:

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Túlkun á efni 20. gr. stjórnarskrárinnar sem er íþyngjandi lagaákvæði hlýtur að sæta þrengjandi lögskýringu. Flutningur á embætti veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar fellur ekki undir þetta ákvæði nema að verið sé að leggja niður núverandi stöðu veiðistjóra og stofna nýja stöðu á Akureyri. Til þess þarf lagabreytingu eins og áður segir. Ekki verður séð að 20. gr. nái til annarra embættismanna en þeirra er forseti skipar (setur). Veiðistjóri er skipaður af ráðherra.

IV. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, kveða m.a. á um skyldur skipaðra og ráðinna starfsmanna ríkisins. Í 33. gr. segir:

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans og réttindum.

Ljóst er að efni 33. gr. er íþyngjandi fyrir starfsmann og ber því að túlka þröngri lögskýringu. Þar sem álitaefnið hér varðar ekki ágreining um breytingar á störfum og verkahring starfsmanna heldur hvort þeim beri samkvæmt ofangreindum ákvæðum að sæta því að flytja af einu vinnusvæði yfir á annað, verður ekki séð að 33. gr. eigi við. Staðfestur dómur undirréttar ber vitni um að túlka beri efni 33. gr. þröngt, sbr. HRD:LV (1984), bls. 427. Ekki er vafamál að ætlast er til þess að veitingavaldið fari varlega og hófsamlega með þann rétt sem felst í 33. gr. enda er um að ræða undantekningu frá meginreglu laga.

V. Í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er fjallað um rétt starfsmanns þegar staða hans er lögð niður. Þetta lagaákvæði á við ef embætti veiðistjóra verður lagt niður og/eða sameinað annarri stofnun. En ákvæðið gæti einnig átt við ef starf er flutt á milli landshluta, þ.e. að ákvörðun um flutning á störfum milli vinnusvæða felur í sér niðurlagningu á stöðu. Jafna má slíkri stöðu starfsmanns við aðstæður þess sem beittur er svonefndri *málamyndaniðurlagningu stöðu.* Ljóst er að launamaður, sem sækir um starf, grundvallar umsókn sína m.a. á ákvörðun um búsetu sína og fjölskyldu sinnar. Starfsstaðurinn er mikilvægt einkenni starfs og ræður miklu um hvort starfið telst fýsilegt fyrir umsækjandann. Þá er ljóst að valdi vinnuveitandi breytingum á mikilvægum forsendum ráðningarsamnings kann það í almennum vinnurétti að jafngilda riftun á ráðningarsamningi og getur jafnvel skapað bótaskyldu gagnvart launamanni. Ákvörðun vinnuveitanda um flutning á stofnun kann því að raska högum starfsmanns svo mjög að hann þurfi ekki einu sinni að vinna umsaminn uppsagnarfrest.

VI. Stjórnarskráin tryggir öllum þegnum lýðveldisins tjáningarfrelsi í 72. gr. og félagafrelsi í 73. gr. en ríkisstarfsmaður þarf vegna starfa síns að þola vissar takmarkanir á tjáningarfrelsi, sbr. VI. kafla laga nr. 38/1954.

VII. Kjarasamningar hlutaðeigandi stéttarfélaga innan BHMR kveða á um samningsbundnar greiðslur til starfsmanna sem þurfa að stofna til búferlaflutninga til að taka við nýju starfi hjá ríkinu, sbr. kafla 5.11. Þetta ákvæði, sem á við ef starfsmenn embættis veiðistjóra ákveða að taka við nýjum störfum á Akureyri, varðar ferðakostnað og flutning á búslóð en ekki kostnað sem hlýst af t.d. sölu og kaupum á húsnæði.

VIII. Félagsmálasáttmáli Evrópu, sem Ísland er aðili að, leggur ríkar skyldur á herðar aðildarríkjunum hvað varðar *rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar* ekki aðeins með beinum millifærslum til fjölskyldna heldur einnig með réttsýnni stjórnsýslu.

Álit laganefndar BHMR.

Laganefnd BHMR telur að umhverfisráðherra hafi sennilega vald til að flytja embætti veiðistjóra til Akureyrar en skorti hins vegar lagaheimild til að leggja embættið niður eða sameina það annarri stofnun. Laganefnd BHMR bendir þó á að umhverfisráðherra virti ekki rétt starfsmanna samkvæmt stjórnsýslulögum þegar ákvörðun var tekin um flutning.

Laganefnd BHMR telur að í flutningi á stofnun til annars landshluta felist svo umfangsmikil breyting á störfum við stofnunina að því megi jafna til niðurlagningar á stöðum. Laganefnd telur því að efnisákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi við um þá starfsmenn sem ekki geta tekið við störfum við embætti veiðistjóra á Akureyri. Það er niðurstaða laganefndar BHMR að starfsmönnum sé ekki skylt á grundvelli 20. gr. stjórnarskrár eða 33. gr. laga nr. 38/1954 að hlíta fyrirmælum um flutning.

Reykjavík, 31. janúar 1994.

F.h. laganefndar BHMR,
Birgir Björn Sigurjónsson,
framkvæmdastjóri BHMR.

146. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Sturla Böðvarsson, Kristín Einarsdóttir, Halldór Ásgrímsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri stofnun um heimskautamálefni sem kennd verði við Vilhjálm Stefánsson og hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautssvæðið.

Meðal verkefna norðurstofnunar verði eftirfarandi:

— að vera íslensk miðstöð fyrir norðursamstarf og rannsóknir;
— að safna og miðla upplýsingum um heimskautamálefni;
— að eiga hlut að og skipuleggja rannsóknir sem m.a. varða umhverfisvernd í norðurhöfum;
— að samræma innlenda og alþjóðlega þátttöku Íslendinga í rannsóknum á norðurslóð;
— að annast tengsl við hliðstæðar miðstöðvar og stofnanir erlendis og laða þær til samstarfs;
— að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og aðra um norðurmálefni.

Stofnunin heyri undir umhverfisráðuneytið og verði að meginhluta kostuð af íslenska ríkinu. Hún skal rækta tengsl og samvinnu við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Sett verði á fót föst samvinnunefnd um norðurmálefni, skipuð fulltrúum tilnefndum af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veðurstofu Íslands, Rannsóknarráði Íslands, svo og formanni sem umhverfisráðherra skipi án tilnefningar. Samvinnunefndin velji tvo úr sínum hópi í stjórn stofnunar Vilhjálms Stefánssonar auk formanns.

Miðað verði við að stofnunin hefji starfsemi í ársbyrjun 1996.

Greinargerð.

Vaxandi þýðing heimskautamálefna.

Heimskautasvæðin hafa að undanförnu fengið mjög aukna þýðingu í alþjóðasamstarfi, sérstaklega norðurskautssvæðið. Ástæður þessa eru margar en mestu skiptir þó minnkandi spenna á hernaðarsviði við lok kalda stríðsins. Í ræðu, sem Gorbatsjov, fyrrum forseti Sovétríkjanna, flutti í Murmansk árið 1987, hvatti hann til samvinnu á norðurslóðum og var boðskapur hans eins konar inngangur að því breytingaskeiði sem fylgdi í kjölfarið í málefnum norðurslóða. Meðal áfanga í aukinni samvinnu heimskautalanda má nefna stofnun Alþjóðaráðs norðurvísinda (IASC) 1990, Rovaniemi-samstarfið á sviði umhverfismála 1991, samvinnu um Barentshafssvæðið frá ársbyrjun 1993 og Norðurráðstefnuna á vegum Norðurlandaráðs í ágúst 1993, en hún var haldin í Reykjavík.

Mikilvæg rannsóknaviðfangsefni á komandi árum á norðurslóðum tengjast rannsóknum á hnattrænum umhverfisbreytingum (e. *global change*) á einn eða annan hátt. Þar er m.a. um að ræða rannsóknir á loftslagsbreytingum, rannsóknir á ósonlaginu og afleiðingum aukinnar útfjólublárrar geislunar, rannsóknir á afleiðingum loftslagsbreytinga á lífkerfi til lands og sjávar, og rannsóknir á mengun og afleiðingum hennar. Það er þýðingarmikið fyrir árangur af starfi norðurstofnunar hér á landi að hún sé tengd samræmingu slíkra rannsókna. Þarf stjórn stofnunarinnar og samvinnunefndin um norðurmálefni, sem tillagan gerir ráð fyrir, að gefa þessu sérstakan gaum. Ýmsar gagnlegar ábendingar um slíka samræmingu er að finna í tillögum starfshóps umhverfisráðuneytisins „Efling umhverfisrannsókna á Norður-Atlantshafi" frá desember 1993.

Tillagan, sem hér er flutt um íslenska miðstöð fyrir norðurmálefni, tekur mið af breyttum aðstæðum á norðurskautssvæðinu og nauðsyn þess að Íslendingar taki fastar en hingað til á málum er snerta norðurslóðir á sviði rannsókna og alþjóðlegs samstarfs. Tillagan var flutt af fyrsta flutningsmanni á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er nú flutt með lítils háttar breytingum og flutningsmenn eru úr öllum þingflokkum.

Þekking Íslendinga og rannsóknir á norðurslóðum hingað til.

Minna má á að í fornum ritum íslenskum er margan fróðleik að finna um norðurslóðir og að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar bjuggu Íslendingar ásamt Grænlendingum yfir mestri vitneskju Evrópuþjóða um norðanvert Atlantshaf og Norður-Íshafið. Í Landnámabók segir um ferð Garðars Svavarssonar: „Hann kom at landi fyrir utan Horn et eystra; þar var þá fjögurra dægra haf til Svalbarða norðr í hafsbotn, en dægrsigling er til óbyggða á Grænalandi ór Kolbeinsey norðr." Í vesturátt náði þekking Íslendinga allt til Vínlands eins og fram kemur í heimildum um siglingu Leifs heppna.

Á síðustu áratugum 19. aldar hófust rannsóknir á hafsvæðum norðan Íslands og stóðu að þeim einkum Danir og Norðmenn. Þegar kom fram á 20. öld hófu íslenskir náttúrufræðingar rannsóknir á íslenskum hafsvæðum, fyrst Bjarni Sæmundsson og síðar Árni Friðriksson. Eigin sjórannsóknir byrjuðu Íslendingar árið 1947. Árið 1937 gerðust Íslendingar aðilar að Alþjóðahafrannsóknaráðinu og síðar fleiri alþjóðastofnunum á sviði hafrannsókna. Hafa íslenskir vísindamenn átt samvinnu við ýmsar þjóðir um rannsóknir á hafsvæðunum í grennd við Ísland og er framlag þeirra orðið mikið á sviði haffræði og fiskifræði. Vorið 1960 áttu Íslendingar hlut að rannsóknum sex þjóða á hafsvæðinu milli Íslands og Færeyja en megintilgangur þeirra rannsókna var að kanna rennsli kalds

djúpsjávar úr Norður-Íshafi í Atlantshaf á þessum slóðum. Síðan hefur aðild Íslendinga að fjölþjóðlegum hafrannsóknum aukist til muna auk eigin rannsókna sem taka að hluta til hafsvæðanna norður af landinu.

Á sviði veðurfræði og hafísfræða hafa Íslendingar lagt talsvert af mörkum fyrr og síðar. Má þar nefna frá fyrri tíð heimildasöfnun og ritsmíðar Þorvalds Thoroddsens um hafískomur og frásagnir í fornum sögum og Konungsskuggsjá. Í jöklafræðum hafa Íslendingar staðið framarlega á alþjóðavísu allt frá dögum Þórðar Þorkelssonar Vídalíns og Sveins Pálssonar. Íslenskir vísindamenn hafa á 20. öld unnið nokkuð að rannsóknum á Grænlandi og komið við á Jan Mayen. Ekki verður þó sagt að Íslendingar hafi til þessa lagt mikið af mörkum til eiginlegra heimskautarannsókna utan Íslands. Er þá ekki meðtalinn hlutur Vestur-Íslendingsins Vilhjálms Stefánssonar.

Samstarf um heimskautsmálefni með aðild Íslands.

1. Alþjóðaráð norðurvísinda (IASC).

Undirbúningur að stofnun þess hófst 1987 og voru Íslendingar þátttakendur í fundum þar að lútandi frá byrjun. Ráðið var stofnað 1990 af hinum átta norðurheimskautslöndum, en til þeirra teljast átta fullvalda ríki, þ.e. Bandaríkin (vegna Alaska), Danmörk (vegna Grænlands), Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Að auki eiga nú aðild að IASC sex önnur ríki, þ.e. Bretland, Frakkland, Holland, Japan, Pólland og Þýskaland, sem öll láta sig norðurslóðir miklu varða og hafa um langt skeið átt þar hlut að rannsóknum. Átta ríkja hópurinn myndar svæðisnefnd (Regional Board) sem fjallar um sérhagsmuni norðurskautslandanna en annars starfa löndin fjórtán saman í ráði (Council) sem er aðalvettvangur starfseminnar.

IASC er fjölfaglegt ráð þar sem aðild eiga vísindaakademíur eða rannsóknarráð viðkomandi landa. Hérlendis hefur Vísindaráð, nú Rannsóknarráð Íslands, verið aðili að IASC. Magnús Magnússon prófessor er forseti IASC frá hausti 1993. Meðal verkefna á starfssviði ráðsins má nefna:

— þróun samræmdrar áætlunar vegna rannsókna á umhverfisbreytingum á jörðinni að því er varðar norðurskautssvæðið; sett verður á fót skrifstofa og ráðið starfslið til að vinna að þessari áætlun í Arctic Centre í Rovaniemi í Finnlandi á kostnað finnska ríkisins;
— mótun samvinnuverkefna á sviði mannvísinda og félagsvísinda á norðurslóðum;
— alþjóðlega samvinnu um jarðeðlisfræðilega kortlagningu og gagnasöfnun á botni Norður-Íshafsins;
— samvinnu um athuganir á jöklum á norðurslóðum;
— rannsóknir á áhrifum ósóneyðingar á vistkerfi norðurskautssvæðisins;
— aðstoð við Rússland frá vestrænum ríkjum vegna þátttöku í norðurrannsóknum.

Íslenskir vísindamenn eiga aðild að ýmsum verkefnum sem nú eru á dagskrá hjá ráðinu.

Skrifstofa IASC er í Ósló, kostuð af norska ríkinu, og miðstöðvar fyrir einstök verkefni víðar.

2. Rovaniemi-samstarf norðurskautsríkja í umhverfismálum.

Umhverfisráðherrar norðurskautsríkjanna átta undirrituðu 14. júní 1991 yfirlýsingu í Rovaniemi í Finnlandi um víðtækt samstarf í umhverfismálum á norðurslóðum. Þar er m.a. gert ráð fyrir samvinnu um vísindarannsóknir vegna umhverfismála, mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda, stöðugum upplýsingum um breytingar á umhverfi, sérstöku vöktunar- og matsverkefni vegna mengunar á norðurslóðum (Arctic Monitoring and Assessment Programme, AMAP), svo og verndun sjávarauðlinda og verndun plöntu- og dýralífs á norðurskautssvæðinu. Í undirbúningi er alþjóðleg ráðstefna sem halda á um síðasttalda verkefnið hér á landi.

AMAP-verkefnið hefur hingað til skilað mestum árangri af þessu samstarfi en það felst í mælingum og mati á ástandi umhverfis á norðurslóð og magni mengunarefna. Tekur verkefnið einkum til mengunar af völdum þrávirkra lífrænna efna, þungmálma og geislavirkra efna, svo og sýringar. Einnig er fylgst með loftslagsbreytingum og breytingum á fjölbreytni lífvera. Norðmenn hafa lagt verkefninu til skrifstofuaðstöðu í Ósló og starfa þar þrír starfsmenn. Von er á fyrstu heildstæðu skýrslunni um ástand umhverfis á norðurslóðum árið 1996.

Lögð er áhersla á þátttöku frumbyggja í þessu samstarfi.

Ráðherrafundir innan Rovaniemi-samstarfsins eru haldnir annað hvert ár og var annar fundur ráðherranna haldinn í Nuuk á Grænlandi í september 1993.

3. Víðtæk samvinna á Barentssvæðinu.

Á fundi í Kirkenes 11. janúar 1993 undirrituðu utanríkisráðherrar sex ríkja: Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnar EB, yfirlýsingu um víðtæka samvinnu á Barentssvæðinu. Með henni er stofnað sérstakt Barentsráð (evró-arktískt) sem stýra á samstarfinu undir forustu utanríkisráðherra landanna sem koma munu saman einu sinni á ári.

Markmið samstarfsins á að vera að stuðla að sjálfbærri þróun á svæðinu með hliðsjón af Ríó-yfirlýsingunni og Dagskrá 21 frá UNCED-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992. Ráðið á að vera vettvangur til að fjalla um tvíhliða og fjölþjóðlegt samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta, vísinda og tækni, ferðaþjónustu, umhverfismála, samgangna, mennta- og menningarmála, svo og verkefna sem varða bættar aðstæður frumbyggja á svæðinu.

Sérstök svæðisvinnunefnd með fulltrúum frá fylkjum í Norðvestur-Rússlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi hefur verið sett á fót til að fjalla um samvinnu á fylkjagrundvelli þvert á landamæri innan Barentssvæðisins.

Samstarf þetta virðist einkum miða að því að draga Murmansk og önnur nyrstu fylki Rússlands inn í samvinnu við Norðurlönd sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu. Aðild framkvæmdastjórnar ESB að Barentsráðinu hefur sætt talsverðri gagnrýni innan Norðurlanda, ekki síst í Norður-Noregi.

Norðurkollusamstarf skandinavísku landanna heldur áfram óháð Barentsráðinu en á árinu 1992 fengu fulltrúar frá Murmansk og Arkangelsk áheyrnaraðild að Norðurkollunefndinni.

4. Vísindaverkefni UNESCO á norðurslóðum innan „Man and the Biosphere" (MAB).

Yfir 100 ríki Sameinuðu þjóðanna eiga hlut að MAB-rannsóknarverkefnum sem beinast einkum að því að kanna áhrif mannlegra athafna á vistkerfi jarðar, tengsl fjárfestinga og auðlindanýtingar og viðbrögð fólks og samfélaga við umhverfisáreiti. Öll Norðurlönd hafa MAB-áætlanir í gangi og eru þær skipulagðar af MAB-nefndum í hverju landi. Samvinnu var komið á um MAB-vísindaverkefni á norðurslóðum 1984.

MAB-verkefni á norðurslóðum beinast m.a. að vistkerfum við birkiskógamörk, aðlögun plantna að aðstæðum sífrera og breytingum á umhverfi túndra, árekstrum milli mismunandi landnýtingar, atvinnuháttum frumbyggja og stofnun sérstakra verndarsvæða í þágu rannsókna.

Sem stendur starfar ekki MAB-nefnd hérlendis en Halldór Þorgeirsson, starfsmaður hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hefur verið fulltrúi Íslands í „International Advisory Council" fyrir MAB/Northern Sciences Network sl. þrjú ár og situr þar í umboði Rannsóknarráðs Íslands.

Norðurstofnanir í nágrannalöndum hafa virkað hvetjandi á vísindasamstarf. MAB/Northern Sciences Network, sem hefur þann tilgang að auka samstarf vísindamanna sem vinna að rannsóknum á norðurslóðum og gefur út eftirsótt fréttabréf, hefur lengi tengst slíkum stofnunum. Skrifstofa MAB/NSN er nú hjá Dansk Polar Institut í Kaupmannahöfn en var áður í fimm ár hjá Arctic Center í Rovaniemi, Finnlandi. Skrifstofa Alþjóðaráðs norðurvísinda (IASC) hefur einnig tengst Norsk Polarinstitutt í Ósló.

5. Norræn samvinna um norðurmálefni og ráðstefnan í Reykjavík.

Norræn samvinna á norðursvæðum hefur lengi verið til staðar í ýmsu formi en þó takmörkuð, m.a. vegna ólíkrar stefnu í öryggismálum á tímum kalda stríðsins.

Norðurkollunefndin sem stofnað var til árið 1971 er samvinnuvettvangur vegna nyrstu héraða Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

Vestnorrænu samstarfi Færeyja, Íslands og Grænlands var komið á innan ramma Norðurlandaráðs árið 1985. Er það í senn samstarf ríkisstjórna/heimastjórna og þingmanna og má heimfæra mörg viðfangsefni þess undir heimskautamálefni.

Þá hefur samstarf Norðurlanda í umhverfismálum beinst í vaxandi mæli að norðurslóðum, ekki síst að því er varðar norðaustanvert Atlantshaf og Norður-Íshaf, en engin skýr mörk verða dregin milli þessara hafsvæða.

Norðurráðstefnan í Reykjavík í ágúst 1993 markaði viss þáttaskil í starfi Norðurlandaráðs að heimskautamálum. Á ráðstefnunni voru flutt gagnmerk yfirlitserindi um norðurslóðir og frumbyggja þeirra og skipst var á skoðunum um samstarfsverkefni og samstarfsform. Þingmenn frá tíu þingum norðurskautslanda sóttu ráðstefnuna en þó engir frá Bandaríkjaþingi og dró það úr árangri hennar. Í lokasamþykkt ráðstefnunnar er að finna fjölmargar ábendingar og tillögur sem beint er til ríkisstjórna landanna. Þar var jafnframt samþykkt að stofna til samstarfs fulltrúa frá þingum landa á norðurslóðum með því að setja á fót fastanefnd þingmanna. Er nú unnið að því að koma þessu samstarfi á fót.

Eftir að ráðstefnan var haldin hafa komið fram þingmannatillögur í Norðurlandaráði um að norræna ráðherraráðið og ríkisstjórnir Norðurlanda beiti sér fyrir aðgerðum til að tryggja sjálfbæra þróun á norðurslóðum og til að vinna gegn hættum af völdum kjarnorku.

6. Tillaga um Norðurskautsráð.

Kanadamenn hafa öðru hverju allt frá 1971 hvatt til nánari samvinnu norðurskautslanda og 1989 setti forsætisráðherra Kanada fram hugmynd um stofnun Norðurskautsráðs (Arctic Council). Tillaga um slíkt heimskautsráð var síðan sett fram af utanríkisráðherra Kanada 1990 og gerir hún ráð fyrir að aðild að ráðinu eigi fulltrúar ríkisstjórna norðurskautsríkjanna átta, svo og að frumbyggjar geti verið þátttakendur. Ráðinu er ætlað að fjalla um umhverfismál og efnahagsleg og félagsleg málefni með sjálfbæra þróun á norðurslóðum að markmiði. Gert er ráð fyrir árlegum fundum ráðsins og sveigjanlegum starfsramma og að mál á dagskrá verði aðeins afgreidd með samkomulagi.

Tillagan um Norðurskautsráðið er áfram til umræðu, var m.a. kynnt og rædd á Norðurráðstefnunni í Reykjavík 1993. Virðist hún njóta víðtæks stuðnings stjórnvalda nema hjá Bandaríkjastjórn sem hefur verið henni andvíg til þessa og virðast herfræðileg sjónarmið liggja þar að baki.

7. Northern Forum.

Það eru alþjóðasamtök fylkja og landsvæða á norðurhveli sem hafa á stefnuskrá sinni að vinna að bættum ákvörðunum í stjórnun norðlægra svæða með skiptum á reynslu og hugmyndum. Samtökin voru stofnuð 1991 í framhaldi af þriðju norðursvæðaráðstefnunni. Héldu þau fyrstu ráðstefnu sína í Tromsö haustið 1993.

8. Norðurrannsóknir Evrópusambandsins (ESB).

Með gildistöku EES-samnings fengu Finnland, Noregur, Svíþjóð og Ísland fulla aðild að fjórðu rammaáætlun ESB á sviði rannsókna og þróunarverkefna (1994–98). Af tillitssemi við þessi ríki m.a. er það yfirlýst stefna ESB að leggja aukna áherslu innan fjórðu rammaáætlunarinnar á rannsóknir á Norður-Íshafinu, einkum á samspili hafs og íss. Þór Jakobsson á Veðurstofu Íslands tekur nú þegar þátt í einu slíku verkefni sem tilheyrir þriðju rammaáætlun ESB (1990–94). Íslensk norðurstofnun gæti haft verulegu hlutverki að gegna til að auka hlut okkar í rannsóknarverkefnum ESB sem tengjast Norður-Íshafinu og öðrum skyldum viðfangsefnum.

Fulltrúar Íslands í hafrannsóknaáætlun ESB eru Steingrímur Jónsson, útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Akureyri, og Ólafur S. Ástþórsson, starfsmaður Hafrannsóknastofnunar í Reykjavík.

Telja má næsta víst að umhverfisrannsóknir ESB muni einnig í auknum mæli ná yfir heimskautasvæði Evrópu. Halldór Þorgeirsson á Rannsóknastofnun landbúnaðarins er fulltrúi Íslands í áætlun ESB.

Heimskautamálefni í nágrannalöndum.

Innan Norðurlanda hafa Danmörk og Noregur mesta reynslu á sviði heimskautarannsókna, Danmörk vegna tengsla sinna við Grænland og Noregur vegna legu sinnar og yfirráða á Svalbarða og brautryðjendastarfs að heimskautarannsóknum á norðurslóðum og á Suðurskautslandinu. Vestan hafs eru Kanadamenn lengi búnir að stunda heimskautarannsóknir enda liggja nær 40% af kanadísku landi norðan heimskautsbaugs. Hér verður litið stuttlega á skipan heimskautamálefna í Noregi og Kanada.

Norsk Polarinstitutt fékk núverandi nafn árið 1948 en rætur þess liggja allt aftur til ársins 1906 þegar fyrsti norski vísindaleiðangurinn var gerður út til Svalbarða. Stofnunin heyrði í fyrstu undir norska verslunarráðuneytið en frá 1979 er hún hluti af umhverfisráðuneytinu. Meginverkefni Norsk Polarinstitutt er samkvæmt nýlegri stefnumörkun að vinna að því að heimskautssvæðin séu meðhöndluð sem best og samkvæmt alþjóðlegum kröfum um sjálfbæra þróun. Verkefni stofnunarinnar samkvæmt þessu eru einkum:

— að vera ráðgjafi stjórnvalda í heimskautamálum,
— að byggja upp og viðhalda þekkingu og færni með eigin rannsóknum,
— að vinna að kortlagningu heimskautasvæða,
— að viðhalda þverfaglegu umhverfi með samvinnu innan lands og á alþjóðavettvangi,
— að örva framlag annarra stofnana til rannsókna á heimskautasvæðum,
— að samræma fræðilegar áherslur og samvinnu við önnur lönd um heimskautarannsóknir.

Niðurstaða nýlegrar úttektar á málefnum og framtíð Norsk Polarinstitutt varð einróma sú að viðhalda því óskiptu sem ríkisstofnun. Umhverfisráðuneytið norska gerir ráð fyrir að megináhersla í starfi stofnunarinnar tengist hagnýtum verkefnabundnum rannsóknum og umhverfisvernd. Jafnframt hefur verið ákveðið að efla stofnunina, flytja aðsetur hennar frá Ósló til Tromsö og styrkja um leið starfsemi hennar á Svalbarða. Á árinu 1993 voru fjárveitingar til Norsk Polarinstitutt 77 milljónir norskra króna (um 800 millj. ísl. kr.) og stöðuheimildir 58 (52 fastar stöður), þar af 14 stöður vísindamanna. Stofnuninni er skipt í fjórar fagdeildir: rannsóknadeild, kortadeild, vettvangsdeild og stjórnunar- og upplýsingadeild. Samtals voru unnin 252 ársverk í norskum heimskautarannsóknum á árinu 1991 að talið er, þar af rösk 80% á sviði náttúruvísinda.

Í Kanada er önnur skipan höfð á en í Noregi enda landið stórt og langtum fjölmennara. Lengst af öldinni voru rannsóknir á norðurslóðum í Kanada lítið samræmdar og samstarf í molum milli rannsóknarmanna og samskipti við frumbyggja. Því skipaði alríkisstjórnin nefnd árið 1985 til að gera tillögur til úrbóta og skilaði hún tillögum í skýrslu sem bar heitið Kanada og heimskautavísindi (Canada and Polar Science). Megintillögur nefndarinnar voru að sett yrði á fót kanadísk heimskautarannsóknastjórn (Canadian Polar Research Commission) og efnt til upplýsingaátaks og samvinnu milli íbúa norðursvæða og rannsóknaraðila til að ákvarða forgangsröðun rannsóknarverkefna. Jafnframt skyldu settar á fót miðstöðvar til að koma á framfæri upplýsingum um heimskautarannsóknir.

Prófessor við Trent-háskóla í Ontaríó fékk síðan það verkefni að vinna úr tillögum nefndarinnar og á grundvelli þessara tillagna voru sett lög um kanadísku heimskautastjórnina (Canadian Polar Commission) í febrúar 1991. Í henni eiga sæti tólf fulltrúar (Board of Directors) skipaðir til þriggja ára og geta þeir sett á fót starfshópa og nefndir. Skrifstofur heimskautastjórnarinnar eru í Ottawa og í Yellowknife í Norður-Kanada og sinna þær m.a. tengslum og upplýsingamiðlun.

Heimskautastjórninni er m.a. ætlað að hafa yfirlit yfir alla vísindastarfsemi tengda heimskautasvæðum, meta gæði og stöðu kandadískrar rannsóknarstarfsemi á þessu sviði, styðja við frumkvæði í rannsóknum, veita upplýsingar og vera kanadískum stjórnvöldum, vísindastofnunum og iðnaði til ráðgjafar um stefnumótun er tengist heimskautamálefnum.

Meginfjármögnun til starfsemi heimskautastjórnarinnar kemur frá kanadíska ríkinu. Samvinna á að vera við ýmsar rannsóknastofnanir, einkum í Norður-Kanada og fylkisstjórnir. Heimskautastjórnin á að ýta undir alþjóðlegt samstarf um heimskautamálefni og hún sér um aðild Kanada að Alþjóðaráði norðurvísinda (IASC).

Samhliða þessu hafa kanadísk stjórnvöld komið til móts við kröfur frumbyggja í Norðaustur-Kanada um sérstakt landsvæði (territory of Nunavat) þeim til handa. Fær Nunavat-svæðið, sem tekur yfir meira en fimmtung af flatarmáli Kanada og er að meiri hluta til byggt Inúítum, víðtæka sjálfsstjórn frá 1999 að telja samkvæmt samningi.

Mengun, olíuvinnsla og nýting sjávarauðlinda.

Staðbundin og aðborin mengun er vaxandi áhyggjuefni þeirra sem fylgjast með málefnum norðurskautssvæðisins. Kemur þar margt við sögu. Lífræn þrávirk klórkolefnasambönd eins og PCB og DDT eru sá mengunarvaldur sem lífríkinu stafar hvað mest hætta af, svo og af þungmálmum. Rekstur kjarnorkuvera, kjarnorkuúrgangur sem varpað hefur verið í hafið, starfsemi endurvinnslustöðva úr geislavirkum úrgangi, tilraunasprengingar og umferð kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta, sumpart búinna kjarnavopnum, skapar stöðuga og geigvænlega hættu fyrir umhverfi norðurslóða og afkomu þeirra þjóða sem lifa af sjávarfangi. Sýring andrúmslofts og úrkomu ógnar einnig lífi á stórum heimskautasvæðum. Þá munu loftslagsbreytingar vegna aukinnar mengunar af völdum gróðurhúsalofttegunda að líkindum koma verst niður á lífsskilyrðum á heimskautasvæðum.

Olíuleit og hugmyndir um olíuvinnslu taka nú þegar til Norður-Íshafsins, jafnvel allt norður á 78. breiddargráðu. Margir hafa af þessu áhyggjur vegna hættu á umhverfisspjöllum af olíuvinnslu sem yrðu til muna alvarlegri við þær aðstæður sem ríkja á norðlægum slóðum. Setlagamælingar hafa þegar verið gerðar norður af Íslandi, á Jan Mayen svæðinu og við Austur-Grænland. Fjölmörgum spurningum þarf að svara áður en til greina gæti komið að leyfa olíuvinnslu á þessum slóðum. Slík umræða er nú hafin vegna Barentshafs þar sem líkur eru taldar á miklum olíulindum og jarðgasi undir hafsbotni.

Norður-Íshafið er að stórum hluta þakið ís allt árið, en útbreiðsla hans er breytileg eftir árstíma og hafstraumum. Landgrunnssvæðin út frá meginlöndunum eru mikið til íslaus og standa undir mikilli framleiðni þar sem nóg er af næringarefnum vegna blöndunar hlýrra og kaldra strauma. Þessi umhverfisskilyrði eru hins vegar miklum breytingum háð og af því leiðir miklar sveiflur í lífrænni framleiðni og afrakstri fiskstofna sem margir hverjir sækja sér fæðu í norðurhöf en hrygna langtum sunnar, eins og þorskur og loðna eru dæmi um. Við sveiflur í framleiðni bætist tegundafæð en hvort tveggja veldur óstöðugleika og hættu á ofveiði og hruni í einstökum stofnum. Þekking á þessum náttúruskilyrðum og vistkerfi sjávar er undirstaða sjálfbærrar nýtingar á sjávarauðlindum og víðtækar hafrannsóknir í norðurhöfum eru því lífsnauðsyn fyrir þær þjóðir sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Jafnframt er það úrslitaatriði að bægja frá skaðlegri mengun og koma í veg fyrir loftslagsbreytingar af mannavöldum, m.a. eyðingu ósonlagsins.

Heiti og helstu verkefni íslenskrar norðurstofnunar.

Af framansögðu má vera ljós þörfin fyrir sérstaka stofnun hérlendis sem sinni málum er varða norðurslóðir. Fáar þjóðir eru jafnnátengdar norðurskautssvæðinu og Íslendingar. Landið liggur á mörkum þess og kaldtempraða beltisins og hálendi Íslands og annes á norðanverðu landinu bera ótvíræðan norðurhjarasvip. Drjúgur hluti náttúrurann-

sókna hér á landi getur í raun flokkast undir heimskautarannsóknir en lítið hefur verið gert að því að fella þær inn í slíkt samhengi.

Lagt er til að norðurstofnunin beri nafn Vilhjálms Stefánssonar landkönnuðar sem ávann sér heimsfrægð fyrir rannsóknir á norðlægum heimskautalöndum. Foreldrar Vilhjálms, Jóhann Stefánsson frá Svalbarðsströnd og Ingibjörg Jóhannesdóttir úr Skagafirði, fluttust til Vesturheims 1876 og í Norður-Dakota fæddist Vilhjálmur 3. nóvember 1879. Hann ritaði á langri starfsævi 24 bækur um heimskautalöndin og íbúa þeirra og birti auk þess yfir 400 ritgerðir. Vilhjálmur var heiðursdoktor við marga háskóla, m.a. við Háskóla Íslands. Það er viðeigandi að kenna íslenska norðurstofnun við Vilhjálm og mundi vafalítið greiða fyrir alþjóðlegum samskiptum hennar. Stofnunin gæti á ensku kallast Vilhjalmur Stefansson Arctic Institute.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin undirbúi að sett verði á fót norðurstofnun á Akureyri innan tveggja ára eða í ársbyrjun 1996. Meginhlutverk hennar verði að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða norðurskautssvæðið. Nánar er kveðið á um helstu verkefni stofnunarinnar í tillögunni en þar er engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða.

Samkvæmt hugmyndum flutningsmanna yrði skipulag og samræming rannsókna og aðild að rannsóknum drjúgur þáttur í starfi íslenskrar norðurstofnunar. Um yrði að ræða rannsóknir er fram færu hérlendis og á hafsvæðum innan íslenskrar lögsögu en einnig rannsóknir utan hennar með þátttöku í fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum og leiðöngrum. Hafa ber í huga að þótt náttúrufræðisvið séu óhjákvæmilega fyrirferðarmikil í heimskautarannsóknum taka þær nú orðið til flestra fræðasviða, m.a. mannfræði og félagsfræði, heilbrigðisfræða og lífeðlisfræði, fornminja og tæknigreina. Aðstæður á norðurslóðum kalla á aðlögun margvíslegrar tækni og búnaðar að heimskautaskilyrðum en þær orka einnig á manninn líkamlega og andlega með sérstökum hætti eins og raunar á aðrar tegundir lífvera. Þá ber að geta pólitískra mála er varða réttindi og nýtingu auðlinda á norðlægum slóðum eins og við höfum rækilega verið minnt á nýverið vegna Barentshafs og Svalbarðasvæðisins.

Starfssvið og vettvangur íslenskrar norðurstofnunar mun að sjálfsögðu þróast og taka breytingum. Þó er ekki óeðlilegt að líta svo til að auk heimskautarannsókna hér innan lands séu það hafsvæðin norður af landinu milli Austur-Grænlands annars vegar og Jan Mayen og Svalbarða hins vegar sem sjónir okkar beinist öðru fremur að. Það sem gerist í náttúrufari þessa víðlenda svæðis hefur fyrr en varir bein og óbein áhrif hér á landi. Umrædd landsvæði liggja líka betur við rannsóknum héðan en víðast hvar annars staðar frá.

Staðsetning og umfang.

Norðlægt svipmót hér á landi er meira áberandi í lífríki norðan lands en sunnan heiða og á það bæði við um gróður og dýralíf. Þá er Dumbshafið skammt undan Norðurlandi og auðveldara að gera skip út þaðan til rannsókna. Reglubundnar flugsamgöngur til Austur-Grænlands hafa um langt skeið verið frá Akureyri og þaðan er skemmra til könnunarflugs yfir íshafssvæðin en frá landinu sunnanverðu. Meðal annars af þessum ástæðum er eðlilegt að velja stofnun Vilhjálms Stefánssonar aðsetur á Akureyri. Á það er einnig að líta að tilkoma slíkrar stofnunar fellur einkar vel að því rannsóknarumhverfi sem er í mótun á Akureyri. Þar getur stofnun sem þessi haft stuðning af vaxandi vísindarann-

sóknum innan Háskólans á Akureyri, frá rannsóknastofnunum á sviði sjávarútvegs, svo og frá nýstofnuðu setri Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Áherslu ber að leggja á að hér er um landsstofnun að ræða sem kostuð yrði af framlögum úr sameiginlegum sjóði. Fljótlega ætti hún að geta aflað nokkurra tekna fyrir hagnýta þjónustu, svo og fyrir útseld verkefni. Tilkoma slíkrar stofnunar ætti að greiða fyrir samstarfi innlendra aðila er láta sig heimskautamálefni varða, auðvelda mjög samstarf við erlendar rannsóknastofnanir og því mundi vafalaust fylgja þátttaka erlendis frá í fjármögnun ýmissa verkefna.

Eðlilega verður spurt hver þurfi að vera stærð slíkrar stofnunar í byrjun og um umfang starfseminnar, m.a. vegna áætlana um stofn- og rekstrarkostnað. Á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um slík atriði, en þau mundu skýrast við þann undirbúning sem tillagan gerir ráð fyrir.

Til viðmiðunar mætti hér nefna sex stöðugildi, þar af helming stöður sérfræðinga með háskólamenntun. Um húsrými fer m.a. eftir hvort um samstarf og samnýtingu gæti verið að ræða við aðra og má til viðmiðunar hafa 200 fermetra gólfrými. Miðað við þessar forsendur væri launakostnaður nálægt 17 millj. kr. og árlegur húsnæðiskostnaður um 1 millj. kr. Ef annar árlegur kostnaður, m.a. vegna búnaðar, ferða og rannsóknarverkefna, næmi 7 millj. kr. væri hér alls um 25 millj. kr. veltu að ræða á verðlagi í árslok 1993. Á móti gæti komið einhver tilfærsla á verkefnum frá öðrum stofnunum, svo og sértekjur í vaxandi mæli eftir því sem stofnuninni vex fiskur um hrygg. Vissulega er ekki útilokað að hefja starfsemi norðurstofnunarinnar innan þrengri ramma, en slíkt þarf að skýrast við frekari undirbúning.

Þá gæti einnig komið til greina að innlendar rannsóknastofnanir leggi norðurstofnuninni til verkefni og fjármagn og hún verði eins konar sameignarstofnun þeirra og ríkisins. Félli það og vel að hugmyndinni um samvinnunefnd rannsóknastofnana sem tillagan gerir ráð fyrir.

Einnig gæti komið til álita að gera samstarfssamning milli stofnunarinnar og Háskólans á Akureyri með hliðsjón af samningum sem gerðir hafa verið milli háskólans og nokkurra rannsóknastofnana.

Samvinnunefnd og stjórn.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að sett verði á fót samvinnunefnd um norðurmálefni, skipuð fulltrúum þeirra rannsóknastofnana sem nú þegar sinna eða tengjast verkefnum á sviði norðurslóðarannsókna. Í samvinnunefndinni verði þannig fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum stofnunum:

— Rannsóknarráði Íslands sem hingað til hefur séð um tengsl vegna norðurrannsókna,
— Háskóla Íslands en innan hans eru vísindamenn sem lagt hafa talsvert af mörkum til slíkra rannsókna,
— Háskólanum á Akureyri sem er að eflast sem rannsóknastofnun,
— Hafrannsóknastofnun sem vinnur reglubundið að athugunum á hafsvæðum norður af landinu og hefur einnig aðstöðu nyrðra,
— Náttúrufræðistofnun Íslands eða setri hennar á Akureyri,

— Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem sinnir ýmsum norðurhjararannsóknum og stendur að starfsemi í Eyjafirði,
— Veðurstofu Íslands sem m.a. vinnur að hafísathugunum og loftgæðarannsóknum.

Formaður samvinnunefndarinnar yrði skipaður af umhverfisráðherra.

Með þessari skipan er leitast við að tryggja víðtæk tengsl og samstarf um málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Lagt er til að samvinnunefndin kjósi úr sínum hópi tvo menn í stjórn stofnunarinnar auk formanns nefndarinnar sem jafnframt verði formaður stjórnar. Vel má hugsa sér að fulltrúar einstakra stofnana skiptist á um stjórnaraðild.

Nú um skeið hafa forráðamenn þjóða í norðanverðri Evrópu litið mest í suðurátt og eru Íslendingar í þeim hópi. Mál er að horfa til fleiri átta og þar er norðrið nærtækt og örlagavaldur í lífi þjóðarinnar fyrr og síðar. Brýnt er að efla þekkingu okkar á norðurslóðum til að geta stuðlað að sjálfbærri þróun á þessu svæði sem miklu varðar um afkomu Íslendinga.

Fylgiskjal.

Norðurskautssvæðið



147. Fyrirspurn [140. mál]

til samgönguráðherra um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1993?

148. Fyrirspurn [141. mál]

til forsætisráðherra um sérverkefni fyrir Stjórnarráðið.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörg sérverkefni voru unnin fyrir sérhvert ráðuneyta Stjórnarráðsins á tímabilinu 1989 til október 1994?
2. Hvaða sérverkefni voru unnin og fyrir hvaða ráðuneyti?
3. Hverjir unnu þessi verkefni?
4. Hversu mikil voru útgjöld hvers ráðuneytis á hverju ári vegna sérverkefna?
5. Hversu margir þeirra sem unnu sérverkefni voru
   a. starfsmenn ráðuneytanna,
   b. ráðnir sérstaklega til að vinna sérverkefni?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurn þessi var lögð fram fyrir rúmum mánuði. Undir lok október sendi forsætisráðuneytið Alþingi bréf þess efnis að ráðuneytin sæju sér vart fært að svara fyrirspurninni sökum þess hve óljóst væri við hvað væri átt með „sérverkefnum“. Fyrirspyrjandi fékk hins vegar fyrst að heyra um efni bréfsins fyrir nokkrum dögum er langt var liðið á nóvember. Fyrirspyrjanda er ljúft að létta ráðuneytunum vinnuna með því að skýra nánar um hvað málið snýst. Fyrirspurnin er því prentuð upp með þessari greinargerð.

Með „sérverkefnum“ er í fyrirspurninni einkum átt við: rannsóknir, úttektir, kannanir, gerð sérstakra skýrslna, undirbúning ráðstefna, undirbúning hátíðarhalda, undirbúning heimsókna erlendra gesta, smíði frumvarpa fyrir ríkisstjórnir og önnur verkefni sem kalla á sérfræðiþekkingu eða sérstakan undirbúning og sérfræðingar eða starfsmenn ráðuneyta eru ráðnir til að vinna og sérstaklega er greitt fyrir. Hér er ekki átt við verkefni sem stofnanir (t.d. Háskóli Íslands) eða nefndir koma að og t.d. tengjast verklegum framkvæmdum (svo sem undirbúningur byggingar Hæstaréttarhúss eða viðgerðir á Þjóðleikhúsinu) eða árlegum störfum utan dyra. Sérverkefni eru yfirleitt falin einum einstaklingi en þó kunna þess að vera dæmi að fleiri en einn komi þar að verki.

149. Fyrirspurn [142. mál]

til umhverfisráðherra um varnir gegn umhverfisslysum á sjó.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var í júlí 1991 til þess að bregðast við mengunarslysum á sjó hér við land?
2. Er til áætlun um aðgerðir
   a. til að koma í veg fyrir mengun í sjó hér við land,
   b. til að bregðast við mengunarslysum í sjó hér við land?
3. Var nefndin kölluð saman vegna mengunarslyssins sem varð við Seltjarnarnes 22. september sl.?
4. Hvaða tillögur hefur nefndin lagt fram um viðbrögð við umhverfisslysum á sjó eða við strendur landsins?
5. Hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða í framhaldi af slysinu 22. september til að bæta viðbúnað vegna slíkra umhverfisslysa?

Skriflegt svar óskast.

150. Fyrirspurn [143. mál]

til umhverfisráðherra um förgun framköllunarvökva.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti með förgun framköllunarvökva?
2. Hversu mikið er talið að falli til af þessum efnum árlega og hve mikið af því kemur til förgunar?
3. Er ráðherra kunnugt um dæmi þess að framköllunarvökvi fari beint í holræsi hjá einstökum fyrirtækjum?
4. Eru fyrirhugaðar aðgerðir til úrbóta á þessu sviði á næstunni?

151. Fyrirspurn [144. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttisáætlunar.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Á hvern hátt hefur dómsmálaráðuneytið framfylgt þeim markmiðum í „framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna“ sem samþykkt var á Alþingi í maí 1993, að „markvisst verði unnið að því að ráða fleiri konur í störf rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins“?

152. Svar [33. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um heildarútlán og vanskil við Húsnæðisstofnun ríkisins.

1. *Hver eru heildarútlán í húsbréfakerfinu sem tók gildi 15. nóvember 1989, hve mikil eru vanskilin miðað við 1. október sl. og hve margir einstaklingar eru í vanskilum við stofnunina?*

Útlánin nema samtals um 57,1 milljarði króna. Fjöldi lántakenda er 16.670 og fjöldi lána er 20.638. Síðasti gjalddagi var 15. september 1994. Húsnæðisstofnun telur alvarleg vanskil ekki komin til sögunnar fyrr en þremur mánuðum eftir gjalddaga, enda er greiðsluáskorun send út þremur til fjórum mánuðum eftir hvern gjalddaga. Er mjög löng hefð fyrir því viðhorfi.

Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 3.416 lántakendur og nema þau um 700 millj. kr., innifaldir eru dráttarvextir og kostnaður.

2. *Hver eru heildarútlán í almenna húsnæðiskerfinu sem tók gildi 1. september 1986, hve mikið er í vanskilum og hve margir einstaklingar eru í vanskilum við stofnunina miðað við 1. október sl.?*

Útlánin nema samtals um 43,6 milljörðum króna. Fjöldi lántakenda er 16.504 og fjöldi lána er 29.865. Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 1.661 lántakandi og nema þau um 337 millj. kr., innifaldir eru dráttarvextir og kostnaður.

3. *Hver eru heildarútlán í húsnæðiskerfinu sem var í gildi fyrir 1. september 1986, hve mikil eru vanskilin við stofnunina og hver er sá fjöldi einstaklinga sem er í vanskilum miðað við 1. október sl.?*

Útlánin nema samtals um 19,9 milljörðum króna. Fjöldi lántakenda er 30.480 og fjöldi lána er 73.289. Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 1.727 lántakendur og nema þau um 175 millj. kr., innifaldir eru dráttarvextir og kostnaður.

4. *Hver eru heildarútlán Byggingarsjóðs verkamanna, hve mikil voru vanskilin við sjóðinn 1. október sl., hafa vanskil aukist sem hlutfall af heildarútlánum frá því vextir voru hækkaðir úr 1% í 2,4%?*

Útlánin nema samtals um 35,8 milljörðum króna. Fjöldi lántakenda er 5.460 og fjöldi lána er 7.813. Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 1.299 lántakendur og nema þau um 371 millj. kr., innifaldir eru dráttarvextir og kostnaður. Vanskil hafa aðeins aukist frá því að vextir voru hækkaðir eða um 0,2 prósentustig.

5. *Hve lengi þurfa menn að bíða eftir afgreiðslu Húsnæðisstofnunar á húsbréfum?*

Samþykktur hefur verið nýr húsbréfaflokkur að fjárhæð 3,7 milljarðar króna. Hjá stofnuninni liggja um 600 umsóknir sem beðið hafa eftir þessum húsbréfaflokki. Afgreiðsla þeirra er hafin. Búast má við að umsækjandi, sem leggur inn umsókn í dag, fái afgreitt fasteignaveðbréf að um þremur vikum liðnum.

Það skal tekið fram að í yfirliti Húsnæðisstofnunar um vanskil geta lántakendur verið með lán í fleiri en einum sjóði, t.d. bæði með lán úr Byggingarsjóði ríkisins og einnig í húsbréfakerfinu á sömu íbúðinni. Lántakendur eru allir sem fengið hafa langtímalán hjá

stofnuninni, þ.e. einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.

Ef teknir eru saman liðir 1 til 4 í fyrirspurninni og lántakendur taldir einu sinni eru þeir 55.232 með 131.650 lán, þar af eru 54.565 einstaklingar eða um 98,8%. Útlán til allra lántakenda nema um 156,4 milljörðum króna. Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 7.266 lántakendur og nema þau um 1.585 millj. kr., meðtaldir eru dráttarvextir og kostnaður.

153. Frumvarp til laga [145. mál]

um kynningu á íslenskri menningu.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis. Í því skyni starfar skrifstofa er nefnist Miðstöð íslenskrar menningarkynningar.

2. gr.

Meginhlutverk skrifstofunnar er að vinna að því að kynna erlendum aðilum íslenska menningu.

Verkefni skrifstofunnar eru:

1. Að stuðla eins og frekast er kostur að samvinnu þeirra aðila sem annast kynningu á íslenskri menningu.
2. Að annast upplýsingaþjónustu gagnvart erlendum aðilum um íslenska menningu.
3. Að hafa frumkvæði að og annast skipulag á kynningu á íslenskri menningu erlendis.
4. Skrifstofunni er heimilt að taka þátt í kynningu íslenskrar menningar hérlendis.

3. gr.

Miðstöð íslenskrar menningarkynningar lýtur yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

Í stjórn skrifstofunnar eiga sæti þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en hinn skal vera frá fyrirtækjum og stofnunum sem fást við að flytja út íslenskt menningarefni. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í tengslum við skrifstofuna skal starfa ráðgjafarhópur skipaður fulltrúum helstu listgreina í landinu.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra skrifstofunnar til þriggja ára í senn með heimild til endurráðningar tvisvar í önnur þrjú ár. Framkvæmdastjórinn er ráðinn að fengnum tillögum stjórnar skrifstofunnar.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið með samþykki stjórnar og eftir því sem fjárheimildir standa til.

5. gr.

Tekjur skrifstofunnar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Framlög sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga.

6. gr.

Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal vera undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

7. gr.

Menntamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega samið af nefnd sem skipuð var af menntamálaráðherra til þess að gera tillögur um útflutning á íslenskum menningarverðmætum hvaða nafni sem þau nefnast. Um frumvarpsdrögin náðist fullt samkomulag með þeim fulltrúum þáverandi stjórnarflokka sem falið var að gera tillögur um málið.

Frumvarpið var flutt á 115. löggjafarþingi en náði þá ekki afgreiðslu. Er það því endurflutt lítið breytt.

Mikil ásókn hefur verið í kynningu á íslenskri menningu erlendis. Eftirspurn erlendis frá hefur aukist og er margföld á við það sem unnt hefur verið að anna. Ljóst er að þennan mikla áhuga á íslenskri menningu erlendis má nýta betur en gert hefur verið og árangurinn þarf að festa í sessi. Kynning íslenskrar listar erlendis ætti að vera mikilvægur liður í útflutningi landsmanna.

Að undanförnu hefur hvað eftir annað verið efnt til kynningar íslenskrar menningar erlendis með góðum árangri. Samt skortir mjög á nauðsynlega samhæfingu á þessu sviði og tilviljun ræður oft miklu um hvernig til tekst. Þess vegna er æskilegt að stofnuð verði sérstök skrifstofa sem geti eflt samstarf þeirra aðila sem koma við sögu í kynningu á íslenskri list og menningu erlendis. Hlutverk skrifstofunnar yrði með öðrum orðum það að vera samtengjandi skipulagsaðili, svara fyrirspurnum og beiðnum um íslenska menningarkynningu erlendis frá og hafa frumkvæði að kynningu íslenskrar menningar erlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsta grein fjallar um markmið laganna sem er að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis með stofnun skrifstofu sem einkum beiti sér fyrir því að kynna útlendingum íslenska menningu af öllu tagi.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð áhersla á það meginverkefni skrifstofunnar að vera samtengjandi skipulagsaðili fyrir þá sem kynna vilja íslenska menningu erlendis. Hér er skilgreint hvaða verkefni skrifstofan hefur á sínum höndum. Í 4. tölul. er einkum átt við kynningu á íslenskri menningu fyrir útlendinga hér á landi, ferðamenn, fræðimenn og aðra þá sem áhuga kunna að hafa.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um stjórn skrifstofunnar. Í stjórninni eiga þessir aðilar fulltrúa:

1. Samtök listamanna.
2. Fulltrúi frá aðilum sem fást við að flytja út íslenskt menningarefni. Má þar nefna sem dæmi Listasafn Íslands, listasöfn Reykjavíkur, Tónverkamiðstöðina, Félag íslenskra bókaútgefenda, Samtök hljómplötuframleiðenda, Félag íslenskra kvikmyndaframleiðenda.
3. Menntamálaráðuneytið sem ber ábyrgð á þessari starfsemi.

Með skipan ráðgjafarhóps myndast tengsl við allar helstu listgreinar og þar með listamenn í landinu. Ráðgjafarhópurinn getur verið til ráðuneytis um almenna stefnumótun varðandi kynningu á íslenskri list. Í reglugerð skal tilgreina hvaða samtök listamanna tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópinn. En nefna má í því sambandi Rithöfundasamband Íslands, leiklistarráð, Tónskáldafélag Íslands, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra tónskálda og textahöfunda, Arkitektafélag Íslands, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samband íslenskra myndlistarmanna.

Um 4. gr.

Ætlast er til að stjórn miðstöðvarinnar geri tillögur um framkvæmdarstjóra hennar sem ræður starfslið að öðru leyti samkvæmt ákvörðunum á fjárlögum hverju sinni.

Um 5. gr.

Í greininni er undirstrikað að skrifstofan geti auk fjármuna á fjárlögum beitt sér fyrir því að sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar eða félagasamtök leggi fram fé til annarra verkefna eftir því sem þurfa þykir. Sjálfsagt er að þessi starfsemi fái til sinnar ákvörðunar eitthvað af óskiptum liðum menntamálaráðuneytisins.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

154. Fyrirspurn [146. mál]

til menntamálaráðherra um samskipti Lánasjóðs íslenskra námsmanna og stúdenta í Þýskalandi.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

1. Er vitað til þess að íslenskir stúdentar í Þýskalandi hafi horfið frá námi vegna strangra krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna um námsframvindu?
2. Hafa viðræður farið fram milli stjórnenda Lánasjóðsins og íslenskra stúdenta í Þýskalandi og ef svo er, hafa þær leitt til niðurstöðu?

Skriflegt svar óskast.

155. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um endurskoðun laga um fæðingarorlof.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um fæðingarorlof. Nefndin hafi það verkefni að undirbúa löggjöf sem tryggi það að foreldrar, hvar sem þeir eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar lengd fæðingarorlofs, greiðslur í fæðingarorlofi og rétt til töku fæðingarorlofs. Sérstaklega skal hugað að rétti feðra. Jafnframt skal nefndin leggja fram tillögur um að lengja fæðingarorlof í áföngum og mat á leiðum til fjármögnunar. Frumvarp þar að lútandi verði lagt fram í byrjun næsta þings.

Nefndin verði m.a. skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, bæði á almenna markaðinum og hinum opinbera.

Greinargerð.

Um fæðingarorlof gilda nú lög nr. 57/1987, sem fjalla um rétt foreldra til fæðingarorlofs, 14. og 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem fjalla um greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi annarra en opinberra starfsmanna, og reglugerð um barnsburðarleyfi opinberra starfsmanna, nr. 410/1989, sem fjallar um rétt og greiðslur í fæðingarorlofi opinberra starfsmanna. Réttur bankastarfsmanna í fæðingarorlofi er svo með sérstökum hætti, eins konar sambland af rétti fólks á almennum markaði og rétti kvenna í starfi hjá ríkinu. Ætla má að fjórðungur allra sem njóta réttar í fæðingarorlofi séu opinberir starfsmenn.

Árið 1987 voru sett ný lög um fæðingarorlof og jafnframt var ákvæðum almannatryggingalaga breytt. Lagabreytingin 1987 var veruleg réttarbót á sínum tíma, fyrst og fremst vegna lengingar orlofsins úr þremur mánuðum í sex. Síðan hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á lögunum og ljóst er að núgildandi lagareglur um fæðingarorlof mismuna einstaklingum. Aðrar reglur gilda um opinbera starfsmenn en fólk á almennum vinnumarkaði. Greiðslur fæðingarorlofs opinberra starfsmanna eru tekjutengdar en greiðslur á almennum vinnumarkaði eru almennt ekki tekjutengdar. Einungis konur í starfi hjá hinu opinbera eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi. Barnsfeður opinberra starfsmanna eiga ekki rétt til greiðslna í fæðingarorlofi, hvort sem þeir eru í starfi hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði. Óheimilt er að semja í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði um viðbótargreiðslur í fæðingarorlofi. Það hefur þó verið gert í kjarasamningum bankamanna athugasemdalaust.

Margoft hefur verið bent á þessa vankanta. Jafnréttisráð hefur ítrekað fjallað um málið og sent yfirvöldum bréf þar sem bent hefur verið á þá mismunum sem karlar hafa orðið fyrir, en kærunefnd jafnréttismála hefur komist að þeirri niðurstöðu að verið sé að brjóta jafnréttislög með þessari framkvæmd.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa sömuleiðis lagt áherslu á endurskoðun reglna um fæðingarorlof. Hugmyndir hafa líka verið uppi um að fæðingarorlof yrði tekjutengt og að allir fengju tiltekna lágmarksgreiðslu.

Auk úrskurða kærunefndar jafnréttismála hafa nokkur dómsmál gengið vegna túlkunar á lögunum um fæðingarorlof og almannatryggingalögunum og hafa þau leitt í ljós brýna þörf á samræmdum reglum.

Með stjórnsýslulögum var lögfest svonefnd jafnræðisregla hér á landi. Telja verður að sú regla sé þverbrotin af hinu opinbera þegar kemur að reglum um fæðingarorlof. Hvaða rök eru fyrir því að sami atvinnurekandi, íslenska ríkið, mismuni starfsfólki sínu með þeim hætti sem hér viðgengst bara með vísan til þess að annar starfsmaðurinn fellur undir lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en hinn einstaklingurinn tilheyrir hinum almenna vinnumarkaði? Hvað réttlætir það að koma í veg fyrir að faðir geti farið í fæðingarorlof, bara vegna þess að barnsmóðir hans er opinber starfsmaður? Hvað réttlætir það að stéttarfélag geti ekki í kjarasamningum samið við atvinnurekendur um fæðingarorlofsgreiðslur?

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbinda stjórnvöld sig til að tryggja launafólki sama lágmarksrétt hér á landi og gildir í löndum Evrópubandalagsins. Með tilskipun um vinnuvernd barnshafandi kvenna og kvenna sem nýlega hafa fætt, sem tók gildi 19. október 1994, eru aðildarlöndin skyldug til að sjá barnshafandi konum fyrir heilsusamlegu vinnuumhverfi og í vissum tilfellum tryggja tilflutning í starfi án launabreytinga.

Einnig ber að taka tillit til vinnutíma barnshafandi kvenna og kvenna með börn á brjósti og þá sérstaklega að komast hjá næturvinnu þessara kvenna. Séu störf beinlínis hættuleg þessum konum og tilfærslum verður ekki við komið ber að veita þeim leyfi á fullum launum eða með fullnægjandi dagpeningum. Aðildarlöndin eru skyldug til að lögbinda að minnsta kosti 14 vikna fæðingarorlof með óskertum launum eða dagpeningum sem jafngilda veikindalaunum konunnar. Heimilt er að ákveða lágmarksgreiðslu og setja skilyrði um lágmarkstíma fyrir unnum réttindum.

Í tilskipuninni er einnig tryggður réttur barnshafandi kvenna til mæðraeftirlits án skerðingar á launum verði eftirliti ekki við komið utan vinnutíma. Konur skulu ekki missa nein starfsréttindi þann tíma sem þær eru frá vegna fæðingarorlofs.

Ljóst er að nauðsynlegt er að breyta hér á landi reglum um fæðingarorlof til þess að stjórnvöld standi við skuldbindingar sínar gagnvart EES. Ísland hefur tveggja ára aðlögunartíma að þessum reglum.

156. Fyrirspurn [148. mál]

til samgönguráðherra um veðurathugunarstöð á Þverfjalli.

Frá Pétri Bjarnasyni.

Hvenær er þess að vænta að Vegagerð ríkisins fái afnot af sjálfvirkri veðurathugunarstöð Veðurstofu Íslands á Þverfjalli svo að hægt verði að setja veðurskilyrði á Breiðadalsheiði inn í textavarp ríkissjónvarpsins?

157. Fyrirspurn [149. mál]

til menntamálaráðherra um lán til náms í iðnhönnun.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvenær verður nám í iðnhönnun lánshæft í Lánasjóði íslenskra námsmanna?

158. Fyrirspurn [150. mál]

til félagsmálaráðherra um greiningu á skuldastöðu heimilanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur verið fylgt eftir erindi félagsmálaráðuneytisins til Þjóðhagsstofnunar frá því í maí sl. um að Þjóðhagsstofnun greini skuldastöðu heimilanna með hliðsjón af þeim mun sem virðist vera á milli tekjuhópa og kynslóða að því er varðar lífskjör, skuldir, eignir og afkomumöguleika?
2. Hvenær má vænta að frumvarp um greiðsluaðlögun verði lagt fram á Alþingi?

159. Fyrirspurn [151. mál]

til forsætisráðherra um fjárveitingu til vegagerðar í Reykjavík.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hyggst ráðherra standa við fyrirheit frá því í september sl. um stóraukin fjárframlög til átaksverkefna í vegagerð í höfuðborginni?
2. Verða framlög tryggð með breytingartillögu við fjárlög 1995?

160. Svar [29. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um álitsgerðir Háskóla Íslands um ESB-aðild.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig var orðuð beiðni ríkisstjórnarinnar til Háskóla Íslands um athugun á áhrifum aðildar Íslands að Evrópusambandinu (ESB).*
2. *Hvernig var staðið að málinu innan Háskólans, m.a.:*
   a. ákvörðun um það hvaða deildir eða stofnanir ynnu að málinu,
   b. ákvörðun um hvaða einstaklingar kæmu að málinu,
   c. samræmingu og mati á niðurstöðum?

3. *Hvaða einstaklingar unnu verkið á vegum einstakra stofnana Háskólans?*
4. *Hvernig var staðið að og gengið frá lokaniðurstöðum stofnananna og hver ber ábyrgð á þeim?*
5. *Hvað kostar umrædd verkbeiðni ríkisstjórnarinnar í heild og hvaða stofnanir og einstaklingar hafa hlotið greiðslur fyrir einstaka verkþætti og hversu háar?*
6. *Hefur Háskóli Íslands mótað samræmdar reglur um hvernig sinnt skuli óskum um álit aðila utan skólans gegn gjaldi eða ókeypis og hvernig Háskólinn leggur nafn sitt við álitsgerðir, m.a. af pólitískum toga?*

Menntamálaráðuneyti svarar 1. spurningu og byggir á gögnum frá utanríkisráðuneyti. Svör við 2.–5. spurningu koma frá þeim stofnunum Háskóla Íslands sem unnu að úttektinni. Rektor Háskóla Íslands svarar 6. spurningu.

Svar við 1. spurningu.

Beiðni ríkisstjórnarinnar kom fram í tveimur bréfum frá viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis til stofnana Háskóla Íslands. Hið fyrra var dags. 4. mars 1994, hið síðar 3. maí 1994. Bréfin hljóða svo:

Bréf utanríkisráðuneytis til stofnana Háskóla Íslands, dags. 4. mars 1994:

Sent til:
Alþjóðamálastofnun, b.t. Gunnars G. Schram.
Félagsvísindastofnun, b.t. Stefáns Ólafssonar.
Hagfræðistofnun, b.t. Guðmundar Magnússonar.
Lagastofnun, b.t. Sigurðar Líndal.
Sjávarútvegsstofnun, b.t. Arnar D. Jónssonar/Eyjólfs Guðmundssonar.

Ríkisstjórnin ákvað í morgun að biðja ofangreindar stofnanir Háskóla Íslands að gera úttekt á því hvaða þýðingu það hefur fyrir Ísland:

a. Að standa utan Evrópusambandsins (ESB) með hliðsjón að væntanlegri aðild annarra EFTA-ríkja og miðað við að viðskiptakjör samkvæmt EES-samningnum haldist óbreytt.
b. Að gerast aðili að Evrópusambandinu.

Alþjóðamálastofnun skoði áhrif á utanríkis- og varnarmál, Félagsvísindastofnun athugi áhrif á pólitíska ákvarðanatöku, Hagfræðistofnun kanni almenn efnahagsleg áhrif, m.a. á samkeppnisstöðu atvinnuveganna, Lagastofnun geri úttekt á áhrifum á fullveldishugtakið og stjórnskipan í landinu og Sjávarútvegsstofnun kortleggi afleiðingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB og áhrif á sjávarútveginn.

Óskað er eftir niðurstöðum fyrir mitt ár. Geti ofangreindar stofnanir tekið þetta verkefni að sér eru þær beðnar að undirbúa drög að vinnuáætlun og kostnaðaráætlun. Boðað er til fundar í utanríkisráðuneytinu mánudaginn 14. mars nk., kl. 3, til þess að fara yfir tillögurnar.

Undirritað f.h.r. af Pétri G. Thorsteinssyni, utanríkisráðuneyti, viðskiptaskrifstofu.

Bréf til stofnana Háskóla Íslands, dags. 3. maí 1994:

Lagastofnun, b.t. Sigurðar Líndal, Háskóla Íslands, Lögbergi 101, Reykjavík.

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags. 4. mars sl., svarbréf Lagastofnunar, dags. 30. mars, og frekari samtöl um gerð samanburðar á EES- og hugsanlegri ESB-aðild Íslands.

Ráðuneytið hefur ákveðið að veita Lagastofnun styrk að upphæð 400.000 kr. í framangreint verkefni. Þess er óskað að stofnunin birti niðurstöður sínar 1. júlí nk. eða eins fljótt og unnt er eftir þann tíma. Stofnunin er beðin að leggja sérstaka áherslu á skoðun nauðsynlegra breytinga á stjórnarskrá ef til ESB-aðildar kæmi með tilliti til reynslu Dana, Norðmann og Svía.

Ráðuneytið óskar eftir að fá afhent a.m.k. eitt pappírseintak af skýrslu stofnunarinnar og eitt eintak á tölvutæku formi. Ráðuneytinu verði heimilt að fjölfalda og dreifa skýrslunni (án endurgjalds vegna höfundaréttar stofnunarinnar).

Vilji stofnunin þiggja framangreindan styrk í ofangreint verkefni er þess óskað að skrifleg staðfesting verði send ráðuneytinu (b.t. Benedikts Jónssonar) þar sem fram kemur bankareikningsnúmer og kennitala stofnunarinnar.

Undirritað f.h.r. af Gunnari Snorra Gunnarssyni.

Félagsvísindastofnun, b.t. Stefáns Ólafssonar, Háskóla Íslands, Odda, 101 Reykjavík.

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags. 4. mars sl., svarbréf Félagsvísindastofnunar, dags. 21. mars, og frekari samtöl um gerð samanburðar á EES- og hugsanlegri ESB-aðild Íslands.

Ráðuneytið hefur ákveðið að veita Félagsvísindastofnun styrk að upphæð 500.000 kr. í framangreint verkefni. Þess er óskað að stofnunin birti niðurstöður sínar 1. júlí nk. eða eins fljótt og unnt er eftir þann tíma. Stofnunin er beðin að leggja sérstaka áherslu á möguleika Íslands til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku í málefnum sem varða helstu hagsmunamál landsins sem aðili að EES annars vegar og ESB hins vegar. Æskilegt er að stofnunin hafi samráð við Alþjóðamálastofnun til þess að forðast skörun við verkefni hennar.

Ráðuneytið óskar eftir að fá afhent a.m.k. eitt pappírseintak af skýrslu stofnunarinnr og eitt eintak á tölvutæku formi. Ráðuneytinu verði heimilt að fjölfalda og dreifa skýrslunni (án endurgjalds vegna höfundaréttar stofnunarinnar).

Vilji stofnunin þiggja framangreindan styrk í ofangreint verkefni er þess óskað að skrifleg staðfesting verði send ráðuneytinu (b.t. Benedikts Jónssonar) þar sem fram kemur bankareikningsnúmer og kennitala stofnunarinnar.

Undirritað f.h.r. af Gunnari Snorra Gunnarssyni.

Sjávarútvegstofnun, b.t. Arnar D. Jónssonar, Háskóla Íslands, Tæknigarði, Dunhaga 5, 107 Reykjavík.

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags. 4. mars sl., svarbréf Sjávarútvegsstofnunar, dags. 18. mars, og frekari samtöl um gerð samanburðar á EES- og hugsanlegri ESB-aðild Íslands.

Ráðuneytið hefur ákveðið að veita Sjávarútvegsstofnun styrk að upphæð 500.000 kr. í framangreint verkefni. Þess er óskað að stofnunin birti niðurstöður sínar 1. júlí nk. eða eins fljótt og unnt er eftir þann tíma. Stofnunin er beðin að leggja sérstaka áherslu á styrkjakerfi ESB í sjávarútvegi og áhrif á samkeppnisstöðu Íslands gagnvart Noregi. Æskilegt er að stofnunin hafi samráð við Hagfræðistofnun til þess að forðast skörun við verkefni hennar.

Ráðuneytið óskar eftir að fá afhent a.m.k. eitt pappírseintak af skýrslu stofnunarinnar og eitt eintak á tölvutæku formi. Ráðuneytinu verði heimilt að fjölfalda og dreifa skýrslunni (án endurgjalds vegna höfundaréttar stofnunarinnar).

Vilji stofnunin þiggja framangreindan styrk í ofangreint verkefni er þess óskað að skrifleg staðfesting verði send ráðuneytinu (b.t. Benedikts Jónssonar) þar sem fram kemur bankareikningsnúmer og kennitala stofnunarinnar.

Undirritað f.h.r. af Gunnari Snorra Gunnarssyni.

Hagfræðistofnun, b.t. Guðmundar Magnússonar, Háskóla Íslands, Odda, 101 Reykjavík.

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags. 4. mars sl., svarbréf Hagfræðistofnunar, dags. 29. mars, og frekari samtöl um gerð samanburðar á EES- og hugsanlegri ESB-aðild Íslands.

Ráðuneytið hefur ákveðið að veita Hagfræðistofnun styrk að upphæð 1.400.000 kr. í framangreint verkefni. Þess er óskað að stofnunin birti niðurstöður sínar 1. júlí nk. eða eins fljótt og unnt er eftir þann tíma. Stofnunin er beðin að leggja sérstaka áherslu á styrkjakerfi ESB og áhrif landbúnaðarstefnu ESB á Íslandi. Æskilegt er að stofnunin hafi samráð við Sjávarútvegsstofnun til þess að forðast skörun við verkefni hennar.

Ráðuneytið óskar eftir að fá afhent a.m.k. eitt pappírseintak af skýrslu stofnunarinnar og eitt eintak á tölvutæku formi. Ráðuneytinu verði heimilt að fjölfalda og dreifa skýrslunni (án endurgjalds vegna höfundaréttar stofnunarinnar).

Vilji stofnunin þiggja framangreindan styrk í ofangreint verkefni er þess óskað að skrifleg staðfesting verði send ráðuneytinu (b.t. Benedikts Jónssonar) þar sem fram kemur bankareikningsnúmer og kennitala stofnunarinnar.

Undirritað f.h.r. af Gunnari Snorra Gunnarssyni.

Alþjóðamálastofnun, b.t. Gunnars G. Schram, Háskóla Íslands, Lögbergi, 101 Reykjavík.

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags. 4. mars sl., svarbréf Alþjóðamálastofnunar, dags. 17. mars, og frekari samtöl um gerð samanburðar á EES- og hugsanlegri ESB-aðild Íslands.

Ráðuneytið hefur ákveðið að veita Alþjóðamálastofnun styrk að upphæð 400.000 kr. í framangreint verkefni. Þess er óskað að stofnunin birti niðurstöður sínar 1. júlí nk. eða eins fljótt og unnt er eftir þann tíma. Stofnunin er beðin að leggja sérstaka áherslu á áhrif Íslands í alþjóðlegu samstarfi innan og utan ESB. Æskilegt er að stofnunin hafi samráð við Félagsvísindastofnun til þess að forðast skörun við verkefni hennar.

Ráðuneytið óskar eftir að fá afhent a.m.k. eitt pappírseintak af skýrslu stofnunarinnar og eitt eintak á tölvutæku formi. Ráðuneytinu verði heimilt að fjölfalda og dreifa skýrslunni (án endurgjalds vegna höfundaréttar stofnunarinnar).

Vilji stofnunin þiggja framangreindan styrk í ofangreint verkefni er þess óskað að skrifleg staðfesting verði send ráðuneytinu (b.t. Benedikts Jónssonar) þar sem fram kemur bankareikningsnúmer og kennitala stofnunarinnar.

Undirritað f.h.r. af Gunnari Snorra Gunnarssyni.

Svar við 2. spurningu.

Alþjóðamálastofnun:

a. Sjá hjálagða verkbeiðni ráðuneytisins.
b. Ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
c. Sama og í b-lið.

Félagsvísindastofnun:

a. Erindið barst beint frá verkbeiðanda til Félagsvísindastofnunar.
b. Forstöðumaður stofnunarinnar fól þremur aðilum umsjón með framkvæmd verksins og réð að auki sérfræðing í viðfangsefninu til að vinna og skrifa skýrsluna.
c. Samræming og mat á niðurstöðum var einfaldlega hluti af gerð og frágangi skýrslunnar af hálfu höfundar og umsjónarmanna.

Hagfræðistofnun:

a. Verkbeiðni frá utanríkisráðherra var beint til ákveðinna stofnana Háskóla Íslands.
b. Ákvörðun forstöðumanns og stjórnar Hagfræðistofnunar.
c. Sama og í b-lið.

Lagastofnun:

a. Samkvæmt verkbeiðni frá utanríkisráðuneytinu.

Enn er unnið að skýrslu Lagastofnunar og því er ekki unnt að svara b- og c-lið að svo stöddu.

Sjávarútvegsstofnun:

a. Beiðni utanríkisráðuneytisins var beint til ákveðinna stofnana. Samið var um verkþætti og greiðslur.
b. Myndaður var vinnuhópur um verkefnið og verkum skipt milli manna í vinnuhópnum í samræmi við sérsvið þeirra.
c. Óskað var eftir því að Hagfræðistofnun og Sjávarútvegsstofnun hefðu samráð sín á milli og var það gert.

Svar við 3. spurningu.

Alþjóðamálastofnun:

Gústaf Adolf Skúlason, stjórnmálafræðingur.

Félagsvísindastofnun:

Ragnar Kristjánsson skrifaði skýrsluna fyrir Félagsvísindastofnun. Hann hefur lokið BA-prófi í stjórnmálafræði frá HÍ og framhaldsnámi til MA-gráðu í Englandi þar sem hann sérhæfði sig í stjórnskipulagsmálum Evrópusambandsins. Umsjónarmenn af hálfu stofnunarinnar voru dr. Gunnar Helgi Kristinsson, dr. Ólafur Þ. Harðarson og dr. Stefán Ólafsson (í stafrófsröð).

Hagfræðistofnun:

Jón Þór Sturluson hagfræðingur, Ingólfur Bender hagfræðingur, dr. Jón Daníelsson lektor og Þórólfur Matthíasson lektor.

Sjávarútvegsstofnun:

Vinnuhópur á ábyrgð stjórnar.

Svar við 4. spurningu.

Alþjóðamálastofnun:

Skýrsluhöfundur safnaði gögnum og heimildum um viðfangsefnið og skrifaði skýrsluna um það. Stjórn stofnunarinnar hafði umsjón með samræmingu og frágangi skýrslu og samþykkti afhendingu hennar.

Í stjórninni eru: Gunnar G. Schram prófessor, stjórnarformaður, Gunnar Helgi Kristinsson dósent, Guðmundur Magnússon prófessor, Gísli Ágúst Gunnlaugsson dósent og Róbert Trausti Árnason ráðuneytisstjóri.

Félagsvísindastofnun:

Skýrsluhöfundur safnaði gögnum um viðfangsefnið og skrifaði skýrsluna um það. Umsjónarmenn voru honum til aðstoðar við skipulagningu verksins og lásu yfir handritið af skýrslunni á ýmsum stigum og einnig í endanlegum búningi. Stofnunin ber að sjálfsögðu ábyrgð á skýrslunni.

Hagfræðistofnun:

Forstöðumaður, Guðmundur Magnússon, prófessor, hafði umsjón með samræmingu og frágangi skýrslu og tók ákvörðun um hvenær hún skyldi send til verkbeiðanda.

Sjávarútvegsstofnun:

Sjávarútvegsstofnun skilar niðurstöðum í sínu nafni og bera forstöðumaður, Örn D. Jónsson, og stjórn stofnunarinnar ábyrgð á þeim.

Stjórn stofnunarinnar skipa: Ragnar Árnason prófessor, stjórnarformaður, Gísli Pálsson prófessor, Logi Jónsson dósent, Páll Jensson prófessor og Valdimar K. Jónsson prófessor.

Svar við 5. spurningu.

Ríkisstjórnin veitti samtals 2,8 millj. kr. í styrki til stofnana Háskóla Íslands vegna úttektarinnar.

Alþjóðamálastofnun:

Fjárveiting til verksins var 400 þús. kr. og var hún öll greidd starfsmanni stofnunarinnar við verkið.

Félagsvísindastofnun:
Utanríkisráðuneytið veitti Félagsvísindastofnun 500 þús kr. til verksins og gekk upphæðin öll til greiðslu á launum fyrir vinnu Ragnars Kristjánssonar. Umsjónarmönnum var ekki greitt fyrir vinnu sína.
Hagfræðistofnun:
Uppgjör liggur ekki fyrir af hálfu Hagfræðistofnunar. Samið var um ákveðna greiðslu fyrir verkið, 1.400 þús. kr.
Sjávarútvegsstofnun:
Stofnuninni voru greiddar 500 þús. kr. fyrir sinn verkþátt í formi styrks.

Svar við 6. spurningu.
Þegar stofnunum Háskóla Íslands berast beiðnir um álitsgerðir eða aðrar verkbeiðnir hefur reglan verið sú að þeim sé heimilt að nota nafn Háskólans í tengslum við útgáfur sínar, en forstöðumaður og stjórnir stofnananna beri jafnframt fulla ábyrgð á þeim. Háskóli Íslands hefur ekki mótað nánari reglur um hvernig samskiptum stofnana og verkbeiðenda skuli háttað.

161. Svar [57. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Árna R. Árnasonar um færslur aflaheimilda á fiskveiðiárinu 1993–94.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
1. *Hvaða skipum var úthlutað aflaheimildum á fiskveiðiárinu 1993–94 af hverri bolfisktegund?*
2. *Hver þeirra færðu á fiskveiðiárinu aflaheimildir til sín og frá sér?*
3. *Hve mikið var fært og hve hátt hlutfall var það samanborið við úthlutaðar aflaheimildir til hvers þeirra?*

Svar við fyrirspurninni er að finna í tveimur meðfylgjandi töflum sem unnar eru úr aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Í fyrri töflunni er reiknað með öllum flutningum á aflaheimildum innan fiskveiðiársins, svokölluðum A-, B-, C- og D-færslum, en í þeirri seinni er einungis reiknað með B- og D-færslum.

Flutningi á aflamarki hefur verið skipt í fjóra flokka, A, B, C og D. Í flokki A er flutningur aflamarks milli skipa í eigu sama aðila. Í flokki B er flutningur aflamarks milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð. Í flokki C er flutningur aflamarks á grundvelli jafnra skipta. Í flokki D er flutningur aflamarks milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð og ekki eru í eigu sama aðila.

Í töflu I, þar sem birtar eru upplýsingar um aflamark sem flutt er til eða frá skipum, er átt við flutninga í öllum þessum flokkum. Þetta ber að hafa í huga þegar töflurnar eru skoðaðar, þ.e. að hér er um að ræða alla flutninga á aflamarki, hvort sem er milli skipa í eigu óskyldra aðila eða skipa í eigu sama aðila.

Í töflu II eru birtar upplýsingar um aflamark sem flutt er til eða frá skipum. Í töflunni er einungis átt við flutninga í flokkum B og D, en þannig má gera ráð fyrir að upplýsingar um flutninga á aflamarki milli óskyldra aðila komi skýrast fram.

Í báðum töflunum getur virst vera misræmi í tölunum sem eru birtar en það skýrist af tilfærslum innan skipa sömu útgerðar eða jöfnum skiptum. Jöfnu skiptin geta tekið til annarra tegunda en botnfisktegunda, svo sem rækju og síldar.

Rétt er að benda á að útgerðir, sem hafa yfir að ráða fleiri skipum en einu, hafa stundum þann háttinn á að nota eitt skip sem nokkurs konar miðstöð í flutningum á aflamarki til skipa í eigu annarra aðila en flytja aflaheimildir milli eigin skipa að auki. Því geta einstök skip skorið sig úr hvað varðar magn aflamarks sem flutt er til þess eða frá því vegna þess að í raun er verið að flytja aflamark til eða frá fleiri skipum.

Samsetning taflnanna er í samráði við spyrjanda. Í töflunum er öllum þremur liðum fyrirspurnarinnar svarað fyrir hvert skip fyrir sig:

Í fyrsta dálki er nafn skips og skráningarnúmer. Í öðrum dálki er listi yfir þær fisktegundir sem skipinu var úthlutað aflamarki í. Í þriðja dálki kemur fram hver úthlutunin var í hverri tegund fyrir sig. Í fjórða dálki kemur fram hve mikið aflamark var flutt til skipsins á fiskveiðiárinu. Í fimmta dálki sést hlutfall aflamarks sem var flutt til skips miðað við úthlutað aflamark. Í sjötta dálki kemur fram hve mikið aflamark var flutt frá skipinu á fiskveiðiárinu. Í síðasta dálki kemur fram hvert hlutfall aflamarks, sem var flutt frá skipinu, er miðað við úthlutað aflamark.

Magntölur eru í kílóum og miðast þær við slægðan fisk nema tölur um karfa sem miðast við óslægðan fisk. Í öllum tilvikum er um heildartölur að ræða. Einn listi er fyrir hvert kjördæmi og miðast skráning skipa við heimahöfn þess í lok fiskveiðiársins 1993–94. Skipum, sem komu ný á fiskveiðiárinu, var ekki úthlutað aflamarki og eru þau ekki með á listanum. Athygli er enn fremur vakin á því að flutningar á aflamarki milli skipa í sambandi við skipakaup geta haft áhrif á þær tölur um flutninga á aflamarki.

TAFLA I.

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1056	Arnar ÁR 55	Þorskur	331,301	40,000	12	231,815	70
		Ýsa	117,036	119,000	102	99,920	85
		Ufsi	532,711			520,027	98
		Karfi	30,284	15,000	50	23,428	77
		Skarkoli	93,556			40,050	43
464	Ágústa Haraldsdóttir VE 108	Þorskur	94,119	8,553	9	961	1
		Ýsa	38,708	90			
		Ufsi	62,035	47,296	76		
		Karfi	12,531	690	6		
		Skarkoli	1,041				
133	Álaborg ÁR 25	Þorskur	104,714	55,000	53		
		Ýsa	51,684				
		Ufsi	184,994	150,000	81	6,000	3
		Karfi	20,363	23,043	113	38,000	187
		Skarkoli	5,813			4,600	79
1652	Álsey VE 502	Þorskur	186,989	245,000	131	137,000	73
		Ýsa	387,842	97,754	25	175,000	45
		Ufsi	285,759	50,000	17	160,000	56
		Karfi	226,605	28,143	12	95,000	42
		Grálúða	893			598	67
		Skarkoli	26,289	49,461	188	44,002	167
1987	Árntýr VE 478	Þorskur	12,234	3,619	30	5,994	49
		Ýsa	4,272	5,500	129	2,419	57
		Ufsi	2,108			2,567	122
		Karfi	248			296	119
		Skarkoli	77			92	119
442	Ásta VE 2	Þorskur	59,034	18,437	31	80,915	137
		Ýsa	30,824	21,919	71	47,879	155
		Ufsi	10,107	43,154	427	53,552	530
		Karfi	1,134			4,048	357
		Skarkoli	204	377	185	582	285
310	Baldur VE 24	Þorskur	47,957	18,500	39	10,000	21
		Ýsa	223,821			112,000	50
		Ufsi	23,813				
		Skarkoli	92,008	13,800	15	60,000	65
1478	Bergey VE 544	Þorskur	453,614	136,000	30	172,293	38
		Ýsa	594,577	476,771	80	513,125	86
		Ufsi	657,951	346,831	53	682,397	104
		Karfi	78,320	514,010	656	64,000	82
		Grálúða	1,786	3,700	207	7,000	392
		Skarkoli	33,153	8,233	25	26,463	80
1031	Bergur VE 44	Þorskur	24,691			29,000	117
		Skarkoli	64				
1935	Björg VE 5	Þorskur	128,646	10,070	8		
		Ýsa	270,657				
		Ufsi	91,701	164,000	179		
		Karfi	19,841	7,000	35		
		Skarkoli	109,728			50,356	46
6299	Bogga ÁR 67	Þorskur	7,362	25,194	342	34,000	462
		Ufsi	806			1,008	125
6175	Bravo VE 160	Þorskur	885			1,100	124
		Ufsi	1,488			1,000	67
		Karfi	26			86	331
1459	Breki VE 61	Þorskur	336,141	1,564,605	465	1,812,530	539
		Ýsa	303,268	962,499	317	894,934	295
		Ufsi	1,592,811	1,400,048	88	2,025,032	127
		Karfi	1,007,763	1,781,643	177	1,575,457	156
		Grálúða	111,142	25,206	23	139,889	126
		Skarkoli	24,018	11,794	49	30,082	125
2025	Bylgja VE 75	Þorskur	289,695	80,893	28	44,751	15
		Ýsa	303,656	47,164	16		
		Ufsi	306,355	382,819	125		
		Karfi	72,054	21,338	30	38,000	53
		Skarkoli	30,203	18,635	62	43,000	142
6061	Byr VE 150	Þorskur	1,117	3,170	284	475	43
		Ýsa	397	1,416	357	1,752	441
		Ufsi	872	1,205	138	1,910	219
		Karfi	300	459	153	817	272
1258	Byr VE 373	Þorskur	84,035	179,277	213	16,000	19
		Ýsa	35,025	12,575	36		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1258	Byr VE 373	Ufsi	1,764				
		Karfi	2,089	3,066	147	6,500	311
1433	Dalá Rafn VE 508	Þorskur	302,666	59,000	19	216,000	71
		Ýsa	186,447			7,000	4
		Ufsi	374,193	126,000	34	163,000	44
		Karfi	153,331	1,125,734	734	514	
		Grálúða	102,334	2,755	3	100,138	98
		Skarkoli	72,525	200		23,000	32
1639	Dalaröst ÁR 63	Þorskur	125,393	34,462	27	77,000	61
		Ýsa	78,593			2,000	3
		Ufsi	26,459				
		Karfi	1,044			1,000	96
		Skarkoli	157,330			135,800	86
1146	Danski Pétur VE 423	Þorskur	151,351			10,000	7
		Ýsa	124,724	31,000	25		
		Ufsi	225,785	41,300	18		
		Karfi	12,531	800	6		
		Skarkoli	82,843	80		20,000	24
2048	Drangavík VE 555	Þorskur	112,634	408,112	362	222,000	197
		Ýsa	52,856	996,847	1,886	248,503	470
		Ufsi	53,800	594,123	1,104	148,427	276
		Karfi	6,266	449,578	7,175	17,670	282
		Skarkoli	16,744	136,678	816	122,513	732
795	Drífa ÁR 300	Þorskur	83,155	29,263	35		
		Ýsa	177,690			10,000	6
		Ufsi	133,178	34,295	26	5,000	4
		Karfi	16,708			8,500	51
		Skarkoli	69,769			65,000	93
2004	Egill ÁR 85	Þorskur	21,884	3,000	14	14,500	66
		Ýsa	8,073	7,548	93	3,500	43
		Ufsi	1,813	12,000	662		
1664	Emma VE 219	Þorskur	116,902	45,797	39		
		Ýsa	263,884	31,000	12	95,000	36
		Ufsi	111,539	124,337	111		
		Karfi	28,195	10,190	36		
		Skarkoli	42,742	38,256	90	30,000	70
1895	Ex Andvari fórst 22/5 93 VE 100	Þorskur	102,653			130,198	127
		Ýsa	233,101			279,644	120
		Ufsi	203,409			247,685	122
		Karfi	113,825			113,825	100
		Skarkoli	30,802			36,962	120
2191	Ex Guðmunda Torfadtir s.úr landi 20/4 94	Þorskur	511,967	46,635	9	402,138	79
		Ýsa	705,459	36,999	5	829,069	118
		Ufsi	1,454,233			1,754,382	121
		Karfi	1,264,670	1,789		961,944	76
		Grálúða	5,359	144,217	2,691	39,200	731
		Skarkoli	35,210			43,595	124
1315	Eyrún ÁR 66	Þorskur	69,148	44,214	64		
		Ýsa	65,662			20,000	30
		Ufsi	16,647	14,414	87		
		Karfi	3,394	1,829	54		
		Skarkoli	3,318			2,100	63
1595	Frár VE 78	Þorskur	279,260	75,120	27	11,500	4
		Ýsa	398,842	103,344	26		
		Ufsi	261,117	54,823	21		
		Karfi	14,594	28,817	197	15,000	103
		Skarkoli	79,779	14,088	18	28,000	35
1199	Frár VE 7	Þorskur	38,428			35,200	92
		Ýsa	82,865			75,592	91
		Ufsi	62,537			52,913	85
		Karfi	4,864	15,000	308		
		Skarkoli	17,926			14,081	79
1590	Freyja VE 260	Þorskur	8,110	3,100	38	5,000	62
		Ýsa	854	5,000	585		
		Ufsi	3,626	2,700	74		
		Karfi	592	1,000	169		
11	Freyr ÁR 102	Þorskur	161,471	64,176	40	8,000	5
		Ýsa	37,588	254,630	677	30,000	80
		Skarkoli	97,016	103,000	106	40,000	41
7176	Friðrik Jesson VE 177	Þorskur	13,453	2,654	20	16,179	120

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
7176	Friðrik Jesson VE 177	Ýsa	4,665	12,272	263	10,509	225
		Ufsi	2,992			4,096	137
		Karfi	292	53	18	965	330
1084	Friðrik Sigurðsson ÁR 17	Þorskur	201,949	395,923	196	1,230	1
		Ýsa	74,322	7,081	10		
		Ufsi	291,051	153,274	53	114,000	39
		Karfi	31,328	5,219	17	4,778	15
		Skarkoli	99,897	26,000	26		
236	Frigg VE 41	Þorskur	139,032	118,000	85	100,000	72
		Ýsa	177,690	5,000	3		
		Ufsi	194,916				
		Karfi	41,770	275,000	658		
		Grálúða	893			1,151	129
		Skarkoli	12,568	3,352	27	1,000	8
10	Fróði ÁR 33	Þorskur	200,629	43,928	22		
		Ýsa	144,373			100,000	69
		Ufsi	183,450	170,000	93	20,000	11
		Karfi	18,797	6,000	32	17,500	93
		Skarkoli	28,154			19,000	67
84	Gandi VE 171	Þorskur	167,495	78,639	47		
		Ýsa	104,587				
		Ufsi	316,196	364,479	115	81,314	26
		Karfi	14,620	40,000	274		
		Skarkoli	158,326	31,660	20	93,108	59
1523	Gaui gamli VE 6	Þorskur	7,890	4,652	59		
		Ýsa	21,998			11,000	50
		Ufsi	1,632	509	31	1,300	80
		Karfi	1,294			800	62
		Skarkoli	40	40	100	80	200
1752	Gissur ÁR 6	Þorskur	69,237	40,000	58	109,800	159
		Ýsa	28,156			31,000	110
		Ufsi	999			800	80
		Karfi	99,205			99,000	100
		Grálúða	18,757	25,000	133	10,000	53
		Skarkoli	2,354			2,825	120
1011	Gígja VE 340	Þorskur	39,598			50,223	127
1039	Gjafar VE 600	Þorskur	189,629	80,349	42	189,046	100
		Ýsa	132,413	202,500	153		
		Ufsi	248,716	256,901	103		
		Karfi	22,974	693,945	3,021	15,000	65
		Skarkoli	17,809	3,128	18	17,000	95
244	Glófaxi VE 300	Þorskur	168,346	204,754	122		
		Ýsa	49,827	14,774	30	24,000	48
		Ufsi	316,628	121,037	38	84,000	27
		Karfi	12,531	52,285	417		
		Skarkoli	20			1,037	5,185
1953	Góa VE 30	Þorskur	25,829	41,331	160	4,000	15
		Ýsa	11,551	18,759	162		
		Ufsi	4,032	17,254	428		
1546	Guðbjörn ÁR 34	Þorskur	29,478	32,209	109	1,280	4
		Ýsa	23,065			3,500	15
		Ufsi	8,820			6,600	75
		Skarkoli	3,769			1,000	27
1272	Guðmundur VE 29	Þorskur	39,598	4,556	12	50,223	127
243	Guðrún VE 122	Þorskur	140,352	221,823	158		
		Ýsa	28,191	31,515	112	20,969	74
		Ufsi	210,791	447,745	212	111,514	53
		Karfi	26,107	2,330	9	40,000	153
		Skarkoli	180	3,000	1,667	3,128	1,738
1401	Gullberg VE 292	Þorskur	80,482	19,600	24	100,500	125
		Ýsa	65,821			67,185	102
		Ufsi	75,246	45,600	61	117,422	156
		Karfi	9,645	347	4	8,000	83
		Grálúða	893	5,009	561		
		Skarkoli	6,828				
490	Gullborg VE 38	Þorskur	122,723	33,497	27	2,626	2
		Ýsa	57,327	25,000	44	68,000	119
		Ufsi	164,773	106,128	64	8,000	5
		Karfi	12,531	4,700	38	10,000	80
		Skarkoli	53			732	1,381

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1414	Gulltoppur ÁR 321	Þorskur	86,731	65,523	76	557	1
		Ýsa	31,786				
		Ufsi	7,827	25,791	330		
		Karfi	1,305	19,774	1,515	22,574	1,730
		Skarkoli	5,268			4,500	85
6985	Gustur VE 101	Þorskur	48,584	6,500	13	41,212	85
		Ýsa	23,352			20,000	86
		Ufsi	13,825			10,000	72
		Karfi	2,455			5,000	204
		Skarkoli	9			297	3,300
1091	Hafbjörg VE 115	Þorskur	37,398	28,581	76	35,425	95
		Ýsa	3,526	14,494	411	2,600	74
		Ufsi	6,174	5,633	91	6,316	102
		Skarkoli	3,351			3,352	100
249	Hafnarröst ÁR 250	Þorskur	164,111	45,846	28	193,400	118
		Ýsa	15,377	22,000	143		
		Ufsi	570,636	112,000	20	672,800	118
		Karfi	31,328			34,000	109
		Skarkoli	65,463	4,000	6	3,000	5
100	Haförn ÁR 115	Þorskur	157,071	8,153	5	156,805	100
		Ýsa	50,402			50,000	99
		Grálúða	2,680	2,768	103	2,673	100
		Skarkoli	9,008	3,340	37	9,000	100
1751	Hásteinn ÁR 8	Þorskur	126,357	187,425	148	37,000	29
		Ýsa	77,739	2,368	3	19,900	26
		Ufsi	75,410	2,923	4	25,800	34
		Karfi	9,398	9,838	105		
		Skarkoli	39,516	23,723	60		
1035	Heimaey VE 1	Þorskur	161,471	235,093	146	383,937	238
		Ýsa	383,571	289,564	75	472,754	123
		Ufsi	179,922	329,857	183	271,000	151
		Karfi	27,151	332,478	1,225	224,960	829
		Skarkoli	26,190	17,047	65	37,308	142
1626	Hersir ÁR 2	Þorskur	46,197	10,745	23	45,200	98
		Ýsa	26,483	118		26,000	98
		Ufsi	29,105	800	3	29,000	100
		Karfi	7,310	27		7,000	96
		Grálúða	1,786	50,575	2,832	10,000	560
1226	Hlýri VE 172	Þorskur	22,242	1,085	5	14,346	64
		Ýsa	9,024	794	9		
		Ufsi	2,167	2,509	116		
		Karfi	929			1,789	193
		Skarkoli	355			565	159
5879	Hlýri VE 305	Þorskur	4,542			4,000	88
		Ýsa	885			1,000	113
		Ufsi	1,879			2,200	117
		Karfi	931			1,200	129
1411	Huginn VE 55	Þorskur	47,517	12,500	26	60,000	126
		Ýsa	28,832			28,000	97
		Ufsi	117,302			118,000	101
		Karfi	32,372			38,000	117
		Grálúða	3,573	687	19		
		Skarkoli	2,942			2,359	80
1610	Ísleifur VE 63	Þorskur	39,598			39,598	100
		Ýsa	31,667			31,667	100
		Ufsi	10,867			10,867	100
2067	Jóhann Gíslason ÁR 42	Þorskur	380,578	19,752	5	395,600	104
		Ýsa	588,650	86,545	15	696,267	118
		Ufsi	837,873	21,940	3	934,280	112
		Karfi	42,815			42,815	100
		Skarkoli	158,876	31,950	20	184,527	116
137	Jóhanna ÁR 206	Þorskur	142,992			58,600	41
		Ýsa	55,528			3,000	5
		Ufsi	66,148	293,000	443	46,000	70
		Karfi	7,310			100	1
		Skarkoli	5,571			6,000	108
1562	Jón á Hofi ÁR 62	Þorskur	199,749	92,077	46	234,982	118
		Ýsa	42,714	296,267	694	231,545	542
		Ufsi	480,674	184,280	38	621,940	129
		Karfi	22,974	15		24,700	108

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1562	Jón á Hofi ÁR 62	Skarkoli	181,096	26,527	15	167,950	93
1748	Jón Klemens ÁR 313	Þorskur	56,757	56,002	99	32,500	57
		Ýsa	69,196	190,070	275	70,500	102
		Ufsi	10,584	27,426	259	4,000	38
		Karfi	1,044	1,215	116		
		Skarkoli	48,663	158,684	326	65,000	134
1347	Jón Vídalín ÁR 1	Þorskur	806,967	278,000	34	863,776	107
		Ýsa	254,575	121,400	48	168,361	66
		Ufsi	854,630	170,700	20	176,310	21
		Karfi	2,278,582	315,152	14	1,040,868	46
		Grálúða	347,456			259,500	75
		Skarkoli	7,123	10,700	150	22,000	309
963	Júlíus ÁR 111	Þorskur	27,220	46,000	169	25,000	92
1062	Kap II VE 4	Þorskur	39,598	119,870	303	169,664	428
		Ýsa	180,055	36,092	20	215,861	120
1135	Kristbjörg VE 70	Þorskur	395,880	33,568	8	180,231	46
		Ýsa	62,362				
		Ufsi	64,384	44,200	69	40,000	62
		Karfi	35,505	3,021	9		
		Skarkoli	12,653	84,000	664	4,881	39
372	Kristín VE 40	Þorskur	19,359			20,000	103
		Ýsa	12,814			11,000	86
		Ufsi	5,292			7,000	132
		Skarkoli	16			116	725
7202	Marvin ÁR 24	Þorskur	12,266			10,000	82
		Ýsa	4,299				
		Ufsi	2,084				
1829	Máni ÁR 70	Þorskur	23,839	65,979	277		
		Ýsa	38,145			12,000	31
		Ufsi	1,974	45,000	2,280		
		Karfi	508				
7215	Norma VE 91	Þorskur	22,860	10,000	44	28,642	125
		Ýsa	8,292			7,500	90
		Ufsi	2,027	4,550	224	259	13
2030	Ófeigur VE 325	Þorskur	182,150	107,925	59	85,334	47
		Ýsa	128,774	487,887	379	265,999	207
		Ufsi	137,845	361,468	262	1,000	1
		Karfi	683,908	70		133,000	19
		Skarkoli	5,610	28		3,113	55
168	Páll ÁR 401	Þorskur	149,152	22,982	15		
		Ýsa	369,048				
		Ufsi	112,010	152,614	136		
		Karfi	58,479	1,558	3		
		Skarkoli	27,301	16,437	60		
1061	Sighvatur Bjarnason VE 81	Þorskur	30,496	162,500	533	195,635	642
		Ýsa	150,353	76,000	51	256,200	170
		Ufsi	31,023	702,615	2,265	722,700	2,330
		Karfi	43	327,834	762,405	176,530	410,535
		Grálúða	41,981	3,309	8	49,981	119
		Skarkoli	71,454	17,393	24	89,000	125
918	Sigurbára VE 249	Þorskur	134,052	111,941	84		
		Ýsa	108,357	850	1		
		Ufsi	174,422	109,958	63		
		Karfi	11,487	530	5		
		Skarkoli	2,735				
1051	Sigurbjörn VE 329	Þorskur	9,720	11,200	115	4,000	41
		Ýsa	11,172				
		Ufsi	1,999				
		Karfi	464				
		Skarkoli	29				
1019	Sigurborg VE 121	Þorskur	149,592	82,757	55	128,000	86
		Ýsa	186,232	112,894	61	97,500	52
		Ufsi	67,912	213,935	315	79,164	117
		Karfi	123,223	800,085	649	280,810	228
		Skarkoli	54,397	25,156	46	58,000	107
183	Sigurður VE 15	Þorskur	39,598	1,495	4	50,223	127

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1534	Sindri VE 60	Þorskur	516,531	177,610	34	53,241	10
		Ýsa	140,956	254,066	180	66,027	47
		Ufsi	186,096	87,091	47	152,261	82
		Karfi	607,761	333,592	55	541,274	89
		Grálúða	312,621	2,161	1	259,745	83
		Skarkoli	9,877	3,270	33	11,791	119
759	Sjöfn VE 37	Þorskur	36,886	165,060	447	196,513	533
		Ýsa	98,084	170,150	173	262,735	268
		Ufsi	14,537	114,640	789	119,041	819
		Karfi	10,443			4,256	41
		Skarkoli	31,909	86,609	271	113,649	356
1082	Skúli fógeti VE 185	Þorskur	28,158	60,581	215	3,568	13
		Ýsa	36,734	4,565	12	24,000	65
		Ufsi	29,105	139,395	479	31,000	107
		Karfi	9,398	14,935	159	5,024	53
		Skarkoli	32,221	6,000	19	38,157	118
951	Sleipnir VE 83	Þorskur	79,196	76,511	97	97,196	123
		Ýsa	51,257	45,220	88	66,405	130
		Ufsi	17,639	206,930	1,173	69,501	394
		Karfi	12,531	20,000	160	12,531	100
		Skarkoli	8,167	2,359	29	10,360	127
1622	Smáey VE 144	Þorskur	229,667	80,185	35	60,180	26
		Ýsa	633,019	4,259	1	297,020	47
		Ufsi	283,113	244,829	86	14,100	5
		Karfi	42,815	203,665	476	4,000	9
		Skarkoli	66,613	4,760	7	61,000	92
13	Snætindur ÁR 88	Þorskur	98,971			30,500	31
		Ýsa	23,928				
		Ufsi	196,879	55,000	28		
		Karfi	14,620	4,778	33	9,000	62
		Skarkoli	169				
7048	Stakkur ÁR 5	Þorskur	13,140	193	1	15,700	119
		Ýsa	4,090				
		Ufsi	7,647				
		Karfi	692	727	105	1,974	285
1336	Stígandi VE 77	Karfi	61			70	115
		Skarkoli	25			28	112
7	Stokksnes VE 700	Þorskur	139,472	58,916	42	100,000	72
		Ýsa	95,679	42,850	45	96,539	101
		Ufsi	55,564	17,272	31	55,425	100
		Karfi	16,708	2,971	18	13,751	82
		Skarkoli	70,980	14,000	20	79,668	112
51	Stýrmir VE 82	Þorskur	177,251	247,462	140	70,989	40
		Ýsa	68,342	1,600	2	63,000	92
		Ufsi	3,528	323,012	9,156	93,541	2,651
		Karfi	7,309	50,000	684	9,748	133
		Gráluða	5,359			5,983	112
		Skarkoli	735	114	16	937	127
1918	Svala VE 25	Þorskur	51,848	106,485	205	58,131	112
		Ýsa	17,368	35,190	203	32,381	186
		Ufsi	27,646	47,552	172	43,777	158
		Karfi	2,659	2,782	105	4,366	164
		Skarkoli	544	1,335	245	2,199	404
7249	Svanur VE 90	Þorskur	6,222	11,520	185	14,894	239
		Ýsa	1,081			1,500	139
		Ufsi	905	1,064	118	500	55
1543	Sæberg ÁR 20	Þorskur	23,863	126,364	530	24,000	101
		Ýsa	8,543	8,497	99	8,000	94
		Ufsi	1,764	49,027	2,779	12,000	680
		Skarkoli	4,564	119,900	2,627	95,000	2,082
734	Sædís ÁR 9	Þorskur	4,400	2,000	45		
		Ýsa	3,417	600	18		
		Skarkoli	3,251			3,249	100
1855	Sæfari ÁR 117	Þorskur	141,672			50,000	35
		Ýsa	26,483				
		Ufsi	4,410	211,500	4,796		
		Karfi	1,044	18,000	1,724		
		Skarkoli	26,869			26,000	97
259	Valdimar Sveinsson VE 22	Þorskur	164,111	384,288	234		
		Ýsa	47,840	19,634	41	31,500	66

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
259	Valdimar Sveinsson VE 22	Ufsi	368,664	407,052	110	950	
		Karfi	19,841				
		Skarkoli	11,066			11,000	99
1273	Vestmannaey VE 54	Þorskur	344,500	80,000	23	4,000	1
		Ýsa	205,027	329,866	161	124,300	61
		Ufsi	493,904	5,251	1	315,000	64
		Karfi	764,401	556,452	73	457,300	60
		Grálúða	165,243	106,430	64	226,674	137
		Skarkoli	900	1,939	215	4,400	489
6524	Ystiklettur VE 117	Þorskur	8,709	3,772	43	9,457	109
		Ýsa	8,012	3,400	42	8,313	104
		Skarkoli	67			114	170
2020	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	Þorskur	317,714	75,720	24	100,000	31
		Ýsa	326,420	41,563	13	49,000	15
		Ufsi	538,087	179,131	33	12,000	2
		Karfi	141,186	331,079	234		
		Skarkoli	56,949	66		56,460	99
7259	Þytur VE 46	Þorskur	7,980			6,000	75
		Ýsa	1,278				
		Ufsi	1,501				
1758	Óðlingur VE 202	Þorskur	105,594	39,060	37	65,000	62
		Ýsa	44,422	154,170	347		
		Ufsi	76,732	47,440	62		
		Karfi	6,266	37,375	596		
		Skarkoli	1,470	15,033	1,023		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1786	Abba GK 247	Þorskur	16,942	15,266	90	16,000	94
		Ýsa	6,615	5,220	79	8,011	121
		Ufsi	1,996	39	2	2,935	147
		Skarkoli	1,781			1,886	106
971	Aðalvík KE 95	Þorskur	85,414	125,465	147	6,047	7
		Ýsa	156,302			16,498	11
		Ufsi	144,643			104,726	72
		Karfi	5,221			1,222	23
		Grálúða	16,078	4,944	31	21,009	131
		Skarkoli	36,087			42,591	118
1046	Albert GK 31	Þorskur	39,598	5		38,463	97
256	Albert Ólafsson HF 39	Þorskur	184,790	32,895	18		
		Ýsa	57,237	91,731	160	9,400	16
		Ufsi	10,584	25,600	242	2,923	28
		Grálúða	26,796	4,700	18	34,911	130
		Skarkoli	159			141	89
1075	Andri KE 46	Þorskur	60,468	57,039	94	116,541	193
		Ýsa	80,822	7,000	9	80,822	100
		Ufsi	8,428			6,400	76
		Karfi	5,221	887	17		
		Skarkoli	46,644	57,024	122	60,000	129
1968	Arnar KE 260	Þorskur	115,273	7,417	6	38,300	33
		Ýsa	23,920	75,747	317		
		Ufsi	4,410				
		Karfi	1,044			3,063	293
		Skarkoli	128,677	25,000	19	5,000	4
1416	Arney KE 50	Þorskur	240,555	526,460	219	15,000	6
		Ýsa	72,089			5,000	7
		Ufsi	225,494	410,934	182		
		Karfi	18,249			18,200	100
		Skarkoli	3,638				
6463	Auðbjörg HF 47	Þorskur	3,359	170	5	4,254	127
		Ýsa	4,328	720	17	4,330	100
		Ufsi	754			918	122
5044	Auðlind HF 29	Þorskur	3,764	68,245	1,813	72,178	1,918
		Ýsa	1,191	45,246	3,799	46,745	3,925
		Ufsi	4,302	25,967	604	30,360	706
		Karfi	1,120	16,286	1,454	17,527	1,565
		Skarkoli	2,066	46,264	2,239	48,758	2,360
1239	Auður HF 8	Þorskur	16,114	47,500	295	24,500	152
		Ýsa	4,611	4,500	98	4,054	88
		Ufsi	16,640			14,667	88
		Karfi	345			368	107
		Skarkoli	18	7,416	41,200	7,508	41,711
6122	Axel KE 71	Þorskur	544				
		Ýsa	791				
262	Ágúst Guðmundsson GK 95	Þorskur	135,072	456,631	338	69,000	51
		Ýsa	76,031	62,464	82	41,000	54
		Ufsi	163,165	412,014	253	65,628	40
		Karfi	14,620	45,480	311		
		Grálúða	1,786	2,776	155	4,203	235
		Skarkoli	14,493	4,588	32	11,000	76
1844	Ágústa GK 24	Þorskur	46,829	2,000	4		
		Ýsa	24,512				
		Ufsi	14,688				
		Karfi	43				
		Skarkoli	249				
1373	Ársæll Sigurðsson HF 80	Þorskur	94,538	16,073	17		
		Ýsa	83,312	37,500	45	57,000	68
		Ufsi	4,063	21,000	517	7,000	172
		Skarkoli	2,934			3,000	102
1939	Ásberg KE 111	Þorskur	22,993			620	3
		Ýsa	1,346	2,400	178		
		Ufsi	13,883			15,000	108
		Karfi	760			2,118	279
311	Baldur GK 97	Þorskur	57,262	55,500	97	66,806	117
		Ýsa	41,005	44,800	109	40,000	98
		Ufsi	882	17,800	2,018		
		Karfi	6,266	1,887	30	7,722	123
		Skarkoli	202,345	212,353	105	282,000	139

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1305	Benni Sæm GK 26	Þorskur	17,594	129,100	734		
		Ýsa	23,322	62,500	268		
		Ufsi	41,452	8,500	21	15,000	36
974	Bergur Vigfús GK 53	Þorskur	159,680	311,949	195	54,513	34
		Ýsa	63,059	19,856	31	12,579	20
		Ufsi	36,212	911,574	2,517	7,875	22
		Karfi	6,266	3,000	48	10,722	171
		Skarkoli	4,375	2,487	57	4,654	106
1125	Bergvík KE 65	Þorskur	178,248	159,951	90		
		Ýsa	134,091	11,104	8	11,599	9
		Ufsi	44,099			16,076	36
		Grálúða	3,573			5,889	165
		Skarkoli	473			1,164	246
1480	Bibbi Jóns HF 44	Þorskur	19,891	18,458	93	24,107	121
		Ýsa	5,044	10,000	198	4,549	90
		Ufsi	1,689	24,551	1,454	2,529	150
		Skarkoli	94	25	27	250	266
1873	Bjarni KE 23	Þorskur	49,611	10,070	20	49,500	100
		Ýsa	41,378			38,000	92
		Ufsi	13,245	17,756	134	11,200	85
		Karfi	398			2,031	510
		Skarkoli	105			313	298
5183	Björgin GK 69	Þorskur	14,392			19,401	135
		Ýsa	219			808	369
1979	Blíðfari GK 275	Þorskur	22,860	16,000	70		
		Ýsa	8,292	10,000	121		
		Ufsi	2,027				
2122	Bogga HF 272	Þorskur	36,857	6,110	17	17,000	46
		Ýsa	12,228			11,000	90
		Ufsi	2,710	880	32	4,000	148
1198	Bragi GK 274	Þorskur	54,466	235,510	432	285,785	525
		Ýsa	854	142,342	16,668	140,600	16,464
		Ufsi	60,286	1,128,524	1,872	1,182,900	1,962
		Karfi	27,151	79,892	294	102,418	377
		Skarkoli	114,618	104,156	91	218,839	191
1815	Brynhildur KE 83	Þorskur	26,414	22,045	83	10,000	38
		Ýsa	25,060			2,000	8
		Ufsi	2,226			2,500	112
		Karfi	2,025			2,500	123
1519	Bylgjan I GK 141	Þorskur	3,339	19,263	577		
		Ýsa	1,013	2,145	212	652	64
		Karfi	15			197	1,313
62	Dóri á Býja GK 101	Þorskur	119,673	26,444	22	134,000	112
		Ýsa	48,694	9,300	19	50,000	103
		Ufsi	172,866	34,600	20	208,163	120
		Karfi	14,620	12,741	87	16,569	113
		Skarkoli	2,556	700	27	2,905	114
1481	Eldeyjar Súla KE 20	Þorskur	43,405	238,472	549	11,000	25
		Ýsa	14,134	530,876	3,756		
		Ufsi	98,916	522,792	529		
		Karfi	440,559	282,298	64	350,000	79
		Grálúða	893	1,627	182		
		Skarkoli	64,236	89,225	139	10,000	16
1115	Eldhamar GK 13	Þorskur	67,375	305,920	454	268,449	398
		Ýsa	62,793	15,000	24	54,746	87
		Ufsi	3,220	40,000	1,242	292	9
		Skarkoli	4,331			2,526	58
7205	Elín II KE 24	Þorskur	40,984	13,500	33	51,879	127
		Ýsa	9,287	300	3	11,046	119
		Ufsi	2,051	2,200	107	4,726	230
6185	Elsa KE 117	Þorskur	2,548				
		Ýsa	1,116				
		Ufsi	255				
1016	Erling KE 140	Þorskur	219,324	17,763	8	3,158	1
		Ýsa	76,229	33,170	44	61,655	81
		Ufsi	278,124	480,000	173	162,175	58

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1016	Erling KE 140	Karfi	7,310				
		Grálúða	9,825			9,825	100
		Skarkoli	12				
1430	Erlingur GK 212	Þorskur	59,837			10,000	17
		Ýsa	29,900	2,500	8	51	
		Ufsi	882			261	30
		Skarkoli	90,246	31,778	35		
1892	EX Eldhamar strandaði 22/11 91 GK 13	Þorskur	2,640			2,640	100
1635	EX Sikill KÓ 16	Þorskur	11,062			13,885	126
		Ýsa	576			1,003	174
		Ufsi	1,730			2,635	152
		Karfi	61			773	1,267
1586	Ex Sjávarborg seld til Svíþjóðar GK 60	Þorskur	69,516			75,720	109
		Ýsa	36,734			40,561	110
		Ufsi	45,863			50,777	111
		Karfi	78,320			93,079	119
		Grálúða	893			1,050	118
		Skarkoli	55			66	120
6876	Eyrarrós KE 25	Þorskur	9,780	1,000	10		
		Ýsa	1,096	2,100	192		
		Ufsi	4,130				
1475	Eyvindur KE 37	Þorskur	36,197	5,000	14	15,000	41
		Ýsa	29,083	17,000	58		
		Ufsi	5,433				
		Skarkoli	103,682	92,825	90		
7194	Fagravík GK 161	Þorskur	12,266			10,500	86
		Ýsa	4,299	3,000	70		
		Ufsi	2,084			2,700	130
1636	Farsæll GK 162	Þorskur	83,465	109,953	132	65,080	78
		Ýsa	34,514	44,521	129	12,954	38
		Ufsi	23,153	1,100	5	8,879	38
		Karfi	1,044	1,673	160	253	24
		Skarkoli	167,122	62,426	37	77,505	46
1780	Faxaberg HF 104	Þorskur	61,995	40,500	65	3,000	5
		Ýsa	55,510	10,000	18	30,000	54
		Ufsi	11,288			5,000	44
		Skarkoli	47				
2075	Faxafell II GK 102	Þorskur	22,800			8,700	38
		Ýsa	8,241	8,000	97	4,600	56
		Ufsi	2,051	20,000	975		
7225	Faxavík GK 7	Þorskur	22,860	7,035	31	16,800	73
		Ýsa	8,292	7,000	84		
		Ufsi	2,027			2,000	99
826	Fengsæll GK 262	Þorskur	49,025	66,237	135	11,800	24
		Ýsa	40,919	3,988	10	700	2
		Ufsi	8,306	21,348	257	400	5
		Skarkoli	3,790	1,656	44		
1516	Finni HF 46	Þorskur	436	16,548	3,795	10,400	2,385
		Karfi	44	738	1,677	792	1,800
		Skarkoli	3	72	2,400	58	1,933
1759	Fjölnir GK 157	Þorskur	159,711	167,587	105	164,923	103
		Ýsa	143,519	133,000	93	129,000	90
		Ufsi	101,427	227,000	224	250,000	246
		Karfi	6,266	24,648	393		
		Skarkoli	47,523	3,023	6	57,811	122
1209	Freyja GK 364	Þorskur	162,791	45,000	28	43,119	26
		Ýsa	116,182	18,533	16	80,000	69
		Skarkoli	55			765	1,391
6602	Freyr II GK 177	Skarkoli	15				
7044	Fróði HF 45	Þorskur	11,451			4,000	35
		Ýsa	4,697	4,000	85		
		Ufsi	76				
		Skarkoli	67				
124	Gaukur GK 660	Þorskur	121,306	119,168	98	65,954	54

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
124	Gaukur GK 660	Ýsa	77,363			38,313	50
		Ufsi	322,802			13,423	4
		Karfi	33,416			10,556	32
		Skarkoli	680			529	78
242	Geir goði GK 220	Þorskur	77,876	40,000	51	19,251	25
		Ýsa	174,273			130,904	75
		Ufsi	172,866			171,830	99
		Karfi	56,390	351	1	27,779	49
		Skarkoli	20,904			17,717	85
88	Geirfugl GK 66	Þorskur	151,791	559,412	369	502,996	331
		Ýsa	56,382			34,000	60
		Ufsi	176,394	200,226	114	6,923	4
		Karfi	34,461	4,902	14	1,076	3
		Skarkoli	29	6,136	21,159	6,104	21,048
1912	Glaður GK 405	Þorskur	17,374	7,011	40	8,000	46
		Ýsa	2,119	2,178	103		
		Ufsi	5,693	2,600	46		
		Karfi	671	1,048	156	887	132
		Skarkoli	430			576	134
6796	Glampi GK 9	Þorskur	8,142			7,000	86
		Ýsa	949			1,408	148
		Ufsi	11,292			11,635	103
		Karfi	1,705			2,382	140
6184	Glímir GK 174	Þorskur	7,054			7,000	99
		Ufsi	2,349			2,640	112
1363	Gnúpur GK 11	Þorskur	440,415	84,891	19	229,436	52
		Ýsa	208,444	106,000	51	25,408	12
		Ufsi	278,703	264,727	95	35,000	13
		Karfi	1,004,581	54,285	5	168,000	17
		Grálúða	15,184			15,000	99
		Skarkoli	8,688	9,217	106		
1512	Grindvíkingur GK 606	Þorskur	39,598	165,720	419	205,318	519
1262	Guðbjörg GK 517	Þorskur	20,739	7,708	37	1,599	8
		Ýsa	5,517	20,000	363	7,951	144
		Ufsi	727			1,595	219
		Skarkoli	194	79,633	41,048		
1371	Guðfinnur KE 19	Þorskur	78,430	370,294	472	75,342	96
		Ýsa	36,549	40,000	109	45,700	125
		Ufsi	25,342	14,000	55	13,000	51
		Karfi	931			1,800	193
		Skarkoli	2,105	243,317	11,559	241,000	11,449
6988	Guðjón GK 78	Þorskur	16,724	6,000	36	9,000	54
		Ýsa	14,101				
		Ufsi	13,148				
		Karfi	527				
1690	Guðmundur Benóný KE 77	Þorskur	21,559			23,495	109
		Ufsi	3,528			4,587	130
		Skarkoli	58			232	400
6970	Guðrún Hermanns HF 175	Þorskur	14,307			15,105	106
		Ýsa	40			592	1,480
		Ufsi	669			1,375	206
7213	Gulley GK 159	Þorskur	7,980			7,500	94
		Ýsa	1,278				
		Ufsi	1,501				
2068	Gullfari II HF 290	Þorskur	59,207	72,328	122		
		Ýsa	44,120			12,000	27
		Ufsi	45,836	12,000	26	34,000	74
		Skarkoli	2,661	31,200	1,172	29,500	1,109
2105	Gullfiskur GK 321	Þorskur	12,193	42,137	346	55,912	459
		Ýsa	2,549	14,948	586	6,058	238
		Ufsi	21,889	4,985	23	30,819	141
500	Gunnar Hámundarson GK 357	Þorskur	81,835	394,294	482		
		Ýsa	32,463	5,124	16		
		Ufsi	882	22,660	2,569		
		Skarkoli	2,197	364	17		
5714	Gylfi GK 176	Þorskur	46	1,000	2,174		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
67	Hafberg GK 377	Þorskur	180,390	95,793	53	55,000	30
		Ýsa	120,453			10,000	8
		Ufsi	311,336	250,500	80	15,000	5
		Karfi	56,390	6,544	12	15,000	27
		Skarkoli	1,978				
6438	Hafbjörg HF 3	Þorskur	16,231			10,500	65
		Ýsa	16,962				
		Ufsi	347				
		Skarkoli	150				
625	Hafborg HF 64	Þorskur	95,476	19,603	21	93,570	98
		Ýsa	12,387	10,352	80	16,731	130
		Ufsi	5,935	1,596	27	7,934	134
		Karfi	4,177	91,288	2,185	95,940	2,297
		Grálúða	893	342	38	1,431	160
		Skarkoli	2,059			2,141	104
1587	Hafborg KE 12	Þorskur	59,643	93,406	157	31,173	52
		Ýsa	19,639	8,700	44	8,000	41
		Ufsi	9,291	28,000	301		
		Skarkoli	10,825			1,887	17
1876	Hafborg KE 54	Þorskur	27,946	10,279	37	11,200	40
		Skarkoli	11			238	2,164
9042	Hafdís GK 200	Þorskur	1,710			1,885	110
		Ýsa	2			63	3,150
		Ufsi	1,603			600	37
2055	Hafdís GK 32	Þorskur	22,800			8,000	35
		Ýsa	8,241	25,000	303	17,000	206
		Ufsi	2,051			3,220	157
2096	Hafdís KE 150	Þorskur	43,939	1,533	3		
		Ýsa	35,145			20,000	57
		Ufsi	4,917	13,000	264		
		Skarkoli	20	10,000	50,000		
524	Hafliði GK 140	Þorskur	24,199	257,956	1,066	287,176	1,187
		Ýsa	5,980	28,095	470	36,012	602
		Ufsi	7,938	167,879	2,115	178,505	2,249
		Skarkoli	466	62,992	13,518	63,709	13,671
1969	Hafsvala HF 107	Þorskur	29,741	26,288	88		
		Ýsa	23,076	16,000	69		
		Skarkoli	894				
1438	Haförn KE 14	Þorskur	60,277	49,705	82	23,000	38
		Ýsa	23,920	109,819	459	3,170	13
		Skarkoli	119,408	19,492	16		
7107	Hanna Kristín HF 11	Þorskur	17,571			17,571	100
89	Happasæll KE 94	Þorskur	324,525	690,348	213	48,300	15
		Ýsa	134,369	48,369	36	37,300	28
		Ufsi	373,191	80,398	22	22,300	6
		Karfi	14,620	2,400	16	34,367	235
		Grálúða	42,874	4,897	11	53,938	126
		Skarkoli	2,164	552	26		
1868	Haraldur Kristjánsson HF 2	Þorskur	311,028	33,000	11	100,000	32
		Ýsa	140,075				
		Ufsi	393,359	196,000	50		
		Karfi	1,538,200	187,000	12	236,000	15
		Grálúða	246,524			236,500	96
		Skarkoli	2,494	500	20	3,988	160
6509	Hari HF 69	Þorskur	1,489				
		Ýsa	15,229			8,864	58
		Ufsi	2,445			2,438	100
		Karfi	138			142	103
		Skarkoli	255				
2107	Haukur GK 25	Þorskur	343,181	10,000	3	90,165	26
		Ýsa	163,167	144,657	89		
		Ufsi	284,877	76,261	27		
		Karfi	1,200,903	330,636	28	90,393	8
		Grálúða	175,068	12,504	7	100,000	57
		Skarkoli	26,223	1,602	6	26,208	100
6399	Haukur HF 68	Þorskur	348			325	93

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6399	Haukur HF 68	Ýsa	3,188			3,186	100
		Skarkoli	669			669	100
1006	Háberg GK 299	Þorskur	60,717	34,196	56	94,900	156
		Ýsa	27,337			32,737	120
		Ufsi	112,892	40,000	35	134,031	119
		Karfi	12,531			12,531	100
		Skarkoli	641			641	100
1807	Hákon ÞH 250	Þorskur	80,076	401	1	88,000	110
		Ýsa	40,151	30,000	75	70,138	175
		Ufsi	5,292	65,958	1,246	71,344	1,348
		Karfi	36,549			37,735	103
		Grálúða	80,388	1,828	2	75,000	93
		Skarkoli	12,298			12,298	100
7071	Hegri KE 107	Þorskur	6,327	1,284,574	20,303	1,290,560	20,398
		Ýsa	1,049	285,133	27,181	284,083	27,081
		Ufsi	3,782	190,155	5,028	194,192	5,135
		Karfi	100	40,464	40,464	40,495	40,495
1572	Helga Péturs GK 478	Þorskur	5,523	2,518	46		
		Ýsa	6			194	3,233
		Ufsi	327			235	72
1431	Herjólfur Jónsson GK 258	Þorskur	12,234	5,510	45		
		Ýsa	4,272	12,845	301	10,917	256
		Ufsi	2,108			2,649	126
		Karfi	1,614			2,263	140
		Skarkoli	78			158	203
663	Hlíf GK 250	Þorskur	12,619	15,140	120	18,775	149
		Ýsa	1,634	249	15	400	24
		Ufsi	2,013			2,497	124
		Karfi	58				
573	Hólmsteinn GK 20	Þorskur	96,654	26,750	28		
		Ýsa	12,883				
		Ufsi	24,632				
		Karfi	1,044			5,821	558
		Skarkoli	1,139				
2031	Hópsnes GK 77	Þorskur	303,583	88,000	29	97,000	32
		Ýsa	150,353	80,000	53	144,000	96
		Ufsi	316,283			263,000	83
		Karfi	79,364	10,000	13		
		Skarkoli	1,178				
1972	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	Þorskur	460,654	147,000	32	67,000	15
		Ýsa	96,533			53,000	55
		Ufsi	243,424	35,000	14	81,000	33
		Karfi	573,300	288,000	50	628,000	110
		Grálúða	186,680	536,180	287	20,000	11
		Skarkoli	2,169				
1925	Hrappur GK 170	Þorskur	24,728			7,000	28
		Ýsa	9,016	2,000	22		
		Ufsi	10,655				
		Karfi	2,774			2,913	105
		Skarkoli	55			214	389
1764	Hraunsvík GK 68	Þorskur	171,377	2,316,369	1,352	2,392,711	1,396
		Ýsa	45,165	775,705	1,717	819,938	1,815
		Ufsi	39,166	824,766	2,106	850,255	2,171
		Karfi	4,693	944,138	20,118	955,461	20,359
		Skarkoli	25,690	518,852	2,020	543,968	2,117
1202	Hringur GK 18	Þorskur	200,749	286,811	143	30,500	15
		Ýsa	111,644	16,000	14	60,000	54
		Ufsi	21,038	309,369	1,471		
		Karfi	1,344	2,741	204		
		Skarkoli	46				
237	Hrungnir GK 50	Þorskur	183,470	194,685	106	42,500	23
		Ýsa	40,817	111,083	272	40,000	98
		Ufsi	307,808	271,170	88	431,000	140
		Karfi	45,948	3,622	8	59,648	130
		Grálúða	60,738	42,956	71	96,293	159
		Skarkoli	184	7,069	3,842	6,888	3,743
120	Höfrungur II GK 27	Þorskur	169,830	75,800	45	52,808	31
		Ýsa	59,799	4,000	7	18,000	30
		Ufsi	301,634	143,000	47	95,700	32
		Karfi	16,708	4,000	24		
		Skarkoli	5,545			5,000	90

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
7280	Inga HF 164	Þorskur	7,980	808	10	9,000	113
		Ýsa	1,278	2,338	183	1,827	143
		Ufsi	1,501			2,185	146
2099	Íslandsbersi HF 13	Þorskur	38,994	152,637	391	47,102	121
		Ýsa	34,775	25,800	74	41,489	119
		Ufsi	3,864	1,960	51	539	14
		Skarkoli	15				
7066	Jaspis KE 227	Þorskur	31,496			8,400	27
		Ýsa	27,821				
		Ufsi	3,188			3,471	102
		Karfi	206			1,246	605
		Skarkoli	19			145	763
6619	Jenný KE 32	Þorskur	8,385			1,610	19
		Ýsa	15			242	1,613
		Ufsi	7,903			4,561	58
		Karfi	122			216	177
1321	Jóhannes Ívar KE 85	Þorskur	81,686	176,156	216	73,100	89
		Ýsa	46,131	60,000	130	104,000	225
		Ufsi	261,946	93,000	36	100,200	38
		Karfi	20,885			700	3
		Skarkoli	1,579				
2070	Jón Garðar KE 1	Þorskur	22,860	9,213	40	5,000	22
		Ýsa	8,292	10,000	121	1,500	18
		Ufsi	2,027			3,000	148
1204	Jón Gunnlaugs GK 444	Þorskur	76,996	70,000	91	10,000	13
		Ýsa	218,695			118,850	54
		Ufsi	52,918	80,000	151	86,660	164
		Karfi	78,320			13,918	18
		Skarkoli	3,665	36,000	982	4,427	121
233	Júlli Dan GK 197	Þorskur	141,672	15,097	11	120,000	85
		Ýsa	79,448			26,500	33
		Ufsi	170,221	196,579	115	130,000	76
		Karfi	15,664	12,531	80	33,920	217
		Grálúða	1,786			3,494	196
		Skarkoli	321			1,097	342
399	Kári GK 146	Þorskur	22,888	1,026	4	9,500	42
		Ýsa	82,639			49,929	60
		Karfi	919				
		Skarkoli	16,287	10,943	67		
6616	Kári Jóhannesson KE 72	Þorskur	10,966	6,456	59	14,817	135
		Ýsa	1,550	9,674	624	8,243	532
		Ufsi	1,372	2,974	217	2,168	158
967	Keflvíkingur KE 100	Þorskur	59,397			55,000	93
1063	Kópur GK 175	Þorskur	208,421	295,486	142	9,470	5
		Ýsa	47,338	81,558	172	35,280	75
		Ufsi	112,766	353,740	314		
		Karfi	6,266	31,410	501	2,000	32
		Grálúða	58,058	18,391	32	74,250	128
		Skarkoli	92	1,077	1,171	1,643	1,786
6708	Kópur KE 8	Þorskur	11,029				
		Ufsi	18,056			13,703	76
6135	Kristín HF 165	Þorskur	15,941			19,417	122
		Ýsa	2,669				
		Ufsi	53				
		Skarkoli	15				
7032	Kristín HF 342	Þorskur	11,170	6,000	54	7,000	63
		Ýsa	11,076				
		Ufsi	1,266				
		Skarkoli	13				
6642	Kristján KE 21	Þorskur	13,653			12,485	91
		Ýsa	3,966			341	9
		Ufsi	2,552			2,928	115
		Karfi	91			818	899
		Skarkoli	4			96	2,400
219	Ljósafari GK 184	Þorskur	150,752	17,000	11	75,000	50
		Ýsa	73,637	24,700	34	76,392	104
		Ufsi	20,216			17,000	84

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
219	Ljósfari GK 184	Karfi	2,089				
		Grálúða	1,786				
1940	Lómur HF 177	Þorskur	32,118	271,844	846		
		Ýsa	4,271	316,524	7,411		
		Ufsi	7,056	264,009	3,742		
		Karfi	1,044	101,450	9,717		
		Grálúða	893	948	106		
1331	Margrét HF 148	Þorskur	34,970	15,084	43	43,000	123
		Ýsa	30,652	8,360	27	31,000	101
		Ufsi	618	1,000	162	400	65
		Skarkoli	175	10,000	5,714	9,787	5,593
671	Máni GK 257	Þorskur	89,942	135,987	151	73,919	82
		Ýsa	31,404	8,624	27	6,270	20
		Ufsi	8,698	47,096	541	11,893	137
		Karfi	8,424	39,696	471	46,958	557
		Skarkoli	10,499	567	5	2,100	20
2047	Máni HF 149	Þorskur	22,860	117,959	516	4,800	21
		Ýsa	8,292	47,647	575	2,000	24
		Ufsi	2,027	12,320	608	1,000	49
		Skarkoli	34	86	253		
6845	Már HF 313	Þorskur	14,585			15,998	110
		Ýsa	2,758	5,000	181	4,138	150
		Ufsi	335			551	164
542	Mummi KE 30	Þorskur	3,468	113,700	3,279	43,000	1,240
		Ýsa	17,726	25,000	141	26,540	150
		Skarkoli	329				
1606	Mundi Á Bakka HF 62	Þorskur	745			400	54
		Ýsa	1,002				
1985	Njörður KE 208	Þorskur	52,517	58,467	111	12,000	23
		Ýsa	10,821				
		Ufsi	2,898	676	23		
		Skarkoli	5,377				
158	Oddgeir ÞH 222	Þorskur	286,864	45,000	16		
		Ýsa	146,936	254,138	173		
		Ufsi	238,132	411,700	173	23,000	10
		Karfi	76,231	52,089	68		
		Grálúða	2,680	4,052	151	7,930	296
		Skarkoli	73,929	15,298	21	36,800	50
434	Ólafur GK 33	Þorskur	58,307	209,924	360	105,210	180
		Ýsa	31,407			8,000	25
		Ufsi	2,261	21,798	964		
		Karfi	2,679	1,076	40	1,000	37
		Skarkoli	1,440	70	5	733	51
1471	Ólafur Jónsson GK 404	Þorskur	407,417	97,870	24	324,000	80
		Ýsa	420,304	10,927	3	332,000	79
		Ufsi	512,425	31,005	6	391,491	76
		Karfi	1,323,081	1,127,697	85	664,611	50
		Grálúða	265,282	126,015	48	392,851	148
		Skarkoli	63,260	25,095	40	89,300	141
363	Ósk KE 5	Þorskur	137,489	296,462	216	56,000	41
		Ýsa	61,974	3,888	6	4,834	8
		Ufsi	20,679	25,000	121		
		Karfi	14,620	6,500	44	16,540	113
		Skarkoli	3,041				
1507	Rán HF 4	Þorskur	507,291			349,559	69
		Ýsa	133,267			84,517	63
		Ufsi	137,588			88,001	64
		Karfi	522,264	200,000	38	86,908	17
		Grálúða	208,117			243,838	117
		Skarkoli	17,472			8,842	51
2114	Reginn HF 228	Þorskur	22,860			2,200	10
		Ýsa	8,292				
		Ufsi	2,027	4,100	202		
733	Reynir GK 47	Þorskur	76,556	110,700	145	4,210	5
		Ýsa	81,156			52,939	65
		Ufsi	54,682	11,803	22	5,396	10
		Karfi	54,302	24,229	45	45,600	84
		Skarkoli	1,801			1,697	94

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6584	Rúna HF 160	Þorskur	432	7,011	1,623	300	69
		Karfi	538			571	106
		Skarkoli	35	1,423	4,066	38	109
6456	Rúna SH 2	Þorskur	5,213			5,463	105
		Ýsa	3,773			3,888	103
		Ufsi	16			167	1,044
		Skarkoli	229			297	130
1812	Sandafell HF 82	Þorskur	114,505	40,000	35		
		Ýsa	129,784			60,000	46
		Ufsi	30,029	7,000	23	3,500	12
		Karfi	4,177			3,000	72
		Skarkoli	38,866	110,000	283		
1073	Sandvík GK 325	Þorskur	67,882	46,355	68	81,558	120
		Ýsa	36,640	16,300	44	41,470	113
		Ufsi	9,824	12,470	127	14,080	143
		Skarkoli	6,663	1,019	15	7,342	110
6300	Selma HF 130	Þorskur	14,519			19,543	135
		Ýsa	3,417			4,575	134
		Ufsi	3,528			4,913	139
975	Sighvatur GK 57	Þorskur	165,313	136,980	83		
		Ýsa	79,213	33,586	42		
		Ufsi	116,420	43,910	38	140,000	120
		Karfi	7,310	1,958	27		
		Grálúða	8,932	17,865	200	8,932	100
		Skarkoli	531	2,492	469	3,023	569
1911	Sigrún GK 17	Þorskur	25,663	11,710	46	35,428	138
		Ýsa	3,221	7,070	219	4,732	147
		Ufsi	27,624	1,045	4	29,223	106
		Karfi	709	551	78	2,447	345
1642	Sigrún GK 380	Þorskur	107,122			24,000	22
		Ýsa	66,111			63,000	95
		Ufsi	55,812				
		Karfi	12,342			10,000	81
		Skarkoli	8,958			11,000	123
		Þorskur	4,467			4,931	110
1028	Sigurður Þorleifsson GK 10	Þorskur	287,304	16,538	6	25,939	9
		Ýsa	139,247	77,710	56	134,792	97
		Ufsi	327,211	19,364	6	328,227	100
		Karfi	54,302	6,871	13	57,969	107
		Skarkoli	8,357	4,778	57	11,864	142
1743	Sigurfari GK 138	Þorskur	116,736	209,287	179	90,000	77
		Ýsa	251,988	168,703	67	50,000	20
		Ufsi	106,197	351,613	331		
		Karfi	16,708	2,416	14	19,000	114
		Skarkoli	69,808	40,000	57	51,100	73
1249	Sigurvin GK 51	Þorskur	22,345	13,088	59	19,945	89
		Ýsa	965			11	1
		Ufsi	788			788	100
1889	Sigurþór GK 55	Þorskur	13,801	28,756	208		
		Ýsa	9,177	2,119	23	2,699	29
		Ufsi	3,640			1,080	30
		Karfi	557			967	174
1833	Sjöli HF 1	Þorskur	300,943	129,000	43	115,000	38
		Ýsa	143,519				
		Ufsi	333,385			10,000	3
		Karfi	1,317,860	383,200	29	40,000	3
		Grálúða	281,359	82,000	29	310,000	110
		Skarkoli	1,773			2,512	142
1023	Skarfur GK 666	Þorskur	288,643	610,947	212	335,556	116
		Ýsa	66,565	21,752	33		
		Ufsi	130,972	77,000	59	221,918	169
		Karfi	8,354	1,200	14	18,575	222
		Grálúða	9,825	385	4	5,572	57
		Skarkoli	1,880	300	16	3,739	199
2140	Skotta KE 45	Þorskur	27,632	204,420	740		
		Ýsa	18,794	131,115	698		
		Ufsi	21,167	8,281	39	27,000	128
		Karfi	14,620	129,705	887		
		Skarkoli	82	59	72		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
450	Skúmur KE 122	Þorskur	104,714	219,925	210	100,000	95
		Ýsa	21,357	18,540	87	19,000	89
		Ufsi	5,292	19,000	359		
		Karfi	7,310			2,000	27
		Grálúða	893			2,275	255
		Skarkoli	13,241			7,000	53
1151	Skúmur RE 90	Þorskur	19,359	6,000	31		
		Ufsi	52,918			40,000	76
		Karfi	1,044			270	26
1651	Snæfari GK 186	Þorskur	179,510	171,729	96	175,093	98
		Ýsa	314,374	106,346	34	301,335	96
		Ufsi	348,379	156,644	45	420,688	121
		Karfi	265,243	195,799	74	450,145	170
		Grálúða	3,573	1,402	39	3,765	105
		Skarkoli	12,967	31,361	242	13,047	101
980	Stafnes KE 130	Þorskur	166,751	697,726	418	5,700	3
		Ýsa	39,297	60,434	154		
		Ufsi	107,601	965,007	897		
		Karfi	6,266			14,890	238
		Skarkoli	14,380			14,000	97
5985	Straumur KE 104	Þorskur	697				
1002	Sunnuberg GK 199	Þorskur	79,196			79,196	100
929	Svanur KE 90	Þorskur	136,128	226,355	166	176,355	130
		Ýsa	55,394	152,060	275	165,600	299
		Ufsi	8,987	377,105	4,196	323,570	3,600
1342	Sveinn Jónsson KE 9	Þorskur	256,125			5,000	2
		Ýsa	185,555	229,294	124		
		Ufsi	478,910	416,688	87	3,660	1
		Karfi	1,772,115	615,000	35	24,400	1
		Grálúða	64,311	14,561	23	71,168	111
		Skarkoli	8,645			10,751	124
254	Sæborg GK 457	Þorskur	113,964	49,342	43	112,500	99
		Ýsa	1,723	37,000	2,147		
		Ufsi	146,437	670,000	458		
		Karfi	24,018	65,000	271	40,000	167
		Grálúða	11,612	100	1	13,943	120
		Skarkoli	179	3,631	2,028	4,300	2,402
2050	Sæljómi II GK 155	Þorskur	54,918			62,154	113
		Ýsa	32,161			38,220	119
		Ufsi	2,933			5,174	176
1068	Sæmundur HF 85	Þorskur	72,332	179,725	248	39,000	54
		Ýsa	49,755			25,000	50
		Ufsi	9,991				
		Karfi	7,310			3,257	45
		Skarkoli	1,896				
76	Særún GK 120	Þorskur	133,752	134,856	101		
		Ýsa	118,745	64,000	54		
		Ufsi	225,785	238,556	106	225,700	100
		Karfi	247,490			200,000	81
		Grálúða	1,786				
		Skarkoli	10,081			7,000	69
853	Tálkni GK 540	Þorskur	17,504	13,442	77	12,000	69
		Ýsa	2,563	70,997	2,770		
1141	Trausti II KE 79	Þorskur	3,080	12,373	402	973	32
		Ýsa	854	11,853	1,388	4,089	479
7005	Uggi HF 181	Þorskur	3,327			3,354	101
		Ýsa	418			519	124
		Ufsi	598			880	147
1207	Una í Garði GK 100	Þorskur	204,588	53,673	26	150,000	73
		Ýsa	15,377	50,000	325		
		Ufsi	1,764	53,000	3,005	17,000	964
		Karfi	4,177			13,122	314
		Skarkoli	61,967	5,500	9	15,000	24
5986	Unnur GK 208	Þorskur	4,618			5,000	108
6982	Vala HF 5	Þorskur	2,841			3,284	116

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6982	Vala HF 5	Ýsa	444				
1427	Vala KE 70	Þorskur	12,962	3,159	24		
		Ýsa	59				
		Ufsi	1,297				
1083	Valur HF 15	Ýsa	20	3,000	15,000		
1227	Veiga GK 4	Þorskur	10,406			10,479	101
		Ýsa	3,223			4,192	130
		Ufsi	2,060			2,930	142
1308	Venus HF 519	Þorskur	289,064	5,000	2		
		Ýsa	234,926			32,000	14
		Ufsi	574,163			1,600	
		Karfi	1,211,345			500,000	41
		Grálúða	291,184	35,000	12		
		Skarkoli	695				
6955	Ver HF 76	Þorskur	7,980			10,326	129
		Ýsa	1,278	330	26		
		Ufsi	1,501			2,114	141
5823	Vinur HF 468	Þorskur	11				
1819	Víðir KE 101	Þorskur	76,396	18,552	24	43,500	57
		Ýsa	41,993			25,500	61
		Ufsi	7,196	2,000	28	6,000	83
		Karfi	536			3,900	728
		Skarkoli	953			1,100	115
979	Víkurberg GK 1	Þorskur	39,598	32,194	81	65,000	164
1631	Vörðufell GK 205	Þorskur	63,927	56,978	89	63,800	100
		Ýsa	18,253	22,948	126	15,249	84
		Ufsi	9,167	7,294	80		
		Karfi	6,248			2,000	32
		Skarkoli	3,524	147	4	3,000	85
1042	Vörður ÞH 4	Þorskur	200,629	79,901	40		
		Ýsa	76,885	49,675	65	30,000	39
		Ufsi	210,791	259,246	123		
		Karfi	35,505	22,874	64		
		Skarkoli	23,935	12,732	53	25,000	104
1880	Ýmir HF 343	Þorskur	587,582	70,000	12	18,000	3
		Ýsa	225,112			101,000	45
		Ufsi	374,170			90,000	24
		Karfi	1,383,649			855,000	62
		Grálúða	195,612	235,000	120	96,030	49
		Skarkoli	10,402	2,000	19	16,500	159
1231	Þorkell Árnason GK 21	Þorskur	125,440	2,763	2		
		Ýsa	51,440			27,000	52
		Ufsi	8,723			2,300	26
		Skarkoli	3,534	3,900	110		
1077	Þorri HF 183	Þorskur	157,951	437,997	277	175,000	111
		Ýsa	53,819	61,768	115	34,620	64
		Ufsi	28,223	6,294	22	39,420	140
		Karfi	4,419	996	23	10,854	246
		Skarkoli	741	118	16		
288	Þorsteinn Gíslason GK 2	Þorskur	85,446	63,704	75		
		Ýsa	51,065	4,500	9	12,150	24
		Ufsi	76,937			23,500	31
		Karfi	21,930	6,600	30		
		Skarkoli	968				
145	Þorsteinn GK 16	Þorskur	157,381	123,471	78	37,920	24
		Ýsa	14,864	33,822	228	1,694	11
		Ufsi	297,446	109,530	37	73,535	25
		Karfi	16,708	4,903	29	2,581	15
		Grálúða	3,573	8,160	228	10,955	307
357	Þorsteinn KE 10	Þorskur	68,155	85,000	125	10,000	15
		Ýsa	35,727			1,500	4
		Ufsi	4,611				
		Skarkoli	184	1,000	543		
1608	Þór HF 6	Þorskur	81,134	137,239	169		
		Ýsa	92,711	24,271	26		
		Ufsi	25,617	57,056	223		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1608	Þór HF 6	Karfi	1,044	71,714	6,869		
		Grálúða	1,786	17,680	990	2,000	112
		Skarkoli	57,111			9,000	16
2017	Þór Pétursson ÞH 50	Þorskur	80,955	58,520	72	83,000	103
		Ýsa	37,588	124,742	332	13,700	36
		Ufsi	19,403	42,000	216	34,000	175
		Karfi	15,664	4,000	26	2,400	15
		Skarkoli	48,977	5,700	12	20,000	41
335	Þórarinn GK 35	Þorskur	4,901	1,337	27	500	10
		Ýsa	8				
		Ufsi	20,628				
		Karfi	2,258				
1501	Þórshamar GK 75	Þorskur	21,139	67,058	317	93,869	444
		Ýsa	55,528	868	2	56,377	102
		Ufsi	24,695	1,125	5	24,695	100
		Karfi	25,062	1,487	6	30,888	123
		Grálúða	3,573	444	12	3,573	100
		Skarkoli	532	185	35	610	115
1612	Þuríður Halldórsdóttir GK 94	Þorskur	249,325	341,236	137	93,168	37
		Ýsa	263,599	176,600	67	16,000	6
		Ufsi	216,430	292,286	135	10,000	5
		Karfi	423,238	281,551	67	256,500	61
		Skarkoli	259,243	101,714	39	170,729	66
5158	Þytur GK 333	Þorskur	9,734	14,677	151	21,710	223
		Ýsa	2,293	10,240	447	3,570	156
		Ufsi	628	628	100	1,673	266
1012	Örn KE 13	Þorskur	39,598			37,246	94
		Skarkoli	13,805	2,193	16	13,492	98

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1269	Aðalbjörg II RE 236	Þorskur	91,488	50,495	55	30,000	33
		Ýsa	77,986	9,000	12	32,000	41
		Ufsi	11,493				
		Karfi	2,861			2,500	87
		Grálúða	4,466			5,075	114
		Skarkoli	160,592	40,000	25	103,500	64
1755	Aðalbjörg RE 5	Þorskur	72,186	30,000	42	811	1
		Ýsa	35,664			9,000	25
		Ufsi	8,688				
		Karfi	1,044	2,500	239		
		Skarkoli	181,845	20,000	11	100,000	55
1254	Arnar RE 400	Þorskur	38,923	2,582	7	7,709	20
		Ýsa	109,781	62		96,000	87
		Ufsi	69,123			40,000	58
		Karfi	7,388	8,500	115	14,000	189
6205	Auður RE 127	Þorskur	5,697	290	5	203	4
		Ýsa	313	753	241	1,198	383
1260	Ágúst RE 61	Þorskur	22,879				
		Ýsa	13,668	6,500	48		
		Skarkoli	173			320	185
6348	Árni RE 158	Þorskur	3,914	1,434	37		
		Ýsa	6,219				
		Skarkoli	34				
1735	Árvík RE 260	Þorskur	9,750	5,905	61		
		Ýsa	1,249	6,500	520		
		Ufsi	83	1,500	1,807		
		Skarkoli	2			65	3,250
1509	Ásbjörn RE 50	Þorskur	490,132	91,000	19	295,000	60
		Ýsa	216,132	42,000	19	212,000	98
		Ufsi	680,441	935,000	137	80,000	12
		Karfi	2,060,331	1,114,000	54	116,336	6
		Grálúða	297,884	33,000	11	242,000	81
		Skarkoli	10,266			13,000	127
6130	Bára RE 184	Þorskur	149	235	158	107	72
2005	Birgir RE 323	Þorskur	25,959	5,594	22		
		Ufsi	57,328				
		Karfi	2,089			2,000	96
		Skarkoli	19			215	1,132
6474	Bjargfugl RE 55	Þorskur	7,143				
		Ýsa	10,943	5,054	46		
		Skarkoli	92				
6487	Bæjarfell RE 65	Þorskur	16,115	570	4	2,518	16
		Ýsa	21,031				
		Ufsi	41				
		Skarkoli	29				
6633	Dagný RE 282	Þorskur	11,412			8,358	73
		Ýsa	6,845			4,500	66
		Ufsi	13			300	2,308
		Karfi	37			480	1,297
		Skarkoli	1,646			1,800	109
6740	Draumur RE 302	Þorskur	9,989			11,553	116
		Ýsa	2,232	10,000	448	6,859	307
		Ufsi	2,727	2,500	92	6,249	229
		Karfi	213			779	366
491	Dröfn RE 42	Ýsa	1,267	7,000	552		
		Ufsi	882				
1360	Engey RE 1	Þorskur	299,623	12,500	4	320,000	107
		Ýsa	103,368	100,000	97	135,000	131
		Ufsi	176,394	200,000	113	65,000	37
		Karfi	1,592,501	30,000	2	400,000	25
		Grálúða	180,427	48,000	27	200,000	111
		Skarkoli	2,509			5,700	227
5803	Erla Björg RE 126	Þorskur	12,237			11,548	94
		Ýsa	5,371			3,628	68
		Ufsi	2,550			3,544	139
		Karfi	140			738	527
		Skarkoli	5			72	1,440

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1773	Erna RE 47	Þorskur	20,015				
		Ýsa	18,787			1,100	6
		Ufsi	122	2,200	1,803		
		Skarkoli	4			70	1,750
1809	Ex Pétur Jónsson seldur úr landi 28/1 94	Þorskur	28,421			28,821	101
		Ufsi	5,958			5,958	100
		Grálúða	17,864			1,600	9
1048	Faxi RE 241	Þorskur	39,598			39,633	100
1345	Freri RE 73	Þorskur	352,045	415,000	118	230,075	65
		Ýsa	103,687	257,000	248		
		Ufsi	438,900			60,000	14
		Karfi	1,181,062	150,000	13		
		Grálúða	360,854	606,075	168		
		Skarkoli	680			1,200	176
1838	Freyja RE 38	Þorskur	150,240	1,013,134	674	545,366	363
		Ýsa	460,926	7,119	2		
		Ufsi	148,210	100,949	68	16,000	11
		Karfi	186,923	16,000	9	32,000	17
		Skarkoli	272,230	41,000	15	9,500	3
1839	Friður RE 286	Þorskur	15,999	14,905	93	26,510	166
		Ýsa	16,301	22,667	139	24,800	152
		Ufsi	1,433			1,960	137
		Skarkoli	22				
12	Geysir RE 82	Þorskur	131,773	38,511	29	124,432	94
		Ýsa	82,006	220,626	269	75,931	93
		Ufsi	26,180	106,038	405	23,812	91
		Karfi	57,434	21,000	37	56,876	99
		Grálúða	83,961			98,543	117
		Skarkoli	31	14,250	45,968		
2012	Grunnvíkingur RE 163	Þorskur	57,719	713	1		
		Ýsa	12,946	23,000	178	8,500	66
		Ufsi	2,949			4,500	153
		Skarkoli	21				
1943	Guðlaug Lárusdóttir RE 310	Þorskur	22,860	36,594	160		
		Ýsa	8,292	1,108	13		
		Ufsi	2,027				
6250	Gunnar RE 108	Þorskur	6,554	170,597	2,603	173,245	2,643
		Ýsa	1,555	3,470	223		
		Skarkoli	45			100	222
1319	Gunni RE 51	Þorskur	55,635				
		Ýsa	6,834	10,000	146	1,000	15
		Ufsi	22,049	8,000	36	16,500	75
		Skarkoli	58	3,500	6,034		
617	Hafnarberg RE 404	Þorskur	113,766	35,000	31		
		Ýsa	44,773	1,000	2		
		Ufsi	74,612	10,160	14		
		Karfi	6,788				
		Skarkoli	12,059			3,500	29
1903	Helga II RE 373	Þorskur	39,598	470,821	1,189	510,830	1,290
91	Helga RE 49	Þorskur	238,026	4,522	2	304,326	128
		Ýsa	15,377				
		Ufsi	255,772	143,011	56	400,000	156
		Karfi	22,974	152	1	28,298	123
		Skarkoli	174				
1070	Húnaröst RE 550	Þorskur	110,434	168,000	152	272,021	246
		Ýsa	18,794	110,000	585	132,547	705
		Ufsi	65,266	300,000	460	306,419	469
		Karfi	18,797			18,797	100
		Skarkoli	4,692			4,692	100
6659	Jenni RE 789	Þorskur	2,877			2,000	70
		Ufsi	253				
6252	Jonna RE 191	Þorskur	694				
1553	Jón Baldvinsson RE 208	Þorskur	469,453	217,251	46	327,266	70
		Ýsa	181,107	30,363	17	187,000	103
		Ufsi	556,083	100,515	18	517,000	93

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1553	Jón Baldvinsson RE 208	Karfi	2,191,908	960,389	44	315,000	14
		Grálúða	307,709	126,749	41	395,000	128
		Skarkoli	13,087	17,539	134	37,000	283
1742	Jón Finnsson RE 506	Þorskur	31,678	811	3	40,426	128
		Grálúða	20,544	21,400	104		
2033	Jón Pétur RE 411	Þorskur	26,850			8,000	30
		Ýsa	8,931	10,000	112		
		Ufsi	2,778			3,993	144
		Skarkoli	367	28,000	7,629	12,900	3,515
1575	Njáll RE 275	Þorskur	60,277	22,000	36		
		Ýsa	50,402			22,000	44
		Ufsi	7,056	3,800	54		
		Skarkoli	241,031	4,100	2	105,000	44
1578	Ottó N. Þorlákss on RE 203	Þorskur	282,208	300,000	106	602,000	213
		Ýsa	126,185			132,000	105
		Ufsi	652,888			499,000	76
		Karfi	2,260,830	1,063,000	47	30,000	1
		Grálúða	124,155	7,000	6	114,000	92
		Skarkoli	351			3,400	969
1569	Ómagi RE 13	Þorskur	578				
		Ýsa	3,190				
		Ufsi	92				
962	Óskar Halldórsson RE 157	Þorskur	179,510	287,010	160	49,000	27
		Ýsa	153,770	173,153	113		
		Ufsi	53,800	197,111	366		
		Karfi	89,807	290,278	323	204,800	228
		Grálúða	2,680	3,122	116	2,900	108
		Skarkoli	64,780	2,323	4		
1220	Óskasteinn ÁR 116	Þorskur	36,518			20,000	55
		Ýsa	19,648				
		Ufsi	2,646			4,000	151
		Skarkoli	62	9,000	14,516	3,918	6,319
1677	Pálmi RE 48	Þorskur	5,444			6,905	127
		Ýsa	12,667			12,667	100
		Karfi	1,168			1,339	115
1468	Reykjaborg RE 25	Þorskur	48,397	20,000	41	34,000	70
		Ýsa	41,860	32,000	76		
		Ufsi	882				
		Grálúða	893				
		Skarkoli	272,542	27,000	10	132,000	48
2150	Rúna RE 150	Þorskur	62,023	6,996	11	8,517	14
		Ýsa	107,244			48,969	46
		Ufsi	1,771	50,000	2,823	36,007	2,033
		Karfi	1,044				
		Skarkoli	52,655	88,000	167		
1500	Sindri RE 46	Þorskur	19,084	30,000	157	20,713	109
		Ýsa	13,609	16,800	123		
		Ufsi	51			630	1,235
		Skarkoli	17			113	665
6823	Sjöfn RE 29	Þorskur	5,344	500	9	1,434	27
		Ýsa	15,923			2,000	13
		Skarkoli	16				
163	Skarphéðinn RE 317	Þorskur	9,799	458	5		
		Skarkoli	4,477			4,300	96
1847	Smári RE 14	Þorskur	81,901	51,560	63	51,939	63
		Ýsa	11,589	3,500	30		
1328	Snorri Sturluson RE 219	Þorskur	754,599	272,000	36	985,545	131
		Ýsa	248,089	44,000	18	320,403	129
		Ufsi	1,816,945	401,000	22	2,562,800	141
		Karfi	3,183,157	2,499,372	79	5,057,416	159
		Grálúða	117,271	350,000	298	414,329	353
		Skarkoli	17,032			22,465	132
1865	Snotra RE 165	Þorskur	16,758				
		Ýsa	3,142	1,300	41		
		Ufsi	14,508				
		Karfi	2,884			1,600	55

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1029	Svanur RE 45	Þorskur	39,598			49,000	124
5168	Sæbjörg RE 315	Þorskur	1,278			112	9
		Ýsa	1,174	1,100	94		
		Ufsi	130				
1499	Sæljón RE 19	Þorskur	79,635	1,000	1	15,000	19
		Ýsa	50,402	10,500	21		
		Ufsi	882				
		Skarkoli	183,059	20,000	11	32,600	18
1611	Særós RE 207	Þorskur	62,036	85,000	137	10,000	16
		Ýsa	36,734			18,000	49
		Ufsi	3,528	90,000	2,551	40,000	1,134
		Skarkoli	698				
6696	Valdi RE 120	Þorskur	7,618			4,000	53
		Ufsi	4,571				
592	Valur RE 7	Þorskur	30,288	435	1	34,500	114
		Ýsa	5,684			5,000	88
		Ufsi	190				
		Skarkoli	3				
1365	Viðey RE 6	Þorskur	154,871	168,000	108	140,000	90
		Ýsa	110,202	15,000	14	50,000	45
		Ufsi	1,546,096	520,000	34	620,000	40
		Karfi	2,152,226	440,000	20	650,000	30
		Grálúða	24,117			24,000	100
		Skarkoli	614			2,400	391
2184	Vigri RE 71	Þorskur	532,368	1,011,000	190	615,000	116
		Ýsa	231,509	100,000	43		
		Ufsi	689,702			330,000	48
		Karfi	3,406,387	376,348	11	2,429,780	71
		Grálúða	793,165	250,000	32	488,852	62
		Skarkoli	756			1,900	251
1990	Þröstur RE 21	Þorskur	71,077	57,515	81		
		Ýsa	76,035			61,000	80
		Ufsi	28,827				
		Karfi	100,271			80,000	80
		Skarkoli	4,691			1,500	32
212	Ögmundur RE 94	Þorskur	134,632	35,988	27	159,100	118
		Ýsa	75,176	9,488	13	66,000	88
		Ufsi	162,283	48,021	30	213,000	131
		Karfi	14,620	29,141	199	37,587	257
		Grálúða	1,786	43,375	2,429	30,000	1,680
		Skarkoli	12,226	2,511	21	12,226	100
2170	Örfirisey RE 4	Þorskur	23,319	300,533	1,289	74,050	318
		Ýsa	8,543	109,479	1,282	69,780	817
		Ufsi	14,994	382,000	2,548	286,000	1,867
		Karfi	44,903	2,446,600	5,449	400,372	892
		Grálúða	12,505	458,000	3,663	180,000	1,439

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1120	Abba II SH 282	Þorskur	348			400	115
		Ufsi	20				
1798	Aldan SH 295	Þorskur	5,332	2,000	38	6,000	113
		Ýsa	1,622			1,858	115
		Ufsi	92			331	360
5258	Andri SH 350	Þorskur	75			75	100
6716	Anna HF 58	Ýsa	127				
1851	Arnar SH 157	Þorskur	75,990			94,109	124
		Ýsa	13,475			17,829	132
		Skarkoli	2,927			3,281	112
741	Auðbjörg II SH 97	Þorskur	91,188	276,319	303		
		Ýsa	40,949	12,000	29		
		Ufsi	3,897				
		Skarkoli	66,142	180,322	273	11,000	17
1856	Auðbjörg SH 197	Þorskur	203,708	363,110	178	130,550	64
		Ýsa	11,960			12,000	100
		Ufsi	1,764			700	40
		Karfi	1,044			11,265	1,079
		Skarkoli	104,190	36,000	35	22,150	21
7093	Ármann II SH 323	Þorskur	8,772			6,000	68
		Ufsi	691	6,000	868	6,000	868
1171	Ársæll SH 88	Þorskur	107,794	70,191	65		
		Ýsa	48,694			35,300	72
		Ufsi	9,560				
		Karfi	16,708			1,600	10
		Skarkoli	14,976				
6867	Ásberg SH 190	Þorskur	5,616			6,637	118
		Ýsa	49			272	555
		Ufsi	11			290	2,636
1775	Ásrún AK 3	Þorskur	45,046	6,920	15	11,770	26
		Ýsa	12,560				
		Skarkoli	70				
6070	Bára AK 89	Þorskur	149				
		Ufsi	276				
1767	Bára SH 27	Þorskur	29,451	124,711	423	25,978	88
		Ýsa	16,332	33,138	203	37,931	232
		Ufsi	2,672	3,978	149	7,148	268
		Karfi	64	5,257	8,214	6,643	10,380
		Skarkoli	13	135,404	1,041,569	13	100
1954	Bárður SH 81	Þorskur	23,605	115,540	489	74,400	315
		Ýsa	3,788	23,138	611	21,000	554
		Ufsi	208	2,400	1,154	2,400	1,154
6518	Bergþór AK 58	Þorskur	13,740	358	3	17,500	127
		Ýsa	5,607				
1504	Bjarni Ólafsson AK 70	Þorskur	19,799			21,000	106
		Grálúða	51,806			50,000	97
5988	Blíðfari III MB 3	Þorskur	46				
1887	Bresi AK 101	Þorskur	52,408	2,500	5		
		Ýsa	37,998	4,383	12		
		Ufsi	326				
		Skarkoli	7	2,677	38,243	1,400	20,000
1771	Dagný AK 140	Þorskur	33,587	2,651	8		
		Ýsa	28,248				
		Karfi	41				
5922	Denni SH 52	Þorskur	218	273	125	491	225
369	Diddó AK 232	Þorskur	81	28,044	34,622		
		Ýsa	1,721	592	34		
		Ufsi	1,515				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1556	Drangur SH 511	Þorskur	506,851	68,345	13	33,410	7
		Ýsa	151,207	431,000	285	106	
		Ufsi	363,372	455,817	125	167,073	46
		Karfi	464,697	365,052	79	4,339	1
		Grálúða	251,883	109,049	43	97,000	39
		Skarkoli	4,487	76,907	1,714	66,219	1,476
5990	Dröði SH 272	Þorskur	4,239			5,300	125
		Ýsa	684			960	140
		Ufsi	604				
		Karfi	44			295	670
1637	Ebbi AK 37	Þorskur	29,997	59,118	197	9,320	31
		Ýsa	78,380			16,000	20
		Ufsi	779				
		Skarkoli	129				
1246	Egill SH 195	Þorskur	145,133	135,434	93		
		Ýsa	39,297				
		Ufsi	3,528	48,679	1,380		
		Karfi	27,340			28,000	102
		Skarkoli	42,169	148,237	352	122,933	292
6967	Elís Bjarnason SH 48	Þorskur	33,307	64,947	195	7,000	21
		Ýsa	9,918	18,158	183		
		Ufsi	134	4,607	3,438		
		Karfi	14	1,661	11,864	3,400	24,286
		Skarkoli	36	117	325		
7113	Emilía AK 57	Þorskur	15,997	618	4		
		Ýsa	5,548	10,000	180		
		Ufsi	2,432			3,583	147
1666	Enok AK 8	Þorskur	63,542	6,368	10		
		Ýsa	40,279			26,000	65
		Ufsi	389			2,035	523
1959	Esjar SH 75	Þorskur	84,968	29,885	35	40,000	47
		Ýsa	22,751	1,003	4		
		Ufsi	375	3,835	1,023		
		Skarkoli	1,296	87	7	2,000	154
6391	Ex Markús fórst 17/3 93 AK 42	Þorskur	12,281			16,174	132
		Ýsa	10,151			12,430	122
		Skarkoli	7			61	871
1982	Ex Sæberg fórst á Faxaflóa 28/4 93 AK 22	Þorskur	22,860			24,502	107
		Ýsa	8,292			10,641	128
		Ufsi	2,027			2,925	144
6110	Eyrún AK 153	Þorskur	1,426			1,100	77
		Ýsa	4,164				
		Ufsi	70				
1964	Fanney SH 24	Þorskur	133,312	20,552	15		
		Ýsa	52,965	9,112	17		
		Ufsi	882	2,064	234		
		Karfi	3,133	7,000	223		
		Skarkoli	858	5,109	595		
1458	Farsæll SH 30	Þorskur	238,043	216,971	91	61,000	26
		Ýsa	63,674	9,687	15	53,280	84
		Ufsi	22,114	28,820	130	53,000	240
		Karfi	28,195	18,898	67	36,011	128
		Skarkoli	7,598	1,473	19	7,002	92
1238	Fjalar Vagn SH 330	Þorskur	969			986	102
		Karfi	40			108	270
		Skarkoli	189			234	124
1684	Flatey AK 54	Þorskur	20,767	4,095	20		
		Ýsa	33,420			5,000	15
6291	Freyr SH 236	Þorskur	606			500	83
936	Friðrik Bergmann SH 240	Þorskur	129,793	48,410	37		
		Ýsa	9,692				
		Ufsi	4,946			7,348	149
		Karfi	322			5,909	1,835
		Skarkoli	97,651	149,000	153		
6975	Funi SH 172	Þorskur	377				
		Ýsa	4				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6975	Funi SH 172	Ufsi	21				
		Karfi	490				
		Skarkoli	3				
1849	Fúsi SH 161	Þorskur	39,868	15,000	38		
		Ýsa	14,323				
		Ufsi	3,012				
		Karfi	81				
		Skarkoli	1,821	15,420	847		
1343	Garðar II SH 164	Þorskur	188,309	35,048	19		
		Ýsa	32,463	2,300	7		
		Ufsi	20,285	7,842	39	18,000	89
		Karfi	28,195	7,423	26	25,253	90
		Grálúða	4,466	246	6	5,591	125
		Skarkoli	4,602	103	2	2,341	51
6027	Garðar SH 154	Þorskur	4,966			5,000	101
		Ýsa	289				
		Ufsi	92				
1926	Garpur SH 266	Þorskur	23,948				
		Karfi	189			1,750	926
		Skarkoli	37			232	627
6461	Gauti SH 252	Þorskur	1,078			1,000	93
6222	Geirmundur DA 14	Þorskur	75				
950	Gísli Gunnarsson II SH 85	Þorskur	12,319			12,379	100
6751	Glaður SH 267	Þorskur	13,469	2,000	15		
		Ýsa	1,544	6,000	389		
		Ufsi	243			842	347
		Karfi	257			1,123	437
182	Grettir SH 104	Þorskur	144,774	76,854	53	23,373	16
		Ýsa	17,086			12,400	73
		Ufsi	34,397	4,800	14	3,300	10
		Karfi	5,221				
		Skarkoli	20,669	2,000	10	23,000	111
1244	Grundfirðingur SH 12	Þorskur	127,436	77,875	61		
		Ýsa	33,669				
		Ufsi	7,938				
		Karfi	8,354				
		Skarkoli	823	3,000	365		
5911	Guðjón SH 57	Þorskur	3,729				
		Ufsi	19				
1927	Guðmundur Jensson SH 717	Þorskur	57,417	69,900	122	57,400	100
		Ýsa	21,093	21,000	100	21,000	100
		Ufsi	2,457	2,400	98	2,400	98
		Karfi	57			2,937	5,153
		Skarkoli	145	1,150	793		
144	Gunnar Bjarnason SH 25	Þorskur	214,708	227,275	106	436,243	203
		Ýsa	50,402	92,736	184	144,512	287
		Ufsi	16,757	14,581	87	27,907	167
		Karfi	28,195	24,925	88	52,029	185
		Grálúða	5,359	5,861	109	12,990	242
6700	Gustur SH 251	Þorskur	161				
1155	Hafnartindur SH 499	Þorskur	30,358			34,071	112
		Ýsa	12,814	4,000	31	14,774	115
		Skarkoli	2,716	600	22	3,439	127
6681	Haförn MB 4	Þorskur	27				
		Ufsi	53				
102	Halldór Jónsson SH 217	Þorskur	105,154	10,952	10	138,249	131
		Ýsa	8,543	130,500	1,528	9,948	116
		Skarkoli	14,571	13,862	95	16,560	114
253	Hamar SH 224	Þorskur	194,513	94,000	48		
		Ýsa	64,925	12,000	18	6,000	9
		Ufsi	76,732			60,000	78
		Karfi	5,221	40,000	766	52,200	1,000
		Skarkoli	1,652			760	46

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
238	Hamrasvanur SH 201	Þorskur	222,627	165,153	74	124,700	56
		Ýsa	73,468	8,000	11	55,000	75
		Ufsi	60,856	2,000	3	41,000	67
		Karfi	4,177	12,937	310	10,000	239
		Skarkoli	6,532	7,000	107	11,500	176
1435	Haraldur Böðvarsson AK 12	Þorskur	333,554	389,860	117		
		Ýsa	171,933	66,000	38	71,356	42
		Ufsi	444,514	95,925	22		
		Karfi	1,524,624	454,438	30		
		Grálúða	249,204	35,097	14	240,000	96
		Skarkoli	15,126			16,177	107
6084	Harpa AK 55	Þorskur	1,823			1,500	82
		Ýsa	3,955				
		Ufsi	9				
1399	Haukaberg SH 20	Þorskur	150,472	78,976	52		
		Ýsa	72,614			40,000	55
		Ufsi	22,049			20,000	91
		Karfi	12,531				
		Skarkoli	14,868	10,000	67	2,000	13
1883	Helga Hafsteinsdóttir SH 345	Þorskur	54				
560	Helgi SH 144	Þorskur	16,888				
		Ýsa	12,440				
		Ufsi	934				
		Karfi	97				
		Skarkoli	35				
1913	Hringur SH 277	Þorskur	43,316			46,355	107
		Ýsa	17,322			22,060	127
		Ufsi	4,473			7,105	159
		Karfi	617			2,951	478
		Skarkoli	54	1,200	2,222	326	604
1092	Hrólfur AK 29	Þorskur	36,958			5,747	16
		Ýsa	35,025			5,160	15
		Ufsi	882			1,560	177
241	Hrönn SH 21	Þorskur	245,777	7,680	3	283,475	115
		Ýsa	65,089			81,156	125
		Ufsi	3,445	700	20	8,707	253
		Karfi	12,531			19,913	159
		Grálúða	2,680			4,566	170
		Skarkoli	27,669	5,533	20	33,965	123
1252	Hrönn SH 335	Þorskur	10,126			11,100	110
		Ýsa	2,563			3,000	117
1282	Hugborg SH 87	Þorskur	69,956	25,586	37	20,000	29
		Ýsa	854	8,000	937		
		Skarkoli	51,836	46,677	90	22,500	43
5010	Húni AK 124	Þorskur	5,630			5,000	89
		Ufsi	501			740	148
1508	Höfðavík AK 200	Þorskur	340,541	381,972	112	387,197	114
		Ýsa	136,684	214,483	157	237,000	173
		Ufsi	317,510	687,162	216	420,386	132
		Karfi	1,356,498	850,916	63	566,130	42
		Grálúða	206,330	72,026	35	232,429	113
		Skarkoli	6,286	19,366	308	22,500	358
1413	Höfrungur AK 91	Þorskur	39,598			50,223	127
1902	Höfrungur III AK 250	Þorskur	590,887	16,188	3	257,858	44
		Ýsa	335,497	15,556	5	334,990	100
		Ufsi	637,665	107,564	17	770,000	121
		Karfi	1,865,787	17,889	1	1,016,000	54
		Grálúða	192,932	590,462	306	1,988	1
		Skarkoli	39,382	54		50,000	127
1975	Ingibjörg SH 174	Þorskur	45,199	15,000	33		
		Ýsa	7,338			6,000	82
		Ufsi	1,746			230	13
1951	Ísak AK 67	Þorskur	76,702	11,066	14	9,600	13
		Ýsa	40,732			4,380	11
		Ufsi	1,764	1,270	72		
		Skarkoli	253	1,315	520		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1929	Jói á Nesi SH 159	Þorskur	30,352	105,307	347		
		Ýsa	8,740			7,975	91
		Ufsi	2,027			1,788	88
5046	Kári SH 119	Þorskur	20,142	10,000	50	36,140	179
2076	Keilir AK 27	Þorskur	66,531	7,588	11		
		Ýsa	21,319				
		Ufsi	2,248	1,491	66		
1472	Klakkur SH 510	Þorskur	427,275	109,970	26	155,055	36
		Ýsa	367,537	528,000	144	408,152	111
		Ufsi	709,105	112,186	16	272,828	38
		Karfi	759,410	261,750	34	462,133	61
		Grálúða	49,126	153,532	313	8,455	17
		Skarkoli	70,259	6,451	9	26,252	37
5994	Kópur SH 188	Þorskur	10,975			5,000	46
		Ufsi	1,217	1,171	96		
		Karfi	157				
		Skarkoli	22			115	523
1846	Kristinn Friðriksson SH 3	Þorskur	10,999	77,695	706	5,600	51
		Ýsa	1,709	141,000	8,250		
		Ufsi	882	20,000	2,268		
		Skarkoli	19,585	29,500	151		
1214	Kristján S SH 23	Þorskur	11,439	22,179	194	1,000	9
		Ýsa	4,271	5,000	117	3,000	70
		Ufsi	3,528	2,000	57	4,000	113
6835	Lax SH 600	Þorskur	12,585			15,306	122
		Ýsa	3,566			4,647	130
		Ufsi	63			601	954
1446	Lárberg SH 275	Þorskur	24,370			32,200	132
		Ýsa	10,475			13,200	126
6976	Leifi AK 2	Þorskur	8,113	3,612	45		
		Ýsa	14,592				
6233	Leó SH 153	Þorskur	3,079	4,577	149	1,800	58
		Ýsa	67	1,224	1,827		
1613	Leynir AK 9	Skarkoli	21				
2101	Magnús SH 205	Þorskur	134,890	127,694	95	14,109	10
		Ýsa	69,143	5,524	8	21,000	30
		Ufsi	4,821	1,832	38	9,030	187
		Karfi	37	1,588	4,292	7,360	19,892
		Skarkoli	19,869	9,648	49	24,915	125
1106	Maó SH 63	Þorskur	120,993	89,248	74	78,694	65
		Ýsa	6,834			9,698	142
		Ufsi	23,813			31,696	133
		Karfi	1,044			5,049	484
		Skarkoli	15,863			18,453	116
1756	Margrét AK 39	Þorskur	33,843	39,144	116		
		Ýsa	8,721	5,092	58		
		Karfi	10				
2093	Maron AK 94	Þorskur	22,860	58,393	255	8,430	37
		Ýsa	8,292	4,380	53		
		Ufsi	2,027	396	20		
6824	Máni AK 73	Þorskur	11,141	626	6	11,000	99
		Ýsa	8,195			3,056	37
		Ufsi	88			299	340
1552	Már SH 127	Þorskur	473,853	268,300	57	689,600	146
		Ýsa	128,142	131,000	102	49,550	39
		Ufsi	457,743	4,000	1	170,351	37
		Karfi	742,471	400,791	54	326,259	44
		Grálúða	273,320	55,097	20	224,713	82
		Skarkoli	13,427	20,587	153	35,770	266
1304	Ólafur Bjarnason SH 137	Þorskur	297,846	191,321	64	14,000	5
		Ýsa	79,666			40,000	50
		Ufsi	71,440	29,000	41		
		Karfi	57,783			74,794	129

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1304	Ólafur Bjarnason SH 137	Skarkoli	32,320	6,500	20	31,586	98
2041	Óli SH 305	Þorskur	17,088			20,000	117
		Ýsa	6,642			8,000	120
		Ufsi	2,001			2,694	135
7120	Óskar AK 130	Þorskur	3,313	215	6	4,143	125
		Ýsa	506			529	105
		Ufsi	394			629	160
		Skarkoli	5			29	580
7243	Pegron SH 140	Þorskur	22,860	12,800	56	23,600	103
		Ýsa	8,292			9,600	116
		Ufsi	2,027	3,300	163	6,600	326
1791	Pétur Jakob SH 37	Þorskur	48,145	153,189	318		
		Ýsa	6,892	77,721	1,128	50,000	725
		Ufsi	16	7,325	45,781	7,775	48,594
6818	Rafn SH 86	Þorskur	12,711			10,600	83
		Karfi	288			1,121	389
1136	Rifsnes SH 44	Þorskur	274,834	203,141	74	117,135	43
		Ýsa	77,263	364,495	472	333,122	431
		Ufsi	77,823	1,212,335	1,558	1,249,683	1,606
		Karfi	6,266	380,936	6,079	381,971	6,096
		Skarkoli	14,355	343,100	2,390	355,715	2,478
1408	Runólfur SH 135	Þorskur	366,939			10,000	3
		Ýsa	165,730	168,000	101		
		Ufsi	483,320	32,000	7	28,246	6
		Karfi	926,261	33,000	4		
		Grálúða	200,971	17,000	8		
		Skarkoli	18,106	7,000	39		
737	Röst SH 134	Ýsa	80				
1074	Saxhamar SH 50	Þorskur	238,657	18,963	8		
		Ýsa	86,552	2,346	3	43,000	50
		Ufsi	10,584	1,566	15	6,000	57
		Karfi	25,062	1,663	7	16,400	65
		Grálúða	3,573	87	2	6,000	168
		Skarkoli	2,328	36	2		
1100	Siglunes SH 22	Þorskur	140,018	74,279	53		
		Ýsa	9,455	38,200	404		
		Ufsi	759	72,917	9,607	59,000	7,773
		Grálúða	893	4,334	485	7,086	794
1129	Sigurbjörg SH 204	Þorskur	14,937	53,205	356	9,931	66
		Ýsa	2,563	10,000	390	3,890	152
		Grálúða	893			1,854	208
		Skarkoli	120	43,061	35,884	305	254
5017	Sigursæll AK 87	Þorskur	6,091			6,361	104
		Ýsa	5,547			3,980	72
		Ufsi	250			398	159
210	Sigurvon SH 121	Þorskur	30,358			32,000	105
		Ýsa	14,523			14,600	101
		Ufsi	30,869			35,800	116
		Karfi	3,133				
1774	Síldin AK 88	Þorskur	28,545	39,988	140	2,200	8
		Ýsa	14,504	4,802	33	500	3
1354	Skálavík SH 208	Þorskur	75,236	13,358	18	6,000	8
		Ýsa	18,794				
		Ufsi	3,528			4,000	113
		Karfi	8,354			13,000	156
		Skarkoli	6,327	147,643	2,334	9,000	142
778	Smári SH 221	Þorskur	27,278			34,300	126
		Ýsa	7,688			7,700	100
		Ufsi	2,646			3,000	113
		Karfi	1,044				
619	Sóley SH 150	Þorskur	145,737			98,427	68
		Ýsa	79,448			9,112	11
		Ufsi	12,354			14,064	114
		Karfi	16,708			14,000	84
		Skarkoli	517	10,356	2,003	8,109	1,568

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1806	Sóley SH 242	Þorskur	18,156	3,060	17	18,000	99
		Ýsa	5,054			5,054	100
		Ufsi	355				
		Karfi	1,196				
1547	Stapavík AK 132	Þorskur	86,169	19,970	23	68,000	79
		Ýsa	11,960			4,383	37
		Skarkoli	40	70,100	175,250		
6952	Steini Randvers SH 147	Þorskur	29,990			26,000	87
		Ýsa	10,528			13,550	129
		Ufsi	576			1,893	329
		Karfi	26			1,601	6,158
		Skarkoli	3			199	6,633
1134	Steinunn SH 167	Þorskur	231,367	242,846	105	8,000	3
		Ýsa	85,855	60,406	70	109,880	128
		Ufsi	67,030	55,700	83	104,426	156
		Karfi	22,625	60,991	270	76,300	337
		Grálúða	2,680	13,359	498	15,889	593
		Skarkoli	19,448	141,399	727	18,200	94
6389	Stormur AK 75	Þorskur	990				
		Ýsa	5,483				
		Ufsi	10				
		Skarkoli	22				
5712	Straumur SH 26	Þorskur	14,819	29,000	196	41,500	280
		Ufsi	28			761	2,718
1585	Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10	Þorskur	560,528	112,400	20	131,351	23
		Ýsa	226,383			39,090	17
		Ufsi	586,511	300,000	51	259,000	44
		Karfi	1,513,137	789,405	52	128,364	8
		Grálúða	369,786	1,548		375,246	101
		Skarkoli	13,902	13,500	97	29,219	210
1159	Svanur SH 111	Þorskur	78,316	245,307	313	34,500	44
		Ýsa	4,271	29,646	694	15,000	351
		Ufsi	2,646	31,785	1,201	20,000	756
260	Sveinbjörn Jakobsson SH 10	Þorskur	158,720	163,000	103		
		Ýsa	52,965			22,000	42
		Ufsi	12,348			5,000	40
		Karfi	4,177			2,500	60
		Skarkoli	37,687	48,000	127	5,500	15
7037	Sæbjörn AK 77	Þorskur	10,234			7,000	68
		Ýsa	13,941			4,000	29
		Ufsi	39				
6148	Sædís SH 138	Þorskur	4,353	9,000	207	13,463	309
		Ufsi	1,112			1,566	141
		Karfi	1,271			1,663	131
1648	Sæfari AK 202	Þorskur	220,867	184,455	84	328,972	149
		Ýsa	193,921	80,479	42	185,777	96
		Ufsi	230,195	370,081	161	545,127	237
		Karfi	440,679	630,969	143	908,346	206
		Grálúða	26,796	29,237	109	52,034	194
		Skarkoli	5,576	7,279	131	9,366	168
1805	Særif SH 702	Þorskur	19,849	62,100	313		
		Ýsa	11,623			500	4
		Ufsi	2,796	20,000	715		
		Karfi	61			640	1,049
		Skarkoli	11,139	33,830	304		
1621	Særún AK 120	Þorskur	48,457	46,614	96	6,000	12
		Ýsa	36,425			17,309	48
		Ufsi	389				
1779	Sæþór AK 7	Þorskur	17,148	1,377	8	4,900	29
		Ýsa	23,083				
		Karfi	51				
847	Tindur SH 179	Þorskur	29,478	9,343	32		
		Ýsa	14,523	2,000	14	6,000	41
		Ufsi	3,528			2,000	57
		Skarkoli	53,613	33,026	62	20,200	38
2159	Tjaldur II SH 370	Þorskur	335,754	211,124	63	321,691	96
		Ýsa	112,765			26,224	23

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2159	Tjaldur II SH 370	Ufsi	205,266	600,000	292	302,900	148
		Karfi	44,903	47,234	105	106,200	237
		Grálúða	893	462,072	51,744	85,000	9,518
		Skarkoli	894	77,070	8,621	80,032	8,952
2158	Tjaldur SH 270	Þorskur	335,754	154,000	46	312,324	93
		Ýsa	110,610	707,069	639	90,780	82
		Ufsi	205,266	2,687,370	1,309	1,100,941	536
		Karfi	24,018	72,710	303	111,934	466
		Grálúða	2,680	1,066,113	39,780	427,049	15,935
		Skarkoli	9,374	87,628	935	97,291	1,038
1803	Tvistur SH 152	Þorskur	348	9,134	2,625		
626	Valdimar AK 220	Þorskur	36,936	59,274	160		
		Ýsa	10,252				
		Ufsi	1,764	1,108	63		
		Skarkoli	561	2,219	396		
6965	Valdís SH 257	Þorskur	17,463	54,659	313	29,000	166
		Ýsa	11,545	15,000	130	5,000	43
		Ufsi	643	9,030	1,404	7,500	1,166
		Karfi	158	7,360	4,658	6,745	4,269
		Skarkoli	5,571	4,915	88	9,408	169
6565	Valur SH 141	Þorskur	85	2,000	2,353	676	795
5872	Ver AK 97	Þorskur	10,387	9,500	91	22,090	213
		Ýsa	11,593			12,368	107
		Ufsi	24			223	929
6809	Víðir SH 182	Þorskur	8,173	5,500	67	8,000	98
		Ýsa	4	450	11,250		
		Ufsi	1,009				
		Karfi	162				
220	Víkingur AK 100	Þorskur	39,598	169,750	429	213,436	539
956	Vísir SH 343	Þorskur	44,715	40,011	89	25,000	56
		Ýsa	17,940	30,000	167		
		Ufsi	882	30,000	3,401	30,000	3,401
1580	Ýlir SH 287	Karfi	13				
1126	Þorsteinn SH 145	Þorskur	186,472	449,579	241	354,000	190
		Ýsa	39,758	331,301	833	351,300	884
		Ufsi	34,830	193,072	554	221,849	637
		Karfi	2,089	108,837	5,210	117,372	5,619
		Grálúða	893	1,918	215	4,797	537
		Skarkoli	65,899	258,612	392	116,360	177
1424	Þórsnes II SH 109	Þorskur	119,673	158,043	132	45,051	38
		Ýsa	21,357	272	1	5,000	23
		Ufsi	882	98,448	11,162	100,168	11,357
		Skarkoli	.4,010	45	1	4,193	105
245	Þórsnes SH 108	Þorskur	150,032	143,784	96	62,000	41
		Ýsa	17,940	5,000	28		
		Skarkoli	5,293	4,193	79	9,907	187
7166	Þröstur SH 250	Þorskur	7,980	12,000	150	12,000	150
		Ýsa	1,278	2,500	196		
		Ufsi	1,501	1,500	100	2,523	168
1744	Þytur AK 19	Þorskur	14,522	5,722	39	18,000	124
		Ýsa	20,298			16,325	80
		Ufsi	84			239	285
239	Örvar SH 777	Þorskur	248,218	75,000	30		
		Ýsa	53,819	11,000	20	6,176	11
		Ufsi	53,800	107,967	201	53,648	100
		Karfi	1,044	19,763	1,893	28,100	2,692
		Grálúða	65,204	35,683	55	103,986	159
		Skarkoli	442	2,500	566		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6320	Alda ÍS 191	Þorskur	5,102	1,030	20	7,500	147
		Ufsi	44			296	673
2019	Aldan ÍS 47	Þorskur	27,321	37,586	138	61,111	224
		Ýsa	8,497	5,054	59	8,497	100
		Ufsi	2,027			2,027	100
		Skarkoli	59,496	53,627	90	69,000	116
1170	Andey BA 125	Þorskur	175,990	30,000	17	114,500	65
		Ýsa	51,257	8,579	17	50,000	98
		Ufsi	14,994	2,663	18	19,513	130
		Karfi	2,089	91	4	6,144	294
		Grálúða	6,252	900	14	8,371	134
6928	Apríl BA 211	Þorskur	17,315			16,000	92
		Ufsi	208	1,538	739	2,394	1,151
6101	Arnar ÍS 60	Þorskur	253	434	172		
1329	Arnfirðingur BA 21	Þorskur	25,519	3,429	13	25,000	98
		Ýsa	6,834	3,418	50	3,504	51
		Ufsi	1,764	1,702	96	3,168	180
		Skarkoli	17,909	4,117	23	21,000	117
7184	Ármann RE 114	Þorskur	12,266			11,511	94
		Ýsa	4,299			4,672	109
		Ufsi	2,084			2,568	123
1423	Árni Jóns BA 1	Þorskur	49,545	54,273	110	6,356	13
		Ýsa	6,195	2,344	38		
		Skarkoli	1,904			2,000	105
1222	Árni Óla ÍS 81	Þorskur	26,838			27,500	102
1487	Ásbjörg ST 9	Þorskur	72,532			16,569	23
		Ýsa	14,523			13,000	90
		Karfi	3,764			7,000	186
		Grálúða	8,039	541	7	8,000	100
1185	Ásborg RE 15	Þorskur	21,046			15,000	71
		Ýsa	301				
		Ufsi	807			2,015	250
1434	Ásdís ST 37	Þorskur	73,916	20,000	27	64,000	87
		Ýsa	23,065			25,000	108
		Ufsi	16,757			25,000	149
		Skarkoli	38,293	7,658	20	46,894	122
1053	Bára ÍS 364	Þorskur	110,108	91,265	83	120,211	109
		Ýsa	25,546	2,329	9	33,138	130
		Skarkoli	27,510			32,956	120
1148	Bára ÍS 66	Þorskur	20,140			25,000	124
		Skarkoli	590				
1986	Bensi BA 46	Þorskur	43,001	5,000	12	33,000	77
		Ýsa	13,387	9,300	69	24,500	183
		Ufsi	2,310			4,300	186
6898	Berta ÍS 606	Þorskur	153			153	100
		Ufsi	96			96	100
2013	Bessi ÍS 410	Þorskur	1,031,824	319,000	31		
		Ýsa	304,589	85,000	28		
		Ufsi	297,967	76,000	26		
		Karfi	529,441	144,626	27	70,000	13
		Grálúða	795,845	270,110	34		
		Skarkoli	30,972	8,800	28		
6049	Billa BA 75	Þorskur	294				
1318	Bjarmi IS 326	Þorskur	73,916	20,124	27	79,500	108
		Ýsa	854	20,000	2,342	4,933	578
		Ufsi	4,410			9,698	220
		Karfi	1,044			8,032	769
		Grálúða	3,573			5,658	158
6828	Björg ST 10	Þorskur	48			48	100
		Ýsa	26			26	100
		Ufsi	796			796	100
		Karfi	74			74	100

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6828	Björg ST 10	Skarkoli	30			30	100
1295	Björgvin Már ÍS 468	Þorskur	36,780	2,300	6	1,100	3
		Ýsa	4,037	9,500	235		
		Ufsi	882			2,604	295
2079	Björninn BA 85	Þorskur	22,860			12,000	52
		Ýsa	8,292			8,983	108
		Ufsi	2,027			3,366	166
6962	Bliki ÍS 879	Þorskur	5,316	1,366	26	6,000	113
		Ýsa	890			1,151	129
		Ufsi	931			1,371	147
6124	Blíðfari ÍS 701	Þorskur	4,762			4,955	104
		Ýsa	709			1,017	143
1527	Brimnes BA 800	Þorskur	122,046	62,000	51	50,000	41
		Ýsa	39,936	4,983	12	27,542	69
		Ufsi	7,056	3,366	48	15,494	220
		Karfi	5,221	1,186	23	12,663	243
		Skarkoli	11,842	99,147	837		
6948	Bryndís BA 165	Þorskur	1,427			1,380	97
		Ýsa	689			866	126
		Ufsi	577			627	109
2091	Bryndís ÍS 35	Þorskur	376				
361	Bryndís ÍS 69	Þorskur	14,959	12,007	80	28,000	187
		Skarkoli	971			800	82
1947	Brynjar BA 128	Þorskur	14,894			15,812	106
		Ýsa	270				
		Ufsi	153			186	122
		Skarkoli	318				
1537	Byr ÍS 184	Þorskur	49,608	1,915	4	46,773	94
		Ýsa	14,676			14,677	100
		Ufsi	4,776	5,395	113	4,776	100
		Skarkoli	6,245			6,245	100
1428	Dagný ÍS 34	Þorskur	15,399			4,600	30
		Ýsa	3,417				
1410	Dagrún ÍS 9	Þorskur	643,684	40,300	6	50,224	8
		Ýsa	270,806			43,985	16
		Ufsi	362,490	218,000	60	82,000	23
		Karfi	455,299	164,000	36	180,927	40
		Grálúða	526,990	45,000	9	360,284	68
		Skarkoli	30,784	127,000	413	52,906	172
1184	Dagrún ST 12	Þorskur	13,199			17,929	136
		Ýsa	854			3,908	458
1175	Donna ÍS 62	Ýsa	5,126	3,890	76	6,023	117
		Ufsi	1,764	1,662	94	2,142	121
		Karfi	1,044	4,523	433	4,999	479
		Skarkoli	11,828	305	3	11,059	93
1429	Driffell BA 102	Þorskur	9,760			9,000	92
		Ýsa	1,300			1,300	100
		Ufsi	828			828	100
		Skarkoli	1,521			1,521	100
1730	Dýrfirðingur ÍS 58	Þorskur	23,504			18,000	77
		Ýsa	3,392	4,055	120		
		Ufsi	255			1,376	540
		Skarkoli	183			353	193
1195	Egill BA 468	Þorskur	96,548	44,321	46		
		Ýsa	1,050	28,000	2,667	5,000	476
		Ufsi	11,628			14,159	122
		Karfi	4,177			8,713	209
		Grálúða	3,573			4,500	126
		Skarkoli	29,611	73,878	249	20,000	68
1386	Ex Dröfn rak á land 3/12 93 ÍS 44	Þorskur	40,478			42,240	104
		Ýsa	4,272			5,849	137
		Ufsi	2,646			4,161	157
		Skarkoli	6,793			7,125	105

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
789	Ex Máni fórst jan 94 ÍS 54	Skarkoli	4,677	693	15	5,370	115
824	*Fengsæll ÍS 83*	Þorskur	1,787	9,000	504	10,787	604
		Ýsa	3,538			3,538	100
		Ufsi	895				
1181	Finnbjörn ÍS 37	Þorskur	23,759			23,169	98
1192	Fjóla BA 150	Þorskur	65,556			20,000	31
		Ýsa	854				
		Skarkoli	6,525	12,800	196		
977	Flosi ÍS 15	Þorskur	166,288	172,759	104	274,645	165
		Ýsa	23,920	4,700	20	21,336	89
		Ufsi	2,243	6,858	306	9,000	401
		Karfi	1,044			1,009	97
		Grálúða	38,408	7,000	18	43,426	113
1327	Framnes ÍS 708	Þorskur	447,455	64,000	14	70,000	16
		Ýsa	167,438	28,000	17	180,000	108
		Ufsi	256,654	124,000	48	312,000	122
		Karfi	498,114	278,000	56	765,000	154
		Grálúða	369,786	70,800	19	400,000	108
		Skarkoli	9,565			5,000	52
7136	Frigg BA 4	Þorskur	11,347	12,000	106	14,782	130
		Ýsa	2,216			2,597	117
		Ufsi	2,747			3,006	109
		Karfi	62			714	1,152
		Skarkoli	65			146	225
6611	Gimburey BA 52	Þorskur	217				
		Karfi	47				
1344	Gissur hvíti ÍS 114	Þorskur	29,918			34,253	114
		Ufsi	882			1,074	122
		Skarkoli	2,249			2,699	120
1317	Grímsey ST 2	Þorskur	2,838	8,878	313	8,000	282
		Grálúða	4,466			4,000	90
		Skarkoli	69				
1302	Guðbjartur ÍS 16	Þorskur	881,700			310,644	35
		Ýsa	261,644			53,000	20
		Ufsi	314,267			63,010	20
		Karfi	505,423	66,000	13	166,519	33
		Grálúða	247,417	191,284	77	313,494	127
		Skarkoli	23,596	12,000	51	25,500	108
1579	Guðbjörg ÍS 46	Þorskur	1,481,130	212,500	14	286,613	19
		Ýsa	473,895	89		86,000	18
		Ufsi	367,680	115		249,000	68
		Karfi	806,171	1,119		51,000	6
		Grálúða	524,311	331,658	63	50,000	10
		Skarkoli	28,502	31,504	111		
1793	Guðjón Eiríksson BA 2	Þorskur	19,812				
		Karfi	279			1,574	564
		Skarkoli	4				
2155	Guðmundur Guðjónsson BA 205	Þorskur	27,278			34,338	126
		Ýsa	2,563			3,000	117
		Karfi	4,177	900	22	5,100	122
		Grálúða	893				
		Skarkoli	2,834	500	18	3,400	120
1753	Guðmundur Péturs ÍS 45	Þorskur	44,785	3,350	7	42,114	94
		Ýsa	18,132			16,423	91
		Ufsi	33,154			32,266	97
		Karfi	25,728			22,322	87
483	Guðný ÍS 266	Þorskur	57,978	17,000	29	1,500	3
		Ýsa	14,101	1,000	7		
		Ufsi	841				
		Skarkoli	2	43,500	2,175,000		
72	Guðrún Hlín BA 122	Þorskur	125,565	364,770	291	115,000	92
		Ýsa	20,304	64,000	315	4,439	22
		Ufsi	109			1,700	1,560
		Karfi	2,088			3,091	148
		Grálúða	893	33,900	3,796	4,773	534
		Skarkoli	262	16,573	6,326	17,185	6,559

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1788	Guðrún Jónsdóttir ÍS 400	Þorskur	13,949	1,300	9	16,803	120
		Ýsa	456			552	121
		Ufsi	530			655	124
		Karfi	105			270	257
		Skarkoli	3,383			4,080	121
7187	Gunna Beta ÍS 17	Þorskur	6,222			7,179	115
		Ýsa	1,081			1,510	140
		Ufsi	905			1,378	152
1381	Gunnar Sigurðsson ÍS 13	Þorskur	17,159	5,000	29	22,000	128
1686	Gunnbjörn ÍS 302	Þorskur	65,996	8,470	13	3,970	6
		Ýsa	17,940	56,739	316	33,291	186
		Ufsi	3,986	25,267	634	2,106	53
		Grálúða	893	439	49		
		Skarkoli	30,143	90,979	302	4,000	13
1232	Gunnhildur ST 29	Þorskur	11,439			20,000	175
		Skarkoli	7			567	8,100
1907	Gunnvör ÍS 53	Þorskur	25,843	14,488	56	38,000	147
		Ýsa	7,875	1,676	21	7,500	95
		Ufsi	497			605	122
		Karfi	405			499	123
		Skarkoli	1,027	13,088	1,274	14,200	1,383
1396	Gunnvör ST 39	Þorskur	23,319	5,991	26	15,473	66
		Ýsa	7,688	1,700	22	10,720	139
		Ufsi	882	411	47		
		Skarkoli	29			509	1,755
2058	Gylfi BA 18	Þorskur	23,295	27,466	118	11,500	49
		Ýsa	8,292	4,100	49	4,083	49
		Ufsi	2,027			2,842	140
		Skarkoli	49			190	388
1640	Gyllir ÍS 261	Þorskur	315,564	183,944	58	176,738	56
		Ýsa	117,538	70,000	60	101,070	86
		Ufsi	206,381	44,300	21	257,560	125
		Karfi	26	1,264	4,862	15,884	61,092
		Skarkoli	19,001	35,000	184	54,000	284
6248	Gæfan ÍS 403	Þorskur	4,291	1,711	40	3,800	89
		Ufsi	171			411	240
78	Haffari ÍS 430	Þorskur	153,111			133,000	87
		Ýsa	113,619			10,000	9
		Ufsi	77,613			76,000	98
		Karfi	25,062			22,000	88
		Grálúða	5,359	50,000	933		
		Skarkoli	31,822			30,500	96
1862	Hafrún II ÍS 365	Þorskur	36,535	3,500	10	33,000	90
		Ýsa	1,591	17,974	1,130		
		Ufsi	779				
		Karfi	29			372	1,283
		Skarkoli	997	4,000	401		
1240	Hafrún ÍS 154	Þorskur	15,839			20,000	126
1470	Hafsúla ST 11	Þorskur	47,980	91,222	190	44,000	92
		Ýsa	854	10,720	1,255	10,720	1,255
		Ufsi	2,023				
1440	Halldór Sigurðsson ÍS 14	Þorskur	42,678	10,000	23	19,744	46
		Ýsa	1,709	32,000	1,872	600	35
		Skarkoli	752	3,249	432	3,525	469
872	Hallgrímur Ottósson BA 39	Þorskur	24,453	9,200	38	10,000	41
		Skarkoli	7,777	87,919	1,131		
1292	Haukur ÍS 195	Þorskur	34,318	20,000	58	49,100	143
		Ýsa	2,563	1,900	74		
		Ufsi	882				
		Skarkoli	2,504			2,400	96
1989	Hálfdán í Búð ÍS 19	Þorskur	337,742	143,232	42	88,088	26
		Ýsa	176,058	40,000	23	6,781	4
		Ufsi	133,899				
		Karfi	209,897	176,084	84	220,750	105
		Grálúða	226,874	449,858	198	161,834	71

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1989	Hálfdán í Búð ÍS 19	Skarkoli	140,361	30,153	21	55,481	40
1506	Heiðrún ÍS 4	Þorskur	516,960	52,858	10	120,000	23
		Ýsa	249,449			83,500	33
		Ufsi	195,798	78,000	40	218,000	111
		Karfi	356,094	112,284	32	314,000	88
		Grálúða	179,534	50,261	28	221,000	123
		Skarkoli	43,927	72,117	164	60,000	137
565	Hilmir ST 1	Þorskur	24,961			26,905	108
		Ýsa	4,271			5,174	121
		Ufsi	882			3,834	435
		Grálúða	4,466			3,608	81
		Skarkoli	3,048			2,921	96
1634	Hólmadrangur ST 70	Þorskur	685,225	18,000	3	38,628	6
		Ýsa	145,939	19,367	13	6,500	4
		Ufsi	160,935	35,822	22		
		Karfi	272,553	50,311	18	224,555	82
		Grálúða	408,194	284,226	70	1,633	
		Skarkoli	1,375	8,617	627	5,500	400
368	Hrauney BA 407	Þorskur	48,397			48,397	100
		Ýsa	9,397			10,527	112
		Ufsi	2,646			3,222	122
		Karfi	4,177			4,228	101
		Grálúða	893			893	100
		Skarkoli	5,282	1,056	20	5,993	113
579	Hrefna ÍS 202	Þorskur	4,410			4,808	109
		Ufsi	231			449	194
1845	Húni ÍS 211	Þorskur	27,672	297	1	24,558	89
		Ýsa	18,080			17,711	98
		Ufsi	6,084			6,084	100
		Skarkoli	34	1,200	3,529	1,102	3,241
1955	Höfrungur BA 60	Þorskur	36,078	23,406	65	1,500	4
		Skarkoli	21,378	147,183	688	68,500	320
1524	Ingimar Magnússon ÍS 650	Þorskur	53,998	3,404	6	25,300	47
		Ýsa	19,648			6,400	33
		Skarkoli	971			1,000	103
498	Ísborg BA 477	Þorskur	23,610	30,000	127	21,500	91
		Ýsa	1,157			600	52
		Ufsi	1,764			2,975	169
7041	Janus ÍS 300	Þorskur	2,228			1,500	67
		Karfi	967			1,119	116
1390	Jón Guðmundsson ÍS 75	Þorskur	26,838	13,759	51	13,242	49
		Ýsa	5,126	2,493	49	1,475	29
		Skarkoli	1			186	18,600
610	Jón Júlí BA 157	Þorskur	86,002	1,500	2	54,000	63
		Ýsa	3,417	12,500	366		
		Skarkoli	54,775	30,000	55	37,200	68
7096	Jón Páll BA 133	Þorskur	18,297	16,000	87	17,080	93
		Ýsa	394				
		Ufsi	1,200				
630	Jón Trausti ÍS 78	Þorskur	7,040	29,133	414		
		Ýsa	1,709	13,996	819		
2142	Jónína ÍS 930	Þorskur	111,464	117,089	105	17,300	16
		Ýsa	53,819	84,000	156	3,500	7
		Ufsi	25,040	2,604	10	30,490	122
		Karfi	11,487	18,140	158	33,517	292
		Skarkoli	211	102,760	48,701	103,050	48,839
1977	Júlíus Geirmundsson ÍS 270	Þorskur	891,109	13,000	1		
		Ýsa	191,698	37,500	20		
		Ufsi	265,612	605			
		Karfi	344,607	182,119	53		
		Grálúða	360,854	155,000	43		
		Skarkoli	23,814	5,135	22	28,148	118
1905	Jöfur ÍS 172	Þorskur	72,596			72,000	99
1733	Jörundur Bjarnason BA 10	Þorskur	13,463			13,993	104

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1733	Jörundur Bjarnason BA 10	Skarkoli	2,208			2,208	100
925	Katrín BA 109	Þorskur	87,301	7,778	9	7,314	8
		Ýsa	17,119	3,504	20	16,318	95
		Ufsi	26,294	3,168	12	28,202	107
		Karfi	9,882			12,192	123
		Skarkoli	858	52,132	6,076	10,075	1,174
7067	Kló ST 67	Þorskur	10,782	1,885	17		
		Ýsa	515	8,063	1,566		
		Ufsi	831	600	72		
		Karfi	13				
		Skarkoli	7	87	1,243		
1679	Kofri ÍS 41	Þorskur	216,468			243,500	112
		Ýsa	86,282			86,000	100
		Ufsi	87,315			105,000	120
		Karfi	63,700	70,000	110	123,678	194
		Grálúða	156,311			96,000	61
		Skarkoli	205				
923	Kolbrún ÍS 74	Þorskur	499,194	12,868	3	499,194	100
		Ýsa	169,058	6,023	4	202,738	120
		Ufsi	274,347	2,142	1	334,064	122
		Karfi	94,845	1,287	1	99,677	105
		Grálúða	55,814			61,671	110
		Skarkoli	931			931	100
7022	Kristín Finnbogadótt BA 95	Þorskur	51,624			15,000	29
		Ýsa	12,532			5,000	40
		Ufsi	264				
		Skarkoli	22			380	1,727
1303	Kristján ÍS 122	Þorskur	15,516	50,787	327	16,000	103
		Ýsa	11,253	8,538	76	3,000	27
		Ufsi	882				
		Karfi	2,089				
		Skarkoli	2,440	14,200	582	16,433	673
1213	Látravík BA 66	Þorskur	164,687	5,602	3	52,500	32
		Ýsa	63,495			32,500	51
		Ufsi	127,217	30,500	24	160,000	126
		Karfi	85,222	10,000	12	95,000	111
		Skarkoli	20,919	20,700	99	4,500	22
6560	Litlanes BA 126	Þorskur	4,338	4,000	92	7,600	175
6900	Logi ÍS 32	Þorskur	14,675			9,656	66
		Ýsa	8,545			8,923	104
		Ufsi	335			824	246
7172	Logi ÍS 79	Þorskur	7,980	6,900	86	10,000	125
		Ýsa	1,278			1,278	100
		Ufsi	1,501				
1156	Lómur BA 257	Þorskur	153,717	71,000	46	9,000	6
		Ýsa	19,648	2,597	13	7,500	38
		Ufsi	6,174	91,425	1,481		
		Karfi	10,443	714	7	2,929	28
		Grálúða	893			3,474	389
		Skarkoli	27,582	9,829	36	30,000	109
1962	Maggi ÍS 197	Þorskur	21,454			23,425	109
		Karfi	372			1,783	479
151	María Júlía BA 36	Þorskur	208,105	7,338	4	22,586	11
		Ýsa	21,357			5,000	23
		Karfi	1,044			10,765	1,031
		Skarkoli	61,663	220,842	358	12,000	19
992	Máni ÍS 54	Þorskur	88,238	34,754	39	76,725	87
		Ýsa	22,266	24,677	111	5,280	24
		Ufsi	7,679	4,776	62	5,395	70
		Skarkoli	4,869	73,635	1,512		
1190	Máni ÍS 59	Ýsa	1,744	28,495	1,634		
		Ufsi	6				
		Skarkoli	23	3,435	14,935		
2060	Máni II ÍS 541	Þorskur	22,860	15,850	69	25,119	110
		Ýsa	8,292	1,038	13	9,947	120
		Ufsi	2,027	154	8	2,034	100

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2018	Mímir ÍS 30	Ýsa	4,322	3,152	73		
		Ufsi	3,646				
		Skarkoli	84	58,691	69,870		
1811	Mýrafell ÍS 123	Þorskur	56,329	38,564	68	43,000	76
		Ýsa	2,594	39,000	1,503	330	13
		Ufsi	121	2,114	1,747	1,379	1,140
		Skarkoli	1,761	27,559	1,565		
1109	Neisti ÍS 218	Þorskur	19,799	519	3	11,200	57
		Skarkoli	2,849	725	25	1,146	40
6052	Nói ÍS 186	Þorskur	308				
1893	Nónborg BA 23	Þorskur	65,450	500	1	10,000	15
		Ýsa	1,991	2,000	100		
		Ufsi	12	9,000	75,000		
		Karfi	12			3,000	25,000
		Skarkoli	45,374	45,615	101		
1591	Núpur BA 69	Þorskur	291,959	140,476	48	65,473	22
		Ýsa	89,228	90,423	101	9,300	10
		Ufsi	65,414	38,581	59	10,000	15
		Karfi	45,690	30,798	67	85,211	186
		Grálúða	16,078	28,674	178	8,780	55
		Skarkoli	115	30,457	26,484	32,288	28,077
1052	Orri ÍS 20	Þorskur	166,751	74,997	45	95,501	57
		Ýsa	51,257				
		Karfi	1,044			951	91
		Grálúða	185,786	40,000	22	209,394	113
		Skarkoli	1,985	400	20	2,005	101
6341	Ólafur ST 52	Þorskur	14,507	9,200	63	21,230	146
		Ýsa	2	1,000	50,000	1,068	53,400
		Ufsi	76			794	1,045
		Karfi	47			996	2,119
1502	Páll Helgi ÍS 142	Þorskur	67,316	60,000	89	46,827	70
		Ýsa	20,503	14,000	68		
		Skarkoli	13,672	21,500	157		
1274	Páll Pálsson ÍS 102	Þorskur	1,128,820	540,080	48	100,224	9
		Ýsa	394,793	3,400	1	11,277	3
		Ufsi	519,021			400,285	77
		Karfi	403,086	103,930	26	16,600	4
		Grálúða	494,835	130,500	26	530,500	107
		Skarkoli	42,100	51,400	122	5,000	12
1491	Pétur Þór BA 44	Þorskur	34,318			33,000	96
		Skarkoli	6,603			7,726	117
1032	Pilot BA 6	Þorskur	27,893			27,893	100
		Ýsa	164			164	100
		Ufsi	184			184	100
		Skarkoli	946			1,135	120
6368	Rán ÍS 38	Þorskur	3,352			2,000	60
		Ufsi	1,343			1,798	134
612	Ritur ÍS 22	Þorskur	15,616			18,000	115
		Ufsi	1,274				
6554	Rostungur ÍS 555	Þorskur	712			454	64
		Ufsi	229				
5239	Rýta ÍS 118	Þorskur	4,558			5,600	123
		Ufsi	2,442			3,192	131
1228	Sigurgeir Sigurðsson ÍS 533	Þorskur	23,319	251,607	1,079	256,220	1,099
		Ýsa	11,020	20,526	186	11,740	107
		Ufsi	1,764	7,958	451	10,106	573
6273	Sigurvin ÍS 452	Þorskur	6,852				
		Ufsi	214				
		Karfi	142				
257	Sigurvon ÍS 500	Þorskur	180,765	143,808	80	141,227	78
		Ýsa	29,140	716	2	2,000	7
		Ufsi	262	1,196	456	6,048	2,308
		Grálúða	117,903	366		98,964	84
		Skarkoli	25,303	60,153	238	3,900	15

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6442	Sigurörn ÍS 36	Þorskur	6,465			6,400	99
		Ufsi	138			474	343
6150	Sjöfn ÍS 219	Þorskur	672	2,100	313	1,362	203
1383	Skutull ÍS 180	Þorskur	538				
		Grálúða	182,214	20,000	11	167,252	92
770	Skúli Hjartarson BA 250	Þorskur	35,638	41,000	115	39,500	111
		Ýsa	854	5,761	675		
		Skarkoli	8,472	4,874	58		
1872	Skúmur ÍS 322	Þorskur	161,471	4,000	2	47,500	29
		Ýsa	29,045	154,054	530	4,500	15
		Ufsi	104,955	49,667	47	63,000	60
		Karfi	149,330	368		155,000	104
		Grálúða	176,854	36,840	21	177,989	101
		Skarkoli	6,943	7,508	108	12,478	180
1628	Sléttanes ÍS 808	Þorskur	720,901	36,492	5	349,322	48
		Ýsa	330,605			127,152	38
		Ufsi	311,673	29,406	9	263,690	85
		Karfi	462,609	116,449	25	162,998	35
		Grálúða	347,456	20,432	6	174,465	50
		Skarkoli	11,991	274,331	2,288	284,866	2,376
1493	Smári BA 231	Þorskur	435	42,939	9,871	40,273	9,258
		Karfi	20	1,685	8,425	1,738	8,690
		Skarkoli	3	3,487	116,233	3,495	116,500
1644	Stakkur ÍS 42	Þorskur	21,999	5,000	23	5,900	27
		Ýsa	18,794			6,000	32
		Ufsi	9,702			12,300	127
		Skarkoli	2,885			3,500	121
2127	Stapi BA 65	Þorskur	69,516	66,912	96	36,263	52
		Ýsa	854	82,497	9,660	65,000	7,611
		Ufsi	882	627	71	1,074	122
		Karfi	1,044	9,782	937		
		Grálúða	2,680	47,686	1,779	34,000	1,269
		Skarkoli	1,419	93,702	6,603	94,685	6,673
1451	Stefnir ÍS 28	Þorskur	299,843	409,515	137		
		Ýsa	102,513	210,304	205		
		Ufsi	206,381	331,533	161	55,000	27
		Karfi	460,520	570,754	124	15,000	3
		Grálúða	389,895	295,686	76	360,000	92
		Skarkoli	14,347	16,500	115		
2008	Stefnir ST 47	Þorskur	27,453	35,495	129		
		Ýsa	2,326				
		Ufsi	3,287				
		Karfi	336			4,884	1,454
1787	Stundvís ÍS 883	Þorskur	20,531			12,974	63
		Ýsa	582	6,705	1,152		
		Ufsi	126	285	226		
		Skarkoli	4,966	10,000	201	5,135	103
1859	Sundhani ST 3	Þorskur	25,428			34,000	134
		Ýsa	1,846			4,973	269
		Ufsi	1,057			4,632	438
		Karfi	51			4,775	9,363
1827	Svali BA 287	Þorskur	21,605			17,000	79
		Ýsa	3,029			4,394	145
		Ufsi	512			1,608	314
		Karfi	87			1,389	1,597
1763	Svandís ST 111	Karfi	119				
7038	Sverrir BA 26	Þorskur	36,132	2,000	6	18,000	50
		Ýsa	3,329			2,700	81
		Ufsi	1,527			3,400	223
1188	Sæbjörg BA 59	Þorskur	32,998			40,661	123
		Ýsa	3,417				
554	Sæbjörg ST 7	Þorskur	125,393	14,076	11	64,000	51
		Ýsa	13,668			1,000	7
		Ufsi	882			3,000	340

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
554	Sæbjörg ST 7	Karfi	1,044			9,845	943
		Grálúða	3,573			4,360	122
		Skarkoli	1,497				
1118	Sæbjörn ÍS 121	Þorskur	19,799	14,000	71	20,000	101
825	Sædís ÍS 67	Þorskur	10,999	3,600	33		
		Skarkoli	2,427	10,800	445		
221	Sæfell ÍS 820	Þorskur	35,140	7,281	21	34,879	99
		Ýsa	8,886			10,384	117
		Ufsi	18,687			22,458	120
		Karfi	5,782			6,721	116
		Skarkoli	569				
127	Tjaldanes ÍS 522	Þorskur	22,133	368,196	1,664	5,000	23
		Ýsa	9,444	31,895	338		
		Ufsi	5,292	85,875	1,623		
		Skarkoli	21,793	30,805	141		
1944	Tjaldanes ÍS 552	Þorskur	43,668	10,517	24	34,630	79
		Ýsa	20,156	8,549	42	11,500	57
		Ufsi	4,601	2,529	55	9,463	206
		Skarkoli	483	250	52	876	181
1583	Tjaldur ÍS 6	Þorskur	11,051			12,812	116
		Ufsi	139				
1785	Uggi ÍS 404	Þorskur	11,183	1,600	14	7,000	63
		Ýsa	3,195			1,355	42
		Ufsi	1,198			1,661	139
		Karfi	50			662	1,324
6848	Valgerður ÍS 344	Þorskur	4,060			4,638	114
		Ýsa	1,535			1,964	128
		Ufsi	44			203	461
		Karfi	138			348	252
1403	Valur ÍS 420	Þorskur	34,318			37,000	108
		Ýsa	5,126			4,000	78
		Grálúða	893			1,000	112
		Skarkoli	794			800	101
780	Ver ÍS 120	Þorskur	21,999			24,638	112
1464	Vestri BA 64	Þorskur	75,747	52,948	70	23,320	31
		Ýsa	37,268			28,000	75
		Ufsi	389	23,688	6,089		
1854	Ýmir BA 32	Þorskur	20,478	28,182	138	57,234	279
		Ýsa	109	1,300	1,193	18,800	17,248
		Ufsi	532	828	156	24,238	4,556
		Skarkoli	21,638	15,221	70	36,919	171
1920	Þjóðólfur ÍS 86	Þorskur	23,734	13,100	55	12,000	51
		Ýsa	1,125	7,925	704		
		Ufsi	1,494	3,192	214	5,000	335
		Karfi	105	291	277	350	333
		Skarkoli	605	36	6	393	65
6245	Þórólfur ÍS 578	Þorskur	14,347	1,759	12	17,404	121
		Ufsi	37			747	2,019
2057	Ævar BA 25	Þorskur	22,860	32,363	142	2,000	9
		Ýsa	8,292			4,591	55
		Ufsi	2,027			2,500	123
1186	Örn ÍS 18	Þorskur	24,199	14,086	58	33,000	136
		Ufsi	882				
		Skarkoli	13,504	3,081	23	13,000	96
411	Örvar ST 155	Þorskur	12,759			21,061	165
		Ýsa	27			54	200
		Ufsi	2,646				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND VESTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2173	Arnar HU 1	Þorskur	1,405,357	1,285,000	91	610,000	43
		Ýsa	798,484	31,387	4	28,062	4
		Ufsi	498,357	261,182	52	2,801	1
		Karfi	950,439	1,054,500	111	2,057,086	216
		Grálúða	624,788	1,057,663	169	421,765	68
		Skarkoli	65,787	7,665	12	67,467	103
528	Arnar HU 38	Þorskur	109				
656	Auðbjörg HU 6	Þorskur	18,039	6,748	37	28,000	155
		Ýsa	5,980	3,200	54		
		Skarkoli	56,117	19,714	35	21,000	37
1581	Berghildur SK 137	Þorskur	29,918	43,733	146	45,337	152
		Ýsa	3,417				
		Ufsi	882			13,106	1,486
		Skarkoli	19,764				
6844	Bylgja SK 54	Ufsi	218				
1348	Drangey SK 1	Þorskur	324,702	62,610	19	77,294	24
		Ýsa	175,127	16,000	9		
		Ufsi	238,132	61,700	26	186,435	78
		Karfi	1,088,122			888,613	82
		Grálúða	330,485	59,959	18	250,000	76
		Skarkoli	6,890	2,000	29	2,300	33
284	Dröfn SI 167	Þorskur	54,117	106,122	196	40,651	75
		Ýsa	23,920			10,000	42
		Ufsi	8,820	9,600	109	14,000	159
		Skarkoli	518	9,000	1,737	1,400	270
1675	Emma II SI 164	Þorskur	30,470			37,382	123
		Ufsi	882			2,580	293
1087	Farsæll SI 93	Þorskur	17,605	1,336	8		
		Ýsa	58			727	1,253
		Ufsi	445			280	63
		Karfi	68			1,217	1,790
		Skarkoli	69			212	307
7049	Gammur SK 12	Þorskur	22,860	178	1	23,094	101
		Ýsa	8,292	91	1	8,985	108
		Ufsi	2,027			2,925	144
1888	Garri SI 138	Þorskur	14,570	14,883	102	6,500	45
		Ýsa	99			607	613
		Ufsi	2,625			2,708	103
		Karfi	99	1,654	1,671	2,671	2,698
		Skarkoli	170			40	24
964	Gissur hvíti HU 35	Þorskur	171,255	8,714	5	170,445	100
		Ýsa	122,574	13,700	11	133,763	109
		Ufsi	183,655	34,000	19	221,057	120
		Karfi	14,620	2,400	16	13,000	89
		Skarkoli	32				
1984	Glaður SK 170	Þorskur	10,380	19,136	184	1,456	14
		Ýsa	15,163	12,943	85	9,674	64
		Ufsi	2,420	11,898	492	2,974	123
		Karfi	174	657	378	224	129
		Skarkoli	6	82	1,367	22	367
6598	Grímur HU 9	Þorskur	380	2,805	738		
1921	Guðrún Jónsdóttir SI 155	Þorskur	22,427	48,503	216	13,189	59
		Ýsa	1,822	300	16		
		Ufsi	303				
1350	Hafborg SI 4	Þorskur	18,207	9,010	49	5,000	27
		Ýsa	758			1,500	198
		Ufsi	2,525			2,300	91
		Karfi	395	2,080	527	3,500	886
		Skarkoli	7			22	314
6087	Hafdís SK 147	Þorskur	8,391			3,000	36
6790	Hafey SK 194	Skarkoli	9				
530	Hafrún HU 12	Þorskur	69,516	63,000	91	12,344	18
		Ýsa	5,126			3,200	62
		Skarkoli	36,179	46,000	127	49,731	137

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND VESTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1453	Haförn HU 4	Þorskur	22,860	1,198	5	34,702	152
		Ýsa	8,292	5,300	64	18,567	224
		Ufsi	2,027			6,771	334
1492	Hegranes SK 2	Þorskur	556,128			373,439	67
		Ýsa	117,146	200,000	171	95,047	81
		Ufsi	178,830	26,000	15	10,025	6
		Karfi	732,029	19,000	3	311,774	43
		Grálúða	159,883	312,000	195	30,000	19
		Skarkoli	10,023	1,500	15	14,000	140
647	Helga Björg HU 7	Þorskur	4,840	1,095	23	4,500	93
		Skarkoli	22,064	10,000	45	6,492	29
6539	Hrönn II SI 144	Þorskur	9,880	16,188	164		
		Ufsi	284	616	217		
5889	Höfrungur SK 123	Þorskur	1,030	2,981	289	3,214	312
		Ýsa	1,460	646	44	2,259	155
		Ufsi	216	248	115	414	192
		Skarkoli	2	1,350	67,500	4	200
1179	Ingimundur gamli HU 65	Þorskur	109,114			138,000	126
		Ýsa	40,151			42,000	105
		Ufsi	80,259			96,000	120
		Karfi	36,549			53,158	145
		Skarkoli	40,096			48,021	120
6209	Jón Kristinn SI 52	Þorskur	12,758	16,391	128	6,749	53
		Ufsi	1,569	2,571	164	4,500	287
		Karfi	321	1,603	499	2,700	841
1997	Jökull SK 33	Þorskur	19,799	897	5	41,482	210
		Ýsa	2,563			10,363	404
		Karfi	3,133	7,522	240	26,890	858
		Skarkoli	11,410	4,201	37	17,539	154
1734	Leiftur SK 136	Þorskur	4,750	9,563	201	8,000	168
		Ufsi	728				
		Karfi	18				
6914	Malli SK 19	Þorskur	7,980			6,500	81
		Ýsa	1,278			1,808	141
		Ufsi	1,501				
6830	Már SK 90	Þorskur	281	1,060	377		
		Ýsa	13				
		Ufsi	592				
1177	Mávur SI 76	Þorskur	36,078	56,803	157	10,380	29
		Ýsa	1,709				
		Ufsi	4,410	4,246	96	214	5
		Karfi	2,089	3,655	175	8,042	385
		Skarkoli	48			344	717
1834	Neisti HU 5	Þorskur	18,302			27,463	150
		Ýsa	2,439			6,000	246
		Ufsi	1,652			6,000	363
		Karfi	9			5,370	59,667
		Skarkoli	9,358			11,000	118
1768	Nökkvi HU 15	Þorskur	18,039			22,500	125
		Grálúða	143,806	18,000	13	147,288	102
6609	Oddur SK 100	Þorskur	178			178	100
		Ýsa	91			91	100
		Skarkoli	16,051			14,092	88
711	Ólafur Magnússon HU 54	Þorskur	77,436	10,000	13	56,748	73
		Ýsa	4,271			10,500	246
		Ufsi	882	2,801	318	6,600	748
		Skarkoli	5,012	45,221	902	52,000	1,038
7106	Óli SK 115	Þorskur	4,816	2,000	42	5,500	114
1511	Sandvík SK 188	Þorskur	43,029	14,500	34	45,000	105
		Ýsa	6,416			16,205	253
		Ufsi	11,466			24,500	214
		Skarkoli	6,412	3,000	47	10,729	167

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND VESTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1407	Siglfirðingur SI 150	Þorskur	852,838	209,000	25	418,000	49
		Ýsa	238,719			125,000	52
		Ufsi	237,464	816		64,500	27
		Karfi	200,622	55,078	27	267,745	133
		Grálúða	210,796	172,189	82	115,500	55
		Skarkoli	11,738	134	1	4,600	39
1349	Sigluvík SI 2	Þorskur	534,130	105,000	20	601,343	113
		Ýsa	83,719	11,113	13	110,000	131
		Ufsi	224,021	42,294	19	290,000	129
		Karfi	334,164	69,082	21	360,391	108
		Grálúða	214,369	59,795	28	190,000	89
		Skarkoli	5,311	491	9	8,000	151
1337	Skafti SK 3	Þorskur	516,531	157,149	30	410,000	79
		Ýsa	167,438	44,000	26		
		Ufsi	126,122	96,000	76		
		Karfi	466,786	123,049	26		
		Grálúða	247,417	553,754	224	200,000	81
		Skarkoli	6,328			6,000	95
1265	Skagfirðingur SK 4	Þorskur	720,506	199,078	28	932,608	129
		Ýsa	219,338	98,692	45	290,240	132
		Ufsi	539,425	200,225	37	628,476	117
		Karfi	1,382,604	1,206,332	87	1,107,718	80
		Grálúða	221,515	596,518	269	742,896	335
		Skarkoli	22,290	35,111	158	60,500	271
1326	Stálvík SI 1	Þorskur	520,930	2,098,496	403	2,591,048	497
		Ýsa	292,591	248,847	85	532,041	182
		Ufsi	285,759	764,000	267	996,151	349
		Karfi	385,333	1,670,886	434	1,987,273	516
		Grálúða	222,408	614,182	276	744,726	335
		Skarkoli	8,434	17,644	209	25,487	302
6755	Steinar SI 21	Þorskur	109				
6957	Straumur SK 85	Þorskur	8,109	6,300	78	12,500	154
		Ufsi	419	5,117	1,221		
2061	Sunna SI 67	Þorskur	429,856	53,700	12	511,781	119
		Ýsa	38,014	7,000	18	45,000	118
		Ufsi	288,405	46,500	16	340,011	118
		Karfi	655,622	157,786	24	832,152	127
		Skarkoli	3,238	550	17	3,800	117
5270	Sævaldur SK 120	Þorskur	1,652	50	3	2,053	124
		Skarkoli	1,117			1,350	121
1544	Viggó SI 32	Þorskur	14,656	15,569	106	27,000	184
		Ýsa	169				
		Ufsi	148	214	145		
		Karfi	16				
1866	Víkurberg SK 72	Þorskur	33,897	35,541	105	20,000	59
		Ufsi	29				
		Karfi	3,079			5,400	175
1320	Þórir SK 16	Þorskur	14,959	20,000	134	33,000	221
		Ufsi	882			12,800	1,451
		Karfi	1,044	2,336	224	19,185	1,838
1598	Örvar HU 21	Þorskur	954,684	607,000	64	16,820	2
		Ýsa	437,074			31,387	7
		Ufsi	461,819			361,182	78
		Karfi	343,160	21,076	6	200,000	58
		Grálúða	495,028	745,580	151	740,000	149
		Skarkoli	51,112	36,520	71	83,679	164

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1369	Akureyrin EA 110	Þorskur	856,677	390,000	46	375,000	44
		Ýsa	278,883	110,000	39	79,000	28
		Ufsi	109,649	80,000	73	115,000	105
		Karfi	409,092	333,900	82	9,713	2
		Grálúða	908,388	362,615	40	50	
		Skarkoli	4,431				
6768	Alda ÞH 230	Þorskur	16,558	11,966	72	2,500	15
		Ýsa	6,403	540	8		
		Ufsi	29	22	76		
		Karfi	45	17	38		
		Skarkoli	6	2	33		
6829	Anna ÞH 131	Þorskur	10,058	10,239	102	9,300	92
		Ýsa	613				
		Ufsi	702				
		Karfi	45			634	1,409
714	Arnar ÓF 3	Þorskur	54,557	59,029	108		
		Ýsa	3,417			3,800	111
		Ufsi	2,646			1,350	51
		Karfi	1,044			3,500	335
		Skarkoli	45,117	4,538	10	10,800	24
968	Arnþór EA 16	Þorskur	219,548	60,000	27	40,000	18
		Ýsa	23,920	4,747	20	5,000	21
		Ufsi	161,401			140,456	87
		Karfi	7,310	15,505	212	18,417	252
586	Aron ÞH 105	Þorskur	104,318	1,500	1	90,937	87
		Ýsa	6,158	15,000	244		
		Ufsi	2,094				
		Karfi	2,797	708	25		
		Grálúða	2,395			2,500	104
		Skarkoli	32,096	5,000	16	36,000	112
2154	Árbakur EA 308	Þorskur	356,600	517,478	145	205,898	58
		Ýsa	316,937	832,000	263	243,119	77
		Ufsi	567,108	54,215	10	155,949	27
		Karfi	795,729	299,160	38	232,639	29
		Grálúða	133,087	122,630	92	244,446	184
		Skarkoli	5,555	10,842	195	6,852	123
5493	Árni ÞH 127	Þorskur	8,598	7,757	90	2,100	24
		Ýsa	7,373	224	3		
		Ufsi	5,328	3,547	67		
		Karfi	85	183	215		
		Skarkoli	4	550	13,750		
7036	Árný ÞH 64	Þorskur	348	348	100	257	74
2123	Ásgeir Frímanns ÓF 21	Þorskur	60,276	109,752	182	60,000	100
		Ýsa	6,834	30,069	440		
		Ufsi	50,275	11,650	23	55,000	109
		Karfi	1,044	7,912	758		
6592	Ásgeir ÞH 198	Þorskur	7,612	4,539	60	4,825	63
		Ýsa	5,419	846	16		
		Ufsi	132	1	1		
		Karfi	32	19	59		
2165	Baldvin Þorsteinsson EA 10	Þorskur	961,089	448,750	47	941,553	98
		Ýsa	241,377	252,956	105	100,000	41
		Ufsi	324,779	419,169	129	400,000	123
		Karfi	331,031	1,775,727	536	150,000	45
		Grálúða	86,641	743,641	858	829,915	958
		Skarkoli	5,149	52,969	1,029	60,000	1,165
1300	Bára ÞH 7	Þorskur	5,742	4,278	75	1,500	26
		Ýsa	3,463	123	4		
		Ufsi	3,568			3,672	103
		Karfi	196	17	9	425	217
1419	Bjargey EA 79	Þorskur	47,957	41,517	87	101,973	213
		Ufsi	77,613	5,640	7	22,249	29
2024	Bjargey II EA 87	Þorskur	35,247	13,733	39	41,517	118
		Ýsa	8,325	8,078	97	7,647	92
		Ufsi	3,394			5,640	166
5525	Bjarki ÞH 271	Þorskur	2,445	859	35		
		Ýsa	6,501	365	6		
		Ufsi	109				
		Karfi	66				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
973	Björg Jónsdóttir II ÞH 320	Þorskur	745	10,700	1,436		
		Grálúða	19,931	5,000	25	11,000	55
1030	Björg Jónsdóttir ÞH 321	Þorskur	3,215			2,800	87
		Grálúða	73,856			58,650	79
1476	Björgúlfur EA 312	Þorskur	814,724	991,000	122	884,830	109
		Ýsa	157,334	322,000	205	276,108	175
		Ufsi	195,029	259,700	133	346,063	177
		Karfi	382,868	322,126	84	606,121	158
		Grálúða	423,450	75,229	18	150,236	35
		Skarkoli	54,612	13,500	25	72,916	134
1937	Björgvin EA 311	Þorskur	757,985	125,000	16	910,992	120
		Ýsa	265,708			261,000	98
		Ufsi	204,546			177,700	87
		Karfi	468,404	131,703	28		
		Grálúða	303,761	367,124	121		
		Skarkoli	33,598			36,297	108
1210	Björn EA 21	Þorskur	46,773	75,318	161	12,856	27
		Ýsa	714	2,834	397		
		Ufsi	13,998	22,238	159		
1942	Bliki EA 12	Þorskur	239,627			42,868	18
		Ýsa	28,296	222,400	786		
		Ufsi	26,267	94,069	358	67,000	255
		Karfi	11,487	158,675	1,381	111,917	974
		Skarkoli	15,249	2,548	17	13,000	85
5713	Blíðfari ÓF 70	Þorskur	16,106	13,954	87	4,500	28
		Ýsa	316				
		Ufsi	3,759	435	12		
		Karfi	778			1,840	237
6019	Brandur ÞH 21	Þorskur	4,581	827	18	2,500	55
		Ýsa	190	3,062	1,612		
		Ufsi	543	1			
		Karfi	61	16	26		
1776	Brimrún ÞH 231	Þorskur	19,006			20,736	109
		Ýsa	761				
		Ufsi	1,223			1,750	143
5530	Brynja ÞH 295	Ýsa	72				
5447	Búi EA 100	Þorskur	12,234	1,922	16	18,000	147
		Ýsa	4,272			5,000	117
		Ufsi	2,108				
7056	Bylgja ÞH 36	Ýsa	193				
		Karfi	16				
1037	Dagfari ÞH 70	Þorskur	21,999	11,000	50	22,000	100
		Grálúða	47,340			28,100	59
		Skarkoli	17,988			13,700	76
1142	Draupnir ÞH 180	Þorskur	31,005	3,000	10		
		Ýsa	3,417	2,500	73		
		Ufsi	24,695	11,700	47		
		Skarkoli	10,892			600	6
6603	Einar EA 209	Þorskur	35	1,000	2,857		
		Ýsa	90				
7145	Einar í Nesi EA 49	Ufsi	2,086				
		Karfi	602				
6923	Elva Dröfn EA 103	Þorskur	14,870	13,237	89	6,000	40
		Ýsa	796	5,000	628		
1449	Ex Baldur seldur úr landi 19/11 93 EA 71	Þorskur	87,247	996	1	85,701	98
		Ýsa	143,683	2,820	2	146,315	102
		Ufsi	152,001			170,798	112
		Karfi	237,447			271,491	114
		Grálúða	32,012			37,935	119
		Skarkoli	165,162	9,378	6	168,970	102
2168	Ex Lísa María seld úr landi 22/12 93 ÓF	Þorskur	14,519	229,307	1,579		
		Ýsa	7,688	12,621	164		
		Ufsi	882			406	46

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2168	Ex Lísa María seld úr landi 22/12 93 ÓF	Gráluða	3,573			1,844	52
6610	Eyfjörð ÞH 203	Þorskur	12,966			8,700	67
		Ýsa	1,826			2,215	121
		Skarkoli	132				
5418	Eyrún EA 122	Þorskur	7,051	3,451	49	7,000	99
		Ýsa	796	1,000	126		
1094	Eyrún EA 155	Þorskur	126,273	25,700	20	143,152	113
		Ýsa	36,734	7,800	21	15,600	42
		Ufsi	58,210			22,000	38
		Karfi	4,177				
		Gráluða	1,786	2,762	155		
		Skarkoli	689				
1540	Eyrún ÞH 268	Þorskur	3,732	7,157	192	1,061	28
1267	Faldur ÞH 153	Þorskur	49,717	54,000	109	14,317	29
		Ýsa	5,980				
		Ufsi	42,335				
		Skarkoli	66,410	11,600	17	8,000	12
1445	Fanney ÞH 130	Þorskur	61,803	105,569	171	104,625	169
		Ýsa	18,185			7,000	38
		Ufsi	8,272			2,867	35
		Karfi	877			4,000	456
		Skarkoli	7,545	35,000	464		
2125	Fengur ex 7117 Þ	Þorskur	30,626	8,300	27		
		Ýsa	6,193	2,215	36	5,160	83
		Ufsi	6,738	576	9	8,530	127
		Karfi	1,370			3,300	241
		Skarkoli	325				
5079	Fleygur ÞH 301	Þorskur	11,854			14,384	121
		Ýsa	6,567			8,173	124
		Ufsi	880			1,284	146
		Karfi	64			606	947
		Skarkoli	6			73	1,217
1999	Fram ÞH 62	Þorskur	11,849	3,797	32	13,569	115
		Ýsa	2,789	7,021	252	3,000	108
		Ufsi	2,452	8		3,000	122
6196	Freyðir ÞH 88	Þorskur	279				
1886	Freygerður ÓF 18	Þorskur	14,159	15,000	106	1,095	8
		Ýsa	1,819			2,639	145
		Ufsi	565	5,000	885	1,917	339
5313	Freymundur ÓF 6	Þorskur	7,951	10,000	126	2,400	30
		Ýsa	10				
		Ufsi	233				
6186	Frosti EA 86	Þorskur	4,858	9,065	187		
		Ýsa	280	2,709	968		
1630	Frosti ÞH 229	Þorskur	414,275	701,154	169	20,000	5
		Ýsa	290,219			80,000	28
		Ufsi	182,568	38,729	21	50,000	27
		Karfi	67,488	67,499	100		
		Gráluða	50,913	14,550	29	43,000	84
		Skarkoli	10,899	26,431	243	30,000	275
5071	Fróði ÞH 116	Þorskur	5,927	4,000	67		
		Ýsa	950				
		Ufsi	5,134				
1218	Fönix ÞH 148	Þorskur	27,278	396	1	20,000	73
		Ýsa	2,563			3,000	117
		Ufsi	11,466				
		Skarkoli	35	303	866		
582	Geir ÞH 150	Þorskur	146,966	379,520	258	187,362	127
		Ýsa	46,437	52,052	112	57,767	124
		Ufsi	13,230	136,479	1,032	18,779	142
		Skarkoli	11,907	111,556	937	64,727	544
1825	Geiri Péturs ÞH 344	Þorskur	243,746			270,000	111
		Ýsa	18,794				
		Ufsi	14,112				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1825	Geiri Péturs ÞH 344	Karfi	5,221				
		Skarkoli	11,139	35,000	314	42,459	381
5558	Glæsir ÞH 266	Þorskur	5,230			4,110	79
		Ýsa	12				
		Ufsi	5,252				
5432	Gosi ÞH 9	Þorskur	6,077	1,266	21		
		Ýsa	121	5,050	4,174		
		Ufsi	193	3,018	1,564		
		Karfi	49	2	4	448	914
1020	Guðmundur Ólafur ÓF 91	Þorskur	106,319	72,995	69	197,859	186
		Ýsa	9,081			10,894	120
		Ufsi	9,585	1,917	20	11,671	122
472	Guðrún Björg ÞH 59	Þorskur	89,913	12,016	13	91,675	102
		Ýsa	66,509	2,322	3	78,626	118
		Ufsi	17,705	10,252	58	33,897	191
		Karfi	31,774			40,969	129
		Gráldða	836			1,784	213
		Skarkoli	20,900	13,261	63	2,884	14
462	Guðrún Björg ÞH 60	Þorskur	173,882	10,435	6	203,615	117
		Ýsa	40,151	28,414	71	75,643	188
		Ufsi	121,051	111,641	92	92,731	77
		Karfi	2,089	10,724	513	17,895	857
		Skarkoli	113,166	9,613	8	118,239	104
5388	Guðrún EA 144	Þorskur	24,998	10,650	43	40,000	160
		Ufsi	9,739				
1452	Guðrún Jónsdóttir ÓF 27	Þorskur	92,395			3,745	4
		Ýsa	1,281	30,000	2,342		
		Ufsi	24,695			21,500	87
		Gráldða	1,786			2,540	142
		Skarkoli	5,773	118,758	2,057	700	12
1938	Gunnar Níelsson EA 555	Þorskur	12,996	2,000	15		
		Ýsa	13,894			10,000	72
		Ufsi	191				
		Karfi	576			990	172
1057	Gunnar ÞH 34	Þorskur	2,182			2,097	96
		Ýsa	10			49	490
		Ufsi	121			214	177
1025	Gunnþór ÞH 75	Þorskur	9,963	10,050	101	2,371	24
		Ýsa	1,607			1,822	113
		Ufsi	12,068			13,834	115
		Karfi	72			627	871
		Skarkoli	1				
6030	Gustur EA 99	Þorskur	9,147	7,965	87		
		Ýsa	2,312				
		Ufsi	624				
5399	Hafbjörg EA 174	Þorskur	10,127	5,780	57	5,500	54
6058	Hafbjörg ÞH 377	Þorskur	12,040			14,000	116
		Ýsa	2,059				
		Ufsi	9,637				
1762	Hafborg EA 152	Þorskur	23,918	13,900	58	25,059	105
		Ufsi	6,089			6,281	103
		Karfi	296	2,250	760	4,164	1,407
5362	Hafdís EA 97	Þorskur	18,588	24,518	132	3,000	16
		Ufsi	6,622	13,004	196		
1380	Hafey ÓF 5	Þorskur	219				
		Ýsa	398				
		Ufsi	389				
6294	Hafrún EA 84	Þorskur	12,266	2,285	19	14,613	119
		Ýsa	4,299			5,530	129
		Ufsi	2,084	5,000	240	3,022	145
1379	Haförn EA 955	Þorskur	43,558			29,700	68
		Ýsa	12,814			7,800	61
		Ufsi	2,646				
		Karfi	1,044				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1379	Haförn EA 955	Skarkoli	5,300				
1322	Haförn ÞH 26	Þorskur	3,325	35,892	1,079	4,200	126
		Ýsa	53	14,089	26,583		
		Ufsi	5,516	17,690	321		
		Karfi	461	178	39	526	114
6648	Hallur EA 260	Þorskur	10,640	13,689	129		
		Ufsi	1,168	2,600	223	4,000	342
		Karfi	157	1,063	677	1,937	1,234
1412	Harðbakur EA 303	Þorskur	499,372	424,273	85	277,537	56
		Ýsa	251,158	415,273	165	190,432	76
		Ufsi	357,198	279,440	78	325,319	91
		Karfi	1,066,193	605,896	57	165,188	15
		Grálúða	398,369	125,154	31	277,682	70
		Skarkoli	13,429	61,339	457	69,191	515
1312	Haukur EA 208	Þorskur	1,760	104,607	5,944	23,600	1,341
		Ýsa	854	13,162	1,541		
6964	Helgi ÞH 124	Þorskur	168				
6212	Hermann Jónsson EA 888	Þorskur	80				
1514	Hjalteyrin EA 310	Þorskur	700,107	8,500	1	474,000	68
		Ýsa	139,247			110,500	79
		Ufsi	135,404			108,000	80
		Karfi	1,135,493	72,618	6	1,212,500	107
		Grálúða	257,243	631,050	245	415,200	161
		Skarkoli	95,931	47,963	50	119,820	125
5975	Hólmi ÞH 323	Þorskur	2,205	3,700	168	4,000	181
		Ufsi	7				
		Skarkoli	3				
7004	Hrefna EA 988	Þorskur	172			152	88
1473	Hrímbakur EA 306	Þorskur	798,092	505,000	63	420,415	53
		Ýsa	255,015	272,596	107	80,599	32
		Ufsi	237,250	393,600	166	95,582	40
		Karfi	591,053	720,968	122	625,591	106
		Grálúða	232,233			171,422	74
		Skarkoli	33,819	76,000	225	61,687	182
306	Hrönn EA 258	Þorskur	49,277	36,300	74	7,170	15
		Ýsa	1,709	30,000	1,755	8,085	473
		Ufsi	882			1,138	129
		Skarkoli	73,991			59,586	81
6559	Hulda ÞH 140	Þorskur	4				
		Karfi	66				
6711	Ísborg EA 153	Þorskur	11,660				
		Ufsi	1,395	10,000	717		
		Karfi	120				
5865	Ívar EA 179	Þorskur	7,674	12,603	164	5,593	73
		Ýsa	45	1,300	2,889	740	1,644
5507	Jensen ÞH 6	Þorskur	9,045	5,560	61	763	8
		Ýsa	534				
		Ufsi	6,914				
1808	Jóhanna EA 31	Þorskur	15,785	23,999	152	21,700	137
		Ýsa	1,200	1,200	100		
		Ufsi	1,196				
		Karfi	32			1,000	3,125
6227	Jóhanna ÞH 280	Þorskur	544	739	136		
5382	Jón Geir EA 132	Þorskur	3,600			2,000	56
6906	Jón Sör ÞH 42	Þorskur	1,306			606	46
		Karfi	214			351	164
5836	Júlíus EA 689	Þorskur	7,978	466	6		
		Ýsa	4	504	12,600	808	20,200
		Ufsi	242	700	289		
		Karfi	326			901	276

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1462	Júlíus Havsteen ÞH 1	Þorskur	353,990	12,592	4	442,566	125
		Ýsa	152,369	9,000	6	92,650	61
		Ufsi	169,315			98,705	58
		Karfi	61,612			63,148	102
		Grálúða	56,272			43,001	76
130	Júpiter ÞH 61	Þorskur	39,598	4,860	12	54,600	138
		Skarkoli	11,891	9,512	80	23,700	199
1395	Kaldbakur EA 301	Þorskur	605,846	145,000	24	5,373	1
		Ýsa	230,655	160,800	70	61,916	27
		Ufsi	186,096	354,458	190	152,437	82
		Karfi	924,768	708,721	77	20,968	2
		Grálúða	906,602	232,535	26	508,000	56
		Skarkoli	42,311	53,939	127	91,000	215
1576	Kolbeinsey ÞH 10	Þorskur	703,717	323,675	46	269,261	38
		Ýsa	209,578	28,173	13	133,165	64
		Ufsi	350,842	8,956	3	28,017	8
		Karfi	174,392	63,583	36	7,571	4
		Grálúða	361,748	49,062	14	3,100	1
		Skarkoli	36,535	41,946	115	73,656	202
406	Kópur EA 325	Þorskur	8,498				
		Ýsa	560				
		Ufsi	963			765	79
		Karfi	214			660	308
1009	Kristbjörg ÞH 44	Þorskur	75,594	91		73,912	98
		Ýsa	32,463				
		Ufsi	3,528				
		Karfi	5,221	242	5		
		Grálúða	893	5,000	560		
		Skarkoli	4,237	35,200	831	35,000	826
1420	Kristey ÞH 25	Þorskur	1,172	1,000	85		
		Skarkoli	18,926	9,430	50	18,000	95
7143	Kristinn ÞH 163	Þorskur	40,997	20,711	51	71,100	173
		Ýsa	30,300	106,269	351	136,126	449
		Ufsi	2,199	20,993	955	23,433	1,066
1790	Kristján EA 178	Þorskur	34,099	50,229	147		
		Ýsa	1,989	10,000	503	5,000	251
		Ufsi	2,727			2,500	92
		Karfi	1,683			2,650	157
6991	Kvika ÞH 345	Þorskur	26,009	35,766	138	52,500	202
		Ýsa	1,498	28,416	1,897	20,000	1,335
		Ufsi	2,845	47	2	4,000	141
		Karfi	509	9	2	1,642	323
1515	Litlanes ÞH 52	Þorskur	14,160	13,317	94	10,702	76
		Ýsa	11				
		Karfi	17				
		Skarkoli	56				
6664	Lotta ÞH 303	Þorskur	348			325	93
6961	Lundey ÞH 350	Þorskur	11,454	763	7		
		Ýsa	5,444				
		Ufsi	2,596				
		Karfi	55				
1922	Magnús EA 25	Þorskur	32,065	104,676	326	10,000	31
		Ýsa	7,147	1,508	21		
		Ufsi	1,388	17,932	1,292		
		Skarkoli	2,201	131,569	5,978		
6425	Mardís ÞH 151	Þorskur	20,767			25,000	120
		Ýsa	1,591				
		Ufsi	1,948				
		Karfi	321			1,500	467
5440	Mardís ÞH 278	Þorskur	43				
1484	Margrét EA 710	Þorskur	548,649	349,677	64	109,300	20
		Ýsa	248,595	368,862	148	113,000	45
		Ufsi	367,782	552,386	150	82,500	22
		Karfi	1,319,949	134,033	10	843,300	64
		Grálúða	159,883	216,300	135	3,460	2
		Skarkoli	580	22,740	3,921	20,010	3,450

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1687	María ÞH 41	Þorskur	2,307			967	42
		Skarkoli	3			23	767
7286	Marvin ÓF 28	Þorskur	7,980			8,324	104
		Ýsa	1,278			1,553	122
		Ufsi	1,501			2,185	146
1270	Mánaberg ÓF 42	Þorskur	471,375	169,470	36	92,848	20
		Ýsa	286,994	372,297	130	211,400	74
		Ufsi	384,701	232,873	61	531,000	138
		Karfi	1,342,484	4,783		423,100	32
		Grálúða	274,214	233,161	85	276,867	101
		Skarkoli	17,467	42,799	245	50,440	289
1281	Múlaberg ÓF 32	Þorskur	564,485	243,000	43	210,274	37
		Ýsa	172,135	75,400	44	33,324	19
		Ufsi	232,839			130,499	56
		Karfi	436,502	168,071	39	8,519	2
		Grálúða	210,796	96,145	46	2,569	1
		Skarkoli	13,073			11,747	90
1417	Naustavík EA 151	Þorskur	184,869	15,000	8	85,871	46
		Ýsa	7,927			12,685	160
		Ufsi	4,825			10,319	214
		Karfi	770	381	49	11,548	1,500
		Skarkoli	208			804	387
1357	Níels Jónsson EA 106	Þorskur	77,765			2,000	3
		Ýsa	1,709			2,900	170
		Ufsi	9,574			7,600	79
		Karfi	3,133			5,000	160
93	Nói EA 477	Þorskur	155,311	300		194,677	125
		Ýsa	282,766	60,000	21	338,862	120
		Ufsi	244,306	50,500	21	297,386	122
		Karfi	59,523	12,300	21	72,533	122
		Skarkoli	18,957			22,740	120
5691	Núpur ÞH 201	Þorskur	13,560			14,800	109
		Ýsa	11,518			11,500	100
		Ufsi	8,822	1,764	20	11,072	126
		Karfi	80			540	675
		Skarkoli	8			25	313
1757	Oddeyrin EA 210	Þorskur	197,078	178,000	90	8,500	4
		Ýsa	68,342	136,500	200	30,000	44
		Ufsi	57,328	666,000	1,162	140,000	244
		Karfi	24,018	150,000	625	140,500	585
		Skarkoli	2,563			2,563	100
7257	Ólöf ÞH 300	Þorskur	25,096	18,000	72	6,230	25
		Ýsa	8,292			4,000	48
		Ufsi	2,027			2,000	99
5485	Ottó ÞH 109	Þorskur	710	952	134		
		Ýsa	232				
		Ufsi	360				
1103	Otur EA 162	Þorskur	95,035	3,000	3	93,000	98
		Ýsa	1,709	18,000	1,053	5,000	293
		Ufsi	45,863	86,703	189		
		Karfi	6,266	2,853	46	7,100	113
		Grálúða	1,786	538	30		
		Skarkoli	254	79	31		
1280	Rauðinúpur ÞH 160	Þorskur	707,622	495,455	70	181,156	26
		Ýsa	153,770	180,932	118	130,831	85
		Ufsi	215,201	48,433	23	43,148	20
		Karfi	159,772	39,065	24	235,624	147
		Grálúða	200,078	2,560	1	213,533	107
		Skarkoli	1,902	10,833	570	14,589	767
6895	Rúna ÓF 23	Þorskur	5,764	5,937	103	7,918	137
		Ufsi	2,309				
1071	Rögnvaldur Jónsson ÞH 107	Þorskur	10,874	2,500	23		
		Ýsa	492				
		Ufsi	26,657	5,271	20	26,000	98
5390	Siggi EA 150	Þorskur	19,908	12,658	64	33,319	167
		Ufsi	4,656	5,398	116	7,615	164
		Skarkoli	1	223	22,300	375	37,500

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
5789	Sigrún ÞH 39	Þorskur	15,656			21,264	136
		Ýsa	114				
		Ufsi	1,513			1,980	131
		Karfi	121				
1463	Sigurberg EA 322	Þorskur	28,158			7,000	25
		Ýsa	6,834	1,000	15		
		Skarkoli	482				
1530	Sigurbjörg ÓF 1	Þorskur	799,725	425,512	53	285,659	36
		Ýsa	212,860	26,000	12	28,000	13
		Ufsi	188,550	158,000	84	75,000	40
		Karfi	388,388	132,710	34	300,000	77
		Grálúða	477,406	234,467	49	53,000	11
		Skarkoli	6,772	208	3	8,238	122
396	Sigurður Pálsson ÓF 66	Þorskur	13,035	8,000	61	7,000	54
		Ufsi	1,905				
		Karfi	268				
1916	Sigurfari ÓF 30	Þorskur	225,267	65,000	29	307,900	137
		Ýsa	74,322			67,179	90
		Ufsi	182,568	12,406	7	153,500	84
		Karfi	7,310			7,614	104
		Skarkoli	24,043	4,800	20	26,458	110
6712	Sigurpáll ÞH 68	Þorskur	10,408	2,092	20		
		Ýsa	5,119	1,918	37		
		Ufsi	721	7	1		
		Karfi	129	33	26		
5612	Sigurpáll ÞH 95	Þorskur	4,736			5,800	122
		Ýsa	89				
		Ufsi	9,559				
		Karfi	48			328	683
5458	Sigurvon ÞH 67	Þorskur	8,384	26,200	313	2,545	30
		Ýsa	1,346	309	23		
		Ufsi	3,947	5,259	133		
		Karfi	22			484	2,200
185	Sigþór ÞH 100	Þorskur	180,390	43,937	24		
		Ýsa	9,397	20,000	213		
		Ufsi	1,764	12,000	680		
		Karfi	2,089				
		Grálúða	72,150			69,000	95
		Skarkoli	260				
6421	Sindri ÞH 72	Þorskur	3,846	1,700	44	6,000	156
1013	Sjöfn ÞH 142	Þorskur	370,666			170,531	46
		Ýsa	108,766			102,175	94
		Ufsi	71,440			31,902	45
		Karfi	10,656	15,117	142	28,139	264
		Grálúða	2,680			1,250	47
		Skarkoli	2,220			1,000	45
8004	Skeiðin EA 0	Þorskur	2,906			3,937	135
		Ufsi	3,084			3,892	126
6726	Skíði EA 666	Þorskur	16,921	5,488	32	17,388	103
		Ýsa	796	1,037	130		
1351	Sléttbakur EA 304	Þorskur	605,846	231,629	38	500,493	83
		Ýsa	389,550	128,550	33	378,531	97
		Ufsi	421,582	8,912	2	223,274	53
		Karfi	1,564,776	7,148		725,049	46
		Grálúða	556,466	948,401	170	3,645	1
		Skarkoli	7,636	15,539	203	23,091	302
6931	Smári ÓF 20	Þorskur	8,556	5,000	58	12,954	151
		Ýsa	56			300	536
		Ufsi	1,229			435	35
965	Snarfari ÓF 25	Þorskur	132,872	119,500	90	137,300	103
		Ýsa	64,925	36,882	57	64,400	99
		Ufsi	1,764	19,000	1,077	1,700	96
		Karfi	18,797	200,000	1,064	222,802	1,185
		Skarkoli	4,769			4,700	99
1898	Snorri ÓF 22	Þorskur	434				
		Karfi	975				
		Skarkoli	36				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1436	Snæbjörg ÓF 4	Þorskur	55,877	74,949	134	6,430	12
		Ýsa	7,688				
		Ufsi	340	5,000	1,471		
		Karfi	2,089			2,954	141
		Grálúða	1,786	2,569	144	4,613	258
		Skarkoli	76,731	25,500	33	32,600	42
1276	Sólbakur EA 307	Þorskur	659,083	70,590	11	200,000	30
		Ýsa	133,552	239,531	179		
		Ufsi	187,860	45,000	24	82,000	44
		Karfi	784,837			150,385	19
		Grálúða	229,553	73,250	32	19,074	8
		Skarkoli	3,016	929	31		
1397	Sólberg ÓF 12	Þorskur	677,562	66,000	10	45,469	7
		Ýsa	192,212	56,300	29		
		Ufsi	219,611			90,000	41
		Karfi	315,367	97,500	31		
		Grálúða	170,602	98,800	58		
		Skarkoli	40,968	50		31,000	76
1688	Sóley ÞH 349	Þorskur	20,408	28,378	139		
		Ufsi	61	3,883	6,366		
		Karfi	26	156	600	1,300	5,000
162	Sólrún EA 351	Þorskur	114,833	5,444	5	78,180	68
		Ýsa	11,106			4,200	38
		Ufsi	58,210	124,798	214	18,550	32
		Karfi	3,133	1,531	49	1,500	48
		Grálúða	7,146				
5499	Sólveig ÞH 226	Þorskur	22,690	9,791	43		
		Ýsa	1,989	54	3		
		Ufsi	7,401	3,060	41		
		Karfi	1,115	111	10	2,300	206
		Skarkoli	369				
1609	Stakfell ÞH 360	Þorskur	609,769	31,000	5	524,581	86
		Ýsa	132,924			62,500	47
		Ufsi	156,234	175,000	112	322,131	206
		Karfi	379,068			325,423	86
		Grálúða	335,845			304,046	91
		Skarkoli	26,268	8,400	32	36,136	138
6698	Stakkur ÞH 206	Þorskur	58				
616	Stefán Rögnvaldsson EA 345	Þorskur	100,754	1,150	1	111,000	110
		Ýsa	5,126	2,000	39		
		Ufsi	21,167			27,500	130
		Karfi	9,398			11,000	117
		Grálúða	2,680			3,000	112
		Skarkoli	1,899			2,500	132
1325	Stokksnes EA 410	Þorskur	380,152	80,827	21	458,314	121
		Ýsa	245,582	50,000	20	301,992	123
		Ufsi	476,303	97,000	20	482,180	101
		Karfi	854,207	196,000	23	821,687	96
		Grálúða	224,194	65,000	29	229,592	102
		Skarkoli	2,882	1,583	55	6,749	234
1909	Sunna EA 51	Þorskur	8,817	7,499	85	4,244	48
		Karfi	82			577	704
		Skarkoli	13			72	554
6710	Sunnufell EA 58	Þorskur	17,883	3,633	20	12,700	71
		Ýsa	208	756	363	1,600	769
		Ufsi	4,413	1,599	36	7,700	174
		Karfi	208	1,803	867	3,170	1,524
1060	Súlan EA 300	Þorskur	92,835	3,000	3	99,073	107
		Ýsa	33,317			33,317	100
		Ufsi	19,403			19,440	100
		Karfi	5,221			5,757	110
		Grálúða	5,359	7,426	139	12,154	227
978	Súlnafell EA 840	Þorskur	654,126	260,992	40	306,130	47
		Ýsa	297,862	134,484	45	43,047	14
		Ufsi	265,612	4,000	2	183,388	69
		Karfi	67,877	31,119	46	65,740	97
		Grálúða	68,777	1,389	2	84,183	122
		Skarkoli	41,204	52,876	128	45,264	110
1352	Svalbakur EA 302	Þorskur	636,974	57,018	9	231,530	36
		Ýsa	209,298	190,432	91		

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1352	Svalbakur EA 302	Ufsi	364,254	152,180	42	354,458	97
		Karfi	1,141,808	320,000	28	1,285,447	113
		Grálúða	418,913	10,000	2	520,929	124
		Skarkoli	137,959	9,000	7	158,542	115
6502	Svanborg ÓF 13	Þorskur	6,459	12,848	199	21,622	335
		Ýsa	66			311	471
		Ufsi	17			335	1,971
		Karfi	65			486	748
6706	Svanur Þór EA 318	Þorskur	13,509	15,328	113	5,000	37
		Ýsa	398	5,000	1,256		
6645	Sveinn EA 204	Þorskur	18,972	26,223	138		
		Ýsa	796	600	75		
		Ufsi	779				
1263	Sæbjörg EA 184	Þorskur	55,642	70,000	126	30,500	55
		Ýsa	8,543	17,000	199		
		Ufsi	21,225	10,401	49		
		Karfi	1,044			889	85
		Skarkoli	23,347	7,000	30		
5416	Sæborg EA 280	Þorskur	6,923	368	5	8,000	116
1618	Sædís EA 26	Þorskur	34,323	3,000	9	35,169	102
		Ýsa	7,005	4,000	57	9,024	129
		Ufsi	5,843	600	10	8,607	147
		Karfi	109			2,106	1,932
		Skarkoli	77			337	438
6393	Sæfari ÞH 149	Þorskur	5,625	7,302	130		
		Ýsa	51				
		Ufsi	104				
1824	Sæmes EA 75	Þorskur	199,749	162,699	81	192,559	96
		Ýsa	23,065	58,306	253	731	3
		Ufsi	18,521	214,677	1,159	500	3
		Karfi	13,575	30,730	226	24,552	181
		Grálúða	3,573	836	23	4,960	139
		Skarkoli	37,976			20,978	55
1570	Sæunn ÓF 7	Þorskur	31,416			42,728	136
		Ufsi	4,791			7,379	154
1149	Sævaldur EA 203	Þorskur	178	62,038	34,853		
		Ýsa	86	1,838	2,137		
1291	Sæþór EA 101	Þorskur	140,792			90,267	64
		Ýsa	52,111			40,085	77
		Ufsi	111,128	133,076	120		
		Karfi	15,664	22,498	144	30,502	195
		Grálúða	6,252	13,192	211	10,620	170
		Skarkoli	318	187	59		
6247	Tryggvi EA 78	Þorskur	5,546	1,165	21	5,288	95
		Ýsa	282	229	81	606	215
		Ufsi	1,712	1,798	105	4,126	241
		Skarkoli	1			44	4,400
6153	Uggi ÞH 253	Þorskur	4,019	1,765	44	4,383	109
		Ufsi	42				
5409	Valur ÞH 221	Þorskur	13,718	1,500	11		
		Ýsa	1,048	5,000	477		
		Ufsi	1,288				
		Karfi	194			1,000	515
6077	Valþór EA 313	Þorskur	1,322	9,332	706	929	70
		Ýsa	783			800	102
		Ufsi	521			96	18
		Karfi	316			29	9
1353	Viðar ÞH 17	Þorskur	55,786	15,000	27	55,414	99
		Ýsa	4,271	5,228	122	10,661	250
		Ufsi	15,317	3,063	20	20,339	133
		Karfi	2,089	418	20	5,457	261
		Skarkoli	3			434	14,467
1750	Vinur ÞH 73	Þorskur	18,153	14,100	78		
		Ýsa	345	300	87		
		Ufsi	3,805	3,700	97		
		Skarkoli	6				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip		Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1376	Víðir EA 910		Þorskur	291,263			124,000	43
			Ýsa	120,453			4,000	3
			Ufsi	455,097			403,000	89
			Karfi	1,563,262	842,600	54		
			Grálúða	259,922	300		11,000	4
			Skarkoli	5,395	1,600	30	5,455	101
1178	Víðir Trausti EA 517		Þorskur	121,095	32,000	26	15,444	13
			Ýsa	2,961	15,000	507		
			Ufsi	15,543				
			Karfi	5,887	14,000	238	14,666	249
			Grálúða	1,786	3,200	179	2,500	140
			Skarkoli	7,881	2,218	28	11,500	146
5358	Vísir EA 64		Þorskur	5,465	6,672	122		
1432	Von ÞH 54		Þorskur	5,921	9,691	164		
			Ýsa	1,712	1,172	68		
			Ufsi	3,278	3			
			Karfi	53	59	111	269	508
5131	Votanes ÞH 209		Þorskur	7,941	4,000	50	9,000	113
			Ýsa	78	500	641		
			Ufsi	1,148	4,500	392		
1650	Þingey ÞH 51		Þorskur	18,479			20,465	111
			Ýsa	977			1,950	200
			Ufsi	1,015			2,000	197
			Karfi	1,207			2,800	232
			Skarkoli	9			155	1,722
1105	Þorleifur EA 88		Þorskur	75,236	56,652	75	86,000	114
			Ýsa	854	10,106	1,183	6,265	734
			Ufsi	10,584	5,192	49	16,000	151
			Karfi	2,089	181	9	2,536	121
			Grálúða	893	54	6	1,118	125
			Skarkoli	17,214	23		13,541	79
926	Þorsteinn GK 15		Þorskur	90,448	69,414	77	12,000	13
			Ýsa	9,014			5,300	59
			Ufsi	19,361			18,500	96
			Karfi	1,836			6,900	376
			Skarkoli	1,052			1,200	114
264	Þórður Jónasson EA 350		Þorskur	38,278			41,645	109
			Grálúða	3,573				
			Skarkoli	73				
1966	Þröstur ÞH 247		Þorskur	27,397	10,816	39	7,000	26
			Ýsa	10,418				
			Ufsi	3,403	3,000	88		
			Karfi	120			1,239	1,033
			Skarkoli	134				
2178	Þytur	ex 7128	Þorskur	10,273	63,180	615		
			Ýsa	2,565	4,200	164		
			Ufsi	381	14,000	3,675		
			Skarkoli	105				
7008	Ægir Adolfsson ÞH 99		Þorskur	12,725			11,000	86
			Ýsa	4,117			5,335	130
			Ufsi	1,117			1,874	168
			Karfi	16			695	4,344
1174	Æskan EA 202		Þorskur	17,183			5,264	31
			Ýsa	1,774			203	11
			Ufsi	1,130			1,560	138
			Karfi	1,598			2,416	151
			Skarkoli	1				
5405	Ölver ÞH 215		Þorskur	6,738			4,292	64
			Ýsa	1,792				
			Ufsi	130				
6849	Örn II ÞH 80		Þorskur	7,416	1,800	24	7,500	101
			Ýsa	259			575	222
			Ufsi	8,238			8,000	97
6651	Össur ÞH 242		Þorskur	9,041	8,434	93	8,000	88
			Ýsa	191	5,007	2,621		
			Ufsi	14,711	643	4		
			Karfi	14	2	14	445	3,179

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1538	Óxarnúpur ÞH 162	Þorskur	69,557	26,166	38	104,165	150
		Ýsa	64,405	14,000	22	79,770	124
		Ufsi	24,142	20,000	83	46,029	191
		Karfi	22,474	4,298	19	30,292	135
		Skarkoli	8,258	1,800	22	10,333	125

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
5695	Addi í Firði NS 310	Þorskur	12,842			14,000	109
		Ýsa	36			525	1,458
		Ufsi	576			1,209	210
1765	Alda NK 28	Þorskur	18,502	2,500	14	17,000	92
		Ýsa	2,387	4,000	168		
		Ufsi	1,558				
		Skarkoli	262	2,000	763		
1980	Andey SF 222	Þorskur	167,630	500,739	299	175,003	104
		Ýsa	112,765	265,915	236	62,388	55
		Ufsi	173,748	445,593	256	171	
		Karfi	263,695	58,829	22	215,464	82
		Grálúða	32,155	8,358	26	6,134	19
		Skarkoli	810	64,780	7,998	66,000	8,148
2066	Andri NS 28	Þorskur	34,989	1,270	4	26,900	77
		Ýsa	10,346	1,900	18	13,200	128
		Ufsi	3,261			3,500	107
		Skarkoli	17	300	1,765		
1932	Anna Rósa NK 27	Þorskur	26,088	7,503	29	3,000	11
		Ýsa	5,250	5,000	95		
		Ufsi	682	2,200	323		
		Skarkoli	29				
1489	Anný SU 71	Þorskur	28,598			31,000	108
		Ýsa	5,126				
		Skarkoli	11,871			5,620	47
304	Auðbjörg NS 200	Þorskur	9,459	17,186	182	10,000	106
		Ýsa	1,281	1,060	83		
6075	Árni SU 58	Þorskur	8,823	10,000	113	5,000	57
		Ýsa	327	800	245		
		Ufsi	22			428	1,945
6620	Ás SU 192	Þorskur	174				
972	Ásgeir Guðmundsson SF 112	Þorskur	141,157	231,316	164	25,000	18
		Ýsa	1,709	143,007	8,368		
		Ufsi	50,272	21,133	42	60,703	121
		Karfi	16,708	67,994	407	79,853	478
		Grálúða	2,680	12,800	478	538	20
		Skarkoli	394	461	117	79	20
1536	Barði NK 120	Þorskur	559,648	30,192	5	290,380	52
		Ýsa	282,766	44		170,640	60
		Ufsi	686,174	1,295		233,220	34
		Karfi	225,561	751,215	333	143,000	63
		Grálúða	37,515	234,473	625	181,235	483
		Skarkoli	11,949	27,285	228	39,997	335
6417	Bára NK 25	Þorskur	436			475	109
226	Beitir NK 123	Þorskur	134,426			131,595	98
		Ýsa	16,716	10,000	60		
		Ufsi	11,605	30,000	259	43	
		Grálúða	104,505	197,815	189	621	1
		Skarkoli	1,342			1,342	100
1261	Bergkvist SU 409	Þorskur	23,319				
		Ýsa	6,834				
		Ufsi	882			1,800	204
		Skarkoli	173				
943	Berglind SU 3	Þorskur	28,935	10,479	36	45,408	157
		Ýsa	3,289	4,192	127	9,095	277
		Ufsi	272	2,930	1,077	4,501	1,655
		Karfi	56	557	995	2,265	4,045
		Skarkoli	5,165	69	1	6,471	125
7057	Birna SU 147	Þorskur	22,777	4,633	20	17,000	75
		Ýsa	2,507			2,400	96
		Ufsi	1,309	2,700	206	2,000	153
1324	Bjarni Gíslason SF 90	Þorskur	171,441	147,810	86		
		Ýsa	46,793	10,000	21	10,000	21
		Ufsi	39,044			15,000	38
		Karfi	9,398			2,900	31
		Skarkoli	6,972			5,800	83
1278	Bjartur NK 121	Þorskur	624,325	353,793	57	22,387	4

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1278	Bjartur NK 121	Ýsa	342,565	75,383	22	24,000	7
		Ufsi	656,187	84,444	13	3,000	
		Karfi	295,526	1,596	1	324,603	110
		Grálúða	33,942	144,694	426	49,000	144
		Skarkoli	9,218			2,698	29
6346	Björk SU 162	Þorskur	4,438	2,400	54	3,000	68
		Ufsi	1,992			2,000	100
		Karfi	218	692	317	1,100	505
7098	Bliki SU 84	Þorskur	43,244	26,485	61	25,000	58
		Ýsa	2,785			2,759	99
		Skarkoli	165			536	325
5217	Blíðfari NS 112	Þorskur	6,886			9,337	136
		Ýsa	398			731	184
1279	Brettingur NS 50	Þorskur	598,046	52,000	9	337,557	56
		Ýsa	221,258			86,900	39
		Ufsi	289,561	52,000	18	103,000	36
		Karfi	325,810	485,000	149		
		Grálúða	208,117	204,143	98	38,000	18
1293	Börkur NK 122	Þorskur	375,735	11,446	3	435,904	116
		Ýsa	128,247			127,350	99
		Ufsi	137,596	15,000	11	162,010	118
		Karfi	201,726	127,959	63	317,185	157
		Grálúða	191,604	44,385	23	231,727	121
		Skarkoli	1,553			1,552	100
6657	Dedda SU 130	Þorskur	8,852	6,500	73	18,500	209
6954	Digranes NS 124	Þorskur	25,752			32,000	124
		Ýsa	2,370			3,733	158
		Ufsi	168			1,370	815
6650	Díana NS 165	Þorskur	10,534	4,000	38	12,495	119
		Ýsa	1,189			1,600	135
		Karfi	34			645	1,897
		Skarkoli	34	700	2,059		
1671	Dísa NK 51	Þorskur	14,742			3,000	20
6909	Drífa NK 30	Þorskur	29,613	9,950	34	10,000	34
		Ýsa	4,774	11,000	230		
		Ufsi	1,558	2,500	160		
		Karfi	313			2,138	683
5545	Dröfn NK 31	Skarkoli	42	257	612		
1535	Dögg SU 129	Þorskur	7,344	4,538	62		
		Ýsa	5,926	2,516	42		
		Ufsi	19	580	3,053	799	4,205
		Skarkoli	53	219	413	302	570
6837	Edda NS 113	Þorskur	14,637	3,745	26	10,000	68
		Ýsa	4,476	5,500	123	10,000	223
		Ufsi	49	950	1,939		
		Skarkoli	13				
1857	Elsa SU 216	Þorskur	41,701			22,900	55
		Ýsa	20,502			14,000	68
		Ufsi	13			1,511	11,623
1963	Emil NS 5	Ýsa	6,334				
		Ufsi	7,351				
		Karfi	37				
1206	Erlingur SF 65	Þorskur	218,729	133,804	61		
		Ýsa	121,699			24,000	20
		Ufsi	70,381			43,000	61
		Karfi	23,502			18,000	77
		Skarkoli	17,697			12,800	72
1495	Ex Birtingur seldur úr landi 19/11 92 NK	Þorskur	9,239			9,740	105
		Ýsa	4,271			4,543	106
		Ufsi	7,056			8,823	125
		Karfi	5,221			5,643	108
		Grálúða	2,680			2,773	103
5533	EX Dóra SU 180	Karfi	17				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
5555	EX Gyllir NK 49	Þorskur	19,505	3,000	15	18,690	96
		Ýsa	2,978	4,000	134	2,002	67
		Ufsi	32	145	453	1,000	3,125
		Skarkoli	3			149	4,967
1551	Ex Hilmir seldur til Chile 29/10 93 NK 1	Grálúða	104,505			125,479	120
1474	Ex Otto Wathne seldur úr landi 21/1 94 N	Þorskur	594,626	118,888	20	551,898	93
		Ýsa	188,368	64,310	34	144,094	76
		Ufsi	149,935			75,554	50
		Karfi	266,287	110,000	41	219,852	83
		Grálúða	51,806			54,582	105
		Skarkoli	780			1,243	159
108	Ex Sigurður Lárusson fargað 29/4 94 SF 1	Þorskur	6,160	30,147	489	1,211	20
		Ýsa	2,563	7,495	292		
2009	Eydís NS 32	Þorskur	30,747	22,039	72	13,000	42
		Ýsa	11,444				
		Ufsi	2,064				
		Skarkoli	1	2,000	200,000	2,000	200,000
1629	Eyvindur Vopni NS 70	Þorskur	329,981	167,000	51	2,800	1
		Ýsa	240,906	60,000	25		
		Ufsi	83,787	84,720	101		
		Karfi	29,239			39,000	133
		Grálúða	8,039			11,600	144
		Skarkoli	34,881	2,000	6	1,000	3
1885	Fáfnir SF 14	Þorskur	19,400	6,830	35	11,500	59
		Ýsa	7,020	29		3,586	51
		Ufsi	3,343	2,600	78	3,579	107
		Karfi	45			800	1,778
1081	Fiskanes NS 37	Þorskur	125,586			92,000	73
		Ýsa	8,793				
		Ufsi	3,638	50,000	1,374	45,000	1,237
		Karfi	1,044			7,000	670
		Skarkoli	57,203	8,000	14	7,500	13
1286	Freyr SF 20	Þorskur	194,164	1,964	1	173,500	89
		Ýsa	74,810			19,000	25
		Ufsi	59,974			54,000	90
		Karfi	7,310			2,000	27
		Skarkoli	12,139	4,500	37	14,273	118
1914	Fylkir NK 102	Þorskur	10,537	13,230	126	6,000	57
		Ýsa	3,275	8,000	244	630	19
		Ufsi	1,285			425	33
		Karfi	299			660	221
		Skarkoli	10,728	23,615	220		
1143	Gestur SU 159	Þorskur	70,699	129,967	184		
		Ýsa	11,891	1,180	10	3,165	27
		Ufsi	125,244	262		140,000	112
		Karfi	3,133			5,600	179
		Skarkoli	41	1,500	3,659	1,855	4,524
6788	Gissur Hvíti SF 55	Þorskur	25,603	600	2	9,150	36
		Ýsa	2,184			3,000	137
		Ufsi	7,003			5,100	73
		Karfi	712			2,150	302
6403	Glaður NS 115	Þorskur	21,438			18,000	84
		Ýsa	987				
		Skarkoli	62			244	394
1910	Glaður SU 97	Þorskur	17,163	18,863	110	200	1
		Ýsa	85	400	471	739	869
		Skarkoli	10,111			7,789	77
1875	Gná NS 88	Þorskur	8,988	3,000	33	14,000	156
		Ýsa	4,648			5,000	108
		Ufsi	116			458	395
		Karfi	174			634	364
1000	Guðmundur Kristinn SU 404	Þorskur	166,311			168,191	101
		Ýsa	35,880			39,589	110
		Ufsi	55,564			59,670	107
		Karfi	5,221			14,642	280
		Grálúða	893			3,704	415
		Skarkoli	190			1,361	716

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2045	Guðmundur Þór SU 121	Þorskur	22,860	6,422	28	20,000	87
		Ýsa	8,292			8,316	100
		Ufsi	2,027			2,961	146
6177	Guðný NS 7	Þorskur	13,199			15,000	114
		Ýsa	6,834				
6719	Guðný SF 9	Þorskur	10,675			14,450	135
		Ýsa	29			400	1,379
		Ufsi	5,031			6,450	128
		Karfi	28			711	2,539
1076	Guðrún Þorkelsdóttir SU 211	Þorskur	19,799			6,799	34
		Grálúða	51,806			42,802	83
7191	Gullbrandur NS 31	Þorskur	37,314	7,071	19		
		Ýsa	522	892	171	1,169	224
		Ufsi	1,437	216	15		
		Skarkoli	56	35	63		
1900	Gullfaxi NK 6	Þorskur	34,318	14,847	43	10,000	29
		Ýsa	1,709	12,000	702	8,000	468
		Ufsi	882	3,500	397	2,600	295
		Skarkoli	89,587	8,000	9	23,000	26
1661	Gullver NS 12	Þorskur	716,151	322,218	45	83,075	12
		Ýsa	283,315	160,500	57	49,000	17
		Ufsi	343,741	140,057	41	120,000	35
		Karfi	582,699	107,496	18	124,000	21
		Grálúða	272,427	76,923	28		
		Skarkoli	1,295	104	8		
5556	Gustur NK 50	Ufsi	7				
		Skarkoli	29				
1739	Gústi í Papey SF 88	Þorskur	147,392	9,500	6	60,200	41
		Ýsa	57,237	98,000	171	35,000	61
		Ufsi	4,410	28,000	635	10,000	227
		Karfi	1,044	10,000	958		
		Grálúða	6,252	100	2		
7015	Hafborg NS 48	Þorskur	13,637			18,200	133
		Ýsa	4,510			4,800	106
		Ufsi	218			700	321
1415	Hafdís SF 75	Þorskur	197,460	121,172	61	15,000	8
		Ýsa	92,084	24,000	26		
		Ufsi	26,459	43,000	163		
		Karfi	60,567	7,455	12	40,000	66
		Grálúða	2,680	1,633	61	4,527	169
		Skarkoli	10,169			8,000	79
6734	Hafmey SF 100	Þorskur	217				
1738	Hafnarey SF 36	Þorskur	128,913	28,000	22	1,500	1
		Ýsa	53,819	143,000	266	35,000	65
		Ufsi	96,135	45,000	47	65,000	68
		Karfi	7,310	200	3		
		Skarkoli	31,499	7,042	22	20,000	63
1645	Hafnarey SU 110	Þorskur	641,162	107,980	17	103,541	16
		Ýsa	591,172			101,977	17
		Ufsi	394,142			87,000	22
		Karfi	143,064				
		Grálúða	25,903			7,300	28
		Skarkoli	5,521	5,300	96		
2037	Hafrún NS 222	Þorskur	19,981			24,000	120
		Ýsa	4,299			4,000	93
		Ufsi	2,084			2,644	127
		Skarkoli	15,658	14,000	89	5,000	32
7011	Hafsúlan NS 360	Ufsi	5	40	800		
		Karfi	148	5	3	64	43
1906	Hafþór NS 96	Þorskur	30,574			16,000	52
		Ýsa	2,632	3,000	114		
		Ufsi	207				
1928	Halldór NS 302	Þorskur	64,730	47,670	74	51,616	80
		Ýsa	8,040	5,902	73		
		Ufsi	767	2,000	261		
		Skarkoli	13				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2038	Haukafell SF 111	Þorskur	145,731	99,781	68		
		Ýsa	299,347	40,363	13	30,000	10
		Ufsi	81,278	171,712	211	20,000	25
		Karfi	8,520	45,739	537	3,445	40
		Skarkoli	265				
6121	Helga María NS 103	Þorskur	4,930	14,210	288	19,600	398
		Ýsa	725	1,415	195	2,456	339
		Ufsi	861	1,199	139	1,246	145
1848	Helga Sigmars NS 6	Þorskur	50,211	45,000	90	23,000	46
		Ýsa	11,451			9,000	79
		Ufsi	169	30	18	2,227	1,318
		Skarkoli	321			612	191
1770	Herkúles SF 125	Þorskur	25,226	20,000	79	45,565	181
		Ýsa	4,940	8,000	162	14,506	294
		Ufsi	296	1,772	599	3,244	1,096
		Skarkoli	37			226	611
1831	Hjördís NS 92	Þorskur	53,188			63,000	118
		Ýsa	4,521	904	20	7,359	163
		Ufsi	7			2,413	34,471
1275	Hoffell SU 80	Þorskur	554,649	273,217	49		
		Ýsa	397,311	150,396	38		
		Ufsi	458,176	225,651	49		
		Karfi	258,977	282,146	109		
		Grálúða	82,175	10,253	12	70,000	85
		Skarkoli	4,373	13,884	317	21,607	494
1525	Hólmaborg SU 11	Þorskur	19,799			25,112	127
		Grálúða	51,806			51,842	100
1346	Hólmanes SU 1	Þorskur	598,382	511			
		Ýsa	248,737				
		Ufsi	400,020			12,323	3
		Karfi	434,413	2,860	1	3,914	1
		Grálúða	112,544	6,854	6	12,773	11
		Skarkoli	1,231	4,379	356	8,839	718
1567	Hólmatindur SU 220	Þorskur	532,601	63,629	12	9,460	2
		Ýsa	252,817			152	
		Ufsi	367,782	12,088	3	7,949	2
		Karfi	478,273	1,438		250,959	52
		Grálúða	101,825	131,831	129	220,615	217
		Skarkoli	774	155	20	3,953	511
6540	Hólmi NS 56	Þorskur	7,631			7,500	98
		Ýsa	927			1,076	116
		Ufsi	12			367	3,058
1674	Hrísey SF 48	Þorskur	201,949	37,200	18	120,000	59
		Ýsa	213,275	87,000	41	220,000	103
		Ufsi	89,079	15,000	17	47,000	53
		Karfi	28,195			13,000	46
		Grálúða	8,039			6,339	79
		Skarkoli	66,414	16,800	25	60,000	90
6533	Hróðgeir Hvíti NS 89	Þorskur	12,040			12,694	105
		Ýsa	5,995			904	15
		Ufsi	183			653	357
		Karfi	20			588	2,940
1426	Hvanney SF 51	Þorskur	683,730	125,537	18	747,947	109
		Ýsa	215,456	134,177	62	275,262	128
		Ufsi	221,660	259,254	117	486,083	220
		Karfi	8,354	24,425	292	41,000	491
		Skarkoli	10,214	5,000	49	15,518	152
1901	Höfrungur SU 66	Þorskur	43,252	30,585	71	2,600	6
1568	Högni NS 10	Þorskur	58,276	34,000	58	92,500	159
		Ýsa	21,764			3,000	14
		Ufsi	779				
6591	Inga NK 11	Þorskur	4,473			5,647	126
		Ufsi	11			232	2,109
1822	Ína SU 69	Ufsi	253				
		Skarkoli	38				

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1930	Ívar NK 124	Þorskur	62,815	5,000	8	50,780	81
		Karfi	14			2,297	16,407
		Skarkoli	70,876	61,607	87		
5773	Jóhanna NK 32	Þorskur	5,616			5,500	98
		Ýsa	145				
		Skarkoli	3				
1879	Jón Bjarnason SF 28	Þorskur	17,587	660	4	3,614	21
		Ýsa	21,455	10,859	51	10,000	47
		Ufsi	2,183	2,749	126	2,500	115
		Karfi	277	29	10	731	264
		Skarkoli	35	4,000	11,429	700	2,000
155	Jón Kjartansson SU 111	Þorskur	19,799	460	2	15,718	79
		Grálúða	51,806	3,289	6	62,358	120
1625	Jónína Jónsdóttir SF 12	Þorskur	256,184	73,286	29	120,853	47
		Ýsa	100,309				
		Ufsi	75,850			60,000	79
		Karfi	6,266	2,600	41	10,000	160
		Grálúða	16,971	133,457	786		
		Skarkoli	19,909	5,000	25	23,897	120
1497	Kambaröst SU 200	Þorskur	496,292	111,000	22	103,800	21
		Ýsa	401,510	70,000	17		
		Ufsi	427,756	87,000	20	8,000	2
		Karfi	192,144	264,214	138		
		Grálúða	40,194	7,300	18		
		Skarkoli	3,140			5,300	169
1890	Kambavík SU 24	Þorskur	17,666	13,844	78	28,000	158
		Ýsa	5,368	3,579	67	9,155	171
		Ufsi	468	1,559	333	2,734	584
		Karfi	26			948	3,646
		Skarkoli	956	54,000	5,649	13,000	1,360
7142	Kióey SF 60	Þorskur	19,042	1,850	10	18,765	99
		Ýsa	7,058	1,000	14	9,011	128
		Ufsi	3,576	1,350	38	3,663	102
		Karfi	157			1,033	658
		Skarkoli	2			124	6,200
1638	Klara Sveinsdóttir SU 50	Þorskur	57,197	3,000	5	62,354	109
		Ýsa	17,940			20,542	115
		Karfi	2,089			2,089	100
		Grálúða	8,932			9,880	111
		Skarkoli	12,190			12,567	103
1871	Kópur SU 54	Þorskur	13,877	6,200	45		
		Ýsa	2,164			2,184	101
6297	Kópur SU 83	Þorskur	11,012			12,248	111
7155	Kristín NK 36	Skarkoli	595	1,105	186		
6044	Kristján SU 106	Þorskur	2,782			2,021	73
		Ýsa	1,181			914	77
		Skarkoli	748			514	69
177	Krossanes SU 5	Þorskur	102,514	9,362	9	93,835	92
		Ýsa	175,127	35,557	20	192,615	110
		Ufsi	109,364	43,485	40	120,805	110
		Karfi	148,285	132,278	89	197,482	133
		Grálúða	893	1,386	155		
		Skarkoli	60,048	11,508	19	69,204	115
1173	Krossey SF 26	Þorskur	133,111	142,089	107	95,345	72
		Ýsa	46,209				
		Ufsi	189	73,400	38,836	32,000	16,931
		Skarkoli	72				
6577	Laugi Súi NS 500	Þorskur	1,005				
		Ufsi	5			56	1,120
1841	Laxinn NK 71	Þorskur	13,659	3,000	22		
		Ýsa	4,009	630	16		
		Ufsi	3	280	9,333		
		Skarkoli	243			300	123
6662	Litli Tindur SU 508	Þorskur	26,151	200	1	10,000	38
		Ýsa	1,591	11,000	691	5,900	371

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1832	Lína Bjarna NS 120	Þorskur	24,763			26,491	107
		Ýsa	10,141			10,100	100
		Karfi	20			1,269	6,345
		Skarkoli	12			167	1,392
1277	Ljósafell SU 70	Þorskur	559,937			73,000	13
		Ýsa	433,644			98,000	23
		Ufsi	417,188	1,251		100,000	24
		Karfi	255,844	11,653	5		
		Grálúða	79,495	2,002	3	40,000	50
		Skarkoli	718			3,000	418
6106	Lundi SU 163	Þorskur	435			438	101
1095	Lyngey SF 61	Þorskur	188,236			183,836	98
		Ýsa	77,739	10,371	13	94,150	121
		Ufsi	84,669	10,000	12	108,249	128
		Karfi	13,576			12,955	95
		Skarkoli	18,126			18,000	99
5980	Magga SU 107	Þorskur	20,036	6,000	30		
6704	Magnús SU 77	Þorskur	4,318	1,700	39	7,500	174
1802	Mardís SU 64	Þorskur	22,434	947	4	15,000	67
6801	Margrét SU 196	Þorskur	10,902				
		Ufsi	1,507			2,332	155
		Karfi	230			940	409
		Skarkoli	2,068			2,436	118
6935	Máni NS 34	Þorskur	15,598	2,228	14	18,500	119
		Ýsa	4,467			4,000	90
		Karfi	104			973	936
		Skarkoli	418				
1981	Máni SF 8	Þorskur	22,884	50,918	223	76,400	334
		Karfi	72	6,721	9,335	8,276	11,494
5599	Már NK 91	Þorskur	100				
6083	Már SU 222	Þorskur	1,492	3,000	201	1,100	74
		Ýsa	1,002			800	80
6380	Meta SU 236	Þorskur	9,627	1,505	16		
		Ýsa	1,342				
		Ufsi	76			439	578
6757	Mímir SF 11	Þorskur	23,199				
		Ýsa	18				
		Ufsi	7,798	808	10		
		Karfi	675				
		Skarkoli	23				
6902	Mónes NK 26	Þorskur	25,554	19,375	76	3,500	14
		Ýsa	4,593	14,350	312		
		Ufsi	1,063	6,210	584		
		Karfi	77			1,596	2,073
2149	Mummi NK 2	Þorskur	60,033	69,213	115	25,878	43
		Ýsa	39,146	4,302	11	28,802	74
		Ufsi	882	33,905	3,844		
		Skarkoli	193,709	30,763	16	226,805	117
1867	Nípa NK 19	Þorskur	14,937			17,500	117
		Ýsa	358	2,687	751	990	277
		Ufsi	350	172	49	1,151	329
		Skarkoli	176			330	188
6705	Nonni SU 16	Þorskur	27,049			12,000	44
		Ýsa	1,194			1,800	151
1842	Nökkvi NK 39	Þorskur	38,394	2,300	6	18,076	47
		Ýsa	7,369	20,222	274		
		Ufsi	1,789	14,970	837		
		Skarkoli	2,340			2,466	105
7100	Óla Gísla SF 45	Þorskur	12,475	3,912	31	5,912	47
		Ýsa	13,041	3,058	23	16,200	124

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
7100	Óla Gísla SF 45	Ufsi	1,002	26,653	2,660	26,653	2,660
6744	Óli SU 117	Þorskur	3,077	2,873	93	3,188	104
		Ýsa	830	1,688	203	1,016	122
		Ufsi	375			580	155
		Skarkoli	280	168	60	219	78
6517	Ólsen NK 77	Þorskur	18,392	10,557	57	25,941	141
		Ýsa	3,089				
		Ufsi	132	43	33		
		Skarkoli	20				
1760	Ólöf NS 69	Þorskur	31,035			27,466	89
		Ýsa	2,257				
		Ufsi	12			1,374	11,450
		Karfi	26			1,974	7,592
5402	Pálmi SU 44	Skarkoli	49				
5607	Rán NS 71	Þorskur	16,911			15,000	89
		Ýsa	2,149				
		Skarkoli	3			131	4,367
955	Rex NS 3	Þorskur	24,071			16,000	66
		Ýsa	4,374			4,518	103
		Ufsi	56			991	1,770
		Skarkoli	126				
7058	Reynir Þor NK 69	Þorskur	22,213	31,746	143	27,000	122
		Ýsa	5,444	8,963	165	6,000	110
		Ufsi	317	3,000	946		
6969	Rita NS 13	Þorskur	17,391	4,328	25	16,000	92
		Ýsa	3,815			4,500	118
		Ufsi	107				
1800	Rósa Björk NK 101	Þorskur	199	1,220	613		
		Skarkoli	16				
6107	Rún SU 14	Þorskur	190	1,000	526	800	421
		Ýsa	184				
		Ufsi	10				
7303	Sandvíkingur NK 41	Þorskur	9,312	6,000	64	6,570	71
		Ýsa	58	640	1,103	1,049	1,809
6959	Seila SU 81	Þorskur	469				
		Ýsa	9				
6444	Siggi Villi NK 17	Skarkoli	38				
7002	Sigrún SU 166	Þorskur	16,857			5,000	30
		Ýsa	239				
		Skarkoli	98				
1043	Sigurður Lárusson SF 110	Þorskur	121,873	32,635	27	58,716	48
		Ýsa	66,869	72,801	109	62,371	93
		Ufsi	153,463	5,000	3	144,250	94
		Karfi	13,575	1,449	11	12,000	88
		Grálúða	893	360	40	1,000	112
		Skarkoli	8,226	107,158	1,303	1,000	12
173	Sigurður Ólafsson SF 44	Þorskur	420,704	318,999	76	337,243	80
		Ýsa	259,180	73,579	28	256,737	99
		Ufsi	224,413	7,875	4	228,738	102
		Karfi	27,151	19,810	73	48,508	179
		Skarkoli	63,965	10,278	16	75,104	117
1881	Sigurvin SU 380	Þorskur	14,249	3,000	21	17,428	122
		Ýsa	486				
		Karfi	296			1,275	431
		Skarkoli	235			395	168
7023	Silla SU 152	Þorskur	17,759	5,747	32	7,000	39
		Ýsa	3,456				
		Ufsi	173			959	554
297	Sjöfn II NS 123	Þorskur	149,152	62,042	42	167,110	112
		Ýsa	34,171	8,712	25	37,855	111
		Ufsi	31,751	84,743	267	3,662	12
		Karfi	2,089	14,677	703	12,400	594

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
297	Sjófn II NS 123	Skarkoli	15,116	3,052	20	17,555	116
250	Skinney SF 30	Þorskur	214,384	72,438	34	41,000	19
		Ýsa	120,880			100,000	83
		Ufsi	188,742	54,000	29	28,000	15
		Karfi	12,531	2,000	16	18,000	144
		Skarkoli	132,924	2,000	2	32,000	24
7031	Snorri NK 59	Þorskur	20,537	10,000	49	29,000	141
		Ýsa	1,934	9,000	465	2,500	129
		Ufsi	95			1,033	1,087
		Karfi	18	2,021	11,228	3,307	18,372
1976	Snæfugl SU 20	Þorskur	522,845	310,000	59	27,250	5
		Ýsa	185,623			17,000	9
		Ufsi	402,744	799		207,000	51
		Karfi	498,114	500		69,000	14
		Grálúða	168,816	186		7,000	4
		Skarkoli	21,787	302	1	21,000	96
1359	Sólborg SU 202	Þorskur	153,774	50,696	33	107,000	70
		Ýsa	108,318	16,787	15	103,000	95
		Ufsi	186,978	36,206	19	222,000	119
		Karfi	7,310	272	4	10,000	137
		Skarkoli	21,718			26,000	120
1264	Steinunn SF 10	Þorskur	183,728	100,000	54	39,000	21
		Ýsa	74,810			20,000	27
		Ufsi	46,132	28,000	61		
		Karfi	13,575	6,000	44		
		Skarkoli	11,015	7,000	64	17,500	159
1603	Sunnutindur SU 59	Þorskur	621,245	18,628	3	301,362	49
		Ýsa	371,611	84,943	23	17,180	5
		Ufsi	369,862	237,874	64	12,562	3
		Karfi	310,146	226,642	73		
		Grálúða	106,291	4,037	4		
		Skarkoli	10,426	3,396	33	10,240	98
6604	Svanur SU 155	Þorskur	8,594			8,711	101
		Ýsa	164			521	318
		Ufsi	140			546	390
		Skarkoli	2	5,198	259,900	581	29,050
6782	Svanur SU 28	Þorskur	6,339			5,050	80
1728	Sæfari SU 75	Þorskur	39,576			42,786	108
		Ýsa	5,712			5,700	100
		Ufsi	1,970			1,900	96
		Karfi	10				
1858	Sæfaxi NS 145	Þorskur	37,565			31,000	83
		Ýsa	1,453				
		Ufsi	102			1,923	1,885
6987	Sæljón NS 205	Þorskur	15,969	15,363	96	32,473	203
		Ýsa	1,763				
		Ufsi	34			776	2,282
		Skarkoli	7			130	1,857
1398	Sæljón SU 104	Þorskur	181,764	48,932	27	50,000	28
		Ýsa	59,464	5,806	10	62,302	105
		Ufsi	97,017	5,552	6	59,424	61
		Karfi	3,133	6,123	195	6,886	220
		Grálúða	2,680	2,428	91	4,786	179
		Skarkoli	5,320	1,306	25	5,340	100
7034	Sæunn SF 155	Þorskur	21,739	34		4,300	20
		Ýsa	5,128	1,018	20	5,600	109
		Ufsi	10,959	1		5,808	53
		Karfi	758	20	3	1,449	191
		Skarkoli	7			158	2,257
1818	Sævar NK 18	Þorskur	25,982	22,958	88		
		Ýsa	8,949	20,000	223		
		Ufsi	1,077	1,200	111		
		Skarkoli	93,291			42,000	45
2014	Sævar SF 72	Þorskur	41,961	33,483	80	5,937	14
		Ýsa	15,718	6,500	41		
		Ufsi	3,168	31,089	981		
		Skarkoli	3	30,897	1,029,900		
1153	Sæþór SU 175	Þorskur	27,718			27,000	97

Úthlutað aflamark og millifærslur (A,B,C,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1153	Sæþór SU 175	Ýsa	10,251				
		Skarkoli	10				
5655	Tjaldur SU 179	Þorskur	4,210			4,664	111
		Ýsa	107			287	268
6847	Uggi SF 47	Þorskur	17,581	5,297	30	28,000	159
		Ýsa	4			662	16,550
		Ufsi	11,932	4,723	40	15,116	127
		Karfi	1,416	305	22	2,797	198
5916	Unnar NS 67	Þorskur	128	10,000	7,813		
		Ýsa	93	800	860		
		Ufsi	42				
		Skarkoli	162				
7042	Úlfar SU 185	Þorskur	19,264			23,869	124
		Ýsa	9,510	2,000	21	12,158	128
		Ufsi	417			1,107	265
		Skarkoli	4			117	2,925
6639	Vaktarey DA 8	Þorskur	4,597	5,000	109	8,500	185
		Ýsa	357	8,338	2,336		
		Ufsi	34				
6420	Veiðibjalla NK 16	Þorskur	20,240			17,000	84
		Ýsa	2,709				
		Ufsi	100				
1533	Vigur SU 60	Þorskur	3,727	4,000	107	900	24
6905	Víkingur SU 43	Þorskur	14,480			17,000	117
		Ýsa	2,986			1,000	33
		Ufsi	46				
		Skarkoli	41				
7137	Von SF 1	Þorskur	22,462	15,741	70		
		Ýsa	8,788			2,000	23
		Ufsi	6,101	41	1	4,850	79
		Karfi	326	11	3	1,261	387
		Skarkoli	2				
6005	Vonin SU 36	Þorskur	35				
1323	Völusteinn NK 111	Þorskur	27,132	2,702	10	34,598	128
		Ýsa	473	1,000	211	1,046	221
		Ufsi	112			1,411	1,260
		Skarkoli	2,816			3,487	124
2040	Þinganes SF 25	Þorskur	140,200	201,029	143	105,000	75
		Ýsa	54,756	273,893	500	8,000	15
		Ufsi	106,791	225,604	211	1,772	2
		Karfi	14,620	41,739	285	42,200	289
		Skarkoli	6,806	2,000	29	5,000	73
1189	Þorkell Björn NK 110	Þorskur	48,641	41,835	86	26,500	54
		Ýsa	14,523	5,000	34	5,000	34
		Ufsi	19,394	3,000	15	22,100	114
		Skarkoli	33,071	45,500	138	25,000	76
6437	Þórey Björg NK 33	Þorskur	19,742	28,048	142	10,000	51
		Ýsa	3,581	4,000	112		
		Skarkoli	139			283	204
1236	Þórir SF 77	Þorskur	137,272	120,699	88	28,500	21
		Ýsa	54,674				
		Ufsi	80,259			30,000	37
		Karfi	3,133				
		Skarkoli	4,163			2,000	48
6841	Æðey SF 7	Þorskur	15,962	7,000	44	20,000	125
		Ýsa	12				
		Ufsi	7,974			1,223	15
		Karfi	317			1,150	363
1970	Öðlingur SU 19	Þorskur	18,266	8,546	47		
		Ýsa	1,812			1,000	55
		Ufsi	5,767			2,000	35
		Karfi	690			1,784	259
6821	Örk SU 135	Þorskur	14,673			12,624	86
		Ýsa	792	4,900	619	3,873	489
		Ufsi	19			723	3,805
		Skarkoli	29			76	262

TAFLA II.

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1056	Arnar ÁR 55	Þorskur	331,301	40,000	12	231,815	70
		Ýsa	117,036	94,000	80	99,920	85
		Ufsi	532,711			495,027	93
		Karfi	30,284	15,000	50	23,428	77
		Skarkoli	93,556			40,050	43
464	Ágústa Haraldsdóttir VE 108	Þorskur	94,119	8,553	9	961	1
		Ýsa	38,708	90			
		Ufsi	62,035	47,296	76		
		Karfi	12,531	690	6		
		Skarkoli	1,041				
133	Álaborg ÁR 25	Þorskur	104,714	55,000	53		
		Ýsa	51,684				
		Ufsi	184,994	150,000	81	6,000	3
		Karfi	20,363	23,043	113	38,000	187
		Skarkoli	5,813			4,600	79
1652	Álsey VE 502	Þorskur	186,989	245,000	131	4,000	2
		Ýsa	387,842			100,000	26
		Ufsi	285,759				
		Karfi	226,605				
		Grálúða	893				
		Skarkoli	26,289			15,000	57
1987	Árntýr VE 478	Þorskur	12,234	3,619	30	5,994	49
		Ýsa	4,272	5,500	129	2,419	57
		Ufsi	2,108			2,567	122
		Karfi	248			296	119
		Skarkoli	77			92	119
442	Ásta VE 2	Þorskur	59,034	18,437	31	80,915	137
		Ýsa	30,824	21,919	71	47,879	155
		Ufsi	10,107	43,154	427	53,552	530
		Karfi	1,134			4,048	357
		Skarkoli	204	377	185	582	285
310	Baldur VE 24	Þorskur	47,957	18,500	39	10,000	21
		Ýsa	223,821			112,000	50
		Ufsi	23,813				
		Skarkoli	92,008	13,800	15	60,000	65
1478	Bergey VE 544	Þorskur	453,614			82,293	18
		Ýsa	594,577			393,125	66
		Ufsi	657,951			370,397	56
		Karfi	78,320	192,000	245	60,000	77
		Grálúða	1,786			7,000	392
		Skarkoli	33,153			26,463	80
1031	Bergur VE 44	Þorskur	24,691				
		Skarkoli	64				
1935	Björg VE 5	Þorskur	128,646	10,070	8		
		Ýsa	270,657				
		Ufsi	91,701	20,000	22		
		Karfi	19,841				
		Skarkoli	109,728				
6299	Bogga ÁR 67	Þorskur	7,362	25,194	342	34,000	462
		Ufsi	806			1,008	125
6175	Bravo VE 160	Þorskur	885			1,100	124
		Ufsi	1,488			1,000	67
		Karfi	26			86	331
1459	Breki VE 61	Þorskur	336,141	882,478	263	1,517,107	451
		Ýsa	303,268	493,638	163	838,934	277
		Ufsi	1,592,811	729,507	46	1,718,720	108
		Karfi	1,007,763	1,251,895	124	1,128,457	112
		Grálúða	111,142	19,223	17	101,902	92
		Skarkoli	24,018	9,857	41	10,082	42
2025	Bylgja VE 75	Þorskur	289,695	80,893	28		
		Ýsa	303,656	47,164	16		
		Ufsi	306,355	363,306	119		
		Karfi	72,054	15,194	21	38,000	53
		Skarkoli	30,203	18,635	62	3,000	10
6061	Byr VE 150	Þorskur	1,117	3,170	284	475	43
		Ýsa	397	1,416	357	1,752	441
		Ufsi	872	1,205	138	1,910	219
		Karfi	300	459	153	817	272
1258	Byr VE 373	Þorskur	84,035	179,277	213	16,000	19
		Ýsa	35,025	7,741	22		

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1258	Byr VE 373	Ufsi	1,764				
		Karfi	2,089	3,066	147		
1433	Dala Rafn VE 508	Þorskur	302,666	59,000	19	19,000	6
		Ýsa	186,447			7,000	4
		Ufsi	374,193	126,000	34	160,000	43
		Karfi	153,331	541,111	353	514	
		Grálúða	102,334	2,755	3	100,138	98
		Skarkoli	72,525	200			
1639	Dalaröst ÁR 63	Þorskur	125,393	34,000	27	55,000	44
		Ýsa	78,593				
		Ufsi	26,459				
		Karfi	1,044				
		Skarkoli	157,330			124,800	79
1146	Danski Pétur VE 423	Þorskur	151,351			10,000	7
		Ýsa	124,724	11,000	9		
		Ufsi	225,785	1,300	1		
		Karfi	12,531	800	6		
		Skarkoli	82,843	80			
2048	Drangavík VE 555	Þorskur	112,634	190,193	169	162,000	144
		Ýsa	52,856	705,840	1,335	248,503	470
		Ufsi	53,800	387,051	719	148,427	276
		Karfi	6,266	203,570	3,249	17,670	282
		Skarkoli	16,744	35,000	209	80,109	478
795	Drífa ÁR 300	Þorskur	83,155	25,063	30		
		Ýsa	177,690			10,000	6
		Ufsi	133,178	34,295	26	5,000	4
		Karfi	16,708				
		Skarkoli	69,769			65,000	93
2004	Egill ÁR 85	Þorskur	21,884	3,000	14	14,500	66
		Ýsa	8,073	6,000	74	3,500	43
		Ufsi	1,813	12,000	662		
1664	Emma VE 219	Þorskur	116,902	45,797	39		
		Ýsa	263,884	31,000	12	15,000	6
		Ufsi	111,539	29,337	26		
		Karfi	28,195	10,190	36		
		Skarkoli	42,742	38,256	90	30,000	70
1895	Ex Andvari fórst 22/5 93 VE 100	Þorskur	102,653				
		Ýsa	233,101				
		Ufsi	203,409				
		Karfi	113,825				
		Skarkoli	30,802				
2191	Ex Guðmunda Torfadtir s.úr landi 20/4 94	Þorskur	511,967	28,000	5		
		Ýsa	705,459	11,999	2	695,469	99
		Ufsi	1,454,233			510,182	35
		Karfi	1,264,670	1,789		176,475	14
		Grálúða	5,359	48,406	903		
		Skarkoli	35,210			42,595	121
1315	Eyrún ÁR 66	Þorskur	69,148	44,214	64		
		Ýsa	65,662			20,000	30
		Ufsi	16,647	14,414	87		
		Karfi	3,394	1,829	54		
		Skarkoli	3,318			2,100	63
1595	Frár VE 78	Þorskur	279,260	39,920	14	11,500	4
		Ýsa	398,842	27,752	7		
		Ufsi	261,117	1,910	1		
		Karfi	14,594	28,817	197		
		Skarkoli	79,779	7		28,000	35
1199	Frár VE 7	Þorskur	38,428				
		Ýsa	82,865				
		Ufsi	62,537				
		Karfi	4,864				
		Skarkoli	17,926				
1590	Freyja VE 260	Þorskur	8,110	3,100	38	5,000	62
		Ýsa	854	5,000	585		
		Ufsi	3,626	2,700	74		
		Karfi	592	1,000	169		
11	Freyr ÁR 102	Þorskur	161,471	64,176	40	8,000	5
		Ýsa	37,588	254,630	677	30,000	80
		Skarkoli	97,016	103,000	106	40,000	41
7176	Friðrik Jesson VE 177	Þorskur	13,453	2,654	20	16,179	120

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
7176	Friðrik Jesson VE 177	Ýsa	4,665	12,272	263	10,509	225
		Ufsi	2,992			4,096	137
		Karfi	292	53	18	965	330
1084	Friðrik Sigurðsson ÁR 17	Þorskur	201,949	395,923	196	1,230	1
		Ýsa	74,322	7,081	10		
		Ufsi	291,051	153,274	53		
		Karfi	31,328	5,219	17	4,778	15
		Skarkoli	99,897				
236	Frigg VE 41	Þorskur	139,032	10,000	7		
		Ýsa	177,690	5,000	3		
		Ufsi	194,916				
		Karfi	41,770	5,000	12		
		Grálúða	893				
		Skarkoli	12,568	3,352	27		
10	Fróði ÁR 33	Þorskur	200,629	12,850	6		
		Ýsa	144,373			90,000	62
		Ufsi	183,450	20,000	11	20,000	11
		Karfi	18,797				
		Skarkoli	28,154			19,000	67
84	Gandi VE 171	Þorskur	167,495	76,293	46		
		Ýsa	104,587				
		Ufsi	316,196	264,479	84	81,314	26
		Karfi	14,620				
		Skarkoli	158,326	31,095	20	3,108	2
1523	Gaui gamli VE 6	Þorskur	7,890	4,652	59		
		Ýsa	21,998			11,000	50
		Ufsi	1,632	509	31	1,300	80
		Karfi	1,294			800	62
		Skarkoli	40	40	100	80	200
1752	Gissur ÁR 6	Þorskur	69,237	40,000	58	109,800	159
		Ýsa	28,156			31,000	110
		Ufsi	999				
		Karfi	99,205			99,000	100
		Grálúða	18,757	15,000	80		
		Skarkoli	2,354			2,825	120
1011	Gígja VE 340	Þorskur	39,598				
1039	Gjafar VE 600	Þorskur	189,629	71,349	38	60,046	32
		Ýsa	132,413	202,500	153		
		Ufsi	248,716	256,901	103		
		Karfi	22,974	297,945	1,297	15,000	65
		Skarkoli	17,809	3,128	18		
244	Glófaxi VE 300	Þorskur	168,346	204,754	122		
		Ýsa	49,827	14,774	30	24,000	48
		Ufsi	316,628	121,037	38	84,000	27
		Karfi	12,531	52,285	417		
		Skarkoli	20			1,037	5,185
1953	Góa VE 30	Þorskur	25,829	41,331	160	4,000	15
		Ýsa	11,551	18,759	162		
		Ufsi	4,032	17,254	428		
1546	Guðbjörn ÁR 34	Þorskur	29,478	32,209	109	1,280	4
		Ýsa	23,065			3,500	15
		Ufsi	8,820			6,600	75
		Skarkoli	3,769			1,000	27
1272	Guðmundur VE 29	Þorskur	39,598				
243	Guðrún VE 122	Þorskur	140,352	217,823	155		
		Ýsa	28,191	31,515	112		
		Ufsi	210,791	387,745	184	111,514	53
		Karfi	26,107	2,330	9	40,000	153
		Skarkoli	180	3,000	1,667	3,128	1,738
1401	Gullberg VE 292	Þorskur	80,482	19,600	24	100,500	125
		Ýsa	65,821			67,185	102
		Ufsi	75,246	45,600	61	117,422	156
		Karfi	9,645	347	4	8,000	83
		Grálúða	893	5,009	561		
		Skarkoli	6,828				
490	Gullborg VE 38	Þorskur	122,723	33,497	27	2,626	2
		Ýsa	57,327	25,000	44	68,000	119
		Ufsi	164,773	106,128	64	8,000	5
		Karfi	12,531	4,700	38	10,000	80
		Skarkoli	53			732	1,381

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1414	Gulltoppur ÁR 321	Þorskur	86,731	65,523	76	557	1
		Ýsa	31,786				
		Ufsi	7,827	25,791	330		
		Karfi	1,305	19,774	1,515	22,574	1,730
		Skarkoli	5,268			4,500	85
6985	Gustur VE 101	Þorskur	48,584	6,500	13	40,000	82
		Ýsa	23,352			20,000	86
		Ufsi	13,825			10,000	72
		Karfi	2,455			5,000	204
		Skarkoli	9			297	3,300
1091	Hafbjörg VE 115	Þorskur	37,398	28,581	76	35,425	95
		Ýsa	3,526	10,494	298	2,600	74
		Ufsi	6,174	5,633	91	6,316	102
		Skarkoli	3,351			3,352	100
249	Hafnarröst ÁR 250	Þorskur	164,111	30,000	18	193,400	118
		Ýsa	15,377				
		Ufsi	570,636	112,000	20	592,800	104
		Karfi	31,328				
		Skarkoli	65,463			3,000	5
100	Haförn ÁR 115	Þorskur	157,071	8,153	5	156,805	100
		Ýsa	50,402			50,000	99
		Grálúða	2,680	2,768	103	2,673	100
		Skarkoli	9,008	3,340	37	9,000	100
1751	Hásteinn ÁR 8	Þorskur	126,357	187,425	148	37,000	29
		Ýsa	77,739	2,368	3		
		Ufsi	75,410	2,923	4	13,000	17
		Karfi	9,398	5,956	63		
		Skarkoli	39,516	23,723	60		
1035	Heimaey VE 1	Þorskur	161,471			24,050	15
		Ýsa	383,571				
		Ufsi	179,922			55,000	31
		Karfi	27,151				
		Skarkoli	26,190			2,800	11
1626	Hersir ÁR 2	Þorskur	46,197	10,745	23	45,200	98
		Ýsa	26,483	118		26,000	98
		Ufsi	29,105			29,000	100
		Karfi	7,310	27		7,000	96
		Grálúða	1,786	40,575	2,272		
1226	Hlýri VE 172	Þorskur	22,242	1,085	5	12,000	54
		Ýsa	9,024	794	9		
		Ufsi	2,167	2,509	116		
		Karfi	929			1,789	193
		Skarkoli	355				
5879	Hlýri VE 305	Þorskur	4,542			4,000	88
		Ýsa	885			1,000	113
		Ufsi	1,879			2,200	117
		Karfi	931			1,200	129
1411	Huginn VE 55	Þorskur	47,517	12,500	26	60,000	126
		Ýsa	28,832			28,000	97
		Ufsi	117,302			118,000	101
		Karfi	32,372			38,000	117
		Grálúða	3,573	687	19		
		Skarkoli	2,942			2,000	68
1610	Ísleifur VE 63	Þorskur	39,598			39,598	100
		Ýsa	31,667			31,667	100
		Ufsi	10,867			10,867	100
2067	Jóhann Gíslason ÁR 42	Þorskur	380,578			360,000	95
		Ýsa	588,650	86,545	15	400,000	68
		Ufsi	837,873	21,940	3	900,000	107
		Karfi	42,815				
		Skarkoli	158,876	31,950	20	175,000	110
137	Jóhanna ÁR 206	Þorskur	142,992			58,600	41
		Ýsa	55,528				
		Ufsi	66,148	293.000	443	45,000	68
		Karfi	7,310				
		Skarkoli	5,571			6,000	108
1562	Jón á Hofi ÁR 62	Þorskur	199,749	37,000	19	222,982	112
		Ýsa	42,714			221,545	519
		Ufsi	480,674	70,000	15	471,940	98
		Karfi	22,974				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1562	Jón á Hofi ÁR 62	Skarkoli	181,096	10,000	6	167,950	93
1748	Jón Klemens ÁR 313	Þorskur	56,757	54,502	96	32,500	57
		Ýsa	69,196	184,000	266	70,500	102
		Ufsi	10,584	27,426	259		
		Karfi	1,044	1,215	116		
		Skarkoli	48,663	155,684	320	55,000	113
1347	Jón Vídalín ÁR 1	Þorskur	806,967	233,000	29	863,776	107
		Ýsa	254,575	121,400	48	146,262	57
		Ufsi	854,630	120,700	14	150,263	18
		Karfi	2,278,582	205,152	9	1,009,679	44
		Grálúða	347,456			112,500	32
		Skarkoli	7,123	10,700	150	22,000	309
963	Júlíus ÁR 111	Þorskur	27,220	46,000	169	25,000	92
1062	Kap II VE 4	Þorskur	39,598	39,870	101	53,664	136
		Ýsa	180,055	2,492	1		
1135	Kristbjörg VE 70	Þorskur	395,880	33,568	8	110,231	28
		Ýsa	62,362				
		Ufsi	64,384				
		Karfi	35,505				
		Skarkoli	12,653				
372	Kristín VE 40	Þorskur	19,359			20,000	103
		Ýsa	12,814			11,000	86
		Ufsi	5,292			7,000	132
		Skarkoli	16			116	725
7202	Marvin ÁR 24	Þorskur	12,266			10,000	82
		Ýsa	4,299				
		Ufsi	2,084				
1829	Máni ÁR 70	Þorskur	23,839	65,979	277		
		Ýsa	38,145			12,000	31
		Ufsi	1,974	45,000	2,280		
		Karfi	508				
7215	Norma VE 91	Þorskur	22,860	10,000	44	28,642	125
		Ýsa	8,292			7,500	90
		Ufsi	2,027	4,550	224	259	13
2030	Ófeigur VE 325	Þorskur	182,150	107,925	59	76,500	42
		Ýsa	128,774	487,000	378	262,999	204
		Ufsi	137,845	360,632	262		
		Karfi	683,908			133,000	19
		Skarkoli	5,610			3,113	55
168	Páll ÁR 401	Þorskur	149,152	22,982	15		
		Ýsa	369,048				
		Ufsi	112,010	152,614	136		
		Karfi	58,479	1,558	3		
		Skarkoli	27,301	16,437	60		
1061	Sighvatur Bjarnason VE 81	Þorskur	30,496	20,000	66	110,000	361
		Ýsa	150,353	73,000	49	106,200	71
		Ufsi	31,023			682,700	2,201
		Karfi	43	33,200	77,209		
		Grálúða	41,981	2,434	6		
		Skarkoli	71,454	8,037	11		
918	Sigurbára VE 249	Þorskur	134,052	111,941	84		
		Ýsa	108,357	850	1		
		Ufsi	174,422	109,958	63		
		Karfi	11,487	530	5		
		Skarkoli	2,735				
1051	Sigurbjörn VE 329	Þorskur	9,720	11,200	115	4,000	41
		Ýsa	11,172				
		Ufsi	1,999				
		Karfi	464				
		Skarkoli	29				
1019	Sigurborg VE 121	Þorskur	149,592	82,757	55	69,000	46
		Ýsa	186,232	91,925	49	97,500	52
		Ufsi	67,912	213,935	315	19,164	28
		Karfi	123,223	630,085	511	168,810	137
		Skarkoli	54,397	25,156	46	18,000	33
183	Sigurður VE 15	Þorskur	39,598				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1534	Sindri VE 60	Þorskur	516,531	168,610	33	12,000	2
		Ýsa	140,956	231,967	165	15,100	11
		Ufsi	186,096	61,044	33	115,538	62
		Karfi	607,761	302,403	50	43,021	7
		Grálúða	312,621	2,161	1	19,812	6
		Skarkoli	9,877	3,270	33	1,461	15
759	Sjöfn VE 37	Þorskur	36,886	165,060	447	196,513	533
		Ýsa	98,084	170,150	173	262,735	268
		Ufsi	14,537	114,640	789	119,041	819
		Karfi	10,443			4,256	41
		Skarkoli	31,909	86,609	271	113,649	356
1082	Skúli fógeti VE 185	Þorskur	28,158	60,581	215	3,568	13
		Ýsa	36,734	4,565	12		
		Ufsi	29,105	82,395	283	31,000	107
		Karfi	9,398	7,935	84	5,024	53
		Skarkoli	32,221	6,000	19	7,157	22
951	Sleipnir VE 83	Þorskur	79,196	74,898	95	97,196	123
		Ýsa	51,257	45,220	88	66,405	130
		Ufsi	17,639	206,930	1,173	69,501	394
		Karfi	12,531	20,000	160	12,531	100
		Skarkoli	8,167	2,000	24	8,167	100
1622	Smáey VE 144	Þorskur	229,667	76,185	33	60,180	26
		Ýsa	633,019	2,259		100,000	16
		Ufsi	283,113	150,615	53	10,000	4
		Karfi	42,815	108,000	252		
		Skarkoli	66,613			30,000	45
13	Snætindur ÁR 88	Þorskur	98,971			30,500	31
		Ýsa	23,928				
		Ufsi	196,879	55,000	28		
		Karfi	14,620	4,778	33	9,000	62
		Skarkoli	169				
7048	Stakkur ÁR 5	Þorskur	13,140	193	1	15,700	119
		Ýsa	4,090				
		Ufsi	7,647				
		Karfi	692	727	105	1,974	285
1336	Stígandi VE 77	Karfi	61				
		Skarkoli	25				
7	Stokksnes VE 700	Þorskur	139,472	53,000	38	20,000	14
		Ýsa	95,679	42,850	45	70,000	73
		Ufsi	55,564	17,272	31	31,858	57
		Karfi	16,708	2,971	18	3,751	22
		Skarkoli	70,980	14,000	20	40,000	56
51	Styrmir VE 82	Þorskur	177,251	211,039	119	70,000	39
		Ýsa	68,342	1,600	2		
		Ufsi	3,528	7,700	218		
		Karfi	7,309				
		Grálúða	5,359				
		Skarkoli	735	114	16		
1918	Svala VE 25	Þorskur	51,848	105,574	204	9,677	19
		Ýsa	17,368	35,190	203	20,519	118
		Ufsi	27,646	47,552	172	8,494	31
		Karfi	2,659	2,782	105		
		Skarkoli	544	1,335	245	377	69
7249	Svanur VE 90	Þorskur	6,222	11,520	185	14,894	239
		Ýsa	1,081			1,500	139
		Ufsi	905	1,064	118	500	55
1543	Sæberg ÁR 20	Þorskur	23,863	99,043	415	24,000	101
		Ýsa	8,543			8,000	94
		Ufsi	1,764	47,000	2,664	12,000	680
		Skarkoli	4,564	3,900	85	95,000	2,082
734	Sædís ÁR 9	Þorskur	4,400	2,000	45		
		Ýsa	3,417	600	18		
		Skarkoli	3,251			3,249	100
1855	Sæfari ÁR 117	Þorskur	141,672			50,000	35
		Ýsa	26,483				
		Ufsi	4,410	97,500	2,211		
		Karfi	1,044	18,000	1,724		
		Skarkoli	26,869				
259	Valdimar Sveinsson VE 22	Þorskur	164,111	384,288	234		
		Ýsa	47,840	19,634	41	31,500	66

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

SUÐURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
259	Valdimar Sveinsson VE 22	Ufsi	368,664	407,052	110	950	
		Karfi	19,841				
		Skarkoli	11,066			11,000	99
1273	Vestmannaey VE 54	Þorskur	344,500	80,000	23		
		Ýsa	205,027	139,866	68	100,000	49
		Ufsi	493,904			237,000	48
		Karfi	764,401	97,165	13	377,300	49
		Grálúða	165,243	104,865	63	374	
		Skarkoli	900	1,500	167		
6524	Ystiklettur VE 117	Þorskur	8,709				
		Ýsa	8,012				
		Skarkoli	67				
2020	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	Þorskur	317,714	75,720	24		
		Ýsa	326,420	41,563	13	49,000	15
		Ufsi	538,087	98,131	18	12,000	2
		Karfi	141,186	131,079	93		
		Skarkoli	56,949	66		29,460	52
7259	Þytur VE 46	Þorskur	7,980			6,000	75
		Ýsa	1,278				
		Ufsi	1,501				
1758	Óðlingur VE 202	Þorskur	105,594	39,060	37	65,000	62
		Ýsa	44,422	154,170	347		
		Ufsi	76,732	47,440	62		
		Karfi	6,266	37,375	596		
		Skarkoli	1,470	15,033	1,023		

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1786	Abba GK 247	Þorskur	16,942	15,266	90	16,000	94
		Ýsa	6,615	5,220	79	8,011	121
		Ufsi	1,996	39	2	2,935	147
		Skarkoli	1,781			1,886	106
971	Aðalvík KE 95	Þorskur	85,414	111,465	130		
		Ýsa	156,302			5,394	3
		Ufsi	144,643			104,726	72
		Karfi	5,221			1,222	23
		Grálúða	16,078	4,944	31	21,009	131
		Skarkoli	36,087				
1046	Albert GK 31	Þorskur	39,598	5		38,463	97
256	Albert Ólafsson HF 39	Þorskur	184,790	25,295	14		
		Ýsa	57,237	61,731	108	9,400	16
		Ufsi	10,584	25,600	242	2,923	28
		Grálúða	26,796	4,700	18	14,911	56
		Skarkoli	159			141	89
1075	Andri KE 46	Þorskur	60,468	11,539	19	116,541	193
		Ýsa	80,822			80,822	100
		Ufsi	8,428			6,400	76
		Karfi	5,221	887	17		
		Skarkoli	46,644	42,024	90		
1968	Arnar KE 260	Þorskur	115,273	7,417	6	38,300	33
		Ýsa	23,920	75,747	317		
		Ufsi	4,410				
		Karfi	1,044			3,063	293
		Skarkoli	128,677	25,000	19	5,000	4
1416	Arney KE 50	Þorskur	240,555	501,460	208	15,000	6
		Ýsa	72,089			5,000	7
		Ufsi	225,494	140,934	63		
		Karfi	18,249			18,200	100
		Skarkoli	3,638				
6463	Auðbjörg HF 47	Þorskur	3,359	170	5		
		Ýsa	4,328	720	17		
		Ufsi	754				
5044	Auðlind HF 29	Þorskur	3,764	68,245	1,813	71,881	1,910
		Ýsa	1,191	43,546	3,656	27,745	2,330
		Ufsi	4,302	19,883	462	28,660	666
		Karfi	1,120	15,129	1,351	17,527	1,565
		Skarkoli	2,066	45,981	2,226	47,558	2,302
1239	Auður HF 8	Þorskur	16,114	47,500	295	24,500	152
		Ýsa	4,611	4,500	98		
		Ufsi	16,640				
		Karfi	345				
		Skarkoli	18				
6122	Axel KE 71	Þorskur	544				
		Ýsa	791				
262	Ágúst Guðmundsson GK 95	Þorskur	135,072	249,831	185	69,000	51
		Ýsa	76,031	62,464	82	2,000	3
		Ufsi	163,165	412,014	253	628	
		Karfi	14,620	9,480	65		
		Grálúða	1,786	2,776	155	3,153	177
		Skarkoli	14,493	4,588	32		
1844	Ágústa GK 24	Þorskur	46,829	2,000	4		
		Ýsa	24,512				
		Ufsi	14,688				
		Karfi	43				
		Skarkoli	249				
1373	Ársæll Sigurðsson HF 80	Þorskur	94,538	16,073	17		
		Ýsa	83,312	37,500	45	45,000	54
		Ufsi	4,063			7,000	172
		Skarkoli	2,934				
1939	Ásberg KE 111	Þorskur	22,993			620	3
		Ýsa	1,346	2,400	178		
		Ufsi	13,883			15,000	108
		Karfi	760			2,118	279
311	Baldur GK 97	Þorskur	57,262	40,000	70	42,806	75
		Ýsa	41,005	40,000	98	40,000	98
		Ufsi	882				
		Karfi	6,266				
		Skarkoli	202,345	201,000	99	212,000	105

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1305	Benni Sæm GK 26	Þorskur	17,594				
		Ýsa	23,322				
		Ufsi	41,452				
974	Bergur Vigfús GK 53	Þorskur	159,680	298,049	187	54,513	34
		Ýsa	63,059	856	1	12,579	20
		Ufsi	36,212	686,574	1,896	7,875	22
		Karfi	6,266	3,000	48	4,410	70
		Skarkoli	4,375	1		278	6
1125	Bergvík KE 65	Þorskur	178,248	153,904	86		
		Ýsa	134,091			11,599	9
		Ufsi	44,099			16,076	36
		Grálúða	3,573			5,889	165
		Skarkoli	473			1,164	246
1480	Bibbi Jóns HF 44	Þorskur	19,891	18,458	93	24,107	121
		Ýsa	5,044	10,000	198	4,549	90
		Ufsi	1,689	24,551	1,454	2,529	150
		Skarkoli	94	25	27	250	266
1873	Bjarni KE 23	Þorskur	49,611	10,070	20	49,500	100
		Ýsa	41,378			38,000	92
		Ufsi	13,245	5,756	43	11,200	85
		Karfi	398			2,031	510
		Skarkoli	105			313	298
5183	Björgin GK 69	Þorskur	14,392			19,401	135
		Ýsa	219			808	369
1979	Blíðfari GK 275	Þorskur	22,860	16,000	70		
		Ýsa	8,292	10,000	121		
		Ufsi	2,027				
2122	Bogga HF 272	Þorskur	36,857	6,110	17	17,000	46
		Ýsa	12,228			11,000	90
		Ufsi	2,710	880	32	4,000	148
1198	Bragi GK 274	Þorskur	54,466	141,510	260	52,168	96
		Ýsa	854	92,342	10,813		
		Ufsi	60,286	973,361	1,615	540,000	896
		Karfi	27,151	2,247	8	87,790	323
		Skarkoli	114,618	1,778	2	105,900	92
1815	Brynhildur KE 83	Þorskur	26,414	22,045	83	10,000	38
		Ýsa	25,060			2,000	8
		Ufsi	2,226			2,500	112
		Karfi	2,025			2,500	123
1519	Bylgjan I GK 141	Þorskur	3,339	19,263	577		
		Ýsa	1,013	2,145	212	652	64
		Karfi	15			197	1,313
62	Dóri á Býja GK 101	Þorskur	119,673			40,000	33
		Ýsa	48,694				
		Ufsi	172,866			70,000	40
		Karfi	14,620				
		Skarkoli	2,556				
1481	Eldeyjar Súla KE 20	Þorskur	43,405	150,472	347	11,000	25
		Ýsa	14,134	530,376	3,752		
		Ufsi	98,916	522,792	529		
		Karfi	440,559	282,298	64	100,000	23
		Grálúða	893	1,627	182		
		Skarkoli	64,236	79,225	123	10,000	16
1115	Eldhamar GK 13	Þorskur	67,375	299,720	445	268,449	398
		Ýsa	62,793	15,000	24	54,746	87
		Ufsi	3,220	40,000	1,242	292	9
		Skarkoli	4,331			2,526	58
7205	Elín II KE 24	Þorskur	40,984	13,500	33	51,879	127
		Ýsa	9,287	300	3	11,046	119
		Ufsi	2,051	2,200	107	4,726	230
6185	Elsa KE 117	Þorskur	2,548				
		Ýsa	1,116				
		Ufsi	255				
1016	Erling KE 140	Þorskur	219,324	17,763	8	2,700	1
		Ýsa	76,229	3,170	4	28,556	37
		Ufsi	278,124	480,000	173	107,027	38

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1016	Erling KE 140	Karfi	7,310				
		Grálúða	9,825			9,825	100
		Skarkoli	12				
1430	Erlingur GK 212	Þorskur	59,837				
		Ýsa	29,900	2,500	8	51	
		Ufsi	882			86	10
		Skarkoli	90,246	8,000	9		
1892	EX Eldhamar strandaði 22/11 91 GK 13	Þorskur	2,640				
1635	EX Sikill KÓ 16	Þorskur	11,062			13,885	126
		Ýsa	576			1,003	174
		Ufsi	1,730			2,635	152
		Karfi	61			773	1,267
1586	Ex Sjávarborg seld til Sviþjóðar GK 60	Þorskur	69,516			75,720	109
		Ýsa	36,734			40,561	110
		Ufsi	45,863			50,777	111
		Karfi	78,320			93,079	119
		Grálúða	893			1,050	118
		Skarkoli	55			66	120
6876	Eyrarrósr KE 25	Þorskur	9,780	1,000	10		
		Ýsa	1,096	2,100	192		
		Ufsi	4,130				
1475	Eyvindur KE 37	Þorskur	36,197	5,000	14	15,000	41
		Ýsa	29,083	17,000	58		
		Ufsi	5,433				
		Skarkoli	103,682	92,825	90		
7194	Fagravík GK 161	Þorskur	12,266			10,500	86
		Ýsa	4,299	3,000	70		
		Ufsi	2,084			2,700	130
1636	Farsæll GK 162	Þorskur	83,465	109,953	132	65,080	78
		Ýsa	34,514	44,521	129	12,954	38
		Ufsi	23,153	1,100	5	8,879	38
		Karfi	1,044	1,673	160	253	24
		Skarkoli	167,122	62,426	37	77,505	46
1780	Faxaberg HF 104	Þorskur	61,995	40,500	65	3,000	5
		Ýsa	55,510	10,000	18	30,000	54
		Ufsi	11,288			5,000	44
		Skarkoli	47				
2075	Faxafell II GK 102	Þorskur	22,800			8,700	38
		Ýsa	8,241	8,000	97	4,600	56
		Ufsi	2,051	20,000	975		
7225	Faxavík GK 7	Þorskur	22,860	7,035	31	16,800	73
		Ýsa	8,292	7,000	84		
		Ufsi	2,027			2,000	99
826	Fengsæll GK 262	Þorskur	49,025	66,237	135	11,800	24
		Ýsa	40,919	3,988	10	700	2
		Ufsi	8,306	21,348	257	400	5
		Skarkoli	3,790	1,656	44		
1516	Finni HF 46	Þorskur	436	5,000	1,147	10,400	2,385
		Karfi	44			792	1,800
		Skarkoli	3			58	1,933
1759	Fjölnir GK 157	Þorskur	159,711	85,087	53	1,589	1
		Ýsa	143,519			114,000	79
		Ufsi	101,427	227,000	224		
		Karfi	6,266				
		Skarkoli	47,523			54,790	115
1209	Freyja GK 364	Þorskur	162,791			43,119	26
		Ýsa	116,182	18,533	16		
		Skarkoli	55			765	1,391
6602	Freyr 11 GK 177	Skarkoli	15				
7044	Fróði HF 45	Þorskur	11,451			4,000	35
		Ýsa	4,697	4,000	85		
		Ufsi	76				
		Skarkoli	67				
124	Gaukur GK 660	Þorskur	121,306	10,622	9		

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
124	Gaukur GK 660	Ýsa	77,363			25,000	32
		Ufsi	322,802				
		Karfi	33,416				
		Skarkoli	680			529	78
242	Geir goði GK 220	Þorskur	77,876	20,000	26		
		Ýsa	174,273			19,533	11
		Ufsi	172,866			903	1
		Karfi	56,390	351	1		
		Skarkoli	20,904				
88	Geirfugl GK 66	Þorskur	151,791	445,881	294	458,870	302
		Ýsa	56,382			34,000	60
		Ufsi	176,394	167		6,923	4
		Karfi	34,461			1,076	3
		Skarkoli	29	6,136	21,159	6,104	21,048
1912	Glaður GK 405	Þorskur	17,374	7,011	40	8,000	46
		Ýsa	2,119	1,793	85		
		Ufsi	5,693				
		Karfi	671	1,048	156		
		Skarkoli	430				
6796	Glampi GK 9	Þorskur	8,142			7,000	86
		Ýsa	949			1,408	148
		Ufsi	11,292			11,635	103
		Karfi	1,705			2,382	140
6184	Glímir GK 174	Þorskur	7,054			7,000	99
		Ufsi	2,349			2,640	112
1363	Gnúpur GK 11	Þorskur	440,415	75,000	17	217,436	49
		Ýsa	208,444	53,000	25	10,000	5
		Ufsi	278,703	100,000	36		
		Karfi	1,004,581	52,487	5		
		Grálúða	15,184				
		Skarkoli	8,688				
1512	Grindvíkingur GK 606	Þorskur	39,598	75,720	191	75,720	191
1262	Guðbjörg GK 517	Þorskur	20,739	7,708	37	1,599	8
		Ýsa	5,517	20,000	363	7,951	144
		Ufsi	727			1,595	219
		Skarkoli	194	79,633	41,048		
1371	Guðfinnur KE 19	Þorskur	78,430	370,294	472	75,342	96
		Ýsa	36,549	40,000	109	45,700	125
		Ufsi	25,342	14,000	55	13,000	51
		Karfi	931			1,800	193
		Skarkoli	2,105	243,317	11,559	241,000	11,449
6988	Guðjón GK 78	Þorskur	16,724	6,000	36	9,000	54
		Ýsa	14,101				
		Ufsi	13,148				
		Karfi	527				
1690	Guðmundur Benóný KE 77	Þorskur	21,559			23,495	109
		Ufsi	3,528			4,587	130
		Skarkoli	58			232	400
6970	Guðrún Hermanns HF 175	Þorskur	14,307			15,105	106
		Ýsa	40			592	1,480
		Ufsi	669			1,375	206
7213	Gulley GK 159	Þorskur	7,980			7,500	94
		Ýsa	1,278				
		Ufsi	1,501				
2068	Gullfari II HF 290	Þorskur	59,207	72,328	122		
		Ýsa	44,120				
		Ufsi	45,836			34,000	74
		Skarkoli	2,661	31,200	1,172	29,500	1,109
2105	Gullfiskur GK 321	Þorskur	12,193	42,137	346	55,912	459
		Ýsa	2,549	14,948	586	6,058	238
		Ufsi	21,889	4,985	23	30,819	141
500	Gunnar Hámundarson GK 357	Þorskur	81,835	391,608	479		
		Ýsa	32,463	5,124	16		
		Ufsi	882	19,660	2,229		
		Skarkoli	2,197	364	17		
5714	Gylfi GK 176	Þorskur	46	1,000	2,174		

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
67	Hafberg GK 377	Þorskur	180,390	95,793	53	55,000	30
		Ýsa	120,453			10,000	8
		Ufsi	311,336	250,500	80	15,000	5
		Karfi	56,390	6,544	12	15,000	27
		Skarkoli	1,978				
6438	Hafbjörg HF 3	Þorskur	16,231			10,500	65
		Ýsa	16,962				
		Ufsi	347				
		Skarkoli	150				
625	Hafborg HF 64	Þorskur	95,476	19,603	21	77,570	81
		Ýsa	12,887	10,352	80	16,731	130
		Ufsi	5,935	1,596	27	7,934	134
		Karfi	4,177	1,148	27	95,940	2,297
		Grálúða	893	342	38	1,431	160
		Skarkoli	2,059			2,141	104
1587	Hafborg KE 12	Þorskur	59,643	93,406	157	31,173	52
		Ýsa	19,639	8,700	44	8,000	41
		Ufsi	9,291	28,000	301		
		Skarkoli	10,825			1,887	17
1876	Hafborg KE 54	Þorskur	27,946	10,279	37	11,200	40
		Skarkoli	11			238	2,164
9042	Hafdís GK 200	Þorskur	1,710				
		Ýsa	2				
		Ufsi	1,603				
2055	Hafdís GK 32	Þorskur	22,800			8,000	35
		Ýsa	8,241	25,000	303	17,000	206
		Ufsi	2,051			3,220	157
2096	Hafdís KE 150	Þorskur	43,939	1,533	3		
		Ýsa	35,145			20,000	57
		Ufsi	4,917	13,000	264		
		Skarkoli	20	10,000	50,000		
524	Hafliði GK 140	Þorskur	24,199	257,956	1,066	247,176	1,021
		Ýsa	5,980	28,095	470	5,713	96
		Ufsi	7,938	113,879	1,435	135,163	1,703
		Skarkoli	466	62,992	13,518	33,000	7,082
1969	Hafsvala HF 107	Þorskur	29,741	26,288	88		
		Ýsa	23,076	16,000	69		
		Skarkoli	894				
1438	Haförn KE 14	Þorskur	60,277	14,072	23	23,000	38
		Ýsa	23,920	78,556	328	3,170	13
		Skarkoli	119,408	6,000	5		
7107	Hanna Kristín HF 11	Þorskur	17,571			17,571	100
89	Happasæll KE 94	Þorskur	324,525	645,597	199	48,300	15
		Ýsa	134,369	48,369	36	37,300	28
		Ufsi	373,191	10,398	3	22,300	6
		Karfi	14,620	2,400	16		
		Grálúða	42,874	4,897	11		
		Skarkoli	2,164	552	26		
1868	Haraldur Kristjánsson HF 2	Þorskur	311,028				
		Ýsa	140,075				
		Ufsi	393,359				
		Karfi	1,538,200	102,000	7	50,000	3
		Grálúða	246,524			126,000	51
		Skarkoli	2,494			3,988	160
6509	Hari HF 69	Þorskur	1,489				
		Ýsa	15,229			8,864	58
		Ufsi	2,445			2,438	100
		Karfi	138			142	103
		Skarkoli	255				
2107	Haukur GK 25	Þorskur	343,181			90,165	26
		Ýsa	163,167	144,455	89		
		Ufsi	284,877	76,086	27		
		Karfi	1,200,903	79,903	7	90,393	8
		Grálúða	175,068	4,022	2		
		Skarkoli	26,223	1,462	6	2,430	9
6399	Haukur HF 68	Þorskur	348			325	93

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6399	Haukur HF 68	Ýsa	3,188			3,186	100
		Skarkoli	669			669	100
1006	Háberg GK 299	Þorskur	60,717			94,900	156
		Ýsa	27,337			32,737	120
		Ufsi	112,892	40,000	35	134,031	119
		Karfi	12,531			12,531	100
		Skarkoli	641			641	100
1807	Hákon ÞH 250	Þorskur	80,076				
		Ýsa	40,151	30,000	75		
		Ufsi	5,292	30,000	567		
		Karfi	36,549				
		Grálúða	80,388	228		75,000	93
		Skarkoli	12,298				
7071	Hegri KE 107	Þorskur	6,327	1,283,574	20,287	1,290,560	20,398
		Ýsa	1,049	285,133	27,181	278,583	26,557
		Ufsi	3,782	190,155	5,028	194,192	5,135
		Karfi	100	40,464	40,464	40,495	40,495
1572	Helga Péturs GK 478	Þorskur	5,523	2,518	46		
		Ýsa	6			194	3,233
		Ufsi	327			235	72
1431	Herjólfur Jónsson GK 258	Þorskur	12,234	5,510	45		
		Ýsa	4,272	12,845	301	10,917	256
		Ufsi	2,108			2,649	126
		Karfi	1,614			2,263	140
		Skarkoli	78			158	203
663	Hlíf GK 250	Þorskur	12,619	15,140	120	18,775	149
		Ýsa	1,634	249	15	400	24
		Ufsi	2,013			2,497	124
		Karfi	58				
573	Hólmsteinn GK 20	Þorskur	96,654	26,750	28		
		Ýsa	12,883				
		Ufsi	24,632				
		Karfi	1,044			5,821	558
		Skarkoli	1,139				
2031	Hópsnes GK 77	Þorskur	303,583	61,000	20	97,000	32
		Ýsa	150,353			140,000	93
		Ufsi	316,283			20,000	6
		Karfi	79,364	10,000	13		
		Skarkoli	1,178				
1972	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	Þorskur	460,654			67,000	15
		Ýsa	96,533				
		Ufsi	243,424			56,000	23
		Karfi	573,300	70,000	12		
		Grálúða	186,680	250,755	134	20,000	11
		Skarkoli	2,169				
1925	Hrappur GK 170	Þorskur	24,728			7,000	28
		Ýsa	9,016	2,000	22		
		Ufsi	10,655				
		Karfi	2,774			2,913	105
		Skarkoli	55			214	389
1764	Hraunsvík GK 68	Þorskur	171,377	2,188,704	1,277	2,313,274	1,350
		Ýsa	45,165	718,030	1,590	689,053	1,526
		Ufsi	39,166	639,176	1,632	737,449	1,883
		Karfi	4,693	678,408	14,456	740,579	15,781
		Skarkoli	25,690	429,254	1,671	400,254	1,558
1202	Hringur GK 18	Þorskur	200,749	241,811	120	30,500	15
		Ýsa	111,644	16,000	14		
		Ufsi	21,038	209,369	995		
		Karfi	1,344	2,741	204		
		Skarkoli	46				
237	Hrungnir GK 50	Þorskur	183,470	92,155	50	42,500	23
		Ýsa	40,817	82,611	202		
		Ufsi	307,808	143,536	47	2,000	1
		Karfi	45,948	3,622	8		
		Grálúða	60,738	20,081	33	87,973	145
		Skarkoli	184	1,092	593	6,888	3,743
120	Höfrungur II GK 27	Þorskur	169,830	20,800	12	25,808	15
		Ýsa	59,799			18,000	30
		Ufsi	301,634			95,700	32
		Karfi	16,708	4,000	24		
		Skarkoli	5,545			5,000	90

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
7280	Inga HF 164	Þorskur	7,980	808	10	9,000	113
		Ýsa	1,278	2,338	183	1,827	143
		Ufsi	1,501			2,185	146
2099	Íslandsbersi HF 13	Þorskur	38,994	152,637	391	38,000	97
		Ýsa	34,775	25,800	74		
		Ufsi	3,864	1,960	51		
		Skarkoli	15				
7066	Jaspis KE 227	Þorskur	31,496			8,400	27
		Ýsa	27,821				
		Ufsi	3,388			3,471	102
		Karfi	206			1,246	605
		Skarkoli	19			145	763
6619	Jenný KE 32	Þorskur	8,385			1,610	19
		Ýsa	15			242	1,613
		Ufsi	7,903			4,561	58
		Karfi	122			216	177
1321	Jóhannes Ívar KE 85	Þorskur	81,686	156,156	191	33,100	41
		Ýsa	46,131			30,000	65
		Ufsi	261,946			20,200	8
		Karfi	20,885			700	3
		Skarkoli	1,579				
2070	Jón Garðar KE 1	Þorskur	22,860	9,213	40		
		Ýsa	8,292			1,500	18
		Ufsi	2,027			3,000	148
1204	Jón Gunnlaugs GK 444	Þorskur	76,996				
		Ýsa	218,695				
		Ufsi	52,918				
		Karfi	78,320				
		Skarkoli	3,665				
233	Júlli Dan GK 197	Þorskur	141,672	15,097	11	120,000	85
		Ýsa	79,448				
		Ufsi	170,221	131,079	77	130,000	76
		Karfi	15,664	12,531	80		
		Gráldða	1,786				
		Skarkoli	321				
399	Kári GK 146	Þorskur	22,888	1,026	4	9,000	39
		Ýsa	82,639			49,929	60
		Karfi	919				
		Skarkoli	16,287	5,643	35		
6616	Kári Jóhannesson KE 72	Þorskur	10,966	6,456	59	14,817	135
		Ýsa	1,550	9,674	624	8,243	532
		Ufsi	1,372	2,974	217	2,168	158
967	Keflvíkingur KE 100	Þorskur	59,397				
1063	Kópur GK 175	Þorskur	208,421	263,486	126	9,470	5
		Ýsa	47,338	81,558	172	35,280	75
		Ufsi	112,766	353,740	314		
		Karfi	6,266	31,410	501	2,000	32
		Gráldða	58,058	18,391	32	74,250	128
		Skarkoli	92	1,077	1,171	1,643	1,786
6708	Kópur KE 8	Þorskur	11,029				
		Ufsi	18,056			13,703	76
6135	Kristín HF 165	Þorskur	15,941			19,417	122
		Ýsa	2,669				
		Ufsi	53				
		Skarkoli	15				
7032	Kristín HF 342	Þorskur	11,170	6,000	54	7,000	63
		Ýsa	11,076				
		Ufsi	1,266				
		Skarkoli	13				
6642	Kristján KE 21	Þorskur	13,653			12,485	91
		Ýsa	3,966			341	9
		Ufsi	2,552			2,928	115
		Karfi	91			818	899
		Skarkoli	4			96	2,400
219	Ljósfari GK 184	Þorskur	150,752	17,000	11	75,000	50
		Ýsa	73,637	24,700	34	76,392	104
		Ufsi	20,216			17,000	84

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr. Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
219 Ljósfari GK 184	Karfi	2,089				
	Grálúða	1,786				
1940 Lómur HF 177	Þorskur	32,118	216,844	675		
	Ýsa	4,271	294,524	6,896		
	Ufsi	7,056	228,009	3,231		
	Karfi	1,044	62,276	5,965		
	Grálúða	893				
1331 Margrét HF 148	Þorskur	34,970	10,284	29		
	Ýsa	30,652	7,360	24		
	Ufsi	618				
	Skarkoli	175	10,000	5,714	9,787	5,593
671 Máni GK 257	Þorskur	89,942	135,987	151	1,000	1
	Ýsa	31,404	2,624	8		
	Ufsi	8,698	28,096	323		
	Karfi	8,424	39,636	471	45,000	534
	Skarkoli	10,499	567	5		
2047 Máni HF 149	Þorskur	22,860	62,459	273		
	Ýsa	8,292	16,647	201	1,000	12
	Ufsi	2,027	11,920	588		
	Skarkoli	34	86	253		
6845 Már HF 313	Þorskur	14,585			15,998	110
	Ýsa	2,758	5,000	181	4,138	150
	Ufsi	335			551	164
542 Mummi KE 30	Þorskur	3,468	73,700	2,125	43,000	1,240
	Ýsa	17,726	25,000	141	26,540	150
	Skarkoli	329				
1606 Mundi Á Bakka HF 62	Þorskur	745			400	54
	Ýsa	1,002				
1985 Njörður KE 208	Þorskur	52,517	56,600	108	12,000	23
	Ýsa	10,821				
	Ufsi	2,898	676	23		
	Skarkoli	5,377				
158 Oddgeir ÞH 222	Þorskur	286,864				
	Ýsa	146,936	154,000	105		
	Ufsi	238,132	381,700	160		
	Karfi	76,231				
	Grálúða	2,680			7,930	296
	Skarkoli	73,929				
434 Ólafur GK 33	Þorskur	58,307	117,989	202	85,000	146
	Ýsa	31,407			8,000	25
	Ufsi	2,261	6,923	306		
	Karfi	2,679	1,076	40	1,000	37
	Skarkoli	1,440	70	5	733	51
1471 Ólafur Jónsson GK 404	Þorskur	407,417	23,119	6	119,000	29
	Ýsa	420,304			252,000	60
	Ufsi	512,425			71,253	14
	Karfi	1,323,081	80,000	6	49,611	4
	Grálúða	265,282	54,847	21	63,000	24
	Skarkoli	63,260			46,000	76
363 Ósk KE 5	Þorskur	137,489	296,462	216	56,000	41
	Ýsa	61,974	3,888	6		
	Ufsi	20,679	25,000	121		
	Karfi	14,620			16,540	113
	Skarkoli	3,041				
1507 Rán HF 4	Þorskur	507,291				
	Ýsa	133,267				
	Ufsi	137,588				
	Karfi	522,264				
	Grálúða	208,117				
	Skarkoli	17,472				
2114 Reginn HF 228	Þorskur	22,860			2,200	10
	Ýsa	8,292				
	Ufsi	2,027				
733 Reynir GK 47	Þorskur	76,556				
	Ýsa	81,156			45,000	55
	Ufsi	54,682				
	Karfi	54,302			45,600	84
	Skarkoli	1,801			1,697	94

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6584	Rúna HF 160	Þorskur	432	7,011	1,623	300	69
		Karfi	538			571	106
		Skarkoli	35	1,423	4,066	38	109
6456	Rúna SH 2	Þorskur	5,213			5,463	105
		Ýsa	3,773			3,888	103
		Ufsi	16			167	1,044
		Skarkoli	229			297	130
1812	Sandafell HF 82	Þorskur	114,505	40,000	35		
		Ýsa	129,784			60,000	46
		Ufsi	30,029	7,000	23	3,500	12
		Karfi	4,177			3,000	72
		Skarkoli	38,866	110,000	283		
1073	Sandvík GK 325	Þorskur	67,882	46,355	68	10,660	16
		Ýsa	36,640	16,300	44	5,682	16
		Ufsi	9,824	12,470	127	4,308	44
		Skarkoli	6,663	1,019	15	1,773	27
6300	Selma HF 130	Þorskur	14,519			19,543	135
		Ýsa	3,417			4,575	134
		Ufsi	3,528			4,913	139
975	Sighvatur GK 57	Þorskur	165,313	34,359	21		
		Ýsa	79,213	20,000	25		
		Ufsi	116,420	4,879	4		
		Karfi	7,310				
		Grálúða	8,932	9,665	108		
		Skarkoli	531				
1911	Sigrún GK 17	Þorskur	25,663	11,710	46	33,186	129
		Ýsa	3,221	7,070	219	3,864	120
		Ufsi	27,624	1,045	4	28,098	102
		Karfi	709	551	78	960	135
1642	Sigrún GK 380	Þorskur	107,122			24,000	22
		Ýsa	66,111			63,000	95
		Ufsi	55,812				
		Karfi	12,342			10,000	81
		Skarkoli	8,958			11,000	123
6784	Sigrún HF 178	Þorskur	4,467			4,931	110
1028	Sigurður Þorleifsson GK 10	Þorskur	287,304	16,538	6	10,000	3
		Ýsa	139,247			134,792	97
		Ufsi	327,211			163,500	50
		Karfi	54,302	56		6,171	11
		Skarkoli	8,357			2,647	32
1743	Sigurfari GK 138	Þorskur	116,736	190,287	163	90,000	77
		Ýsa	251,988	130,703	52		
		Ufsi	106,197	71,613	67		
		Karfi	16,708	2,416	14		
		Skarkoli	69,808	40,000	57	40,000	57
1249	Sigurvin GK 51	Þorskur	22,345	13,088	59	19,945	89
		Ýsa	865			11	1
		Ufsi	788			788	100
1889	Sigurþór GK 55	Þorskur	13,801	28,756	208		
		Ýsa	9,177	2,119	23	2,699	29
		Ufsi	3,640			1,080	30
		Karfi	557			967	174
1833	Sjóli HF 1	Þorskur	300,943	12,000	4	76,000	25
		Ýsa	143,519				
		Ufsi	333,385				
		Karfi	1,317,860	58,000	4		
		Grálúða	281,359			80,000	28
		Skarkoli	1,773			2,012	113
1023	Skarfur GK 666	Þorskur	288,643	475,005	165	39,000	14
		Ýsa	66,565	500	1		
		Ufsi	130,972	77,000	59	14,000	11
		Karfi	8,354	1,200	14		
		Grálúða	9,825	385	4		
		Skarkoli	1,880	300	16	3,739	199
2140	Skotta KE 45	Þorskur	27,632	204,420	740		
		Ýsa	18,794	131,115	698		
		Ufsi	21,167	8,281	39	27,000	128
		Karfi	14,620	129,705	887		
		Skarkoli	82	59	72		

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
450	Skúmur KE 122	Þorskur	104,714	219,925	210	100,000	95
		Ýsa	21,357	3,540	17		
		Ufsi	5,292				
		Karfi	7,310			2,000	27
		Grálúða	893			2,275	255
		Skarkoli	13,241				
1151	Skúmur RE 90	Þorskur	19,359	6,000	31		
		Ufsi	52,918			40,000	76
		Karfi	1,044				
1651	Snæfari GK 186	Þorskur	179,510	120,729	67		
		Ýsa	314,374	61,346	20		
		Ufsi	348,379	156,644	45	65,000	19
		Karfi	265,243	195,799	74		
		Grálúða	3,573	1,402	39		
		Skarkoli	12,967	31,361	242		
980	Stafnes KE 130	Þorskur	166,751	677,726	406	5,700	3
		Ýsa	39,297	60,434	154		
		Ufsi	107,601	950,117	883		
		Karfi	6,266				
		Skarkoli	14,380			14,000	97
5985	Straumur KE 104	Þorskur	697				
1002	Sunnuberg GK 199	Þorskur	79,196			45,000	57
929	Svanur KE 90	Þorskur	136,128	226,355	166	176,355	130
		Ýsa	55,394	152,060	275	145,600	263
		Ufsi	8,987	357,105	3,974	323,570	3,600
1342	Sveinn Jónsson KE 9	Þorskur	256,125			5,000	2
		Ýsa	185,555				
		Ufsi	478,910	10,106	2	3,660	1
		Karfi	1,772,115				
		Grálúða	64,311	400	1		
		Skarkoli	8,645			7,800	90
254	Sæborg GK 457	Þorskur	113,964	49,342	43		
		Ýsa	1,723	10,000	580		
		Ufsi	146,437	15,000	10		
		Karfi	24,018	15,000	62	25,000	104
		Grálúða	11,612				
		Skarkoli	179	610	341		
2050	Sæljómi II GK 155	Þorskur	54,918			56,300	103
		Ýsa	32,161			38,000	118
		Ufsi	2,933			5,000	170
1068	Sæmundur HF 85	Þorskur	72,332	171,799	238	39,000	54
		Ýsa	49,755			25,000	50
		Ufsi	9,991				
		Karfi	7,310			3,257	45
		Skarkoli	1,896				
76	Særún GK 120	Þorskur	133,752	34,856	26		
		Ýsa	118,745	64,000	54		
		Ufsi	225,785	211,556	94	225,700	100
		Karfi	247,490				
		Grálúða	1,786				
		Skarkoli	10,081			7,000	69
853	Tálkni GK 540	Þorskur	17,504	13,442	77	12,000	69
		Ýsa	2,563	70,997	2,770		
1141	Trausti II KE 79	Þorskur	3,080	12,373	402	973	32
		Ýsa	854	11,853	1,388	4,089	479
7005	Uggi HF 181	Þorskur	3,327			3,354	101
		Ýsa	418			519	124
		Ufsi	598			880	147
1207	Una í Garði GK 100	Þorskur	204,588			150,000	73
		Ýsa	15,377				
		Ufsi	1,764				
		Karfi	4,177				
		Skarkoli	61,967				
5986	Unnur GK 208	Þorskur	4,618			5,000	108
6982	Vala HF 5	Þorskur	2,841			3,284	116

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6982	Vala HF 5	Ýsa	444				
1427	Vala KE 70	Þorskur	12,962	3,159	24		
		Ýsa	59				
		Ufsi	1,297				
1083	Valur HF 15	Ýsa	20	3,000	15,000		
1227	Veiga GK 4	Þorskur	10,406				
		Ýsa	3,223				
		Ufsi	2,060				
1308	Venus HF 519	Þorskur	289,064	5,000	2		
		Ýsa	234,926			32,000	14
		Ufsi	574,163			1,600	
		Karfi	1,211,345			500,000	41
		Grálúða	291,184	35,000	12		
		Skarkoli	695				
6955	Ver HF 76	Þorskur	7,980			10,326	129
		Ýsa	1,278	330	26		
		Ufsi	1,501			2,114	141
5823	Vinur HF 468	Þorskur	11				
1819	Víðir KE 101	Þorskur	76,396	13,552	18	42,000	55
		Ýsa	41,993			15,500	37
		Ufsi	7,196	2,000	28	6,000	83
		Karfi	536			3,900	728
		Skarkoli	953			1,100	115
979	Víkurberg GK 1	Þorskur	39,598	32,194	81		
1631	Vörðufell GK 205	Þorskur	63,927	56,978	89	63,800	100
		Ýsa	18,253	22,948	126	15,249	84
		Ufsi	9,167	3,294	36		
		Karfi	6,248			2,000	32
		Skarkoli	3,524	147	4		
1042	Vörður ÞH 4	Þorskur	200,629	49,901	25		
		Ýsa	76,885	49,675	65		
		Ufsi	210,791	194,902	92		
		Karfi	35,505	3,139	9		
		Skarkoli	23,935	12,732	53	20,000	84
1880	Ýmir HF 343	Þorskur	587,582				
		Ýsa	225,112			55,000	24
		Ufsi	374,170			30,000	8
		Karfi	1,383,649			490,000	35
		Grálúða	195,612	175,000	89	96,030	49
		Skarkoli	10,402			16,500	159
1231	Þorkell Árnason GK 21	Þorskur	125,440	2,763	2		
		Ýsa	51,440			27,000	52
		Ufsi	8,723			2,300	26
		Skarkoli	3,534	3,900	110		
1077	Þorri HF 183	Þorskur	157,951	437,997	277	175,000	111
		Ýsa	53,819	61,768	115	34,620	64
		Ufsi	28,223	6,294	22	39,420	140
		Karfi	4,419	996	23	10,854	246
		Skarkoli	741	118	16		
288	Þorsteinn Gíslason GK 2	Þorskur	85,446	63,704	75		
		Ýsa	51,065	4,500	9	12,150	24
		Ufsi	76,937			23,500	31
		Karfi	21,930	6,600	30		
		Skarkoli	968				
145	Þorsteinn GK 16	Þorskur	157,381	30,471	19	37,920	24
		Ýsa	14,864	3,523	24	1,694	11
		Ufsi	297,446	66,188	22	73,535	25
		Karfi	16,708	4,903	29	2,581	15
		Grálúða	3,573	7,318	205	10,955	307
357	Þorsteinn KE 10	Þorskur	68,155	85,000	125	10,000	15
		Ýsa	35,727			1,500	4
		Ufsi	4,611				
		Skarkoli	184	1,000	543		
1608	Þór HF 6	Þorskur	81,134				
		Ýsa	92,711				
		Ufsi	25,617				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJANES.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1608	Þór HF 6	Karfi	1,044	1,493	143		
		Grálúða	1,786			2,000	112
		Skarkoli	57,111				
2017	Þór Pétursson ÞH 50	Þorskur	80,955	58,520	72	83,000	103
		Ýsa	37,588	97,200	259	13,700	36
		Ufsi	19,403	42,000	216	34,000	175
		Karfi	15,664	4,000	26	2,400	15
		Skarkoli	48,977				
335	Þórarinn GK 35	Þorskur	4,901	1,337	27	500	10
		Ýsa	8				
		Ufsi	20,628				
		Karfi	2,258				
1501	Þórshamar GK 75	Þorskur	21,139	65,000	307	93,869	444
		Ýsa	55,528			56,377	102
		Ufsi	24,695			24,695	100
		Karfi	25,062			30,888	123
		Grálúða	3,573			3,573	100
		Skarkoli	532			610	115
1612	Þuríður Halldórsdóttir GK 94	Þorskur	249,325	325,436	131	85,368	34
		Ýsa	263,599	137,600	52	16,000	6
		Ufsi	216,430	227,286	105	10,000	5
		Karfi	423,238	281,551	67	220,500	52
		Skarkoli	259,243	90,714	35	118,729	46
5158	Þytur GK 333	Þorskur	9,734	14,493	149	21,710	223
		Ýsa	2,293	10,240	447	3,570	156
		Ufsi	628	628	100	1,673	266
1012	Örn KE 13	Þorskur	39,598				
		Skarkoli	13,805				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1269	Aðalbjörg II RE 236	Þorskur	91,488	45,420	50		
		Ýsa	77,986	9,000	12	32,000	41
		Ufsi	11,493				
		Karfi	2,861			2,500	87
		Grálúða	4,466				
		Skarkoli	160,592	40,000	25	103,500	64
1755	Aðalbjörg RE 5	Þorskur	72,186			811	1
		Ýsa	35,664			9,000	25
		Ufsi	8,688				
		Karfi	1,044	2,500	239		
		Skarkoli	181,845	20,000	11	100,000	55
1254	Arnar RE 400	Þorskur	38,923	2,582	7	3,509	9
		Ýsa	109,781	62		96,000	87
		Ufsi	69,123			40,000	58
		Karfi	7,388			14,000	189
6205	Auður RE 127	Þorskur	5,697	290	5	203	4
		Ýsa	313	753	241	1,198	383
1260	Ágúst RE 61	Þorskur	22,879				
		Ýsa	13,668	1,000	7		
		Skarkoli	173				
6348	Árni RE 158	Þorskur	3,914	1,434	37		
		Ýsa	6,219				
		Skarkoli	34				
1735	Árvík RE 260	Þorskur	9,750	5,905	61		
		Ýsa	1,249	5,000	400		
		Ufsi	83	1,500	1,807		
		Skarkoli	2				
1509	Ásbjörn RE 50	Þorskur	190,132			120,000	24
		Ýsa	216,132			142,000	66
		Ufsi	680,441				
		Karfi	2,060,331			2,336	
		Grálúða	297,884				
		Skarkoli	10,266			13,000	127
6130	**Bára RE 184**	Þorskur	149	235	158	107	72
2005	Birgir RE 323	Þorskur	25,959	5,594	22		
		Ufsi	57,328				
		Karfi	2,089			2,000	96
		Skarkoli	19			215	1,132
6474	Bjargfugl RE 55	Þorskur	7,143				
		Ýsa	10,943	5,054	46		
		Skarkoli	92				
6487	Bæjarfell RE 65	Þorskur	16,115	570	4	2,518	16
		Ýsa	21,031				
		Ufsi	41				
		Skarkoli	29				
6633	Dagný RE 282	Þorskur	11,412			8,358	73
		Ýsa	6,845			4,500	66
		Ufsi	13			300	2,308
		Karfi	37			480	1,297
		Skarkoli	1,646			1,800	109
6740	Draumur RE 302	Þorskur	9,989			11,553	116
		Ýsa	2,232	10,000	448	6,859	307
		Ufsi	2,727	2,500	92	6,249	229
		Karfi	213			779	366
491	Dröfn RE 42	Ýsa	1,267	7,000	552		
		Ufsi	882				
1360	Engey RE 1	Þorskur	299,623				
		Ýsa	103,368			85,000	82
		Ufsi	176,394				
		Karfi	1,592,501				
		Grálúða	180,427	48,000	27		
		Skarkoli	2,509			5,700	227
5803	Erla Björg RE 126	Þorskur	12,237				
		Ýsa	5,371				
		Ufsi	2,550				
		Karfi	140				
		Skarkoli	5				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1773	Erna RE 47	Þorskur	20,015				
		Ýsa	18,787			1,100	6
		Ufsi	122				
		Skarkoli	1				
1809	Ex Pétur Jónsson seldur úr landi 28/1 94	Þorskur	28,421			28,420	100
		Ufsi	5,958				
		Grálúða	17,864				
1048	Faxi RE 241	Þorskur	39,598			32,633	82
1345	Freri RE 73	Þorskur	352,045				
		Ýsa	103,687	197,000	190		
		Ufsi	438,900				
		Karfi	1,181,062				
		Grálúða	360,854				
		Skarkoli	680			1,200	176
1838	Freyja RE 38	Þorskur	150,240	1,013,134	674	545,366	363
		Ýsa	460,926	7,119	2		
		Ufsi	148,210	100,949	68		
		Karfi	186,923			15,000	8
		Skarkoli	272,230	24,000	9	9,500	3
1839	Friður RE 286	Þorskur	15,999	14,905	93	26,510	166
		Ýsa	16,301	12,667	78	24,800	152
		Ufsi	1,433			1,960	137
		Skarkoli	22				
12	Geysir RE 82	Þorskur	131,773	38,511	29	58,900	45
		Ýsa	82,006	220,626	269		
		Ufsi	26,180	104,964	401	23,812	91
		Karfi	57,434	2,000	3	54,389	95
		Grálúða	83,961			67,167	80
		Skarkoli	31	6,565	21,177		
2012	Grunnvíkingur RE 163	Þorskur	57,719	713	1		
		Ýsa	12,946	7,500	58	8,500	66
		Ufsi	2,949				
		Skarkoli	21				
1943	Guðlaug Lárusdóttir RE 310	Þorskur	22,860	36,594	160		
		Ýsa	8,292	1,108	13		
		Ufsi	2,027				
6250	Gunnar RE 108	Þorskur	6,554	170,597	2,603	173,245	2,643
		Ýsa	1,555	2,000	129		
		Skarkoli	45				
1319	Gunni RE 51	Þorskur	55,635				
		Ýsa	6,834			1,000	15
		Ufsi	22,049			6,500	29
		Skarkoli	58	3,500	6,034		
617	Hafnarberg RE 404	Þorskur	113,766	35,000	31		
		Ýsa	44,773	1,000	2		
		Ufsi	74,612	10,160	14		
		Karfi	6,788				
		Skarkoli	12,059			3,500	29
1903	Helga II RE 373	Þorskur	39,598	8,395	21	89,470	226
91	Helga RE 49	Þorskur	238,026	3,522	1		
		Ýsa	15,377				
		Ufsi	255,772	11		400,000	156
		Karfi	22,974	152	1		
		Skarkoli	174				
1070	Húnaröst RE 550	Þorskur	110,434	168,000	152	217,021	197
		Ýsa	18,794	110,000	585	132,547	705
		Ufsi	65,266	300,000	460	306,419	469
		Karfi	18,797			18,797	100
		Skarkoli	4,692			4,692	100
6659	Jenni RE 789	Þorskur	2,877			2,000	70
		Ufsi	253				
6252	Jonna RE 191	Þorskur	694				
1553	Jón Baldvinsson RE 208	Þorskur	469,453	21,805	5	5,000	1
		Ýsa	181,107			77,000	43
		Ufsi	556,083			147,000	26
		Karfi	2,191,908	534,389	24		
		Grálúða	307,709	26,173	9		
		Skarkoli	13,087			27,000	206

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1742	Jón Finnsson RE 506	Þorskur	31,678	811	3		
		Grálúða	20,544	6,400	31		
2033	Jón Pétur RE 411	Þorskur	26,850			8,000	30
		Ýsa	8,931	10,000	112		
		Ufsi	2,778			3,993	144
		Skarkoli	367	28,000	7,629	12,900	3,515
1575	Njáll RE 275	Þorskur	60,277	22,000	36		
		Ýsa	50,402			22,000	44
		Ufsi	7,056	3,800	54		
		Skarkoli	241,031	4,100	2	105,000	44
1578	Ottó N. Þorlákss on RE 203	Þorskur	282,208	50,000	18		
		Ýsa	126,185			70,000	55
		Ufsi	652,888			490,000	75
		Karfi	2,260,830	60,000	3		
		Grálúða	124,155	7,000	6		
		Skarkoli	351			2,400	684
1569	Ómagi RE 13	Þorskur	578				
		Ýsa	3,190				
		Ufsi	92				
962	Óskar Halldórsson RE 157	Þorskur	179,510	261,908	146	49,000	27
		Ýsa	153,770	141,664	92		
		Ufsi	53,800	196,572	365		
		Karfi	89,807	180,173	201	204,800	228
		Grálúða	2,680	3,122	116	2,900	108
		Skarkoli	64,780	2,323	4		
1220	Óskasteinn ÁR 116	Þorskur	36,518			20,000	55
		Ýsa	19,648				
		Ufsi	2,646			4,000	151
		Skarkoli	62	9,000	14,516	3,918	6,319
1677	Pálmi RE 48	Þorskur	5,444			6,905	127
		Ýsa	12,667			12,667	100
		Karfi	1,168			1,339	115
1468	Reykjaborg RE 25	Þorskur	48,397	20,000	41	34,000	70
		Ýsa	41,860	32,000	76		
		Ufsi	882				
		Grálúða	893				
		Skarkoli	272,542	27,000	10	132,000	48
2150	Rúna RE 150	Þorskur	62,023	6,996	11	8,517	14
		Ýsa	107,244			3,969	4
		Ufsi	1,771			7	
		Karfi	1,044				
		Skarkoli	52,655	66,000	125		
1500	Sindri RE 46	Þorskur	19,084	30,000	157	713	4
		Ýsa	13,609	3,500	26		
		Ufsi	51				
		Skarkoli	17				
6823	Sjöfn RE 29	Þorskur	5,344	500	9	1,434	27
		Ýsa	15,923			2,000	13
		Skarkoli	16				
163	Skarphéðinn RE 317	Þorskur	9,799				
		Skarkoli	4,477				
1847	Smári RE 14	Þorskur	81,901	51,560	63	51,939	63
		Ýsa	11,589	3,500	30		
1328	Snorri Sturluson RE 219	Þorskur	754,599	40,000	5	1,666	
		Ýsa	248,089			61,403	25
		Ufsi	1,816,945			710,800	39
		Karfi	3,183,157	50,000	2	171,416	5
		Grálúða	117,271	350,000	298	529	
		Skarkoli	17,032			22,465	132
1865	Snotra RE 165	Þorskur	16,758				
		Ýsa	3,142				
		Ufsi	14,508				
		Karfi	2,884			1,600	55

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

REYKJAVÍK.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1029	Svanur RE 45	Þorskur	39,598			5,000	13
5168	Sæbjörg RE 315	Þorskur	1,278			112	9
		Ýsa	1,174	1,100	94		
		Ufsi	130				
1499	Sæljón RE 19	Þorskur	79,635	1,000	1	15,000	19
		Ýsa	50,402	10,500	21		
		Ufsi	882				
		Skarkoli	183,059	20,000	11	32,600	18
1611	Særós RE 207	Þorskur	62,036	85,000	137	10,000	16
		Ýsa	36,734			18,000	49
		Ufsi	3,528	90,000	2,551	40,000	1,134
		Skarkoli	698				
6696	Valdi RE 120	Þorskur	7,618			4,000	53
		Ufsi	4,571				
592	Valur RE 7	Þorskur	30,288			34,500	114
		Ýsa	5,684			5,000	88
		Ufsi	190				
		Skarkoli	3				
1365	Viðey RE 6	Þorskur	154,871				
		Ýsa	110,202			50,000	45
		Ufsi	1,546,096				
		Karfi	2,152,226				
		Grálúða	24,117				
		Skarkoli	614			2,400	391
2184	Vigri RE 71	Þorskur	532,368	10,000	2		
		Ýsa	231,509				
		Ufsi	689,702			190,000	28
		Karfi	3,406,387	332,496	10		
		Grálúða	793,165			149,000	19
		Skarkoli	756			1,900	251
1990	Þröstur RE 21	Þorskur	71,077	42,515	60		
		Ýsa	76,035			61,000	80
		Ufsi	28,827				
		Karfi	100,271			30,000	30
		Skarkoli	4,691			1,500	32
212	Ögmundur RE 94	Þorskur	134,632	26,900	20		
		Ýsa	75,176	261		50,000	67
		Ufsi	162,283	21		70,000	43
		Karfi	14,620	197	1		
		Grálúða	1,786	5,399	302		
		Skarkoli	12,226	11			
2170	Örfirisey RE 4	Þorskur	23,319	32,633	140		
		Ýsa	8,543	27,699	324	34,780	407
		Ufsi	14,994			280,000	1,867
		Karfi	44,963	141,600	315		
		Grálúða	12,505				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1120	Abba II SH 282	Þorskur	348			400	115
		Ufsi	20				
1798	Aldan SH 295	Þorskur	5,332	2,000	38	6,000	113
		Ýsa	1,622			1,858	115
		Ufsi	92			331	360
5258	Andri SH 350	Þorskur	75			75	100
6716	Anna HF 58	Ýsa	127				
1851	Arnar SH 157	Þorskur	75,990			94,109	124
		Ýsa	13,475			17,829	132
		Skarkoli	2,927			3,281	112
741	Auðbjörg II SH 97	Þorskur	91,188	179,319	197		
		Ýsa	40,949				
		Ufsi	3,897				
		Skarkoli	66,142	92,448	140		
1856	Auðbjörg SH 197	Þorskur	203,708	359,300	176	33,550	16
		Ýsa	11,960				
		Ufsi	1,764				
		Karfi	1,044				
		Skarkoli	104,190	25,000	24	1,150	1
7093	Ármann II SH 323	Þorskur	8,772			6,000	68
		Ufsi	691	6,000	868	6,000	868
1171	Ársæll SH 88	Þorskur	107,794	70,191	65		
		Ýsa	48,694			35,300	72
		Ufsi	9,560				
		Karfi	16,708			1,600	10
		Skarkoli	14,976				
6867	Ásberg SH 190	Þorskur	5,616			6,637	118
		Ýsa	49			272	555
		Ufsi	11			290	2,636
1775	Ásrún AK 3	Þorskur	45,046	6,920	15	11,770	26
		Ýsa	12,560				
		Skarkoli	70				
6070	Bára AK 89	Þorskur	149				
		Ufsi	276				
1767	Bára SH 27	Þorskur	29,451	4,500	15	25,978	88
		Ýsa	16,332			22,931	140
		Ufsi	2,672			7,148	268
		Karfi	64			6,643	10,380
		Skarkoli	13	95,448	734,215	13	100
1954	Bárður SH 81	Þorskur	23,605	115,540	489	74,400	315
		Ýsa	3,788	23,138	611	21,000	554
		Ufsi	208	2,400	1,154	2,400	1,154
6518	Bergþór AK 58	Þorskur	13,740	358	3	17,500	127
		Ýsa	5,607				
1504	Bjarni Ólafsson AK 70	Þorskur	19,799			21,000	106
		Grálúða	51,806				
5988	Blíðfari III MB 3	Þorskur	46				
1887	Bresi AK 101	Þorskur	52,408	2,500	5		
		Ýsa	37,998	4,383	12		
		Ufsi	326				
		Skarkoli	7	2,677	38,243	1,400	20,000
1771	Dagný AK 140	Þorskur	33,587	2,651	8		
		Ýsa	28,248				
		Karfi	41				
5922	Denni SH 52	Þorskur	218	273	125	491	225
369	Diddó AK 232	Þorskur	81	28,044	34,622		
		Ýsa	1,721	592	34		
		Ufsi	1,515				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1556	Drangur SH 511	Þorskur	506,851	68,145	13	33,410	7
		Ýsa	151,207	263,000	174	106	
		Ufsi	363,372	155,817	43	100,073	28
		Karfi	464,697	258,052	56	4,339	1
		Grálúða	251,883	105,649	42	50,000	20
		Skarkoli	4,487	16,907	377	60,000	1,337
5990	Dröfn SH 272	Þorskur	4,239			5,300	125
		Ýsa	684			960	140
		Ufsi	604				
		Karfi	44			295	670
1637	Ebbi AK 37	Þorskur	29,997	59,118	197	4,420	15
		Ýsa	78,380			16,000	20
		Ufsi	779				
		Skarkoli	129				
1246	Egill SH 195	Þorskur	145,133	87,434	60		
		Ýsa	39,297				
		Ufsi	3,528	48,679	1,380		
		Karfi	27,340				
		Skarkoli	42,169	120,237	285	122,933	292
6967	Elís Bjarnason SH 48	Þorskur	33,307	64,947	195	7,000	21
		Ýsa	9,918	18,158	183		
		Ufsi	134	4,607	3,438		
		Karfi	14	1,661	11,864	3,400	24,286
		Skarkoli	36	117	325		
7113	Emilía AK 57	Þorskur	15,997	618	4		
		Ýsa	5,548				
		Ufsi	2,432				
1666	Enok AK 8	Þorskur	63,542	6,368	10		
		Ýsa	40,279			26,000	65
		Ufsi	389			2,035	523
1959	Esjar SH 75	Þorskur	84,968	29,885	35	40,000	47
		Ýsa	22,751	1,003	4		
		Ufsi	375	3,835	1,023		
		Skarkoli	1,296	87	7	2,000	154
6391	Ex Markús fórst 17/3 93 AK 42	Þorskur	12,281			16,174	132
		Ýsa	10,151			12,430	122
		Skarkoli	7			61	871
1982	Ex Sæberg fórst á Faxaflóa 28/4 93 AK 22	Þorskur	22,860			24,502	107
		Ýsa	8,292			10,641	128
		Ufsi	2,027			2,925	144
6110	Eyrún AK 153	Þorskur	1,426			1,100	77
		Ýsa	4,164				
		Ufsi	70				
1964	Fanney SH 24	Þorskur	133,312				
		Ýsa	52,965				
		Ufsi	882				
		Karfi	3,133				
		Skarkoli	858				
1458	Farsæll SH 30	Þorskur	238,043	216,971	91	61,000	26
		Ýsa	63,674	9,687	15	53,280	84
		Ufsi	22,114	28,820	130	53,000	240
		Karfi	28,195	18,898	67	36,011	128
		Skarkoli	7,598	1,473	19	7,002	92
1238	Fjalar Vagn SH 330	Þorskur	969			986	102
		Karfi	40			108	270
		Skarkoli	189			234	124
1684	Flatey AK 54	Þorskur	20,767	4,095	20		
		Ýsa	33,420			5,000	15
6291	Freyr SH 236	Þorskur	606			500	83
936	Friðrik Bergmann SH 240	Þorskur	129,793	48,410	37		
		Ýsa	9,692				
		Ufsi	4,946			7,348	149
		Karfi	322			5,909	1,835
		Skarkoli	97,651	149,000	153		
6975	Funi SH 172	Þorskur	377				
		Ýsa	4				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6975	Funi SH 172	Ufsi	21				
		Karfi	490				
		Skarkoli	3				
1849	Fúsi SH 161	Þorskur	39,868	15,000	38		
		Ýsa	14,323				
		Ufsi	3,012				
		Karfi	81				
		Skarkoli	1,821	15,420	847		
1343	Garðar II SH 164	Þorskur	188,309	35,048	19		
		Ýsa	32,463				
		Ufsi	20,285	7,842	39		
		Karfi	28,195	1,123	4		
		Grálúða	4,466	246	6		
		Skarkoli	4,602	103	2		
6027	Garðar SH 154	Þorskur	4,966			5,000	101
		Ýsa	289				
		Ufsi	92				
1926	Garpur SH 266	Þorskur	23,948				
		Karfi	189				
		Skarkoli	37				
6461	Gauti SH 252	Þorskur	1,078			1,000	93
6222	Geirmundur DA 14	Þorskur	75				
950	Gísli Gunnarsson II SH 85	Þorskur	12,319			12,379	100
6751	Glaður SH 267	Þorskur	13,469	2,000	15		
		Ýsa	1,544	6,000	389		
		Ufsi	243			842	347
		Karfi	257			1,123	437
182	Grettir SH 104	Þorskur	144,774	76,854	53	23,373	16
		Ýsa	17,086			12,400	73
		Ufsi	34,397	4,800	14	3,300	10
		Karfi	5,221				
		Skarkoli	20,669	2,000	10		
1244	Grundfirðingur SH 12	Þorskur	127,436				
		Ýsa	33,669				
		Ufsi	7,938				
		Karfi	8,354				
		Skarkoli	823				
5911	Guðjón SH 57	Þorskur	3,729				
		Ufsi	19				
1927	Guðmundur Jensson SH 717	Þorskur	57,417	69,900	122	57,400	100
		Ýsa	21,093	21,000	100	21,000	100
		Ufsi	2,457	2,400	98	2,400	98
		Karfi	57			2,937	5,153
		Skarkoli	145	1,150	793		
144	Gunnar Bjarnason SH 25	Þorskur	214,708	227,275	106	328,475	153
		Ýsa	50,402	81,156	161	84,106	167
		Ufsi	16,757	14,581	87	10,207	61
		Karfi	28,195	24,925	88	20,591	73
		Grálúða	5,359	5,686	106	5,742	107
6700	Gustur SH 251	Þorskur	161				
1155	Hafnartindur SH 499	Þorskur	30,358				
		Ýsa	12,814				
		Skarkoli	2,716				
6681	Haförn MB 4	Þorskur	27				
		Ufsi	53				
102	Halldór Jónsson SH 217	Þorskur	105,154	6,252	6		
		Ýsa	8,543	122,500	1,434		
		Skarkoli	14,571	13,862	95	6,600	45
253	Hamar SH 224	Þorskur	194,513	88,000	45		
		Ýsa	64,925	12,000	18	6,000	9
		Ufsi	76,732			60,000	78
		Karfi	5,221	40,000	766	27,000	517
		Skarkoli	1,652			760	46

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
238	Hamrasvanur SH 201	Þorskur	222,627	165,153	74	95,000	43
		Ýsa	73,468	8,000	11		
		Ufsi	60,856	2,000	3	40,000	66
		Karfi	4,177	12,937	310		
		Skarkoli	6,532	7,000	107	7,000	107
1435	Haraldur Böðvarsson AK 12	Þorskur	333,554	22,860	7		
		Ýsa	171,933			31,356	18
		Ufsi	444,514	2,925	1		
		Karfi	1,524,624	254,438	17		
		Grálúða	249,204	35,097	14		
		Skarkoli	15,126			2,677	18
6084	Harpa AK 55	Þorskur	1,623			1,500	82
		Ýsa	3,955				
		Ufsi	9				
1399	Haukaberg SH 20	Þorskur	150,472	59,976	40		
		Ýsa	72,614			40,000	55
		Ufsi	22,049			20,000	91
		Karfi	12,531				
		Skarkoli	14,868	10,000	67	2,000	13
1883	Helga Hafsteinsdóttir SH 345	Þorskur	54				
560	Helgi SH 144	Þorskur	16,888				
		Ýsa	12,440				
		Ufsi	934				
		Karfi	97				
		Skarkoli	35				
1913	Hringur SH 277	Þorskur	43,316			46,355	107
		Ýsa	17,322			22,060	127
		Ufsi	4,473			7,105	159
		Karfi	617			2,951	478
		Skarkoli	54	1,200	2,222	326	604
1092	Hrólfur AK 29	Þorskur	36,958			5,747	16
		Ýsa	35,025			5,160	15
		Ufsi	882			1,560	177
241	Hrönn SH 21	Þorskur	245,777			283,475	115
		Ýsa	65,089			81,156	125
		Ufsi	3,445			8,707	253
		Karfi	12,531			19,913	159
		Grálúða	2,680			4,566	170
		Skarkoli	27,669	5,533	20	33,965	123
1252	Hrönn SH 335	Þorskur	10,126			11,100	110
		Ýsa	2,563			3,000	117
1282	Hugborg SH 87	Þorskur	69,956	25,586	37	20,000	29
		Ýsa	854	8,000	937		
		Skarkoli	51,836	41,842	81	22,500	43
5010	Húni AK 124	Þorskur	5,630			5,000	89
		Ufsi	501			740	148
1508	Höfðavík AK 200	Þorskur	340,541	213,772	63	237,197	70
		Ýsa	136,684	178,483	131	225,000	165
		Ufsi	317,510	477,162	150	133,386	42
		Karfi	1,356,498	420,916	31	35,130	3
		Grálúða	206,330	41,066	20	191,429	93
		Skarkoli	6,286	13,866	221	10,000	159
1413	Höfrungur AK 91	Þorskur	39,598				
1902	Höfrungur III AK 250	Þorskur	590,887	2,200		5,858	1
		Ýsa	335,497	3,556	1	277,000	83
		Ufsi	637,665	1,564		470,000	74
		Karfi	1,865,787	17,889	1	215,000	12
		Grálúða	192,932	32,716	17		
		Skarkoli	39,382	54			
1975	Ingibjörg SH 174	Þorskur	45,199	15,000	33		
		Ýsa	7,338			6,000	82
		Ufsi	1,746				
1951	Ísak AK 67	Þorskur	76,702	9,636	13	8,500	11
		Ýsa	40,732				
		Ufsi	1,764	1,270	72		
		Skarkoli	253	1,315	520		

Úthlutað aflamark og milliferslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1929	Jói á Nesi SH 159	Þorskur	30,352	105,307	347		
		Ýsa	8,740			7,975	91
		Ufsi	2,027			1,788	88
5046	Kári SH 119	Þorskur	20,142	10,000	50	36,140	179
2076	Keilir AK 27	Þorskur	66,531	7,588	11		
		Ýsa	21,319				
		Ufsi	2,248	1,491	66		
1472	Klakkur SH 510	Þorskur	427,275	59,970	14	154,855	36
		Ýsa	367,537	528,000	144	90,152	25
		Ufsi	709,105	44,000	6	72,828	10
		Karfi	759,410	105,000	14	155,133	20
		Grálúða	49,126	153,064	312	5,055	10
		Skarkoli	70,259			26,252	37
5994	Kópur SH 188	Þorskur	10,975			5,000	46
		Ufsi	1,217				
		Karfi	157				
		Skarkoli	22				
1846	Kristinn Friðriksson SH 3	Þorskur	10,999	30,695	279		
		Ýsa	1,709	89,000	5,208		
		Ufsi	882				
		Skarkoli	19,585	25,000	128		
1214	Kristján S SH 23	Þorskur	11,439	22,000	192	1,000	9
		Ýsa	4,271	5,000	117	3,000	70
		Ufsi	3,528	2,000	57	4,000	113
6835	Lax SH 600	Þorskur	12,585			15,306	122
		Ýsa	3,566			4,647	130
		Ufsi	63			601	954
1446	Lárberg SH 275	Þorskur	24,370				
		Ýsa	10,475				
6976	Leifi AK 2	Þorskur	8,113	3,612	45		
		Ýsa	14,592				
6233	Leó SH 153	Þorskur	3,079	4,577	149	1,800	58
		Ýsa	67	1,224	1,827		
1613	Leynir AK 9	Skarkoli	21				
2101	Magnús SH 205	Þorskur	134,890	102,694	76		
		Ýsa	69,143	5,524	8	6,000	9
		Ufsi	4,821	1,832	38		
		Karfi	37	1,588	4,292		
		Skarkoli	19,869	5,240	26	20,000	101
1106	Maó SH 63	Þorskur	120,993	39,248	32	55,000	45
		Ýsa	6,834				
		Ufsi	23,813				
		Karfi	1,044				
		Skarkoli	15,863				
1756	Margrét AK 39	Þorskur	33,843	39,144	116		
		Ýsa	8,721	5,092	58		
		Karfi	10				
2093	Maron AK 94	Þorskur	22,860	57,293	251	7,000	31
		Ýsa	8,292				
		Ufsi	2,027	396	20		
6824	Máni AK 73	Þorskur	11,141	626	6	11,000	99
		Ýsa	8,195			3,056	37
		Ufsi	88			299	340
1552	Már SH 127	Þorskur	473,853	268,300	57	659,600	139
		Ýsa	128,142	131,000	102	49,550	39
		Ufsi	457,743	4,000	1	170,351	37
		Karfi	742,471	122,357	16	326,259	44
		Grálúða	273,320	51,497	19	137,140	50
		Skarkoli	13,427	20,587	153	35,770	266
1304	Ólafur Bjarnason SH 137	Þorskur	297,846	183,521	62	14,000	5
		Ýsa	79,666			40,000	50
		Ufsi	71,440	4,000	6		
		Karfi	57,783			60,000	104

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1304	Ólafur Bjarnason SH 137	Skarkoli	32,320	6,500	20	16,000	50
2041	Óli SH 305	Þorskur	17,088			20,000	117
		Ýsa	6,642			8,000	120
		Ufsi	2,001			2,694	135
7120	Óskar AK 130	Þorskur	3,313	215	6	4,143	125
		Ýsa	506			529	105
		Ufsi	394			629	160
		Skarkoli	5			29	580
7243	Pegron SH 140	Þorskur	22,860	12,800	56	23,600	103
		Ýsa	8,292			9,600	116
		Ufsi	2,027	3,300	163	6,600	326
1791	Pétur Jakob SH 37	Þorskur	48,145	153,189	318		
		Ýsa	6,892	65,721	954	50,000	725
		Ufsi	16	7,325	45,781	3,683	23,019
6818	Rafn SH 86	Þorskur	12,711			10,600	83
		Karfi	288			1,121	389
1136	Rifsnes SH 44	Þorskur	274,834	178,341	65	68,000	25
		Ýsa	77,263	348,995	452	186,122	241
		Ufsi	77,823	829,249	1,066	1,121,683	1,441
		Karfi	6,266	198,627	3,170	289,971	4,628
		Skarkoli	14,355	157,375	1,096	128,567	896
1408	Runólfur SH 135	Þorskur	366,939				
		Ýsa	165,730	156,000	94		
		Ufsi	483,320			28,246	6
		Karfi	926,261				
		Grálúða	200,971				
		Skarkoli	18,106	7,000	39		
737	Röst SH 134	Ýsa	80				
1074	Saxhamar SH 50	Þorskur	238,657	18,963	8		
		Ýsa	86,552	2,346	3	43,000	50
		Ufsi	10,584	1,566	15	6,000	57
		Karfi	25,062	1,663	7	16,400	65
		Grálúða	3,573	87	2	6,000	168
		Skarkoli	2,328	36	2		
1100	Siglunes SH 22	Þorskur	140,018	42,079	30		
		Ýsa	9,455	25,000	264		
		Ufsi	759	72,917	9,607		
		Grálúða	893	4,334	485		
1129	Sigurbjörg SH 204	Þorskur	14,937	53,205	356		
		Ýsa	2,563	10,000	390		
		Grálúða	893				
		Skarkoli	120	43,061	35,884		
5017	Sigursæll AK 87	Þorskur	6,091			6,361	104
		Ýsa	5,547			3,980	72
		Ufsi	250			398	159
210	Sigurvon SH 121	Þorskur	30,358			32,000	105
		Ýsa	14,523			14,600	101
		Ufsi	30,869			35,800	116
		Karfi	3,133				
1774	Síldin AK 88	Þorskur	28,545	39,988	140	2,200	8
		Ýsa	14,504	4,802	33	500	3
1354	Skálavík SH 208	Þorskur	75,236	13,358	18	6,000	8
		Ýsa	18,794				
		Ufsi	3,528			4,000	113
		Karfi	8,354			9,000	108
		Skarkoli	6,327	141,553	2,237	9,000	142
778	Smári SH 221	Þorskur	27,278			34,300	126
		Ýsa	7,688			7,700	100
		Ufsi	2,646			3,000	113
		Karfi	1,044				
619	Sóley SH 150	Þorskur	145,737				
		Ýsa	79,446				
		Ufsi	12,354				
		Karfi	16,708				
		Skarkoli	517				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1806	Sóley SH 242	Þorskur	18,156	3,060	17	18,000	99
		Ýsa	5,054			5,054	100
		Ufsi	355				
		Karfi	1,196				
1547	Stapavík AK 132	Þorskur	86,169	19,970	23	68,000	79
		Ýsa	11,960			4,383	37
		Skarkoli	40	70,100	175,250		
6952	Steini Randvers SH 147	Þorskur	29,990			26,000	87
		Ýsa	10,528			13,550	129
		Ufsi	576			1,893	329
		Karfi	26			1,601	6,158
		Skarkoli	3			199	6,633
1134	Steinunn SH 167	Þorskur	231,367	135,078	58	8,000	3
		Ýsa	85,855			96,000	112
		Ufsi	67,030	20,000	30	4,426	7
		Karfi	22,625	4,300	19		
		Gráldða	2,680	520	19	15,714	586
		Skarkoli	19,448	9,000	46	18,200	94
6389	Stormur AK 75	Þorskur	990				
		Ýsa	5,483				
		Ufsi	10				
		Skarkoli	22				
5712	Straumur SH 26	Þorskur	14,819	29,000	196	41,500	280
		Ufsi	28			761	2,718
1585	Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10	Þorskur	560,528			23,386	4
		Ýsa	226,383			1,090	
		Ufsi	586,511				
		Karfi	1,513,137	84,997	6	108,386	7
		Gráldða	369,786	603			
		Skarkoli	13,902			2,219	16
1159	Svanur SH 111	Þorskur	78,316	127,764	163		
		Ýsa	4,271				
		Ufsi	2,646				
260	Sveinbjörn Jakobsson SH 10	Þorskur	158,720	163,000	103		
		Ýsa	52,965			22,000	42
		Ufsi	12,348			5,000	40
		Karfi	4,177			2,500	60
		Skarkoli	37,687			5,500	15
7037	Sæbjörn AK 77	Þorskur	10,234			7,000	68
		Ýsa	13,941			4,000	29
		Ufsi	39				
6148	Sædís SH 138	Þorskur	4,353	9,000	207	13,463	309
		Ufsi	1,112			1,566	141
		Karfi	1,271			1,663	131
1648	Sæfari AK 202	Þorskur	220,867	34,455	16	170,772	77
		Ýsa	193,921	80,479	42	149,777	77
		Ufsi	230,195	115,081	50	225,127	98
		Karfi	440,679	132,969	30	418,346	95
		Gráldða	26,796	5,237	20	28,034	105
		Skarkoli	5,576	1,779	32	3,866	69
1805	Særif SH 702	Þorskur	19,849	62,000	312		
		Ýsa	11,623				
		Ufsi	2,796	20,000	715		
		Karfi	61				
		Skarkoli	11,139	32,030	288		
1621	Særún AK 120	Þorskur	48,457	46,614	96	6,000	12
		Ýsa	36,425			17,309	48
		Ufsi	389				
1779	Sæþór AK 7	Þorskur	17,148	1,377	8	4,900	29
		Ýsa	23,083				
		Karfi	51				
847	Tindur SH 179	Þorskur	29,478	9,343	32		
		Ýsa	14,523	2,000	14	6,000	41
		Ufsi	3,528			2,000	57
		Skarkoli	53,613	33,026	62	20,200	38
2159	Tjaldur II SH 370	Þorskur	335,754	20,000	6	154,577	46
		Ýsa	112,765			1,224	1

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2159	Tjaldur II SH 370	Ufsi	205,266			200,700	98
		Karfi	44,903	2,536	6	18,000	40
		Grálúða	893	216,704	24,267		
		Skarkoli	894			1,959	219
2158	Tjaldur SH 270	Þorskur	335,754	125,000	37	63,600	19
		Ýsa	110,610	706,569	639		
		Ufsi	205,266	2,687,370	1,309	600,000	292
		Karfi	24,018	67,870	283	55,000	229
		Grálúða	2,680	744,104	27,765	284,089	10,600
		Skarkoli	9,374	2,555	27	30,412	324
1803	Tvistur SH 152	Þorskur	348	9,134	2,625		
626	Valdimar AK 220	Þorskur	36,936	59,274	160		
		Ýsa	10,252				
		Ufsi	1,764	1,108	63		
		Skarkoli	561	2,219	396		
6965	Valdís SH 257	Þorskur	17,463	40,550	232	4,000	23
		Ýsa	11,545			5,000	43
		Ufsi	643			7,500	1,166
		Karfi	158			6,745	4,269
		Skarkoli	5,571			5,000	90
6565	Valur SH 141	Þorskur	85	2,000	2,353	676	795
5872	Ver AK 97	Þorskur	10,387	9,500	91	22,090	213
		Ýsa	11,593			12,368	107
		Ufsi	24			223	929
6809	Víðir SH 182	Þorskur	8,173	5,500	67	8,000	98
		Ýsa	4	450	11,250		
		Ufsi	1,009				
		Karfi	162				
220	Víkingur AK 100	Þorskur	39,598	78,320	198	211,206	533
956	Vísir SH 343	Þorskur	44,715	27,011	60	25,000	56
		Ýsa	17,940	30,000	167		
		Ufsi	882	30,000	3,401		
1580	Ylir SH 287	Karfi	13				
1126	Þorsteinn SH 145	Þorskur	186,472	449,579	241	354,000	190
		Ýsa	39,758	331,301	833	351,300	884
		Ufsi	34,830	159,072	457	182,949	525
		Karfi	2,089	108,837	5,210	104,372	4,996
		Grálúða	893	1,918	215	3,897	436
		Skarkoli	65,899	231,612	351	102,360	155
1424	Þórsnes II SH 109	Þorskur	119,673	108,043	90		
		Ýsa	21,357	272	1		
		Ufsi	882	58,448	6,627		
		Skarkoli	4,010	45	1		
245	Þórsnes SH 108	Þorskur	150,032	54,733	36	62,000	41
		Ýsa	17,940				
		Skarkoli	5,293			9,907	187
7166	Þröstur SH 250	Þorskur	7,980	12,000	150	12,000	150
		Ýsa	1,278	2,500	196		
		Ufsi	1,501	1,500	100	2,523	168
1744	Þytur AK 19	Þorskur	14,522	5,722	39	18,000	124
		Ýsa	20,298			16,325	80
		Ufsi	84			239	285
239	Örvar SH 777	Þorskur	248,218	45,000	18		
		Ýsa	53,819	11,000	20	2,176	4
		Ufsi	53,800	107,967	201	33,648	63
		Karfi	1,044	17,763	1,701	28,100	2,692
		Grálúða	65,204	21,069	32	52,995	81
		Skarkoli	442				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6320	Alda ÍS 191	Þorskur	5,102	1,030	20	7,500	147
		Ufsi	44			296	673
2019	Aldan ÍS 47	Þorskur	27,321	37,586	138	33,790	124
		Ýsa	8,497	54	1		
		Ufsi	2,027				
		Skarkoli	59,496	33,627	57		
1170	Andey BA 125	Þorskur	175,990	10,000	6	64,500	37
		Ýsa	51,257	6,440	13		
		Ufsi	14,994	2,463	16		
		Karfi	2,089				
		Grálúða	6,252	900	14		
6928	Apríl BA 211	Þorskur	17,315			16,000	92
		Ufsi	208	1,538	739	2,394	1,151
6101	Arnar ÍS 60	Þorskur	253	434	172		
1329	Arnfirðingur BA 21	Þorskur	25,519	3,429	13	25,000	98
		Ýsa	6,834	3,418	50	3,504	51
		Ufsi	1,764	1,702	96	3,168	180
		Skarkoli	17,909	4,117	23	21,000	117
7184	Ármann RE 114	Þorskur	12,266			11,511	94
		Ýsa	4,299			4,672	109
		Ufsi	2,084			2,568	123
1423	Árni Jóns BA 1	Þorskur	49,545	54,273	110	6,356	13
		Ýsa	6,195	2,344	38		
		Skarkoli	1,904			2,000	105
1222	Árni Óla ÍS 81	Þorskur	26,838			27,500	102
1487	Ásbjörg ST 9	Þorskur	72,532			16,569	23
		Ýsa	14,523			13,000	90
		Karfi	3,764			7,000	186
		Grálúða	8,039			8,000	100
1185	Ásborg RE 15	Þorskur	21,046			15,000	71
		Ýsa	301				
		Ufsi	807			2,015	250
1434	Ásdís ST 37	Þorskur	73,916	20,000	27	64,000	87
		Ýsa	23,065			25,000	108
		Ufsi	16,757			25,000	149
		Skarkoli	38,293	7,658	20	46,894	122
1053	Bára ÍS 364	Þorskur	110,108	91,265	83		
		Ýsa	25,546	2,329	9		
		Skarkoli	27,510				
1148	Bára ÍS 66	Þorskur	20,140			25,000	124
		Skarkoli	590				
1986	Bensi BA 46	Þorskur	43,001	5,000	12	33,000	77
		Ýsa	13,387	9,300	69	24,500	183
		Ufsi	2,310			4,300	186
6898	Berta ÍS 606	Þorskur	153			153	100
		Ufsi	96			96	100
2013	Bessi ÍS 410	Þorskur	1,031,824	220,000	21		
		Ýsa	304,589	81,000	27		
		Ufsi	297,967				
		Karfi	529,441	144,626	27	70,000	13
		Grálúða	795,845	269,110	34		
		Skarkoli	30,972				
6049	Billa BA 75	Þorskur	294				
1318	Bjarmi IS 326	Þorskur	73,916	20,124	27	69,500	94
		Ýsa	854	20,000	2,342	4,933	578
		Ufsi	4,410			9,698	220
		Karfi	1,044			8,032	769
		Grálúða	3,573			5,658	158
6828	Björg ST 10	Þorskur	48			48	100
		Ýsa	26			26	100
		Ufsi	796			796	100
		Karfi	74			74	100

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6828	Björg ST 10	Skarkoli	30			30	100
1295	Björgvin Már ÍS 468	Þorskur	36,780	2,300	6	1,100	3
		Ýsa	4,037	6,000	149		
		Ufsi	882				
2079	Björninn BA 85	Þorskur	22,860				
		Ýsa	8,292			4,000	48
		Ufsi	2,027				
6962	Bliki ÍS 879	Þorskur	5,316	1,366	26	6,000	113
		Ýsa	890			1,151	129
		Ufsi	931			1,371	147
6124	Blíðfari ÍS 701	Þorskur	4,762			4,955	104
		Ýsa	709			1,017	143
1527	Brimnes BA 800	Þorskur	122,046	50,000	41	50,000	41
		Ýsa	39,936				
		Ufsi	7,056				
		Karfi	5,221				
		Skarkoli	11,842	48,000	405		
6948	Bryndís BA 165	Þorskur	1,427			1,380	97
		Ýsa	689			866	126
		Ufsi	577			627	109
2091	Bryndís ÍS 35	Þorskur	376				
361	Bryndís ÍS 69	Þorskur	14,959	12,007	80	28,000	187
		Skarkoli	971				
1947	Brynjar BA 128	Þorskur	14,894			15,812	106
		Ýsa	270				
		Ufsi	153			186	122
		Skarkoli	318				
1537	Byr ÍS 184	Þorskur	49,608	1,915	4	30,000	60
		Ýsa	14,676				
		Ufsi	4,776	5,395	113		
		Skarkoli	6,245				
1428	Dagný ÍS 34	Þorskur	15,399			4,600	30
		Ýsa	3,417				
1410	Dagrún ÍS 9	Þorskur	643,684	40,300	6	41,932	7
		Ýsa	270,806			43,985	16
		Ufsi	362,490			13,000	4
		Karfi	455,299			1,643	
		Grálúða	526,990			360,284	68
		Skarkoli	30,784			41,935	136
1184	Dagrún ST 12	Þorskur	13,199			17,929	136
		Ýsa	854			3,908	458
1175	Donna ÍS 62	Ýsa	5,126			6,023	117
		Ufsi	1,764			2,142	121
		Karfi	1,044			4,999	479
		Skarkoli	11,828			11,059	93
1429	Driffell BA 102	Þorskur	9,760			9,000	92
		Ýsa	1,300			1,300	100
		Ufsi	828			828	100
		Skarkoli	1,521			1,521	100
1730	Dýrfirðingur ÍS 58	Þorskur	23,504			18,000	77
		Ýsa	3,392	4,055	120		
		Ufsi	255			1,376	540
		Skarkoli	183			353	193
1195	Egill BA 468	Þorskur	96,548	44,321	46		
		Ýsa	1,050			5,000	476
		Ufsi	11,628				
		Karfi	4,177			4,600	110
		Grálúða	3,573			1,000	28
		Skarkoli	29,611	73,878	249	20,000	68
1386	Ex Dröfn rak á land 3/12 93 ÍS 44	Þorskur	40,478			42,240	104
		Ýsa	4,272			5,849	137
		Ufsi	2,646			4,161	157
		Skarkoli	6,793			7,125	105

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
789	Ex Máni fórst jan 94 ÍS 54	Skarkoli	4,677				
824	Fengsæll ÍS 83	Þorskur	1,787	9,000	504	9,000	504
		Ýsa	3,538				
		Ufsi	895				
1181	Finnbjörn ÍS 37	Þorskur	23,759			23,169	98
1192	Fjóla BA 150	Þorskur	65,556			20,000	31
		Ýsa	854				
		Skarkoli	6,525	6,000	92		
977	Flosi ÍS 15	Þorskur	166,288	172,759	104	274,645	165
		Ýsa	23,920	4,700	20	21,336	89
		Ufsi	2,243			9,000	401
		Karfi	1,044			1,009	97
		Grálúða	38,408	7,000	18	43,426	113
1327	Framnes ÍS 708	Þorskur	447,455	64,000	14	70,000	16
		Ýsa	167,438	28,000	17	180,000	108
		Ufsi	256,654	124,000	48	228,000	89
		Karfi	498,114	51,000	10	765,000	154
		Grálúða	369,786	70,800	19	200,000	54
		Skarkoli	9,565			5,000	52
7136	Frigg BA 4	Þorskur	11,347	12,000	106	14,782	130
		Ýsa	2,216			2,597	117
		Ufsi	2,747			3,006	109
		Karfi	62			714	1,152
		Skarkoli	65			146	225
6611	Gimburey BA 52	Þorskur	217				
		Karfi	47				
1344	Gissur hvíti ÍS 114	Þorskur	29,918			34,253	114
		Ufsi	882			1,074	122
		Skarkoli	2,249			2,699	120
1317	Grímsey ST 2	Þorskur	2,838	8,878	313	8,000	282
		Grálúða	4,466			4,000	90
		Skarkoli	69				
1302	Guðbjartur ÍS 16	Þorskur	881,700			139,503	16
		Ýsa	261,644			13,000	5
		Ufsi	314,267			63,000	20
		Karfi	505,423				
		Grálúða	247,417	191,284	77		
		Skarkoli	23,596			25,500	108
1579	Guðbjörg ÍS 46	Þorskur	1,481,130	212,500	14	260,700	18
		Ýsa	473,895	89		86,000	18
		Ufsi	367,680	115		249,000	68
		Karfi	806,171	1,119		51,000	6
		Grálúða	524,311	305,745	58	50,000	10
		Skarkoli	28,502	25,804	91		
1793	Guðjón Eiríksson BA 2	Þorskur	19,812				
		Karfi	279			1,574	564
		Skarkoli	4				
2155	Guðmundur Guðjónsson BA 205	Þorskur	27,278			4,338	16
		Ýsa	2,563				
		Karfi	4,177	900	22		
		Grálúða	893				
		Skarkoli	2,834	500	18		
1753	Guðmundur Péturs ÍS 45	Þorskur	44,785	3,350	7	42,114	94
		Ýsa	18,132			16,423	91
		Ufsi	33,154			32,266	97
		Karfi	25,728			22,322	87
483	Guðný ÍS 266	Þorskur	57,978	15,000	26		
		Ýsa	14,101				
		Ufsi	841				
		Skarkoli	2	18,500	925,000		
72	Guðrún Hlín BA 122	Þorskur	125,565	314,770	251	95,000	76
		Ýsa	20,304	14,000	69		
		Ufsi	109				
		Karfi	2,088				
		Grálúða	893	33,900	3,796		
		Skarkoli	262				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1788	Guðrún Jónsdóttir ÍS 400	Þorskur	13,949	1,300	9	16,803	120
		Ýsa	456			552	121
		Ufsi	530			655	124
		Karfi	105			270	257
		Skarkoli	3,383			4,080	121
7187	Gunna Beta ÍS 17	Þorskur	6,222			7,179	115
		Ýsa	1,081			1,510	140
		Ufsi	905			1,378	152
1361	Gunnar Sigurðsson ÍS 13	Þorskur	17,159	5,000	29	22,000	128
1686	Gunnbjörn ÍS 302	Þorskur	65,996	8,470	13	3,970	6
		Ýsa	17,940	32,739	182	33,291	186
		Ufsi	3,986	5,267	132	2,106	53
		Grálúða	893	439	49		
		Skarkoli	30,143	84,979	282	4,000	13
1232	Gunnhildur ST 29	Þorskur	11,439			20,000	175
		Skarkoli	7			567	8,100
1907	Gunnvör ÍS 53	Þorskur	25,843	14,488	56	25,000	97
		Ýsa	7,875	1,676	21		
		Ufsi	497				
		Karfi	405				
		Skarkoli	1,027	13,088	1,274	14,200	1,383
1396	Gunnvör ST 39	Þorskur	23,319	5,991	26	15,473	66
		Ýsa	7,688	1,700	22	10,720	139
		Ufsi	882	411	47		
		Skarkoli	29			509	1,755
2058	Gylfi BA 18	Þorskur	23,295	27,466	118	11,500	49
		Ýsa	8,292	4,100	49	4,083	49
		Ufsi	2,027			2,842	140
		Skarkoli	49			190	388
1640	Gyllir ÍS 261	Þorskur	315,564	183,944	58	176,738	56
		Ýsa	117,538			95,000	81
		Ufsi	206,381	44,300	21	67,560	33
		Karfi	26	1,264	4,862		
		Skarkoli	19,001			54,000	284
6248	Gæfan ÍS 403	Þorskur	4,291	1,711	40	3,800	89
		Ufsi	171			411	240
78	Haffari ÍS 430	Þorskur	153,111			50,000	33
		Ýsa	113,619			10,000	9
		Ufsi	77,613				
		Karfi	25,062				
		Grálúða	5,359	50,000	933		
		Skarkoli	31,822				
1862	Hafrún II ÍS 365	Þorskur	36,535	3,500	10	33,000	90
		Ýsa	1,591	17,974	1,130		
		Ufsi	779				
		Karfi	29			372	1,283
		Skarkoli	997	4,000	401		
1240	Hafrún ÍS 154	Þorskur	15,839			20,000	126
1470	Hafsúla ST 11	Þorskur	47,980	91,222	190	44,000	92
		Ýsa	854	10,720	1,255	10,720	1,255
		Ufsi	2,023				
1440	Halldór Sigurðsson ÍS 14	Þorskur	42,678	10,000	23	19,744	46
		Ýsa	1,709	32,000	1,872	600	35
		Skarkoli	752	3,249	432	3,525	469
872	Hallgrímur Ottósson BA 39	Þorskur	24,453	9,000	37	10,000	41
		Skarkoli	7,777	46,000	591		
1292	Haukur ÍS 195	Þorskur	34,318	20,000	58	49,100	143
		Ýsa	2,563	1,900	74		
		Ufsi	882				
		Skarkoli	2,504			2,400	96
1989	Hálfdán í Búð ÍS 19	Þorskur	337,742			54,500	16
		Ýsa	176,058			1,781	1
		Ufsi	133,899				
		Karfi	209,897	8,670	4	154,750	74
		Grálúða	226,874			161,834	71

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1989	Hálfdán í Búð ÍS 19	Skarkoli	140,361	28,148	20	23,081	16
1506	Heiðrún ÍS 4	Þorskur	516,960	16,858	3	120,000	23
		Ýsa	249,449			83,500	33
		Ufsi	195,798	9,000	5		
		Karfi	356,094				
		Grálúða	179,534	50,261	28	36,000	20
		Skarkoli	43,927	1,146	3		
565	Hilmir ST 1	Þorskur	24,961			15,105	61
		Ýsa	4,271			5,174	121
		Ufsi	882			3,834	435
		Grálúða	4,466			3,608	81
		Skarkoli	3,048			2,921	96
1634	Hólmadrangur ST 70	Þorskur	685,225	18,000	3	38,628	6
		Ýsa	145,939	19,367	13	6,500	4
		Ufsi	160,935	35,822	22		
		Karfi	272,553	50,311	18	26,555	10
		Grálúða	408,194	172,726	42	1,633	
		Skarkoli	1,375	8,617	627	5,500	400
368	Hrauney BA 407	Þorskur	48,397			48,397	100
		Ýsa	9,397			10,527	112
		Ufsi	2,646			3,222	122
		Karfi	4,177			4,228	101
		Grálúða	893			893	100
		Skarkoli	5,282	1,056	20	5,993	113
579	Hrefna ÍS 202	Þorskur	4,410			4,808	109
		Ufsi	231			449	194
1845	Húni ÍS 211	Þorskur	27,672			24,558	89
		Ýsa	18,080			17,711	98
		Ufsi	6,084				
		Skarkoli	34			1,102	3,241
1955	Höfrungur BA 60	Þorskur	36,078	21,135	59		
		Skarkoli	21,378	144,683	677	38,500	180
1524	Ingimar Magnússon ÍS 650	Þorskur	53,998	3,404	6	25,300	47
		Ýsa	19,648			6,400	33
		Skarkoli	971			1,000	103
498	Ísborg BA 477	Þorskur	23,610	30,000	127	21,500	91
		Ýsa	1,157			600	52
		Ufsi	1,764			2,975	169
7041	Janus ÍS 300	Þorskur	2,228			1,500	67
		Karfi	967			1,119	116
1390	Jón Guðmundsson ÍS 75	Þorskur	26,838	13,759	51	13,242	49
		Ýsa	5,126	2,493	49	1,475	29
		Skarkoli	1			186	18,600
610	Jón Júlí BA 157	Þorskur	86,002				
		Ýsa	3,417				
		Skarkoli	54,775				
7096	Jón Páll BA 133	Þorskur	18,297	16,000	87	17,080	93
		Ýsa	394				
		Ufsi	1,200				
630	Jón Trausti ÍS 78	Þorskur	7,040	29,133	414		
		Ýsa	1,709	13,996	819		
2142	Jónína ÍS 930	Þorskur	111,464	101,900	91	17,300	16
		Ýsa	53,819	62,000	115		
		Ufsi	25,040				
		Karfi	11,487				
		Skarkoli	211	82,500	39,100	63,050	29,882
1977	Júlíus Geirmundsson ÍS 270	Þorskur	891,109				
		Ýsa	191,698	30,000	16		
		Ufsi	265,612				
		Karfi	344,607	181,620	53		
		Grálúða	360,854	155,000	43		
		Skarkoli	23,814	5,135	22	28,148	118
1905	Jófur ÍS 172	Þorskur	72,596			72,000	99
1733	Jörundur Bjarnason BA 10	Þorskur	13,463			13,993	104

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1733	Jórundur Bjarnason BA 10	Skarkoli	2,208			2,208	100
925	Katrín BA 109	Þorskur	87,301	7,778	9	7,314	8
		Ýsa	17,119	3,504	20	16,318	95
		Ufsi	26,294	3,168	12	28,202	107
		Karfi	9,882			2,300	23
		Skarkoli	858	42,132	4,910	10,075	1,174
7067	Kló ST 67	Þorskur	10,782				
		Ýsa	515	8,000	1,553		
		Ufsi	831				
		Karfi	13				
		Skarkoli	7	74	1,057		
1679	Kofri ÍS 41	Þorskur	216,468			243,500	112
		Ýsa	86,282			86,000	100
		Ufsi	87,315				
		Karfi	63,700	70,000	110	1,023	2
		Grálúða	156,311			96,000	61
		Skarkoli	205				
923	Kolbrún ÍS 74	Þorskur	499,194	12,868	3	499,194	100
		Ýsa	169,058	6,023	4	169,058	100
		Ufsi	274,347	2,142	1	274,347	100
		Karfi	94,845	1,287	1	94,845	100
		Grálúða	55,814			55,814	100
		Skarkoli	931			931	100
7022	Kristín Finnbogadótt BA 95	Þorskur	51,624			15,000	29
		Ýsa	12,532			5,000	40
		Ufsi	264				
		Skarkoli	22			380	1,727
1303	Kristján ÍS 122	Þorskur	15,516	28,000	180	14,000	90
		Ýsa	11,253	5,000	44	2,000	18
		Ufsi	882				
		Karfi	2,089				
		Skarkoli	2,440	14,200	582	1,433	59
1213	Látravík BA 66	Þorskur	164,687	5,602	3	52,500	32
		Ýsa	63,495			32,500	51
		Ufsi	127,217	30,500	24	120,000	94
		Karfi	85,222	10,000	12	95,000	111
		Skarkoli	20,919	4,500	22	4,500	22
6560	Litlanes BA 126	Þorskur	4,338	4,000	92	7,600	175
6900	Logi ÍS 32	Þorskur	14,675			9,656	66
		Ýsa	8,545			8,923	104
		Ufsi	335			824	246
7172	Logi ÍS 79	Þorskur	7,980	5,700	71	10,000	125
		Ýsa	1,278				
		Ufsi	1,501				
1156	Lómur BA 257	Þorskur	153,717	17,000	11	4,500	3
		Ýsa	19,648	2,597	13		
		Ufsi	6,174	59,425	963		
		Karfi	10,443	714	7	2,929	28
		Grálúða	893			3,474	389
		Skarkoli	27,582	7,629	28		
1962	Maggi ÍS 197	Þorskur	21,454			23,425	109
		Karfi	372			1,783	479
151	María Júlía BA 36	Þorskur	208,105	4,338	2	10,341	5
		Ýsa	21,357				
		Karfi	1,044			10,765	1,031
		Skarkoli	61,663	185,842	301	12,000	19
992	Máni ÍS 54	Þorskur	88,238	17,981	20	76,725	87
		Ýsa	22,266	10,000	45	5,280	24
		Ufsi	7,679			5,395	70
		Skarkoli	4,869	63,390	1,302		
1190	Máni ÍS 59	Ýsa	1,744	28,495	1,634		
		Ufsi	6				
		Skarkoli	23	3,435	14,935		
2060	Máni II ÍS 541	Þorskur	22,860	15,850	69	9,588	42
		Ýsa	8,292	700	8	7,773	94
		Ufsi	2,027			1,880	93

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2018	Mímir ÍS 30	Ýsa	4,322	3,152	73		
		Ufsi	3,646				
		Skarkoli	84	58,691	69,870		
1811	Mýrafell ÍS 123	Þorskur	56,329	38,564	68	33,000	59
		Ýsa	2,594	39,000	1,503	330	13
		Ufsi	121	2,114	1,747	1,379	1,140
		Skarkoli	1,761	59	3		
1109	Neisti ÍS 218	Þorskur	19,799	519	3	10,000	51
		Skarkoli	2,849	725	25	1,146	40
6052	Nói ÍS 186	Þorskur	308				
1893	Nónborg BA 23	Þorskur	65,450	500	1	10,000	15
		Ýsa	1,991				
		Ufsi	12				
		Karfi	12				
		Skarkoli	45,374	45,615	101		
1591	Núpur BA 69	Þorskur	291,959	140,476	48	65,473	22
		Ýsa	89,228	90,423	101	9,300	10
		Ufsi	65,414	38,581	59	10,000	15
		Karfi	45,690	30,798	67	22,359	49
		Grálúða	16,078	5,822	36	8,780	55
		Skarkoli	115	457	397	32,288	28,077
1052	Orri ÍS 20	Þorskur	166,751			95,501	57
		Ýsa	51,257				
		Karfi	1,044			56	5
		Grálúða	185,786			18,030	10
		Skarkoli	1,985				
6341	Ólafur ST 52	Þorskur	14,507	9,200	63	21,230	146
		Ýsa	2	1,000	50,000	1,068	53,400
		Ufsi	76			794	1,045
		Karfi	47			996	2,119
1502	Páll Helgi ÍS 142	Þorskur	67,316	60,000	89	46,827	70
		Ýsa	20,503	14,000	68		
		Skarkoli	13,672	21,500	157		
1274	Páll Pálsson ÍS 102	Þorskur	1,128,820	115,080	10	100,224	9
		Ýsa	394,793	3,400	1	11,277	3
		Ufsi	519,021			400,285	77
		Karfi	403,086	103,930	26	16,600	4
		Grálúða	494,835	130,500	26	30,500	6
		Skarkoli	42,100	51,400	122	5,000	12
1491	Pétur Þór BA 44	Þorskur	34,318			33,000	96
		Skarkoli	6,603			405	6
1032	Pílot BA 6	Þorskur	27,893			27,893	100
		Ýsa	164			164	100
		Ufsi	184			184	100
		Skarkoli	946			1,135	120
6368	Rán ÍS 38	Þorskur	3,352			2,000	60
		Ufsi	1,343			1,798	134
612	Ritur ÍS 22	Þorskur	15,616			18,000	115
		Ufsi	1,274				
6554	Rostungur ÍS 555	Þorskur	712			454	64
		Ufsi	229				
5239	Rýta ÍS 118	Þorskur	4,558			5,600	123
		Ufsi	2,442			3,192	131
1228	Sigurgeir Sigurðsson ÍS 533	Þorskur	23,319	251,607	1,079	150,831	647
		Ýsa	11,020	20,526	186	2,240	20
		Ufsi	1,764	7,958	451	10,106	573
6273	Sigurvin ÍS 452	Þorskur	6,852				
		Ufsi	214				
		Karfi	142				
257	Sigurvon ÍS 500	Þorskur	180,765	143,808	80	141,227	78
		Ýsa	29,140	716	2	2,000	7
		Ufsi	262	1,196	456	6,048	2,308
		Grálúða	117,903	366		69,964	59
		Skarkoli	25,303	153	1	3,900	15

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
6442	Sigurörn ÍS 36	Þorskur	6,465			6,400	99
		Ufsi	138			474	343
6150	Sjöfn ÍS 219	Þorskur	672	2,100	313	1,362	203
1383	Skutull ÍS 180	Þorskur	538				
		Grálúða	182,214	20,000	11	167,252	92
770	Skúli Hjartarson BA 250	Þorskur	35,638	41,000	115	39,500	111
		Ýsa	854	5,761	675		
		Skarkoli	8,472	4,874	58		
1872	Skúmur ÍS 322	Þorskur	161,471			47,500	29
		Ýsa	29,045			4,500	15
		Ufsi	104,955				
		Karfi	149,330				
		Grálúða	176,854	35,000	20	175,000	99
		Skarkoli	6,943				
1628	Sléttanes ÍS 808	Þorskur	720,901	36,492	5	349,322	48
		Ýsa	330,605			127,152	38
		Ufsi	311,673	29,406	9	132,690	43
		Karfi	462,609	116,449	25	92,998	20
		Grálúða	347,456	20,432	6	154,465	44
		Skarkoli	11,991	99,607	831	284,866	2,376
1493	Smári BA 231	Þorskur	435	8,341	1,917	40,273	9,258
		Karfi	20			1,738	8,690
		Skarkoli	3			3,495	116,500
1644	Stakkur ÍS 42	Þorskur	21,999	5,000	23	5,900	27
		Ýsa	18,794			6,000	32
		Ufsi	9,702			12,300	127
		Skarkoli	2,885			3,500	121
2127	Stapi BA 65	Þorskur	69,516	1,380	2	36,263	52
		Ýsa	854	6,566	769	65,000	7,611
		Ufsi	882	627	71		
		Karfi	1,044	7,295	699		
		Grálúða	2,680	16,310	609	34,000	1,269
		Skarkoli	1,419	59,043	4,161	87,000	6,131
1451	Stefnir ÍS 28	Þorskur	299,843	401,223	134		
		Ýsa	102,513	210,304	205		
		Ufsi	206,381	331,533	161	55,000	27
		Karfi	460,520	570,754	124		
		Grálúða	389,895	295,686	76	360,000	92
		Skarkoli	14,347	16,500	115		
2008	Stefnir ST 47	Þorskur	27,453	25,495	93		
		Ýsa	2,326				
		Ufsi	3,287				
		Karfi	336			4,884	1,454
1787	Stundvís ÍS 883	Þorskur	20,531			12,974	63
		Ýsa	582	6,705	1,152		
		Ufsi	126	285	226		
		Skarkoli	4,966	10,000	201	5,135	103
1859	Sundhani ST 3	Þorskur	25,428			34,000	134
		Ýsa	1,846			4,973	269
		Ufsi	1,057			4,632	438
		Karfi	51			4,775	9,363
1827	Svali BA 287	Þorskur	21,605			17,000	79
		Ýsa	3,029				
		Ufsi	512				
		Karfi	87				
1763	Svandís ST 111	Karfi	119				
7038	Sverrir BA 26	Þorskur	36,132	2,000	6	18,000	50
		Ýsa	3,329			2,700	81
		Ufsi	1,527			3,400	223
1188	Sæbjörg BA 59	Þorskur	32,998			40,661	123
		Ýsa	3,417				
554	Sæbjörg ST 7	Þorskur	125,393	14,076	11	64,000	51
		Ýsa	13,668			1,000	7
		Ufsi	882			3,000	340

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

VESTFIRÐIR.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
554	Sæbjörg ST 7	Karfi	1,044			9,845	943
		Grálúða	3,573			4,360	122
		Skarkoli	1,497				
1118	Sæbjörn ÍS 121	Þorskur	19,799	14,000	71	20,000	101
825	Sædís ÍS 67	Þorskur	10,999	3,600	33		
		Skarkoli	2,427	10,000	412		
221	Sæfell ÍS 820	Þorskur	35,140	7,281	21	34,879	99
		Ýsa	8,886			10,384	117
		Ufsi	18,687			22,458	120
		Karfi	5,782			6,721	116
		Skarkoli	569				
127	Tjaldanes ÍS 522	Þorskur	22,133	326,696	1,476	5,000	23
		Ýsa	9,444	24,195	256		
		Ufsi	5,292	76,412	1,444		
		Skarkoli	21,793	29,929	137		
1944	Tjaldanes ÍS 552	Þorskur	43,668	10,517	24	12,130	28
		Ýsa	20,156	8,549	42	3,800	19
		Ufsi	4,601	2,529	55		
		Skarkoli	483	250	52		
1583	Tjaldur ÍS 6	Þorskur	11,051			12,812	116
		Ufsi	139				
1785	Uggi ÍS 404	Þorskur	11,183	1,600	14	7,000	63
		Ýsa	3,195			1,355	42
		Ufsi	1,198			1,661	139
		Karfi	50			662	1,324
6848	Valgerður ÍS 344	Þorskur	4,060			4,638	114
		Ýsa	1,535			1,964	128
		Ufsi	44			203	461
		Karfi	138			348	252
1403	Valur ÍS 420	Þorskur	34,318				
		Ýsa	5,126				
		Grálúða	893				
		Skarkoli	794				
780	Ver ÍS 120	Þorskur	21,999			24,638	112
1464	Vestri BA 64	Þorskur	75,747	52,948	70	23,320	31
		Ýsa	37,268			22,000	59
		Ufsi	389	23,688	6,089		
1854	Ýmir BA 32	Þorskur	20,478	28,182	138	57,034	279
		Ýsa	109	1,300	1,193		
		Ufsi	532	828	156	22,880	4,301
		Skarkoli	21,638	15,221	70		
1920	Þjóðólfur ÍS 86	Þorskur	23,734	13,100	55	12,000	51
		Ýsa	1,125	4,925	438		
		Ufsi	1,494	3,192	214		
		Karfi	105	291	277	350	333
		Skarkoli	605	36	6	393	65
6245	Þórólfur ÍS 578	Þorskur	14,347	1,759	12	17,404	121
		Ufsi	37			747	2,019
2057	Ævar BA 25	Þorskur	22,860	32,363	142	2,000	9
		Ýsa	8,292			4,591	55
		Ufsi	2,027			2,500	123
1186	Örn ÍS 18	Þorskur	24,199	14,086	58	33,000	136
		Ufsi	882				
		Skarkoli	13,504	3,081	23	13,000	96
411	Örvar ST 155	Þorskur	12,759			21,061	165
		Ýsa	27			54	200
		Ufsi	2,646				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND VESTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2173	Arnar HU 1	Þorskur	1,405,357	1,285,000	91	140,000	10
		Ýsa	798,484	31,387	4	28,062	4
		Ufsi	498,357	261,182	52	2,801	1
		Karfi	950,439	1,054,500	111	1,511,086	159
		Grálúða	624,788	534,973	86	21,765	3
		Skarkoli	65,787	7,665	12	67,467	103
528	Arnar HU 38	Þorskur	109				
656	Auðbjörg HU 6	Þorskur	18,039	6,748	37	28,000	155
		Ýsa	5,980	3,200	54		
		Skarkoli	56,117	19,714	35	21,000	37
1581	Berghildur SK 137	Þorskur	29,918	43,733	146	45,337	152
		Ýsa	3,417				
		Ufsi	882			13,106	1,486
		Skarkoli	19,764				
6844	Bylgja SK 54	Ufsi	218				
1348	Drangey SK 1	Þorskur	324,702			77,294	24
		Ýsa	175,127				
		Ufsi	238,132			36,435	15
		Karfi	1,088,122				
		Grálúða	330,485	1,959	1		
		Skarkoli	6,890				
284	Dröfn SI 167	Þorskur	54,117	106,122	196	40,651	75
		Ýsa	23,920			10,000	42
		Ufsi	8,820	9,600	109	14,000	159
		Skarkoli	518	9,000	1,737	1,400	270
1675	Emma II SI 164	Þorskur	30,470			37,382	123
		Ufsi	882			2,580	293
1087	Farsæll SI 93	Þorskur	17,605	1,336	8		
		Ýsa	58			727	1,253
		Ufsi	445			280	63
		Karfi	68			1,217	1,790
		Skarkoli	69			212	307
7049	Gammur SK 12	Þorskur	22,860	178	1	23,094	101
		Ýsa	8,292	91	1	8,985	108
		Ufsi	2,027			2,925	144
1888	Garri SI 138	Þorskur	14,570	14,883	102	6,500	45
		Ýsa	99			607	613
		Ufsi	2,625			2,708	103
		Karfi	99	1,654	1,671	2,671	2,698
		Skarkoli	170			40	24
964	Gissur hvíti HU 35	Þorskur	171,255	8,714	5	170,445	100
		Ýsa	122,574	13,700	11	133,763	109
		Ufsi	183,655	34,000	19	221,057	120
		Karfi	14,620	2,400	16	13,000	89
		Skarkoli	32				
1984	Glaður SK 170	Þorskur	10,380	19,136	184	1,456	14
		Ýsa	15,163	12,943	85	9,674	64
		Ufsi	2,420	11,898	492	2,974	123
		Karfi	174	657	378	224	129
		Skarkoli	6	82	1,367	22	367
6598	Grímur HU 9	Þorskur	380	2,805	738		
1921	Guðrún Jónsdóttir SI 155	Þorskur	22,427	48,503	216	13,189	59
		Ýsa	1,822	300	16		
		Ufsi	303				
1350	Hafborg SI 4	Þorskur	18,207	9,010	49	5,000	27
		Ýsa	758			1,500	198
		Ufsi	2,525			2,300	91
		Karfi	395	2,080	527	3,500	886
		Skarkoli	7			22	314
6087	Hafdís SK 147	Þorskur	8,391			3,000	36
6790	Hafey SK 194	Skarkoli	9				
530	Hafrún HU 12	Þorskur	69,516	63,000	91	12,344	18
		Ýsa	5,126			3,200	62
		Skarkoli	36,179	46,000	127	49,731	137

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND VESTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1453	Haförn HU 4	Þorskur	22,860	1,198	5	34,702	152
		Ýsa	8,292	5,300	64	18,567	224
		Ufsi	2,027			6,771	334
1492	Hegranes SK 2	Þorskur	556,128			128,239	23
		Ýsa	117,146			34,847	30
		Ufsi	178,830			25	
		Karfi	732,029			19,774	3
		Grálúða	159,883			30,000	19
		Skarkoli	10,023				
647	Helga Björg HU 7	Þorskur	4,840	1,095	23	4,500	93
		Skarkoli	22,064	10,000	45	6,492	29
6539	Hrönn II SI 144	Þorskur	9,880	16,188	164		
		Ufsi	284	616	217		
5889	Höfrungur SK 123	Þorskur	1,030	2,981	289	3,164	307
		Ýsa	1,460	646	44	2,259	155
		Ufsi	216	248	115	414	192
		Skarkoli	2	1,350	67,500	4	200
1179	Ingimundur gamli HU 65	Þorskur	109,114			138,000	126
		Ýsa	40,151			42,000	105
		Ufsi	80,259			96,000	120
		Karfi	36,549			53,158	145
		Skarkoli	40,096			48,021	120
6209	Jón Kristinn SI 52	Þorskur	12,758	16,391	128	6,749	53
		Ufsi	1,569	2,571	164	4,500	287
		Karfi	321	1,603	499	2,700	841
1997	Jökull SK 33	Þorskur	19,799	897	5		
		Ýsa	2,563				
		Karfi	3,133	7,522	240	26,890	858
		Skarkoli	11,410	4,201	37		
1734	Leiftur SK 136	Þorskur	4,750	9,563	201	8,000	168
		Ufsi	728				
		Karfi	18				
6914	Malli SK 19	Þorskur	7,980			6,500	81
		Ýsa	1,278			1,808	141
		Ufsi	1,501				
6830	Már SK 90	Þorskur	281	1,060	377		
		Ýsa	13				
		Ufsi	592				
1177	Mávur SI 76	Þorskur	36,078	56,803	157	10,380	29
		Ýsa	1,709				
		Ufsi	4,410	4,246	96	214	5
		Karfi	2,089	3,655	175	8,042	385
		Skarkoli	48			344	717
1834	Neisti HU 5	Þorskur	18,302			27,463	150
		Ýsa	2,439			6,000	246
		Ufsi	1,652			6,000	363
		Karfi	9			5,370	59,667
		Skarkoli	9,358			11,000	118
1768	Nökkvi HU 15	Þorskur	18,039			22,500	125
		Grálúða	143,806	18,000	13	147,288	102
6609	Oddur SK 100	Þorskur	178			178	100
		Ýsa	91			91	100
		Skarkoli	16,051			14,092	88
711	Ólafur Magnússon HU 54	Þorskur	77,436	10,000	13	46,748	60
		Ýsa	4,271				
		Ufsi	882	2,801	318	1,200	136
		Skarkoli	5,012	20,656	412	52,000	1,038
7106	Óli SK 115	Þorskur	4,816	2,000	42	5,500	114
1511	Sandvík SK 188	Þorskur	43,029	14,500	34	45,000	105
		Ýsa	6,416			16,205	253
		Ufsi	11,466			24,500	214
		Skarkoli	6,412	3,000	47	10,729	167

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND VESTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1407	Siglfirðingur SI 150	Þorskur	852,838	209,000	25	412,000	48
		Ýsa	238,719			125,000	52
		Ufsi	237,464	816			
		Karfi	200,622	44,078	22	206,000	103
		Grálúða	210,796	132,722	63	115,500	55
		Skarkoli	11,738	134	1	4,600	39
1349	Sigluvík SI 2	Þorskur	534,130	105,000	20	30,000	6
		Ýsa	83,719				
		Ufsi	224,021				
		Karfi	334,164			2,391	1
		Grálúða	214,369	5,000	2		
		Skarkoli	5,311				
1337	Skafti SK 3	Þorskur	516,531			400,000	77
		Ýsa	167,438				
		Ufsi	126,122				
		Karfi	466,786	10,000	2		
		Grálúða	247,417	93,763	38	200,000	81
		Skarkoli	6,328				
1265	Skagfirðingur SK 4	Þorskur	720,506	153,878	21	922,849	128
		Ýsa	219,338	38,492	18	30,240	14
		Ufsi	539,425	40,225	7	329,776	61
		Karfi	1,382,604	37,332	3	514,782	37
		Grálúða	221,515	271,518	123	62,905	28
		Skarkoli	22,290	12,811	57	57,000	256
1326	Stálvík SI 1	Þorskur	520,930	115,819	22	2,583,320	496
		Ýsa	292,591	93,847	32	513,928	176
		Ufsi	285,759	124,000	43	700,467	245
		Karfi	385,333	287,371	75	295,191	77
		Grálúða	222,408	131,995	59	207,567	93
		Skarkoli	8,434	5,844	69	21,946	260
6755	Steinar SI 21	Þorskur	109				
6957	Straumur SK 85	Þorskur	8,109	6,300	78	12,500	154
		Ufsi	419	5,117	1,221		
2061	Sunna SI 67	Þorskur	429,856	53,700	12	3,522	1
		Ýsa	38,014				
		Ufsi	288,405			11	
		Karfi	655,622	28,386	4	152	
		Skarkoli	3,238				
5270	Sævaldur SK 120	Þorskur	1,652			2,053	124
		Skarkoli	1,117			1,350	121
1544	Viggó SI 32	Þorskur	14,656	15,569	106	27,000	184
		Ýsa	169				
		Ufsi	148	214	145		
		Karfi	16				
1866	Víkurberg SK 72	Þorskur	33,897	35,541	105	20,000	59
		Ufsi	29				
		Karfi	3,079			5,400	175
1320	Þórir SK 16	Þorskur	14,959	20,000	134	33,000	221
		Ufsi	882			12,800	1,451
		Karfi	1,044	2,336	224	19,185	1,838
1598	Örvar HU 21	Þorskur	954,684	137,000	14	11,095	1
		Ýsa	437,074			31,387	7
		Ufsi	461,819			361,182	78
		Karfi	343,160	21,076	6	200,000	58
		Grálúða	495,028	345,580	70	600,000	121
		Skarkoli	51,112	36,520	71	83,679	164

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1369	Akureyrin EA 110	Þorskur	856,677			375,000	44
		Ýsa	278,883			79,000	28
		Ufsi	109,649				
		Karfi	409,092	79,000	19		
		Grálúða	908,388	32,500	4		
		Skarkoli	4,431				
6768	Alda ÞH 230	Þorskur	16,558	11,966	72	2,500	15
		Ýsa	6,403	540	8		
		Ufsi	29	22	76		
		Karfi	45	17	38		
		Skarkoli	6	2	33		
6829	Anna ÞH 131	Þorskur	10,058	10,239	102	9,300	92
		Ýsa	613				
		Ufsi	702				
		Karfi	45			634	1,409
714	Arnar ÓF 3	Þorskur	54,557	59,029	108		
		Ýsa	3,417			3,800	111
		Ufsi	2,646			1,350	51
		Karfi	1,044			3,500	335
		Skarkoli	45,117	4,538	10	10,800	24
968	Arnþór EA 16	Þorskur	219,548	20,000	9	40,000	18
		Ýsa	23,920			5,000	21
		Ufsi	161,401			12,000	7
		Karfi	7,310	11,600	159		
586	Aron ÞH 105	Þorskur	104,318	1,500	1	90,937	87
		Ýsa	6,158	15,000	244		
		Ufsi	2,094				
		Karfi	2,797	708	25		
		Grálúða	2,395			2,500	104
		Skarkoli	32,096	5,000	16	6,000	19
2154	Árbakur EA 308	Þorskur	356,600	357,478	100	114,769	32
		Ýsa	316,937	618,000	195	7,119	2
		Ufsi	567,108	327		40,949	7
		Karfi	795,729	264,160	33	20,839	3
		Grálúða	133,087	27,630	21	38,476	29
		Skarkoli	5,555	54	1		
5493	Árni ÞH 127	Þorskur	8,598	7,757	90	2,100	24
		Ýsa	7,373	224	3		
		Ufsi	5,328	3,547	67		
		Karfi	85	183	215		
		Skarkoli	4	550	13,750		
7036	Árný ÞH 64	Þorskur	348	348	100	257	74
2123	Ásgeir Frímanns ÓF 21	Þorskur	60,276	109,752	182	60,000	100
		Ýsa	6,834	30,069	440		
		Ufsi	50,275	11,650	23	55,000	109
		Karfi	1,044	7,912	758		
6592	Ásgeir ÞH 198	Þorskur	7,612	4,539	60	4,825	63
		Ýsa	5,419	846	16		
		Ufsi	132	1	1		
		Karfi	32	19	59		
2165	Baldvin Þorsteinsson EA 10	Þorskur	961,089	399,750	42	132,000	14
		Ýsa	241,377	252,956	105		
		Ufsi	324,779	419,169	129		
		Karfi	331,031	821,687	248		
		Grálúða	86,641	233,052	269	65,000	75
		Skarkoli	5,149	4,749	92		
1300	Bára ÞH 7	Þorskur	5,742	4,278	75	1,500	26
		Ýsa	3,463	123	4		
		Ufsi	3,568			3,672	103
		Karfi	196	17	9	425	217
1419	Bjargey EA 79	Þorskur	47,957			101,973	213
		Ufsi	77,613			22,249	29
2024	Bjargey II EA 87	Þorskur	35,247	13,733	39		
		Ýsa	8,325	8,078	97		
		Ufsi	3,394				
5525	Bjarki ÞH 271	Þorskur	2,445	859	35		
		Ýsa	6,501	365	6		
		Ufsi	109				
		Karfi	66				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
973	Björg Jónsdóttir II ÞH 320	Þorskur	745	10,000	1,342		
		Grálúða	19,931			11,000	55
1030	Björg Jónsdóttir ÞH 321	Þorskur	3,215			2,100	65
		Grálúða	73,856			50,900	69
1476	Björgúlfur EA 312	Þorskur	814,724	59,000	7	884,830	109
		Ýsa	157,334	111,000	71	150,108	95
		Ufsi	195,029	82,000	42	346,063	177
		Karfi	382,868	320,126	84	474,418	124
		Grálúða	423,450	72,729	17	100,236	24
		Skarkoli	54,612	13,500	25	72,916	134
1937	Björgvin EA 311	Þorskur	757,985	125,000	16	110,992	15
		Ýsa	265,708			50,000	19
		Ufsi	204,546				
		Karfi	468,404				
		Grálúða	303,761	317,124	104		
		Skarkoli	33,598			36,297	108
1210	Björn EA 21	Þorskur	46,773	75,318	161	12,856	27
		Ýsa	714	2,834	397		
		Ufsi	13,998	22,238	159		
1942	Blíki EA 12	Þorskur	239,627			42,868	18
		Ýsa	28,296	222,400	786		
		Ufsi	26,267	94,069	358	67,000	255
		Karfi	11,487	158,675	1,381	111,917	974
		Skarkoli	15,249	2,548	17	13,000	85
5713	Blíðfari ÓF 70	Þorskur	16,106	13,954	87	4,500	28
		Ýsa	316				
		Ufsi	3,759	435	12		
		Karfi	778			1,840	237
6019	Brandur ÞH 21	Þorskur	4,581	827	18	2,500	55
		Ýsa	190	3,062	1,612		
		Ufsi	543	1			
		Karfi	61	16	26		
1776	Brimrún ÞH 231	Þorskur	19,006			20,736	109
		Ýsa	761				
		Ufsi	1,223			1,750	143
5530	Brynja ÞH 295	Ýsa	72				
5447	Búi EA 100	Þorskur	12,234			8,000	65
		Ýsa	4,272				
		Ufsi	2,108				
7056	Bylgja ÞH 36	Ýsa	193				
		Karfi	16				
1037	Dagfari ÞH 70	Þorskur	21,999	11,000	50	22,000	100
		Grálúða	47,340			20,000	42
		Skarkoli	17,988			8,000	44
1142	Draupnir ÞH 180	Þorskur	31,005	3,000	10		
		Ýsa	3,417	2,500	73		
		Ufsi	24,695	11,700	47		
		Skarkoli	10,892			600	6
6603	Einar EA 209	Þorskur	35	1,000	2,857		
		Ýsa	90				
7145	Einar í Nesi EA 49	Ufsi	2,086				
		Karfi	602				
6923	Elva Dröfn EA 103	Þorskur	14,870	13,237	89	6,000	40
		Ýsa	796	5,000	628		
1449	Ex Baldur seldur úr landi 19/11 93 EA 71	Þorskur	87,247				
		Ýsa	143,683				
		Ufsi	152,001				
		Karfi	237,447			59,000	25
		Grálúða	32,012				
		Skarkoli	165,162				
2168	Ex Lísa María seld úr landi 22/12 93 ÓF	Þorskur	14,519				
		Ýsa	7,688				
		Ufsi	882				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip		Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2168	Ex Lísa María seld úr landi 22/12 93 ÓF		Grálúða	3,573				
6610	Eyfjörð ÞH 203		Þorskur	12,966			1,700	13
			Ýsa	1,826				
			Skarkoli	132				
5418	Eyrún EA 122		Þorskur	7,051	3,451	49	7,000	99
			Ýsa	796	1,000	126		
1094	Eyrún EA 155		Þorskur	126,273	25,700	20	127,400	101
			Ýsa	36,734	7,800	21	15,600	42
			Ufsi	58,210				
			Karfi	4,177				
			Grálúða	1,786	762	43		
			Skarkoli	689				
1540	Eyrún ÞH 268		Þorskur	3,732	7,157	192	1,061	28
1267	Faldur ÞH 153		Þorskur	49,717	54,000	109	14,317	29
			Ýsa	5,980				
			Ufsi	42,335				
			Skarkoli	66,410	11,600	17	8,000	12
1445	Fanney ÞH 130		Þorskur	61,803	105,569	171	104,625	169
			Ýsa	18,185			7,000	38
			Ufsi	8,272			2,867	35
			Karfi	877			4,000	456
			Skarkoli	7,545	35,000	464		
2125	Fengur	ex 7117 Þ	Þorskur	30,626	1,300	4		
			Ýsa	6,193			5,160	83
			Ufsi	6,738			8,530	127
			Karfi	1,370			3,300	241
			Skarkoli	325				
5079	Fleygur ÞH 301		Þorskur	11,854			14,384	121
			Ýsa	6,567			8,173	124
			Ufsi	880			1,284	146
			Karfi	64			606	947
			Skarkoli	6			73	1,217
1999	Fram ÞH 62		Þorskur	11,849	3,797	32	13,569	115
			Ýsa	2,789	7,021	252	3,000	108
			Ufsi	2,452	8		3,000	122
6196	Freyðir ÞH 88		Þorskur	279				
1886	Freygerður ÓF 18		Þorskur	14,159	15,000	106	1,095	8
			Ýsa	1,819			2,639	145
			Ufsi	565	5,000	885	1,917	339
5313	Freymundur ÓF 6		Þorskur	7,951	10,000	126	2,400	30
			Ýsa	10				
			Ufsi	233				
6186	Frosti EA 86		Þorskur	4,858	9,065	187		
			Ýsa	280	2,709	968		
1630	Frosti ÞH 229		Þorskur	414,275	701,154	169	20,000	5
			Ýsa	290,219			80,000	28
			Ufsi	182,568	38,729	21	50,000	27
			Karfi	67,488	41,499	61		
			Grálúða	50,913	14,550	29	30,000	59
			Skarkoli	10,899	26,431	243	30,000	275
5071	Fróði ÞH 116		Þorskur	5,927	4,000	67		
			Ýsa	950				
			Ufsi	5,134				
1218	Fönix ÞH 148		Þorskur	27,278	396	1	20,000	73
			Ýsa	2,563			3,000	117
			Ufsi	11,466				
			Skarkoli	35	303	866		
582	Geir ÞH 150		Þorskur	146,966	379,520	258	187,362	127
			Ýsa	46,437	52,052	112	57,767	124
			Ufsi	13,230	136,479	1,032	18,779	142
			Skarkoli	11,907	111,556	937	64,727	544
1825	Geiri Péturs ÞH 344		Þorskur	243,746			270,000	111
			Ýsa	18,794				
			Ufsi	14,112				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1825	Geiri Péturs ÞH 344	Karfi	5,221				
		Skarkoli	11,139			7,800	70
5558	Glæsir ÞH 266	Þorskur	5,230			4,110	79
		Ýsa	12				
		Ufsi	5,252				
5432	Gosi ÞH 9	Þorskur	6,077	1,266	21		
		Ýsa	121	5,050	4,174		
		Ufsi	193	3,018	1,564		
		Karfi	49	2	4	448	914
1020	Guðmundur Ólafur ÓF 91	Þorskur	106,319	7,995	8	138,859	131
		Ýsa	9,081			10,894	120
		Ufsi	9,585	1,917	20	11,671	122
472	Guðrún Björg ÞH 59	Þorskur	89,913	11,112	12	86,393	96
		Ýsa	66,509	731	1	58,109	87
		Ufsi	17,705	10,000	56	13,830	78
		Karfi	31,774			36,295	114
		Grálúða	836			836	100
		Skarkoli	20,900	8,978	43		
462	Guðrún Björg ÞH 60	Þorskur	173,882	5,153	3	202,711	117
		Ýsa	40,151	7,897	20	52,052	130
		Ufsi	121,051	91,574	76	56,479	47
		Karfi	2,089	6,050	290	13,221	633
		Skarkoli	113,166	6,729	6	113,956	101
5388	Guðrún EA 144	Þorskur	24,998	10,650	43	40,000	160
		Ufsi	9,739				
1452	Guðrún Jónsdóttir ÓF 27	Þorskur	92,395			3,745	4
		Ýsa	1,281	30,000	2,342		
		Ufsi	24,695			21,500	87
		Grálúða	1,786			2,540	142
		Skarkoli	5,773	118,758	2,057	700	12
1938	Gunnar Nielsson EA 555	Þorskur	12,996	2,000	15		
		Ýsa	13,894			10,000	72
		Ufsi	191				
		Karfi	576			990	172
1057	Gunnar ÞH 34	Þorskur	2,182			2,097	96
		Ýsa	10			49	490
		Ufsi	121			214	177
1025	Gunnþór ÞH 75	Þorskur	9,963	10,050	101	2,371	24
		Ýsa	1,607			1,822	113
		Ufsi	12,068			13,834	115
		Karfi	72			627	871
		Skarkoli	1				
6030	Gustur EA 99	Þorskur	9,147	7,965	87		
		Ýsa	2,312				
		Ufsi	624				
5399	Hafbjörg EA 174	Þorskur	10,127	5,780	57	5,500	54
6058	Hafbjörg ÞH 377	Þorskur	12,040			14,000	116
		Ýsa	2,059				
		Ufsi	9,637				
1762	Hafborg EA 152	Þorskur	23,918	13,900	58	25,059	105
		Ufsi	6,089			6,281	103
		Karfi	296	2,250	760	4,164	1,407
5362	Hafdís EA 97	Þorskur	18,588	24,518	132	3,000	16
		Ufsi	6,622	13,004	196		
1380	Hafey ÓF 5	Þorskur	219				
		Ýsa	398				
		Ufsi	389				
6294	Hafrún EA 84	Þorskur	12,266	2,285	19	14,613	119
		Ýsa	4,299			5,530	129
		Ufsi	2,084	5,000	240	3,022	145
1379	Haförn EA 955	Þorskur	43,558			29,700	68
		Ýsa	12,814			7,800	61
		Ufsi	2,646				
		Karfi	1,044				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1379	Haförn EA 955	Skarkoli	5,300				
1322	Haförn ÞH 26	Þorskur	3,325	32,392	974	4,200	126
		Ýsa	53	4,089	7,715		
		Ufsi	5,516	6,618	120		
		Karfi	461	178	39	526	114
6648	Hallur EA 260	Þorskur	10,640	13,689	129		
		Ufsi	1,168	2,600	223	4,000	342
		Karfi	157	1,063	677	1,937	1,234
1412	Harðbakur EA 303	Þorskur	499,372	369,073	74	122,537	25
		Ýsa	251,158	378,317	151		
		Ufsi	357,198	279,440	78	25,319	7
		Karfi	1,066,193	294,029	28	1,188	
		Grálúða	398,369	125,154	31	3,082	1
		Skarkoli	13,429	40,000	298	48,000	357
1312	Haukur EA 208	Þorskur	1,760	104,607	5,944	23,600	1,341
		Ýsa	854	13,162	1,541		
6964	Helgi ÞH 124	Þorskur	168				
6212	Hermann Jónsson EA 888	Þorskur	80				
1514	Hjalteyrin EA 310	Þorskur	700,107	8,500	1	200,000	29
		Ýsa	139,247			104,000	75
		Ufsi	135,404			30,000	22
		Karfi	1,135,493			121,000	11
		Grálúða	257,243			124,700	48
		Skarkoli	95,931	22,563	24	1,600	2
5975	Hólmi ÞH 323	Þorskur	2,205	3,700	168	4,000	181
		Ufsi	7				
		Skarkoli	3				
7004	Hrefna EA 988	Þorskur	172			152	88
1473	Hrímbakur EA 306	Þorskur	798,092	60,000	8	403,688	51
		Ýsa	255,015	7,500	3	80,599	32
		Ufsi	237,250	90,700	38	95,582	40
		Karfi	591,053	20,000	3	20,591	3
		Grálúða	232,233				
		Skarkoli	33,819			60,362	178
306	Hrönn EA 258	Þorskur	49,277	36,300	74	7,170	15
		Ýsa	1,709	30,000	1,755	8,085	473
		Ufsi	882			1,138	129
		Skarkoli	73,991			59,586	81
6559	Hulda ÞH 140	Þorskur	4				
		Karfi	66				
6711	Ísborg EA 153	Þorskur	11,660				
		Ufsi	1,395	10,000	717		
		Karfi	120				
5865	Ívar EA 179	Þorskur	7,674	12,603	164	5,593	73
		Ýsa	45	1,300	2,889	740	1,644
5507	Jensen ÞH 6	Þorskur	9,045	5,560	61	763	8
		Ýsa	534				
		Ufsi	6,914				
1808	Jóhanna EA 31	Þorskur	15,785	23,999	152	21,700	137
		Ýsa	1,200	1,200	100		
		Ufsi	1,196				
		Karfi	32			1,000	3,125
6227	Jóhanna ÞH 280	Þorskur	544	739	136		
5382	Jón Geir EA 132	Þorskur	3,600			2,000	56
6906	Jón Sör ÞH 42	Þorskur	1,306			606	46
		Karfi	214			351	164
5836	Júlíus EA 689	Þorskur	7,978	466	6		
		Ýsa	4	504	12,600	808	20,200
		Ufsi	242	700	289		
		Karfi	326			901	276

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1462	Júlíus Havsteen ÞH 1	Þorskur	353,990	12,592	4	348,317	98
		Ýsa	152,369	9,000	6	77,650	51
		Ufsi	169,315			91,705	54
		Karfi	61,612			43,500	71
		Grálúða	56,272			30,501	54
130	Júpiter ÞH 61	Þorskur	39,598	4,860	12	54,600	138
		Skarkoli	11,891	9,512	80	23,700	199
1395	Kaldbakur EA 301	Þorskur	605,846	50,000	8		
		Ýsa	230,655	37,000	16		
		Ufsi	186,096				
		Karfi	924,768				
		Grálúða	906,602			250,000	28
		Skarkoli	42,311			40,000	95
1576	Kolbeinsey ÞH 10	Þorskur	703,717	323,675	46	269,261	38
		Ýsa	209,578	28,173	13	133,165	64
		Ufsi	350,842	8,956	3	28,017	8
		Karfi	174,392	60,935	35	4,841	3
		Grálúða	361,748	49,062	14	3,100	1
		Skarkoli	36,535	41,946	115	68,726	188
406	Kópur EA 325	Þorskur	8,498				
		Ýsa	560				
		Ufsi	963			765	79
		Karfi	214			660	308
1009	Kristbjörg ÞH 44	Þorskur	75,594	91		48,912	65
		Ýsa	32,463				
		Ufsi	3,528				
		Karfi	5,221	242	5		
		Grálúða	893	5,000	560		
		Skarkoli	4,237	35,200	831		
1420	Kristey ÞH 25	Þorskur	1,172				
		Skarkoli	18,926	4,500	24	18,000	95
7143	Kristinn ÞH 163	Þorskur	40,997	20,711	51	71,100	173
		Ýsa	30,300	106,269	351	136,126	449
		Ufsi	2,199	20,993	955	23,433	1,066
1790	Kristján EA 178	Þorskur	34,099	50,229	147		
		Ýsa	1,989	10,000	503	5,000	251
		Ufsi	2,727			2,500	92
		Karfi	1,683			2,650	157
6991	Kvika ÞH 345	Þorskur	26,009	35,766	138	52,500	202
		Ýsa	1,498	28,416	1,897	20,000	1,335
		Ufsi	2,845	47	2	4,000	141
		Karfi	509	9	2	1,642	323
1515	Litlanes ÞH 52	Þorskur	14,160	13,317	94	10,702	76
		Ýsa	11				
		Karfi	17				
		Skarkoli	56				
6664	Lotta ÞH 303	Þorskur	348			325	93
6961	Lundey ÞH 350	Þorskur	11,454	763	7		
		Ýsa	5,444				
		Ufsi	2,596				
		Karfi	55				
1922	Magnús EA 25	Þorskur	32,065	104,676	326	10,000	31
		Ýsa	7,147	1,508	21		
		Ufsi	1,388	17,932	1,292		
		Skarkoli	2,201	131,569	5,978		
6425	Mardís ÞH 151	Þorskur	20,767			25,000	120
		Ýsa	1,591				
		Ufsi	1,948				
		Karfi	321			1,500	467
5440	Mardís ÞH 278	Þorskur	43				
1484	Margrét EA 710	Þorskur	548,649	150,000	27	49,300	9
		Ýsa	248,595	30,000	12	3,000	1
		Ufsi	367,782	140,000	38	2,500	1
		Karfi	1,319,949	61,500	5	216,300	16
		Grálúða	159,883			3,460	2
		Skarkoli	580			10	2

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1687	María ÞH 41	Þorskur	2,307			967	42
		Skarkoli	3			23	767
7286	Marvin ÓF 28	Þorskur	7,980			8,324	104
		Ýsa	1,278			1,553	122
		Ufsi	1,501			2,185	146
1270	Mánaberg ÓF 42	Þorskur	471,375	89,470	19	12,848	3
		Ýsa	286,994	202,297	70	100,000	35
		Ufsi	384,701	51,685	13	130,000	34
		Karfi	1,342,484	4,783		149,800	11
		Grálúða	274,214	221,161	81	85,067	31
		Skarkoli	17,467	10,052	58	50,440	289
1281	Múlaberg ÓF 32	Þorskur	564,485	175,000	31	130,274	23
		Ýsa	172,135	20,000	12	33,324	19
		Ufsi	232,839			39,311	17
		Karfi	436,502	4,271	1	8,519	2
		Grálúða	210,796	3,145	1	2,569	1
		Skarkoli	13,073			10,000	76
1417	Naustavík EA 151	Þorskur	184,869	15,000	8	85,871	46
		Ýsa	7,927			12,685	160
		Ufsi	4,825			10,319	214
		Karfi	770	381	49	11,548	1,500
		Skarkoli	208			804	387
1357	Níels Jónsson EA 106	Þorskur	77,765			2,000	3
		Ýsa	1,709			2,900	170
		Ufsi	9,574			7,600	79
		Karfi	3,133			5,000	160
93	Nói EA 477	Þorskur	155,311	300			
		Ýsa	282,766	60,000	21		
		Ufsi	244,306	50,500	21		
		Karfi	59,523	12,300	21		
		Skarkoli	18,957				
5691	Núpur ÞH 201	Þorskur	13,560			11,300	83
		Ýsa	11,518			1,500	13
		Ufsi	8,822	1,764	20		
		Karfi	80			540	675
		Skarkoli	8			25	313
1757	Oddeyrin EA 210	Þorskur	197,078	78,000	40	8,500	4
		Ýsa	68,342	30,000	44	30,000	44
		Ufsi	57,328	288,000	502	140,000	244
		Karfi	24,018			140,500	585
		Skarkoli	2,563			2,563	100
7257	Ólöf ÞH 300	Þorskur	25,096	18,000	72	6,230	25
		Ýsa	8,292			4,000	48
		Ufsi	2,027			2,000	99
5485	Ottó ÞH 109	Þorskur	710	952	134		
		Ýsa	232				
		Ufsi	360				
1103	Otur EA 162	Þorskur	95,035	3,000	3	93,000	98
		Ýsa	1,709	18,000	1,053	5,000	293
		Ufsi	45,863	86,703	189		
		Karfi	6,266	2,853	46	7,100	113
		Grálúða	1,786	538	30		
		Skarkoli	254	79	31		
1280	Rauðinúpur ÞH 160	Þorskur	707,622	282,490	40	154,990	22
		Ýsa	153,770	101,162	66	116,831	76
		Ufsi	215,201	2,404	1	23,148	11
		Karfi	159,772	8,773	5	231,326	145
		Grálúða	200,078	1,943	1	66,033	33
		Skarkoli	1,902	500	26	12,789	672
6895	Rúna ÓF 23	Þorskur	5,764	5,937	103	7,918	137
		Ufsi	2,309				
1071	Rögnvaldur Jónsson ÞH 107	Þorskur	10,874	2,500	23		
		Ýsa	492				
		Ufsi	26,657	5,271	20	26,000	98
5390	Siggi EA 150	Þorskur	19,908	12,658	64	33,319	167
		Ufsi	4,656	5,398	116	7,615	164
		Skarkoli	1	223	22,300	375	37,500

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
5789	Sigrún ÞH 39	Þorskur	15,656			21,264	136
		Ýsa	114				
		Ufsi	1,513			1,980	131
		Karfi	121				
1463	Sigurberg EA 322	Þorskur	28,158			7,000	25
		Ýsa	6,834	1,000	15		
		Skarkoli	482				
1530	Sigurbjörg ÓF 1	Þorskur	799,725	419,082	52	285,659	36
		Ýsa	212,860			28,000	13
		Ufsi	188,550	158,000	84	75,000	40
		Karfi	388,988	129,756	33		
		Grálúða	477,406	97,854	20	53,000	11
		Skarkoli	6,772	208	3	8,238	122
396	Sigurður Pálsson ÓF 66	Þorskur	13,035	8,000	61	7,000	54
		Ufsi	1,905				
		Karfi	268				
1916	Sigurfari ÓF 30	Þorskur	225,267			78,593	35
		Ýsa	74,322			17,676	24
		Ufsi	182,568	12,000	7	153,500	84
		Karfi	7,310			7,477	102
		Skarkoli	24,043	4,800	20	26,458	110
6712	Sigurpáll ÞH 68	Þorskur	10,408	2,092	20		
		Ýsa	5,119	1,918	37		
		Ufsi	721	7	1		
		Karfi	129	33	26		
5612	Sigurpáll ÞH 95	Þorskur	4,736			5,800	122
		Ýsa	89				
		Ufsi	9,559				
		Karfi	48			328	683
5458	Sigurvon ÞH 67	Þorskur	8,384	26,200	313	2,545	30
		Ýsa	1,346	309	23		
		Ufsi	3,947	5,259	133		
		Karfi	22			484	2,200
185	Sigþór ÞH 100	Þorskur	180,390	43,937	24		
		Ýsa	9,397	20,000	213		
		Ufsi	1,764	12,000	680		
		Karfi	2,089				
		Grálúða	72,350			20,000	28
		Skarkoli	260				
6421	Sindri ÞH 72	Þorskur	3,846	1,700	44	6,000	156
1013	Sjöfn ÞH 142	Þorskur	370,666			170,531	46
		Ýsa	108,766			102,175	94
		Ufsi	71,440			31,902	45
		Karfi	10,656	15,117	142	28,139	264
		Grálúða	2,680			1,250	47
		Skarkoli	2,220			1,000	45
8004	Skeiðin EA 0	Þorskur	2,906			3,937	135
		Ufsi	3,084			3,892	126
6726	Skíði EA 666	Þorskur	16,921	5,488	32	17,388	103
		Ýsa	796	1,037	130		
1351	Sléttbakur EA 304	Þorskur	605,846	231,397	38	313,293	52
		Ýsa	389,550	128,550	33		
		Ufsi	421,582	8,912	2	119,386	28
		Karfi	1,564,776	7,148		16,919	1
		Grálúða	556,466	109,116	20	3,645	1
		Skarkoli	7,636	15,539	203	1,360	18
6931	Smári ÓF 20	Þorskur	8,556	5,000	58	12,954	151
		Ýsa	56			300	536
		Ufsi	1,229			435	35
965	Snarfari ÓF 25	Þorskur	132,872	60,000	45	130,000	98
		Ýsa	64,925			64,400	99
		Ufsi	1,764			1,700	96
		Karfi	18,797	200,000	1,064	18,700	99
		Skarkoli	4,769			4,700	99
1898	Snorri ÓF 22	Þorskur	434				
		Karfi	975				
		Skarkoli	36				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1436	Snæbjörg ÓF 4	Þorskur	55,877	74,949	134		
		Ýsa	7,688				
		Ufsi	340	5,000	1,471		
		Karfi	2,089				
		Grálúða	1,786	2,569	144		
		Skarkoli	76,731	25,500	33	32,600	42
1276	Sólbakur EA 307	Þorskur	659,083	17,611	3	140,000	21
		Ýsa	133,552				
		Ufsi	187,860				
		Karfi	784,837				
		Grálúða	229,553	1,250	1	732	
		Skarkoli	3,016				
1397	Sólberg ÓF 12	Þorskur	677,562	54,000	8	45,469	7
		Ýsa	192,212	300			
		Ufsi	219,611				
		Karfi	315,367				
		Grálúða	170,602				
		Skarkoli	40,968	50			
1688	Sóley ÞH 349	Þorskur	20,408	28,378	139		
		Ufsi	61	3,883	6,366		
		Karfi	26	156	600	1,300	5,000
162	Sólrún EA 351	Þorskur	114,833	5,444	5	15,000	13
		Ýsa	11,106				
		Ufsi	58,210	124,798	214	4,550	8
		Karfi	3,133	666	21		
		Grálúða	7,146				
5499	Sólveig ÞH 226	Þorskur	22,690	9,791	43		
		Ýsa	1,989	54	3		
		Ufsi	7,401	3,060	41		
		Karfi	1,115	111	10	2,300	206
		Skarkoli	369				
1609	Stakfell ÞH 360	Þorskur	609,769	31,000	5	524,581	86
		Ýsa	132,924			62,500	47
		Ufsi	156,234	60,000	38	322,131	206
		Karfi	379,068			325,423	86
		Grálúða	335,845			279,046	83
		Skarkoli	26,268	8,400	32	36,136	138
6698	Stakkur ÞH 206	Þorskur	58				
616	Stefán Rögnvaldsson EA 345	Þorskur	100,754	1,150	1	111,000	110
		Ýsa	5,126	2,000	39		
		Ufsi	21,167			27,500	130
		Karfi	9,398			11,000	117
		Grálúða	2,680			3,000	112
		Skarkoli	1,899			2,500	132
1325	Stokksnes EA 410	Þorskur	380,152	17,000	4	458,314	121
		Ýsa	245,582	50,000	20	252,956	103
		Ufsi	476,303	97,000	20	427,569	90
		Karfi	854,207	196,000	23	821,687	96
		Grálúða	224,194	65,000	29	229,592	102
		Skarkoli	2,882	65	2	6,749	234
1909	Sunna EA 51	Þorskur	8,817	7,499	85	4,244	48
		Karfi	82				
		Skarkoli	13				
6710	Sunnufell EA 58	Þorskur	17,883	3,633	20	12,700	71
		Ýsa	208	756	363	1,600	769
		Ufsi	4,413	1,599	36	7,700	174
		Karfi	208	1,803	867	3,170	1,524
1060	Súlan EA 300	Þorskur	92,835	3,000	3	99,073	107
		Ýsa	33,317			33,317	100
		Ufsi	19,403			19,440	100
		Karfi	5,221			5,757	110
		Grálúða	5,359	7,426	139	12,154	227
978	Súlnafell EA 840	Þorskur	654,126	260,992	40	306,130	47
		Ýsa	297,862	134,484	45	43,047	14
		Ufsi	265,612	4,000	2	183,388	69
		Karfi	67,877	31,119	46	65,740	97
		Grálúða	68,777	1,389	2	84,183	122
		Skarkoli	41,204	52,876	128	45,264	110
1352	Svalbakur EA 302	Þorskur	636,974			231,530	36
		Ýsa	209,298				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1352	Svalbakur EA 302	Ufsi	364,254				
		Karfi	1,141,808	320,000	28		
		Grálúða	418,913	10,000	2	10,593	3
		Skarkoli	137,959	9,000	7	86,455	63
6502	Svanborg ÓF 13	Þorskur	6,459	12,848	199	21,622	335
		Ýsa	66			311	471
		Ufsi	17			335	1,971
		Karfi	65			486	748
6706	Svanur Þór EA 318	Þorskur	13,509	15,328	113	5,000	37
		Ýsa	398	5,000	1,256		
6645	Sveinn EA 204	Þorskur	18,972	26,223	138		
		Ýsa	796	600	75		
		Ufsi	779				
1263	Sæbjörg EA 184	Þorskur	55,642	70,000	126	30,500	55
		Ýsa	8,543	17,000	199		
		Ufsi	21,225	4,100	19		
		Karfi	1,044				
		Skarkoli	23,347	7,000	30		
5416	Sæborg EA 280	Þorskur	6,923	368	5	8,000	116
1618	Sædís EA 26	Þorskur	34,323	3,000	9	35,169	102
		Ýsa	7,005	4,000	57	9,024	129
		Ufsi	5,843	600	10	8,607	147
		Karfi	109			2,106	1,932
		Skarkoli	77			337	438
6393	Sæfari ÞH 149	Þorskur	5,625	7,302	130		
		Ýsa	51				
		Ufsi	104				
1824	Sænes EA 75	Þorskur	199,749	162,699	81	192,559	96
		Ýsa	23,065	58,306	253	731	3
		Ufsi	18,521	214,677	1,159	500	3
		Karfi	13,575	30,730	226	24,552	181
		Grálúða	3,573	836	23	4,960	139
		Skarkoli	37,976			16,278	43
1570	Sæunn ÓF 7	Þorskur	31,416			42,728	136
		Ufsi	4,791			7,379	154
1149	Sævaldur EA 203	Þorskur	178	62,038	34,853		
		Ýsa	86	1,838	2,137		
1291	Sæþór EA 101	Þorskur	140,792			50,267	36
		Ýsa	52,111			35,338	68
		Ufsi	111,128	4,620	4		
		Karfi	15,664	4,081	26	597	4
		Grálúða	6,252	192	3		
		Skarkoli	318				
6247	Tryggvi EA 78	Þorskur	5,546	1,165	21	5,288	95
		Ýsa	282	229	81	606	215
		Ufsi	1,712	1,798	105	4,126	241
		Skarkoli	1			44	4,400
6153	Uggi ÞH 253	Þorskur	4,019	1,765	44	4,383	109
		Ufsi	42				
5409	Valur ÞH 221	Þorskur	13,718	1,500	11		
		Ýsa	1,048	5,000	477		
		Ufsi	1,288				
		Karfi	194			1,000	515
6077	Valþór EA 313	Þorskur	1,322	9,332	706	929	70
		Ýsa	783			800	102
		Ufsi	521			96	18
		Karfi	316			29	9
1353	Viðar ÞH 17	Þorskur	55,786	15,000	27	55,414	99
		Ýsa	4,271	5,228	122	10,661	250
		Ufsi	15,317	3,063	20	20,339	133
		Karfi	2,089	418	20	5,457	261
		Skarkoli	3			434	14,467
1750	Vinur ÞH 73	Þorskur	18,153	14,100	78		
		Ýsa	345	300	87		
		Ufsi	3,805	3,700	97		
		Skarkoli	6				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip		Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1376	Víðir EA 910		Þorskur	291,263			94,000	32
			Ýsa	120,453			4,000	3
			Ufsi	455,097			403,000	89
			Karfi	1,563,262				
			Grálúða	259,922				
			Skarkoli	5,395	1,600	30	55	1
1178	Víðir Trausti EA 517		Þorskur	121,095	32,000	26	15,444	13
			Ýsa	2,961				
			Ufsi	15,543				
			Karfi	5,887	14,000	238	12,666	215
			Grálúða	1,786	3,200	179		
			Skarkoli	7,881	2,218	28	11,500	146
5358	Vísir EA 64		Þorskur	5,465	6,672	122		
1432	Von ÞH 54		Þorskur	5,921	9,691	164		
			Ýsa	1,712	1,172	68		
			Ufsi	3,278	3			
			Karfi	53	59	111	269	508
5131	Votanes ÞH 209		Þorskur	7,941	4,000	50	9,000	113
			Ýsa	78	500	641		
			Ufsi	1,148	4,500	392		
1650	Þingey ÞH 51		Þorskur	18,479			20,465	111
			Ýsa	977			1,950	200
			Ufsi	1,015			2,000	197
			Karfi	1,207			2,800	232
			Skarkoli	9			155	1,722
1105	Þorleifur EA 88		Þorskur	75,236	56,652	75	86,000	114
			Ýsa	854	10,106	1,183	6,265	734
			Ufsi	10,584	5,192	49	16,000	151
			Karfi	2,089	181	9	2,536	121
			Grálúða	893	54	6	1,118	125
			Skarkoli	17,214	23		13,541	79
926	Þorsteinn GK 15		Þorskur	90,448	69,414	77	12,000	13
			Ýsa	9,014			5,300	59
			Ufsi	19,361			18,500	96
			Karfi	1,836			6,900	376
			Skarkoli	1,052			1,200	114
264	Þórður Jónasson EA 350		Þorskur	38,278			41,645	109
			Grálúða	3,573				
			Skarkoli	73				
1966	Þröstur ÞH 247		Þorskur	27,397	10,816	39	7,000	26
			Ýsa	10,418				
			Ufsi	3,403	3,000	88		
			Karfi	120			1,239	1,033
			Skarkoli	134				
2178	Þytur	ex 7128	Þorskur	10,273				
			Ýsa	2,565				
			Ufsi	381				
			Skarkoli	105				
7008	Ægir Adolfsson ÞH 99		Þorskur	12,725			11,000	86
			Ýsa	4,117			5,335	130
			Ufsi	1,117			1,874	168
			Karfi	16			695	4,344
1174	Æskan EA 202		Þorskur	17,183			5,264	31
			Ýsa	1,774			203	11
			Ufsi	1,130			1,560	138
			Karfi	1,598			2,416	151
			Skarkoli	1				
5405	Ölver ÞH 215		Þorskur	6,738			4,292	64
			Ýsa	1,792				
			Ufsi	130				
6849	Örn II ÞH 80		Þorskur	7,416	1,800	24	7,500	101
			Ýsa	259			575	222
			Ufsi	8,238			8,000	97
6651	Össur ÞH 242		Þorskur	9,041	8,434	93	8,000	88
			Ýsa	191	5,007	2,621		
			Ufsi	14,711	643	4		
			Karfi	14	2	14	445	3,179

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

NORÐURLAND EYSTRA.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1538	Óxarnúpur ÞH 162	Þorskur	69,557			11,200	16
		Ýsa	64,405				
		Ufsi	24,142				
		Karfi	22,474				
		Skarkoli	8,258				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
5695	Addi í Firði NS 310	Þorskur	12,842			14,000	109
		Ýsa	36			525	1,458
		Ufsi	576			1,209	210
1765	Alda NK 28	Þorskur	18,502	2,500	14	16,000	86
		Ýsa	2,387				
		Ufsi	1,558				
		Skarkoli	262	2,000	763		
1980	Andey SF 222	Þorskur	167,630	408,450	244	175,003	104
		Ýsa	112,765	265,915	236	62,338	55
		Ufsi	173,748	265,593	153	131	
		Karfi	263,695	52,765	20	1,464	1
		Grálúða	32,155	8,358	26	6,134	19
		Skarkoli	810	54,780	6,763	10,000	1,235
2066	Andri NS 28	Þorskur	34,989			26,900	77
		Ýsa	10,346			13,200	128
		Ufsi	3,261			1,500	46
		Skarkoli	17				
1932	Anna Rósa NK 27	Þorskur	26,088	7,503	29	3,000	11
		Ýsa	5,250	5,000	95		
		Ufsi	682	2,200	323		
		Skarkoli	29				
1489	Anný SU 71	Þorskur	28,598			31,000	108
		Ýsa	5,126				
		Skarkoli	11,871			5,620	47
304	Auðbjörg NS 200	Þorskur	9,459	17,186	182	10,000	106
		Ýsa	1,281	1,060	83		
6075	Árni SU 58	Þorskur	8,823	10,000	113	5,000	57
		Ýsa	327	800	245		
		Ufsi	22			428	1,945
6620	Ás SU 192	Þorskur	174				
972	Ásgeir Guðmundsson SF 112	Þorskur	141,157	111,316	79	25,000	18
		Ýsa	1,709	43,007	2,517		
		Ufsi	50,272	10,000	20	60,703	121
		Karfi	16,708	6,439	39	79,853	478
		Grálúða	2,680	11,974	447	538	20
		Skarkoli	394	275	70	79	20
1536	Barði NK 120	Þorskur	559,648	11,506	2	61,880	11
		Ýsa	282,766	44		170,640	60
		Ufsi	686,174	1,295		101,220	15
		Karfi	225,561	167,646	74		
		Grálúða	37,515	26,513	71		
		Skarkoli	11,949	22,000	184	30,105	252
6417	Bára NK 25	Þorskur	436			475	109
226	Beitir NK 123	Þorskur	134,426			22,957	17
		Ýsa	16,716				
		Ufsi	11,605			43	
		Grálúða	104,505	107,900	103	621	1
		Skarkoli	1,342			50	4
1261	Bergkvist SU 409	Þorskur	23,319				
		Ýsa	6,834				
		Ufsi	882			1,800	204
		Skarkoli	173				
943	Berglind SU 3	Þorskur	28,935			45,408	157
		Ýsa	3,289			9,095	277
		Ufsi	272			4,501	1,655
		Karfi	56			2,265	4,045
		Skarkoli	5,165			6,471	125
7057	Birna SU 147	Þorskur	22,777	4,633	20	17,000	75
		Ýsa	2,507			2,400	96
		Ufsi	1,309	2,700	206	2,000	153
1324	Bjarni Gíslason SF 90	Þorskur	171,441	147,810	86		
		Ýsa	46,793	10,000	21	10,000	21
		Ufsi	39,044			15,000	38
		Karfi	9,398			2,900	31
		Skarkoli	6,972			5,800	83
1278	Bjartur NK 121	Þorskur	624,325	50,000	8	22,387	4

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1278	Bjartur NK 121	Ýsa	342,565			24,000	7
		Ufsi	656,187			3,000	
		Karfi	295,526	1,596	1		
		Grálúða	33,942	15,448	46		
		Skarkoli	9,218				
6346	Björk SU 162	Þorskur	4,438	2,400	54	3,000	68
		Ufsi	1,992			2,000	100
		Karfi	218	692	317	1,100	505
7098	Bliki SU 84	Þorskur	43,244	26,485	61	25,000	58
		Ýsa	2,785			2,759	99
		Skarkoli	165			536	325
5217	Blíðfari NS 112	Þorskur	6,886			9,337	136
		Ýsa	398			731	184
1279	Brettingur NS 50	Þorskur	598,046	50,500	8	215,038	36
		Ýsa	221,258			25,000	11
		Ufsi	289,561	50,000	17	73,000	25
		Karfi	325,810	270,745	83		
		Grálúða	208,117	201,080	97	38,000	18
1293	Börkur NK 122	Þorskur	375,735			222,904	59
		Ýsa	128,247			71,204	56
		Ufsi	137,596			148,280	108
		Karfi	201,726	87,569	43		
		Grálúða	191,604	6,065	3	121,227	63
		Skarkoli	1,553			257	17
6657	Dedda SU 130	Þorskur	8,852	6,500	73	18,500	209
6954	Digranes NS 124	Þorskur	25,752			32,000	124
		Ýsa	2,370			3,733	158
		Ufsi	168			1,370	815
6650	Díana NS 165	Þorskur	10,534	4,000	38	12,495	119
		Ýsa	1,189			1,600	135
		Karfi	34			645	1,897
		Skarkoli	34	700	2,059		
1671	Dísa NK 51	Þorskur	14,742			3,000	20
6909	Drífa NK 30	Þorskur	29,613	9,950	34	10,000	34
		Ýsa	4,774	11,000	230		
		Ufsi	1,558	500	32		
		Karfi	313			2,138	683
5545	Dröfn NK 31	Skarkoli	42	257	612		
1535	Dögg SU 129	Þorskur	7,344	4,538	62		
		Ýsa	5,926	2,516	42		
		Ufsi	19	580	3,053	799	4,205
		Skarkoli	53	219	413	302	570
6837	Edda NS 113	Þorskur	14,637	3,745	26	10,000	68
		Ýsa	4,476	5,500	123	10,000	223
		Ufsi	49	950	1,939		
		Skarkoli	13				
1857	Elsa SU 216	Þorskur	41,701			22,900	55
		Ýsa	20,502			14,000	68
		Ufsi	13			1,511	11,623
1963	Emil NS 5	Ýsa	6,334				
		Ufsi	7,351				
		Karfi	37				
1206	Erlingur SF 65	Þorskur	218,729	133,804	61		
		Ýsa	121,699			5,000	4
		Ufsi	70,381				
		Karfi	23,502			18,000	77
		Skarkoli	17,697			12,800	72
1495	Ex Birtingur seldur úr landi 19/11 92 NK	Þorskur	9,239				
		Ýsa	4,271				
		Ufsi	7,056				
		Karfi	5,221				
		Grálúða	2,680				
5533	EX Dóra SU 180	Karfi	17				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
5555	EX Gyllir NK 49	Þorskur	19,505	3,000	15	10,000	51
		Ýsa	2,978				
		Ufsi	32	145	453		
		Skarkoli	3			145	4,833
1551	Ex Hilmir seldur til Chile 29/10 93 NK 1	Grálúða	104,505			104,733	100
1474	Ex Otto Wathne seldur úr landi 21/1 94 N	Þorskur	594,626	118,888	20	551,898	93
		Ýsa	188,368	64,310	34	144,094	76
		Ufsi	149,935			75,554	50
		Karfi	266,287	110,000	41	219,852	83
		Grálúða	51,806			54,582	105
		Skarkoli	780			1,243	159
108	Ex Sigurður Lárusson fargað 29/4 94 SF 1	Þorskur	6,160	30,147	489	1,211	20
		Ýsa	2,563	7,495	292		
2009	Eydís NS 32	Þorskur	30,747	22,039	72	13,000	42
		Ýsa	11,444				
		Ufsi	2,064				
		Skarkoli	1	2,000	200,000	2,000	200,000
1629	Eyvindur Vopni NS 70	Þorskur	329,981	100,000	30	1,300	
		Ýsa	240,906				
		Ufsi	83,787	54,720	65		
		Karfi	29,239			33,000	113
		Grálúða	8,039			11,000	137
		Skarkoli	34,881			1,000	3
1885	Fáfnir SF 14	Þorskur	19,400	6,830	35	11,500	59
		Ýsa	7,020	29		3,586	51
		Ufsi	3,343	2,600	78	3,579	107
		Karfi	45			800	1,778
1081	Fiskanes NS 37	Þorskur	125,586			92,000	73
		Ýsa	8,793				
		Ufsi	3,638	50,000	1,374	45,000	1,237
		Karfi	1,044			7,000	670
		Skarkoli	57,203	8,000	14	7,500	13
1286	Freyr SF 20	Þorskur	194,164	1,964	1	30,000	15
		Ýsa	74,810			19,000	25
		Ufsi	59,974				
		Karfi	7,310				
		Skarkoli	12,139				
1914	Fylkir NK 102	Þorskur	10,537	13,230	126	6,000	57
		Ýsa	3,275	8,000	244	630	19
		Ufsi	1,285			425	33
		Karfi	299			660	221
		Skarkoli	10,728	23,615	220		
1143	Gestur SU 159	Þorskur	70,699	129,967	184		
		Ýsa	11,891	1,180	10	3,165	27
		Ufsi	125,244	262		140,000	112
		Karfi	3,133			5,600	179
		Skarkoli	41	1,500	3,659	1,855	4,524
6788	Gissur Hvíti SF 55	Þorskur	25,603	600	2	9,150	36
		Ýsa	2,184			3,000	137
		Ufsi	7,003			5,100	73
		Karfi	712			2,150	302
6403	Glaður NS 115	Þorskur	21,438			18,000	84
		Ýsa	987				
		Skarkoli	62			244	394
1910	Glaður SU 97	Þorskur	17,163	18,863	110	200	1
		Ýsa	85	400	471	739	869
		Skarkoli	10,111			7,789	77
1875	Gná NS 88	Þorskur	8,988	3,000	33	14,000	156
		Ýsa	4,648			5,000	108
		Ufsi	116			458	395
		Karfi	174			634	364
1000	Guðmundur Kristinn SU 404	Þorskur	166,311			168,191	101
		Ýsa	35,880			39,589	110
		Ufsi	55,564			59,670	107
		Karfi	5,221			14,642	280
		Grálúða	893			3,704	415
		Skarkoli	190			1,361	716

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2045	Guðmundur Þór SU 121	Þorskur	22,860	6,422	28	10,000	44
		Ýsa	8,292			8,316	100
		Ufsi	2,027			493	24
6177	Guðný NS 7	Þorskur	13,199			15,000	114
		Ýsa	6,834				
6719	Guðný SF 9	Þorskur	10,675			14,450	135
		Ýsa	29			400	1,379
		Ufsi	5,031			6,450	128
		Karfi	28			711	2,539
1076	Guðrún Þorkelsdóttir SU 211	Þorskur	19,799				
		Grálúða	51,806			26,000	50
7191	Gullbrandur NS 31	Þorskur	37,314	7,071	19		
		Ýsa	522	892	171	1,169	224
		Ufsi	1,437	216	15		
		Skarkoli	56	35	63		
1900	Gullfaxi NK 6	Þorskur	34,318	14,847	43	10,000	29
		Ýsa	1,709			8,000	468
		Ufsi	882	3,500	397	2,600	295
		Skarkoli	89,587	8,000	9	13,000	15
1661	Gullver NS 12	Þorskur	716,151	322,218	45	50,000	7
		Ýsa	283,315	160,500	57	49,000	17
		Ufsi	343,741	66,057	19	110,000	32
		Karfi	582,699	107,496	18		
		Grálúða	272,427	2,223	1		
		Skarkoli	1,295	104	8		
5556	Gustur NK 50	Ufsi	7				
		Skarkoli	29				
1739	Gústi í Þapey SF 88	Þorskur	147,392	9,500	6	50,200	34
		Ýsa	57,237	68,000	119	35,000	61
		Ufsi	4,410	28,000	635	10,000	227
		Karfi	1,044	10,000	958		
		Grálúða	6,252	100	2		
7015	Hafborg NS 48	Þorskur	13,637			18,200	133
		Ýsa	4,510			4,800	106
		Ufsi	218			700	321
1415	Hafdís SF 75	Þorskur	197,460	117,872	60	15,000	8
		Ýsa	92,084	5,000	5		
		Ufsi	26,459				
		Karfi	60,567	7,455	12	40,000	66
		Grálúða	2,680	1,633	61	4,527	169
		Skarkoli	10,169			8,000	79
6734	Hafmey SF 100	Þorskur	217				
1738	Hafnarey SF 36	Þorskur	128,913	18,000	14	1,500	1
		Ýsa	53,819	103,000	191	5,000	9
		Ufsi	96,135	45,000	47	25,000	26
		Karfi	7,310	200	3		
		Skarkoli	31,499	7,042	22	20,000	63
1645	Hafnarey SU 110	Þorskur	641,162	44,180	7	103,541	16
		Ýsa	591,172			31,977	5
		Ufsi	394,142				
		Karfi	143,064				
		Grálúða	25,903				
		Skarkoli	5,521				
2037	Hafrún NS 222	Þorskur	19,981			20,000	100
		Ýsa	4,299			4,000	93
		Ufsi	2,084			2,644	127
		Skarkoli	15,658			5,000	32
7011	Hafsúlan NS 360	Ufsi	5				
		Karfi	148	5	3		
1906	Haförn NS 96	Þorskur	30,574			16,000	52
		Ýsa	2,632	3,000	114		
		Ufsi	207				
1928	Halldór NS 302	Þorskur	64,730	43,421	67	51,616	80
		Ýsa	8,040	5,902	73		
		Ufsi	767	2,000	261		
		Skarkoli	13				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
2038	Haukafell SF 111	Þorskur	145,731	99,781	68		
		Ýsa	299,347	40,363	13	30,000	10
		Ufsi	81,278	171,712	211	20,000	25
		Karfi	8,520	45,739	537	3,445	40
		Skarkoli	265				
6121	Helga María NS 103	Þorskur	4,930	14,210	288	19,600	398
		Ýsa	725	1,415	195	2,456	339
		Ufsi	861	1,199	139	1,246	145
1848	Helga Sigmars NS 6	Þorskur	50,211	45,000	90	23,000	46
		Ýsa	11,451			9,000	79
		Ufsi	169	30	18	2,227	1,318
		Skarkoli	321			612	191
1770	Herkúles SF 125	Þorskur	25,226	20,000	79	45,565	181
		Ýsa	4,940	8,000	162	14,506	294
		Ufsi	296	1,772	599	3,244	1,096
		Skarkoli	37			226	611
1831	Hjördís NS 92	Þorskur	53,188			63,000	118
		Ýsa	4,521	904	20	7,359	163
		Ufsi	7			2,413	34,471
1275	Hoffell SU 80	Þorskur	554,649	211,217	38		
		Ýsa	397,311	52,396	13		
		Ufsi	458,176	125,651	27		
		Karfi	258,977	282,146	109		
		Grálúða	82,175	10,253	12	70,000	85
		Skarkoli	4,373	13,884	317	21,607	494
1525	Hólmaborg SU 11	Þorskur	19,799				
		Grálúða	51,806				
1346	Hólmanes SU 1	Þorskur	598,382	511			
		Ýsa	248,737				
		Ufsi	400,020			12,323	3
		Karfi	434,413	2,860	1	3,914	1
		Grálúða	112,544	6,854	6	12,773	11
		Skarkoli	1,231	4,379	356	8,839	718
1567	Hólmatindur SU 220	Þorskur	532,601	16,000	3	9,000	2
		Ýsa	252,817				
		Ufsi	367,782	12,088	3	7,728	2
		Karfi	478,273	1,438		245,000	51
		Grálúða	101,825	11,429	11	217,326	213
		Skarkoli	774	155	20	3,953	511
6540	Hólmi NS 56	Þorskur	7,631			7,500	98
		Ýsa	927			1,076	116
		Ufsi	12			367	3,058
1674	Hrísey SF 48	Þorskur	201,949	30,000	15	120,000	59
		Ýsa	213,275	87,000	41	220,000	103
		Ufsi	89,079	15,000	17	47,000	53
		Karfi	28,195			3,000	11
		Grálúða	8,039			6,339	79
		Skarkoli	66,414	16,800	25	60,000	90
6533	Hróðgeir Hvíti NS 89	Þorskur	12,040			12,694	105
		Ýsa	5,995			904	15
		Ufsi	183			653	357
		Karfi	20			588	2,940
1426	Hvanney SF 51	Þorskur	683,730	98,537	14	614,120	90
		Ýsa	215,456	6,309	3	205,262	95
		Ufsi	221,660	48,006	22	471,225	213
		Karfi	8,354	1,470	18	21,000	251
		Skarkoli	10,214	5,000	49	4,000	39
1901	Höfrungur SU 66	Þorskur	43,252	30,585	71	2,600	6
1568	Högni NS 10	Þorskur	58,276	34,000	58	32,500	56
		Ýsa	21,764			3,000	14
		Ufsi	779				
6591	Inga NK 11	Þorskur	4,473			5,647	126
		Ufsi	11			232	2,109
1822	Ína SU 69	Ufsi	253				
		Skarkoli	38				

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1930	Ívar NK 124	Þorskur	62,815	5,000	8	48,780	78
		Karfi	14			2,297	16,407
		Skarkoli	70,876	61,607	87		
5773	Jóhanna NK 32	Þorskur	5,616			5,500	98
		Ýsa	145				
		Skarkoli	3				
1879	Jón Bjarnason SF 28	Þorskur	17,587	660	4	3,614	21
		Ýsa	21,455	10,859	51	10,000	47
		Ufsi	2,183	2,749	126	2,500	115
		Karfi	277	29	10	731	264
		Skarkoli	35	4,000	11,429	700	2,000
155	Jón Kjartansson SU 111	Þorskur	19,799				
		Grálúða	51,806			10,600	20
1625	Jónína Jónsdóttir SF 12	Þorskur	256,184	73,286	29	78,853	31
		Ýsa	100,309				
		Ufsi	75,850			10,000	13
		Karfi	6,266				
		Grálúða	16,971	22,812	134		
		Skarkoli	19,909	5,000	25		
1497	Kambaröst SU 200	Þorskur	496,292	111,000	22	40,000	8
		Ýsa	401,510				
		Ufsi	427,756			8,000	2
		Karfi	192,144	264,214	136		
		Grálúða	40,194				
		Skarkoli	3,140				
1890	Kambavík SU 24	Þorskur	17,666	13,844	78	20,000	113
		Ýsa	5,368	3,579	67	9,155	171
		Ufsi	468	1,559	333	2,734	584
		Karfi	26			948	3,646
		Skarkoli	956	30,000	3,138	13,000	1,360
7142	Kióey SF 60	Þorskur	19,042	1,850	10	18,765	99
		Ýsa	7,058	1,000	14	9,011	128
		Ufsi	3,576	1,350	38	3,663	102
		Karfi	157			1,033	658
		Skarkoli	2			124	6,200
1638	Klara Sveinsdóttir SU 50	Þorskur	57,197	3,000	5	62,354	109
		Ýsa	17,940			20,542	115
		Karfi	2,089			2,089	100
		Grálúða	8,932			9,880	111
		Skarkoli	12,190			12,567	103
1871	Kópur SU 54	Þorskur	13,877	6,200	45		
		Ýsa	2,164			2,184	101
6297	Kópur SU 83	Þorskur	11,012			12,248	111
7155	Kristín NK 36	Skarkoli	595	1,105	186		
6044	Kristján SU 106	Þorskur	2,782			2,021	73
		Ýsa	1,181			914	77
		Skarkoli	748			514	69
177	Krossanes SU 5	Þorskur	102,514	9,362	9		
		Ýsa	175,127	35,557	20	32,647	19
		Ufsi	109,364	35,885	33		
		Karfi	148,285	132,278	89	147,482	99
		Grálúða	893	486	54		
		Skarkoli	60,048	11,508	19	7,194	12
1173	Krossey SF 26	Þorskur	133,111	140,289	105	95,345	72
		Ýsa	46,209				
		Ufsi	189	33,400	17,672	32,000	16,931
		Skarkoli	72				
6577	Laugi Súi NS 500	Þorskur	1,005				
		Ufsi	5			56	1,120
1841	Laxinn NK 71	Þorskur	13,659	3,000	22		
		Ýsa	4,009	630	16		
		Ufsi	3	280	9,333		
		Skarkoli	243			300	123
6662	Litli Tindur SU 508	Þorskur	26,151	200	1	10,000	38
		Ýsa	1,591	11,000	691	5,900	371

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1832	Lína Bjarna NS 120	Þorskur	24,763			26,491	107
		Ýsa	10,141			10,100	100
		Karfi	20			1,269	6,345
		Skarkoli	12			167	1,392
1277	Ljósafell SU 70	Þorskur	559,937			11,000	2
		Ýsa	433,644				
		Ufsi	417,188	1,251			
		Karfi	255,844	11,653	5		
		Grálúða	79,495	2,002	3	40,000	50
		Skarkoli	718			3,000	418
6106	Lundi SU 163	Þorskur	435			438	101
1095	Lyngey SF 61	Þorskur	188,236			143,143	76
		Ýsa	77,739			15,318	20
		Ufsi	84,669			21,612	26
		Karfi	13,576				
		Skarkoli	18,126			18,000	99
5980	Magga SU 107	Þorskur	20,036	6,000	30		
6704	Magnús SU 77	Þorskur	4,318	1,700	39	7,500	174
1802	Mardís SU 64	Þorskur	22,434	947	4	15,000	67
6801	Margrét SU 196	Þorskur	10,902				
		Ufsi	1,507			2,332	155
		Karfi	230			940	409
		Skarkoli	2,068			2,436	118
6935	Máni NS 34	Þorskur	15,598	2,228	14	18,500	119
		Ýsa	4,467			4,000	90
		Karfi	104			973	936
		Skarkoli	418				
1981	Máni SF 8	Þorskur	22,884	50,918	223	21,400	94
		Karfi	72	6,721	9,335	6,721	9,335
5599	Már NK 91	Þorskur	100				
6083	Már SU 222	Þorskur	1,492	3,000	201	1,100	74
		Ýsa	1,002			800	80
6380	Meta SU 236	Þorskur	9,627	1,505	16		
		Ýsa	1,342				
		Ufsi	76			439	578
6757	Mímir SF 11	Þorskur	23,199				
		Ýsa	18				
		Ufsi	7,798	808	10		
		Karfi	675				
		Skarkoli	23				
6902	Mónes NK 26	Þorskur	25,554	19,375	76	2,500	10
		Ýsa	4,593	14,350	312		
		Ufsi	1,063	1,210	114		
		Karfi	77			1,596	2,073
2149	Mummi NK 2	Þorskur	60,033	53,620	89	25,878	43
		Ýsa	39,146	4,302	11	17,302	44
		Ufsi	882				
		Skarkoli	193,709	30,763	16	104,035	54
1867	Nípa NK 19	Þorskur	14,937			17,500	117
		Ýsa	358	2,687	751	990	277
		Ufsi	350	172	49	1,151	329
		Skarkoli	176			330	188
6705	Nonni SU 16	Þorskur	27,049			12,000	44
		Ýsa	1,194			1,800	151
1842	Nökkvi NK 39	Þorskur	38,394	2,300	6	18,076	47
		Ýsa	7,369	20,222	274		
		Ufsi	1,789	14,970	837		
		Skarkoli	2,340			2,466	105
7100	Óla Gísla SF 45	Þorskur	12,475	3,912	31	5,912	47
		Ýsa	13,041	3,058	23	16,200	124

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
7100	Óla Gísla SF 45	Ufsi	1,002	26,653	2,660	26,653	2,660
6744	Óli SU 117	Þorskur	3,077	2,873	93	3,188	104
		Ýsa	830	1,688	203	1,016	122
		Ufsi	375			580	155
		Skarkoli	280	168	60	219	78
6517	Ólsen NK 77	Þorskur	18,392	10,557	57	25,941	141
		Ýsa	3,089				
		Ufsi	132	43	33		
		Skarkoli	20				
1760	Ólöf NS 69	Þorskur	31,035			27,466	89
		Ýsa	2,257				
		Ufsi	12			1,374	11,450
		Karfi	26			1,974	7,592
5402	Pálmi SU 44	Skarkoli	49				
5607	Rán NS 71	Þorskur	16,911			15,000	89
		Ýsa	2,149				
		Skarkoli	3			131	4,367
955	Rex NS 3	Þorskur	24,071			16,000	66
		Ýsa	4,374			4,518	103
		Ufsi	56			991	1,770
		Skarkoli	126				
7058	Reynir Þor NK 69	Þorskur	22,213	31,746	143	27,000	122
		Ýsa	5,444	8,963	165	6,000	110
		Ufsi	317	3,000	946		
6969	Rita NS 13	Þorskur	17,391	4,328	25	16,000	92
		Ýsa	3,815			4,500	118
		Ufsi	107				
1800	Rósa Björk NK 101	Þorskur	199	1,220	613		
		Skarkoli	16				
6107	Rún SU 14	Þorskur	190	1,000	526	800	421
		Ýsa	184				
		Ufsi	10				
7303	Sandvíkingur NK 41	Þorskur	9,312	6,000	64	6,570	71
		Ýsa	58	640	1,103	1,049	1,809
6959	Seila SU 81	Þorskur	469				
		Ýsa	9				
6444	Siggi Villi NK 17	Skarkoli	38				
7002	Sigrún SU 166	Þorskur	16,857			5,000	30
		Ýsa	239				
		Skarkoli	98				
1043	Sigurður Lárusson SF 110	Þorskur	121,873	18,942	16	58,716	48
		Ýsa	66,869	32,801	49	32,000	48
		Ufsi	153,463	5,000	3	4,250	3
		Karfi	13,575	1,449	11	2,000	15
		Grálúða	893	360	40	1,000	112
		Skarkoli	8,226	42,158	512	1,000	12
173	Sigurður Ólafsson SF 44	Þorskur	420,704	318,999	76	337,243	80
		Ýsa	259,180	73,579	28	256,737	99
		Ufsi	224,413	7,875	4	148,738	66
		Karfi	27,151	5,810	21	48,508	179
		Skarkoli	63,965	10,278	16	61,104	96
1881	Sigurvin SU 380	Þorskur	14,249	3,000	21	17,428	122
		Ýsa	486				
		Karfi	296			1,275	431
		Skarkoli	235			395	168
7023	Silla SU 152	Þorskur	17,759	5,747	32	7,000	39
		Ýsa	3,456				
		Ufsi	173			959	554
297	Sjöfn II NS 123	Þorskur	149,152	62,042	42	167,110	112
		Ýsa	34,171	8,712	25	37,855	111
		Ufsi	31,751	84,743	267	3,662	12
		Karfi	2,089	14,677	703	12,400	594

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
297	Sjöfn II NS 123	Skarkoli	15,116	3,052	20	17,555	116
250	Skinney SF 30	Þorskur	214,384	18,938	9	41,000	19
		Ýsa	120,880			100,000	83
		Ufsi	188,742				
		Karfi	12,531			12,000	96
		Skarkoli	132,924			32,000	24
7031	Snorri NK 59	Þorskur	20,537	10,000	49	29,000	141
		Ýsa	1,934	9,000	465	2,500	129
		Ufsi	95			1,033	1,087
		Karfi	18	2,021	11,228	3,307	18,372
1976	Snæfugl SU 20	Þorskur	522,845	310,000	59	27,250	5
		Ýsa	185,623			17,000	9
		Ufsi	402,744	799		207,000	51
		Karfi	498,114	500		69,000	14
		Grálúða	168,816	186		7,000	4
		Skarkoli	21,787	302	1	21,000	96
1359	Sólborg SU 202	Þorskur	153,774	42,485	28	97,000	63
		Ýsa	108,318	16,787	15	103,000	95
		Ufsi	186,978	36,206	19	222,000	119
		Karfi	7,310	272	4	10,000	137
		Skarkoli	21,718			26,000	120
1264	Steinunn SF 10	Þorskur	183,728	10,000	5	39,000	21
		Ýsa	74,810			20,000	27
		Ufsi	46,132				
		Karfi	13,575				
		Skarkoli	11,015	7,000	64	13,000	118
1603	Sunnutindur SU 59	Þorskur	621,245	18,628	3	301,362	49
		Ýsa	371,611	84,943	23	17,180	5
		Ufsi	369,862	237,874	64	12,562	3
		Karfi	310,146	226,642	73		
		Grálúða	106,291	4,037	4		
		Skarkoli	10,426	3,396	33	10,240	98
6604	Svanur SU 155	Þorskur	8,594			8,711	101
		Ýsa	164				
		Ufsi	140				
		Skarkoli	2	4,108	205,400	581	29,050
		Þorskur	6,339			5,050	80
1728	Sæfari SU 75	Þorskur	39,576			42,786	108
		Ýsa	5,712			5,700	100
		Ufsi	1,970			1,900	96
		Karfi	10				
1858	Sæfaxi NS 145	Þorskur	37,565			31,000	83
		Ýsa	1,453				
		Ufsi	102			1,923	1,885
6987	Sæljón NS 205	Þorskur	15,969	15,363	96	32,473	203
		Ýsa	1,763				
		Ufsi	34			776	2,282
		Skarkoli	7			130	1,857
1398	Sæljón SU 104	Þorskur	181,764	42,884	24		
		Ýsa	59,464	5,806	10		
		Ufsi	97,017	5,552	6	60	
		Karfi	3,133	6,123	195	71	2
		Grálúða	2,680	2,428	91	18	1
		Skarkoli	5,320	1,306	25	562	11
7034	Sæunn SF 155	Þorskur	21,739	34		4,300	20
		Ýsa	5,128	1,018	20	5,600	109
		Ufsi	10,959	1		5,808	53
		Karfi	758	20	3	1,449	191
		Skarkoli	7			156	2,257
1818	Sævar NK 18	Þorskur	25,982	22,958	88		
		Ýsa	8,949	20,000	223		
		Ufsi	1,077	1,200	111		
		Skarkoli	93,291			42,000	45
2014	Sævar SF 72	Þorskur	41,961	33,483	80	5,937	14
		Ýsa	15,718	6,500	41		
		Ufsi	3,168	31,089	981		
		Skarkoli	3	27,000	900,000		
1153	Sæþór SU 175	Þorskur	27,718			27,000	97

Úthlutað aflamark og millifærslur (B,D) fiskveiðiárið 1993/1994.
Botnfisktegundir.

AUSTURLAND.

Nr.	Skip	Fisktegund	Úthlutun	Flutt til	%	Flutt frá	%
1153	Sæþór SU 175	Ýsa	10,251				
		Skarkoli	10				
5655	Tjaldur SU 179	Þorskur	4,210			4,664	111
		Ýsa	107			287	268
6847	Uggi SF 47	Þorskur	17,581	5,297	30	28,000	159
		Ýsa	4			662	16,550
		Ufsi	11,932	4,723	40	15,116	127
		Karfi	1,416	305	22	2,797	198
5916	Unnar NS 67	Þorskur	128	10,000	7,813		
		Ýsa	93	800	860		
		Ufsi	42				
		Skarkoli	162				
7042	Úlfar SU 185	Þorskur	19,264			23,869	124
		Ýsa	9,510	2,000	21	12,158	128
		Ufsi	417			1,107	265
		Skarkoli	4			117	2,925
6639	Vaktarey DA 8	Þorskur	4,597	5,000	109	7,500	163
		Ýsa	357	588	165		
		Ufsi	34				
6420	Veiðibjalla NK 16	Þorskur	20,240			17,000	84
		Ýsa	2,709				
		Ufsi	100				
1533	Vigur SU 60	Þorskur	3,727	4,000	107	900	24
6905	Víkingur SU 43	Þorskur	14,480			17,000	117
		Ýsa	2,986			1,000	33
		Ufsi	46				
		Skarkoli	41				
7137	Von SF 1	Þorskur	22,462	15,291	68		
		Ýsa	8,788			2,000	23
		Ufsi	6,101	41	1	4,850	79
		Karfi	326	11	3		
		Skarkoli	2				
6005	Vonin SU 36	Þorskur	35				
1323	Völusteinn NK 111	Þorskur	27,132	2,702	10		
		Ýsa	473	1,000	211		
		Ufsi	112				
		Skarkoli	2,816				
2040	Þinganes SF 25	Þorskur	140,200	201,029	143	105,000	75
		Ýsa	54,756	273,893	500	8,000	15
		Ufsi	106,791	195,604	183	1,772	2
		Karfi	14,620	41,739	285	42,200	289
		Skarkoli	6,806			5,000	73
1189	Þorkell Björn NK 110	Þorskur	48,641	41,835	86	26,500	54
		Ýsa	14,523	5,000	34	5,000	34
		Ufsi	19,394	3,000	15	22,100	114
		Skarkoli	33,071	45,500	138	25,000	76
6437	Þórey Björg NK 33	Þorskur	19,742	28,048	142	10,000	51
		Ýsa	3,581				
		Skarkoli	139				
1236	Þórir SF 77	Þorskur	137,272	120,699	88	28,500	21
		Ýsa	54,674				
		Ufsi	80,259				
		Karfi	3,133				
		Skarkoli	4,163				
6841	Æðey SF 7	Þorskur	15,962	7,000	44	20,000	125
		Ýsa	12				
		Ufsi	7,974			1,223	15
		Karfi	317			1,150	363
1970	Öðlingur SU 19	Þorskur	18,266	8,546	47		
		Ýsa	1,812			1,000	55
		Ufsi	5,767			2,000	35
		Karfi	690			1,784	259
6821	Örk SU 135	Þorskur	14,673			12,624	86
		Ýsa	792	4,900	619	3,873	489
		Ufsi	19			723	3,805
		Skarkoli	29			76	262

162. Svar [58. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skiptingu á vegafé milli kjördæma.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið hlutur Reykjaneskjördæmis við skiptingu á vegafé á síðustu 10 árum og hvernig er það hlutfall í samanburði við önnur kjördæmi með hliðsjón af íbúafjölda, stærð kjördæmis og umferðarþunga?*
2. *Má búast við einhverjum breytingum í þessu efni með tilkomu nýrra vegalaga, nr. 45/1994, sérstaklega ákvæðis 2. mgr. 18. gr. um að hafa skuli hliðsjón af kostnaði við gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við geti átt við skiptingu fjárveitinga milli kjördæma?*

Svar við fyrri spurningunni kemur fram í meðfylgjandi töflu. Í töflunni eru undir nýbyggingarliðnum teknar með fjárveitingar til vega og brúa ásamt fjárveitingum til þjóðvega í þéttbýli. Viðhald og þjónusta tekur til sumar- og vetrarþjónustu, svo og stofnviðhalds. Þá eru í töflunni settir upp þeir mælikvarðar sem getið er um í fyrirspurninni. Í stað stærðar kjördæmis er þó notuð lengd vegakerfis.

Þess ber að geta að mörk rekstrarsvæða falla ekki alltaf nákvæmlega að kjördæmamörkum, en ekki er fengist um það í samantektinni. Fjárveitingar til Reykjavíkur eru ekki teknar með í þennan samanburð.

Skipting nýbyggingarfjár er í aðalatriðum ákveðin með tvennum hætti. Í fyrsta lagi ákveður samgöngunefnd (áður fjárveitinganefnd) fjármagn til höfuðborgarsvæðis og stórverkefna. Í öðru lagi er fjármagni skipt milli kjördæma eftir reiknireglum, einni fyrir stofnbrautir og annarri fyrir þjóðbrautir. Reikniregla stofnbrauta tekur að jöfnu tillit til kostnaðar við að koma vegakerfi kjördæmis í tiltekið ástand, ástands vegakerfisins og arðsemi verkefna. Reikniregla þjóðbrauta er hliðstæð, en þar kemur umferð í stað arðsemi.

Skipting fjár til viðhalds og þjónustu lýtur nokkuð öðrum lögmálum. Viðhaldið ræðst af mati á þörf hverju sinni og þjónustan af fyrir fram skilgreindum þjónustumarkmiðum. Í báðum tilvikum hefur umferðin mest vægi.

Hin nýju vegalög leiða ekki sjálfkrafa til breytinga á skiptingu fjár milli kjördæma þar sem þegar er tekið tillit til þeirra atriða sem þar eru sérstaklega tilgreind. Það er hins vegar ákvörðun Alþingis hverju sinni hvert vægi þessara atriða er.

Skipting fjár milli kjördæma 1984–93.

	Nýbygging vega og brúa auk þéttbýlisfjár		Viðhald og þjónusta		Eknir km meðaltal		Mannfjöldi meðaltal		Lengd þjóðvega meðaltal	
	m.kr.	hlutfall	m.kr.	hlutfall	m.km	hlutfall	meðalt.	hlutfall	km	hlutfall
Suðurland	3.316,7	12,8	2.709,3	13,1	150,9	20,1	20.296	13,0	1.568	19,1
Reykjanes	3.370,8	13,1	3.550,8	17,2	272,4	36,2	61.619	39,4	385	4,7
Vesturland	3.362,1	13,0	3.244,4	15,7	88,6	11,8	14.726	9,4	1.349	16,4
Vestfirðir	4.994,3	19,3	3.296,9	16,0	40,6	5,4	9.974	6,4	1.297	15,8
Norðurl. v.	2.399,0	9,3	2.079,6	10,1	60,8	8,1	10.542	6,7	1.057	12,8
Norðurl. e.	4.555,7	17,6	2.804,1	13,6	80,5	10,7	26.178	16,7	1.188	14,4
Austurland	3.849,2	14,9	2.967,9	14,4	58,8	7,8	13.132	8,4	1.383	16,8
	25.847,8	**100,0**	**20.653,0**	**100,0**	**752,6**	**100,0**	**156.467**	**100,0**	**8.227**	**100,0**

163. Svar [30. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um bindandi samning á grundvelli orkusáttmála Evrópu.

1. *Hver er staða undirbúnings að fyrsta framkvæmdarsamningi (first implementation treaty) á grunni orkusáttmála Evrópu sem formaður ráðstefnunnar um sáttmálann fullyrðir að hafi þegar verið sendur aðilum að sáttmálanum til samþykktar?*

Orkusáttmáli Evrópu var undirritaður 17. desember 1991 af ráðherrum OECD-ríkjanna að Nýja-Sjálandi undanskildu, ríkja í Mið-Evrópu, ríkja í Samveldi sjálfstæðra ríkja, Eystrasaltsríkjanna og Georgíu. Orkusáttmálinn er eins konar pólitísk yfirlýsing í orkumálum en jafnframt er gert ráð fyrir að honum fylgi lögformlega bindandi samningar og bókanir um einstök svið sem verða eingöngu bindandi fyrir þær þjóðir sem undirrita viðkomandi samning eða bókun.

Við undirritun orkusáttmálans var stefnt að því að undirrita mætti orkusáttmálasamning við hann á miðju ári 1992. Fljótlega varð hins vegar ljóst að það tækist ekki. Ástæður þess voru margar, ekki síst óstöðugt pólitískt ástand í ríkjum í Samveldi sjálfstæðra ríkja og töf á því að Úrúgvæumferð GATT-samningsins lyki. Deilur varðandi forstig fjárfestinga hafa einnig tafið. Með forstigi fjárfestinga er átt við allan undirbúning að orkuframkvæmdum, þar með talinn aðgang að orkulindum og leyfisveitingar í því sambandi.

Til þess að deilur um forstig fjárfestinga og annar ágreiningur stöðvi ekki framgang orkusáttmálasamningsins lagði forseti undirbúningsráðstefnunnar um orkusáttmálann til að honum yrði skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn taki á efnisatriðum sem lítill eða enginn ágreiningur er um en seinni hlutinn á atriðum sem mikill ágreiningur er um, svo sem meðferð mála á forstigi fjárfestinga.

Á ráðstefnu aðildarríkjanna í júní sl. náðist samkomulag um flesta meginþætti orkusáttmálasamnings I. Í sumar tókst að greiða úr þeim vandamálum sem eftir stóðu í lok ráðstefnunnar og var endanlegur texti orkusáttmálasamnings I sendur aðildarríkjum með minnisblaði frá forseta ráðstefnunnar um sáttmálann 14. september sl. Í minnisblaðinu kemur fram að aðildarríkin þurfa að tilkynna fyrir lok október afstöðu sína til sáttmálasamningsins og hvort þau muni skrifa undir hann 17. desember nk.

Gert er ráð fyrir að ráðstefna aðildarríkja orkusáttmálans hefji umræðu um síðari hluta samningsins um forstig fjárfestinga, orkusáttmálasamning II, á næsta ári og stefnt að því að ljúka henni innan þriggja ára.

2. *Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til fyrirliggjandi samningstexta?*

Orkusáttmálasamningur I hefur verið kynntur í ríkisstjórninni og þar lagt til að samningurinn verði staðfestur af Íslands hálfu.

3. *Hvenær og með hvaða hætti verður staða málsins kynnt Alþingi og leitað eftir afstöðu þingsins?*

Orkusáttmálasamningur I hefur verið sendur iðnaðarnefnd og utanríkismálanefnd til kynningar.

Verði orkusáttmálasamningur I undirritaður af Íslands hálfu mun málið koma til afgreiðslu á Alþingi með hefðbundnum hætti, þ.e. utanríkisráðherra mun leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samningsins. Í framhaldi af staðfestingu þingsins verður samningurinn síðan fullgiltur.

164. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um sumarmissiri við Háskóla Íslands.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Svavar Gestsson,
Guðrún J. Halldórsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því í samvinnu við Háskóla Íslands og stúdentaráð Háskóla Íslands að skapa skilyrði til þess að koma á fót sumarmissiri við Háskóla Íslands til að gera atvinnulausum námsmönnum kleift að stunda nám yfir sumartímann, svo og þeim stúdentum sem flýta vilja fyrir sér í námi. Einnig verði kannað hvort sumarmissiri geti orðið hluti af áætlun um endurmenntun fyrir atvinnulausa.

Í tilraunaskyni verði á árinu 1995 komið á sumarmissiri við Háskóla Íslands sem síðan yrði lagt mat á hvort gera ætti að föstum lið í starfsemi Háskóla Íslands.

Ríkissjóður standi straum af kostnaðinum, auk þess sem Háskóli Íslands beri fastan kostnað við verkefnið, þ.e. kostnað af húsnæði, ræstingu, skráningu og allri almennri umsýslu.

Greinargerð.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur á undanförnum mánuðum kynnt athyglisverða hugmynd um að komið verði á sumarmissiri við Háskóla Íslands. Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, hefur það að markmiði að Alþingi lýsi yfir stuðningi við að gerð verði tilraun með sumarmissiri við Háskóla Íslands á árinu 1995 og í framhaldi af því verði lagt mat á hvort framhald verði á þessari starfsemi. Tilgangurinn er einnig sá að fyrir liggi viljayfirlýsing Alþingis um hvernig staðið verði að fjármögnun þessa verkefnis, en nauðsynlegt er að á fjárlögum 1995 verði tryggt til þess fjármagn.

Í þeim kynningargögnum, sem stúdentaráð Íslands hefur sett fram um sumarmissiri, kemur fram að markmiðið með því sé að gera atvinnulausum námsmönnum kleift að stunda nám yfir sumartímann. Við Háskóla Íslands er einkum hugsað til stúdenta sem eru án atvinnu og vilja nýta tímann til náms, einnig að sumarmissiri nýtist þeim stúdentum sem flýta vilja fyrir sér í námi og létta sér róðurinn seinna meir eða taka sér frí til vinnu á öðrum árstímum. Þannig opnast barnafólki og öðrum þeim sem hafa átt erfitt með að mæta stórauknum kröfum LÍN um námsframvindu ný leið til að skila einingum til lokaprófs. Stúdentaráð hefur einnig sett fram þau mikilvægu rök fyrir sumarmissiri að með því að hvetja stúdenta til að taka sér leyfi til vinnu á öðrum árstíma mætti einnig létta nokkru álagi af vinnumarkaðnum yfir sumartímann og koma í veg fyrir að fimm þúsund manns flykkist út í atvinnulífið samtímis í leit að skammtímastarfi.

Hugmyndin er einnig sú að nýta mætti sumarmissiri fyrir aðra hópa sem eru án atvinnu, en fyrir þá gæti sumarnámskeiðið í Háskólanum verið hluti af áætlun um endurmenntun fyrir atvinnulausa. Þar sem hlutur símenntunar og endurmenntunar í háskólastarfsemi mun vaxa í framtíðinni bendir stúdentaráð Háskóla Íslands á að sumarið sé vinnandi fólki að mörgu leyti heppilegri tími til endurmenntunar en þéttsetin vetrardagskrá.

Nýsköpunarsjóður námsmanna, sem stofnaður var árið 1992 að frumkvæði stúdenta til að gefa námsmönnum færi á að nýta sér menntun sína yfir sumarmánuðina, hefur ótvírætt sannað gildi sitt. Það er skoðun flutningsmanna að hann beri að efla eins og kostur er. Með sama hætti er það skoðun flutningsmanna að Alþingi eigi að styðja það frumkvæði sem fram kemur í þessari athyglisverðu tillögu stúdentaráðs Íslands um sumarmissiri við Háskóla Íslands.

Áætlaður kostnaður við verkefni er um 30 millj. kr., fyrir utan hlut Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að Háskólinn beri svonefndan fastan kostnað við verkefnið, þ.e. kostnað af húsnæði, ræstingu, skráningu og allri almennri umsýslu við námskeiðin. Framlagi ríkisins er hins vegar ætlað að mæta beinum kostnaði við kennslu og fyrirlestrahald, svo sem launum kennara. Einnig gæti komið til athugunar að sveitarfélögin legðu fram hluta af kostnaði sem tæki mið af fjölda nemenda eftir lögheimili þeirra.

Því verður ekki haldið fram að hér sé um mikla fjármuni að ræða í ljósi þeirra kosta sem sumarmissiri fylgja. Það er skoðun flutningsmanna að kostir þess séu óumdeilanlegir til að mæta bágu atvinnuástandi og til að auðvelda stúdentum nám og endurmenntun sem er lykilinn að framþróun í íslensku efnahagslífi.

Með þingsályktunartillögu þessari fylgir með sem sérstakt fylgiskjal yfirlit yfir helstu kosti sumarmissiris við Háskóla Íslands sem stúdentaráð hefur sett fram.

Fylgiskjal.

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

Helstu kostir sumarmissiris við Háskóla Íslands.

1. *Ný leið til að mæta bágu atvinnuástandi:*
   — getur minnkað framboð á vinnuafli yfir sumartímann,
   — getur verið liður í að mennta atvinnulausa,
   — getur verið þáttur í endurmenntunarstefnu stjórnvalda.
2. *Sumarmissiri er sérlega fýsilegt fyrir háskólastúdenta:*
   — auðveldar námsmönnum að svara síauknum kröfum LÍN um námsframvindu,
   — opnar leiðir til að dreifa vinnuálagi háskólanáms yfir allt árið; það getur skipt sköpum fyrir barnafólk,
   — nám er góður valkostur í samanburði við atvinnubótavinnu,
   — annað snið yrði á kennslunni; þróun í átt til nýrra kennsluhátta, enn sjálfstæðari vinnubragða háskólastúdenta og sjálfsnáms,
   — flýtir fyrir útskrift, styttir námstíma og hraðar þar með ferðinni út á almennan vinnumarkað, getur lengt starfsævi.
3. *Framlög í sjóð fyrir sumarmissiri eru góður kostur:*
   — fyrir ríki og sveitarfélög, ódýr leið til að sannreyna sumarmissiri sem nýja leið í erfiðu árferði,
   — fyrir ríkissjóð, annars tómt húsnæði háskólans nýtist yfir sumartímann líka,
   — fyrir ríkissjóð, námsmenn ljúka lokaprófum fyrr og skila sér hraðar út á vinnumarkaðinn,
   — fyrir sveitarfélög, vænlegur kostur í stað þess að sjá háskólastúdentum fyrir kostnaðarsamri atvinnubótavinnu.

165. Svar [67. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um tekjustofna til vegagerðar.

1. *Hvaða tekjustofnum ríkisins er lögum samkvæmt ætlað að verja til vegagerðar?*

Samkvæmt lögum eru tekjustofnar, sem renna skulu til vegagerðar, sérstakt vörugjald af bensíni — bensíngjald — og þungaskattur af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín. Þungaskattur er með tvennum hætti. Bifreiðar yfir 4 tonn að leyfðri heildarþyngd greiða kílómetragjald samkvæmt ökumæli en eigendur léttari bifreiða geta valið milli kílómetragjalds og fasts árgjalds. Gjaldskrár tekjustofnanna eru ákveðnar með reglugerð og mega fylgja byggingarvísitölu. Sú heimild hefur þó ekki alltaf verið notuð.

2. *Hvað hafa tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofnum verið háar, í krónum talið, á síðustu tíu árum og hver má ætla að hafi á þeim tíma verið hlutur einstakra kjördæma í öflun þeirra?*

Breytingar voru gerðar á lögum um markaða tekjustofna til vegagerðar á árinu 1985 og eru því tölur frá 1984 og 1985 ekki í samræmi við tölur síðari ára. Frá og með árinu 1986 hafa markaðir tekjustofnar staðið undir öllum útgjöldum Vegagerðarinnar. Nokkrum sinnum hafa markaðar tekjur verið skertar beint og nokkrum sinnum hefur Vegagerðin fengið aukafjárveitingar, einkum vegna óvenjumikils snjómoksturs. Nú á síðustu árum hefur komið til fé til framkvæmdarátaks í atvinnumálum en það á að greiðast til baka síðar af mörkuðum tekjustofnum.

Innheimtar markaðar tekjur hafa verið sem hér segir:

Ár	Á verðlagi hvers árs m.kr.	Meðal-byggingar-vísitala	Á verðlagi júlí 1994 m.kr
1986	1.960,0	83,9	4.608,1
1987	2.288,9	98,7	4.575,9
1988	2.942,5	116,4	4.987,6
1989	4.056,2	142,3	5.624,0
1990	4.502,4	169,6	5.237,8
1991	5.163,3	183,1	5.563,7
1992	5.730,2	188,2	6.007,3
1993	6.158,0	192,0	6.328,0
1994	6.440,0	197,3	6.440,0*
1995	6.450,0	197,3	6.450,0*
		Samtals	**55.822,4**

* Tölur fyrir 1994 og 1995 er samkvæmt áætlun.

Ekki liggur fyrir skipting á innheimtu tekna eftir kjördæmum. Olíufélögin hafa ekki fengist til að gefa upp bensínsölu eftir svæðum og þungaskattur hefur heldur ekki verið skoðaður með þetta í huga. Líklega mætti fá vísbendingar með því að skoða bifreiðaeign eða íbúafjölda en þeir mælikvarðar gætu þó vart verið nákvæmir.

166. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 7. tölul. 1. mgr. 31. gr. kemur: þremur.

2. gr.

Við 56. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Við yfirtöku félaga, þ.e. þegar félag kaupir það stóran hlut í öðru félagi að það nær yfirráðum, haldast skattaleg réttindi og skyldur beggja félaganna óbreytt. Sama á við þegar einstaklingar yfirtaka félag.

3. gr.

57. gr. A orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 56. gr. og 57. gr. er ekki heimilt að flytja rekstrartap milli félaga, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 56. gr. er ekki heimilt að nýta rekstrartap félags sem yfirtekið er, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, ef skattyfirvöld telja ljóst að skattasniðganga hafi verið meginmarkmið yfirtökunnar.

4. gr.

Fyrirsögn 56.–57. gr. A verður: **Sameining og yfirtaka félaga.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1995 á tekjur ársins 1994.

Greinargerð.

Ónotuð rekstrartöp voru á árinu 1994 samkvæmt álagningu 86 milljarðar króna og höfðu þá hækkað um 20 milljarða króna á síðustu tveimur árum. Hér er um að ræða fortíðarvanda fyrirtækja sem verður framtíðarvandi skattþegnanna í landinu. Slík rekstrartöp hafa m.a. verið nýtt af velstæðum fyrirtækjum sem kaupa til sín illa stödd eða gjaldþrota fyrirtæki fyrir óverulegar fjárhæðir. Þessi rekstrartöp nýta fyrirtækin síðan til frádráttar hagnaði og draga þannig úr skattgreiðslum sínum til samfélagsins. Svo langt er gengið að þessi töp eru auglýst til sölu.

Með lögum nr. 85/1991 var heimild félaga, sem sameinast til að nýta sér rekstrartap, takmörkuð nokkuð. Meðal annars var gert að skilyrði að félög, sem sameinuðust, störfuðu í skyldum atvinnurekstri og jafnframt að allt yfirfært tap hefði myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tæki hefði með höndum. Fljótlega kom í ljós að menn fundu ýmsar leiðir til að fara fram hjá ákvæðinu, t.d. með því að láta það félag, sem tapið hafði myndast í, halda áfram rekstri en ekki félagið með hagnaðinn eins og ákvæðið gerir ráð fyrir. Þá hefur einnig allnokkuð borið á því að í stað þess að sameinast hafi félög, sem sýna mikinn hagnað, keypt nægilega stóran hlut til að öðlast yfirráð í félögum sem átt hafa uppsafnað tap. Síðan hefur tilgangi síðarnefnda félagsins verið breytt og yfirtökufélagið þannig í raun getað nýtt sér hið uppsafnaða tap. Þótt um alls óskyldan rekstur hafi verið að ræða hefur 57. gr. A ekki náð yfir þessi tilvik þar sem ekki er um raunverulega sameiningu að ræða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimildir fyrirtækja til að nýta sér rekstrartöp verði mjög þrengdar. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að heimild fyrirtækis til að nýta sér rekstrartap nái aðeins þrjú ár aftur í tímann í stað fimm ára eins og reglan er í dag. Sú breyting mun draga verulega úr ónotuðum rekstrartöpum í framtíðinni. Þá er reynt að bæta úr annmörkum núverandi 57. gr. A á tvennan hátt. Annars vegar er gert ráð fyrir að greininni verði breytt á þann hátt að fyrirtækjum verði ekki lengur heimilt að kaupa upp rekstrartap annarra fyrirtækja með því

að sameinast þeim. Hins vegar er lagt til að sett verði í lögin ný ákvæði um yfirtöku þannig að skattyfirvöld geti neitað um frádrátt vegna rekstrartaps ef þeim þykir ljóst að skattasniðganga hafi verið meginmarkmiðið með yfirtöku. Í samræmi við þessar síðastnefndu breytingar er fyrirsögn 56.–57. gr. A breytt.

167. Frumvarp til laga [154. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftir 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú heldur maður heimili með og framfærir barn sitt á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, og á ekki rétt á millifæranlegum persónuafslætti skv. 2. mgr., skal honum þá heimil nýting 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins og skulu ákvæði 2. mgr. gilda um ráðstöfun persónuafsláttarins hjá framfæranda. Sækja ber um slíka meðferð til ríkisskattstjóra.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef launamaður eða maki hans hefur eigi nýtt allan persónuafslátt launamannsins og ekki haft tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu sem honum samsvarar er launamanni heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti. Falla má frá skilyrðum um útgáfu skattkortsins ef óyggjandi upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun hans, t.d. skráning fyrri launagreiðanda á kortið um nýtingu afsláttarins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr.

a. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um meðferð og millifærslu á persónuafslætti barna á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, sem eru á framfæri foreldra sinna.

b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skattkort maka og barna.*

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 1995 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1996 á tekjur á árinu 1995 og eignir í lok þess árs.

Greinargerð.

Með frumvarpi því, sem hér er flutt, eru lagðar til tvær meginbreytingar á reglum skattalaga um persónuafslátt. Í fyrsta lagi er lagt til að þeim sem hafa á framfæri sínu barn á aldrinum 16–19 ára sé heimilt að nýta 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins og í öðru lagi að skattþegn verði heimilað að nýta uppsafnaðan persónuafslátt sinn, hversu lítill sem hann er, um leið og hann hefur störf að loknu tímabundnu hléi eða þegar farið er af lægri launum yfir á laun sem fullnýta persónuafslátt.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði sem heimila hjónum eða sambýlisfólki að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti þess sem lægri tekjur hefur. Engar slíkar heimildir eru fyrir hendi um nýtingu óráðstafaðs persónuafsláttar barna. Verður að telja að í því felist mikið óréttlæti, einkum þegar í hlut eiga einstæðir foreldrar. Framfærslukostnaður vegna barna 16 ára og eldri er mjög mikill og ljóst að þau afla sér aðeins tekna fyrir litlum hluta af þeim kostnaði sem hlýst af framfærslu þeirra og skólagöngu. Samkvæmt könnun, sem Félag einstæðra foreldra gerði á árinu 1991 á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára, var hann áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Hér er um mjög mikil útgjöld að ræða, ekki síst í ljósi þess að ætla má að stór hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þeir þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Búast má við að hjá mörgum foreldrum sé framfærslukostnaður barna á aldrinum 16–19 ára jafnvel meiri en þetta.

Samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum fyrir árið 1994 vegna tekna á árinu 1993 er ónýttur skattafsláttur þeirra sem eru fæddir á árunum 1973–77, að báðum árum meðtöldum, um 2,5 milljarðar króna og fjöldi þeirra er 16.704. Aðeins um 30% barna 16–19 ára hafa verið úti á vinnumarkaðinum undanfarin ár. Mikill meiri hluti barna á þessum aldri, eða um 70%, hefur hins vegar farið í framhaldsskóla. Ljóst er að þau börn, sem eru í skóla, afla sér það lítilla tekna að skattafslátturinn er langt frá því að nýtast að fullu. Öll sanngirni mælir því með því að foreldrum sé heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna með sama hætti og nú er mögulegt milli hjóna og sambýlisfólks.

Hitt efnisatriði þessa frumvarps felur í sér að skattþegn geti nýtt sér uppsafnaðan persónuafslátt sinn um leið og hann hefur störf að loknu tímabundnu hléi, svo sem vegna atvinnuleysis eða þegar farið er af lægri launum yfir á laun sem fullnýta persónuafslátt. Gildandi lög gera kröfu um að 50% persónuafsláttar séu vannýtt til að heimilt sé að sækja um útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti og jafnframt gildir sú regla að ekki er unnt að sækja um uppsafnaðan persónuafslátt fyrr en eftir 1. júlí ár hvert. Þessi skilyrði eru mjög þröng og óeðlileg. Ljóst er að það getur komið sér afar illa fyrir fólk sem t.d. hefur búið við atvinnuleysi eða veikindi að geta ekki nýtt ónýttan persónuafslátt þegar það hefur vinnu að nýju, nema 50% persónuafsláttar séu vannýtt. Auk þess verður að telja það eðlilegt réttlætismál að hægt sé að sækja um ónýttan persónuafslátt þegar þörf er fyrir hann en að umsókn sé ekki bundin við að sækja um að fullnýta uppsafnaðan persónuafslátt fyrr en eftir 1. júlí ár hvert.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að þeir foreldrar, sem ekki eiga rétt á millifæranlegum persónuafslætti milli hjóna eða sambúðaraðila, skv. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, geti sótt um að fá að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti barna sinna á aldrinum 16–19 ára. Það er þó skilyrði að barnið búi á heimili foreldra sinna og sé á framfæri þeirra. Gera má ráð fyrir að það verði helst einstæðir foreldrar sem geti nýtt sér þennan rétt.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á ákvæði staðgreiðslulaga um nýtingu uppsafnaðs persónuafsláttar. Þar ber fyrst að nefna að hægt verði að nýta sér ónotaðan persónuafslátt á árinu hversu lítill sem hann er en núverandi regla gerir ráð fyrir að rétturinn falli niður ef launamaður hefur nýtt meira en 50% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann til maka. Þá er fellt niður skilyrðið um að komið þurfi að vera fram yfir mitt staðgreiðsluár. Þannig getur t.d. launþegi, sem hefur starf 1. apríl á staðgreiðsluári, farið fram á að fá að nýta sér uppsafnaðan afslátt fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Loks er gert ráð fyrir tæknilegri breytingu á staðgreiðslulögunum þannig að falla megi frá því skilyrði að sækja þurfi um útgáfu sérstaks skattkorts ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi um uppsöfnun afsláttarins.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að laga ákvæði staðgreiðslulaganna um skattkort til samræmis við I. kafla frumvarpsins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

168. Fyrirspurn [155. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um hlutdeild áfengis og tóbaks í grunni framfærsluvísitölu.

Frá Ágústu Gísladóttur.

1. Hvaða rök eru fyrir því að áfengi og tóbak eru hluti af grunni framfærsluvísitölunnar?
2. Er fyrirhuguð endurskoðun á hlutdeild áfengis og tóbaks í grunni framfærsluvísitölunnar?
3. Telur ráðherra eðlilegt að verð á áfengi og tóbaki hafi áhrif á framfærsluvísitöluna?

169. Fyrirspurn [156. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvenær er þess að vænta að nefnd sú, sem ráðherra skipaði 15. júní sl. til þess að endurskoða lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, hefji störf, og hvernig hyggst ráðherra mæta samhljóða áliti félagsmálanefndar Alþingis frá því í apríl sl. þar sem áhersla var lögð á að endurskoðun laganna yrði hraðað og frumvarp þar um lagt fram nú í haust?

170. Fyrirspurn [157. mál]

til félagsmálaráðherra um húsaleigubætur.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar urðu niðurstöður viðræðna ráðherra við forráðamenn sveitarfélaga um undirbúning að framkvæmd húsleigulaga, sbr. yfirlýsingu ráðherra þar um á Alþingi 6. maí sl., og eru einhverjar tillögur væntanlegar um breytingu á lögunum?
2. Hvernig miðar athugun á málefnum Búseta í tengslum við húsaleigulög áður en þau taka gildi um næstu áramót, sbr. áðurnefnda yfirlýsingu ráðherra?

171. Fyrirspurn [158. mál]

til fjármálaráðherra um skattfrelsi leigutekna af íbúðarhúsnæði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvenær er þess að vænta að fram verði lagt frumvarp til laga um að leigutekjur af íbúðarhúsnæði, allt að 300 þús. kr. á ári, verði undanþegnar tekjuskatti og útsvari, sbr. yfirlýsingu forsætisráðherra f.h. fjármálaráðherra á Alþingi 6. maí sl. um að slíkt frumvarp yrði lagt fram í upphafi þessa þings?

172. Fyrirspurn [159. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað við rekstur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver varð kostnaðurinn við rekstur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins á síðasta ári og hvað er áætlað að hann verði mikill á þessu ári samkvæmt fjárhagsáætlun?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun fyrir hverja svæðisstöð fyrir sig:
a. Útgjöld alls.
b. Tekjur alls.
c. Fjöldi stöðugilda.
d. Hlutfall kostnaðar af heildarkostnaði við rekstur Ríkisútvarps, hljóðvarps.

2. Hver eru áform Ríkisútvarpsins um rekstur svæðisstöðvanna og dagskrárgerðar á þeirra vegum, þar með talinn flutning starfa frá höfuðstöðvum stofnunarinnar til svæðisstöðvanna?

Skriflegt svar óskast.

173. Fyrirspurn [160. mál]

til menntamálaráðherra um dreifikerfi Ríkisútvarpsins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver hefur verið kostnaður Ríkisútvarpsins við uppbyggingu og viðhald dreifikerfis stofnunarinnar árlega frá 1986 á verðlagi nú?
2. Hver er áætlaður kostnaður við að koma upp þeim tækjakosti og dreifikerfi sem þarf til þess að sendingar
   a. Rásar 1,
   b. Rásar 2,
   c. sjónvarps,
   d. aukarásar hljóðvarps,

   nái til allra landsmanna?

   Í hverjum staflið óskast tilgreint hvar þurfi búnað, hvernig búnað og hver áætlaður kostnaður er.

Skriflegt svar óskast.

174. Fyrirspurn [161. mál]

til menntamálaráðherra um niðurfellingu afnotagjalda af útvarpi og um aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve margir elli- og örorkulífeyrisþegar hafa fengið felld niður afnotagjöld af útvarpi hvert ár frá 1986 og hvert hefur tekjutap Ríkisútvarpsins orðið vegna þess ár hvert og samtals á tímabilinu?

Óskað er eftir að fjárhæðir séu tilgreindar á verðlagi hvers árs og einnig á verðlagi nú.

2. Hve hárri fjárhæð námu aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og búnaði til þeirra ár hvert frá og með 1986, á verðlagi hvers árs og framreiknað til verðlags nú, og hve mikið af þessum gjöldum rann í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins hvert ár?

Skriflegt svar óskast.

175. Fyrirspurn [162. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað við dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver varð kostnaður við þáttagerð og dagskrárgerð á vegum skrifstofu framkvæmdastjóra Ríkisútvarps, sjónvarps, 1. apríl 1993 til 1. apríl 1994 og hver er þessi kostnaður áætlaður 1. apríl 1994 til 1. apríl 1995?
2. Hver varð kostnaðurinn við þáttinn Dagsljós í sjónvarpinu frá 1. október 1993 til 1. október 1994? Hver er áætlaður kostnaður við sama þátt frá 1. október 1994 til 1. október 1995?

   Óskað er svofelldrar sundurliðunar fyrir hvert ár fyrir sig:

   a. Útgjöld alls.
   b. Tekjur alls.
   c. Fjöldi stöðugilda.
3. Hver varð kostnaður við aðra innlenda dagskrárgerð í sjónvarpinu á sama tíma, þ.e. frá 1. apríl 1993 til 1. apríl 1994, og hver er áætlaður kostnaður frá 1. apríl 1994 til 1. apríl 1995?

Skriflegt svar óskast.

176. Fyrirspurn [163. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning garðávaxta.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Eru áform um að stytta það tímabil þegar leyfður er innflutningur garðávaxta?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að ekki verði meira til í landinu en sem nemur hálfs mánaðar birgðum af innfluttu grænmeti í lok innflutningstímabils?

177. Fyrirspurn [164. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hve oft hefur Þróunarsjóðurinn greitt styrki til úreldingar fiskiskipa frá gildistöku laga um sjóðinn?
2. Hve gömul eru þau fiskiskip sem hafa verið úrelt og frá hvaða landshlutum eru þau?
3. Hversu margar úreldingarumsóknir liggja fyrir sem ekki er búið að afgreiða?
4. Hefur eitthvert þeirra skipa, sem greitt hefur verið fyrir, jafnframt fengið greitt fyrir tjón sem bætt er af vátryggingafélagi?

Skriflegt svar óskast.

178. Svar [102. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um útboð Vegagerðar ríkisins.

1. *Notar Vegagerð ríkisins sérstakan skilmála í sínum útboðsgögnum sem heitir ÍST 30?*

Um verk, sem boðin eru út af Vegagerðinni, gilda almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, ÍST 30, frá september 1988 með nokkrum breytingum og viðbótum sem gerðar hafa verið af Vegagerðinni. Sérskilmálar Vegagerðarinnar við ÍST 30 hafa verið felldir inn í meginmál staðalsins og hann gefinn þannig út af Staðlaráði Íslands 1. júní 1990.

2. *Hversu margir verktakar hafa lögsótt Vegagerðina síðustu fimm ár þar sem þeir telja að hún hafi ekki sjálf farið að eigin skilmálum?*

Frá árinu 1989 hafa tveir verktakar sótt mál á hendur Vegagerðinni vegna ágreinings um verksamning:

a. Hagvirki hf. gegn Vegagerðinni rekið fyrir gerðardómi Verkfræðingafélags Íslands. Dómur var kveðinn upp 21. mars 1989. Krafa Hagvirkis hljóðaði upp á 30.922.795 kr. Vegagerðin bauð að greiða 1.200.000 kr. af tilgreindum ástæðum. Gerðardómurinn ákvað greiðslu til Hagvirkis að fjárhæð 1.910.000 kr. Málskostnaður, sem var verulegur, skiptist til helminga milli málsaðila.
b. Þrotabú Óskars Hjaltasonar gegn Vegagerðinni og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Dómur var kveðinn upp 12. mars 1990. Krafa þrotabúsins hljóðaði upp á 10.509.487 kr. Vegagerðin hafnaði kröfunni. Vegagerðin og ríkissjóður voru sýknuð í bæjarþingi Reykjavíkur og þrotabúið var dæmt til að greiða stefndu 450.000 kr. í málskostnað.

3. *Hversu margir verktakar hafa gert kröfur á hendur Vegagerðinni síðustu fimm ár af því að þeir telja að um rangar upplýsingar hafi verið að ræða í útboðsgögnum?*
4. *Hversu mörgum aðilum hefur Vegagerðin boðið bætur vegna ósamkomulags eða vegna aukaverka í kjölfar ónákvæmra útboðsgagna á síðustu fimm árum?*
5. *Hversu oft hefur Vegagerðin viðurkennt galla í útboðslýsingu eftir samninga í kjölfar tilboða?*

Frá og með árinu 1989 hefur Vegagerðin boðið út um það bil 300 verk í sjö umdæmum. Yfirgnæfandi meiri hluti þessara verka er jarðvinnuverk sem taka yfir allstór eða stór svæði, bæði vegstæði og í námum. Vegna breytileika jarðvegs í vegstæði og jarðefna á námusvæðum er almennt ekki gerlegt að rannsaka aðstæður og útbúa gögn með þeim hætti að ekki þurfi að breyta neinu eða leiðrétta í verkinu sjálfu. Í samræmi við þetta koma fram einhverjar kröfur af hálfu verktaka í mjög mörgum verkum. Kröfur þessar eru settar fram með ýmsum hætti, sjaldnast skriflega, oft ræddar á verkfundum og skráðar í verkfundargerðir ef þess er farið á leit af verktaka. Oft kemur til aukagreiðslna vegnabreytinga á verki eða aukaverka og í flestum tilvikum kemur slíkt ekki fram fyrr en við uppgjör, þ.e. á reikningum sem samþykktir eru.

Langoftast eru breytingar og leiðréttingar mjög smáar í hlutfalli við verkið sjálft. Einstöku sinnum kemur þó fyrir að verktakar telja að verulegar breytingar á forsendum séu fyrir hendi og hafa uppi stærri kröfur. Þessi tilvik eru þó varla nema þrjú til fimm á ári. Þegar svona stendur á er reynt að semja og tekst það oftast. Í útboðsgögnum eru ákvæði sem segja til um hvernig með ágreiningsmál skuli fara ef samningar takast ekki. Í svari við 2. spurningu koma fram þau tvö dæmi um málsskot til gerðardóms og héraðsdóms sem átt hafa sér stað frá og með 1989. Niðurstöður beggja dómanna eru mjög nálægt afstöðu Vegagerðarinnar eins og hún lá fyrir áður en málin gengu til dóms.

Hér hefur verið fjallað almennt um þau málefni sem um er rætt í 3.–5. spurningu. Beinar tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir. Með hliðsjón af því hvernig þessi mál eru vaxin og lýst er stuttlega hér að framan er mjög torvelt að afla tölulegra upplýsinga og í sumum tilvikum ógerlegt.

6. *Ber Vegagerðin ábyrgð á eigin útboðsgögnum?*

Ekki þykir með öllu ljóst hvað átt er við með þessari spurningu. Ef um er að ræða ábyrgð á röngum eða villandi útboðsgögnum er svarið já.

179. Frumvarp til laga [165. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Atvinnuleyfi: Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa á Íslandi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.

Tímabundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.

Óbundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar: Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vist á heimili.

Atvinnuleyfi til bráðabirgða: Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða til bráðabirgða útlendinga, einn eða fleiri, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Atvinnurekstrarleyfi: Leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki.

Atvinnurekandi: Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.

Útlendingur: Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

3. gr.

Veiting leyfa samkvæmt lögum þessum heyrir undir félagsmálaráðherra.

Ráðherra er heimilt að fela opinberri stofnun að gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu í reglugerð.

Viðskiptaráðherra veitir atvinnurekstrarleyfi til útlendinga sem eiga lögheimili eða eru búsettir erlendis, sbr. ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis. Slíkt leyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum eða lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Útlendingar, sem falla undir ákvæði 13. og 14. gr., eru undanþegnir ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

Óheimilt er að veita útlendingi leyfi samkvæmt lögum þessum sem hefur ekki dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott.

6. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna á Íslandi samkvæmt þeim reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

III. KAFLI
Atvinnuleyfi.

7. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi.

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu,
b. að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands,
c. að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda; í ráðningarsamningi skal einnig vera ákvæði um flutning hlutaðeigandi frá Íslandi að starfstíma loknum, svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á,
d. að fyrir liggi heilbrigðisvottorð hlutaðeigandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins.

Atvinnuleyfi, sem veitt er í fyrsta skipti samkvæmt þessari grein, skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði sem fram koma í a-c-liðum.

Umsögn, sbr. b-lið 1. mgr., skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnuleyfi.

Áður en atvinnuleyfi er veitt samkvæmt þessari grein rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á hlutaðeigandi stað séu slíkar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi.

Heimilt er að veita útlendingi, sem er ríkisborgari í ríki sem hefur gert samning við íslensk stjórnvöld um atvinnuréttindi eða er aðili að alþjóðasamningum um félagsleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt, leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi í lengri tíma en greinir í 2. mgr.

8. gr.

Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi hafi hann samfellt átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár.

Skilyrði þess að leyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr.,
b. að hlutaðeigandi útlendingur hafi öðlast ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi, sbr. lög um eftirlit með útlendingum.

Heimilt er að veita útlendingi, er hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein.

Leyfi samkvæmt þessari grein gildir meðan útlendingur hefur hér fasta búsetu.

Ef ástæða þykir til er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi sem veitt er samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Atvinnurekstrarleyfi.

Útlendingur, sem á lögheimili á Íslandi, getur fengið leyfi til að starfa sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

a. að umsækjandi sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu,
b. að leitað hafi verið umsagnar hlutaðeigandi heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins um umsóknina.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfsemi. Sé hún háð heimild annarra stjórnvalda skal umsækjandi leggja fram vottorð þess stjórnvalds um að hann geti fengið leyfi til starfseminnar. Ekki skal veita atvinnurekstrarleyfi í fyrsta skipti til lengri tíma en þriggja ára. Við endurnýjun er heimilt að veita slíkt leyfi til ótakmarkaðs tíma.

Heimilt er að synja manni um atvinnurekstrarleyfi hafi hann verið sviptur starfsréttindum, sbr. ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Umsögn, sbr. b-lið 1. mgr., skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnurekstrarleyfi.

10. gr.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.

Heimilt er að veita útlendingi, sem stundar fullt nám við íslenskan skóla samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu í tengslum við nám, með námi eða í námsleyfum.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt þessari grein er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla og umsögn stéttarfélags eða viðkomandi landssambands. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

Nánar skal kveðið á um atvinnuleyfi útlendinga, sem hafa lokið prófum frá íslenskum skólum, í reglugerð.

11. gr.

Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending í vist á íslensku heimili. Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur á milli aðila þar sem fram kemur gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími og réttur til að stunda nám. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis. Útlendingur, sem óskað er eftir að ráða samkvæmt þessari grein, skal hafa náð 17 ára aldri og ekki vera eldri en 30 ára.

Félagsmálaráðuneytið skal ákveða upphæð vasapeninga sem greiða skal útlendingi sem ráðinn hefur verið í vist skv. 1. mgr.

Ráðuneytinu er heimilt að veita stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum heimild til milligöngu um og eftirlit með ráðningum skv. 1. mgr. Aðilum, sem fá slíka heimild, er skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um þessa starfsemi ef eftir þeim er leitað. Ráðuneytið skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Á eyðublaðið skal prenta upplýsingar um ábyrgð þess sem ræður til sín útlending í vist, m.a. í sambandi við sjúkra- og slysatryggingar.

Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings skv. 1. mgr. nema til eins árs.

12. gr.

Atvinnuleyfi til bráðabirgða.

Heimilt er að veita atvinnurekanda nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða. Við útgáfu slíkra atvinnuleyfa skal gætt ákvæða 1.–4. mgr. 7. gr. að undanskildum c- og d-liðum 1. mgr.

Áður en útlendingur, sem hefur verið heimilað að ráða skv. 1. mgr., kemur til landsins ber að fá leyfi útlendingaeftirlitsins til landgöngu.

Atvinnurekandi, sem hefur fengið heimild til ráðningar samkvæmt þessari grein, skal leggja fram tilskilin gögn innan 14 daga frá komu útlendingsins til landsins, sbr. c- og d-liðum 1. mgr. 7. gr.

IV. KAFLI
Undanþágur.

13. gr.

Ekki þarf að sækja um leyfi samkvæmt lögum þessum fyrir:

a. Ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið hafi þeir fengið dvalarleyfi eða afhent manntalsskrifstofu norrænt flutningsvottorð.
b. Útlendinga sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
c. Útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

14. gr.

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
b. Listamenn að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum.
c. Íþróttaþjálfarar.
d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.

Sérhæfðir starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að 10 daga á ári hér á landi.

V. KAFLI
Viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða þann sektum er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending er starfar án leyfis. Sömu refsingu varðar það ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði er sett kunna verða í leyfi sem veitt eru samkvæmt lögum þessum.

Hafi aðili hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína ber þeim aðila að sjá um brottflutning slíks erlends starfsmanns innan þess tíma sem ráðherra tiltekur ríkissjóði að kostnaðarlausu.

16. gr.

Heimilt er að afturkalla leyfi sem veitt eru samkvæmt lögum þessum ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

17. gr.

Ef útlendingur stundar atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi í andstöðu við ákvæði laga þessara er útlendingaeftirlitinu heimilt að vísa honum úr landi, sbr. ákvæði laga um eftirlit með útlendingum.

18. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

19. gr.

Þegar það á við skal tilkynna útlendingi leyfisveitingu eða synjun er hann varðar. Allar leyfisveitingar og synjanir skulu tilkynntar útlendingaeftirlitinu.

Við útgáfu atvinnuleyfis skal afhenda útlendingi, eða umboðsmanni hans, skírteini þar sem fram koma upplýsingar um réttindi hans til að stunda vinnu á Íslandi. Í skírteininu skulu vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Útlendingur skal hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður óskar þess. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinið. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess.

20. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal árlega leita álits helstu samtaka atvinnurekanda og launafólks á stefnu sem fylgt er við veitingu atvinnuleyfa til ráðningar á útlendingum til starfa á Íslandi.

Ráðuneytið útbýr og dreifir prentuðum upplýsingum til sendiráða Íslands og annarra er þess óska. Greint skal frá reglum um dvalarleyfi, almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna, réttindum og skyldum sem erlent starfsfólk tekst á hendur við ráðningu í vinnu. Það skal enn fremur gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna umsókna um atvinnuleyfi.

21. gr.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26/1982, með síðari breytingum, um atvinnuréttindi útlendinga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir. Sífellt hefur orðið algengara að Íslendingar flytjist til annarra landa til lengri eða skemmri búsetu. Ástæðurnar eru margvíslegar. Atvinna og nám eru sennilega þeirra algengastar. Þetta gildir einnig um erlenda ríkisborgara. Ýmislegt hefur stuðlað að þessari þróun. Skipta þar mestu greiðari samgöngur og alþjóðasamningar sem auðvelda fólki að setjast að og fá leyfi til að vinna í öðrum löndum. Í þessu sambandi má nefna samning Norðurlanda um sameiginlegan vinnumarkað sem var undirritaður árið 1982. Aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu árið 1976 einfaldaði formsatriði varðandi leyfi til að vinna í öðrum aðildarríkjum sáttmálans. Mest áhrif munu samt verða af gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í ársbyrjun 1994. Í ljósi framangreindra breytinga er endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga orðin tímabær.

Félagsmálaráðherra skipaði 9. nóvember 1993 nefnd til að endurskoða gildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Í nefndina voru skipuð: Jóhann Jóhannsson, starfsmaður útlendingaeftirlitsins, samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra, Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ, samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og Lára V. Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Halldór Grönvold, skrifstofustjóri ASÍ, tók sæti Láru 1. september 1994.

Félagsmálaráðherra skipaði Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, formann nefndarinnar. Nefndin hélt samtals 24 fundi.

Auk þess að endurskoða lög um atvinnuréttindi útlendinga var nefndinni falið að taka sérstaklega til athugunar ákvæði um útgáfu sjálfstæðra atvinnurekstrarleyfa og atvinnuleyfi útlendinga er stunda nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir, einnig hvort ástæða sé til að gera frekari greinarmun en nú er gerður á atvinnuleyfum eftir störfum eða starfstíma. Með tilliti til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laga nr. 34/1991, var enn fremur talið nauðsynlegt að taka til endurskoðunar gildissvið laga um atvinnuréttindi útlendinga. Loks var endurskoðunarnefndinni falið að setja fram tillögur um einföldun á útgáfu atvinnuleyfa. Að öðru leyti var nefndinni í sjálfsvald sett hvaða ákvæði gildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga hún teldi nauðsynlegt að endurskoða.

Endurskoðunarnefndin hóf starf sitt með því að kynna sér gildandi lög í næstu nágrannalöndum um útgáfu atvinnuleyfa vegna ráðningar erlendra ríkisborgara. Fyrir hana voru einnig lagðar athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslur um framkvæmd ákvæða félagsmálasáttmála Evrópu. Fjallað er um atvinnuleyfi í 18. gr. sáttmálans. Sérfræðingar Evrópuráðsins hafa gagnrýnt ákvæði íslensku laganna um atvinnuleyfi útlendinga og talið þau vera fremur ströng. Nefndin hefur einnig haft til athugunar ákvæði samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um réttindi og aðbúnað farandverkamanna.

Við endurskoðun laganna fékk nefndin á fund sinn Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Signýju Sen, fulltrúa við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Enn fremur hafði formaður nefndarinnar samband við Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og fulltrúa samgönguráðuneytis.

Helstu nýmæli.

Frumvarp það, sem hér er lagt öðru sinni fyrir Alþingi, er árangur starfs framangreindrar nefndar sem endurskoðaði ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Nefndin hefur lagt megináherslu á að samstæðum efnisþáttum sé skipað í sama kafla frumvarpsins. Þannig er fjallað um gildissvið og orðskýringar í I. kafla og almenn ákvæði í II. kafla. Í III. kafla er fjallað um atvinnuleyfi. Rétt er að vekja athygli á þeirri breytingu að betur er greint á milli einstakra flokka atvinnuleyfa en gert er í gildandi lögum. Fjallað er um hvern flokk atvinnuleyfa í sérstakri grein. Í hlutaðeigandi grein er fjallað um skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis og til hversu langs tíma það skuli veitt. Í kaflanum er að finna ákvæði um tvo nýja flokka atvinnuleyfa. Lagt er til að nú þurfi erlendir ríkisborgarar, sem hér dvelja vegna náms, að sækja um atvinnuleyfi vilji þeir stunda vinnu með námi eða í leyfum. Enn fremur er lagt til að sérstök atvinnuleyfi verði veitt vegna ráðningar í vist á íslensk heimili. Hér er um að ræða svonefnda au pair ráðningu.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um undanþágur. Í honum er greint á milli tveggja tegunda af undanþágum. Tekið er mið af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og tillögum sem hafa verið til umfjöllunar í GATT-samningum um þjónustuviðskipti.

Ákvæði V. kafla, um viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa, og VI. kafla, sem hefur að geyma ýmis ákvæði, eru í öllum höfuðatriðum óbreytt frá hliðstæðum ákvæðum í gildandi lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins felast í eftirfarandi:

1. *Þrír flokkar atvinnuleyfa:* Greint er á milli þriggja tegunda atvinnuleyfa. Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til ráðningar útlendings til ákveðins starfs um tiltekinn tíma. Óbundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi til að vinna á Íslandi. Atvinnurekstrarleyfi felur í sér leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki. Að auki er gert ráð fyrir sérstökum atvinnuleyfum vegna erlendra námsmanna sem stunda nám í íslenskum skólum og vegna einstaklinga sem ráða sig í vist á íslensk heimili (au pair ráðningar).
2. *Tveir flokkar undanþágna:* Lagt er til að undanþágur frá kröfu um atvinnuleyfi verði tvenns konar. Varanlegar undanþágur, t.d. fyrir EES-borgara og starfsmenn sendimanna erlendra ríkja. Tímabundnar undanþágur verði einnig tvenns konar. Vegna vinnu hér á landi sem stendur í allt að fjórar vikur á ári. Í þessu tilviki er tekið mið af tillögum sem eru til umfjöllunar í þeim hluta GATT-viðræðnanna sem eru um þjónustuviðskipti. Undanþágan tekur annars vegar m.a. til vísindamanna og fyrirlesara, listamanna, íþróttaþjálfara og blaða- og fréttamanna. Hins vegar eru tilteknir leiðbeinendur og ráðgjafar undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu hér á landi sem stendur í allt að 10 daga á ári.
3. *Ákvæðið um atvinnurekstrarleyfi:* Lagt er til að krafa um atvinnurekstrarleyfi verði tekin upp að nýju. Veiting atvinnurekstrarleyfa verður þar með á vegum tveggja ráðuneyta. Félagsmálaráðherra veitir útlendingum með lögheimili hér á landi atvinnurekstrarleyfi. Viðskiptaráðherra fer með útgáfu atvinnurekstrarleyfa til útlendinga sem eiga lögheimili erlendis eða eru búsettir þar. Um þau leyfi gilda ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Kynning á frumvarpinu og umsagnir.

Frá því frumvarp þetta var fyrst lagt fyrir Alþingi í apríl 1994 hefur það verið kynnt fyrir hagsmunaaðilum. Það var kynnt á tveimur fundum sem félagsmálaráðuneytið stóð fyrir. Í fyrsta lagi var haldinn opinn kynningarfundur 5. maí sl. Á það var lögð áhersla að erlendir ríkisborgarar, sem búsettir voru hérlendis og vildu kynna sér efni frumvarpsins, mættu á fundinn. Frumvarpið var enn fremur á dagskrá samráðsfundar ráðuneytisins með helstu samtökum á vinnumarkaði vegna undirbúnings almennrar stefnumörkunar varðandi ráðningu erlends starfsfólks, sbr. 4. gr. gildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga. Á fundunum komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar um það sem betur mætti fara í frumvarpinu og er gerð grein fyrir þeim síðar í þessum kafla.

Félagsmálaráðuneytið sendi frumvarpið út til umsagnar hagsmunasamtaka, sbr. skrá í fskj. IV. Umsagnir bárust frá eftirtöldum: Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR), Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Jafnréttisráði, menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytinu, Samtökum iðnaðarins, Vélstjórafélagi Íslands og Vinnumálasambandinu.

BSRB, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Jafnréttisráð, Samband íslenskra sveitarfélaga og samgönguráðuneytið gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið komu fram:

BHMR telur að frumvarpið feli í sér nokkra þrengingu á þeim hugmyndum um réttarreglur sem liggja að baki samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar er bandalagið þeirrar skoðunar að frumvarpið feli í sér aukið frjálsræði og skýrari réttarreglur gagnvart öðrum útlendingum.

Um 4. gr.

BHMR gerir athugasemd við ákvæði um gildissvið laganna. Bandalagið telur einkennilegt að láta lögin taka til allra útlendinga en hafa undanþáguákvæði í 13. gr. sem m.a. taka til borgara frá aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Um b-lið 7. gr.

Miðstjórn ASÍ leggur mikla áherslu á ákvæði b-liðar 7. gr. um að leita þurfi umsagnar stéttarfélags varðandi veitingu tímabundins atvinnuleyfis. Miðstjórnin bendir á að með gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafi stéttarfélögin misst nær alla möguleika á að hafa áhrif á aðstreymi útlendinga inn á vinnumarkaðinn þar sem ákvæði um skyldu til að leita umsagnar stéttarfélaga sé ekki að finna í samningnum. Hér sé því um að ræða verulega breytingu frá því fyrirkomulagi sem ríkt hefur hér á landi í mörg ár. Nauðsynlegt sé að stéttarfélögin hafi tækifæri til að hafa áhrif á þessi mál svo að ekki verði um misnotkun að ræða.

BHMR telur óeðlilegt að veita stéttarfélögum vald til að hafna atvinnuleyfum útlendinga á grundvelli atvinnuástands. Bandalagið telur eðlilegra að fagstéttarfélög hafi eftirlit með því að útlendingar uppfylli fagleg hæfniskilyrði ekki síður en Íslendingar til að stunda þau störf sem gera sérstakar kröfur um faglegt hæfi. Í því sambandi telur bandalagið mikilvægt að stéttarfélögin fái vitneskju um alla útlendinga sem óska eftir atvinnuleyfi hér á landi í því skyni að bjóða þeim félagsaðild og tryggja þeim lögbundin lágmarkskjör samkvæmt viðkomandi kjarasamningum stéttarfélaganna.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggur áherslu á að veitt verði tímabundið hjúkrunarleyfi af heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu um leið og veitt er tímabundið atvinnuleyfi. Áður en slíkt leyfi verði veitt komi til kasta hjúkrunarráðs að meta hæfni erlendra einstaklinga sem sótt er um leyfi til að ráða til starfa hérlendis.

Samtök iðnaðarins eru sammála sérálitinu og leggja til að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sé umsagnaraðili um það þegar sótt er um að ráða útlending til starfa á Íslandi en ekki hlutaðeigandi stéttarfélag.

Vélstjórafélag Ísland er þeirrar skoðunar að umsagnarréttur stéttarfélags, þar sem fram komi álit á atvinnuástandi í viðkomandi atvinnugrein, sé eðlilegur varnagli áður en atvinnuleyfi er veitt.

Vinnumálasambandið er sammála sérálitinu og telur að efla beri vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Sambandið bendir á að með því að fela vinnumálaskrifstofunni og ráðgjafarnefnd hennar umsagnarrétt um veitingu atvinnuleyfis muni faglegt mat á atvinnuástandinu aukast. Það vekur á því athygli að skrifstofan geti haft samband við stéttarfélög ef þurfa þykir og kannað hug þeirra til veitingar atvinnuleyfa. Vinnumálasambandið vekur athygli á því að báðir aðilar vinnumarkaðarins eigi fulltrúa í ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofunnar og að formaður nefndarinnar sé annar varaforseti ASÍ og fulltrúi ASÍ í ráðgjafarnefndinni sé fyrrverandi varaforseti Alþýðusambandsins.

Þátttakendur í opnum kynningarfundi félagsmálaráðuneytisins voru sammála um að umsagnarréttur stéttarfélaga væri úrelt fyrirbrigði sem ætti að leggja niður. Á fundinum kom fram ósk um að í stað umsagnarréttar komi almennara fyrirkomulag eða að umsagnarrétturinn verði takmarkaður við heildarsamtök launafólks.

Um 8. gr.

ASÍ leggur til að sett verði ákvæði í greinina um skyldu til að leita umsagnar stéttarfélags um umsókn um óbundið atvinnuleyfi. Rök Alþýðusambandsins fyrir þeirri breytingu koma fram hér að framan þar sem fjallað er um athugasemdir við 7. gr.

Um 9. gr.

BHMR gerir hliðstæðar athugasemdir við 9. gr. og 7. gr. Bandalagið telur óskiljanlegt hvers vegna aðlar vinnumarkaðarins eigi að gefa umsögn um atvinnurekstrarleyfi. Hins vegar telur það mikilvægt að gerðar séu sömu kröfur um faglegt hæfi útlendinga í atvinnurekstri og Íslendinga. BHMR telur þess vegna eðlilegt að hlutaðeigandi fagstéttarfélög eigi að ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli skilyrði laga um faglegt hæfi.

Vinnumálasambandið leggur til að vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins verði falið að fara með umsagnarrétt um atvinnurekstrarleyfi.

Á opnum fundi félagsmálaráðuneytisins var vakin athygli á því að óeðlilegt væri að hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks fái umsagnarrétt um umsóknir um atvinnurekstrarleyfi. Það sé vafasamt að hugsanlegir samkeppnisaðilar fái veður af því hvað umsækjandi hyggst taka sér fyrir hendur með sjálfstæðum rekstri.

Um 10. gr.

Menntamálaráðuneytið telur að ákvæði greinarinnar muni væntanlega þrengja atvinnumöguleika erlendra námsmanna í tengslum við nám og í námsleyfum. Í sambandi við þetta bendir ráðuneytið á að slík þrenging gæti haft áhrif á möguleika þessara námsmanna til að standa straum af kostnaði við námsdvölina. Ráðuneytið lítur þó svo á að þetta sé vinnumarkaðsmál.

Á samráðsfundi félagsmálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins var spurt um það hvort vinnan þurfi að vera liður í námi hlutaðeigandi námsmanns til þess að atvinnuleyfi verði veitt. Ef svo sé ekki þurfi að breyta orðalagi greinarinnar.

Um 14. gr.

Miðstjórn ASÍ gerir í umsögn sinni að umtalsefni umfjöllun um hugtakið listamaður í athugasemdum við 14. gr. frumvarpsins. Í athugasemdunum er lagt til að hugtakið listamaður verði túlkað rúmt og taki til hljómlistarmanna. Miðstjórnin getur ekki fallist á þessa túlkun. Hún bendir á að starfstími erlendra hljómlistarmanna hér á landi er oft og tíðum stuttur einkum að því er varðar hljómlistarmenn sem stunda tónlistarflutning á veitingahúsum. Fram kemur ótti við að sú undanþága frá atvinnuleyfi, sem felst í 14. gr., leiði til óeðlilegs aðstreymis erlendra hljómlistarmanna sem takmarki atvinnumöguleika innlendra aðila. Í umsögninni segir að erlendir hljómlistarmenn, sem nytu góðs af undanþágunni, starfi oft hjá fyrirtækjum sem eru á mörkum hins opinbera hagkerfis. Miðstjórnin telur þau rök í athugasemdunum veigalítil sem byggjast á því að erfitt sé að framfylgja kröfunni um atvinnuleyfi í þessum tilvikum. Hún vill að reglur um störf erlendra hljómlistarmanna hér á landi verði hertar í því skyni að hindra undanskot á sköttum til hins opinbera. Niðurstaða miðstjórnarinnar er að undanþágan frá atvinnuleyfi taki ekki til hljómlistarmanna á veitingahúsum.

Á opnum fundi félagsmálaráðuneytsins kom fram gagnrýni á ákvæði greinarinnar. Á því var vakin athygli að vísindamenn og fyrirlesarar komi yfirleitt hingað til lands til lengri dvalar en 10 daga. Nær væri að miða undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi við einn til tvo mánuði.

Um 15. gr.

Miðstjórn ASÍ telur að ákvæði vanti í lögin um eftirlit og umsjón með því að fylgt sé ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga og telur hún að á því hafi verið misbrestur undanfarin ár. Því er lagt til að sett verði í frumvarpið skýr ákvæði um eftirlit með framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í hliðstæðri grein í gildandi lögum er tekið fram að þau gildi ekki um ríkisborgara til-tekinna landa. Hér er gert ráð fyrir að lögin taki til allra sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt. Í IV. kafla eru ákvæði sem heimila að vikið sé frá þeirri meginreglu laganna að erlendir ríkisborgarar þurfi að fá sérstakt leyfi til að starfa hér á landi.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um orð og hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Tekið er fram að veiting atvinnuleyfa heyri til verksviðs félagsmálaráðherra. Í greininni er félagsmálaráðherra heimilað að fela opinberri stofnun útgáfu atvinnuleyfa á grundvelli laganna og reglugerða sem kunna að verða settar með stoð í þeim. Hér er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti t.d. veitt stofnun sem fjallar um vinnumál eða jafnvel opinberri vinnumiðlun heimild til að annast útgáfu atvinnuleyfa. Þeirri leið er einnig haldið opinni að hægt sé að sameina útgáfu atvinnu- og dvalarleyfis á einum stað, t.d. hjá útlendingaeftirliti, enda þótt formleg leyfisveiting verði hjá félagsmálaráðherra eða stofnun sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Það er nauðsynlegt að við veitingu atvinnuleyfa sé tekið tillit til ástands og horfa á vinnumarkaði. Sérþekking á aðstæðum á vinnumarkaði er í félagsmálaráðuneytinu sem ráðuneyti vinnumála.

Í 3. mgr. er tekið fram að viðskiptaráðherra fari með heimild til að veita útlendingum, sem eiga lögheimili erlendis, leyfi til að stunda atvinnurekstur á Íslandi, sbr. ákvæði í 8. tölul. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Nánar er fjallað um þetta í athugasemdum við 9. gr.

Um 4. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að ráða útlending til starfa á Íslandi án þess að leyfi fyrir ráðningunni hafi áður verið veitt af til þess bæru stjórnvaldi. Í 3. mgr. er vísað til 13. og 14. gr. Þar er að finna nokkrar undantekningar frá þessari meginreglu laganna. Að undantekinni 3. mgr. samsvarar greinin 2. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar er að finna í 3. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar er óbreytt frá ákvæði í 10. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Í inngangi kemur fram að í frumvarpi þessu er greint á milli þriggja tegunda atvinnuleyfa. Samkvæmt greininni er lagt til að það sem áður var kallað atvinnuleyfi verði nú kallað tímabundið atvinnuleyfi. Þetta heiti gefur betur til kynna að um er að ræða mjög takmarkaða heimild til að stunda atvinnu á Íslandi. Skilyrði fyrir veitingu tímabundins atvinnuleyfis eru í öllum meginatriðum þau sömu og eru í gildandi lögum um veitingu atvinnuleyfa. Í greininni er að finna skilyrði fyrir veitingu leyfisins og einnig eru ákvæði um réttindi sem heimilt er að veita. Tekið er fram að heimilt er að veita það til eins árs í fyrsta skipti. Þetta er hliðstætt ákvæði í gildandi lögum. Nýmæli greinarinnar felst í heimild til að framlengja fyrsta leyfi um tvö ár. Eftir að leyfi hefur verið gefið út tvívegis á grundvelli greinarinnar getur útlendingur sótt um óbundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðum 8. gr.

Í upphaflegri gerð frumvarpsins, sem lögð var fyrir Alþingi til kynningar í apríl 1994, var gert ráð fyrir að ákvæði gildandi laga um umsagnarrétt hlutaðeigandi stéttarfélags yrði óbreytt. Í umsögnum og athugasemdum, sem borist hafa endurskoðunarnefndinni, hefur þetta verið gagnrýnt. Ýmist hefur verið lagt til að umsagnarrétturinn verði felldur niður eða tekið undir tillögu fulltrúa VSÍ í endurskoðunarnefndinni um að hann verði fenginn ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofunnar, sbr. sérálit sem fram kemur í fskj. I um orðalag b-liðar. Endurskoðunarnefndin hefur rætt þetta efni ítarlega á fundum sínum. Niðurstaða hennar er leggja til að í stað þess að það sé gert að skilyrði að leitað skuli umsagnar annaðhvort hlutaðeigandi stéttarfélags eða landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum verði umsagnarrétturinn bundinn við hlutaðeigandi stéttarfélag eða landssamband. Með þessari breytingu er opnuð sú leið að umsagnarréttur geti færst til landssambands. Slík þróun gæti leitt til þess að við mat á umsókn um atvinnuleyfi verði frekar tekið tillit til atvinnuástands á landinu öllu en tíðkast hefur fram til þessa. Á það skal lögð áhersla að fulltrúi VSÍ stendur við fyrri tillögur sem koma fram í áðurnefndu séráliti í fskj. I. Tekið skal fram að hann er einnig andvígur umsagnarrétti hlutaðeigandi landssambands.

Í niðurlagi greinarinnar er stjórnvöldum veitt heimild til að veita tilteknum útlendingum atvinnuleyfi til lengri tíma en greinir í 2. mgr. Hér er fyrst og fremst um tvo hópa að ræða. Í fyrsta lagi er átt við ríkisborgara í aðildarríkjum félagsmálasáttmála Evrópu, annarra en þeirra sem eru aðilar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Þau lönd, sem hér um ræðir, eru Kýpur, Malta og Tyrkland. Lagt er til að gildistími fyrsta atvinnuleyfis vegna borgara í þessum löndum verði tvö ár enda njóti Íslendingar hliðstæðra réttinda í þessum löndum. Í öðru lagi getur komið til álita að veita borgurum í ríkjum sem gera gagnkvæma samninga við Ísland um atvinnuleyfi rýmri rétt enda fái Íslendingar sama rétt í þeim löndum.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar fjallar að efni til um óbundið atvinnuleyfi eða það sem kallað er sjálfstætt atvinnuleyfi í gildandi lögum. Í frumvarpinu felst veruleg breyting frá núverandi fyrirkomulagi. Lagt er til að það verði viðurkennt að útlendingur, sem hefur dvalið hérlendis í þrjú ár, hafi fest rætur á Íslandi. Eftir þrjú ár geti útlendingur sótt um óbundið atvinnuleyfi, þ.e. leyfi sem er veitt honum persónulega en ekki atvinnurekanda.

Annað nýmæli felst í einföldun á skilyrðum fyrir óbundnu atvinnuleyfi. Fellt er niður ákvæði um þörf atvinnuveganna fyrir vinnuafl og krafa um umsögn stéttarfélags. Um þetta atriði varð ágreiningur í nefndinni sem endurskoðaði lögin. Fulltrúi ASÍ vildi að útgáfa óbundins atvinnuleyfis væri bundin því skilyrði að fyrir lægi umsögn stéttarfélags.

Einnig er tekið upp ákvæði í 3. mgr. um heimild til að veita flóttamönnum óbundið atvinnuleyfi. Við skilgreiningu á því hverjir teljist flóttamenn er stuðst við skilgreiningu samnings Sameinuðu þjóðanna um flóttamenn frá 28. júlí 1951 og kvótaflóttamenn. Með kvótaflóttamönnum er átt við tiltekinn fjölda flóttamanna sem stjórnvöld heimila landvist.

Um 9. gr.

Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi var að finna í lögum nr. 26/1982. Ákvæðið var fellt úr lögunum með lögum nr. 69/1993. Þetta virðist hafa verið gert vegna notkunarleysis. Nefndin, sem samdi frumvarpið, telur rétt að taka að nýju upp í lög ákvæði um að útlendingar þurfi í öllum tilvikum leyfi stjórnvalda til að starfa sjálfstætt eða stunda atvinnurekstur hér á landi. Rökin fyrir þessu eru aðallega tvíþætt. Nefndin telur óeðlilegt að útlendingar, sem hyggjast stofna til rekstrar hér á landi, eigi greiðari aðgang að atvinnulífi og vinnumarkaði en þeir sem ráða sig til almennra starfa. Hér þarf að gera hliðstæðar kröfur. Enn fremur telur nefndin þetta nauðsynlegt til að auðvelda eftirlitsaðilum, fyrst og fremst útlendingaeftirlitinu, að rækja lögbundið eftirlitsstarf.

Nefndin gerir það að tillögu sinni að útgáfa atvinnurekstrarleyfis verði í höndum tveggja aðila, félagsmálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis. Útgáfa hvors ráðuneytis um sig fari eftir búsetu hlutaðeigandi einstaklings. Þannig annist viðskiptaráðuneyti útgáfu allra atvinnurekstrarleyfa útlendinga sem eru búsettir erlendis, sbr. ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Í 8. tölul. 4. gr. laganna er kveðið á um það að einstaklingur, sem er búsettur erlendis, geti ekki unnið sjálfstætt eða starfrækt eigið atvinnufyrirtæki eða tekið þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð nema með leyfi viðskiptaráðherra.

Nefndin hefur kynnt sér ákvæði laga um útgáfu ýmiss konar leyfa sem fela í sér rétt til að standa fyrir atvinnustarfsemi. Í fæstum tilvikum eru ákvæði í þessum lögum sem gera íslenskan ríkisborgararétt að skilyrði fyrir leyfi til atvinnurekstrar. Hún leggur til að í stað þess að breyta þessum lagaákvæðum verði það gert að skilyrði að hlutaðeigandi útlendingur hafi atvinnurekstrarleyfi. Framkvæmdin verði þannig að áður en slíkt leyfi er endanlega gefið út veiti félagsmálaráðuneytið atvinnurekstrarleyfið á grundvelli vottorðs hlutaðeigandi stjórnvalds um að það telji útlendinginn uppfylla öll skilyrði til að standa fyrir viðkomandi rekstri. Rétt er að taka fram að hér er fyrst og fremst um að ræða útlendinga sem búsettir eru hérlendis en þeim ber samkvæmt framansögðu að afla sér atvinnurekstrarleyfis hjá félagsmálaráðuneytinu eða þeim aðila sem það hefur falið að annast útgáfu slíkra leyfa. Skylda til að tilkynna útgáfu slíkra leyfa til útlendingaeftirlitsins

tekur hins vegar til beggja ráðuneytanna, þ.e. félagsmálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum eru útlendingar, sem stunda nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir, undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Við framkvæmd hafa komið upp ýmis vandamál í sambandi við túlkun, einkum á því hvaða nám veiti undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi. Þar af leiðandi er gerð tillaga um að allir útlendingar, sem ekki falla undir ákvæði IV. kafla, þurfi atvinnuleyfi. Í upphaflegri gerð frumvarpsins var gert ráð fyrir að veiting leyfis samkvæmt greininni yrði bundin því skilyrði að um væri að ræða fullt nám samkvæmt skilgreiningu hlutaðeigandi stjórnvalda skólamála. Við nánari athugun hefur komið í ljós að þetta orðalag getur skapað vanda. Þar af leiðandi er nú lagt til að það verði hlutverk hlutaðeigandi skóla að votta hvað teljist fullt nám. Athygli endurskoðunarnefndarinnar var einnig vakin á því að orðalagið „í tengslum við nám“ setti stjórnvöldum mjög þröngar skorður að því er varðar veitingu leyfis samkvæmt greininni. Nefndin varð því sammála um að bæta við greinina orðunum „með námi“. Gert er ráð fyrir að slíkt leyfi verði veitt allt að einu ári í senn enda þótt innritunarvottorð muni í flestum tilvikum kveða á um innritun í nám sem stendur eina önn. Krafa er gerð um það að umsögn stéttarfélags eða landssambands liggi fyrir áður en atvinnuleyfi er gefið út samkvæmt greininni. Í athugasemdum við 7. gr. kemur fram að fulltrúi VSÍ í endurskoðunarnefndinni er andvígur umsagnarrétti stéttarfélags eða hlutaðeigandi landssambands um umsóknir um atvinnuleyfi. Þessi afstaða gildir einnig um hliðstætt ákvæði í 10. gr., sbr. fskj. I. Hér er því gerð tillaga um hertari reglur en samtímis gert ráð fyrir að þeim verði beitt af sanngirni. Markmiðið er fyrst og fremst að koma í veg fyrir misnotkun og gera stjórnvöldum kleift að hafa yfirsýn yfir þennan hóp útlendinga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um vistráðningar á heimili. Á undanförnum áratugum hefur það tíðkast að ungt fólk hefur ráðið sig í vist á heimili erlendis, þ.e. gerst au pair. Þessi þróun hefur náð hingað til lands. Íslenskum ungmennum, sem hafa farið með þessum hætti til útlanda, hefur fjölgað mjög mikið. Sama á við um erlend ungmenni sem hafa leitað eftir því að komast í vist á íslensk heimili. Þótt hér sé um að ræða góða hugmynd sem byggir á því að gefa ungu fólki tækifæri til að kynnast öðrum þjóðum var reynslan misjöfn. Upp kom ágreiningur um lengd vinnutíma, vasapeninga og önnur hlunnindi. Í því skyni að festa í sessi þetta ráðningarform átti Evrópuráðið frumkvæði að því að gerður var samningur um þetta efni. Í honum er að finna reglur um réttindi og skyldur aðila. Helstu ákvæði samningsins eru tekin upp í greinina. Nefndin, sem samdi frumvarpið, leggur til að Ísland fullgildi samning Evrópuráðsins um au pair ráðningar.

Í greininni er tekið fram að félagsmálaráðuneytið ákveði upphæð vasapeninga sem greiða skal þeim sem ræður sig í vist. Veturinn 1993–1994 lögðu félagsmálaráðuneytið og útlendingaeftirlitið til að upphæð vasapeninga skyldi vera 20.000 kr. á mánuði. Við ákvörðun á þeirri upphæð var höfð hliðsjón af kjarasamningi Starfsmannafélagsins Sóknar, upphæð atvinnuleysisbóta og daglegum vinnutíma þess vistráðna.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytinu sé heimilt að veita ýmsum aðilum heimild til að hafa milligöngu um vistráðningar. Aðilar, sem fá slíka heimild, skulu vera skyldir til að hafa eftirlit með því að ákvæði samninga á milli aðila um vistráðninguna verði haldin. Þetta er í samræmi við samning Evrópuráðsins um au pair ráðningar. Lagt er til að ráðuneytið útbúi sérstök eyðublöð vegna samninga um vistráðningar sem samningsaðilar noti. Þar komi fram þau atriði sem tilgreind eru í 1. mgr. Í málsgreininni er sérstaklega tekið fram að á eyðublaðið skuli prenta upplýsingar um ábyrgð þess sem ræður útlending í vist, m.a. í sambandi við sjúkra- og slysatryggingar. Um þetta atriði er fjallað í 10. gr. samningsins um au pair ráðningar. Þar er almenna reglan sú að viðtakandi útlendings í vist skal tryggja þann vistráðna á eigin kostnað sé hann ekki þegar tryggður á grundvelli laga, reglna eða samninga um félagslegt öryggi.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar er hliðstætt ákvæði í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga. Lagt er til að þess verði krafist að sótt verði um atvinnuleyfi fyrir útlending, sem komið hefur til landsins vegna leyfis er hefur verið veitt á grundvelli greinarinnar, í síðasta lagi tveimur vikum eftir komu til Íslands.

Um 13. gr.

Í IV. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði sem heimila undanþágur frá kröfu um atvinnuleyfi. Undanþágurnar eru tvenns konar. Annars vegar eru tilteknir einstaklingar undanþegnir kröfunni. Þeir eru taldir upp í greininni. Hins vegar eru aðilar sem hyggjast starfa hér á landi um mjög takmarkaðan tíma. Um þessa einstaklinga er fjallað í 14. gr.

Efnislega er að finna hliðstæð ákvæði í 11. gr. gildandi laga. Við hana hefur þó verið bætt ákvæði sem er í 1. gr. gildandi laga sem undanþiggur borgara í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið kröfu um atvinnuleyfi. Áður hefur verið getið um breytingar í sambandi við erlenda námsmenn.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli. Samkvæmt henni eru ýmsir einstaklingar undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi enda starfi þeir ekki hér á landi lengur en í fjórar vikur á hverju 12 mánaða tímabili. Í upphaflegri gerð frumvarpsins var gert ráð fyrir að undanþágan gilti um vinnu í 10 daga hér á landi á hverju 12 mánaða tímabili. Athugasemdir komu fram við þetta atriði og var lagt til að tíminn yrði lengdur. Sú hefur orðið niðurstaðan en jafnframt hefur ákvæði, sem upphaflega var í e-lið, verið flutt í 2. mgr. og er þar miðað við 10 daga vinnu eins og gert var í upphaflegri gerð frumvarpsins.

Markmið greinarinnar er tvíþætt. Annars vegar er verið að undanþiggja ýmsa einstaklinga kröfu um atvinnuleyfi komi þeir hingað til lands vegna vísinda, fræðslu, lista eða í viðskipaerindum. Reynslan sýnir að í þessum tilvikum er mjög erfitt að framfylgja kröfum um atvinnuleyfi. Í öðru lagi er verið að færa íslenska löggjöf nær löggjöf nágrannalandanna um atvinnuleyfi. Þriðja atriðinu má bæta við en það lýtur að samningaviðræðum um tollamál (GATT-viðræðum). Samkvæmt drögum að samkomulagi um þjónustuviðskipti er gert ráð fyrir að undanþiggja útlendinga í viðskiptaerindum kröfu um atvinnuleyfi.

A–d-liðir skýra sig að mestu sjálfir. Lagt er til að hugtakið listamaður í b-lið verði túlkað rúmt þannig að það taki t.d. til kvikmyndagerðarmanna, fjöllistamanna o.s.frv. Þótt hljóðfæraleikarar á veitingahúsum séu undanþegnir b-lið greinarinnar gildir undanþágan um hljómlistarmenn sem koma fram opinberlega gegn innheimtu sérstaks aðgangseyris eða álags á venjubundinn aðgangseyri.

Rétt er að taka fram að með íþróttaþjálfurum í c-lið er ekki átt við íþróttakennara sem starfa við skóla, heldur þjálfara sem eru ráðnir til íþróttafélaga eða samtaka til að þjálfa keppendur.

Í d-lið er vísað til fulltrúa í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis. Á það er lögð áhersla að stafliðurinn tekur fyrst og fremst til þeirra sem eru að kynna vöru og þjónustu. Markmiðið er ekki að gera hvers kyns sölumönnum auðveldara að athafna sig hér á landi í samkeppni við verslunar- og þjónustufyrirtæki sem greiða hér skatta og önnur gjöld til að standa undir rekstri þjóðfélagsins.

E-liður tekur mið af fjölbreyttari samgöngum til og frá landinu. Lagt er til að ökumenn fólksflutningabifreiða, sem skráðar eru erlendis, séu undanskildir kröfu um atvinnuleyfi enda séu þeir að koma til landsins með ferðahópa. Í framkvæmd munu þessir útlendingar ekki hafa verið krafðir um atvinnuleyfi enda í mörgum tilvikum erfitt að færa sönnur á að þeir séu í raun í vinnu hér á landi. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðum í lögum annarra ríkja, t.d. sænsku lögunum. Það hefur verið borið undir samgönguráðuneytið sem hefur ekki gert athugasemdir.

F-liður er hliðstæður ákvæðum í norskum og sænskum lögum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur, sem vinna við uppsetningu, eftirlit og viðgerð tækja, þurfi ekki atvinnuleyfi vegna vinnu í 10 daga hér á landi á hverju 12 mánaða tímabili. Hér er fyrst og fremst um að ræða tilvik þegar tæki eru seld hingað til lands með ábyrgð seljanda á hinu selda en ábyrgðin er háð því skilyrði að uppsetning, prófanir og tímabundið eftirlit sé í höndum sérhæfðra starfsmanna seljanda eða annarra sem hann viðurkennir í þessu skyni.

Fulltrúi VSÍ lagði til að greint yrði á milli annars vegar sérhæfðra starfsmanna, ráðgjafa og leiðbeinanda sem vinna að samsetningu og uppsetningu tækja og þeirra sem annast eftirlit eða viðgerð tækja. Hann lagði til að ákvæði 1. mgr. taki til fyrrnefndu starfsmannanna og þeir yrðu undanþegir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi. Síðarnefndu starfsmennirnir verði undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að 10 daga á ári hér á landi. Í þessu sambandi vakti hann athygli á ákvæðum norsku útlendingalaganna þar sem starfsmenn, sem fjallað er um í 2. mgr. frumvarpsins, eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að þrjá mánuði á ári. Hliðstætt ákvæði er að finna í dönsku lögunum um atvinnuleyfi. Hann lagði áherslu á að íslensk löggjöf yrði færð nær dönsku og norsku lögunum að þessu leyti.

Rétt er að taka fram að ef útlendingur verður uppvís að því að misnota heimildarákvæði greinarinnar er hægt að vísa honum úr landi á grundvelli ákvæða í 3. tölul. 11. gr. laga um eftirlit með útlendingum.

Um 15. gr.

Í almennum inngangi hér að framan kemur fram að ákvæði V. kafla um viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa eru í öllum höfuðatriðum óbreytt frá gildandi lögum. Um er að ræða smávægilegar breytingar á orðalagi og samræmingu við önnur lög, fyrst og fremst lög um eftirlit með útlendingum.

Ákvæði greinarinnar er óbreytt frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar er óbreytt frá ákvæði 4. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Efnislega er ákvæði greinarinnar í 13. gr. gildandi laga. Hér er lögð til sú breyting að í stað þess að félagsmálaráðherra annist flutning þeirra útlendinga, sem stunda atvinnu eða atvinnurekstur í andstöðu við lögin, úr landi verði það hlutverk útlendingaeftirlitsins. Útlendingaeftirlitið mundi vísa þeim útlendingum úr landi á grundvelli 11. gr. laga um eftirlit með útlendingum.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Efnislega er ákvæði 1. mgr. að finna í 3. mgr. 12. gr. gildandi laga. Um er að ræða að útlendingur fái vitneskju um afgreiðslu sem mál hans fá í þeim tilvikum þegar umsækjandi um atvinnuleyfi er annar en hann sjálfur. Orðalagið „þegar það á við“ vísar til þess að það getur verið erfiðleikum bundið fyrir stjórnvöld að upplýsa útlending, sem er búsettur í öðru landi, um veitingu eða synjun umsókna um leyfi er hann varðar.

Lagt er til að félagsmálaráðuneytið og útlendingaeftirlitið láti hanna sérstök skírteini fyrir útlendinga sem fá atvinnu- og dvalarleyfi. Útlendingur skal ætíð hafa skírteinið handbært og framvísa því sé þess óskað af fulltrúum eftirlitsstofnana. Skírteini þessi skulu afhent af útlendingaeftirlitinu, eða umboðsmönnum þess, þ.e. hjá hlutaðeigandi lögreglustjórum eða sýslumönnum. Á skírteininu skal koma fram að útgefendur eru félagsmálaráðuneytið og útlendingaeftirlitið. Nefndin leggur til að heimilt verði að taka endurgjald af umsækjanda atvinnuleyfa sem ýmist er atvinnurekandi eða hlutaðeigandi útlendingur. Það skal þó eigi vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þeirra. Taka skal mið af verðlagningu hliðstæðra skírteina sem gefin eru út af hinu opinbera, t.d. af endurgjaldi vegna útgáfu ökuskírteinis.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar er svo til óbreytt frá gildandi lögum. Rétt þykir að hlutaðeigandi stjórnvald, félagsmálaráðuneytið, leiti álits helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks á stefnu sem fylgt verður við veitingu atvinnuleyfa vegna ráðningar útlendinga til starfa á Íslandi. Þetta er jafnvel talið enn nauðsynlegra verði útgáfa atvinnuleyfa falin stofnun, t.d. á vegum félagsmálaráðuneytisins. Við það breytist hlutverk ráðuneytisins frá því að vera framkvæmdaraðili í að móta almenna stefnu í þessum málum.

Um 21. gr.

Í greininni felst heimild fyrir ráðherra til að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Sérálit Jóns H. Magnússonar um breytingu á orðalagi 7. og 10. gr. frumvarpsins, dags. 26. mars 1994.

Jón H. Magnússon leggur til að b-liður 1. mgr. 7. gr. orðist svo: „að fyrir liggi umsögn ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins."

Í niðurlagi 1. mgr. 10. gr. falli niður orðin: „og umsögn stéttarfélags".

Athugasemdir.

Með frumvarpi til laga um vinnumiðlun, sem kynnt hefur verið í ríkisstjórn og verður væntanlega til umfjöllunar á Alþingi á sama tíma og þetta frumvarp, er gert ráð fyrir eflingu starfsemi vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og auknu hlutverki ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofunnar. Með miðlægu gagnavinnslukerfi til vinnumiðlunar og úrvinnslu gagna um atvinnuástand og atvinnuleysi, sem verður tekið í notkun í haust, verður gjörbylting að því er varðar möguleika á því að fylgjast með þróun og breytingum á vinnumarkaði á landinu öllu. Verða þá ráðgjafarnefndin, vinnumálaskrifstofan og vinnumiðlanir betur í stakk búnar til þess að fylgjast með og bregðast við breytingum á vinnumarkaðnum. Aukast þá jafnframt möguleikar á því að útvega vinnuafl frá öðrum stöðum innan lands í stað þess að flytja inn vinnuafl.

Einstök stéttarfélög geta ekki haft sömu yfirsýn yfir vinnumarkaðinn og er því eðlilegt með tilliti til framangreinds að umsagnarrétturinn sé færður frá þeim til ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofunnar þar sem í ráðgjafarnefndinni eiga sæti fulltrúar heildarsamtaka launþega á almennum vinnumarkaði og í opinberri þjónustu auk fulltrúa samtaka atvinnurekenda. Það er einnig hlutverk ráðgjafarnefndarinnar að fylgjast með atvinnuástandi og atvinnuhorfum og gera tillögur til úrbóta.

Í a-lið 1. mgr. 7. gr. er gert ráð fyrir að umsóknir séu vegnar og metnar miðað við þarfir á landsvísu en ekki aðeins út frá staðbundnum aðstæðum eins og umsagnarrétturinn í b-lið gerir ráð fyrir. Aðstæður og möguleikar til upplýsingaöflunar um ástand og horfur á vinnumarkaði hafa breyst svo mikið að ástæða er til þess að breyta reglunum til samræmis við það og fella niður umsagnarrétt staðbundinna stéttarfélaga.

Fylgiskjal II.

Samanburður á útgefnum atvinnuleyfum 1992–1994.*

Í jan.	1992 voru útg.	70 ný atv.l. og	101 framl.
Í jan.	1993 voru útg.	47 ný atv.l. og	74 framl.
Í jan.	1994 voru útg.	13 ný atv.l. og	75 framl.
Í febr.	1992 voru útg.	144 ný atv.l. og	178 framl.
Í febr.	1993 voru útg.	26 ný atv.l. og	79 framl.
Í febr.	1994 voru útg.	17 ný atv.l. og	65 framl.
Í mars	1992 voru útg.	62 ný atv.l. og	96 framl.
Í mars	1993 voru útg.	34 ný atv.l. og	93 framl.
Í mars	1994 voru útg.	18 ný atv.l. og	51 framl.
Í apríl	1992 voru útg.	17 ný atv.l. og	56 framl.
Í apríl	1993 voru útg.	13 ný atv.l. og	60 framl.
Í apríl	1994 voru útg.	13 ný atv.l. og	29 framl.
Í maí	1992 voru útg.	52 ný atv.l. og	181 framl.
Í maí	1993 voru útg.	42 ný atv.l. og	115 framl.
Í maí	1994 voru útg.	20 ný atv.l. og	79 framl.
Í júní	1992 voru útg.	32 ný atv.l. og	217 framl.
Í júní	1993 voru útg.	31 ný atv.l. og	147 framl.
Í júní	1994 voru útg.	30 ný atv.l. og	98 framl.
Í júlí	1992 voru útg.	29 ný atv.l. og	113 framl.
Í júlí	1993 voru útg.	15 ný atv.l. og	113 framl.
Í júlí	1994 voru útg.	13 ný atv.l. og	55 framl.
Í ágúst	1992 voru útg.	1 ný atv.l. og	85 framl.
Í ágúst	1993 voru útg.	37 ný atv.l. og	106 framl.
Í sept.	1992 voru útg.	54 ný atv.l. og	168 framl.
Í sept.	1993 voru útg.	38 ný atv.l. og	83 framl.
Í okt.	1992 voru útg.	42 ný atv.l. og	77 framl.
Í okt.	1993 voru útg.	47 ný atv.l. og	64 framl.
Í nóv.	1992 voru útg.	109 ný atv.l. og	35 framl.
Í nóv.	1993 voru útg.	54 ný atv.l. og	94 framl.
Í des.	1992 voru útg.	63 ný atv.l. og	117 framl.
Í des.	1993 voru útg.	54 ný atv.l. og	93 framl.

Á árinu 1993 voru gefin út 438 atvinnuleyfi og 1.121 leyfi voru framlengd.
Á árinu 1992 voru gefin út 601 ný atvinnuleyfi og 1.424 leyfi voru framlengd.

* Hinn 1. janúar 1994 gekk í gildi samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Frá þeim tíma féll niður skylda til að sækja um atvinnuleyfi vegna ríkisborgara í aðildarríkjum EES.

Fylgiskjal III.

Evrópusamningur um „AU PAIR“- vistun.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

álíta að markmið Evrópuráðsins sé að koma á nánari einingu meðal aðila þess með það fyrir augum að auðvelda félagslegar framfarir;

benda á að í Evrópu er sífellt stækkandi hópur ungs fólks, sérstaklega stúlkur, sem heldur á erlenda grund til starfa sem „au pair“;

álíta, án þess að slíkt beri í sér neina gagnrýni á þetta fyrirkomulag, að ráðlegt sé fyrir alla samningsaðila að skilgreina og flokka forsendur slíkrar vistunar;

álíta að vistun „au pair“ sé áríðandi félagslegt vandamál í aðildarlöndunum og orsaki lagaleg, siðferðileg, og efnahagsleg vandkvæði sem ná út fyrir landamæri og draga dám af sérkennum hverrar Evrópuþjóðar;

álíta að fólk, er vistast sem „au pair“, falli hvorki undir skilgreiningar um námsmenn eða almenna starfsmenn, heldur undir sérstaka skilgreiningu, sem vísar til stöðu beggja og þess vegna sé eðlilegt að gera viðeigandi ráðstafanir þeim til handa;

viðurkenna sérstaklega þörfina á því að tryggja „au pair“ fullnægjandi félagslega vernd á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu;

álíta að stór hópur þessa fólks sé undir lögaldri, njóti ekki stuðnings fjölskyldu sinnar um langa hríð og ætti þess vegna að njóta sérstakrar verndar varðandi þær fjárhagslegu og siðferðilegu aðstæður er ríkja í móttökulandinu;

álíta að einungis stjórnvöld geti fullkomlega tryggt og haft eftirlit með framkvæmd slíkra grundvallaratriða;

eru sannfærðar um þörfina fyrir slíka samhæfingu innan ramma Evrópuráðsins,

eru ásáttar um eftirfarandi atriði:

1. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig, hver í sínu landi, til að stuðla að framkvæmd ákvæða þessa samnings í þeim mæli sem unnt er.

2. gr.

1. „Au pair“-vistun er tímabundin móttaka fjölskyldna, í skiptum fyrir ákveðna þjónustu, á ungum, erlendum einstaklingum, sem koma til þess að auka tungumálakunnáttu sína og jafnvel faglega þekkingu, jafnframt því að víkka menningarlegan sjóndeildarhring sinn með því að öðlast meiri þekkingu á landi því sem þeir koma til.
2. Slíkir ungir, erlendir einstaklingar nefnast hér eftir „au pair“.

3. gr.

„Au pair“-vistun skal í upphafi aðeins gilda til eins árs en hins vegar er heimilt að framlengja vistunina en þó þannig að dvölin standi aldrei lengur en tvö ár.

4. gr.

1. „Au pair“ skal hafa náð 17 ára aldri en skal þó ekki vera eldri en 30 ára.
2. Stjórnvöldum í móttökulandi er þó heimilt að veita undanþágu frá efri aldursmörkum í einstökum tilvikum og skal færa gild rök fyrir slíkum undanþágum.

5. gr.

„Au pair“ skal framvísa læknisvottorði, útgefnu ekki síðar en þremur mánuðum fyrir vistun þar sem almennu heilbrigðisástandi viðkomandi „au pair“ er lýst.

6. gr.

1. „Au pair“ og móttökufjölskyldan skulu gera með sér samning um réttindi og skyldur beggja á grundvelli skilgreininga á réttindum og skyldum í samningi þessum. Samningurinn skal vera skriflegur og undirritaður af báðum aðilum, annaðhvort sem einstakt skjal eða staðfestur í bréfum á milli málsaðila, helst áður en „au pair“ yfirgefur lögheimili sitt í heimalandinu og í síðasta lagi í fyrstu viku vistunar.
2. Afrit af samningi þeim, sem nefndur er í fyrri málsgrein, skal vera í vörslu hlutaðeigandi stjórnvalda í móttökulandinu eða í vörslu stofnunar sem þau kjósa.

7. gr.

Í samningi þeim, sem vísað er til í 6. gr., skal vera m.a. skilgreining á því á hvern hátt „au pair“ skal taka þátt í lífi móttökufjölskyldunnar, jafnframt því að tryggja sjálfstæði viðkomandi „au pair“ að vissu marki.

8. gr.

1. „Au pair“ skal njóta ókeypis fæðis og gistingar hjá móttökufjölskyldunni og hafa sér herbergi í þeim tilvikum þar sem slíkt er unnt.
2. Tryggja skal „au pair“ nægjanlegan tíma til tungumálanáms ásamt því að gera viðkomandi kleift að sinna menningarlegum og faglegum áhugamálum og skal vinnutími miðast við það.
3. „Au pair“ skal hafa einn frídag í viku hið minnsta sem falli á sunnudag a.m.k. einu sinni í mánuði og skal veita „au pair“ tækifæri til að sinna trúarbrögðum sínum.
4. Greiða skal „au pair“ ákveðna upphæð sem vasapeninga og skulu upphæðin og greiðslutími ákvarðast á grundvelli samningsins sem getið er í 6. gr.

9. gr.

„Au pair“ skal inna af hendi þjónustu er felist í þátttöku í daglegum heimilisverkum. Tíminn, sem notaður er til slíkra starfa, skal almennt ekki vera lengri en fimm klukkustundir á dag.

10. gr.

1. Í Viðauka I við samning þennan skulu allir samningsaðilar geta þeirra réttinda sem „au pair“ nýtur í löndum þeirra ef veikindi, barnsburð eða slys ber að höndum.

2. Ef og að því leyti sem réttindi þau, sem getið er í Viðauka I, eru ekki tryggð til handa „au pair“ á grundvelli laga um félagslegt öryggi eða á grundvelli annarra opinberra reglugerða, með tilvísan til alþjóðlegra samninga eða réttarreglna Evrópubandalagsins, skal fjárráða aðili í móttökufjölskyldu tryggja „au pair“ á eigin kostnað.
3. Samningsaðilar skulu tilkynna hverjar þær breytingar sem kunna að verða gerðar á réttindum þeim sem skilgreind eru í Viðauka I, skv. 2. mgr. 19. gr.

11. gr.

1. Í því tilviki að samningur hafi verið gerður skv. 6. gr., án þess að samningstíminn sé skilgreindur, skal samningsaðilum heimilt að segja honum upp með tveggja vikna fyrirvara.
2. Báðum samningsaðilum er heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust, þrátt fyrir að samningstíminn sé skilgreindur, ef um alvarlegt brot er að ræða af hendi annars hvors samningsaðila, eða vegna alvarlegra kringumstæðna sem krefjast fyrirvaralausrar uppsagnar.

12. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld í ríkjum samningsaðila skulu hver um sig tilnefna opinbera aðila, eða einkaaðila, til að sjá um málefni er varða „au pair“-vistun.

13. gr.

1. Samningsaðilar skulu senda skýrslu á fimm ára fresti til aðalritara Evrópuráðsins, á þann hátt er ákvarðast af ráðherranefndinni, um framkvæmd ákvæðanna í 1.–12. gr. þessa samnings.
2. Skýrslur samningsaðila skulu lagðar fyrir nefnd Evrópuráðsins um félagsmál til athugunar.
3. Nefnd Evrópuráðsins um félagsmál skal gefa ráðherranefndinni skýrslu um niðurstöður sínar; og er jafnframt heimilt að gera tillögur með það að markmiði
   a. að bæta framkvæmd samningsins;
   b. að lagfæra eða auka við ákvæði hans.

14. gr.

1. Aðildarríkjum Evrópuráðsins er frjálst að undirrita samning þennan og gerast samningsaðilar annaðhvort með
   a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki, eða
   b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki og fylgi fullgilding og samþykki síðar.
2. Fullgildingar- eða staðfestingarskjöl skal afhenda aðalritara Evrópuráðsins.

15. gr.

1. Samningur þessi tekur gildi einum mánuði eftir að þrír aðilar að Evrópuráðinu hafa undirritað hann með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 14. gr.
2. Að því er varðar aðildarríki, sem undirrita samninginn án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki, tekur samningurinn gildi einum mánuði eftir undirritun hans, eða eftir dagsetningu afhendingar fullgildingar- eða staðfestingarskjala.

16. gr.

1. Eftir að samningur þessi tekur gildi, getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið sérhverju ríki, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, aukaðild að samningi þessum.
2. Slík aukaðild tekur gildi einum mánuði eftir dagsetningu afhendingar aðildarskjala til aðalritara Evrópuráðsins.

17. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur við undirritun eða við afhendingu fullgildingar- eða staðfestingarskjala og aukaaðildarríki við afhendingu aðildarskjala skilgreint það eða þau svæði sem samningur þessi nær til.
2. Sérhvert aðildarríki getur, við afhendingu fullgildingar- eða staðfestingarskjala eða síðar, eða ríki með aukaðild, við afhendingu aukaaðildarskjala, með skriflegri yfirlýsingu til aðalritara Evrópuráðsins, framlengt samning þennan til eins eða fleiri svæða tilgreindra í yfirlýsingu og sé það jafnframt ábyrgt fyrir alþjóðlegum samskiptum viðkomandi svæða eða með umboð til að skuldbinda þau.
3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gerð er skv. 2. mgr. um tiltekin svæði, má draga til baka samkvæmt málsmeðferð sem skilgreind er í 20. gr. þessa samnings.

18. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur við undirritun eða við afhendingu fullgildingar- eða staðfestingarskjala, eða sérhvert aukaaðildarríki við afhendingu aukaaðildarskjala, lýst yfir að það muni hagnýta sér fyrirvara sem tilgreindir eru í Viðauka II við samning þennan. Aðrir fyrirvarar gilda ekki.
2. Sérhvert aðildarríki eða samningsaðili getur dregið til baka að fullu eða að hluta fyrirvara sem gerðir hafa verið á grundvelli 1. mgr. og skal það gert með skriflegri yfirlýsingu til aðalritara Evrópuráðsins. Gildistími slíkrar yfirlýsingar hefst á þeim degi sem hún er móttekin.

19. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal við undirritun eða við afhendingu fullgildingar- eða staðfestingarskjala, eða aukaaðildarríki við afhendingu aukaaðildarskjala, tilkynna þau réttindi sem skrá á í Viðauka I samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 10. gr.
2. Sérhver tilkynning, sem vísað er til í 3. mgr. 10. gr., skal vera skrifleg til aðalritara Evrópuráðsins og dagsetja skal gildistöku slíkrar tilkynningar.

20. gr.

1. Gildistími þessa samnings skal vera ótakmarkaður.
2. Sérhver samningsaðili getur fyrir sitt leyti sagt upp samningi þessum og skal það gert með skriflegri tilkynningu til aðalritara Evrópuráðsins.
3. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum frá þeim degi er aðalritari Evrópuráðsins móttekur tilkynningu þar um.

21. gr.

Aðalritari Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og sérhverju ríki með aukaaðild að samningi þessum um:

a. sérhverja undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu;
b. sérhverja undirritun með fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu;
c. afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu eða aukaaðild;
d. skráningu réttinda í Viðauka I;
e. dagsetningar gildistöku samnings þessa skv. 15. gr. þar um;
f. mótteknar yfirlýsingar um framkvæmd ákvæða 2. og 3. mgr. í 17. gr.;
g. sérhvern fyrirvara um framkvæmd ákvæða í 1. mgr. 18. gr.;
h. afturköllun sérhvers fyrirvara um framkvæmd ákvæða í 2. mgr. 18. gr.;
i. sérhverja móttekna tilkynningu um framkvæmd ákvæða í 2. mgr. 19. gr.;
j. sérhverja tilkynningu um framkvæmd ákvæða í 20. gr. og um dagsetningar þær er úrsögn tekur gildi.

22. gr.

Bókun við samning þennan skal vera óskiptur hluti hans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir undirritað sáttmála þennan með fullu umboði.

Gert í Strassborg hinn 24. dag nóvembermánaðar, 1969, á ensku og frönsku og skulu báðir textarnir vera jafngildir. Samningurinn er gerður í einu eintaki sem varðveita skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalrritari Evrópuráðsins skal senda sérhverjum samnings- og aukaaðildaraðila staðfest endurrit hans.

Fylgiskjal IV.

Skrá yfir umsagnaraðila.

Fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, samgönguráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag leiðsögumanna, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, Félag nýrra Íslendinga, Hjúkrunarfélag Íslands, Jafnréttisráð, Kennarasamband Íslands, Landssamband iðnverkafólks, Landssamband íslenskra verslunarmanna, Landssamband vörubifreiðastjóra, Málm- og skipasmíðasamband Íslands, ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Samband byggingarmanna, Samband ískenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök filippeyskra kvenna Samtök iðnaðarins, Starfsmannafélag Sókn, stúdentaráð Háskóla Íslands, Sjómannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, útlendingaeftirlitið, Verkamannafélagið Dagsbrún, Verkamannasamband Íslands, Vinnumálasambandið,Vinnuveitendasamband Íslands, Þjónustusamband Íslands og Æskulýðssamband Íslands.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum. Því er skipt í kafla þar sem samstæðum efnisþáttum er raðað saman. Efnislega hefur frumvarpið í för með sér þrenns konar breytingar:

— Greint er á milli þriggja flokka atvinnuleyfa, þ.e. tíma- og ótímabundinna og sérstakra leyfa til útlendra námsmanna.
— Á sama hátt er undanþágum frá kröfu um atvinnuleyfi skipt í tvennt, þ.e. í varanlegar og tímabundnar.
— Atvinnurekstrarleyfi hér á landi til handa útlendingum eru tekin upp að nýju.

Ekki verður séð að frumvarpi þessu fylgi aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð.

180. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um ólympíska hnefaleika.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að kanna hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Nefndin skal afla upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis. Að fengnu áliti Íþróttasambands Íslands skili nefndin tillögu til ríkisstjórnarinnar. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. september 1995.

Greinargerð.

Allt frá 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Rétt er að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum sem stundaðir eru m.a. í Bandaríkjunum. Reglur og öryggiskröfur eru afar ólíkar, m.a. er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Einungis er lagt til að athugað verði hvort tímabært sé að aflétta banni við hnefaleikum samkvæmt þeim keppnisreglum sem gilda á Ólympíuleikum.

Samkvæmt tiltækum upplýsingum er ekki vitað til þess að ólympískir hnefaleikar séu bannaðir erlendis og geta má þess að í Svíþjóð var farið fram á það 1983 að þessi íþróttagrein yrði bönnuð. Þá fór fram ítarleg könnun og gerð var skýrsla um ólympíska hnefaleika. Niðurstaða Svía var greininni mjög jákvæð.

Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að umtalsverður hópur ungmenna hefur áhuga á því hér á landi að iðka ólympíska hnefaleika þykir rétt að fram fari skipuleg upplýsingaöflun um þessa íþrótt og að leitað verði álits Íþróttasambands Íslands; verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð verði í framhaldi af því gerð tillaga um að leyfa ólympíska hnefaleika sem keppnisgrein.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt nú.

181. Fyrirspurn [167. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað við sameiningu sveitarfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver varð kostnaður við störf nefndar þeirrar sem starfaði á árinu 1991 og var falið að gera samræmdar tillögur um æskilega breytingu á skiptingu landsins í sveitarfélög?
2. Hver varð kostnaður við störf svonefndrar sveitarfélaganefndar sem skipuð var 26. febrúar 1992 og lauk störfum 26. maí 1993?
3. Hve mikill er kostnaður til þessa við störf samráðsnefndar um sameiningu sveitarfélaga sem skipuð var 16. júní 1993?
4. Hve mikill er kostnaður til þessa við störf verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga sem skipuð var í júní 1993?
5. Hver varð kostnaður við störf umdæmanefndanna, sem skipaðar voru samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1993, hverrar fyrir sig og samtals, samkvæmt framlögðum reikningum umdæmanefndanna?
6. Hver varð kostnaður sveitarfélaganna af kosningum um sameiningu sveitarfélaga 20. nóvember 1993 og öðrum kosningum í kjölfar þeirra, sundurliðaður eftir kjördæmum?
7. Hver varð kostnaður ráðuneytisins við átak um sameiningu sveitarfélaga á síðasta ári og þessu og hverjir eru helstu liðir þess kostnaðar?

Óskað er svofelldrar sundurliðunar í 1.–4. tölul:

a. Þóknun til nefndarmanna.
b. Kostnaður við ferðir og gistingu.
c. Laun starfsmanna ef einhver eru.
d. Verktakagreiðslur ef einhverjar eru og skal þá tilgreint hver verktakinn er og verkefni hans.
e. Auglýsingakostnaður.
f. Prentun og annar útgáfukostnaður.
g. Annar kostnaður áður ótalinn.

Skriflegt svar óskast.

182. Fyrirspurn [168. mál]

til fjármálaráðherra um laun og önnur starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver eru laun og önnur starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana (þ.e. A- og B-hlutastofnanir), sundurliðað eftir ráðuneytum?
   Óskað er svofelldrar sundurliðunar:
   a. umsamin mánaðarlaun,
   b. yfirvinna, unnin eða óunnin,
   c. aðrar umsamdar greiðslur, sundurliðaðar, svo sem bílastyrkur, risna og símakostnaður.
2. Hver eru uppsagnar- og starfslokaákvæði?

Skriflegt svar óskast.

183. Fyrirspurn [169. mál]

til forsætisráðherra um ferðakostnað ráðherra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra af ferðalögum til útlanda:
a. 25. febrúar – 31. desember 1992,
b. árið 1993,
c. 1. janúar – 31. október 1994?

Óskað er eftir að fram komi hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert farið var, hvert var tilefni ferðar og hve lengi ráðherra dvaldist samtals erlendis; upplýsingar um fargjöld, samanlagðan hótelkostnað (gisti- og fæðiskostnað), risnu, dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær, og heildargreiðslur til maka, sundurliðaðar í ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað.

Skriflegt svar óskast.

184. Fyrirspurn [170. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjur og gjöld vatnsveitna í kaupstöðum árið 1993.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar voru tekjur vatnsveitna í hverjum kaupstað landsins á síðasta ári samkvæmt ársreikningi og hverjar voru þær tekjur samtals hjá öllum kaupstöðunum?
2. Hver voru útgjöld vatnsveitna í hverjum kaupstað á síðasta ári samkvæmt ársreikningi, þ.e. samanlögð rekstrargjöld og fjárfesting, og hver voru útgjöldin samtals í öllum kaupstöðunum?
3. Hver er mismunur tekna skv. 1. lið og útgjalda skv. 2. lið og hvað er mismunurinn hátt hlutfall af vatnsgjaldi ársins, hvort tveggja reiknað fyrir hverja vatnsveitu fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

185. Fyrirspurn [171. mál]

til félagsmálaráðherra um laun og önnur starfskjör bæjarstjóra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver eru laun og önnur starfskjör bæjarstjóra, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
   Óskað er svofelldrar sundurliðunar:
   a. umsamin mánaðarlaun,
   b. yfirvinna, unnin eða óunnin,
   c. aðrar umsamdar greiðslur samtals, svo sem bílastyrkur, risna og símakostnaður.
2. Í hvaða lífeyrissjóð er greitt?
3. Hver eru uppsagnar- og starfslokaákvæði?

Skriflegt svar óskast.

186. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Eggert Haukdal, Sturla Böðvarsson, Árni R. Árnason, Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 116. og 117. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt og er það því endurflutt.

Móttökuskilyrði sjónvarps eru mjög misjöfn á fiskimiðunum umhverfis landið. Þau eru allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru þó skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig mjög misjöfn. Langbylgja heyrist víðast hvar, þó illa út af Vestfjörðum og á Breiðafirði. Miðbylgja heyrist út af Norðausturlandi, Austfjörðum og Suðausturlandi. Rás 2 heyrist þar sem sjónvarp næst. Erlendar stöðvar yfirgnæfa langbylgju og miðbylgju þegar dimmir.

Það er tvímælalaust mikið öryggismál að bæta sendingar útvarps til fiskimiðanna. Farsíminn virkar þar sem sjónvarp næst og heldur víðar. Þegar hann virkar ekki er eina sambandið við land í gegnum talstöð. Ef hún bilar er ekkert samband hægt að hafa í land og ekki hægt að fylgjast með aðvörunum um hættu, t.d. fárviðrisspám og tilkynningum um ís.

Tækniþróun á sviði sjónvarps og útvarps er mjög ör. Á síðustu árum hefur fleygt fram gervihnattatækni og annarri útsendingartækni. Má þar nefna fregnir af tilraunum með fjölrása sjónvarpssendingar í Bandaríkjunum. Einnig kann að vera fýsilegt að skoða möguleika á notkun gervihnattasendinga fyrir hljóðvarp og sjónvarp sem þjónað geti dreifikerfi innan lands og bætt þjónustu við sjómenn á hafi úti.

Ekki skal á það lagður dómur hverjir kostir eru vænlegastir, en með hliðsjón af því hve tækni á þessu sviði hefur fleygt fram telja flutningsmenn fyllstu ástæðu til að íslensk stjórnvöld láti hið fyrsta fara fram athugun á því hvaða leiðir eru hagkvæmar til bóta í þessum efnum.

Þingsályktunartillögunni fylgdu tvö fylgiskjöl. Á fskj. I var birt kort af sjónvarpsskilyrðum á fiskimiðunum umhverfis landið og um það vísast til þskj. 923, 556. mál 116. löggjafarþings, bls. 5153 í A-deild Alþt. 1992–93. Á fskj. II voru birtar umsagnir um málið frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands, útvarpsráði, framkvæmdastjóra tæknideildar Ríkisútvarpsins og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og vísast um þær til þingskjalsins (lausaskjalsins).

187. Frumvarp til laga [173. mál]

um Lýðveldissjóð.

Flm.: Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Lýðveldissjóður er stofnaður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Hann er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir forsætisráðuneytið. Starfstími sjóðsins er frá ársbyrjun 1995 til ársloka 1999.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt: að stuðla að rannsóknum á lífríki sjávar og að efla íslenska tungu.

3. gr.

Alþingi skal fyrir árslok 1994 kjósa sjóðnum þriggja manna stjórn.

Stjórnin skal staðfesta rannsóknaáætlun fyrir verkefni í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar og reglur um stjórn verkefnisins, svo og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því.

Enn fremur skal sjóðstjórnin skipta því fé sem er til ráðstöfunar til eflingar íslenskri tungu og samþykkja verkefnaáætlun.

Sjóðstjórn skal semja greiðsluáætlun fyrir sjóðinn ár hvert og fylgjast með framvindu verkefna sem unnin eru með fé úr sjóðnum.

Stjórnin skal gangast fyrir vali á þriggja manna verkefnisstjórnum er hafi á hendi faglega yfirstjórn verkefnaáætlana um lífríkisrannsóknir og eflingu íslenskrar tungu.

4. gr.

Ríkissjóður skal samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum leggja sjóðnum til 100 millj. kr. fyrir hvert starfsár. Heildarfjárveiting á starfstíma sjóðsins skal skiptast jafnt á milli þeirra tveggja verkefna sem sjóðnum eru falin.

5. gr.

Lýðveldissjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

6. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð að höfðu samráði við forsætisnefnd Alþingis.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingfundi á Þingvöllum 17. júní sl. samþykkti Alþingi þingsályktun um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Hér er lagt til að efni þeirrar þingsályktunar verði fest í lög til að treysta grundvöll sjóðsins enn frekar. Þá er hér gerð tillaga um að sjóðurinn skuli heyra undir forsætisráðuneytið að því er varðar vörslu hans, daglega umsýslu o.s.frv.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 100 millj. kr. ár hvert samkvæmt sérstökum fjárlagalið undir æðstu stjórn ríkisins. Helmingi ráðstöfunarfjár sjóðsins skal varið til átaks í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar og helmingi til að treysta og efla íslenska tungu. Ráðgert er að á starfstíma sjóðsins renni helmingur fjárins, 250 millj. kr., til hvors verkefnis um sig en að sjóðstjórn hafi svigrúm til að skipta ár hvert ráðstöfunarfénu, 100 millj. kr., eftir því hvernig verkefni standa.

Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins sé skipuð utanþingsmönnum sem þingflokkar koma sér saman um og hún láti semja tillögu að skipulagsskrá fyrir sjóðinn að höfðu samráði við forsætisnefnd þingsins sem staðfest verði með venjubundnum hætti fyrir árslok 1994, sbr. lög nr. 19/1988.

Við samþykkt þingsályktunarinnar á Þingvöllum 17. júní sl. var miðað við að undirbúningi verkefna sjóðsins ljúki fyrir næstu áramót þannig að vinna að þeim geti hafist í byrjun næsta árs. Miðað er við að sú áætlun standist.

Umsjón með vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar verður á hendi faglegrar verkefnisstjórnar og skulu reglur um störf hennar staðfestar af sjóðstjórn. Þá er gert ráð fyrir að sjóðstjórn staðfesti rannsóknaáætlunina. Talið er heppilegt að Hafrannsóknastofnun hafi með höndum forustu um undirbúning þessa verkefnis og geri tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknaáætlunina, stjórn verkefnisins og þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Þótt gera megi ráð fyrir að þetta verkefni verði einkum á hendi starfsmanna Hafrannsóknastofnunar er ætlast til þess að stofnunin nýti sér þekkingu annarra vísindamanna eftir því sem við á.

Samkomulag er á milli allra þingflokka um að við skiptingu þess fjár, sem fara á til eflingar íslenskri tungu, verði einkum höfð í huga þrjú verkefni: Í fyrsta lagi efling Málræktarsjóðs, þannig að í sjóðnum verði eigi minna en 100 millj. kr. að fimm árum liðnum, í öðru lagi útgáfa nýrra rita um íslenska tungu og málmenningu fyrir skólaæsku landsins og í þriðja lagi önnur þau verkefni sem að mati sjóðstjórnar eru til þess fallin að efla íslenska tungu. Stjórn sjóðsins er ætlað að gangast fyrir gerð verkefnaáætlunar um tvö síðasttöldu atriðin í samvinnu við málvísindamenn og skólamenn.

188. Svar [112. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigbjarnar Gunnarssonar um tekjutengingu bóta í kerfi almannatrygginga.

1. Hvaða bætur í kerfi almannatrygginga eru tekjutengdar?

Eftirtaldar bætur lífeyristrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, eru tekjutengdar:

— grunnlífeyrir elli- og örorkulífeyris, þar með talinn grunnlífeyrir sjómannalífeyris,

— tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega, þar með talin tekjutrygging sjómannalífeyris,
— örorkustyrkur.

Ýmsar greiðslur slysa- og sjúkratrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, eru tekjutengdar, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Eftirtaldar bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, eru tekjutengdar:
— endurhæfingarlífeyrir, enda fylgir hann sömu reglum og örorkulífeyrir,
— ekkjulífeyrir,
— heimilisuppbót til lífeyrisþega,
— sérstök heimilisuppbót til lífeyrisþega,
— frekari uppbætur til lífeyrisþega, svo sem vasapeningar og dvalarheimilisuppbót.

2. *Hver yrðu áhrifin á afkomu Tryggingastofnunar ef tekjutenging yrði afnumin, aðgreint eftir tegund bóta?*

Sjá töflu í fylgiskjali ásamt skýringum.

Fylgiskjal.

Listi yfir tekjutengdar bætur.

A. Slysatryggingar.

Útgerðarmenn fá endurgreiddan aflahlut í allt að tvo mánuði þegar um bótaskylt slys er að ræða en aðrir, sem tryggðir eru og slasast, fá slysadagpeninga. Þessi skipan hefur gilt frá 1. janúar 1983, sbr. 63. gr. almannatryggingalaga og bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 23. febrúar 1983. Fyrir þann tíma hafði aflahlutur verið greiddur í eina viku. Greiðslur vegna sjómanna miðast því við raunverulegar tekjur og eru mun hærri en slysadagpeningar sem aðrir fá.

B. Sjúkratryggingar.

1. Tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega.

Endurgreiðslur til lífeyrisþega sem ekki dvelja á stofnunum:
a. Þeir sem hafa fulla tekjutryggingu fá endurgreidd 75%.
b. Þeir sem hafa skerta tekjutryggingu fá endurgreidd 50%.
c. Þeir sem ekki hafa tekjutryggingu fá ekkert endurgreitt.

Endurgreiðslur til lífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra:
a. Þeir sem fá vasapeninga fá endurgreidd 100%.
b. Þeir sem ekki fá vasapeninga fá endurgreidd 75%.

Núgildandi reglur byggjast á 4. tölul. 2. mgr. 37. gr. almannatryggingalaga og reglum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 1993, sem tóku gildi 1. janúar 1993 og reglum dags. 26. janúar 1994.

1. janúar 1975 hófust endurgreiðslur á tannlæknakostnaði elli- og örorkulífeyrisþega. Voru greidd 50%. 1981 samþykkti tryggingaráð að nýta lagaheimild til aukinnar þátttöku þannig að farið var að greiða 75% kostnaðar lífeyrisþega sem höfðu tekjutryggingu og 100% fyrir þá sem töldust langsjúkir og dvöldust á stofnunum. 1986 ákvað tryggingaráð að greidd skyldu 100% fyrir lífeyrisþega sem nutu fullrar tekjutryggingar.

2. *Um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnaði vegna afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa. Reglur nr. 58/1994.*

Samkvæmt 2. tölul. 1. gr. reglna nr. 58/1994 er tryggingaráði heimilt að hækka greiðsluhlutfallið fyrir þá einstaklinga sem njóta tekjutrygginga almannatrygginga í allt að 100%, svo og fyrir þá einstaklinga sem vegna efnaleysis bera ekki þennan kostnað að mati tryggingaráðs.

Tryggingaráð hefur sett eftirfarandi viðmiðunarreglur með bókun, dags. 25. febrúar 1994. Ef tekjur eru undir 887.058 kr. er heimilt að hækka endurgreiðslu í 90% og ef tekjur eru á bilinu 887.059 kr. til 1.478.852 kr. er heimilt að hækka endurgreiðslu hlutfallslega úr 50% í 90%.

3. *Umtalsverður kostnaður vegna læknishjálpar og lyfja.*

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja skal taka tillit til vergra heimilistekna, sbr. lokamálsgrein 12. gr. laga um félagslega aðstoð og reglur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 10. júní 1993. Fyrstu endurgreiðslur voru fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1993.

4. *Sjúkradagpeningar heimavinnandi fólks.*

Fólk, sem starfar við eigið heimili og hefur ekki tekjur, fær hálfa dagpeninga ef það verður algjörlega óvinnufært, sbr. 6. mgr. 38. gr. almannatryggingalaga. Launafólk, sem fellir algjörlega niður fulla vinnu vegna veikinda, fær hins vegar fulla dagpeninga. Byrjað var að greiða hálfa dagpeninga til heimavinnandi fólks með lögum nr. 83/1985 en frá 1978 hafði verið greiddur fjórðungur dagpeninga en fyrir þann tíma miðuðust slíkar greiðslur við upphæð lífeyris.

5. *Hjálpartæki — lyftur.*

Samkvæmt gildandi reglum Tryggingastofnunar um hjálpartæki er stofnuninni heimilt að taka þátt í 70–100% kostnaðar við fólkslyftu/stólalyftu. Sú venja gilti að 100% kostnaðar voru greidd en sjúkratryggingadeild er nú farin að meta þátttöku Tryggingastofnunar út frá tekjum. Í kvörtunarmáli nr. 72/1992 var samþykkt 90% kostnaðarþátttaka á grundvelli tekna. Lagaheimild er í a-lið 1. mgr. 33. gr. almannatryggingalaga.

6. *Hjálpartæki í bifreiðar hreyfihamlaðra lífeyrisþega.*

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar í ákveðnum hjálpartækjum í bifreiðar hreyfihamlaðra lífeyrisþega (sjálfskipting og vökvastýri) er bundin tekjum umsækjenda. Gildandi reglur eru frá 1. febrúar 1980 ásamt viðbótum frá 13. janúar 1988 og 3. júlí 1992, en tekjutengingin er þó mun eldri.

Skýringar.

Þessir útreikningar voru þannig gerðir að reiknað var út hver hefði orðið kostnaðarauki Tryggingastofnunar í október 1994 ef tekjutenging bóta hefði verið afnumin og sú tala síðan margfölduð með 12 til að fá út kostnað á ársgrundvelli.

Við útreikning á þeim kostnaðarauka sem þetta mundi hafa í för með sér varðandi greiðslu tekjutryggingar var miðað við að allir lífeyrisþegar fengju óskerta tekjutryggingu því að tekjutengingin er eina ástæðan sem getur verið fyrir því að bótaþegar geti átt rétt á lífeyri en ekki tekjutryggingu.

Að öðru leyti var ekki farið út í að reikna út kostnaðarauka vegna þeirra sem ekki fá neinar bætur í dag en ættu rétt ef tekjutenging yrði afnumin þar sem ekki eru tiltækar nægar upplýsingar til að reikna það út. Þetta veldur hins vegar vissu vanmati á þeim kostnaðarauka sem afnám tekjutengingar hefði í för með sér.

Þess ber einnig að geta að þegar greiddar eru prósentuuppbætur á tekjutryggingu og heimilisuppbót eins og láglaunabætur, orlofsuppbót og desemberuppbót, sem gert hefur verið talsvert af á síðustu árum, hefur það komið fram sem aukin tekjuskerðing um sömu prósentutölu og hækkunin er. Þetta var ekki tekið með í reikninginn þar sem þessar hækkanir eru ekki inni í almannatryggingalögum eða reglugerðum heldur eru þær háðar pólitískum ákvörðunum hverju sinni. Miðað við hvernig þessar hækkanir hafa verið síðustu ár mundi þetta valda um það bil 10% meiri kostnaðaraukningu við afnám tekjutengingar á tekjutryggingu og heimilisuppbót. Þetta hefur hins vegar ekki áhrif á tekjuskerðingu sérstakrar heimilisuppbótar þar sem þetta hefur verið framkvæmt sem krónutöluhækkun á hana vegna þess að tekjuskerðingin á henni er 100% og þykir því ekki við hæfi að hafa hana hærri en það þegar greiða á þessar uppbætur.

Varðandi dvalarheimilisuppbótina er hærra frítekjumark á vegna þátttöku bótaþega í vistgjaldi dvalarheimila en er á tekjutryggingu sem veldur því að þegar viðmiðunartekjur eru á bilinu 217.319 til 382.284 kr. fá bótaþegar hærri dvalarheimilisuppbót en sem nemur óskertri uppbót. Kemur skerðingin á tekjutryggingunni því að nokkru leyti fram í hærri greiðslum á dvalarheimilisuppbót. Því veldur tekjutengingin í sumum tilfellum aukningu á útgjöldum vegna dvalarheimilisuppbótar og í sumum tilfellum lækkun á þeim. Þetta er skýringin á því af hverju kostnaðaraukinn við afnám tekjutengingar er neikvæður varðandi dvalarheimilisuppbót örorkulífeyrisþega.

Í almannatryggingalögum er gert ráð fyrir lægri viðmiðunartekjum við dvalarheimilisuppbót en við tekjutryggingu, þ.e. tekjur eftir skatt við dvalarheimilisuppbót en tekjur fyrir skatt við tekjutryggingu. Þetta er hins vegar ekki hægt að framkvæma í núverandi tölvukerfi Tryggingastofnunar og hefur því verið brugðið á það ráð að hafa hærri tekjurnar inni í tölvu og fá þannig fram rétta greiðslu tekjutryggingar en leiðrétta vangreiðslu á dvalarheimilisuppbót á sérstökum bótaflokki sem hér er nefndur „leiðrétting á elliheimilisuppbót“. Sá bótaflokkur hyrfi alveg ef tekjutenging yrði afnumin og því er greiðsla á þeim bótaflokki sett hér inn sem frádráttarliður við þann kostnaðarauka sem það hefði í för með sér að afnema tekjutengingu.

189. Svar [60. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um breytingar á embættum héraðslækna.

1. *Hvað felst efnislega í boðaðri stefnu í fjárlagafrumvarpi þess efnis „að gera verulega breytingu á starfsemi héraðslækna, m.a. með því að færa verkefni til heilsugæslustöðva og landlæknis"?*

Ákveðið hefur verið að leggja niður föst embætti héraðslækna í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði. Fjárveitingar hafa aldrei fengist til embættis héraðslæknis í Reykjaneshéraði. Gert er ráð fyrir að starf embættis héraðslæknis í Reykjavíkurhéraði flytjist til embættis landlæknis. Í boðaðri stefnu í fjárlagafrumvarpi felst því að framvegis verða öll héraðslæknastörf með sama hætti, þ.e. að einum af heilsugæslulæknum í héraðinu verða falin héraðslæknisstörf til viðbótar við heilsugæslulæknisstörf sín.

2. *Er stefnt að því að leggja formlega niður embætti héraðslækna og ef svo er hvaða rök liggja þar að baki?*

Svarið er nei.

3. *Hvaða lagabreytingar telur ráðherra nauðsynlegar til að koma á boðuðum breytingum?*

Breyta þarf 2. mgr. 6. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

4. *Hvaða fjárveitingar renna til þeirra sem taka eiga að hluta eða að fullu á sig þau verkefni sem héraðslæknar hafa sinnt?*

Þeir heilsugæslulæknar, sem skipaðir eru héraðslæknar til fjögurra ára í senn, hafa fengið álag á laun sín. Jafnframt hefur verið gert ráð fyrir nokkrum kostnaði vegna ritaraþjónustu. Nauðsynlegar fjárveitingar vegna þessa kostnaðar er að finna á fjárlagaliðnum Heilsugæslustöðvar, almennt (08-500).

5. *Hver eru talin heildarkostnaðaráhrif af þessum breytingum?*

Í fjárlögum 1994 er 8,7 millj. kr. fjárveiting til embætta héraðslækna á Akureyri og í Reykjavík. Þessi fjárveiting mun falla niður að öðru leyti en því að 700 þús. kr. munu færast yfir á embætti landlæknis. Heildarkostnaðaráhrif þessara breytinga eru því 8 millj. kr. sparnaður.

190. Svar [109. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigbjarnar Gunnarssonar um uppgjör bifreiðatjóna.

1. *Hefur orðið aukning á uppgjöri bifreiðatjóna með beinum greiðslum til eigenda tjónabifreiða í stað uppgjörs viðgerðarreikninga á verkstæðum?*

Vegna fyrirspurnarinnar kannaði Samband íslenskra tryggingafélaga þróunina varðandi svonefndar „samkomulagsbætur“ vátryggingafélaganna vegna tjóna á ökutækjum síðustu ár. Sem hlutfall af tjónskostnaði virðist staða mála svo: 1991 18%, 1992 16%, 1993 15% og fyrstu átta mánuði ársins 1994 14%.

Könnun Sambands íslenskra tryggingafélaga bendir til að uppgjörum með beinum greiðslum til eigenda fari fækkandi.

2. *Hvernig er meðferð virðisaukaskatts háttað við slík uppgjör?*

Samkvæmt upplýsingum Sambands íslenskra tryggingafélaga er mat á tjóni á bifreið tvíþætt. Annars vegar er metinn kostnaður við efni og varahluti, hins vegar kostnaður við viðgerðarvinnu. Í tjónsmatinu er gert ráð fyrir 24,5% virðisaukaskatti. Fari tjónþoli með bifreiðina til viðgerðar á bifreiðaverkstæði og verkstæðið sendir vátryggingafélagi reikning fyrir viðgerðinni greiðir félagið verkstæðinu þann reikning ásamt virðisaukaskatti af bæði vinnu og varahlutum. Við mat á raunverulegum viðgerðarkostnaði styðjast félögin við tjónsmatið. Oft kemur fyrir að tjónþoli kveðst ætla að annast viðgerðina á bifreið sinni sjálfur og fer þess á leit að vátryggingafélagið greiði honum bætur samkvæmt tjónsmati. Einnig er algengt að eigendur ökutækja, sem mjög litlar skemmdir hafa orðið á, hyggjast jafnvel ekki láta gera við þær, a.m.k. ekki að sinni. Eigi að síður hefur orðið verðrýrnum á ökutækinu þannig að eigandinn hefur orðið fyrir fjártjóni. Í þeim tilvikum sem bætur vegna tjóns eru greiddar beint til tjónþola er matsfjárhæðin greidd en án virðisaukaskatts af vinnuliðum fyrst og fremst. Byggist þessi uppgjörsaðferð á því að tjónþoli, sem sjálfur vill annast viðgerð á ökutæki sínu, greiðir ekki virðisaukaskatt af þeirri vinnu. Ef vátryggingafélagið greiddi sem næmi fjárhæð virðisaukaskattsins í þessum tilvikum væri tjónþoli að hagnast á umferðaróhappinu og fá hærri bætur en raunverulegt fjártjón hans varð. Þessi uppgjörsaðferð mun viðhöfð í nágrannalöndum okkar þar sem virðisaukaskattskerfi er við lýði.

Vátryggingaeftirlitið hefur ekki gert athugasemdir við þessa uppgjörsaðferð. Þá er Vátryggingaeftirlitinu ekki kunnugt um að vátryggingafélög neiti að láta fara fram viðgerð á tjónabifreiðum og greiða reikninginn nema þegar ekki er talið forsvaranlegt út frá markaðsverði bifreiðarinnar að láta viðgerð fara fram. Er þá áætlað markaðsverð bifreiðar greitt tjónþola, oft gegn afsali á bifreiðinni.

191. Frumvarp til laga [174. mál]

um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda 1. janúar 1995 taka hin nýju samtök við réttindum og skyldum Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, lögum samkvæmt.

Stjórnir Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins fara frá og með 1. janúar 1995 í sameiningu með það hlutverk, sem annarri hvorri þeirra er falið í einstökum lögum, uns fyrsta stjórn hinna nýju samtaka hefur verið kjörin. Eftir það fer sú stjórn með það hlutverk sem að framan greinir.

2. gr.

Þeir starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem fastráðnir eru hjá félaginu 31. desember 1994 og verða starfsmenn hinna nýju samtaka, halda áunnum lífeyrisréttindum sínum og geta áfram átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með þeim réttindum og skyldum sem fyrir er mælt í lögum um lífeyrissjóðinn.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist gagnvart hinum nýju samtökum skuldbindingar þeirra við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisréttinda skv. 2. gr., svo og vegna lífeyrisréttinda fastráðinna starfsmanna Búnaðarfélags Íslands sem látið hafa af störfum fyrir 1. janúar 1995.

4. gr.

Jafnskjótt og fyrsta þing hinna nýju samtaka hefur sett þeim formlegar samþykktir skulu lög þessi tekin til endurskoðunar, svo og öll þau lagaákvæði önnur, þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15/1928, um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 30. ágúst 1994 var undirritað samkomulag milli stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um sameiningu þeirra í ein heildarsamtök bænda frá og með 1. janúar 1995. Gert er ráð fyrir að hin nýju samtök taki við öllum eignum og réttindum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, svo og skuldum og öðrum skuldbindingum, hverju nafni sem nefnast.

Samkomulagið var staðfest á auka-búnaðarþingi, sem haldið var í Árnesi í Gnúpverjahreppi 26.–27. ágúst 1994 og á aðalfundi Stéttarsambands bænda sem haldinn var á Flúðum í Hrunamannahreppi 25.–27. ágúst 1994. Samkomulagið er prentað í heild með frumvarpi þessu merkt fskj. II.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda kallar á breytingar á fjölmörgum lagaákvæðum, enda er stjórnum Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins víða í lögum ætlað tiltekið hlutverk. Gert er ráð fyrir því að því hlutverki verði í fyrstu gegnt sameiginlega af báðum stjórnum eða þar til hin nýju samtök fá kjörna stjórn sem mun verða í marsmánuði 1995. Þá hefur heildarsamtökunum ekki verið valið nafn. Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að ekki er tímabært að breyta núverandi hlutverki Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, eins og það er tilgreint í einstökum lögum. Hér er því sú leið valin að lögfesta sameiningu þá sem samið var um 30. ágúst 1994 og tryggja þannig að stjórnir Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins fari eftir 1. janúar nk. sameiginlega með það hlutverk sem annarri hvorri þeirra er nú falið í einstökum lögum, sbr. nánar 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Við endurskoðun laganna hlýtur jafnframt að koma til athugunar hvernig ýmsum þeim verkefnum sem um ræðir verði best skipað til frambúðar.

Gert er ráð fyrir því að starfsmenn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda verði starfsmenn hinna nýju heildarsamtaka án þess að kjör þeirra breytist, en sameiningin hlýtur að fela í sér breytingar á verksviði einstakra starfsmanna frá því sem nú er.

Fastráðnir starfsmenn Búnaðarfélags Íslands eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum nr. 15/1928. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn haldi áunnum lífeyrisréttindum og geti jafnframt átt aðild að sjóðnum áfram. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins ábyrgist ríkissjóður skuldbindingar nýrra samtaka við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisréttinda starfsmanna samtakanna, sem koma til með að eiga aðild að sjóðnum, og einnig þeirra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands sem látið hafa af störfum fyrir 1. janúar 1995. Ábyrgð ríkissjóðs er með þessu ekki aukin frá því sem nú er. Þvert á móti er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lög nr. 15/1928 falli úr gildi, þannig að nýir starfsmenn sameinaðra samtaka fái ekki aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda.

Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda.

Lífeyrisréttindi starfsmanna Búnaðarfélags Íslands er eini þáttur frumvarpsins sem snertir kostnað ríkissjóðs. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins mun ríkissjóður ábyrgjast gagnvart hinum nýju samtökum skuldbindingar þeirra við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisréttinda fyrrverandi starfsmanna Búnaðarfélagsins og þeirra fastráðinna starfsmanna Búnaðarfélagsins sem verða starfsmenn hinna nýju heildarsamtaka.

Ríkissjóður greiðir þegar sérstakt framlag til Búnaðarfélagsins vegna þessa og nemur það um 3,8 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 1994.

Frumvarpið mun því ekki fela í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Fylgiskjal II.

Samkomulag

Í samræmi við niðurstöðu í allsherjarskoðanakönnun, sem fram fór meðal bænda í maí- og júnímánuðum sl., og byggð var á drögum að samþykktum fyrir sameinuð samtök bænda, gera stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda með sér svofellt

samkomulag:

I.

1. grein.

Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda verði sameinuð í ein heildarsamtök bænda frá og með 1. janúar 1995.

Hin nýju heildarsamtök taki frá þeim tíma við öllum eignum og réttindum, svo og skuldum og skuldbindingum Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, hverju nafni sem nefnast.

2. grein.

Í samræmi við 1. grein verði rekstur Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sameinaður frá og með 1. janúar 1995. Starfsmenn hvoru tveggja samtakanna verði sjálfkrafa starfsmenn hinna nýju heildarsamtaka frá þeim tíma.

Frá og með þeim tíma verði fjárreiður og bókhald hinna nýju heildarsamtaka sameiginlegt, þó þannig að leiðbeiningarþjónusta og önnur starfsemi, sem greitt er fyrir að hluta eða öllu leyti af opinberu fé, verði skýrt afmörkuð í bókhaldi og með sérgreindan fjárhag.

3. grein.

Stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda skulu, hvor um sig, tilnefna þrjá menn í samstarfsnefnd. Skal nefndin taka til starfa eigi síðar en 1. október 1994 og annast undirbúning að sameiningu Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins í ein heildarsamtök.

Frá og með 1. janúar 1995 og þar til fyrsta stjórn samtakanna hefur verið kjörin fari stjórnir Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins í sameiningu og samstarfsnefnd, eftir nánari ákvörðun stjórnanna, með stjórn hinna nýju heildarsamtaka.

Samstarfsnefnd skiptir sjálf með sér störfum.

4. grein.

Fyrsta þing hinna nýju heildarsamtaka, búnaðarþing, skal halda í marsmánuði 1995. Skal þingið setja samtökunum samþykktir, en drög að þeim fylgja samkomulagi þessu. Þá skal þingið afgreiða reikninga Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda fyrir árið 1994, samþykkja fjárhagsáætlun fyrir árið 1995 fyrir hin nýju heildarsamtök og kjósa fyrstu stjórn þeirra. Um skipun þingsins, kosningar til þess og þingsköp vísast til II. og III. kafla hér á eftir.

II.

5. grein.

Kosningarétt og kjörgengi innan hinna nýju heildarsamtaka hafa bændur, bústjórar og aðrir búvöruframleiðendur og þjónustuaðilar sem stunda búrekstur á lögbýli í atvinnuskyni enda séu þeir félagar í búnaðarfélagi/búnaðarsambandi eða búgreinafélagi/búgreinasambandi og hafi greitt tilskilin sjóða- og félagsgjöld. Með búrekstri er átt við hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt, sem stunduð er til tekjuöflunar, svo og ræktun og veiði vatnafiska, nýtingu hlunninda og þjónustu á lögbýlum er nýtir gæði jarðar eða aðra framleiðslu landbúnaðar. Enginn getur þó átt kosningarétt í fleiri en einu búnaðarfélagi.

6. grein.

Fulltrúar, sem kjörnir verða til setu á fyrsta þingi hinna nýju heildarsamtaka, búnaðarþingi, skuli kjörnir til þriggja ára. Þingfulltrúar skulu vera 39 og kjörnir af aðildarsamtökum sem hér segir:

Búnaðarsamband Kjalarnesþings	1
Búnaðarsamband Borgarfjarðar	2
Búnaðarsamband Snæfellinga	1
Búnaðarsamband Dalamanna	1
Búnaðarsamband Vestfjarða	3
Búnaðarsamband Strandamanna	1
Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu	1
Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu	1
Búnaðarsamband Skagfirðinga	2
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	2
Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga	2
Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga	1
Búnaðarsamband Austurlands	3
Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu	1
Búnaðarsamband Suðurlands	6

Félag eggjaframleiðenda	1
Félag ferðaþjónustubænda	1
Félag hrossabænda	1
Félag kjúklingabænda	1
Landssamband kartöflubænda	1
Landssamband kúabænda	1
Landssamtök sauðfjárbænda	1
Samband garðyrkjubænda	1
Samband íslenskra loðdýraræktenda	1
Svínaræktarfélag Íslands	1
Æðarræktarfélag Íslands	1

Jafnframt skulu kjörnir með sama hætti jafnmargir varafulltrúar. Sami maður getur ekki verið fulltrúi nema einna aðildarsamtaka á þinginu.

Á þinginu eiga að auki sæti samstarfsnefnd, stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og aðrir þeir starfsmenn samtakanna er samstarfsnefndin ákveður. Kjörnir fulltrúar hafa þó einir atkvæðisrétt.

Auk þeirra, sem að framan eru taldir, hafa endurskoðendur Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, fulltrúar í Framleiðsluráði landbúnaðarins og framkvæmdastjóri þess, og forstöðumaður Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins rétt til að sitja þingið og hafa málfrelsi og tillögurétt í þeim málum er snerta starfssvið þeirra sérstaklega.

7. grein.

Í hverju búnaðarfélagi skal, eigi síðar en 1. október 1994, kjósa fulltrúa á fulltrúafund búnaðarsambands, sbr. 8. grein. Tala fulltrúa fyrir hvert búnaðarfélag fer eftir fjölda félagsmanna þess, þannig að í búnaðarsamböndum, sem kjósa þrjá þingfulltrúa eða færri, skulu félög með 30 félaga eða færri kjósa tvo fulltrúa, félög með 31–60 félaga kjósa þrjá, félög með 61–90 félaga kjósa fjóra og fjölmennari félög kjósa fimm. Í búnaðarsamböndum, sem kjósa fjóra þingfulltrúa eða fleiri, skulu félög með 30 félaga eða færri kjósa einn fulltrúa, félög með 31–60 félaga kjósa tvo, félög með 61–90 félaga kjósa þrjá og fjölmennari félög kjósa fjóra. Búgreinafélög, sem aðild eiga að búnaðarsambandi, skulu enn fremur og eigi síðar en 1. október 1994 kjósa hvert um sig einn fulltrúa á fulltrúafund búnaðarsambands.

Fulltrúar skulu kosnir á almennum félagsfundi í búnaðarfélagi. Bændur og aðrir þeir, sem kosningarétt hafa í félaginu, skulu boðaðir á fundinn með minnst þriggja daga fyrirvara á tryggilegan hátt, hvort heldur er með bréfi, símskeyti eða beinu símtali við þá sem kosningarétt hafa.

8. grein.

Kosningar til fyrsta þings hinna nýju samtaka skulu fara þannig fram hjá búnaðarsamböndum:

1. Boða skal til fulltrúafundar hjá hverju búnaðarsambandi með minnst tveggja vikna fyrirvara á tryggilegan hátt, hvort heldur er með bréfi, símskeyti eða beinu símtali við hina kjörnu fulltrúa.

2. Berist stjórn búnaðarsambands fleiri en einn kjörlisti fyrir fulltrúafund, með fleiri mönnum en kjósa skal, skal fara fram almenn kosning á þingfulltrúum meðal bænda og annarra þeirra sem kosningarétt hafa.

3. Berist einn kjörlisti fyrir fulltrúafund og nýti fulltrúar sér rétt til að bera fram kjörlista á fundinum, þannig að fram eru komnir fleiri en einn kjörlisti, með fleiri mönnum en kjósa skal, fer fram almenn kosning á þingfulltrúum meðal bænda og annarra þeirra sem kosningarétt hafa.

4. Berist einn kjörlisti fyrir fulltrúafund og nýti fulltrúar sér ekki rétt til að bera fram kjörlista á fundinum skoðast þeir, sem á listanum eru, rétt kjörnir þingfulltrúar.

5. Berist ekki kjörlisti fyrir fulltrúafund getur ⅓ fulltrúa, sem fundinn sækir, krafist þess að fram fari almenn óhlutbundin kosning á þingfulltrúum meðal bænda og annarra þeirra sem kosningarétt hafa.

Að öðrum kosti skulu þingfulltrúar kosnir á fundinum. Ef ⅓ fulltrúa, sem fundinn sækir, krefst þess skal sú kosning vera hlutbundin, en ella óhlutbundin.

6. Bændur og aðrir þeir, sem kosningarétt hafa, hafa rétt til að bera fram kjörlista. Þurfa að lágmarki annaðhvort 15% eða 30 félagsmenn, sem atkvæðisrétt hafa í búnaðarsambandi, að styðja lista þar sem kosinn er einn fulltrúi. Í þeim búnaðarsamböndum, sem kjósa fleiri en einn fulltrúa, þurfa annaðhvort 15% eða 60 félagsmenn, sem atkvæðisrétt hafa, að styðja lista.

Kjörlisti skal berast stjórn búnaðarsambands tíu dögum fyrir fulltrúafund og skal hann tilkynntur fulltrúum með minnst fimm daga fyrirvara fyrir fundinn með sama hætti og greinir í 1. tölul. Vilji fulltrúar á fulltrúafundi bera fram kjörlista þarf að lágmarki ¼ hluti þeirra að standa að slíkum lista.

7. Fari fram almenn kosning á þingfulltrúum, sbr. 2., 3. eða 5. tölul., er stjórn búnaðarsambands kjörstjórn og sér hún um undirbúning kosninga, ákveður kjördag, tilgreinir kjördeildir og kjörstaði, skipar undirkjörstjórnir, ef um fleiri en einn kjörstað er að ræða, og sér um að auglýsa kosningarnar með tryggilegum hætti. Skal kjörstjórn sjá um að gera kjörseðla og dreifa þeim í kjördeildir, úrskurða kjörskrá, en í upphafi hvers fulltrúafundar skal liggja frammi félagatal eins og það var 1. júní 1994 og skulu koma fram athugasemdir við það á fulltrúafundinum. Komi engar athugasemdir fram telst félagatalið löglegt.

Kjörfundur má eigi standa skemur en í fimm klukkustundir nema allir þeir, sem eru á kjörskrá, hafi greitt atkvæði. Um kosningu á kjörstað og meðferð atkvæða gilda almennar reglur laga um kosningar til Alþingis. Talning atkvæða skal fara fram eins fljótt og við verður komið þegar atkvæði hafa borist frá undirkjörstjórnum, en þær skulu þegar að loknum kjörfundi senda kjörstjórn kjörgögn með tryggilegum hætti. Kjörstjórn tilkynnir yfirkjörstjórn, sbr. 10. grein, um úrslit kosninganna að lokinni talningu.

9. grein.

Kosning þingfulltrúa frá búgreinafélögum eða búgreinasamböndum skal fara fram á aðalfundum þeirra eða sérstökum aukafundum eftir því sem nánar segir í samþykktum þeirra.

10. grein.

Kosningu á þingfulltrúum skal vera lokið eigi síðar en 10. desember 1994. Stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda skulu, eigi síðar en 10. september 1994, skipa þriggja manna yfirkjörstjórn sem skal hafa yfirumsjón með kosningu þingfulltrúa. Skipar stjórn Búnaðarfélagsins einn yfirkjörstjórnarmann og stjórn Stéttarsambandsins annan, en formaður skal tilnefndur sameiginlega. Skulu búnaðarsambönd og búgreinafélög/búgreinasambönd, svo og kjörstjórnir, sbr. 6. tölul. 8. greinar, tilkynna til yfirkjörstjórnar hverjir séu rétt kjörnir þingfulltrúar af þeirra hálfu. Gengur yfirkjörstjórn formlega frá kjörbréfum þegar henni hafa borist slíkar tilkynningar. Ágreiningi út af framkvæmd kosninganna, þar á meðal út af boðun funda þar sem fram fer fulltrúakjör, má, innan tíu daga frá því ágreiningur reis, skjóta til yfirkjörstjórnar og verður úrskurði hennar aðeins hnekkt af búnaðarþingi, sbr. 12. grein.

III.

11. grein.

Formaður samstarfsnefndar, sbr. 3. grein, setur fyrsta þing samtakanna og stjórnar kosningu kjörbréfanefndar, sbr. 12. grein, og embættismanna þingsins, þ.e. forseta og varaforseta, sbr. 13. grein.

Að kosningu lokinni skulu formaður Stéttarsambands bænda og búnaðarmálastjóri flytja skýrslur sínar og að því búnu skulu leyfðar almennar umræður.

12. grein.

Í upphafi þingsins skal kjósa kjörbréfanefnd, skipaða þremur mönnum. Hún leggur fram tillögur sínar áður en fyrsta fundi þingsins lýkur og skal á þeim fundi úrskurða kosningu þingfulltrúa.

Kæra út af kosningu þingfulltrúa skal berast formanni samstarfsnefndar að minnsta kosti tveim vikum áður en þingið er sett. Skilyrði er þó að kæra hafi áður borist yfirkjörstjórn, svo sem fyrir er mælt í 10. grein. Að öðrum kosti skal henni vísað frá.

13. grein.

Þegar kjörbréf hafa verið afgreidd og úrskurðuð skal kjósa forseta þingsins og tvo varaforseta. Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í hans stað, eftir hans ákvörðun.

14. grein.

Að lokinni kosningu embættismanna og almennum umræðum skulu kosnar starfsnefndir. Að jafnaði skulu eftirfarandi nefndir starfa:

1. Allsherjarnefnd.
2. Búfjárræktarnefnd.
3. Félagsmálanefnd.
4. Fjárhagsnefnd.
5. Framleiðslunefnd.
6. Jarðræktarnefnd.
7. Umhverfisnefnd.
8. Verðlags- og kjaranefnd.

Heimilt er að kjósa aðrar nefndir til að kanna einstök mál eða málaflokka.

Í hverri nefnd skulu sitja 3–5 þingfulltrúar. Enginn þeirra má eiga sæti í fleiri en einni nefnd. Formaður samstarfsnefndar er undanþeginn setu í starfsnefndum.

15. grein.

Öll mál, sem send eru þinginu til meðferðar, skulu komin í hendur formanni samstarfsnefndar að minnsta kosti fjórtán dögum fyrir þingsetningu. Þó getur þingið samþykkt að taka fyrir mál er síðar koma fram.

Í þingbyrjun skal leggja fyrir þingið drög að nýjum samþykktum fyrir hin nýju samtök ásamt drögum að þingsköpum fyrir búnaðarþing. Jafnframt skal leggja fram í þingbyrjun skýrslur starfsmanna, svo og ársreikninga Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda fyrir árið 1994. Á sama hátt skulu í þingbyrjun lögð fram þau mál sem þinginu hafa borist. Þá skal samstarfsnefnd kanna, áður en þingið hefst, hvaða mál liggja fyrir Alþingi, er landbúnaðinn og bændastéttina varðar, og hlutast til um að þau verði lögð fyrir þingið í þingbyrjun.

16. grein.

Nefnd lætur uppi álit sitt og skal fjölrita það og útbýta því meðal þingfulltrúa áður en málið er tekið til umræðu á þinginu. Nefndarálit skal undirritað af nefndarmönnum og tilgreint hver sé framsögumaður.

Samstarfsnefnd getur falið einstökum starfsmönnum hinna nýju samtaka að aðstoða einstakar nefndir við störf þeirra.

17. grein.

Forseti stýrir umræðum á þinginu og kosningum þeim er þar fara fram. Skal hann færa mælendaskrá og gefa þingfulltrúum og þeim öðrum, er málfrelsi hafa, færi á að taka til máls í þeirri röð sem þeir beiðast þess. Þó má hann víkja frá þeirri reglu er sérstaklega stendur á. Nú vill forseti taka þátt í umræðum, frekar en forsetastaða hans krefur, víkur hann þá úr forsetastóli, en varaforseti tekur við fundarstjórn á meðan.

18. grein.

Í byrjun hvers þingfundar skal útbýta dagskrá fundarins. Forseti getur tekið mál úr af dagskrá og tekið ný mál á dagskrá er sérstaklega stendur á. Fimm þingfulltrúar geta, m.a. meðan á umræðum stendur, krafist þess að mál verði tekið út af dagskrá eða nýtt mál tekið á dagskrá og sker þingið úr ef forseti neitar að verða við slíkri kröfu.

19. grein.

Samstarfsnefnd tilnefnir einn af starfsmönnum hinna nýju samtaka til þess að færa fundargerð þingsins undir umsjón forseta.

Fundargerð síðasta fundar liggi frammi a.m.k. í tvær klukkustundir áður en nýr fundur er settur. Skal hún í fundarbyrjun borin upp til samþykktar og síðan undirrituð af forseta. Heimilt er þó, sé þess óskað, að fresta samþykkt fundargerðar til næsta fundar, telji forseti það réttmæta ósk.

20. grein.

Málum, sem lögð eru fram á þinginu, skal vísa til nefndar umræðulaust. Þó er forseta heimilt að leyfa flutningsmanni að reifa málið með stuttri ræðu.

Eftir að nefndir hafa skilað áliti skulu fara fram tvær umræður um hvert mál.

Heimilt er forseta að ákveða eina umræðu um einstök mál, ef enginn mælir því gegn. Komi fram fyrirspurnir til samstarfsnefndar eða starfsmanna hinna nýju samtaka má forseti ákveða eina umræðu um þær. Sá, sem fyrirspurn er beint til, hefur sama rétt til ræðutíma og framsögumenn nefnda.

21. grein.

Framsögumenn meiri- og minni hluta nefnda og flutningsmenn mála mega taka þrisvar til máls við hverja umræðu. Öðrum er ekki heimilt að tala oftar en tvisvar. Þó er auk þess heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Stjórnarmenn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda hafa málfrelsi og tillögurétt eins og hinir kjörnu þingfulltrúar.

Starfsmönnum hinna nýju samtaka er heimilt að tala einu sinni við hverja umræðu í þeim málum er snerta starfssvið þeirra sérstaklega. Auk þess er þeim heimilt að gefa stuttar upplýsingar, ef þingfulltrúi óskar þess, eða gera stuttar athugasemdir til þess að bera af sér sakir.

Forseti getur beint því til ræðumanna að þeir stytti mál sitt og dragist umræður úr hófi fram getur hann úrskurðað að ræðutími hvers þingfulltrúa skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd. Einnig getur forseti lagt til að umræðu sé hætt. Sama rétt hafa fimm eða fleiri þingfulltrúar. Um slíka tillögu fer atkvæðagreiðsla fram umræðulaust.

Ekki má nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál.

22. grein.

Kjörnir þingfulltrúar skv. 6. grein hafa einir atkvæðisrétt á þinginu. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó þarf minnst ⅔ atkvæða viðstaddra þingfulltrúa til þess að samþykkja samþykktir hinna nýju samtaka í heild og minnst ⅓ atkvæða allra þingfulltrúa til þess að samþykkja ályktanir svo að gildar séu.

Enga ályktun má gera nema minnst ⅔ þingfulltrúa séu á fundi.

23. grein.

Forseti stýrir atkvæðagreiðslu og kveður menn sér til aðstoðar eftir þörfum til að telja saman atkvæði.

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með handauppréttingu.

Ef þingfulltrúi óskar þess skal atkvæðagreiðsla þó fara fram með nafnakalli. Enn fremur er forseta heimilt að endurtaka atkvæðagreiðslu ef hann telur þess þörf.

24. grein.

Skylt er þingfulltrúum að sækja alla fundi þingsins, nema nauðsyn banni. Heimilt er forseta að veita þingfulltrúa fjarvistarleyfi, þó ekki lengur en einn dag nema þingið samþykki.

Varafulltrúar taka sæti aðalfulltrúa í forföllum þeirra, með samþykki forseta.

25. grein.

Skylt er þingfulltrúum og öðrum, er rétt hafa til að sitja þingið, að lúta valdi forseta í öllu því er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Víki þingfulltrúi eða aðrir, sem málfrelsi hafa, með öllu frá umræðuefninu í umræðum mála, skal forseti víta það. Ef hlutaðeigandi sinnir ekki slíkri ábendingu, þó að hún sé ítrekuð, má forseti svipta hann málfrelsi á þeim fundi í því máli sem um er rætt.

26. grein.

Samstarfsnefnd ræður þinginu skrifstofustjóra úr hópi starfsmanna hinna nýju samtaka.

Skrifstofustjóri þingsins er forseta til aðstoðar við þinghaldið. Hann annast m.a. skráningu þingskjala, umsjón með skrifstofuvinnu vegna þinghaldsins, útgáfu og dreifingu þingskjala. Þá skal hann í samráði við samstarfsnefnd hlutast til um nauðsynlega gagnasöfnun vegna afgreiðslu þeirra mála er berast á tilsettum tíma fyrir þingsetningu.

IV.

27. grein.

Jafnskjótt og hinum nýju samtökum hafa verið settar samþykktir, sbr. 4. grein, falla úr gildi núgildandi lög Búnaðarfélags Íslands og núgildandi samþykktir fyrir Stéttarsamband bænda.

28. grein.

Samkomulag þetta skal bera upp til staðfestingar á búnaðarþingi og aðalfundi Stéttarsambands bænda sem boðað hefur verið til síðar í þessum mánuði.

Reykjavík, 30. ágúst 1994.

Fyrir hönd stjórnar Búnaðarfélags Íslands,
Jón Helgason (sign.)
eftir umboði

Fyrir hönd stjórnar Stéttarsambands bænda,
Haukur Halldórsson (sign.)
eftir umboði

Vitundarvottar:
Jónas Jónsson (sign.)
Hákon Sigurgrímsson (sign.)

192. Frumvarp til laga [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

5. gr. laganna hljóðar svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skal stjórn nýrra heildarsamtaka bænda skipa fjórtán menn í ráðið, þar af fjóra án tilnefningar og tíu sem eftirgreindir aðilar tilnefna: Landssamband kúabænda, sem tilnefnir tvo menn í ráðið, og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Landssamtök sláturleyfishafa, Félag eggjaframleiðenda, Félag hrossabænda, Félag kjúklingabænda, Landssamtök sauðfjárbænda, Samband garðyrkjubænda og Svínaræktarfélag Íslands, sem tilnefna hver um sig einn mann. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn mann í ráðið. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

Framleiðsluráð skal skipað til eins árs í senn frá og með 1. apríl ár hvert. Ráðið kýs sér formann og varaformann til sama tíma. Þegar rætt er um málefni er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost á að sitja fund ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur ráðið falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

H.

Skipa skal í nýtt Framleiðsluráð skv. 5. gr. laganna að afstöðnu fyrsta þingi nýrra heildarsamtaka bænda. Skal nýskipað Framleiðsluráð taka til starfa 1. apríl 1995 og fellur þá jafnframt niður umboð þeirra manna sem nú skipa ráðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 5. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er fjallað um skipan Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar eru tólf menn af þeim fimmtán sem eiga sæti í Framleiðluráði kjörnir af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess. Tveir fulltrúar Framleiðsluráðs eru skipaðir af stjórn Stéttarsambands bænda en einn fulltrúi er tilnefndur af landbúnaðarráðherra. Við sameiningu Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands í ein heildarsamtök bænda 1. janúar 1995 er nauðsynlegt að breyta ákvæðum laga nr. 99/1993 um skipan Framleiðsluráðs og er lagt til í 1. gr. frumvarps þessa að ný heildarsamtök bænda skipi fjórtán menn í Framleiðslu-

ráð en þar af tilnefni búgreinafélög tíu menn. Með þessu fyrirkomulagi er hlutdeild búgreinafélaga aukin frá því sem nú er og er það í samræmi við samkomulag innan bændasamtakanna í tengslum við sameininguna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á skipan Framleiðsluráðs landbúnaðarins í kjölfar sameiningar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands í ein heildarsamtök bænda.

Frumvarpið felur ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

193. Fyrirspurn [176. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðakostnað sjúklinga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða reglur gilda af hálfu ríkisins um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga sem sendir eru af læknum milli landshluta til læknismeðferðar og ferðast

a. í sjúkraflugi,
b. með almennum samgöngutækjum,
c. á eigin vegum?

Skriflegt svar óskast.

194. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 86 16. desember 1943, sbr. lög nr. 68/1978, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Aftan við síðustu málsgrein 2. gr. laganna bætist eftirfarandi: og skal leiga eftir þær lóðir og lönd tryggð með lögveðsrétti á sama hátt og gildir um lóðir sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæði 2. gr. laga um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, nr. 86 16. desember 1943, sbr. breyting með lögum nr. 68/1978, fylgir lögveðsréttur á leigugjaldi eftir lóðir sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga en vegna orðalags í lagaákvæðinu er lögveðsrétturinn ekki talinn ná til leigu eftir aðrar lóðir, þ.e. lóðir sem leigðar eru til atvinnustarfsemi eða annarra nota en íbúðar. Þetta hefur leitt til þess að lóðarleigur hafa tapast við nauðungarsölu í nokkrum tilvikum.

Engin rök eru til þess að gera þennan mun á tryggingu fyrir greiðslu lóðarleigu eftir tegund húsnæðis sem á lóðinni stendur. Önnur fasteignatengd gjöld, svo sem fasteignaskattur, vatnsgjald og brunatryggingargjald, eru tryggð með lögveði.

Frumvarp þetta er flutt að ósk borgarráðs Reykjavíkur.

195. Svar [92. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um stöðu Íslands gagnvart Montreal-bókun við Vínarsamninginn um ósoneyðandi efni.

1. Hver hefur verið þróun í notkun ósoneyðandi efna hérlendis að undanförnu?

Tölur um notkun ósoneyðandi efna liggja ekki fyrir og er því stuðst við innflutningstölur.

Halónar, ODP* 3,0 til 10,0.

Með reglugerð nr. 268/1993 um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna (CFC) og halóna var innflutningur og sala halóna til áfyllingar á handslökkvitæki bönnuð frá 1. ágúst 1993 og til áfyllingar á föst slökkvikerfi frá 1. janúar 1994. Einnig er innflutningur og sala slökkvitækja með halónum og uppsetning fastra halónslökkvikerfa bönnuð.

Ekkert hefur verið flutt inn af halónum á þessu ári en árið 1993 voru flutt inn alls 290 kg. Árið 1986 voru flutt inn tæp 15 tonn af halónum.

Klórflúorkolefni (CFC), ODP 0,6 til 1,0.

Samkvæmt ofangreindri reglugerð og reglugerð nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna fellur tímabundin heimild til innflutnings og sölu á klórflúorkolefnum til notkunar í fatahreinsunum og á kæli- og varmadælukerfi úr gildi 1. janúar nk.

*ODP (Ozone depleting potential) er ósoneyðingarmáttur, en það er hlutfallslegt vægi efnanna til að brjóta niður óson í heiðhvolfinu.

Á þessu ári hefur dregið úr innflutningi á R-502 (blöndu af CFC og HCFC) til notkunar á kælikerfi. Innflutningur á CFC-12 (R-12) til notkunar í kæli- og varmadælukerfi hefur staðið í stað (áætlaður 20–25 tonn 1994). CFC hefur ekki verið flutt inn til notkunar sem þenslumiðill á þessu ári en árið 1993 voru rúmlega 27 tonn flutt inn til þessara nota. Notkun CFC sem drifefnis í úðabrúsa var bönnuð árið 1990.

Fyrstu 10 mánuði þessa árs hafa verið flutt inn u.þ.b. 28 tonn af CFC. Árið 1993 voru flutt inn 66,6 tonn af CFC, en árið 1986 voru flutt inn 200,2 tonn af CFC.

Vetnisklórflúorkolefni (HCFC), ODP 0,001 til 0,52.

Vetnisklórflúorkolefni (HCFC) eru flutt inn til landsins sem kælimiðill og þenslumiðill samkvæmt tímabundinni heimild til innflutnings og sölu til 1. janúar 2015. Þessi efni koma að miklu leyti í stað CFC en hafa mun minni ósoneyðingarmátt. Innflutningur á HCFC sem þenslumiðli hófst á árinu 1993 en þá voru flutt inn 500 kg sem staðgengilefni fyrir CFC-11. Töluverð aukning hefur orðið á innflutningi HCFC til notkunar í kæliiðnaði.

*Innflutningur HCFC sem kælimiðils var áætlaður 86,9 tonn árið 1989, 107,7 tonn árið 1993 og miðað við innflutningstölur fyrstu tíu mánuði ársins 1994 má ætla að innflutningur HCFC á árinu verði u.þ.b. 140 tonn.** Í tonnum talið hefur orðið mikil aukning á heildarinnflutningi kælimiðla milli ára. Það er ekki óeðlilegt að aukning verði í innflutningi HCFC þar sem þau eru staðgengilefni.

1,1,1-tríklóretan, ODP 0,1.

Dregið hefur úr innflutningi á 1,1,1-tríklóretan á undanförnum árum. Tímabundin heimild til að flytja inn og selja 1,1,1-tríklóretan nær til 1. janúar 1996.

Árið 1989 voru flutt inn tæp 6 tonn og árið 1993 3,4 tonn.

Önnur ósoneyðandi efni: koltetraklóríð (ODP 1,1), metýlbrómíð (ODP 0,7) og vetnisbrómflúorkolefni (ODP 0,02 til 7,5).

Enginn innflutningur hefur verið á metýlbrómíð og vetnisbrómflúorkolefnum á undanförnum árum. Undanfarið hafa innan við 100 kg af koltetraklóríði verið flutt inn á ári til notkunar á rannsóknastofum.

2. *Hver er staðan nú gagnvart samningsskuldbindingum Íslands samkvæmt Montreal-bókuninni og hvernig eru horfur í því efni á næstu árum?*

Í Montreal-bókuninni er notkun ósoneyðandi efna flokkuð eftir efnisflokkum í halóna, klórflúorkolefni, vetnisklórflúorkolefni, vetnisbrómflúorkolefni, koltetraklóríð, 1,1,1-tríklóretan og metýlbrómíð. Innan hvers efnisflokks er fjallað um heildarnotkun og notkuninni ekki skipt upp eftir notkunarsviðum. Notkun ósoneyðandi efna er í bókuninni skilgreind sem innflutningur og sala þessara efna. Jafnframt nær bókunin einungis til nýrra efna en ekki endurnýttra.

---

*Í ár stefnir heildarinnflutningur ósoneyðandi kælimiðla í rúmlega 160 tonn. Þetta er vissulega aukning í tonnum talið. Hins vegar er vert að benda á það að ekki er rétt að leggja HCFC og CFC að jöfnu í þessu sambandi. Aukning á innflutningi HCFC hefur verið veruleg á sama tíma og sjáanlegur er samdráttur á innflutningi CFC-kælimiðla.

Halónar.

Íslendingar hafa hætt innflutningi halóna og staðið við skuldbindingar á því sviði. Dregið var úr notkuninni innan marka Montreal-bókunarinnar miðað við uppgefið innflutt magn halóna árið 1986 sem er grunn- og viðmiðunarár bókunarinnar.

Klórflúorkolefni.

Innflutningur CFC árið 1986 var 195,12 ODP-tonn. Samkvæmt Montreal-bókuninni hafa Íslendingar skuldbundið sig til að draga úr notkun CFC, mældri í ODP-tonnum á ársgrundvelli, um 75% á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1994. Árið 1993 voru flutt inn 61,94 ODP-tonn af CFC og áætlað er að á þessu ári verði flutt inn u.þ.b. 30–35 ODP-tonn af CFC til notkunar í efnalaugum og kæliiðnaði. Íslendingar eru því innan marka Montreal-bókunarinnar hvað klórflúorkolefni varðar. Með banni á innflutningi og sölu klórflúorkolefna, sem tekur gildi um næstu áramót, verður staðið við ákvæði Montreal-bókunarinnar hvað CFC varðar.

Vetnisklórflúorkolefni.

Samkvæmt Montreal-bókuninni skuldbinda aðildarríkin sig til að takmarka notkun vetnisklórflúorkolefna frá og með 1. janúar 1996 og draga úr innflutningi/notkun þeirra í áföngum. Notkun þessara efna hefur ekki brotið í bága við ákvæði Montreal-bókunarinnar. Hvað snertir horfur á næstu árum er vísað í svar við 3. spurningu.

Önnur ósoneyðandi efni.

Ísland hefur staðið við þær skuldbindingar sem fram koma í Montreal-bókuninni.

3. *Til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa til að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands?*

Eins og þegar hefur komið fram stendur Ísland vel að vígi hvað ákvæði Montreal-bókunarinnar varðar. Sett hefur verið reglugerð nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna. Ákvæði reglugerðinnar ganga lengra en ákvæði Montreal-bókunarinnar um að draga úr notkun ósoneyðandi efna, en aðildarríkjum Montreal-bókunarinnar er heimilt að setja skemmri frest til að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Ísland hefur verið samstíga Norðurlöndum og ESB í þeim málum.

Á næstu árum verður dregið úr innflutningi/notkun HCFC í áföngum. Óheimilt er að setja upp ný kerfi með HCFC frá og með 1. janúar 1996. Takmarkanir á innflutningi HCFC verða settar frá og með 1. janúar 1995 í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Ákvæðin um takmarkanir á innflutningi eru í samræmi við aðgerðir í ESB og aðeins strangari en ákvæði Montreal-bókunarinnar. Tímabundin heimild til innflutnings og sölu á HCFC er veitt til 1. janúar 2015 en líklegt er að þessi tímamörk verði þrengd frekar.

Staða mála í kæliiðnaðinum er áhyggjuefni. Kæliiðnaðurinn hefur lengst dregið að minnka notkun á klórflúorkolefnum. Innflutningstölur benda til mikillar notkunar og mikils og aukins leka kælikerfa. Tæknilegar lausnir eru tiltækar þannig að Ísland á að geta staðið við skuldbindingar á þessu sviði. Sem stendur er í auknum mæli verið að skipta út CFC-kælimiðlum og fara yfir í efni sem hafa engan eða óverulegan ósoneyðingarmátt. Þannig er verið að skipta út R-502 fyrir HCFC-22 (R-22).

Innflutningur og sala á nýframleiddu CFC verður bönnuð um áramótin og má nefna að komnar eru á markað blöndur af HCFC og HFC sem hægt er að setja á eldri kerfi sem notað hafa CFC. Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar verður leyfilegt að flytja inn og selja HCFC og blöndur sem innihalda HCFC út líftíma kerfanna. Á nýrri kerfi er hægt að skipta yfir í klórfrí efni eða blöndur klórfrírra efna sem ekki eru á bannlista samkvæmt Montreal-bókuninni.

Fyrir ári var sett reglugerð nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum. Með henni er stefnt að því að draga úr leka frá kæli- og varmadælukerfum með eftirliti, dagbókarfærslum, lekaskynjurum, bættum frágangi kerfanna og fleiru. Unnið er að því að koma á eftirliti með samvinnu Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins. Unnið er að reglugerð um leyfi til kaupa, innflutnings og sölu á ósoneyðandi efnum. Þar verður kveðið á um skráningu og eftirlit með allri notkun ósoneyðandi efna og er markmiðið að stuðla að bættri meðferð á þeim. Einnig má nefna að kæliiðnaðurinn hefur að eigin frumkvæði unnið að undirbúningi eigin eftirlits með notkun kælimiðla til að stuðla að betri endurheimtum á efnum til endurvinnslu eða eyðingar. Gerð leiðbeininga við reglugerð nr. 533/1993 er á lokastigi og fyrirhugaðir eru fyrirlestrar á vegum Hollustuverndar ríkisins á næstu vikum, m.a. með félögum í Kælitæknifélagi Íslands og á námskeiðum í Vélskólanum og hjá LÍÚ. Samstarf hefur verið við mjólkureftirlitið í landinu en á undanförnum árum hafa ekki verið fluttir til landsins mjólkurtankar með CFC. Mikil samvinna hefur verið við innflytjendur ósoneyðandi efna og þeir upplýstir um stöðu mála hvað alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði varðar. Loks má nefna að nú í haust gaf umhverfisráðuneytið ásamt Hollustuvernd ríkisins út bæklinginn „Ósonlagið og gróðurhúsaáhrifin“.

196. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 45/1994.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „skógræktarsvæða“ í niðurlagi 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: vegi sem sérstaklega eru afmarkaðir fyrir umferð reiðhjóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Notkun reiðhjóla hefur farið vaxandi hér á landi á undanförnum árum. Hafa bæjarfélög brugðist við því með því að leggja sérstakar brautir fyrir umferð reiðhjóla. Þannig hefur orðið til nær samfellt net reiðhjólastíga hér á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorni landsins.

Þessi mál hafa ekki verið flutt inn á vettvang Alþingis áður. Hér er lögð fram tillaga um að vegir, afmarkaðir fyrir reiðhjól, verði teknir inn í vegalög sem væri fyrsta skrefið. Í framhaldi af því þyrfti svo að verða til samfellt net reiðhjólastíga á stærri svæðum. Vonandi verður þessi tillaga til að vekja umræður sem síðan leiða til ákvarðana á Alþingi í þessum efnum.

197. Svar [80. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um eingreiðslur til lífeyrisþega.

1. *Hversu háar verða eingreiðslur til lífeyris- og bótaþega á árinu 1994, í heild og sundurliðað á einstaka hópa, þ.e. ellilífeyrisþega, öryrkja o.s.frv.?*

Í júlí og ágúst 1994 námu eingreiðslur til lífeyrisþega 257.573.872 kr. og til örorkulífeyrisþega 74.224.836 kr. eða samtals tæplega 332 millj. kr. Með ellilífeyrisþegum teljast þeir sem njóta ellilífeyris sjómanna og með örorkulífeyrisþegum teljast þeir sem njóta endurhæfingarlífeyris.

Í desember nk. verður greidd eingreiðsla. Áætlun er um 230 millj. kr. til ellilífeyrisþega og 66 millj. kr. til örorkulífeyrisþega eða samtals 296 millj. kr. Heildargreiðslur almannatrygginga vegna eingreiðslna á árinu 1994 verða því liðlega 628 millj. kr.

2. *Hvaða reglur gilda um útreikning bótanna og hvernig eru upphæðir ákveðnar til einstakra bótaþega?*

Eingreiðslur eða tekjuaukar eru ákveðnar prósentur, uppbót í júlí 44,8%, í ágúst 20% og í desember 58% á tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót, eins og fjárhæðirnar eru hverju sinni. Eingreiðslur þessar byggjast á ákvæðum í reglugerð um eingreiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994, nr. 362/1994.

3. *Finnast dæmi um einstaklinga eða hópa sem ekki njóta eingreiðslna?*

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar, heimilisuppbótar eða sérstakrar heimilisuppbótar, hafa fengið eingreiðslur. Þeir voru 24.230 í ágúst 1994. Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eingöngu fá grunnlífeyri almannatrygginga, njóta þess vegna ekki eingreiðslna.

4. *Er það stefna ráðherra að þessar greiðslur falli niður á næsta ári eða hvernig hyggst hann sjá fyrir þeim ella, sbr. forsendur fjárlagafrumvarps?*

Eins og fram kemur í forsendum fjárlagafrumvarps er ráðgert að endurskoða eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega á næsta ári.

198. Svar [111. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigbjarnar Gunnarssonar um tekjutengingu bóta í skattkerfinu.

1. *Hvaða bætur í skattkerfinu eru tekjutengdar?*

Tvær tegundir bóta í skattkerfinu eru tekjutengdar, barnabótaauki og vaxtabætur. Þessar greiðslur eru jafnframt eignatengdar. Þá má nefna að ákveðnir flokkar lífeyrisbóta (tekjutrygging, heimilisuppbót o.fl.) eru tekjutengdar greiðslur, en þær teljast ekki hluti af skattkerfinu.

2. *Hver yrðu áhrifin á afkomu ríkissjóðs ef tekjutenging yrði afnumin, aðgreint eftir tegund bóta?*

Á árinu 1994 verða greiðslur barnabótaauka kringum 1.900 millj. kr. Hefði barnabótaaukinn verið greiddur óskertur miðað við óbreyttar grunnfjárhæðir með rúmlega 69 þús. börnum undir 16 ára aldri næmu heildargreiðslur barnabótaauka 6.400 millj. kr. Tekju- og eignatenging barnabótaaukans skerðir þannig greiðslurnar um 4,5 milljarða kr. Þar af er hlutur tekjutengingar talinn nema að minnsta kosti tveimur þriðju, eða um 3–3,5 milljarða kr.

Greiðslur vaxtabóta nema tæpum 3 milljörðum kr. á yfirstandandi ári og þeirra njóta um 27 þús. fjölskyldur. Við ákvörðun vaxtabóta er fyrst tekið tillit til þess að þessum fjölskyldum er ætluð ákveðin vaxtabyrði án þess að á móti komi bætur, eða sem nemur 6% af tekjum. Væri þetta skilyrði ekki fyrir hendi, þ.e. engin tekjutenging, hefðu greiðslur vaxtabóta orðið rúmlega 700 millj. kr. hærri miðað við óbreyttar grunnfjárhæðir. Að auki þarf að taka tillit til þeirra sem ekki fengu vaxtabætur þar sem tekjur þeirra voru of háar. Lausleg athugun sýnir að án tekjutengingar hefðu þessir aðilar fengið 700–800 millj. kr. í vaxtabætur á þessu ári. Kostnaður ríkissjóðs hefði því líklega orðið allt að 1,5 milljörðum kr. hærri á þessu ári ef tekjutengingar hefði ekki notið við.

Þegar allt er lagt saman sparar tekjutengingin ríkissjóði nær 5 milljarða kr. á ári í bótagreiðslum gegnum skattkerfið.

199. Svar [71. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um áhrif af breyttum tekjuskatti einstaklinga.

1. *Hversu hár er tekjuskattur einstaklinga 1993 og hver hefði hann orðið ef skatthlutfall hefði skipst á eftirfarandi hátt?*

Tekjur í þús. kr.	*Skatthlutfall*
60–80	*30%*
80–100	*35%*
100–150	*40%*
150–200	*45%*
200–400	*50%*
400–600	*55%*
600 og yfir	*60%*

Í fljótu bragði virðist mega skipta framangreindri hugmynd í tvennt. Annars vegar er gert ráð fyrir hækkun á skattleysismörkum. Hins vegar er upptaka tekjuskatts sem lagður er á í sjö þrepum í stað eins samkvæmt gildandi kerfi.

Á árinu 1993 voru skattleysismörk tekjuskatts um 57.500 kr. á mánuði, en í hugmyndinni hér að framan virðist gert ráð fyrir hækkun á þeim mörkum um 2.500 kr. á mánuði, eða í 60.000 kr. Þetta svarar til þess að persónuafslátturinn hækki um rúmlega 1.000 kr. á mánuði sem skerðir tekjur ríkissjóðs um 1,8 milljarða kr. á heilu ári.

Sé gengið út frá þeim forsendum að skatthlutföllin hér að framan nái bæði til tekjuskatts ríkisins og útsvars og að tilfærsla á persónuafslætti milli maka sé sú sama og í gildandi kerfi benda lauslegar áætlanir til þess að framangreindar hugmyndir um sjö þrepa tekjuskatt skerði tekjur ríkissjóðs um 2,5 milljarða kr.

Þegar á heildina er litið má búast við að tekjur ríkissjóðs hefðu verið um 4,3 milljörðum kr. lægri á árinu 1993 en raunin varð miðað við þær forsendur sem tilgreindar eru í fyrirspurninni, þ.e. hefðu farið úr 12,5 milljörðum kr. í rúmlega 8 milljarða kr.

Rétt er að benda á að þessi útfærsla er ekki hnökralaus og býður upp á margvíslega framkvæmdaörðugleika í samanburði við núgildandi kerfi. Þá er rétt að hafa í huga að núgildandi kerfi er í reynd stighækkandi kerfi þar sem skattbyrði fer stighækkandi með auknum tekjum.

2. *Hverjar yrðu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga á árinu 1994 miðað við sömu forsendur? Hver er áætlaður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1994?*

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stefnir í að tekjuskattur einstaklinga, nettó, skili ríkissjóði 15 milljörðum kr. á árinu 1994. Sé miðað við sömu forsendur og áður um sjö þrepa tekjuskatt og hækkun skattleysismarka yrðu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga rúmlega 5 milljörðum kr. lægri en áætlað er, eða tæplega 10 milljarðar kr.

3. *Hverjar yrðu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1995 miðað við þessar sömu forsendur?*

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 er reiknað með sömu tekjum í krónum talið og á árinu 1994, þ.e. 15 milljörðum kr. Áætlað tekjutap samkvæmt forsendum fyrirspurnarinnar yrði svipað og á árinu 1994, eða kringum 5 milljarðar kr.

Að lokum er rétt að benda á að á undanförnum árum hafa flest ríki í Evrópu verið að einfalda tekjuskattlagningu á einstaklinga með því að fækka skattþrepum og lækka jaðarskatta. Sú hugmynd, sem hér er kynnt, gengur þvert á þá þróun sem er að verða í löndunum í kringum okkur. Þess má geta að það eru aðeins tvö af 24 ríkjum OECD, Finnland og Holland, sem leggja á jafnháan jaðarskatt í efsta þrepi og hér er lagt til, þ.e. 60%.

200. Svar [113. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um markaða tekjustofna ríkisins.

1. *Hverjir voru markaðir tekjustofnar ríkisins árin 1988–94?*

Á hverju ári birtast í ríkisreikningi tvö yfirlit sem sýna markaðar tekjur ríkisjóðs og ráðstöfun þeirra, sbr. meðfylgjandi yfirlit fyrir árin 1988–93. Enn fremur fylgir yfirlit úr fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 sem sýnir sömu hluti, en endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir.

2. *Hversu háar tekjur hlutust af þeim hverjum fyrir sig og hve hátt hlutfall teknanna rann til hins markaða tekjustofns og hvernig var þeim fjármunum ráðstafað sem ekki runnu til hins afmarkaða verkefnis, sundurliðað á árin 1988–94?*

Svör við þessum spurningum er að finna í fyrrgreindum yfirlitum. Í þeim tilvikum þar sem tekjur eru hærri en ráðstafað var til viðkomandi verkefnis rennur það sem umfram er í ríkissjóð til almennrar ráðstöfunar án sérstakrar eyrnamerkingar.

3. *Hverjir eru hinir mörkuðu tekjustofnar fyrir árið 1995 og hvernig er áætlað að verja tekjum af þeim á árinu 1995?*

Vísað er til meðfylgjandi yfirlits um markaða tekjustofna úr fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995.

RÍKISREIKNINGUR 1988
A-HLUTI

TEKJUR SEM SÉRSTAKLEGA ER RÁÐSTAFAÐ
– MARKAÐAR RÍKISSJÓÐSTEKJUR – í þús. kr.

Viðtakendur – tekjustofnar	Réttur í innheimtu	Réttur til gjalda í RR v/m. tekna	Fjárlög og lög nr. 10 1988	Mark. tekj. umfram fjárlög
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**56.113**	**81.805**	**57.290**	**24.515**
267 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:				
Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands	40.000	66.077	43.000	23.077
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands:				
Hluti skemmtanaskatts, 1/10 af 98%	6.661	6.525	5.100	1.325
976 Menningarsjóður:				
Miðagjald	9.452	9.203	9.090	113
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**143.230**	**143.230**	**70.000**	**73.230**
971 Erfðafjársjóður:				
Erfðafjárskattur	143.230	143.230	70.000	73.230
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**1.849.584**	**2.290.561**	**1.877.100**	**413.461**
271 Tryggingastofnun ríkisins:				
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1.600.855	1.978.466	1.600.000	378.466
Slysatryggingagjald	236.586	299.952	272.580	27.372
399 Heilbrigðismál:				
Landsspítalinn minningarsjóður -samúðarskeyti Landssímans	7.218	7.218	3.000	4.218
Krabbameinsfélag Íslands				
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	1	1	20	-19
471 Gæsluvistasjóður				
Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	4.924	4.924	1.500	3.424
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**53.513**	**53.513**	**155.000**	**-101.487**
971 Ríkisábyrgðasjóður:				
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	53.513	53.513	155.000	-101.487
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**55.406**	**63.589**	**58.200**	**5.389**
332 Vitamál:				
Vitagjald	30.098	30.989	23.200	7.789
341 Siglingamálastofnun ríkisins:				
Skipaskoðunargjald	25.308	32.600	35.000	-2.400
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**53.947**	**53.947**	**53.000**	**947**
302 Rafmagnseftirlit ríkisins:				
Rafmagnseftirlitsgjald	53.947	53.947	53.000	947
Alls	2.211.793	2.686.645	2.270.590	416.055

RÍKISREIKNINGUR 1988
A-HLUTI

HÁMARK Á FRAMLÖG TIL STOFNANA SAMKVÆMT LÁNSFJÁRLÖGUM í þús. kr.

Viðtakendur	Fjárlög og lög nr. 10 1988	Hámark skv. lánsfjárlögum	Greitt á árinu 1988	Hámark - greiðslur 1988
ATHUGASEMD: Þrátt fyrir ákvæði sérlaga um markaða tekjustofna til stofnana er sett hámark á greiðslur til eftirtaldra aðila í lánsfjárlögum nr. 5/1988				
02 976 Menningarsjóður	9.090	9.090	8.941	149
02 977 Þjóðarbókhlaðan, bygging	50.000	50.000	49.999	1
02 981 Kvikmyndasjóður	60.000	60.000	62.964	-2.964
02 985 Félagsheimilasjóður (menningarsj. félagsh. meðtalinn)	15.000	-	15.071	-15.000
04 207 Forfalla- og afleysingaþjónustan 1)	-	-	-	-
04 286 Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	-	-	-	-
04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	34.620	34.600	34.620	-20
04 288 Jarðræktarlög, framlög	171.258	141.000	172.112	-31.112
04 291 Búfjárrækt, framlög	25.711	9.000	26.379	-17.379
05 275 Fiskveiðasjóður Íslands	-	-	-	-
07 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	180.000	180.000	192.264	12.264
07 972 Bjargráðasjóður	-	-	-	-
08 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	500.000	500.000	350.000	150.000
10 333 670 Hafnabótasjóður	20.000	20.000	20.000	-
10 651 Ferðamálaráð Íslands, ferðamál	28.000	28.000	28.000	-
11 221 620 Iðnlánasjóður	25.000	25.000	25.000	-
Jöfnunargjald sveitarfélaga 5)	-	1.135.000	1.135.000	-

Eftirtaldar greinar í lánsfjárlögum valda einnig niðurfellingu á greiðslum:
1) Kostnaður vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum skulu greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1988, skv. 20. gr.
2) Tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð 1988, skv. 22. gr.
3) Bætur fyrir eyðingu refa og minka falla niður 1988, skv. 25. gr.
4) Landbúnaðarráðherra er heimilt að innheimta gjald af sláturleyfishöfum til að greiða kostnað við skoðun og mat á slátur-afurðum, flokkun og mat ullar og gæra, skv. 26.gr.
5) Í lögum nr. 10. 1988 er hámark sem birt er í lánsfjárlögum lækkað úr 1.540 m.kr. í 1.135 m.kr.

RÍKISREIKNINGUR 1989
A-HLUTI

TEKJUR SEM SÉRSTAKLEGA ER RÁÐSTAFAÐ
- MARKAÐAR RÍKISSJÓÐSTEKJUR - í þús. kr.

Viðtakendur - tekjustofnar	Réttur í innheimtu	Réttur til gjalda í RR v/m. tekna	Fjárlög 1989	Mark. tekj. umfram fjárlög
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**200.149**	**196.694**	**169.572**	**27.122**
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands	65.554	60.629	62.300	-1.671
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Hluti skemmtanaskatts, 1/10 af 98%	5.625	4.319	6.272	-1.953
976 Menningarsjóður: Miðagjald	8.793	11.569	11.000	569
977 Þjóðarbókhlaða: Eignarskattsauki	120.177	120.177	90.000	30.177
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**226.538**	**229.328**	**200.000**	**29.328**
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra: Erfðafjárskattur	226.538	229.328	200.000	29.328
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**2.612.303**	**2.930.179**	**2.559.500**	**370.679**
271 Tryggingastofnun ríkisins: Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2.017.346	2.334.435	1.950.000	384.435
Slysatryggingagjald	310.455	357.535	318.000	39.535
273 Atvinnuleysistryggingasjóður: Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	253.294	207.000	260.000	-53.000
399 Heilbrigðismál: Landspítalinn minningarsjóður -samúðarskeyti Landssímans	8.824	8.825	7.000	1.825
471 Gæsluvistasjóður: Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	4.227	4.227	4.500	-273
481 Bindindisstarfsemi: Skemmtanaskattur	18.157	18.157	20.000	-1.843
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**60.214**	**60.214**	**160.000**	**-99.786**
971 Ríkisábyrgðasjóður: Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	60.214	60.214	160.000	-99.786
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**89.636**	**95.843**	**93.000**	**2.843**
332 Vitamál: Vitagjald	28.553	28.330	26.000	2.330
341 Siglingamálastofnun ríkisins: Skipaskoðunargjald	33.083	33.671	39.000	-5.329
651 Ferðamálaráð: Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	28.000	33.842	28.000	5.842
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**63.207**	**63.207**	**57.065**	**6.142**
302 Rafmagnseftirlit ríkisins: Rafmagnseftirlitsgjald	63.207	63.207	57.065	6.142
Alls	**3.252.047**	**3.575.465**	**3.239.137**	**336.328**

RÍKISREIKNINGUR 1989
A-HLUTI

HÁMARK Á FRAMLÖG TIL STOFNANA SAMKVÆMT LÁNSFJÁRLÖGUM FYRIR ÁRIÐ 1989

Í þús. kr.

Viðtakendur	Fjárlög 1989	Hámark skv. láns-fjárlögum	Greitt á árinu 1989	Hámark -greiðslur 1989
ATHUGASEMD: Þrátt fyrir ákvæði sérlaga um markaða tekjustofna til stofnana er sett hámark á greiðslur til eftirtaldra aðila í lánsfjárlögum nr. 12/1989				
02 976 Menningarsjóður	11.000	11.000	11.497	-479
02 980 Listskreytingasjóður	6.000	6.000	6.592	592
02 981 Kvikmyndasjóður	71.000	71.000	70.918	82
02 985 Félagsheimilasjóður (menningarsj. félagsh. meðtalinn)	15.000	21.000	20.854	146
04 207 Forfalla- og afleysingaþjónustan 1) *)	–	–	–	–
04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	38.830	38.830	38.830	0
04 288 Jarðræktarlög, framlög 5)	122.714	100.000	203.702	-103.702
04 291 Búfjárrækt, framlög 6)	18.627	0	19.121	-19.121
05 275 Fiskveiðasjóður Íslands *)	–	–	–	–
07 972 Bjargráðasjóður *)	–	–	–	–
08 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	277.000	277.000	207.000	70.000
10 333 670 Hafnabótasjóður	25.000	25.000	25.000	0
10 651 Ferðamálaráð Íslands, ferðamál	28.000	28.000	33.842	-5.842
11 221 620 Iðnlánasjóður *)	–	–	–	–
Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti	–	1.275.000	1.204.000	67.600

Eftirtaldar greinar í lánsfjárlögum valda einnig niðurfellingu á greiðslum:

1) Kostnaður vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum skal samkvæmt 25. gr. greiðast af þeim hluta framleiðendagjalds sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara.
2) Tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð 1989, skv. 27. gr.
3) Bætur fyrir eyðingu refa og minka skulu eigi vera hærri en 8.000 þús. kr. á árinu 1989 skv. 30. gr.
4) Landbúnaðarráðherra er heimilt að innheimta gjald af sláturleyfishöfum til að greiða kostnað við skoðun og mat á sláturafurðum, flokkun og mat ullar og gæra, skv. 32. gr.
5) Fjármálaráðherra er heimilt að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktar á árinu 1988 skv. 28. gr.
6) Fjármálaráðherra er heimilt að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til búfjárræktar á árinu 1988 skv. 29. gr.
7) Samkvæmt 31. gr. skulu 680.000 þús. kr. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renna í ríkissjóð.

*) Samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1989 skal framlag til þessarar stofnunar falla niður á árinu 1989.

RÍKISREIKNINGUR 1990
A-HLUTI

TEKJUR SEM SÉRSTAKLEGA ER RÁÐSTAFAÐ
- MARKAÐAR RÍKISSJÓÐSTEKJUR - í þús. kr.

Viðtakendur - tekjustofnar	Réttur í innheimtu	Réttur til gjalda í RR v/m. tekna	Fjárlög 1990	Mark. tekj. umfram fjárlög
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**150.580**	**161.836**	**125.300**	**36.536**
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:				
Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands	60.629	72.317	43.800	28.517
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands:				
Hluti skemmtanaskatts, 1/10 af 98%	6.569	6.426	5.750	676
976 Menningarsjóður:				
Miðagjald	9.813	9.667	10.000	-333
977 Þjóðarbókhlaða:				
Sérstakur eignarskattur	67.000	67.000	60.000	7.000
985 Menningarsjóður félagsheimila:				
Hluti skemmtanaskatts	6.569	6.426	5.750	676
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**234.517**	**234.227**	**200.000**	**34.227**
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra:				
Erfðafjárskattur	234.227	234.227	200.000	34.227
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**3.628.548**	**3.560.284**	**3.274.097**	**286.187**
271 Tryggingastofnun ríkisins:				
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2.475.641	2.390.417	2.400.000	-9.583
Slysatryggingagjald	552.406	585.139	357.000	228.139
273 Atvinnuleysistryggingasjóður:				
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	254.117	213.278	313.000	-99.722
385 Framkvæmdasjóður aldraðra:				
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	311.522	336.588	160.000	176.588
399 Heilbrigðismál:				
Landspítalinn minningarsjóður -samúðarskeyti Landssímans	8.475	8.475	8.000	475
471 Gæsluvistasjóður:				
Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	5.007	5.007	5.000	7
481 Bindindisstarfsemi:				
Skemmtanaskattur	21.380	21.380	31.097	-9.717
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**65.575**	**65.575**	**220.000**	**-154.425**
971 Ríkisábyrgðasjóður:				
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	65.575	65.575	220.000	-154.425
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**126.344**	**125.341**	**111.500**	**13.841**
332 Vitamál:				
Vitagjald	39.505	39.129	36.500	2.629
341 Siglingamálastofnun ríkisins:				
Skipaskoðunargjald	38.239	37.612	39.000	-1.388
651 Ferðamálaráð:				
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	48.600	48.600	36.000	12.600
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**75.000**	**75.000**	**66.400**	**8.600**
302 Rafmagnseftirlit ríkisins:				
Rafmagnseftirlitsgjald	75.000	75.000	66.400	8.600
Alls	**4.280.564**	**4.222.263**	**3.997.297**	**224.966**

RÍKISREIKNINGUR 1990
A-HLUTI

HÁMARK Á FRAMLÖG TIL STOFNANA SAMKVÆMT LÁNSFJÁRLÖGUM FYRIR ÁRIÐ 1990

Í þús. kr.

Viðtakendur	Fjárlög 1990	Hámark skv. lánsfjárlögum	Greitt á árinu 1990	Hámark -greiðslur 1990
ATHUGASEMD: Þrátt fyrir ákvæði sérlaga um markaða tekjustofna til stofnana er sett hámark á greiðslur til eftirtaldra aðila í lánsfjárlögum nr. 116/1989				
02 980 Listskreytingasjóður	10.000	10.000	3.636	6.364
02 981 Kvikmyndasjóður	71.000	71.000	75.144	-4.144
02 991 610 Húsfriðunarsjóður	3.700	3.700	3.626	74
04 207 Forfalla- og afleysingaþjónustan 1) *)	–	–	–	–
04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	48.360	48.360	47.393	967
05 275 Fiskveiðasjóður Íslands *)	–	–	–	–
07 301 Skipulagsstjóri ríkisins	15.300	15.300	27.298	-11.998
07 972 Bjargráðasjóður *)	–	–	–	–
08 385 Framkvæmdasjóður aldraðra	205.000	205.000	199.078	5.922
09 381 Lífeyrissjóðir, eftirlaun	547.000	540.000	696.637	-156.637
10 333 670 Hafnabótasjóður	47.500	47.500	68.550	-21.050
10 651 Ferðamálaráð Íslands, ferðamál	48.600	48.600	26.500	22.100
11 221 620 Iðnlánasjóður *)	–	–	–	–

Eftirtaldar greinar í lánsfjárlögum valda einnig niðurfellingu á greiðslum:

1) Kostnaður vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum skal samkvæmt 25. gr. greiðast af þeim hluta framleiðendagjalds sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara.
2) Tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð 1990, skv. 26. gr.
3) Bætur fyrir eyðingu refa og minka skulu eigi vera hærri en 18.750 þús. kr. á árinu 1990 skv. 27. gr.
4) Landbúnaðarráðherra er heimilt að innheimta gjald af sláturleyfishöfum til að greiða kostnað við skoðun og mat á sláturafurðum, flokkun og mat ullar og gæra, skv. 28. gr.
5) Hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti skal lækka á árinu 1990 um 5% skv. 34. gr.
6) Hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti skal lækka á árinu 1990 um 15% skv. 35. gr.
7) Samkvæmt 36. gr. skal á árinu 1990 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti, skv. lögum nr. 83/1989 um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Bessastaði.
8) Fjármálaráðherra er heimilt að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis að semja um uppgjör framlaga til jarðræktar og búfjárræktar á árunum 1988 og 1989 skv. 43. gr.

*) Samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1990 skal framlag til þessarar stofnunar falla niður á árinu 1990.

RÍKISREIKNINGUR 1991
A-HLUTI

TEKJUR SEM SÉRSTAKLEGA ER RÁÐSTAFAÐ
- MARKAÐAR RÍKISSJÓÐSTEKJUR - í þús. kr.

Viðtakendur - tekjustofnar	Réttur í inn-heimtu	Réttur til gjalda í RR v/m. tekna	Fjárlög 1991	Mark. tekj. umfram fjárlög
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**416.740**	**446.959**	**404.300**	**42.659**
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands	72.317	64.746	46.600	18.146
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Hluti skemmtanaskatts	7.106	7.204	6.100	1.104
976 Menningarsjóður: Miðagjald	10.682	10.682	10.500	182
902 Þjóðminjasafn, 973 Þjóðleikhús og 977 Þjóðarbókhlaða: Eignarskattsauki	319.529	357.123	335.000	22.123
985 Menningarsjóður félagsheimila: Hluti skemmtanaskatts	7.106	7.204	6.100	1.104
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**325.321**	**325.018**	**225.000**	**100.018**
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra: Erfðafjárskattur	325.321	325.018	225.000	100.018
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**452.420**	**454.162**	**302.700**	**151.462**
385 Framkvæmdasjóður aldraðra: Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	376.283	377.219	240.000	137.219
399 Heilbrigðismál: Landspítalinn minningarsjóður -samúðarskeyti Landssímans	11.881	11.881	8.500	3.381
471 Gæsluvistasjóður: Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	5.961	5.961	5.400	561
481 Bindindisstarfsemi: Skemmtanaskattur	58.295	59.101	48.800	10.301
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**283.250**	**283.250**	**304.000**	**-20.750**
971 Ríkisábyrgðasjóður: Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	283.250	283.250	304.000	-20.750
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**90.602**	**88.265**	**149.000**	**-60.735**
332 Vitamál: Vitagjald	46.756	46.775	39.000	7.775
341 Siglingamálastofnun ríkisins: Skipaskoðunargjald	43.778	41.422	42.000	-578
651 Ferðamálaráð: Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	68	68	68.000	-67.932
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**73.407**	**73.407**	**71.600**	**1.807**
302 Rafmagnseftirlit ríkisins: Rafmagnseftirlitsgjald	73.407	73.407	71.600	1.807
Alls	**1.641.740**	**1.671.061**	**1.456.600**	**214.461**

RÍKISREIKNINGUR 1991
A-HLUTI

HÁMARK Á FRAMLÖG TIL STOFNANA SAMKVÆMT LÁNSFJÁRLÖGUM FYRIR ÁRIÐ 1991

Í þús. kr.

Viðtakendur	Fjárlög 1991	Hámark skv. lánsfjárlögum	Greitt á árinu 1991	Hámark -greiðslur 1991
ATHUGASEMD: Þrátt fyrir ákvæði sérlaga um markaða tekjustofna til stofnana er sett hámark á greiðslur til eftirtaldra aðila í lánsfjárlögum nr. 26/1991.				
02 980 Listskreytingasjóður	12.000	12.000	12.000	-
02 991 610 Húsfriðunarsjóður	10.500	10.500	10.500	-
04 Forfalla- og afleysingaþjónustan *)	-	-	-	-
04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	53.680	53.680	53.680	-
05 275 Fiskveiðasjóður Íslands *)	-	-	-	-
07 972 Bjargráðasjóður *)	-	-	-	-
08 393 131 Lyfsölusjóður	880	880	997	-117
09 381 Lífeyrissjóðir, eftirlaun **)	788.000	700.000	861.188	-383.511
10 333 670 Hafnabótasjóður	50.000	50.000	50.000	-
10 651 Ferðamálaráð Íslands, ferðamál	68.000	68.000	62.653	5.347
11 Iðnlánasjóður *)	-	-	-	-

Eftirtaldar greinar í lánsfjárlögum valda einnig niðurfellingu á greiðslum:

1) Tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð 1991, skv. 26. gr.

2) Bætur fyrir eyðingu refa og minka skulu eigi vera hærri en 19.640 þús. kr. á árinu 1991 skv. 27. gr.

3) Landbúnaðarráðherra er heimilt að innheimta gjald af sláturleyfishöfum til að greiða kostnað við skoðun og mat á sláturafurðum, flokkun og mat ullar og gæra, skv. 28. gr.

4) Hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti skal lækka á árinu 1991 um 20% skv. 32. gr.

5) Samkvæmt 36. gr. skal á árinu 1991 heimilt að ráðstafa 335.000 þús. kr. af sérstökum eignarskatti, skv. lögum nr. 83/1989 um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands og Bessastaði.

6) Samkvæmt 30. grein skal mótframlag ríkissjóðs vegna 35. gr. skipulagslaga falla niður á árinu 1991.

*) Samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1991 skal framlag til þessarar stofnunar falla niður á árinu 1991.

**) Vegna lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og hjúkrunarkvenna.

RÍKISREIKNINGUR 1992
A-HLUTI

TEKJUR SEM SÉRSTAKLEGA ER RÁÐSTAFAÐ 1992
- MARKAÐAR RÍKISSJÓÐSTEKJUR -
Í þús. kr.

Viðtakendur - tekjustofnar	Réttur í inn-heimtu	Réttur til gjalda í RR v/m. tekna	Fjárlög 1992	Mark.tekjur umfram fjárlög
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**446.397**	**427.591**	**433.000**	**-5.409**
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands	64.746	47.839	74.000	-26.161
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Hluti skemmtanaskatts	8.011	7.808	7.500	308
902 Þjóðminjasafn, 973 Þjóðleikhús og 977 Þjóðarbókhlaða: Eignarskattsauki	365.629	364.136	335.000	20.136
982 Listir framlög: 176 Menningarsjóður félagsheimila: Hluti skemmtanaskatts	8.011	7.808	7.500	308
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**64.085**	**62.462**	**60.000**	**2.462**
341 Áfengis- og fíkniefnamál. Hluti skemmtanaskatts	64.085	62.462	60.000	2.462
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**277.097**	**277.094**	**320.000**	**-42.906**
791 Erfðafjársjóður - 07 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra: Erfðafjárskattur	277.097	277.094	320.000	-42.906
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**422.051**	**428.559**	**423.000**	**5.559**
385 Framkvæmdasjóður aldraðra: Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	405.641	412.149	414.000	-1.851
399 Heilbrigðismál: 132 Landspítalinn minningarsjóður Samúðarskeyti Landssímans	10.144	10.144	9.000	1.144
471 Gæsluvistasjóður: Hluti gjalds af einkasöluvörum	6.266	6.266	-	6.266
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**251.835**	**280.927**	**280.000**	**927**
971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur: Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	251.835	280.927	280.000	927
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**163.684**	**169.815**	**181.000**	**-11.185**
332 Vitamál: Vitagjald	44.909	46.341	49.000	-2.659
341 Siglingamálastofnun ríkisins: Skipaskoðunargjald	50.775	55.474	64.000	-8.526
651 Ferðamál skv. 8. grein laga nr. 79/1985: Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	68.000	68.000	68.000	-
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**85.792**	**85.792**	**80.000**	**5.792**
302 Rafmagnseftirlit ríkisins: Rafmagnseftirlitsgjald	85.792	85.792	80.000	5.792
Alls	**1.710.941**	**1.732.240**	**1.777.000**	**-44.760**

RÍKISREIKNINGUR 1992
A-HLUTI

HÁMARK Á FRAMLÖG TIL STOFNANA SAMKVÆMT LÖGUM UM RÁÐSTAFANIR Í RÍKISFJÁRMÁLUM Á ÁRINU 1992

Í þús. kr.

Viðtakendur	Fjárlög 1992	Hámark skv. lögum nr. 1/1992	Greitt á árinu 1992	Hámark -greiðslur 1992
ATHUGASEMD: Þrátt fyrir ákvæði sérlaga um markaða tekjustofna til stofnana er sett hámark á greiðslur til eftirtaldra aðila í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, lög nr. 1/1992.				
02 976 Menningarsjóður	6.000	6.000	1.395	4.605
02 980 Listskreytingasjóður	12.000	12.000	7.763	4.237
02 981 Kvikmyndasjóður	91.500	91.500	94.169	-2.669
02 991 610 Húsfriðunarsjóður	10.500	10.500	-	10.500
04 Forfalla- og afleysingaþjónustan *)	-	-	-	-
04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	60.000	-	60.000
04 291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	340.000	340.000	340.000	-
05 275 Fiskveiðasjóður Íslands *)	-	-	-	-
06 732 Kirkjubyggingasjóður	1.000	1.000	-	1.000
07 972 Bjargráðasjóður *)	-	-	-	-
08 393 131 Lyfsölusjóður	900	900	1.037	-137
08 610 Gæsluvistarsjóður *)	-	-	-	-
10 333 670 Hafnabótasjóður	90.000	90.000	90.000	-
10 651 Ferðamálaráð Íslands, ferðamál	68.000	68.000	64.559	3.441

Eftirtaldar greinar í lánsfjárlögum valda einnig niðurfellingu á greiðslum:

1) Tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð 1992, skv. 37. grein.

2) Landbúnaðarráðherra er heimilt að innheimta gjald af sláturleyfishöfum til að greiða kostnað við skoðun og mat á sláturafurðum, flokkun og mat ullar og gæra, skv. 45. grein.

3) Hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti skal lækka á árinu 1992 um 20% skv. 48. grein.

4) Samkvæmt 56. grein skal mótframlag ríkissjóðs vegna 35. grein skipulagslaga eigi vera hærra en 4.500 þús. kr. á árinu 1992.

5) Samkvæmt 57. grein skulu 265 millj. kr. af innheimtum mörkuðum tekjum skv. 2. grein laga nr. 3/1987 renna í ríkissjóð á árinu 1992 en ekki vera varið til vegagerðar samkvæmt vegaáætlun.

6) Samkvæmt 58. grein (sbr. 33. grein) er umhverfisráðherra, að fengnum tillögum veiðistjóra, heimilt að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum á árinu 1992.

7) Samkvæmt 51. grein skal framlag ríkissjóðs til varasjóðs slysatrygginga falla niður á árinu 1992.

*) Samkvæmt lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 skal framlag til þessarar stofnunar falla niður á árinu 1992.

RÍKISREIKNINGUR 1993
A-HLUTI

TEKJUR SEM SÉRSTAKLEGA ER RÁÐSTAFAÐ 1993
- MARKAÐAR RÍKISSJÓÐSTEKJUR - Í þús. kr.

Viðtakendur - tekjustofnar	Réttur í inn-heimtu	Réttur til gjalda í RR v/m. tekna	Fjárlög/ fjáraukalög 1993	Mark.tekjur umfram fjárlög
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**474.131**	**436.086**	**414.000**	**22.086**
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:				
Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands ..	47.839	49.923	60.000	-10.077
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands:				
Hluti skemmtanaskatts	8.009	8.009	8.000	9
977 Þjóðarbókhlaða, lög nr. 83/1989				
Sérstakur eignarskattur	400.956	360.827	338.000-	22.827
982 Listir, framlög:				
176 Menningarsjóður félagsheimila:				
Hluti skemmtanaskatts	8.009	8.009	8.000	9
Miðagjald (rann áður til Menningarsjóðs)	9.318	9.318	-	9.318
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**64.075**	**64.075**	**64.000**	**75**
341 Áfengis- og fíkniefnamál:				
Hluti skemmtanaskatts	64.075	64.075	64.000	75
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**291.291**	**291.291**	**330.000**	**-38.709**
791 Erfðafjársjóður - 07 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra:				
Erfðafjárskattur	291.291	291.291	330.000	368.709
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**428.279**	**431.494**	**434.000**	**-2.506**
385 Framkvæmdasjóður aldraðra:				
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	411.937	415.152	425.000	-9.848
399 Heilbrigðismál, ýmis verkefni				
132 Minningarsjóður Landspítalans:				
Samúðarskeyti Landssímans	10.192	10.192	9.000	1.192
471 Gæsluvistarsjóður:				
Hluti gjalds af einkasöluvörum	6.150	6.150	-	6.150
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**352.577**	**352.577**	**275.000**	**77.577**
971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur:				
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	352.577	352.577	275.000	77.577
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**5.682.598**	**5.521.248**	**5.880.000**	**-358.752**
211 Vegagerð ríkisins:				
Sérstakt vörugjald af bensíni				
Þungaskattur af díselbifreiðum	5.503.476	5.338.387	5.716.000**	-377.613
Innflutningsgjald af bensíni				
332 Vitastofnun Íslands:				
Vitagjald	56.056	58.670	45.000	13.670
341 Siglingamálastofnun ríkisins:				
Skipagjald	55.066	56.191	51.000	5.191
651 Ferðamálaráð Íslands:				
610 Ferðamál skv. 8. grein laga nr. 79/1985:				
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	68.000	68.000	68.000	
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**80.081**	**80.081**	**68.000**	**12.081**
302 Rafmagnseftirlit ríkisins:				
Rafmagnseftirlitsgjald	80.081	80.081	68.000***	12.081
Samtals	7.373.032	7.176.852	7.465.000	-288.148

* Skerðing að fullu.
** Alls áætlað 6.060 millj.kr. - skerðing 455 millj.kr.
*** Alls áætlað 77 millj.kr. - skerðing 9 millj.kr.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 6 Markaðar ríkissjóðstekjur 1994

Milljónir króna	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	40	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		40
Skemmtanaskattur	75	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		8
Menningarsjóður félagsheimila		8
Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna		60
Miðagjald f Menningarsjóð	7	
Menningarsjóður		9
Sérstakur eignarskattur	340	
Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu o.fl.		340
Félagsmálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	140	
Vinnueftirlit ríkisins		120
Ábyrgðargjald	400	
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota		400
Erfðafjárskattur	300	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		300
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	10 210	
Tryggingastofnun ríkisins		8 580
Atvinnuleysistryggingasjóður		1 650
Samúðarskeyti Landssímans	9	
Minningarsjóður Landspítalans		9
Hluti gjalds af einkasöluvörum	7	
Gæsluvistarsjóður		-
Gjald f Framkvæmdasjóð aldraðra	415	
Framkvæmdasjóður aldraðra		415
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	300	
Ríkisábyrgðir og tjónabætur		300
Samgönguráðuneyti:		
Sérstakt vörugjald af bensíni	4 145	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	1 400	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	560	
Vegagerð ríkisins		5 735
Vitagjald	50	
Vitastofnun Íslands		50
Skipaskoðunargjald	52	
Siglingamálastofnun ríkisins		52
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	190	
Ferðamál, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985		68
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	85	
Rafmagnseftirlit ríkisins		66
Markaðir tekjustofnar alls	**18 725**	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		**18 209**
Skerðing markaðra tekjustofna		**516**

Tafla 8 Markaðar ríkissjóðstekjur 1995

Milljónir króna	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	60	
Bygginga- og tækjasjóður		60
Skemmtanaskattur	68	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		7
Menningarsjóður félagsheimila		7
Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna		54
Miðagjald í Menningarsjóð	10	
Menningarsjóður		10
Sérstakur eignarskattur	370	
Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu o.fl.		370
Félagsmálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	140	
Vinnueftirlit ríkisins		120
Ábyrgðargjald	400	
Ábyrgðarsjóður launa vegna gjaldþrota		400
Erfðafjárskattur	310	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		310
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	10 360	
Tryggingastofnun ríkisins		9 240
Atvinnuleysistryggingasjóður		1 000
Samúðarskeyti Landssímans	9	
Minningarsjóður Landspítalans		9
Hluti gjalds af einkasöluvörum	8	
Gæsluvistarsjóður		-
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	480	
Framkvæmdasjóður aldraða		480
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	350	
Ríkisábyrgðir		225
Samgönguráðuneyti:		
Sérstakt vörugjald af bensíni	4 375	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	1 490	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	585	
Vegagerð ríkisins		6 175
Vitagjald	58	
Vitastofnun Íslands		58
Skipaskoðunargjald	64	
Siglingamálastofnun ríkisins		64
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	200	
Ferðamál, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985		68
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	88	
Rafmagnseftirlit ríkisins		61
Markaðir tekjustofnar alls	**19 424**	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		**18 717**
Skerðing markaðra tekjustofna		**707**

201. Fyrirspurn [179. mál]

til félagsmálaráðherra um vatnsgjald.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvernig fylgist félagsmálaráðuneytið með því að framfylgt sé þeim ákvæðum 7. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, að vatnsgjald standi einungis straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu?

202. Fyrirspurn [180. mál]

til félagsmálaráðherra um álagningu vatnsgjalds og aukavatnsgjalds.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er lagastoð þess ákvæðis í 9. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða vatnsgjald miðað við rúmmál húseigna?
2. Hver eru rök ráðherra fyrir því að lög um vatnsveitur sveitarfélaga heimili frávik frá hámarki aukavatnsgjalds í undantekningartilvikum á þann veg að hámark megi vera hærra en almennt gildir og hvers vegna gildir það frávik ekki til þess að ákveða lægra hámark í undantekningartilvikum?
3. Hvaða kostnaði á, að mati ráðherra, aukavatnsgjald að mæta við framkvæmdir og rekstur vatnsveitu?

203. Fyrirspurn [181. mál]

til félagsmálaráðherra um arðgreiðslu vatnsveitu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvernig samrýmist það ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga að Vatnsveitu Reykjavíkur er gert að greiða sérstaka arðgreiðslu í borgarsjóð?

Af hvaða stofni á að reikna slíkan arð og hversu hár má hann vera?

204. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um samning um bráðabirgðasamkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um bráðabirgðasamkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu sem undirritaður var 28. september 1994 í Brussel.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningi þessum er ætlað að leysa það millibilsástand sem skapast við inngöngu tiltekinna EFTA-ríkja í ESB varðandi óafgreidd mál sem þá liggja fyrir hjá EFTA-dómstólnum og eftirlitsstofnun EFTA og með hvaða hætti eigi að ljúka þeim. Samningurinn er í eðli sínu tímabundinn og fjallar um valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins eftir aðild tiltekinna EFTA-ríkja að ESB varðandi málsatvik sem eiga sér stað fyrir þann tíma, á hvern hátt framkvæmdastjórn ESB yfirtekur mál, er nú falla undir eftirlitsstofnun EFTA, er snúa að þeim EFTA-ríkjum sem verða aðilar að ESB, og á hvern hátt EFTA-dómstóllinn lýkur málum þar sem málsatvik er leiddu til málssóknar áttu sér stað áður en til aðildar tiltekinna EFTA-ríkja að ESB kom. EFTA-dómstóllinn skal úrskurða í öllum slíkum málum innan sex mánaða frá aðild tiltekinna EFTA-ríkja að ESB. Ríkisstjórnir aðildarríkja þessa samnings mega þó, ef samhljóða samkomulag verður um það, framlengja þetta tímabil um allt að sex mánuði.

Ekkert í þessum samningi eða samningnum um eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn kemur í veg fyrir að ríki, sem ekki gerast aðilar, ákveði að eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn starfi áfram við úrlausn málsatvika sem eiga sér stað eftir aðild sumra EFTA-ríkja að ESB með þeirri skipan og með því starfsfólki sem viðkomandi EFTA-ríki telur viðeigandi. Ef svo fer að tvö eða fleiri ríki gerast ekki aðilar að ESB skal taka slíka ákvörðun með samhljóða samþykki ríkisstjórna þessara ríkja.

Samningurinn er meðfylgjandi á íslensku (fskj. I) og ensku (fskj. II).

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um bráðabirgðafyrirkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR OG
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnuna og dómstóls, hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

ÞAR eð samningurinn um aðild Konungsríkisins Noregs Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu, hér á eftir nefndur aðildarsamningurinn, var undirritaður á Korfú 24. júní 1994.

ÞAR eð nauðsynlegt er að kveða á um tiltekið bráðabirgðafyrirkomulag í tengslum við starfsemi eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

ÞAR eð nauðsynlegt er að skyldur og réttindi, einkum réttindi einstaklinga og atvinnurekenda sem komið hafa til á grundvelli EES-samningsins, sé í heiðri höfð einnig eftir aðild EFTA-ríkjanna að Evrópusambandinu.

GERA SÉR LJÓST að núgildandi samningur hefur áhrif á réttindi og skyldur einstaklinga og atvinnurekenda í EFTA-ríkjum sem eru að gerast aðilar og í EFTA-ríkjum sem eru ekki að gerast aðilar og í þriðju ríkjum.

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

1. Ákvæði samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og þeim er breytt með þessum samningi, skulu gilda áfram til bráðabirgða eftir gildistökudag aðildarsamnings EFTA-ríkjanna sem gerast aðilar að Evrópusambandinu.

2. Þessi samningur skal einnig gilda um EFTA-ríki sem gerist ekki aðili að Evrópusambandinu að því er varðar mál þar sem málsatvik er leiddu til málsóknar urðu áður en til aðildar kom.

Ekkert í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn eða í þessum samningi skal koma í veg fyrir að slíkt ríki ákveði að eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn starfi áfram, að því er varðar mál þar sem málsatvik er leiddu til málsóknar urðu eftir að til aðildar kom, með hverri þeirri samsetningu og með því starfsfólki sem það EFTA-ríki telur viðeigandi.

Ef svo fer að tvö eða fleiri EFTA-ríki gerast ekki aðilar að Evrópusambandinu skal taka ákvörðunina sem um getur í annarri undirgrein með samhljóða samþykki ríkisstjórna þessara ríkja.

2. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, eins fljótt og auðið er eftir að til aðildar kemur, senda ESB-framkvæmdastjórninni allar tilkynningar eða upplýsingar, sem hafa borist frá eða varða EFTA-ríki sem gerst hefur aðili, í samræmi við EES-samninginn og samninginn um eftirlitsstofnun og dómstólinn, og sem hefðu verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina ef ríkið sem gerst hefur aðili hefði verið aðili að Evrópusambandinu.

3. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, eins fljótt og auðið er eftir að til aðildar kemur, senda framkvæmdastjórn ESB gögn um óútkljáð mál sem, vegna aðildar, falla undir valdsvið framkvæmdastjórninnar.

Þetta á við um:

- mál sem fjallað er um samkvæmt 53., 54., 57., 61. og 62. eða 65. gr. EES-samningsins eða 1. eða 2. gr. bókunar 25 við sama samning og mál sem voru leidd til lykta fyrir aðildardag;

- öll önnur mál sem hafa verið til meðferðar hjá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt reglum um tilhögun eftirlits sem kveðið er á um í EES-samningnum.

4. gr.

1. Með fyrirvara um 2. og 3. gr. má eftirlitsstofnun EFTA, eftir að til aðildar kemur, eingöngu sinna þeim verkefnum sem tengjast hlutverki hennar í dómsmálum fyrir EFTA-dómstólnum.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal þó í þrjá mánuði eftir að til aðildar kemur halda áfram að vera þar til bær í málum þar sem málsatvik er leiddu til málsóknar urðu áður en til aðildar kom enda falla þau ekki undir valdsvið framkvæmdastjórnar ESB vegna aðildar.

5. gr.

1. Eftir aðild má aðeins höfða ný mál fyrir EFTA-dómstólnum ef málsatvikin sem leiddu til málsóknar samkvæmt EES-samningnum eða samningnum um eftirlitsstofnunina og EFTA-dómstólinn urðu áður en til aðildar kom og beiðni er lögð inn hjá EFTA-dómstólnum innan þriggja mánaða frá aðild. Þó má hefja málsókn samkvæmt 36. eða 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn sé það gert innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þriðju málsgrein 36. gr. og annarri málsgrein 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn eins og þeim er breytt með a-lið 6. gr. þessa samnings.

2. Eftir aðild má ekki höfða ný mál byggð á 32. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn fyrir EFTA-dómstólnum.

6. gr.

Að því er samning þennan varðar:

a) skulu tímamörkin sem kveðið er á um í þriðju málsgrein 36. gr. og annarri málsgrein 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn vera einn mánuður eftir að til aðildar kemur;

b) skulu tímamörkin sem kveðið er á um í 20. gr. bókunar 5 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn vera einn mánuður eftir að til aðildar kemur;

c) er EFTA-dómstóllinn kvattur til að stytta tímamörk málsmeðferðar sem kveðið er á um í starfsreglum hans, annað hvort almennt eða í einstökum málum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til grundvallarréttinda viðkomandi aðila hvað varðar málsmeðferð. Ákvarðanir EFTA-dómstólsins þar að lútandi þurfa ekki samþykkti ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

7. gr.

EFTA-dómstóllinn skal úrskurða í öllum óútkljáðum málum innan sex mánaða frá aðild. Ríkisstjórnir aðila að þessum samningi mega þó, ef samljóða samkomulag verður um það í síðasta lagi sjö vikum fyrir lok þessara sex mánuða, framlengja þetta tímabil um allt að sex mánuði.

8. gr.

Ákvæði 13. gr. bókunar 5 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn gilda ekki um dómara við EFTA-dómstólinn sem starfar samkvæmt þessum samningi.

9. gr.

1. Samningur þessi er gerður í einu frumriti á ensku, finnsku, þýsku, íslensku, norsku og sænsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Samningunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Samningur þessi öðlast gildi milli Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar sama dag og aðildarrsamningurinn að því tilskildu að allir samningsaðilar að honum hafa afhent fullgildingarkjöl sín til vörslu fyrir þann dag.

Eftir þann dag öðlast samningur þessi gildi á fyrsta degi mánaðarins á eftir síðustu afhendingu. Fari slík afhending þó fram fyrr en fimmtán dögum fyrir upphaf næsta mánaðar öðlast samningur þessi ekki gildi fyrr en á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann afhendingardag.

4. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein getur þessi samningur öðlast gildi þann sama dag, að því tilskildu að EES-samningurinn og samningur um eftirlitsstofnunina hafa fram að þeim degi öðlast gildi að því er varðar Liechtenstein og að Liechtenstein hafi afhent aðildarskjöl vegna þessa samnings. Eftir þann dag öðlast þessi samningur gildi fyrir Liechtenstein á fyrsta degi mánaðarins eftir að aðildarskjöl fyrir Liechtenstein hafa verið afhent, að því tilskildu að EES-samningurinn og samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn hafi öðlast gildi að því er varðar Liechtenstein.

Aðildarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Brussel 28. dag septembermánaðar 1994.

Á fskj. II var birtur texti samningsins á ensku og vísast um hann til þingskjalsins (lausaskjalsins).

205. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um leiðtogafund á Þingvöllum árið 2000.

Flm.: Jón Helgason, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ítarlega athugun á raunhæfum möguleikum á fundi þjóðar- og trúarleiðtoga á Þingvöllum um framtíðarhorfur mannkynsins árið 2000, m.a. með ráðstefnu um þessa hugmynd í samvinnu við þá sem hafa sett hana fram.

Greinargerð.

Á síðasta ári kom út í Bandaríkjunum rit sem ber heitið „Global 2000 — Revisited. What shall we do". Aðdraganda að útgáfunni má rekja til þess að á stjórnarárum sínum fékk Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, höfund ritsins, Gerald O. Barney, til að fjalla um framtíðarhorfur til ársins 2000. Skilaði hann greinargerð sinni árið 1980 sem hann nefndi Global 2000. Í framhaldi af því kom Barney ásamt fleirum á fót stofnun sem nefnist „Millennium Institute" og hefur sú stofnun fjallað áfram um þetta áhugaverða málefni. Á síðasta ári var haldin í Chicago ráðstefna flestra trúarleiðtoga og til undirbúnings henni voru Barney og samstarfsmenn hans, ásamt mörgum fleirum þeim til aðstoðar, fengnir til að endurskoða greinargerðina sem unnin var fyrir Carter og birtist niðurstaðan í fyrrnefndu riti. Þar eru dregnar fram dökkar framtíðarhorfur fyrir mannkynið vegna gífurlegrar fólksfjölgunar, mengunar og þurrðar orkulinda. Á síðustu blaðsíðum ritsins er kafli sem ber heitið: Tillagan um fund þjóðar- og trúarleiðtoga á Íslandi árið 2000. Er hann prentaður sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu.

Barney hefur komið oft til Íslands á síðustu tíu árum og kynnst landi og þjóð. Átti hann viðræður við Steingrím Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, og ýmsa fleiri. Varð hann sérstaklega hrifinn af Þingvöllum, náttúru þeirra og sögu. Leiddi það til þess að hann setti fram hugmynd um ráðstefnu á Þingvöllum árið 2000, ekki aðeins fyrir trúarleiðtoga heldur einnig fyrir alla þjóðarleiðtoga. Lagði hann þá tillögu fyrir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Þingvallanefnd árið 1991. Í ritinu kemur fram að ekki hafi fengist mikil viðbrögð frá Íslendingum og ekki hefur þess heldur orðið vart að umræða hafi farið fram um málið hérlendis. Ljóst er að það er ekki á verksviði Þingvallanefndar að annast svo viðamikið verkefni, heldur verður ríkisstjórnin að taka það til umfjöllunar og ákvörðunar.

Með þessari þingsályktunartillögu er ekki lagður neinn dómur á hvort þessi hugmynd er framkvæmanleg. Hins vegar væri það óafsakanlegt tómlæti að taka hana ekki til alvarlegrar athugunar og efna til viðræðna við þessa hugsjónamenn. Sérstaklega hlýtur það að vera áhugavert fyrir okkur að ræddir verði þeir kostir sem hann sér á landi og þjóð og

gera Þingvelli sérstaklega kjörna til svo stórfenglegs verkefnis. Við nánari athugun kæmi líka fram hvaða þröskuldar eru í vegi fyrir okkur að ráða við það og hvaða aðstoð þeir væru reiðubúnir að veita við að yfirstíga þá.

Jafnvel þótt ekki væri hægt að ná svo langt gætu komið fram margar gagnlegar tillögur og ábendingar þó að niðurstaðan yrði smærri í sniðum. Ráðstefna um svo áhugavert málefni, sem tengist framtíðinni, gæti líka ein sér vakið verðskuldaða athygli.

Nánari rökstuðningur fyrir efni þessarar þingsályktunartillögu kemur fram í fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

Viðauki: Tillaga um fund þjóðar- og trúarleiðtoga á Íslandi árið 2000.

Árið 1991 lagði Aldamótastofnunin (*The Millennium Institute*) tillögu fyrir ríkisstjórn Íslands um fund þjóðar- og trúarleiðtoga er haldinn skyldi árið 2000 á Þingvöllum, hinum upphaflega þingstað Íslendinga.

Á Þingvöllum er nú fallegur þjóðgarður og þar kemur Alþingi enn þá saman á merkustu hátíðarstundum. Þingvellir eru í umsjá Þingvallanefndar sem kjörin er af Alþingi og þar eru nánast engar formlegar samkomur heimilaðar nema þingfundir Alþingis.

Nokkrir umræðufundir hafa verið haldnir með helstu forustumönnum Íslendinga um þessa tillögu. Þar á meðal var rætt við Davíð Oddsson forsætisráðherra, Steingrím Hermannsson, fyrrum forsætisráðherra, Björn Bjarnason, formann Þingvallanefndar, Jón Sigurðsson, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason, biskup kaþólskra á Íslandi, Alfred Jolson, og séra Hönnu Maríu Pétursdóttur, þjóðgarðsvörð á Þingvöllum.

Forustumenn Íslendinga hafa áhuga, en þeir eru varkárir. Þeir velta því fyrir sér hvort þjóðar- og trúarleiðtogar fáist til þess að koma til lands sem fyrir mörgum þeirra sem ekki hafa séð þetta fallega land er „á mörkum hins byggilega heims".

Það væri Íslendingum mikil hvatning ef andlegir leiðtogar rituðu bréf, sameiginlega eða hver í sínu lagi, og bæðu þá að halda þennan þarfa fund. Einnig væri æskilegt að aðrir sendu bréf. Utanáskriftin er: Björn Bjarnason, formaður Þingvallanefndar, Alþingi, 150 Reykjavík, Íslandi. Í bréfinu ætti að vísa til eftirfarandi tillögu:

Tillaga til Þingvallanefndar um fund þjóðar- og trúarleiðtoga á Þingvöllum árið 2000.[1]

Ég rita yður þetta bréf að tillögu stjórnar Aldamótastofnunarinnar. Við höfum hug á að kanna möguleika á því að haldinn verði allsherjarfundur þjóðar- og trúarleiðtoga á Þingvöllum sumarið 2000.

Hér á eftir fer fyrsta viðleitni okkar til að festa hugmyndir okkar á blað. Þegar þér hafið hugleitt þær værum við þakklát ef þér vilduð leggja þær fyrir aðra nefndarmenn Þingvallanefndar. Ef hafin er opin umræða höfum við hug á að koma á fundi með völdum hópi Íslendinga til þess að leggja drög að skipulagningu fundarins og gera frumáætlun.

---

[1] Tillagan var lögð fyrir Þingvallanefnd 7. október 1991. Orðalaginu hefur verið breytt lítillega.

Í næstum áratug höfum við hjá Aldamótastofnuninni reynt að hvetja hverja þjóðina af annarri til þess að taka saman það sem við köllum aldamótaskýrslu, þ.e. langtímakönnun á því hvernig þjóðin muni haga málum sínum á 21. öldinni. Undanfarin ár höfum við tekið saman fræðslu- og hjálpargögn til að auðvelda skýrslugerðina.

Fimmtungur allra þjóða heims vinnur nú að rannsóknaráætlunum sem við teljum að svari til skilgreiningar okkar á aldamótaskýrslu. Eins og yður er kunnugt er Ísland ein þessara þjóða. Áður en árið 2000 rennur upp vonumst við til þess að vera búin að telja allar þjóðir á að vinna aldamótaskýrslu.

Í þessari samvinnu okkar með mörgum þjóðum hefur okkur orðið ljóst að fyrir mannkyninu er 21. öldin öll í óvissu. Þótt þá muni gefast mörg tækifæri eru einnig ýmsar hættur á veginum: vaxandi þjóðernishyggja, barátta milli ólíkra trúar- og þjóðernishópa, takmarkaðar olíu- og vatnsauðlindir, röskun á lofthjúpi og veðurfari jarðar, eyðilegging kjörlenda og útrýming fjölda dýrategunda, áframhaldandi fólksfjölgun, hætta á alnæmi og öðrum sjúkdómum, verslun með eiturlyf, fátækt, vanræksla og misnotkun á konum, eyðingarmáttur nútímavopna og viðkvæmni efnahagsins í heiminum. Til þess að takast á við þessar hættur og færa okkur í nyt þau tækifæri sem gefast þurfum við sem aldrei fyrr að leita leiða til þess að vinna mun betur saman í framtíðinni.

Það er sannfæring stjórnarmanna og starfsmanna Aldamótastofnunarinnar að skynsamleg greining á þeim tækifærum og hættum sem bíða okkar geti orðið til þess að beina okkur á rétta braut inn í framtíðina. En ef við ætlum að ná þeirri samstöðu og gagnkvæmum skilningi sem þarf til að ná árangri á 21. öldinni þarf líka einhverja hvatningu. Þess vegna erum við að reyna að sameina hina rökrænu greiningu sem felst í gerð aldamótaskýrslnanna og hina andlegu hvatningu sem fólst í alheimsþingi trúarleiðtoga sem haldið verður árið 1993. Bjartasta von okkar er sú að sameina megi aldamótaskýrslurnar, trúarbrögð heims og hinar sérstæðu hefðir Þingvalla þannig að úr verði magnaður heimsviðburður við innreið 21. aldarinnar.

Sú hvöt að minnast tímamóta og afmæla á sér djúpar rætur í mannsandanum, og innreið 21. aldarinnar verður þar engin undantekning. Ef nokkuð er munu þessi tímamót verða manninum dýpri reynsla en önnur aldamót þar sem þau marka jafnframt umskipti yfir í nýtt árþúsund (miðað við útbreiddasta tímatal heims). Þegar er byrjað að bóka hótelherbergi 31. desember 1999. Innreið 21. aldarinnar verður alheimshátíð og ef unnt verður að beina þeim kröftum sem af þeirri hátíð rísa í jákvæðan farveg má hugsanlega gera framtíð mannkyns mun bjartari en hún gæti annars orðið.

Við erum þess fullviss að ef unnt á að vera að beina þessari þörf mannkyns til að minnast merkra tímamóta í réttan farveg þarf að velja þann farveg af kostgæfni með nákvæmri og kerfisbundinni greiningu. Við trúum því einnig að hin nýja framtíðarsýn verði að mótast af öllum sjónarmiðum, ekki bara einu. Þess vegna verjum við nú svo miklum tíma og kröftum í að hvetja til sameiginlegra, fjölþættra þjóðlegra aldamótaskýrslna fyrir 21. öldina.

Í nánast hverju landi, þar sem lokið hefur verið við gerð aldamótaskýrslu, hefur skýrslan haft veruleg áhrif á hugarfar fólksins og leiðtoganna í landinu. Að hluta stafa þessi áhrif af því að svo fáar fullkomnar greiningar eru til á framtíðarhorfum landa; þegar slík greining lítur loks dagsins ljós hlýtur hún því að vekja athygli. Önnur ástæða er sú að skýrslurnar aðstoða þjóðir við að komast fram hjá afneitun sumra þeirra vandamála sem allir hafa á tilfinningunni að séu fyrir hendi en enginn áþreifanlegur umræðugrundvöllur er til fyrir. Í einu landi var þetta losun gífurlegs magns eiturefna á landi og í vötn. Í öðru var það óstöðvandi fólksfjölgun. Í enn öðru var talið óásættanlegt hversu háð land-

ið væri aðfluttum olíuvörum og öðrum aðföngum. Þannig aðstoða aldamótaskýrslurnar hin ýmsu lönd við að komast yfir afneitunarstigið og horfast í augu við aðsteðjandi vandamál er varða framtíð þeirra.

Skýrslurnar einar sér nægja hins vegar ekki til þess að fleyta þjóðum fram hjá einni afar mikilvægri afneitun, þ.e. að þær tilheyri einni og sömu reikistjörnu. Afleiðingin er sú að við sjáum að nánast hver einasta þjóð telur að vandinn við greiðslujöfnuð þeirra á öndverðri 21. öld leysist með því að flytja út meira en flutt er inn. (Í raunveruleikanum er auðvitað útilokað að allar þjóðir flytji meira út en þær flytja inn.) Nánast hver einasta þjóð gerir ráð fyrir að geta flutt inn meiri olíu frá Miðausturlöndum, meiri mat frá matarforðabúrum heims og losað meiri klórflúorkolefni út í andrúmsloftið. Þótt slíkar hugmyndir megi teljast raunhæfar þegar ein þjóð er að ráða í eigin framtíð fela þær í sér hrikalegar afleiðingar fyrir jörðina í heild sinni.

Til þess að auðvelda þjóðum að sjá sig í alþjóðlegu samhengi erum að hefja störf við að sameina allar skýrslurnar þannig að úr verði heildarmynd af heiminum öllum á 21. öldinni. Fyrstu útgáfu þessarar heildarmyndar er að finna í riti okkar *Skýrslur um 21. öldina* (*Studies for the 21st century*) þar sem teknar eru saman aldamótaskýrslur um fjörtíu landa. Þetta rit, sem gefið var út með fjárstuðningi frá UNESCO, verður tilbúið til útgáfu fyrir árslok. Unnið er að því að næsta útgáfa verði tilbúin fyrir alheimsþing trúarleiðtoga árið 1993.

Trúarbrögð heims munu hafa veruleg áhrif á framtíð mannkyns. Um þessar mundir eru háðar um fjörtíu styrjaldir í heiminum og ófriður vegna trúarbragða vegur þungt í nánast öllum þessum styrjöldum. Trúarbrögð koma einnig í veg fyrir að gefinn sé gaumur að fjölda vandamála. Þekktasta dæmið af mörgum er viðhorf ýmissa trúarbragða til fjölskylduáætlana en ekki síður mikilvægar eru kenningar um „þróun" og muninn á þörfum annars vegar og óskum hins vegar. Af þessum ástæðum ber brýna nauðsyn til þess að trúarleiðtogar heims hefji umræður um brýnustu vandamál framtíðarinnar. Þetta er það sem gerast mun á alheimsþingi trúarleiðtoga dagana 28. ágúst til 4. september í Chicago.

Fyrsta alheimsþing trúarleiðtoga var haldið í Chicago árið 1893. Það var afar vel heppnaður og áhrifamikill viðburður þar sem athyglinni var beint að því að auka gagnkvæman skilning og umburðarlyndi í trúarmálum. Nú er verið að undirbúa aldarafmæli þess viðburðar. Þingið 1993 verður mikill alheimsviðburður þar sem áhrifamiklir fulltrúar trúarbragða heims koma saman til þess að ræða brýnustu vandamál 21. aldarinnar.

Aldamótastofnunin vinnur með ráðinu um alheimsþing trúarleiðtoga að undirbúningi þingsins árið 1993. Þáttur okkar í undirbúningnum er að taka saman ágrip af öllu því efni sem til er um framtíð heimsins. Í skýrslunni (sem bera mun heitið *Yfirlit yfir heimsbyggðina árið 2000: Hvað tökum við til bragðs?)* verður því lýst hvernig umhorfs verður á 21. öldinni ef allar þjóðir halda uppteknum hætti og þar verða andlegir leiðtogar heims beðnir að miðla af viskubrunni sínum um það hvernig mannkyni beri að haga málum sínum á 21. öldinni.

Við erum einnig að byrja að taka saman skrá yfir mikilvæg verkefni sem jarðarbúum er nauðsynlegt að vinna. Eitt slíkt verkefni gæti verið að nýta bestu fáanlegu gervitunglatækni til þess að koma á virku viðvörunarkerfi um yfirvofandi hungursneyð. Annað gæti verið að koma á kerfi til að tryggja sérhverju barni á jörðinni a.m.k. lágmarksmenntun.

Skýrslan og frumdrög að verkefnaskránni verða mikilvægt framlag í umræðum á alheimsþingi trúarleiðtoga árið 1993. Þingið verður áberandi vettvangur umræðna þar sem

andlegir leiðtogar heims tala fyrir áheyrendum um heim allan. Fjölmargir áhrifamiklir trúarleiðtogar hafa þegar tilkynnt þátttöku sína, þar á meðal Dalai Lama og dr. Abdula Omar Naseef, framkvæmdastjóri Alheimssambands múhameðstrúarmanna. Meðal dagskráratriða á þinginu 1993 er hugmynd um að koma á varanlegri stofnun er nefnist þing trúarbragða heims.

Að loknu þinginu 1993 viljum við starfa með þingi trúarbragða heims (verði af stofnun þess), með öðrum samstarfsstofnunum trúarbragðahópa, með einstökum andlegum leiðtogum og með einstaklingum frá öllum trúarhefðum við að undirbúa viðburð eða röð viðburða á tímabilinu frá 1999 til 2001. Hluti af undirbúningnum mun felast í því að taka saman þrjú skjöl: 1) skýrslu um áætlað ástand heimsins á 21. öldinni, 2) sameiginlega speki hinna ýmsu trúarbragða varðandi ýmis mikilvæg málefni og 3) skrá yfir mikilvæg verkefni sem fulltrúar hinna ýmsu trúarbragða geta komið sér saman um og mælt með. Þessu starfi ætti að ljúka um 1996.

Við þörfnumst aðstoðar frá hópi dyggra og einlægra andlegra leiðtoga. Við þörfnumst aðstoðar þeirra við að komast að því hvaða verkefni séu mikilvægust til þess að koma jarðarbúum á sjálfbæra braut og við að skipuleggja þátttöku fimmtíu til eitt hundrað virtustu andlegra leiðtoga heims. Við þörfnumst einnig aðstoðar þeirra og forustumanna við gerð 21. aldar skýrslnanna við að skipuleggja fundi með öllum þjóðarleiðtogum heims og tryggja að allir þjóðarleiðtogar taki þátt í þeim.

Við stjórnmálaleiðtoga segjum við:

Við, þjóðir heims, erum að nálgast stórafmæli, stórafmæli mannkyns.

Stórafmæli eru tími til að halda hátíðir, en þau eru einnig tími til að gefa gjafir. Þar sem hér er um stórmerkan áfanga að ræða kann svo að vera að þjóð yðar vilji taka höndum saman með öðrum þjóðum og gefa jörðinni gjöf fyrir 21. öldina.

Til að aðstoða yður við ákvörðun um hvað kynni að vera viðeigandi gjöf frá þjóð yðar færum við yður þrjár skýrslur: framtíðarmynd af jörðinni á 21. öld, speki og kenningar hinna ýmsu trúarbragða um brýnustu málefni á 21. öld og skrá yfir mikilvæg verkefni sem sérfræðingar, hugsjónamenn og andlegir leiðtogar leggja til að unnin verði í þágu jarðarinnar.

Við förum þess á leit að þér kynnið þessi gögn á þjóðþingum yðar og hefjið umræður um veglega gjöf sem þjóð yðar kynni að geta fært jörðinni á 21. öld.

Síðan mundum við afhenda sérhverjum þjóðhöfðingja formlegt boð ásamt nokkrum örkum af sérstökum pappír. Þjóðhöfðingjanum yrði boðið að mæta til fundarins á Þingvöllum einhvern tíma sumars árið 2000. Það er ósk okkar að boðið sé í nafni nokkurra andlegra leiðtoga heims og í nafni íslensku þjóðarinnar.

Í boðinu yrði þess einnig farið á leit við þjóðhöfðingjana, að höfðu samráði við þjóðþing landa þeirra, að þeir feli bestu skrautriturum í viðkomandi löndum að rita á pappírsarkirnar heit þjóða sinna til jarðarinnar. Arkirnar hefðu þeir síðan með sér til fundarins á Þingvöllum.

Fundurinn á Þingvöllum krefst mjög nákvæms undirbúnings og við viljum eiga náið samstarf við Íslendinga og hina andlegu leiðtoga við undirbúninginn. Á þessu stigi sjáum við fyrir okkur fimmtíu til eitt hundrað andlega leiðtoga saman komna í fögru tjaldi við Efrivelli. Framan við leiðtogana yrði steinborð, sérsmíðað af listamanni í tilefni atburðarins. Handan borðsins á vellinum yrði enn stærra skrautlegt tjald þar sem saman væru komnir næstum tvö hundruð þjóðhöfðingjar og makar þeirra.

Hin eiginlega hátíð yrði þríþætt, svo sem hefð er fyrir við slíkar tímamótahátíðir: táknrænn dauði og brotthvarf hinnar gömlu tuttugustu aldar og hugsunarhátta hennar, stutt

táknræn athöfn til að marka hvarfið til hins nýja og athöfn til að fagna möguleikum hins nýja. Gjafirnar til jarðar frá þjóðarleiðtogum og andlegum leiðtogum yrðu hluti af athöfninni sem tákn um velfarnaðaróskir til jarðarinnar á hinni nýju öld. Gjafirnar frá hinum andlegu leiðtogum gætu reynst jafnvel mikilvægari en þjóðargjafirnar.

Hin raunverulega afhending gjafanna færi þannig fram að andlegu leiðtogarnir og síðan þjóðarleiðtogarnir stæðu upp og gengju að steinborðinu. Þar stæðu þeir andspænis jafningjum sínum og (um sjónvarp) heiminum öllum og læsu af fagurlega rituðum blöðum heit trúarsamfélags síns eða þjóðar um það sem ætlunin er að færa jörðinni að gjöf. Sams konar athafnir mætti skipuleggja í einstökum löndum, héruðum, samfélögum og jafnvel fjölskyldum um heim allan.

Eftir upplestur hvers heits mundi þjóðhöfðinginn eða andlegi leiðtoginn leggja skjal sitt á steinborðið. Í lok hátíðarinnar yrðu blöðin bundin inn í bók er mætti kalla *Jarðarbókin 2000* og afhent Alþingi Íslendinga til vörslu. Bókina mætti einnig þýða á fjölmörg tungumál og dreifa sem áþreifanlegu tákni um það sem þjóðir heims skuldbyndu sig til að takast á hendur við inngönguna í 21. öldina og þriðja árþúsundið.

Fundurinn yrði að standa í nokkra daga. Fyrir því eru þrjár ástæður. Í fyrsta lagi er mikilvægi þessa áfanga, þessa afmælis jarðarinnar, slíkt að það krefst þess að andlegir og veraldlegir leiðtogar heims geri hlé á störfum sínum í nokkra daga til þess að minnast þess. Í öðru lagi þurfa hinir tvö hundruð þjóðarleiðtogar og eitt hundrað andlegir leiðtogar að minnsta kosti nokkrar mínútur hver til þess að tilkynna um gjafir sínar. Og að lokum má ekki keyra slíka athöfn áfram. Áætla verður tíma til hátíðarhaldsins, tónleikahalds og jafnvel dansleikja. Hátíðarinnar verður minnst um aldir og því verður hún að vera vegleg.

Einhver kann að spyrja hvers vegna skuli halda hátíð sem þessa á Þingvöllum. Því má svara sem svo að aðrir staðir kunni að finnast á jörðinni þar sem hugsanlegt væri að halda slíka hátíð, en af þeim stöðum sem við þekkjum til virðast Þingvellir henta best af eftirfarandi ástæðum.

— Ísland er einstakur staður. Ísland er ekki aðeins eitt af fáum löndum sem mundi fagna öllum þjóðarleiðtogum heims, heldur einnig eitt fárra landa í heimi sem allir þjóðhöfðingjar gætu með góðri samvisku sótt heim. Auk þess hefur Ísland nú þegar, með Reagan-Gorbatsjov-fundinum, haslað sér völl sem ákjósanlegur vettvangur diplómatískra funda á æðsta stigi.
— Ísland hefur einnig þá sérstöðu að þar eru konur í mikilvægum leiðtogastöðum. Framtíð jarðar veltur mjög á því að menn um allan heim læri að meta og nýta sérgáfur kvenna. Þar sem pólitískir og andlegir leiðtogar heims eru að mestu karlar þarf að finna leiðir til að finna konum stað á Þingvallahátíðinni. Ef til vill gætu íslenskar konur bent á leiðir til að koma því í kring.
— Svo er það umgerðin sjálf. Á Þingvöllum er einfaldlega mjög fagurt um að litast. Náttúrulegt ráðstefnusvæði neðan klettanna, sléttan þar sem hundruð manna geta auðveldlega komið saman, tær og blá Öxará, hrífandi himinhvolfið, einföld en glæsileg reisn þeirra fáu húsa sem standa á svæðinu og sterkt táknrænt gildi þess að þarna mætast austur- og vesturálfur heimsins. Sannarlega er þetta sá staður sem heldur jarðarkringlunni saman. Allt er þetta fullkomið, nákvæmlega eins og á að vera.
— Sumardagar á Þingvöllum eru langir. Miðnætursólin skapar sérstakt og töfrandi umhverfi sem gæti aukið mjög á áhrif samkomunnar.
— Ísland er eini staðurinn sem við vitum um á jörðinni þar sem þegar ákveða á einhvað *raunverulega* mikilvægt eða minnast einhvers sem er mikilvægt er þinghald

flutt úr manngerðu umhverfi þinghússins út í náttúrulegt umhverfi Þingvalla, upprunastaðar elsta þings heims. Þessi hefð er mikilvæg fyrir fundinn árið 2000. Ef mannkynið ætlar að komast klakklaust gegnum 21. öldina verða menn að ná sáttum við náttúrulegt umhverfi sitt og táknrænt gildi leiðtogafundar í náttúrulegu umhverfi kynni að beina okkur á rétta braut.

— Á Þingvöllum ríkir hefð sáttagerðar og fórnarlundar sem verður mannkyninu afar mikilvæg í framtíðinni. Þessar hefðir tengjast meðal annars störfum lögsögumanna og atburðum á borð við ævilok Njáls og barna hans svo sem frá segir í *Njálu*.

— Á Þingvöllum er hefð fyrir umburðarlyndi í trúarmálum. Sú saga er tiltölulega lítt kunn er Íslendingar tóku kristna trú árið 1000, en hún er gott dæmi. Þegar Íslendingar stóðu frammi fyrir innrás ef þeir tækju ekki kristni en borgarastyrjöld að öðrum kosti sýndi Alþingi þá visku að taka upp kristinn sið en heimila mönnum að blóta á laun ef þeim sýndist. Þessi lausn var öllum að skapi, kom í veg fyrir ófrið og þannig varð til einstæð hefð fyrir umburðarlyndi í trúarmálum, sáttagerð og málamiðlun á Íslandi.

— Mikilvægust er þó sú hefð, sem á sér meira en þúsund ára sögu, að *Þingvellir eru griðastaður þar sem jafnvel óvinir geta komið saman.* Eins og Íslendingar árið 930, er þeir áttu í ættarerjum, þarf heimurinn nú griðastað þar sem jafnvel óvinir geta komið saman. Með því að deila Þingvöllum og hefðum þeirra með heiminum getur Ísland fært heiminum gjöf sem engin önnur þjóð á til að gefa, sannarlega ómetanlega gjöf.

Þessi síðastnefnda hefð gæti líka reynst mikilvæg við lausn á einu þeirra vandamála sem fylgja framkvæmd slíks fundar, þ.e. öryggismálum. Að tryggja öryggi á fundi trúar- og þjóðarleiðtoga heims gæti orðið erfitt vandamál ef Íslendingar kysu að taka sjálfir fulla ábyrgð á öryggismálum. En hefð er fyrir því á Þingvöllum að öryggismál á fundum þar eru ekki á ábyrgð einstakra hópa eða sveitarfélags; ábyrgðin deilist á alla sem fundinn sækja. Þessari hefð er hægt að halda áfram og þannig á það að vera. Í fundarboðinu ætti að geta um þessa hefð og lýsa griðaheitinu fyrir öllum þátttakendum. Sérhvern þátttakanda ætti að biðja að tryggja öllum öðrum þátttakendum að hvorki hann né nokkur samlandi þeirra muni gera nokkrum manni mein meðan á fundinum stendur eða á ferð til fundarins eða frá honum. Fundurinn sjálfur ætti að hefjast með Þingvallaheitinu í nútímalegri útgáfu.

Aðstaða og gisting eru annað mál. Það er von okkar að öll umgerð fundarins verði með einföldu sniði. Yrði fundurinn haldinn að sumri mætti halda hann undir berum himni eins og jafnan hefur tíðkast á Þingvöllum. Hugmynd okkar er að nota stór og litrík tjöld til þess að ekki þurfi að koma til byggingarframkvæmda á Þingvöllum. Ef gestir takmörkuðust við trúar- og þjóðarleiðtoga, maka þeirra eða félaga og einn aðstoðarmann og ef fjölmiðlum væri haldi fjarri yrði húsnæðis- og matarþörfin ekki umfram það framboð sem yrði á slíku í Reykjavík árið 2000.

Í 21. öldinni felast mörg tækifæri og margar hindranir fyrir kynslóð okkar og barna okkar. Hátíð, sem byggir á hefðum Þingvalla og þeim tilfinningakrafti sem fylgir fyrsta skrefi mannkyns inn í nýtt árþúsund, gæti hjálpað okkur öllum að nýta tækifærin til fulls og yfirstíga hindranirnar.

Þegar þér hafið haft tækifæri til þess að velta fyrir yður efni þessa bréfs óskum við eftir tækifæri til þess að eiga fund með Þingvallanefnd. Ef áhugi reynist þá fyrir hendi gætum við hafist handa við að semja áætlun og kanna þá möguleika sem fyrir hendi eru.

Virðingarfyllst,

Gerald O. Barney,
framkvæmdastjóri
Millennium Institute.

206. Fyrirspurn [184. mál]

til menntamálaráðherra um Fiskvinnsluskólann.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver er ástæðan fyrir lokun Fiskvinnsluskólans?
2. Telur ráðuneytið þá menntun sem skólinn hefur veitt ófullnægjandi?
3. Hefur verið erfitt fyrir fólk úr Fiskvinnsluskólanum að fá atvinnu?
4. Hvenær verða teknar ákvarðanir um framtíð fiskvinnslunáms á Íslandi?

207. Fyrirspurn [185. mál]

til utanríkisráðherra um styrk til íslenskra fyrirtækja til markaðsátaks í EES-löndunum.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hvenær má vænta að búið verði að úthluta þeim 50 millj. kr. sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi að veita íslenskum fyrirtækjum til markaðsátaks í EES-löndunum?
2. Verður ekki allri upphæðinni, þ.e. 50 millj. kr., varið til íslenskra fyrirtækja?

208. Fyrirspurn [186. mál]

til sjávarútvegsráðherra um nýtingu rækjukvóta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hversu stór hluti rækjukvótans var nýttur af öðrum skipum en þeim sem upphaflega var úthlutað kvóta á fiskveiðiárunum 1991–92, 1992–93 og 1993–94?

Skriflegt svar óskast.

209. Fyrirspurn [187. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skiptingu rækjukvóta á milli útgerða.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvaða fyrirtæki og útgerðir hafa haft yfir að ráða meira en 2% rækjukvótans á fiskveiðiárunum 1991–92, 1992–93, 1993–94 og 1994–95?

Svar óskast sundurliðað þannig að fram komi árleg úthlutun til hvers fyrirtækis og útgerðar, jafnt hlutfallslega og mælt í tonnum.

Skriflegt svar óskast.

210. Fyrirspurn [188. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skiptingu rækjukvóta á milli landshluta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvernig skiptist árlegur úthlutaður rækjukvóti fiskveiðiáranna 1991–92, 1992–93, 1993–94 og 1994–95 eftir landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

211. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Í þeim tilgangi skal tryggt að fram fari mat á umhverfisáhrifum áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi. Það er enn fremur markmið laga þessara að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi en ekki er getið í 5. gr., verði háðar mati samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skal ráðherra leita umsagnar framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Ákvörðun ráðherra skal fylgja rökstuðningur þar sem fram koma forsendur þess að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er að koma í veg fyrir spjöll á náttúrunni, sem oft eru afleiðing framkvæmda. Í markmiðsgrein laganna kemur þetta ekki skýrt fram. Vikið var að þessu grundvallaratriði í athugasemdum með frumvarpi til laga um umhverfismat. Mat á umhverfisáhrifum er ekki markmið laganna í sjálfu sér, heldur er matið það verkfæri sem löggjafinn hefur fengið framkvæmdarvaldinu til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Tilgangur laganna er ekki að koma í veg fyrir breytingar. Þannig er það ekki í samræmi við tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum að fella undir þau ýmsar framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, efla gróðurlendi og hefta jarðvegseyðingu. Í sérstökum lögum er fjallað um hlutverk Landgræðslu ríkisins (lög nr. 17/1965) og Skógræktar ríkisins (lög nr. 3/1955) en þessum stofnunum er beinlínis ætlað það hlutverk að verja og efla gróðurlendi. Hefur löggjafinn ætlað þessum stofnunum það jákvæða þjóðþrifaverk að hafa forustu um endurheimt landgæða og eflingu þeirra.

Grundvallarmunur er á því að meta spjöll sem verða í náttúrunni við virkjanaframkvæmdir, vegagerð eða við uppsetningu förgunarstöðva fyrir eitraðan úrgang annars vegar og hins vegar að leggja mat á breytingar sem verða á landi við uppgræðslu. Með ræktun örfoka lands og friðun er verið að koma af stað gróðurframvindu sem með skynsamlegri landnýtingu leiðir til eðlilegs ástands gróðurs miðað við aðstæður hverju sinni. Þær aðgerðir eiga því ekkert sameiginlegt með því sem lögum um mat á umhverfisáhrifum er fyrst og fremst ætlað að fjalla um, þ.e. röskun og spjöll á umhverfi af völdum framkvæmda.

Í 5. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ætíð skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Þegar frumvarp til laga um umhverfismat var til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis bárust ábendingar frá nokkrum aðilum um að eðlilegt væri að framkvæmdir við framræslu votlendis, landgræðslu og skógrækt yrðu felldar undir 5. gr. laganna og þannig ætíð háðar umhverfismati. Umhverfisnefnd Alþingis féllst ekki á þetta sjónarmið. Í nefndaráliti kom fram að nefndin væri sammála um að nauðsynlegt væri að skipulega væri unnið að verkefnum á þessu sviði með tilliti til fjölþættra landnota og umhverfisverndar. Þannig gæti verið ástæða til að fram færi mat á umhverfisáhrifum eða hliðstæður undirbúningur áður en ráðist yrði í meiri háttar verkefni af þessum toga, enda er heimild til þess í 6. gr. laganna. Það er álit flutningsmanna frumvarps þessa að ekki sé rétt að beita heimildarákvæðinu nema líklegt sé að framkvæmdir valdi umhverfisspjöllum og er það í samræmi við markmið laganna.

Við framkvæmd laga um umhverfismat hefur komið í ljós að framkvæmdarvaldið hefur talið ástæðu til þess að beita heimildarákvæði laganna vegna landgræðsluverkefna. Hefur því til stuðnings verið vitnað sérstaklega í nefndarálit umhverfisnefndar, en litið hefur verið fram hjá þeirri staðreynd að nefndin hafnaði því að fella skógrækt og landgræðslu undir framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Verður að gera ráð fyrir að þessi beiting heimildarákvæðisins hafi fordæmisgildi um framkvæmd laganna. Flutningsmenn telja því nauðsynlegt að taka af tvímæli að því er varðar markmið laganna og þrengja heimildarákvæði 6. gr. Ganga flutningsmenn út frá því að með þessari breytingu verði landgræðsla og skógrækt ekki háð umhverfismati. Áætlanagerð á vegum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hefur tekið miklum framförum á síðustu árum. Flutningsmenn frumvarps þessa gera ráð fyrir að í áætlanagerð framangreindra stofnana felist það mat að þau verkefni, sem ráðist er í hverju sinni, séu nauðsynleg framfaramál og jákvæðir áfangar á sviði umhverfismála.

Þá felur frumvarp þetta í sér nákvæmari markmiðslýsingu en nú er í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Eru með því tekin af öll tvímæli um að lögunum sé ætlað að tryggja að með mati á umhverfisáhrifum sé komið í veg fyrir umhverfisspjöll. Til samræmis eru gerðar breytingar á 4. og 6. gr. laganna þannig að í stað þess að miðað sé við *umtalsverð áhrif* á umhverfi er lagt til að miðað verði við *umtalsverða röskun og spjöll*.

Enn fremur eru gerðar breytingar á 1., 4. og 6. gr. laganna í þá veru að kveðið er á um að meta skuli hugsanlegan skaða á umhverfi, náttúruauðlindum *eða* samfélagi, þ.e. að það nægi að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á einhvern einn þessara þátta en ekki á alla þrjá þættina eins og orðalag gildandi laga gefur tilefni til að álykta.

Loks er lagt til að bætt verði við 6. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli rökstyðja ákvörðun sína um að framkvæmdir skuli háðar umhverfismati þannig að skýrt komi fram forsendur fyrir því að talin sé þörf á matinu. Talin er full þörf á að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem um verulega íþyngjandi ákvarðanir er að ræða, en ákvæði 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um rökstuðning eru hér til fyllingar eftir því sem við getur átt.

212. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó eigi umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. kemur ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

II.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við Spöl hf. um kaup víkjandi skuldabréfa, útgefnum af Speli hf., í samræmi við viljayfirlýsingu lífeyrissjóðsins, dags. 13. desember 1993.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið að frumkvæði stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en í henni eiga sæti fulltrúar lífeyrissjóðasambandanna, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fulltrúar ríkisins.

Í frumvarpinu felast eftirtaldar breytingar:

1. Lagt er til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum. Er þetta til samræmis við þær heimildir sem flestir lífeyrissjóðir innan lífeyrissjóðasambandanna nú hafa. Til að tryggja að sjóðurinn taki ekki of mikla áhættu á þessu sviði er gert ráð fyrir að heildareignir sjóðsins samkvæmt þessum tölulið verði ekki á hverjum tíma meiri en sem nemur 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Ef miðað er við reikninga sjóðsins á árinu 1993 fela þessi hlutföll í sér að heildareign sjóðsins í erlendum verðbréfum geti ekki orðið hærri en u.þ.b. 780 m.kr. Til að tryggja að sjóðurinn kaupi verðbréf á markaðskjörum og að þau séu auðseljanleg er sett það skilyrði að viðkomandi bréf séu skráð á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).
2. Lagt er til að þegar sjóðfélagi hefur öðlast aðeins óveruleg réttindi í Söfnunarsjóðnum, sem ekki er hægt að sameina við önnur réttindi, sé stjórn sjóðsins heimilt að greiða þau réttindi út í einu lagi í samræmi við þær reglur sem við eiga hverju sinni. Sams konar regla og hér er lögð til hefur um langt skeið verið í reglugerðum sjóða sem starfa innan Sambands almennra lífeyrissjóða.
3. Lagt er til að stjórn sjóðsins fái með bráðabirgðaákvæði heimild til þess að fjárfesta í víkjandi skuldabréfum, útgefnum af Speli hf., vegna gerðar Hvalfjarðarganga en viljayfirlýsing þess efnis var undirrituð í desember sl. Í henni er fyrirvari þess efnis að ekki verði skrifað undir samninga um kaup á skuldabréfum nema heimild fáist til þess í lögum. Fjölmargir lífeyrissjóðir hafa undirritað slíkar viljayfirlýsingar og hefur reglugerðum nokkurra þeirra nú þegar verið breytt á þann hátt sem hér er lagt til. Eðlilegast þykir að heimildin sé í bráðabirgðaákvæði, þar sem hér er eingöngu verið að veita heimild til tiltekinnar fjárfestingar. Hún er því ekki sambærileg við þær almennu heimildir til fjárfestingar sem kveðið er á um í 6. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í erlendum verðbréfum með tilgreindum takmörkunum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um heimild til þess að greiða út sem eingreiðslu lífeyri sem er undir tilteknum mörkum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

213. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Dögg Pálsdóttur skrifstofustjóra og Einar Magnússon skrifstofustjóra. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. nóv. 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ragnar Þorgeirsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðrún J. Halldórsdóttir.

214. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ágústa Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sjö mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. janúar 1995 skal fæðingarstyrkur greiddur í átta mánuði og frá 1. janúar 1996 í níu mánuði. Að auki á barnshafandi kona rétt á greiðslu fæðingarstyrks einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Ef fæðingu ber að fyrir áætlaðan fæðingardag fellur niður ónýttur réttur konu til greiðslu fæðingarstyrks fyrir áætlaðan fæðingardag. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

b. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Að auki skal kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, eiga rétt á greiðslu fæðingarstyrks í tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

c. 6. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára, í sjö mánuði frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á. Fæðingarstyrkur skal greiddur í átta mánuði frá 1. janúar 1995 og í níu mánuði frá 1. janúar 1996.

d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að loknum fyrstu þremur mánuðum fæðingarorlofs að óska þess að einungis verði greiddur helmingur fæðingarstyrks á mánuði og lengist sá tími sem greitt er til samræmis við það.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. C-liður orðast svo: Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sjö mánuði. Frá 1. janúar 1995 skulu þeir greiddir í átta mánuði og frá 1. janúar 1996 í níu mánuði.
b. E-liður orðast svo: Barnshafandi kona á rétt á greiðslu fæðingardagpeninga einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Ef fæðingu ber að fyrir áætlaðan fæðingardag fellur niður ónýttur réttur konu til greiðslu fæðingardagpeninga fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, skal eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.
c. Í stað orðanna „sex mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið“, í niðurlagi síðari málsliðar f-liðar kemur: sjö, átta eða níu mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið.
d. H-liður orðast svo: Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu.
e. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heimilt er að loknum fyrstu þremur mánuðum fæðingarorlofs að óska þess að einungis verði greiddur helmingur fæðingardagpeninga á mánuði og lengist sá tími sem greitt er til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 113. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Það var svo endurflutt á síðasta þingi óbreytt nema hvað breytt var ártölum og tilvísunum í lagagreinar. Frumvarpið er nú flutt í þriðja sinn.

Markmið þessa lagafrumvarps er að tryggja velferð barna og foreldra þeirra og gera foreldrum betur kleift að annast börn sín á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Með því treystum við innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkjum hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði.

Það er viðurkennd staðreynd í þjóðfélagi okkar að flest heimili þurfa tvær fyrirvinnur, enda hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega á undanförnum áratugum. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis. Þetta hlutfall hefur aukist jafnt og þétt síðan. Ef aðeins er tekið mið af konum á aldrinum 16–74 ára voru 51% þeirra farnar út á vinnumarkaðinn árið 1971, 65% árið 1981 og 74% árið 1991. Í apríl sl. voru 77% íslenskra kvenna á aldrinum 16–74 ára úti á vinnumarkaðinum, þ.e. 80% giftra kvenna og 70% ógiftra. Af þessum 77% voru 94,1% í vinnu en 5,9% á atvinnuleysisskrá. Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til að annast ungbarn á fyrsta æviskeiði þess. Einnig er rétt að minna á að á mörgum heimilum er aðeins ein fyrirvinna. Það er skylda samfélagsins að gera öllum foreldrum fjárhagslega kleift að eignast börn og veita þeim viðunandi umönnun. Greiðslur í fæðingarorlofi nú eru allt of lágar og óviðunandi er að tekjur fjölmargra fjölskyldna skuli í raun lækka við það að eignast barn.

Lagabreytingar, sem frumvarpið kveður á um, eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi að fæðingarorlof verði lengt um þrjá mánuði eftir fæðingu. Í öðru lagi að öllum mæðrum sé tryggður hvíldartími fyrir fæðingu. Í þriðja lagi að fleirburamæðrum séu tryggðir tveir mánuðir fyrir fæðingu og þrír mánuðir að auki eftir fæðingu. Í fjórða lagi er lagt til að fæðingarorlof til ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra. Í fimmta lagi er veitt heimild til þess að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðinn tíma þannig að hægt sé að lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar kjósa það.

Um greinargerðina og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins vísast að öðru leyti til samhljóða greinargerðar og athugasemda með frumvarpi sama efnis á þskj. 1020, 609. mál 117. löggjafarþings, bls. 4583–4587 í A-deild Alþt. 1993–94.

215. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ágústa Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á níu mánaða fæðingarorlofi frá fæðingu barns.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Barnshafandi kona á rétt á fæðingarorlofi einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Fæðingarorlof samkvæmt þessari grein er óháð fæðingarorlofi sem tekið er eftir fæðingu barns skv. 2. gr.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til níu mánaða fæðingarorlofs vegna töku barns að fimm ára aldri þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fæðingarorlof skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1995. Fæðingarorlof skal vera átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1996.

Fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1995, en átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að lengja fæðingarorlof eftir fæðingu úr sex mánuðum í níu og að tryggja öllum barnshafandi konum einn mánuð sem hvíldartíma fyrir fæðingu.

Það er enginn vafi á því að bættar aðstæður foreldra ungbarna skila sér margfalt til baka til þjóðfélagsins í formi betra mannlífs, betri heilsu og færri félagslegra vandamála. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi til breytingar á lögum um almannatryggingar sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fæðingarorlof eftir fæðingu skal verða níu mánuðir. Í bráðabirgðaákvæði segir að orlofið skuli lengjast í þrepum, þ.e. nú þegar í sjö mánuði, frá 1. janúar 1995 í átta mánuði og frá 1. janúar 1996 í níu mánuði.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá nýbreytni að barnshafandi kona eigi rétt á fæðingarorlofi mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem tekur fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en á barn sitt fyrir tímann, fær fæðingarorlof samkvæmt þessari grein fram að fæðingunni, en eftir fæðinguna tekur við fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna. Ef kona gengur með barn fram yfir áætlaðan fæðingardag er hún í orlofi samkvæmt þessari grein fram að fæðingardegi, en eftir það tekur hún fullt orlof skv. 2. gr. laganna. Þessi mánuður fyrir fæðingu er ætlaður sem hvíldartími fyrir barnshafandi konur og óheimilt er að bæta honum við fæðingarorlof eftir fæðingu.

Beri fæðingu að meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag hefst þegar fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna og konan getur ekki nýtt fæðingarorlof samkvæmt þessari grein.

Um 3. gr.

Í þessari grein er verið að samræma lengd fæðingarorlofs ættleiðandi foreldra, uppeldis- og fósturforeldra lengd fæðingarorlofs annarra foreldra. Við gildistöku þessara laga yrði það sjö mánuðir til 1. janúar 1995 en þá yrði það átta mánuðir og 1. janúar 1996 yrði það níu mánuðir.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

216. Fyrirspurn [193. mál]

til utanríkisráðherra um lækkun eða afnám tolla á útflutning reiðhrossa til landa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá Elínu R. Líndal.

1. Hvað hefur verið gert til að ná fram lækkun eða afnámi tolla á útflutning reiðhrossa til landa á Evrópska efnahagssvæðinu?
2. Hvað hyggst ráðherra gera til að koma þessum málum í viðunandi horf og hvenær er þeirra úrbóta að vænta?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Til hliðsjónar eru eftirfarandi upplýsingar um tolla, virðisaukaskatt, sláturskatt og aðrar álögur í helstu viðskiptalöndum:

Þýskaland: Á verðið og flutningskostnaðinn er lagður 25% innflutningstollur og 14% virðisaukaskattur þar ofan á. Innflutningstollur fæst þó endurgreiddur að hluta af kynbótahrossum þegar hrossið kemst í þýsku ættbókina.

Austurríki: 20% tollur er reiknaður af kaupverði og flutningskostnaði.

Sviss: Þar gilda þau lög að sé hestur hærri en 135 sm á stangarmál þarf sérstakt leyfi til að flytja hann inn og aðeins eru gefin út leyfi fyrir innflutningi á jafnmörgum hestum og fluttir hafa verið úr landi. Leyfin geta gengið kaupum og sölum og verð farið upp í allt að 150.000 íslenskar kr. Ef hestur er lægri en 135 sm á stöng er greidd föst lág upphæð vegna innflutnings.

Danmörk: Lagður er á 22% virðisaukaskattur og 19% skattur á gelta hesta.

Noregur: Lagður er á 24% virðisaukaskattur og 400 norskar kr. í sláturskatt.

Svíþjóð: 8,10 sænskar kr. eru lagðar á hvert kg í sláturskatt en einnig er lagður á 25% virðisaukaskattur sem er reiknaður af kaupverði hests, flutningskostnaði og sláturskatti. Undanþága frá sláturskatti er veitt vegna 100 hrossa á hverju ári.

Stóra-Bretland: Lögð eru á afgreiðslugjöld, m.a. dýralækniskostnaður, 50 pund, 18% tollur af geldingum, reiknaður af kostnaðarverði hestsins en ekki flutningum, 17,5% virðisaukaskattur af öllum hrossum, reiknaður af kaupverði og flutningsgjöldum. Ef um gelding er að ræða er reiknað af kaupverði hans eftir að 18% tollurinn hefur verið lagður á.

217. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um endurskoðun laga nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Elínbjörg Magnúsdóttir, Sturla Böðvarsson,
Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Endurskoðunin miði einkum að því að lögin tryggi betur en nú atvinnuöryggi verkafólks með því að takmarka rétt atvinnurekenda til tilefnislausra uppsagna og rétt þeirra til að vísa fólki úr vinnu vegna hráefnisskorts. Nefndin verði skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, auk fulltrúa félagsmálaráðuneytis og Atvinnuleysistryggingasjóðs og ljúki hún störfum fyrir þinglok.

Greinargerð.

Eins og fram kemur í 1. gr. laga nr. 19/1979 er atvinnuöryggi íslensks verkafólks ekki annað en sá uppsagnarfrestur sem fyrir er mælt í lögunum. Almennt njóta íslenskir launþegar ekki tryggingar fyrir vinnunni að öðru leyti en því að segja ber þeim upp störfum með eins, tveggja eða þriggja mánaða uppsagnarfresti hið mesta ef litið er til laganna, en þar að auki hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um sérstakan viðbótaruppsagnarfrest þegar um lengri starfsaldur er að ræða og starfsmenn hafa náð vissum aldri. Íslenskt verkafólk hefur því engan lagalegan rétt til þess að krefjast skýringa á uppsögnum eða vita ástæður fyrir þeim. Uppsagnarrétturinn er allur í höndum atvinnurekanda og þar af leiðandi er uppsögnin alfarið að hans geðþótta.

Í annan stað felur 3. gr. laganna í sér að falli vinna niður hjá atvinnurekanda þegar hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu eða fyrirtæki verða fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skipstapa, er honum heimilt að fella niður vinnu án launa samkvæmt þeim aðferðum og með þeim skilyrðum sem lögin greina. Þessi grein laganna er einkum harkaleg gagnvart fiskvinnslufólki því að túlkun atvinnurekenda á því hvað sé hráefnisskortur hefur alla tíð verið ákaflega frjálsleg. Fyrir alllöngu hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um nánari útfærslu á þessari grein með svokölluðum kauptryggingarsamningum í fiskiðnaði. Hins vegar hefur komið í ljós að þau ákvæði virðast harla haldlítil. Þrátt fyrir ákvæði kjarasamninga og reglugerða er nú svo komið að atvinnurekendur sniðganga með ýmsum aðferðum þá skyldu sína að bjóða verkafólki kauptryggingarsamning að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Flutningsmenn telja ljóst að verkalýðshreyfingin muni í komandi samningum krefjast nýs og endurbætts samnings um kauptryggingu í fiskiðnaði en hins vegar sé ljóst að á meðan 3. gr. laga nr. 19/1979 veiti atvinnurekendum nánast óheftan rétt til þess að senda fiskvinnslufólk heim án launa muni aldrei fást viðunandi lausn í kjarasamningum. Grunninn sé að sækja í umrædda lagagrein og þar sé vandans að leita. Nauðsynlegt sé að gera þær umbætur á 3. gr. laganna að sett verði nánari skilyrði fyrir þeirri aðferð sem atvinnurekendum er þar heimiluð. Skilgreina þarf nánar hráefnisskort og setja skorður við því að hugtakið sé ofnotað, en einnig þarf nauðsynlega að afnema

rétt atvinnurekenda til þess að vísa fólki fyrirvaralaust úr vinnu af þessum ástæðum. Einhver uppsagnarfrestur verður að vera ef við eigum á annað borð að viðurkenna rétt fólks til einhvers lágmarksatvinnuöryggis í þjóðfélaginu.

218. Svar [26. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Hlöðvessonar um átak í fráveitumálum sveitarfélaga.

1. *Má vænta þess að stjórnvöld standi við það markmið sitt, sem sett er fram í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar", að framkvæmdir í fráveitumálum verði hafnar um land allt eigi síðar en árið 1995?*

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, eru hreinlætismál, þar á meðal skolpeyðing, meðal verkefna sveitarfélaganna. Það er því ekki hlutverk ríkisvaldsins að annast framkvæmdir í fráveitumálum. Stefna ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er sett fram í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar" frá í mars 1993 og í 110. tölul. á bls. 30 segir:

„Verið er að ljúka úttekt á fráveitum í sveitarfélögum landsins og unnið er að stefnumörkun um úrbætur.

Stuðlað verður að því að framkvæmdir í frárennslismálum verði hafnar um land allt ekki síðar en árið 1995."

Í nóvember 1993 skilaði fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins, sem skipuð var 12. febrúar 1992, greinargerð og skýrslu til umhverfisráðherra. Í nefndinni áttu sæti auk fulltrúa ráðuneytisins fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingamálastofnun ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Samtökum tæknimanna sveitarfélaga. Varðandi störf og tillögur nefndarinnar vísast í skýrslu umhverfisráðuneytisins frá nóvember 1993.

Samkvæmt framangreindu er þegar lokið úttekt á fráveitum í sveitarfélögunum og hafa mörg þeirra þegar hafið undirbúning beinna framkvæmda. Á vegum umhverfisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis er unnið að tillögum um með hvaða hætti ríkisvaldið geti stutt sveitarfélögin með fjárstyrkjum til framkvæmda. Er að vænta tillagna þar að lútandi á næstu dögum sem umhverfisráðherra mun ræða í ríkisstjórn.

2. *Mun ráðherra fylgja málinu eftir, eins og lagt er til í skýrslu fráveitunefndar umhverfisráðuneytisins, með því að fara fram á að ríkið veiti sveitarstjórnum styrk til framkvæmda í fráveitumálum?*

Umhverfisráðherra hefur þegar lýst yfir stuðningi við tillögur fráveitunefndar.

3. *Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir 5 millj. kr. til átaks í fráveitumálum. Hvernig hyggst ráðherra ráðstafa þeim 5 millj. kr.? Telur hann að þar með sé hafið raunverulegt átak í fráveitumálum?*

Umhverfisráðherra hyggst ráðstafa hluta þessara fjármuna til þróunarvinnu sem miðar að því að leysa vanda minni sveitarfélaga við sjávarsíðuna, enn fremur láta vinna nánari leiðbeiningar um framkvæmd umhverfisvöktunar á vegum sveitarfélaganna og hefja grunnvöktun sem síðar tengist vöktun einstakra sveitarfélaga í samræmi við stefnu rík-

isstjórnarinnar. Þótt með þessu verði ekki varið fé til beinna framkvæmda er hér um nauðsynlegan aðdraganda að ræða. Það er mjög mikilvægt fyrir sveitarfélög að þessi grunnvinna, sem telst til raunverulegs átaks í fráveitumálum, verði vel af hendi leyst þannig að auðvelda megi leit að hentugustu og hagkvæmustu lausnum við úrbætur í fráveitumálum einstakra sveitarfélaga og spara þannig verulegar fjárhæðir vegna beinna framkvæmda síðar meir.

219. Fyrirspurn [195. mál]

til fjármálaráðherra um hækkun skattleysismarka.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef skattleysismörk fólks, 67 ára og eldra, yrðu hækkuð í 70.000 kr. á mánuði?
2. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir slíkri breytingu?

220. Fyrirspurn [196. mál]

til fjármálaráðherra um staðgreiðslu af launum blaðsölubarna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hver verður tekjuaukning ríkissjóð árið 1995 komi til staðgreiðslu af sölulaunum blaðsölubarna?
2. Hversu mikið vega þær tekjur á móti tapi ríkissjóðs vegna niðurfellingar hátekjuskatts sem ákveðin hefur verið?
3. Krefst þessi nýja skattlagning aukins mannafla í skattkerfinu?

221. Lög [173. mál]

um Lýðveldissjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 9. nóv.)

Samhljóða þskj. 187.

222. Lög [130. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 9. nóv.)

Samhljóða þskj. 135.

223. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stjórn barnaverndarmála.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum félagsmálaráðuneytið, barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð og eru í lögum þessum nefnd barnaverndaryfirvöld.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk félagsmálaráðuneytis og barnaverndarstofu.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn barnaverndarmála og annast stefnumótun í málaflokknum. Sérstök stofnun, barnaverndarstofa, skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs. Hún annast daglega stjórn barnaverndarmála. Meginhlutverk hennar er:

1. að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála,
2. að hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, þar á meðal heimta frá þeim ársskýrslur,
3. að hafa yfirumsjón og eftirlit með stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir fyrir börn og ungmenni sem vistuð eru á grundvelli laga þessara,
4. að hafa umsjón með vistun barna og ungmenna á stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli laga þessara,
5. að hlutast til um að settar verði á fót stofnanir og heimili skv. 2. og 4. mgr. 51. gr. laga þessara,
6. að veita barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra,
7. að hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar,
8. að annast fræðslu um barnavernd, einkum fyrir barnarverndarnefndir og starfsmenn þeirra.

Ræki barnaverndarnefnd ekki störf þau sem henni eru falin í lögum þessum skal barnaverndarstofa krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína. Ef stofunni þykir ástæða til getur hún lagt fyrir barnaverndarnefnd að gera sérstakar ráðstafanir í máli hvort sem hún hefur fjallað um það áður eða ekki. Nú verður barnaverndarstofa þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum og getur stofan þá skotið málinu til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs.

Ákvörðunum barnaverndarstofu er heimilt að skjóta til félagsmálaráðuneytisins.

Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Ráðherra skal kveða nánar á um starfsemi barnaverndarstofu í reglugerð.

3. gr.

Við upphaf 5. gr. bætist: Starfsmenn barnaverndarstofu.

4. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 3. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Barnaverndarstofa.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „unglingaheimili“ í 1. mgr. kemur: stofnun eða heimili.
b. Í stað orðanna „deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur“ í 3. mgr. kemur: sérhæfðri meðferðarstofnun sem rekin er af ríkinu skv. 4. mgr. 51. gr. laga þessara.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:
   Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Stofan metur hæfni væntanlegra fósturforeldra og veitir þeim fræðslu með námskeiðahaldi.
b. Við 1. mgr., sem verður 2. mgr., bætist: Barnaverndarnefnd skal hafa samráð við barnaverndarstofu við val á fósturforeldrum.

7. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í upphafi 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: Barnaverndarstofa.

8. gr.

Í stað orðsins „barnaverndarnefndar“ í niðurlagi 36. gr. laganna kemur: barnaverndarstofu.

9. gr.

1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Barnaverndarstofa heldur skrá um börn í fóstri.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. 2. og 3. mgr. falla brott.

b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr., er verður 3. mgr., kemur: barnaverndarstofu.

c. 4. mgr. orðast svo:

Félagsmálaráðuneytið skal sjá um að sérhæfð heimili og stofnanir séu tiltækar fyrir börn og ungmenni þegar úrræði barnaverndarnefndar skv. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. hafa ekki komið að gagni. Hér er átt við heimili og stofnanir þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og alvarlegra hegðunarerfiðleika. Slík heimili og stofnanir eru rekin af ríkinu eða af einkaaðilum undir yfirumsjón og eftirliti barnaverndarstofu. Um starfsemi heimila og stofnana, sem rekin eru af ríkinu, skal nánar kveðið á í reglugerð er félagsmálaráðherra setur.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Óheimilt er að setja á stofn eða reka heimili eða stofnun skv. 2. og 3. mgr. 51. gr. nema leyfi barnaverndarstofu komi til.

b. 2. mgr. orðast svo:

Barnaverndarstofa skal semja og gefa út nánari reglur og leiðbeiningar um stjórn, starfsfólk, m.a. hæfisskilyrði og menntun, og alla aðbúð á heimilum og stofnunum sem reknar eru af einkaaðilum og sveitarfélögum á grundvelli 51. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Barnaverndarnefnd hefur í umdæmi sínu eftirlit með heimilum og stofnunum sem reknar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla nema eftirlit sé falið öðrum samkvæmt lögum. Barnaverndarnefnd skal fylgjast með högum og aðbúnaði barna á slíkum heimilum og stofnunum og gæta þess vandlega að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili og stofnanir fyrir börn en þau sem hlotið hafa leyfi samkvæmt lögum þessum.

b. Í stað 3. mgr. kemur:

Barnaverndarnefndir og barnaverndarstofa skulu hafa óheftan aðgang að upplýsingum um rekstur þeirra heimila og stofnana sem þær samkvæmt lögum þessum skulu hafa eftirlit með og sömuleiðis að upplýsingum um aðbúnað og hagi barna sem þar dvelja.

Ef meðferð barns á heimili eða stofnun, sem barnaverndarnefnd ber skv. 1. mgr. að hafa eftirlit með, er að mati nefndarinnar óhæfileg, eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal nefndin leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er og veita ákveðinn frest til þess. Komi það ekki að haldi skal hún leggja málið fyrir barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa getur samkvæmt ábendingum barnaverndarnefndar, eða að eigin frumkvæði, svipt heimili eða stofnun rétti til áframhaldandi rekstrar ef meðferð barns er óhæfileg, eða rekstri heimilis eða stofnunar er ábótavant, og sá frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta er liðinn án þess að bætt hafi verið úr því sem áfátt er.

13. gr.

1. málsl. 56. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum ungmennum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd er skipuð var af félagsmálaráðherra 27. maí 1994. Samkvæmt skipunarbréfi var henni ætlað að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Jafnframt var nefndinni ætlað að semja reglugerð við núgildandi lög vegna þeirra skipulagsbreytinga á Unglingaheimili ríkisins sem fyrirhugað var að öðluðust gildi 1. sept. 1994. Í nefndina voru skipuð þau Anna Guðrún Björnsdóttir, deildarstjóri, Guðjón Bjarnason deildarsérfræðingur, Ingibjörg Broddadóttir deildarsérfræðingur, Ómar H. Kristmundsson stjórnsýslufræðingur og Bragi Guðbrandsson félagsfræðingur sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Frumvarpið felur í sér nauðsynlegar breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, til að gera skipulagsbreytingar á málaflokknum mögulegar í samræmi við tillögur sem nánar verður gerð grein fyrir hér að neðan.

Með lögum nr. 58/1992, sem tóku gildi 1. janúar 1993, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála frá menntamálaráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins. Í kjölfar þess fól þáverandi félagsmálaráðherra Hagsýslu ríkisins að gera úttekt á heildarskipan málaflokksins, þar á meðal hlutverki og rekstri Unglingaheimilis ríkisins. Þetta var gert m.a. að frumkvæði landsnefndar um Ár fjölskyldunnar og stjórnarnefndar Unglingaheimilis ríkisins.

Niðurstöður úttektar Hagsýslunnar birtust í skýrslu sem gefin var út í október 1993. Þar kom fram að brýn þörf væri á endurskoðun á skipulagi barnaverndarmála. Bent var á að stjórnsýslu málaflokksins væri verulega ábótavant, skortur væri á sveigjanleika og samhæfingu þeirra aðila sem að þessum málum koma, skortur væri á gæðamati og eftirliti með árangri þeirra stofnana sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli laganna. Verkaskipting ráðuneytis og undirstofnana var talin samrýmast illa stjórnsýsluvenjum. Talið var að aðstoð og eftirliti með barnaverndarstarfi sveitarfélaga væri ábótavant. Í skýrslunni var bent á að núverandi meðferðarkerfi ríkisins væri gallað, rekstur væri ósveigjanlegur, nýting meðferðarheimila væri ófullnægjandi og rekstrarform meðferðarheimila óhagkvæmt. Gerðar voru athugasemdir við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem væri óljós og ekki í samræmi við núgildandi lög um vernd barna og ungmenna og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einnig var bent á að hlutverkaskipting milli félags- og heilbrigðiskerfis í málum barna og ungmenna væri óljós.


Á grundvelli skýrslunnar og eftir nánari skoðun og umfjöllun á vettvangi landsnefndar um Ár fjölskyldunnar og stjórnar Unglingaheimilis ríkisins óskaði þáverandi félagsmálaráðherra eftir tillögum um endurskipulagningu málaflokksins. Félagsmálaráðherra óskaði eftir að við úrlausn verkefnisins yrði sú stefna höfð að leiðarljósi að efla fjölskylduvernd í tilefni af Ári fjölskyldunnar, m.a. með því að ríkisvaldið sinnti betur þeim verkefnum sem því væri ætlað að sinna samkvæmt lögum.

Tillögugerðin var falin stjórnarnefnd Unglingaheimilis ríkisins sem réð til sín sérstakan verkefnisstjóra, Ómar H. Kristmundsson stjórnsýslufræðing. Hönnunarforsendur tillagnanna fólu í sér að leysa þann vanda sem að ofan greinir, þannig að þjónusta ríkisins á þessu sviði yrði efld með hámarksnýtingu þeirra fjármuna sem veittir eru í málaflokkinn. Gengið var út frá þeirri forsendu að tillögurnar væru sem mest í samræmi við anda núgildandi laga um vernd barna og ungmenna og annarrar löggjafar um velferðarþjónustu. Þannig þyrfti ekki að gera umfangsmiklar breytingar á núgildandi lögum. Einnig var gengið út frá þeirri forsendu að óverulegar breytingar yrðu á fjárframlögum hins opinbera til umræddra verkefna.

Við undirbúning tillagnanna var rætt við fjölmarga aðila um þau atriði sem fram koma í skýrslu Hagsýslunnar og hugsanlegar lausnir á núverandi vanda. Fundir voru haldnir með starfsmönnum allra deilda Unglingaheimilis ríkisins og einkarekinna meðferðarheimila. Fundir voru haldnir með landsnefnd um Ár fjölskyldunnar, fræðslustjórum, félagsmálanefnd Alþingis, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, félagasamtökum og fleiri aðilum.

Tillögur um endurskipulagningu barna- og unglingamála voru lagðar fram í greinargerð er gefin var út í janúar 1994 undir heitinu „Nýskipan málefna barna og unglinga". Í henni er lagt til að Unglingaheimili ríkisins verði lagt niður í sinni núverandi mynd. Í stað þess komi tvær stofnanir sem fengið hafa vinnuheitin barnaverndarstofa og móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga. Lagt var til að barnaverndarstofa yrði undirstofnun félagsmálaráðuneytisins og hefði umsjón með stjórnsýslu verkefna á sviði barna- og unglingamála sem undir ráðuneytið heyra. Það felur í sér að barnaverndarstofa beri ábyrgð á samræmingu í stjórnsýslu málaflokksins, veiti heimilum, stofnunum og barnaverndarnefndum faglega aðstoð og sjái jafnframt um eftirlit með þessum aðilum.

Það fyrirkomulag að fela undirstofnun ráðuneytisins ofangreind stjórnsýsluverkefni hefur í för með sér að ýmis tímafrek afgreiðsluverkefni, sem óeðlilegt er að séu viðfangsefni æðsta stjórnsýslustigs ríksins, eru færð úr félagsmálaráðuneytinu. Samkvæmt



tillögunum mun ráðuneytið fyrst og fremst hafa með höndum stefnumótun í málaflokknum. Það mun vinna að reglugerða- og lagasetningu, úrskurða í þeim málum er kærð eru til þess vegna stjórnvaldsákvarðana barnverndarstofu og veita álit um túlkun laga á þessu sviði.

Markmið móttöku- og meðferðarstöðvar yrði að sinna sérhæfðri meðferð, svo sem vímuefnameðferð, og vistunum í bráðatilvikum. Gert er ráð fyrir að stöðin muni koma í staðinn fyrir þrjár meðferðardeildir Unglingaheimilis ríkisins, þ.e. meðferðarheimilið að Sólheimum 7, móttökudeildina að Efstasundi 86 og vímuefnadeildina að Tindum, Kjalarnesi.

Í tillögunum var gert ráð fyrir að langtímavistun unglinga fari eingöngu fram á meðferðarheimilum sem rekin eru á fjölskyldugrunni og að stofnunum með vaktafyrirkomulagi verði fækkað. Tillögu að nýju skipuriti má sjá hér að ofan.

Tillögurnar byggja á því að í nýju skipulagi verði verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga skýrari og í meira samræmi við anda núgildandi barnaverndarlaga og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögbundin verkefni sveitarfélaga á þessu sviði eru mörg og umfangsmikil og framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að sum þeirra eru nú í höndum ríkisins. Gert er ráð fyrir að ríkið muni sjá um yfirstjórn málaflokksins eins og áður. Ríkið muni bera ábyrgð á sérhæfðum meðferðarheimilum og -stofnunum þar sem fram fer skipulagt meðferðarstarf, unnið af starfsfólki með sérþekkingu á uppeldis- og meðferðarstarfi. Önnur verkefni verði í höndum sveitarfélaga, þar á meðal grunnþjónusta sem felur í sér ráðgjöf og aðra félagslega aðstoð, sbr. 21. gr. núgildandi laga um vernd barna og ungmenna. Vistanir, þar sem ekki er boðið upp á sérhæfða meðferð, verði viðfangsefni sveitarfélaga. Hér er um að ræða sambýli, áfangastaði og sveitardvöl. Gert er ráð fyrir að ráðgjafarþjónusta fyrir almenning verði alfarið í höndum sveitarfélaga. Þannig er stefnt að því að unglingaráðgjöf Unglingaheimilis ríkisins verði lögð niður. Á móti mun barnaverndarstofa taka að sér yfirumsjón fósturmála, þar á meðal að sjá um að meta hæfni væntanlegra fósturforeldra og veita þeim nauðsynlega fræðslu. Hér er um að ræða verkefni sem fæst sveitarfélög hafa haft aðstöðu til að sinna með góðu móti. Einnig er gert ráð fyrir að ráðgjöf til barnaverndarnefnda og starfsmanna þeirra, sem hingað til hefur verið takmörkuð, verði efld verulega með stofnun barnaverndarstofu.

Umtalsverðar endurbætur eru lagðar til á núverandi meðferðarkerfi. Barnaverndarstofa mun hafa eftirlit með öllum stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli laganna. Gert er ráð fyrir að umsóknir um innlagnir á þessar stofnanir og heimili komi til barnaverndarstofu til ákvörðunar og að sérstakt fagteymi muni gefa umsagnir um allar umsóknir. Þannig mun stofan fá nauðsynlega sýn yfir öll meðferðarúrræði ríkisins og nýtingu þeirra. Í núgildandi skipulagi fer Unglingaheimili ríkisins bæði með eftirlit og rekstur meðferðarheimila. Í nýju skipulagi verða þessir þættir aðskildir. Eftirlit verður í höndum barnaverndarstofu en meðferðarstarf verður í höndum stofnananna sem eingöngu munu sinna því hlutverki. Góð reynsla hefur verið af þeim þremur einkareknu meðferðarheimilum sem nú eru starfandi, bæði út frá meðferðar- og fjárhagslegu tilliti. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram á þessari braut og slík heimili komi í stað stofnana með vaktavinnufyrirkomulagi. Sérstakir þjónustusamningar verði gerðir við þessi heimili þar sem skilgreindar eru þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, innlagnarferill og fjárveitingar. Með þessu móti verður dregið úr stofnanavistun og jafnframt tryggð hagkvæm en vönduð og fjölbreytt meðferðarúrræði.

Umfangsmikil kynning hefur farið fram á tillögunum. Ráðstefna var haldin 29. apríl 1994 þar sem tillögurnar voru kynntar starfsmönnum Unglingaheimilis ríkisins og þeir upplýstir um framgang breytinganna. Á ráðstefnunni gafst starfsmönnum einnig kostur á að tjá sig um fyrirhugaða endurskipulagningu. Auk viðræðna við starfsmenn Unglingaheimilis ríkisins hafa tillögurnar verið kynntar á fundum ýmissa aðila sem að þessum málum koma.

Tillögurnar voru lagðar fram og samþykktar á fundi stjórnarnefndar Unglingaheimilis ríkisins 11. febrúar 1994 og kynntar þáverandi félagsmálaráðherra 18. sama mánaðar. Félagsmálaráðherra féllst á tillögurnar í bréfi, dags. 24. febrúar 1994. Í kjölfar þess var gengið frá verkáætlun. Samkvæmt henni var miðað við að nýtt skipulag tæki gildi 1. september 1994. Skipaðir voru starfshópar til að vinna að nánari útfærslu á tillögunum. Í maí og júní fór fram athugun á húsnæðisþörf hinna nýju stofnana. Í lok maí á þessu ári var öllum starfsmönnum Unglingaheimilis ríkisins tilkynnt að störf þeirra yrðu lögð niður frá og með 1. september 1994 og þeim jafnframt boðin sambærileg störf hjá hinum

nýju stofnunum félagsmálaráðuneytisins. Seinkun hefur orðið á gildistöku breytinganna. Þessi dráttur hefur stafað m.a. af því að vafi lék á um hvort skipulagsbreytingar þessar kölluðu á lagabreytingar. Eftir skoðun á lagaheimildum og fyrirhuguðum skipulagsbreytingum var talið nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna til að taka af allan vafa um lagagrundvöll endurskipulagningarinnar. Var áðurnefndri nefnd falið það verkefni að semja frumvarp þar að lútandi sem hér birtist. Reglugerð um móttöku- og meðferðarstöð var gefin út 11. október 1994 á grundvelli gildandi laga. Gert er ráð fyrir að hún verði gefin út að nýju, í breyttri mynd, ef frumvarp það sem hér er lagt fram nær fram að ganga.

Tekið skal fram að leitað var umsagnar forsætisráðuneytis um frumvarpið og orðið við ábendingum þess. Einnig var leitað umsagnar dómsmálaráðuneytis og komið til móts við ábendingar þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru þeir tilgreindir sem fara með stjórn barnaverndarmála. Til viðbótar félagsmálaráðuneytinu, barnaverndarnefndum og barnaverndarráði, sem í núgildandi lögum fara með þetta viðfangsefni, bætist við ný stofnun, barnaverndarstofa, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér þau nýmæli að dagleg stjórn barnaverndarmála ríkisins verði í höndum nýrrar stofnunar, barnaverndarstofu, sem annist stjórnsýsluverkefni á þessu sviði í stað félagsmálaráðuneytisins og Unglingaheimilis ríkisins. Með því móti er talið unnt að efla þjónustu ríkisins í barnaverndarmálum og tengsl og aðstoð af hálfu ríkisins við barnaverndarnefndir. Aðalbreytingin frá núgildandi 3. gr. er sú að hinni nýju stofnun eru falin flest þau verkefni sem félagsmálaráðuneytið fer nú með samkvæmt greininni en ekki er um miklar efnislegar breytingar að ræða á inntaki verkefnanna. Þó skal vakin athygli á þeim nýmælum að gert er ráð fyrir því að barnaverndarstofan aðstoði barnaverndarnefndir við öflun hæfra fósturforeldra. Það sem liggur þar að baki er að nauðsynlegt er talið að mat á hæfni fósturforeldra sé samræmt og að upplýsingar um hæfa fósturforeldra liggi fyrir á einum stað þannig að auðveldara sé fyrir barnaverndarnefndir að beita fósturúrræðum og betur tryggt að hæft fólk veljist til þess að taka að sér þetta vandasama hlutverk. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn málaflokksins og annist stefnumótun. Barnaverndarstofan verður undirstofnun ráðuneytisins og því verður unnt að skjóta ákvörðunum stofunnar til þess. Gert er ráð fyrir að kvartanir vegna starfa barnaverndarnefnda fari fyrst til úrlausnar stofunnar. Engar breytingar verða á verksviði barnaverndarráðs.

Um 3. gr.

Það er eðlilegt að sömu reglur gildi um réttindi og skyldur starfsmanna barnaverndarstofu og aðra þá sem starfa að barnaverndarmálum.

Um 4. gr.

Í samræmi við verksvið barnaverndarstofu er gert ráð fyrir að hún geti veitt þá heimild sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 22. gr. er fjallað um úrræði fyrir bæði börn og ungmenni og því er eðlilegt að í stað orðsins „unglingaheimili" í núgildandi lögum komi: stofnun eða heimili.

Þriðja málsgrein 22. gr. fjallar um vistun ungmennis, sem er skv. 2. mgr. 1. gr. laganna einstaklingur á aldrinum 16–18 ára, gegn vilja sínum á stofnun vegna vímuefnaneyslu. Samkvæmt greininni getur barnaverndarnefnd leitað samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir vistun ungmennis á sjúkrahúsi eða deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur í samræmi við ákvæði lögræðislaga. Þar sem gert er ráð fyrir að Unglingaheimili ríkisins verði lagt niður eru orðin „deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur" felld brott en í staðinn kemur í samræmi við 9. gr. frumvarpsins: sérhæfð meðferðarstofnun, sem rekin er af ríkunu skv. 4. mgr. 51. gr. laga þessara. Samkvæmt 13. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, er heimild dómsmálaráðuneytis til nauðungarvistunar bundin við innlögn á sjúkrahús. Ákvæði 3. mgr. 22. gr. núgildandi laga um vernd barna og ungmenna og 4. gr. frumvarpsins fela í sér nokkra víkkun á heimildum ráðuneytisins hvað þetta snertir, en rökin eru þau að æskilegt sé að sá kostur sé fyrir hendi að unnt sé að vista ungmenni á aldrinum 16–18 ára á stofnun fyrir unga vímefnaneytendur þar sem þau gætu síðan sjálfviljug notið sérhæfðrar meðferðar eftir að nauðungarvistun lýkur.

Um 6. gr.

Við 30. gr. bætist ný málsgrein. Í henni eru verkefni barnaverndarstofu í fósturmálum skilgreind. Gert er ráð fyrir að stofan hafi umsjón með öflun hæfra fósturforeldra fyrir barnaverndarnefndir. Stofan sjái um að meta hæfni þeirra en barnaverndarnefndir taki hins vegar ákvörðun um til hvaða fósturforeldra barn fari. Samkvæmt b-lið 6. gr. skulu þær taka slíka ákvörðun í samráði við barnaverndarstofu.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að barnaverndarstofa sjái um gerð eyðublaða fyrir fóstursamninga, en það verkefni er nú í höndum félagsmálaráðuneytisins.

Um 8. gr.

Í samræmi við hlutverk barnaverndarstofu í fósturmálum er gert ráð fyrir að ekki megi ráðstafa barni í fóstur nema til aðila sem fengið hafa meðmæli barnaverndarstofu. Í núgildandi lögum eru það barnaverndarnefndir sem veita umsagnir um væntanlega fósturforeldra.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er barnaverndarstofu ætlað það hlutverk að halda skrá um börn í fóstri, en í núgildandi lögum er kveðið á um að félagsmálaráðuneytið haldi skrá um börn í varanlegu fóstri. Til þess að fá nauðsynlega heildarsýn þykir rétt að hin nýja stofnun fái upplýsingar um öll börn í fóstri.

Um 10. gr.

Fimmtugasta og fyrsta grein laga um vernd barna og ungmenna fjallar um heimili og stofnanir fyrir börn og ungmenni á vegum ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila sem rekin eru á grundvelli laganna. Meginbreytingin á 51. gr. felst í því að ný málsgrein, sem fjallar um skyldur ríkisins í þessum efnum, kemur í stað 3. mgr. núgildandi laga og verður 4. mgr. Samkvæmt núgildandi 3. mgr. 51. gr. er félagsmálaráðuneytinu skylt að reka unglingaheimili, svo og meðferðarheimili fyrir börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur starfsemi Unglingaheimilis ríkisins byggst, svo og annarra heimila sem ríkið hefur rekið eða styrkt á grundvelli laganna. Með hinu nýja ákvæði er leitast við að skilgreina betur en nú er gert verksvið ríkisins hvað varðar vistunarúrræði fyrir börn og ungmenni. Í samræmi við anda laganna er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið beri ábyrgð á að sérhæfð heimili og stofnanir samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 51. gr. laganna séu tiltæk fyrir börn og ungmenni þegar úrræði barnaverndarnefnda skv. 21. gr. og 1. mgr. 22 gr. hafa ekki komið að gagni. Samkvæmt 21. gr., sem fjallar um stuðningsúrræði, og ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, skulu sveitarfélög sinna grunnþjónustu fyrir börn og ungmenni en ríkið sértækari þjónustu ef þau úrræði sveitarfélaga, sem tiltekin eru í lögunum, gagnast ekki. Með sérhæfðum heimilum og stofnunum er átt við staði þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og alvarlegra hegðunarerfiðleika.

Gert er ráð fyrir að ný stofnun, sem rís á grunni Unglingaheimilis ríkisins og fengið hefur vinnuheitið „móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga“, byggi á þessari lagastoð. Í reglugerð verði kveðið nánar á um starfssvið hinnar nýju stofnunar.

Í samræmi við áralanga hefð er gert ráð fyrir að einkaaðilar geti rekið sérhæfð meðferðarheimili og stofnanir, að fengnu leyfi barnaverndarstofu, sbr. 11. gr. frumvarpsins, og með fjárframlögum frá ríkinu. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með rekstri og starfsemi slíkra heimila og stofnana.

Aðrar breytingar á 51. gr. fela í sér að 2. mgr. hennar, sem fjallar um frumkvæði félagsmálaráðuneytisins varðandi uppbyggingu stofnana, verði felld brott. Í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að barnaverndarstofan hafi slíku hlutverki að gegna varðandi skyldur ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum, sbr. 2. og 4. mgr. 51. gr, eins og þær yrðu ef frumvarp þetta nær fram að ganga, en þær skilgreina nánar ábyrgð ríkis og sveitarfélaga hvað varðar tiltæk úrræði.

Aðrar málsgreinar eru óbreyttar að undanskildri lítils háttar breytingu á 5. mgr. 51. gr. sem verður 3. mgr. sömu greinar, sbr. b-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að barnaverndarstofa taki við þeim verkefnum félagsmálaráðuneytisins sem fram koma í 1. og 2. mgr. 52. gr. laganna. Það felur í sér að óheimilt verði að setja á stofn eða reka heimili eða stofnun skv. 2. og 3. mgr. 51. gr. nema leyfi barnaverndarstofu komi til. Einnig er barnaverndarstofu ætlað að semja og gefa út nánari reglur og leiðbeiningar um stjórn, starfsfólk, m.a. hæfisskilyrði og menntun, og alla aðbúð á þeim heimilum og stofnunum sem um getur í 51. gr., sem eru reknar af einkaaðilum og sveitarfélögum.

Um 12. gr.

Fimmtugasta og þriðja grein laga um vernd barna og ungmenna fjallar um eftirlit með heimilum og stofnunum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum IX. kafla laganna. Ástæða er til að gera nánari grein fyrir hvernig eftirliti með þeim skuli háttað samkvæmt lögunum. Í því sambandi er rétt að skipta þeim heimilum og stofnunum sem rekin eru fyrir börn og ungmenni á grundvelli laganna í þrjá flokka.

Í fyrsta lagi er um að ræða heimili og stofnanir sem veita þjónustu sem barnaverndarnefndir bera ábyrgð á að sé tiltæk, sbr. núgildandi 4. mgr. 51. gr. laganna sem skv. 10. gr. frumvarpsins verður óbreytt 2. mgr. 51. gr. laganna. Samkvæmt a-lið 11. gr. frumvarpsins, sbr. 1. mgr. 52. gr. núgildandi laga, er óheimilt að setja á stofn eða reka slík heimili eða stofnanir nema samkvæmt leyfi barnaverndarstofu. Slík heimili og stofnanir geta annaðhvort verið rekin af sveitarfélagi eða fleiri sveitarfélögum í sameiningu eða af einkaaðilum sem sveitarfélög gera þjónustusamninga við. Það leiðir af 1. mgr. 53. gr. laganna, sbr. a-lið 12. gr. frumvarpsins, að barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með slíkum heimilum og stofnunum sem rekin eru í umdæmi hennar. Þau eru einnig háð eftirliti barnaverndarstofu að því leyti að hún á skv. 2. gr. frumvarpsins að hafa eftirlit með því að barnaverndarnefndir starfi samkvæmt lögum.

Í öðru lagi er um að ræða sérhæfð heimili og stofnanir sem veita þá þjónustu sem félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á að sé tiltæk, sbr. c-lið 10. gr. frumvarpsins. Þau geta skv. c-lið 10. gr. annaðhvort verið rekin af ríkinu eða einkaaðilum samkvæmt leyfi barnaverndarstofu, sbr. a-lið 11. gr. frumvarpsins. Slík heimili og stofnanir eru skv. c-lið 10. gr. frumvarpsins háðar eftirliti barnaverndarstofu.

Í þriðja lagi er um að ræða heimili og stofnanir sem félagasamtök eða aðrir aðilar setja á stofn til stuðnings börnum, sbr. núgildandi 5. mgr. 51. gr. laganna sem í b-lið 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að verði 3. mgr. 51. gr. laganna, og falla ekki undir ofangreinda tvo flokka. Í þessum flokki eru heimili og stofnanir sem taka við börnum til dvalar án afskipta barnaverndaryfirvalda, t.d. sumardvalarheimili. Þau eru skv. a-lið 11. gr. frumvarpsins háð leyfi barnaverndarstofu og skv. 1. mgr. 53. gr. laganna, sbr. a-lið 12. gr. frumvarpsins, skulu barnaverndarnefndir hafa eftirlit með þeim.

Eina breytingin, sem gerð er á 1. mgr. 53. gr. í a-lið 12. gr. frumvarpsins, er að kveðið er á um að barnaverndarnefndir skuli ekki eingöngu hafa eftirlit með heimilum heldur einnig stofnunum en í ákvæðum IX. kafla er greint á milli þessara tveggja hugtaka. Þetta er gert til að taka af allan vafa í þessum efnum.

Ákvæði b-liðar 12. gr. fela í sér þau nýmæli að kveðið er á um úrræði barnaverndarstofu ef meðferð barns á heimili eða stofnun, sem barnaverndarstofu ber að hafa eftirlit með, er óhæfileg eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar er ábótavant. Ákvæðin eru hliðstæð þeim ákvæðum sem eru í núgildandi 3. mgr. 53. gr. laganna um úrræði barnaverndarnefnda gagnvart heimilum og stofnunum sem þeim ber að hafa eftirlit með. Í ákvæðinu er enn fremur það nýmæli að barnaverndarnefndum og barnaverndarstofu er tryggður aðgangur að upplýsingum um starfsemi þeirra heimila og stofnana sem þau eiga samkvæmt lögunum að hafa eftirlit með, sbr. það sem rakið var hér að ofan. Þetta er mikilvæg heimild til þess að eftirlitið geti orðið virkt í framkvæmd. Það er einnig nýmæli að kveðið er á um að barnaverndarnefndir og barnaverndarstofa skuli veita heimilum og stofnunum ákveðinn frest til að bæta úr vanköntum á starfsemi sinni.

Um 13. gr.

Orðalag núgildandi 56. gr. tók mið af því að þegar lög um vernd barna og ungmenna voru til meðferðar á Alþingi árið 1992 var verið að endurskoða lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Því þótti rétt að undanþiggja barnaverndarnefndir þeirri skyldu að hafa eftirlit með því að börnum séu aðeins sýndar kvikmyndir sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

Nú er þessari endurskoðun lokið og fyrir liggur frumvarp til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir sams konar tilhögun og áður gilti um störf barnaverndarnefnda að þessum málum þannig að barnaverndarnefndir hafa ásamt löggæsluaðilum eftirlit með því að úrskurðum kvikmyndaskoðunarnefndar um sýningarhæfni kvikmynda gagnvart börnum sé framfylgt og að aðeins séu sýndar kvikmyndir eða þeim dreift sem merktar eru af kvikmyndaskoðunarnefnd, sbr. 8. mgr. 58. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og 3. gr. laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983.

Með hliðsjón af ofangreindu, sem og ákvæðum 4. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, er hér lagt til að orðin „öðrum en kvikmyndasýningum“ falli niður úr 1. málsl. 56. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Frumvarpið er unnið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 27. maí sl. til að endurskoða lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna. Það miðar að því að gera skipulag þessa málaflokks markvissara og að gera verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga skýrari og í meira samræmi við anda núverandi barnaverndarlaga og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að yfirstjórn málaflokksins verði í höndum ríkisins eins og áður og beri það ábyrgð á sérhæfðum meðferðarheimilum þar sem fram fer skipulagt meðferðarstarf unnið af starfsfólki með sérþekkingu á uppeldis- og meðferðarstarfi.

Áformað er að gera eftirfarandi breytingar á núverandi skipulagi málefna barna og ungmenna: Unglingaheimili ríkisins verður lagt niður í núverandi mynd en í staðinn koma tvær nýjar stofnanir, Barnaverndarstofa (Miðstöð í barna- og unglingamálum) og Móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga. Fyrrnefnda stofnunin tekur að mestu við verkefnum félagsmálaráðuneytisins á þessu sviði og eftirlitshlutverki Unglingaheimilis ríkisins. Móttöku- og meðferðarstöðin mun sinna þeim verkefnum sem þrjár deildir Unglingaheimilis ríkisins sinna í dag en þær eru meðferðarheimilið Tindar, meðferðarheimilið Sólheimar 7 og móttökudeildin Efstasundi 86. Með sameiningu þessar deilda á að ná hagræðingu í rekstri sem nýta á til rekstrar barnaverndarstofu.

Félagsmálaráðuneytið gerir ráð fyrir eftirfarandi starfsemi á grundvelli þessa frumvarps verði það að lögum (fjárhæðir í m.kr.):

	Rekstur	Tilfærslur	Stofnkostn.	Samtals
Barnaverndarstofa	31,0		3,0	34,0
Móttöku- og meðferðarstöð	90,0	4,8	33,0	127,8
Heimili fyrir börn og unglinga		65,0		65,0
Annað		25,0		25,0
Samtals	121,0	94,8	36,0	251,8

Gert er ráð fyrir 44,5 störfum á Barnaverndarstofu og Móttöku- og meðferðarstöð. Það sem ætlað er til stofnkostnaðar skiptist þannig að til húsbyggingar eru ætlaðar 30 m.kr. en til kaupa á búnaði 6 m.kr. Því fé sem varið verður til byggingarinnar er ætlað að skila sér á fáum árum í aukinni hagræðingu í rekstri sem unnt verður að koma við í nýjum og breyttum húsakynnum. Heimili fyrir börn og unglinga verða fjögur á árinu 1995 og öll rekin samkvæmt samningum við einstaklinga eða félög. Ófrágengið er hvar og hvernig meðferð ungir vímuefnasjúklingar eldri en 16 ára fá eftir að meðferðarheimilið á Tindum hefur verið lagt niður. Kostnaður vegna þessa o.fl. er metinn 25 m.kr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er heildartala til þessa málaflokks áætluð 252 m.kr. Kostnaður við þennan rekstur var 186 m.kr. árið 1993 og áætlaður 225 m.kr. í fjárlögum 1994. Í tölunum fyrir árin 1993 og 1994 eru ekki fjárveitingar til stofnkostnaðar.

224. Frumvarp til laga [198. mál]

um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi ná til vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi. Lögin taka einnig til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti.

Lögin ná ekki til matvæla, lyfja eða eiturefna og hættulegra efna. Ákvæði laga þessara um opinbera markaðsgæslu ná ekki til vöru sem nær eingöngu er notuð í atvinnurekstri.

2. gr.

Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í reglugerðum eða stöðlum um öryggi og vernd heilsu og umhverfis.

Með opinberri markaðsgæslu er leitast við að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur að þessu leyti.

3. gr.

Framkvæmd laga þessara og almenn mál er varða öryggi vöru og markaðsgæslu heyra undir viðskiptaráðherra.

Dagleg framkvæmd laga þessara er í höndum Löggildingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda, sbr. IV. kafla.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

4. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Ábyrgðaraðili merkir aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu vöru hér á landi, hvort sem um er að ræða framleiðanda, fulltrúa hans eða innflytjanda.

Eftirlitsstjórnvald merkir stjórnvald sem hefur samkvæmt sérstökum lögum heimild eða skyldu til eftirlits á markaði með tilteknum vöruflokkum. Eftirlitsstjórnvald getur verið ráðuneyti, stofnun eða ráðuneyti og undirstofnun þess í sameiningu. Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald fyrir alla vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum.

Faggilt prófunarstofa merkir fyrirtæki eða stofnun sem annast prófun og hefur verið faggilt til þess í samræmi við staðla og aðrar þær reglur sem um faggildingu fjalla.

Faggilt skoðunarstofa merkir fyrirtæki eða stofnun sem annast skoðun og hefur verið faggilt til þess í samræmi við staðla og aðrar þær reglur sem um faggildingu fjalla.

Framleiðandi merkir framleiðanda vöru og hvern annan aðila sem kynnir sig sem framleiðanda vöru með því að merkja vöruna með nafni sínu, viðskiptaheiti eða öðru kennimarki. Þá getur framleiðandi talist aðili sem endurgerir vöru eða er umboðsmaður framleiðanda með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins ef framleiðandi hefur ekki staðfestu á því svæði. Loks getur framleiðandi átt við aðra þá aðila í aðfangakeðju vöru sem hafa framleitt íhluti sem öryggi vörunnar byggist á.

Hættuleg vara merkir sérhverja vöru sem ekki fellur undir skilgreiningu laga þessara á öruggri vöru.

Markaðseftirlit merkir skipulegt eftirlit með vörum á markaði. Það greinist í markaðsskoðun annars vegar og skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar. Markaðseftirlit er framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

Markaðsskoðun merkir rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum. Mat á samræmi vöru er framkvæmt eftir föstum og skilgreindum verklagsreglum.

Neytandi merkir einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu í tengslum við viðskipti enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi, heilsuvernd og umhverfisvernd. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og stjórnvaldsaðgerðir. Opinber markaðsgæsla er ávallt á ábyrgð opinberra stjórnvalda.

Prófun merkir tæknilega framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferils eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Samvinnunefnd merkir samstarfsvettvang eftirlitsstjórnvalds, Löggildingarstofunnar og skoðunarstofu sem annast framkvæmd markaðseftirlits.

Seljandi merkir framleiðanda vöru, umboðsmann framleiðanda, innflytjanda, millilið á síðari stigum, dreifingaraðila og smásala.

Stjórnvaldsaðgerðir merkja ákvarðanir, úrskurði og aðgerðir eftirlitsstjórnvalds, sbr. 14. gr.

Vara merkir sérhverja framleiðsluvöru sem boðin er neytendum gegn gjaldi eða endurgjaldslaust í tengslum við atvinnurekstur seljanda, hvort sem hún er ný, notuð eða endurgerð. Þetta gildir ekki ef um er að ræða notaða vöru sem telst hafa fornmunagildi eða þarfnast lagfæringar fyrir notkun enda geri seljandi kaupanda grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða kaupanda má vera það ljóst.

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlilega eða fyrirsjáanlega notkun fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu og umhverfis.

III. KAFLI
Öryggi vöru.

5. gr.

Ábyrgðaraðilar og aðrir seljendur, sem selja eða afhenda vöru á annan hátt í atvinnuskyni, skulu gæta þess að vara þeirra sé örugg og er óheimilt að setja hættulega vöru á markað. Sömu aðilum er skylt að tilkynna tafarlaust eftirlitsstjórnvaldi eða skoðunarstofu ef þeir fá vitneskju um hættulega vöru sem þeir kunna að hafa sett á markað fyrir vangá eða af vanþekkingu og taka þátt í aðgerðum til að fjarlægja hana af markaði.

Við mat á öryggi vöru skal einkum taka tillit til eftirtalinna þátta:

1. Eðlis hennar, þar með talin samsetning, umbúðir, samsetningarleiðbeiningar og viðhald.
2. Áhrifa hennar á aðrar vörur er ljóst þykir að hún verði notuð með.
3. Kynninga sem henni fylgja, svo sem merkinga á henni, leiðbeininga um notkun og förgun og annarra upplýsinga sem framleiðandi lætur í té.
4. Öryggis hennar gagnvart viðkvæmum notendum, svo sem börnum.

Við mat á öryggi vöru skal það ekki sjálfkrafa leiða til þess að hún sé metin hættuleg að til sé á markaði önnur vara sem sé talin enn fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt væri að auka öryggi hennar.

6. gr.

Falli vara ekki undir önnur eftirlitsstjórnvöld er viðskiptaráðherra heimilt að ákveða eftirfarandi í reglugerð:

1. Kröfur sem vara verður að uppfylla til að teljast örugg.
2. Aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi vöru við settar reglur, t.d. með merkingu, vottorði, yfirlýsingu um samræmi, prófunarskýrslu, skjali með tæknilegum upplýsingum o.fl.

3. Merkingar vöru, leiðbeiningar og upplýsingar um notkun og förgun vöru, viðvaranir um hugsanlega hættu við notkun hennar og aðra þætti er varða upplýsingar til neytenda. Heimilt er að áskilja að varúðarmerkingar og notkunarleiðbeiningar skuli vera á íslensku.

Heimilt er í reglugerð um framangreint efni að vísa til staðla sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

7. gr.

Falli vara ekki undir önnur eftirlitsstjórnvöld er viðskiptaráðherra heimilt að ákveða í reglugerð að vörum í ákveðnum vöruflokkum, sem settar eru á markað hér á landi, skuli fylgja tilteknar upplýsingar um eiginleika þeirra og notagildi til þess að auðvelda neytendum vöruval. Skal þá beita ákvæðum laga þessarra um markaðsgæslu, eftir því sem við á, í því skyni að hafa eftirlit með því að slík reglugerðarákvæði séu virt.

IV. KAFLI
Opinber markaðsgæsla.

8. gr.

Með opinberri markaðsgæslu skal vinna að því að vörur á markaði uppfylli settar reglur og skapi ekki hættu.

Löggildingarstofan og eftirlitsstjórnvald fara með stjórnvaldsþátt markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 9. og 10. gr.

Skoðunarstofa annast markaðseftirlit í samræmi við 11. gr.

Samvinna Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fram á vettvangi samvinnunefndar í samræmi við 12. gr.

9. gr.

Hlutverk eftirlitsstjórnvalds í opinberri markaðsgæslu er sem hér greinir:

1. að setja reglur um þá vöruflokka sem það ber ábyrgð á samkvæmt sérlögum; slíkar reglur taka að lágmarki til öryggis, verndar heilsu og umhverfis en geta einnig tekið til fleiri eiginleika,
2. að móta meginstefnu um áherslur í markaðseftirliti og umfang eftirlits með þeim vöruflokkum sem það ber ábyrgð á,
3. að annast í samvinnu við Löggildingarstofuna samningsgerð við skoðunarstofu og greiða þann kostnað vegna hans sem ekki er greiddur af gjöldum skv. 16. og 17. gr.,
4. að fella úrskurði í einstökum málum, sbr. 14. gr., eftir að samvinnunefnd hefur fjallað um málið og lagt fram tillögu sína.

10. gr.

Hlutverk Löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu er:

1. að vera eftirlitsstjórnvald fyrir alla vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum,
2. að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með því markmiði að tryggja hagkvæmni og samhæfingu,
3. að hafa, í samstarfi við eftirlitsstjórnvöld, umsjón með samningum við skoðunarstofur og útbúa samningsgögn eftir því sem við á,

4. að úrskurða hvaða eftirlitsstjórnvald ber ábyrgð á markaðsgæslu tiltekinnar vöru eða vöruflokks leiki vafi á slíku,
5. að samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflokks eru slíkir að ábyrgð á markaðsgæslu sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds.

11. gr.

Markaðseftirlit skal framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu. Skoðunarstofa annast markaðsskoðun, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði og tekur við kvörtunum og ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum.

Samið skal við eina eða fleiri skoðunarstofur um framkvæmd markaðseftirlits. Miðað skal við að framkvæmdin sé boðin út nema sérstakar aðstæður mæli gegn því. Löggildingarstofan og eftirlitsstjórnvald annast útboð og samningsgerð í sameiningu.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um markaðseftirlit og um skoðunarstofur sem framkvæma markaðseftirlit.

12. gr.

Samstarf Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fram í sérstakri samvinnunefnd. Samvinnunefnd fjallar um starfsáætlanir í markaðseftirliti, athugasemdir sem gerðar eru við einstakar vörur og vöruflokka og gerir tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til eftirlitsstjórnvalds sem tekur endanlega ákvörðun.

Að jafnaði skal starfa ein samvinnunefnd á verksviði hvers eftirlitsstjórnvalds en aðilar geta þó ákveðið aðra skipan, t.d. að hafa fleiri en eina samvinnunefnd ef vöruflokkar eru ólíkir eða hafa sameiginlega samvinnunefnd tveggja eða fleiri eftirlitsstjórnvalda.

Aðilar ákveða fjölda fulltrúa í samvinnunefnd. Samvinnunefnd velur formann úr hópi nefndarmanna.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan og starfsemi samvinnunefndar.

V. KAFLI
Markaðseftirlit.

13. gr.

Skoðunarstofu er heimilt að skoða vörur hjá seljanda og krefjast upplýsinga um ábyrgðaraðila, svo og að taka sýnishorn vöru til rannsóknar. Seljanda er skylt að halda skrá með upplýsingum um ábyrgðaraðila allra þeirra vara sem hann hefur á boðstólum.

Skoðunarstofa getur krafið ábyrgðaraðila um vottorð, yfirlýsingu um samræmi við reglur og staðla, prófunarskýrslu, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna öryggi vöru. Ábyrgðaraðila er skylt að halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum.

Starfsmenn Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu eru bundnir þagnarskyldu um atriði er fram koma við rannsókn og viðskiptaleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að þeir birti opinberlega upplýsingar um hættulega vöru ef brýna nauðsyn ber til sökum þess að af vörunni stafar hætta fyrir öryggi, heilsu eða umhverfi.

VI. KAFLI
Stjórnvaldsaðgerðir.

14. gr.

Ef vara uppfyllir ekki formleg skilyrði um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi, prófunarskýrslur o.s.frv. getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar.

Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar.

Ef rökstuddur grunur leikur á að vara uppfylli ekki settar öryggisreglur getur eftirlitsstjórnvald ákveðið tímabundið bann við sölu hennar á meðan rannsókn fer fram í málinu. Eigi er heimilt að ákveða slíkt bann lengra en til fjögurra vikna. Þó er heimilt, ef niðurstöður rannsóknar gefa tilefni til, að framlengja bannið um allt að fjórar vikur til viðbótar.

Þyki ljóst að vara uppfylli ekki settar öryggisreglur getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar.

Ef vara er álitin sérstaklega hættuleg getur eftirlitsstjórnvald krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka vörunnar. Ábyrgðaraðili skal lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru en hættulausa eða greiða kaupendum andvirði vörunnar. Eftirlitsstjórnvald getur þó ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess. Hægt er að skylda ábyrgðaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti ef nauðsyn þykir af eðli máls.

15. gr.

Eftirlitsstjórnvald skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við ábyrgðaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun vöru og aðgerðir eins og stöðvun sölu og afturköllun vöru.

Eftirlitstjórnvaldi ber að tilkynna ábyrgðaraðila um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er. Ákvörðunin skal studd viðeigandi gögnum sem eftir aðstæðum geta verið skoðunarskýrsla, prófunarskýrsla eða önnur gögn.

Ábyrgðaraðila skal veittur eðlilegur frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en heimilt er að víkja frá því ef vara er álitin sérstaklega hættuleg.

Hafi eftirlitsstjórnvald bannað sölu vöru á grundvelli þess að hún uppfylli ekki öryggiskröfur er ábyrgðaraðila heimilt að krefjast þess að varan skuli prófuð af faggiltri prófunarstofu. Slík prófun frestar ekki framkvæmd ákvörðunar eftirlitsstjórnvalds.

Heimilt er eftirlitsstjórnvaldi að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Ákvörðunum lægra setts eftirlitsstjórnvalds má skjóta til úrskurðar viðkomandi ráðherra en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

16. gr.

Ábyrgðaraðili ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

Ábyrgðaraðili ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal ábyrgðaraðili bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn, prófun, svo og annan kostnað. Heimilt er að ákveða gjöld fyrir einstaka þætti í rannsókn vöru með sérstakri gjaldskrá sem staðfest er af viðskiptaráðherra.

17. gr.

Heimilt er að leggja sérstakt markaðsgæslugjald á ábyrgðaraðila og aðra seljendur til að standa straum af greiðslum til skoðunarstofa, kostnaði samvinnunefnda og kostnaði Löggildingarstofunnar vegna almenns vöruöryggis.

Gjaldið skal miðast við umfang eftirlits með hverjum aðila sem ræðst af fjölda vöruflokka, vörutegunda og vörueintaka, stöðu í framleiðslu- og dreifingarkeðju og áhættumati. Gjaldið skal ákveðið í sérstakri gjaldskrá sem staðfest er af viðskiptaráðherra.

18. gr.

Sé fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlítt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á ábyrgðaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.

Ef mikil hætta er á að vara valdi verulegu tjóni og fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds skv. 14. gr. hefur ekki verið hlítt skal viðkomandi eftirlitsstjórnvald leitast við að koma í veg fyrir tjónið með tiltækum aðgerðum og getur það kvatt lögreglu sér til aðstoðar í því sambandi.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

19. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru var lagt fyrir Alþingi á 115. og 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið var endurskoðað veturinn 1993–94 og lagt fyrir Alþingi á ný á vorþingi 1994 sem frumvarp til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Það varð ekki útrætt. Hins vegar beitti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sér fyrir því að bætt var nýju bráðabirgðaákvæði við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sem gerði viðskiptaráðherra kleift að setja reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegra eftirlíkinga og eftirlit með þeim. Reglugerð um það efni var sett 12. júlí 1994 (nr. 408/1994) og er í henni byggt á sömu meginsjónarmiðum og koma fram í frumvarpi þessu. Á grundvelli sömu lagaheimildar var sett reglugerð um viðskipti með byggingarvörur 19. júlí 1994 (nr. 431/1994).

Frumvarpið um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi, var samið á grundvelli frumvarpsins sem lagt var fram á 115. og 116. löggjafarþingi. Frumvarpinu var þó breytt í nokkrum veigamiklum atriðum, auk þess sem því var gefið nýtt heiti. Ástæður breytinganna eru nokkrar:

1. Við undirbúning að sameiginlegum markaði Evrópubandalagsins ákváðu aðildarríki þess að setja nýjar og ítarlegri reglur um þetta efni og var það gert 29. júní 1992 með tilskipun ráðs Evrópubandalagsins (92/59/EBE) um öryggi framleiðsluvöru. Fyrra frumvarpið hefur nú verið endursamið í því skyni að fella það betur að þeim meginreglum sem þessi tilskipun hefur að geyma.
2. Í frumvarpinu er kveðið á um reglur um öryggi vöru og þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Í fyrra frumvarpinu var þjónusta hins vegar ekki þrengd með þessum hætti. Er það í samræmi við norræna löggjöf að hafa þjónustu einnig innifalda. Það er hins vegar ekki gert í tilskipun EB um öryggi framleiðslunnar.
3. Við umfjöllun um fyrra frumvarpið komu fram athugasemdir um að þar væru takmörkuð ákvæði um framkvæmd laganna. Úr þessu hefur nú verið bætt með ítarlegum ákvæðum um opinbera markaðsgæslu. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmd laganna verði í höndum Löggildingarstofunnar og við hefur verið bætt ákvæðum um fjármögnun.

Gerðar hafa verið nokkrar minni háttar breytingar á frumvarpinu frá því það var lagt fram á 117. löggjafarþingi í samræmi við ábendingar sem fram komu í umsögnun hagsmunaaðila um frumvarpið til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Auk þess er nú lagt til að eiturefni og hættuleg efni verði undanþegin ákvæðum frumvarpsins, enda gilda um þessi efni svipuð sjónarmið og um matvæli og lyf sem áður voru undanþegin. Þá hefur ákvæði um að lögin nái ekki til vöru sem nær eingöngu er notuð í atvinnurekstri verið þrengt þannig að slík vara er einungis undanþegin ákvæðum frumvarpsins um opinbera markaðsgæslu en ekki að öðru leyti.

Reglur um öryggi vöru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993. Samkvæmt 23. gr. og II. viðauka EES-samningsins skal samræma löggjöf aðildarríkjanna með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til margvíslegra vöruflokka. Samkvæmt 72. gr. og XIX. kafla II. viðauka EES-samningsins skal samræma löggjöf ríkja efnahagssvæðisins á sviði neytendamála. Tilgangur þessarar samræmingar er tvíþættur:

1. Að sömu kröfur séu gerðar til vöru í öllum aðildarríkjum EES-samningsins í því skyni að tryggja frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins og koma í veg fyrir tæknilegar viðskiptahindranir.
2. Að vörur uppfylli samræmdar kröfur um öryggi þannig að þær valdi ekki hættu fyrir neytendur, heilsutjóni eða skaða á umhverfi.

Segja má að reglur um öryggi vöru á Evrópsku efnahagssvæði séu þríþættar.

Í fyrsta lagi nákvæmar reglur um einstakar vörur eða vöruflokka. Undir þennan flokk fellur fjöldi tilskipana og annarra gerða. Þær byggja oftast á ítarlegum tæknilegum kröfum og lýsingum og eru því bæði umfangsmiklar og flóknar. Eftirlitskerfi og eftirlitsaðferðir, sem gert er ráð fyrir í gerðunum, eru af ýmsu tagi og samræming er takmörkuð. Oft hefur tekið mjög langan tíma að semja þessar tilskipanir og aðildarríki EB hafa þurft að samþykkja þær samhljóða.

Í öðru lagi tilskipanir samkvæmt hinni „nýju aðferð“ (New Approach). Vegna þess hve

ákvarðanataka við setningu tilskipana var seinvirk var í tengslum við undirbúning innri markaðar EB ákveðið að taka upp „nýja aðferð“ við gerð og setningu tilskipana. Meginþættir aðferðarinnar eru að aðeins eru settar grundvallarkröfur vegna heilbrigðis, öryggis og umhverfis en um allar tæknilegar kröfur er vísað til staðla. Hægt er að samþykkja tilskipanirnar með auknum meiri hluta og því er ákvarðanataka skjótvirkari.

Gerðar eru samræmdar kröfur um eftirlit í öllum tilskipunum. Samkvæmt hinni svonefndu einingaaðferð eru skilgreindar átta aðferðir sem framleiðendur geta notað til að sýna fram á að vara uppfylli settar reglur. Þessar aðferðir geta verið yfirlýsing framleiðanda, prófun, vottun, gæðastjórnun við framleiðslu o.fl. Í sérhverri tilskipun er gerð krafa um að framleiðendur noti eina eða fleiri af þessum aðferðum. Gerðar eru sömu kröfur til eftirlitsaðila (prófunarstofa, vottunarstofa og skoðunarstofa) í öllum ríkjunum og skulu þeir vera faggiltir. Allar vörur, sem falla undir tilskipanirnar, skulu merktar með svonefndu CE-merki sem staðfestir að vara uppfylli ákvæði viðkomandi tilskipunar.

Auk þeirra krafna, sem gerðar eru til framleiðenda, eru einnig gerðar kröfur um að opinber stjórnvöld í hverju ríki standi fyrir eftirliti með vörunum á markaði. Þau skulu fylgjast með að vörur á markaði uppfylli sett skilyrði (séu merktar með CE-merki) og séu óruggar. Finnist hættulegar vörur skal banna þær og senda tilkynningar um það til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins (framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA). Ef rannsókn þessara aðila staðfestir úrskurð einstakra ríkja skal vara tekin af markaði á öllu svæðinu.

Í þriðja lagi almenn tilskipun um öryggi vöru. Ekki er ætlunin að sérhæfðar tilskipanir verði settar um alla vöruflokka enda er slíkt tæpast mögulegt. Því hefur verið talið nauðsynlegt að hafa almennt eftirlit með öryggi vöru og að setja almennar öryggisreglur sem allar vörur verða að uppfylla. Margir vöruflokkar eru þess eðlis að þó að hætta af þeim sé í sjálfu sér takmörkuð er ekki hægt að útiloka að einstakar vörur geti verið hættulegar. Auk þess koma sífellt nýjar vörur á markað og um þær þurfa að gilda almennar öryggisreglur. Því samþykkti EB-ráðið 29. júní 1992 tilskipun um öryggi framleiðsluvöru (92/59/EBE). Tilskipunin tók gildi 29. júní 1994 í Evrópubandalaginu og 1. júlí 1994 í öðrum aðildarríkjum EES.

Tilgangur laganna.

Tilgangur með lagafrumvarpinu er þríþættur:

1. að setja almenn lög um öryggi vöru,
2. að mynda lagalegan grunn fyrir tilskipanir um öryggi vöru sem ekki falla undir sérlög,
3. að setja í lög ákvæði um opinbera markaðsgæslu í samræmi við eftirlitsreglur samkvæmt nýju aðferðinni og almenna tilskipun um öryggi framleiðsluvöru.

Almenn ákvæði um öryggi vöru.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi sérstök lög um öryggi vöru. Hins vegar hafa ákvæði laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, náð til þess að hluta og gilda þau enn. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga segir að þau séu sett til þess að „ekki séu hafðar á boðstólum eða seldar sviknar matvörur og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur er fyrir það skorti aðallega hollustu eða séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna enda má svo heita að til þessa hafi hér á landi ekkert opinbert eftirlit verið haft með slíku“. Frá gildistöku þeirra laga hafa þeir aðilar hér á landi, sem annast hafa matvælaeftirlit, jafnframt sinnt í einhverjum mæli eftirliti með öðrum neyslu- og

nauðsynjavörum hvað öryggi snertir. Hins vegar er nú þörf á miklu víðtækari heimildum í lögum til þess að sinna þessu hlutverki á þann hátt sem aðstæður á markaði krefjast.

Í tengslum við endurskoðun matvælalaga er gert ráð fyrir því að fyrrnefnd lög verði felld úr gildi. Því er nauðsynlegt að setja sérstakar reglur um öryggi annarrar vöru en matvæla. Í því efni er að sjálfsögðu eðlilegt að litið sé til tilskipunar EB um öryggi framleiðsluvöru enda er hún í viðbótarpakka vegna EES sem tók gildi 1. júlí 1994. Ákvæði hennar þarf því að taka í íslenskan rétt. Þess má geta að á undanförnum árum hafa verið lögfest almenn lög í öðrum EES-ríkjum um öryggi vöru.

Aðrar reglur um öryggi vöru.

Auk almennra ákvæða um öryggi vöru er sértæk ákvæði um einstaka vöruflokka að finna í mörgum lögum hér á landi. Ábyrgð á framkvæmd laganna er í höndum ýmissa stjórnvalda sem hvert um sig ber ábyrgð á eftirliti með tilteknum vöruflokkum. Sem dæmi um vöruflokka sem fullnægja þurfa lögboðnum lágmarkskröfum um öryggi vöru samkvæmt ákvæðum núgildandi laga hér á landi má nefna eftirfarandi:

Vöruflokkar	Stjórnvald	Lög
1. Vélar, vinnuvélar, katlar, þrýstikútar o.fl.	Vinnueftirlit ríkisins.	Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 1980.
2. Eiturefni og hættuleg efni.	Hollustuvernd ríkisins.	Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.
3. Matvæli og aðrar neysluvörur.	Hollustuvernd ríkisins.	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og lög um eftirlit með matvælum, nr. 24/1936.
4. Búnaður sem gefur frá sér jónandi geisla.	Geislavarnir ríkisins.	Lög um geislavarnir, nr. 117/1985.
5. Ökutæki, barnabílstólar, hjólreiðahjálmar o.fl.	Dómsmálaráðuneyti.	Umferðarlög, nr. 50/1987.
6. Byggingarvörur.	Viðskiptaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.	Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1985, og byggingarreglugerð sett samkvæmt byggingarlögum, nr. 54/1984.
7. Notendabúnaður fjarskiptakerfis og radíóbúnaður hjá almenningi.	Fjarskiptaeftirlit ríkisins.	Fjarskiptalög, nr. 73/1984, sbr. lög nr. 32/1993.

Vöruflokkar	Stjórnvald	Lög
8. Skotvopn, sprengiefni og skoteldar.	Dómsmálaráðuneyti.	Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977.
9. Rafföng.	Rafmagnseftirlit ríkisins.	Lög um Rafmagnseftirlit ríkisins, nr. 60/1979.
10. Vogir og önnur mælitæki.	Löggildingarstofan.	Lög um mál, vog og faggildingu, nr. 100/1992.

Samkvæmt þessum lögum hafa stjórnvöld ýmist heimild til eða er gert skylt að hafa eftirlit með vörum á markaði. Ákvæði um það hvernig eftirlitið fer fram eru í flestum tilfellum mjög takmörkuð.

Ákvæði um eftirlit með vörum á markaði er að finna í mörgum tilskipunum sem samkvæmt EES-samningnum ber að festa í íslenskum rétti. Mikilvægastar eru tilskipanir samkvæmt hinni nýju aðferð, hér á eftir nefndar nýaðferðartilskipanir. Sem dæmi um þær má nefna:

1. Tilskipun um notendabúnað til fjarskipta.
2. Tilskipun um leikföng.
3. Tilskipun um einföld þrýstihylki.
4. Tilskipun um ósjálfvirkan vogarbúnað.
5. Tilskipun um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka.
6. Tilskipun um tæki sem orsaka segulsviðssamhæfi.
7. Tilskipun um ígræðanleg lækningatæki.
8. Tilskipun um búnað véla.
9. Tilskipun um tæki sem brenna gasi.

Einnig má nefna tilskipun EB-ráðsins frá 25. júní 1987 (87/357/EBE) um vörur sem reynst gætu hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru, oft nefndar hættulegar eftirlíkingar.

Að auki eru væntanlegar nýaðferðartilskipanir um fleiri vöruflokka. Meðal annars má nefna:

1. Tilskipun um lyftur og lyftubúnað.
2. Tilskipun um lækningatæki.
3. Tilskipun um bólstruð húsgögn.
4. Tilskipun um tæki á leikvöllum.
5. Tilskipun um tæki í skemmtigörðum.
6. Tilskipun um búnað skipa.
7. Tilskipun um togbrautabúnað.
8. Tilskipun um sjúkdómsgreiningarbúnað.
9. Tilskipun um þrýstigeyma.
10. Tilskipun um vélar.
11. Tilskipun um skemmtibáta.

Í nokkrum tilvikum er þegar kveðið á um öryggi ofangreindra vöruflokka og eftirlit með þeim í gildandi lögum, t.d. notendabúnaðar til fjarskipta og raffanga, en í öðrum tilvikum skortir lagaheimildir. Þetta á t.d. við um leikföng. Ísland var skuldbundið til að hrinda í framkvæmd ákvæðum EES-samningsins er lúta að öryggi leikfanga 1. janúar 1994. Þegar ljóst var að frumvarp til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu yrði ekki útrætt á 117. löggjafarþingi beitti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sér fyrir því að nýju bráðabirgðaákvæði var bætt við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Á grundvelli þess ákvæðis var sett reglugerð 12. júlí 1994 um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar. Bráðabirgðaákvæði þetta fellur hins vegar úr gildi 1. júní 1995.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úr þessu verði bætt þannig að viðskiptaráðherra verði falið að setja fram kröfur um öryggi vöru í þeim tilvikum þegar ekki er sérstaklega kveðið á um slíkt í öðrum lögum.

Ákvæði um opinbera markaðsgæslu.

Með gagnkvæmri viðurkenningu á vottunum og prófunum á Evrópska efnahagssvæðinu fellur niður það eftirlit sem haft hefur verið með vöru í einstökum ríkum áður en hún kemur á markað. Slíkt eftirlit hefur gjarnan verið við landamæri aðildarríkjanna eða falist í endurprófunum og vottunum í einstökum ríkjum. Í stað þessa eftirlits er nauðsynlegt að haft sé eftirlit á markaði með því að varan uppfylli sett skilyrði og gildandi öryggiskröfur.

Í núgildandi lögum eru mjög takmörkuð ákvæði um hvernig staðið skuli að eftirliti á markaði, þ.e. hvernig eftirlit skuli framkvæmt og hvaða aðgerða stjórnvöld geti gripið til í einstökum tilfellum. Ákvæðin eru ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til markaðsgæslu samkvæmt nýaðferðartilskipunum. Oft er um að ræða óljósa heimild eða skyldu til að hafa eftirlit með því að vörur á markaði séu öruggar. Framkvæmdin er síðan útfærð í reglugerðum eða í ákvörðunum viðkomandi stjórnvalds.

Við núverandi aðstæður er öryggi í raun takmarkað þar sem ekki er unnið með skipulögðum hætti að eftirliti með vörum á markaði. Mikil hætta er á að falboðnar séu vörur sem ekki uppfylla settar reglur um öryggi. Í skýrum reglum felst einnig réttarbót fyrir þá aðila sem framleiða, flytja inn og selja vörur. Ljóst verður hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og að eftirlit opinberra aðila lýtur skilgreindum reglum. Aðgerðir, t.d. bann við sölu á vöru, verða að byggja á fullnægjandi rannsókn.

Eins og áður er nefnt er í mörgum tilskipunum gerð krafa til þess að einstök ríki komi á fót opinberri markaðsgæslu og því þykir nauðsynlegt að settar séu skýrar reglur um hana hér á landi. Opinber markaðsgæsla skiptist í markaðseftirlit annars vegar og stjórnvaldsaðgerðir gegn brotum hins vegar.

Markaðseftirlit byggist á markaðsskoðunum, þ.e. vörur eru skoðaðar af hæfum aðila á markaði. Skoðanir geta verið úrtaksskoðanir, skoðanir vegna sérstaks átaks og ábendinga. Sá aðili, sem annast markaðseftirlit, tekur á móti ábendingum frá almenningi og öðrum aðilum um vöru sem grunur leikur á að uppfylli ekki settar reglur. Skoðunaraðili skoðar vöru, metur hvort hún uppfylli forkröfur um merkingar og leiðbeiningar og hvort hún uppfylli settar öryggiskröfur.

Stjórnvaldsaðgerðir geta verið af ýmsu tagi. Stjórnvöld geta veitt leiðbeiningar, komið með ábendingar um úrbætur, bannað sölu vöru, annaðhvort tímabundið eða varanlega, eða krafist innköllunnar vörunnar af markaði og frá neytendum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að markaðseftirliti verði sinnt af óháðum faggiltum skoðunarstofum, einni eða fleiri. Gert er ráð fyrir að skoðunarstofur verði í flestum tilfellum reknar af einkaaðilum. Kostir þess að skoðunarstofur vinni að markaðseftirliti fremur en héfðbundnar opinberar stofnanir eru margvíslegir.

Nauðsynlegt er að skoðunaraðili sé faglega hæfur. Með faggildingu er tryggt að skoðunarstofa hafi á að skipa faglegri hæfni til að annast markaðseftirlit. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem ekki verður mögulegt að koma upp prófunarstofum á þeim fjölmörgu sviðum sem eftirlit beinist að.

Með því að fela skoðunarstofu markaðseftirlit eru héfðbundin stjórnsýsluverkefni skilin frá framkvæmd eftirlits. Náin tengsl stjórnsýslu og eftirlits eru óæskileg. Í eftirliti fer fram margháttað tæknilegt mat. Óheppilegt er að aðili, sem tekur ákvarðanir, beri beina ábyrgð á hinu tæknilega mati og mikilvægt er að skýr skil séu milli tæknilegs mats og stjórnsýslulegra ákvarðana. Að sjálfsögðu er í nokkrum mæli hægt að skilja þessa þætti að innan opinberra stofnana en reynslan sýnir að í fámennum stofnunum eins og á Íslandi er slíkur aðskilnaður yfirleitt vandkvæðum bundinn.

Af hálfu skoðunarstofu þarf ekki aðeins að sýna fram á hæfni, það verður einnig að sýna fram á að unnið sé eftir skýrum og skjalfestum reglum og hlutleysis gætt og jafnræðis í markaðseftirliti.

Sama skoðunarstofan getur unnið að markaðseftirliti fyrir mörg stjórnvöld. Með því fæst mikilvæg samþætting eftirlits með ýmsum vöruflokkum. Það segir sig sjálft að engin skynsemi er í því að margar stofnanir hafi eftirlitsmenn á sínum vegum sem hafa meira og minna eftirlit með vörum hjá sömu aðilum. Með samþættingu má lækka kostnað og einfalda mjög öll samskipti við stjórnvöld af hálfu seljenda almennrar neysluvöru.

Þess skal getið í þessu sambandi að viðskiptaráðuneytið gerði síðari hluta ársins 1992 samning við Bifreiðaskoðun Íslands hf. um þróunarverkefni á sviði markaðseftirlits með rafföngum. Þetta verkefni hefur gengið að óskum og að mati ráðuneytisins liggur nú að mestu ljóst fyrir hvaða verklagsreglum þurfi að fylgja við markaðseftirlit, hvernig háttað skuli verksamningum við þá aðila sem taka að sér markaðseftirlit og hvernig skipuleggja skuli samstarf stjórnvalds og skoðunarstofu. Í september 1994 var síðan gerður tímabundinn samningur við Bifreiðaskoðun Íslands hf. um markaðseftirlit með leikföngum og hættulegum eftirlíkingum á grundvelli reglugerðar nr. 408/1994.

Gert er ráð fyrir því að samstarf stjórnvalds og skoðunarstofu fari fram í sérstakri samvinnunefnd. Þar er fjallað um starfsáætlanir og áherslur í eftirliti, rætt um athugasemdir sem gerðar eru um einstakar vörur og tillögur gerðar til stjórnvalds um aðgerðir. Stjórnvald tekur í öllum tilfellum endanlega ákvörðun um aðgerðir.

Verkaskipting stjórnvalda.

Þegar setja á almenn lög á sviði þar sem fyrir eru mörg sérlög þarf að ákveða hvar mörkin milli sérlaga og almennra laga eigi að liggja. Í þessu tilfelli þarf að móta hvaða þættir varðandi öryggi vöru eiga að vera í höndum Löggildingarstofunnar og hvaða þættir eiga að vera í höndum annarra stjórnvalda. Við undirbúning frumvarpsins voru nokkrar leiðir kannaðar.

Einfaldasta leiðin er e.t.v. að allt eftirlit með öryggi almenns neysluvarnings sé á ábyrgð sama aðila. Þessi aðferð hefur ýmsa kosti, svo sem samhæfingu og möguleika á hagkvæmni í eftirliti. Gallar hennar eru að hætt er við að farið sé á mis við mikilvæga sérþekkingu einstakra stjórnvalda sem þau hafa hvert á sínu sviði. Auk þess er ábyrgð þeirra á tilteknum vöruflokkum oft tengd öðrum viðfangsefnum þeirra.

Önnur leið er að gildissvið almennra ákvæða sé eins takmarkað og unnt er. Eftirlit er þá að öllu leyti í höndum stjórnvalda sem annast framkvæmd sérlaga nema varðandi þá vöruflokka sem ekki falla undir slík stjórnvöld. Þetta var að miklu leyti sú leið sem valin var í frumvarpinu sem lagt var fram á 115. og 116. löggjafarþingi. Við nánari athugun hefur komið í ljós að þessi leið er ekki fær. Ástæður þess eru margvíslegar en fyrst og fremst er nauðsynlegt að samhæfa ýmsa þætti markaðseftirlitsins og í því felst hagkvæmni í framkvæmd sem ekki er unnt að ná með öðru móti.

Þörf fyrir samhæfingu er af ýmsu tagi. Mikilvægt er að markaðseftirlit sé framkvæmt eftir samræmdum reglum og að reglurnar séu túlkaðar á samræmdan hátt. Í mörgum tilfellum er ekki ljóst undir hvaða stjórnvald tiltekin vara fellur og í öðrum tilfellum fellur vara undir fleiri en eitt stjórnvald. Augljóst er að einhver aðili verður að skera úr þegar ábyrgð skarast og samræma aðgerðir stjórnvalda í slíkum tilfellum. Samkvæmt tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er gert ráð fyrir að einn aðili annist samskipti við stofnanir EES vegna skipta á upplýsingum um hættulegar vörur. Það er því nauðsynlegt að hér á landi sé einn aðili sem hafi yfirumsjón með eftirliti með öryggi vöru. Auk þess má nefna að það eru augljósir hagsmunir þeirra sem framleiða, dreifa og selja vöru að einn aðili beri yfirábyrgð á öllu markaðseftirliti.

Eins og nefnt var að framan er mikil hagkvæmni fólgin í því að samþætta markaðseftirlit. Eitt samræmt eftirlitskerfi starfar í stað margra ósamhæfðra. Enginn skynsemi er í því að margir eftirlitsaðilar hafi eftirlit með sömu versluninni. Með samþættu eftirliti má ná mun meiri árangri fyrir minna fé.

Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að tekin verði upp ákveðin verkaskipting milli Löggildingarstofunnar og ráðuneyta eða stofnana sem bera ábyrgð á eftirliti vöru samkvæmt sérlögum (nefnd eftirlitsstjórnvöld í frumvarpinu).

Verkaskiptingin er í stuttu máli sú að eftirlitsstjórnvöld (og viðkomandi ráðuneyti) setja reglur um þá vöruflokka sem undir þau heyra, móta meginstefnu um áherslur í markaðseftirliti, taka ákvarðanir um umfang eftirlits og fella úrskurði í einstökum málum.

Löggildingarstofan annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, sker úr um undir hvaða eftirlitsstjórnvald vöruflokkur heyrir leiki vafi á slíku og sér um samhæfingu þegar vara heyrir undir fleiri en eitt eftirlitsstjórnvald. Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérlögum. Samningsgerð við skoðunarstofur annast eftirlitsstjórnvöld og Löggildingarstofan í sameiningu. Samvinna Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fyrst og fremst fram í samvinnunefnd.

Kostnaður og fjármögnun.

Fjármögnun markaðseftirlits er nokkrum vandkvæðum bundin. Með niðurfellingu tæknilegra viðskiptahindrana næst umtalsverður sparnaður fyrir framleiðendur og innflytjendur og kostnaður við markaðseftirlit mun aðeins nema hluta af þessum sparnaði. Eftirlit með vöru á markaði er að vissu leyti eðlilegur kostnaðarþáttur vöru og því eðlilegt að kostnaðurinn komi að sem mestu leyti fram í verði vöru sem er þess eðlis að eftirlit með henni er talið nauðsynlegt. Að auki virðast engin rök hníga að því að kostnað-

ur við markaðseftirlit sé borinn af hefðbundnum skatttekjum ríkissjóðs. Kannaðar hafa verið leiðir til að leggja gjald á þær vörur sem haft verður eftirlit með. Þessi leið er ekki fær þar sem ekki er hægt að finna gjaldstofn sem hentar til þess. Lagt er til að fjármögnun markaðseftirlits verði einkum með þrennu móti:

1. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar, sem bera ábyrgð á vöru sem ekki uppfyllir settar reglur, greiði þann kostnað sem hlýst af skoðun, prófun og öðrum nauðsynlegum þáttum vegna rannsóknar og aðgerða eftirlitsstjórnvalds.
2. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að innheimta sérstakt markaðseftirlitsgjald sem lagt verði á þá aðila sem framleiða, dreifa og selja þær vörur sem eftirlit er haft með. Gjaldið verður breytilegt eftir því hve umsvif hvers aðila eru mikil og eftir skoðanatíðni sem m.a. ræðst af niðurstöðum fyrri skoðana hjá viðkomandi aðila. Til að byrja með er áætlað að aflað verði um 20 m.kr. með þessum hætti og að gjaldið geti verið frá nokkrum þúsundum króna til nokkurra tuga þúsunda króna á hvern aðila. Þessu gjaldi er einkum ætlað að standa undir kostnaði vegna þeirra vöruflokka sem nú er ekki haft eftirlit með.
3. Þá er einnig gert ráð fyrir því að eftirlitsstjórnvöld greiði þann kostnað sem ekki er greiddur af gjöldum vegna markaðseftirlits. Eftirlitsstjórnvöld eiga nú þegar að hafa eftirlit með vörum á markaði og geta því af núverandi fjárveitingum staðið fyrir markaðseftirliti. Hversu mikið eftirlitsstjórnvöld leggja til markaðseftirlits fer að sjálfsögðu eftir forgangsröðun þeirra og áherslum.

Auk beins kostnaðar opinberra aðila mun nokkur kostnaður lenda á fyrirtækjum. Erfitt er að meta hversu hár slíkur kostnaður er, en hann ætti ekki að vera umtalsverður. Vert er að vekja athygli á því að sá kostnaður, sem hér er gert ráð fyrir að lagt verði í, er bein afleiðing af skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum og er hluti af áætlun sem ætlað er að draga úr kostnaði fyrirtækja við að koma vörum á markað. Þá er einnig rétt að minna á að markaðseftirlit er í eðli sínu fyrirbyggjandi starfsemi. Ekki þarf að koma í veg fyrir mörg slys á ári til að kostnaður við markaðseftirlit sparist í heilbrigðiskerfinu og annars staðar í þjóðfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögin nái bæði til vöru og þjónustu sem veitt er í tengslum við viðskipti. Er þetta í samræmi við ákvæði danskra laga um öryggi vöru. Oft og tíðum eru skilin milli vöru og þjónustu óglögg og því þykir ekki rétt að afmarka gildissvið laganna við vöru eingöngu. Gott dæmi um tengsl vöru og þjónustu eru viðgerðir. Það skiptir miklu máli fyrir öryggi þeirrar vöru sem í hlut á að varahlutir séu í lagi og að viðgerðarþjónusta sé það einnig. Því þykir eðlilegt að spyrða þetta tvennt saman. Lögin ná hins vegar ekki til þjónustu sem veitt er ein og sér, t.d. bankaþjónustu og rekstrarráðgjafar. Rétt er að taka fram að í tilskipun EB um öryggi framleiðsluvöru frá 1992 (59/92/EBE) er eingöngu fjallað um vöru en ekki þjónustu.

Lagt er til að lögin nái jafnt til öryggis vara sem seldar eru hér á landi og vara sem settar eru á markað á Evrópska efnahagssvæðinu af aðilum sem hér hafa staðfestu í skilningi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Gera verður ráð fyrir að vörur, sem hér eru framleiddar, geti einnig farið á markað í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins enda um sameiginlegan markað að ræða. Verður því að gera sömu kröfur til útfluttra vara og þeirra sem ætlaðar eru fyrir innlendan markað.

Ekki er gert ráð fyrir að lögin nái til matvæla, lyfja, eiturefna og hættulegra efna. Um lyf gilda mjög sérhæfðar reglur og eftirlit með þeim er mun nákvæmara en það eftirlit sem lög þessi mæla fyrir um. Gert er ráð fyrir að ný almenn lög um matvæli taki gildi mjög fljótlega og því þykir ekki þörf á að ákvæði þessara laga taki til matvæla. Eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisfulltrúa og ekki er ástæða til að breyta því fyrirkomulagi með þessu frumvarpi. Hið sama gildir um eiturefni og hættuleg efni.

Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að ákvæði laganna um opinbera markaðsgæslu nái til vöru sem nær eingöngu er notuð í atvinnurekstri. Í frumvarpinu, sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi, var þetta ákvæði viðtækara því að þá var gert ráð fyrir að slík vara yrði algerlega undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Hún félli þá eingöngu undir sérlög eftir því sem við ætti, t.d. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lög um eftirlit með skipum. Við nánari skoðun komu í ljós vankantar á svo víðtækri undanþágu. Hugsanlegt er að ekki gildi sérlög um ákveðna vöru sem nær eingöngu er notuð í atvinnurekstri. Væri hún algerlega undanþegin ákvæðum þessa frumvarps hefðu stjórnvöld engin tök á að setja fram öryggiskröfur um slíka vöru þótt slíkt væri annaðhvort nauðsynlegt að mati íslenskra stjórnvalda eða skylt samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Hins vegar mælir margt með því að vara, sem nær eingöngu er notuð í atvinnurekstri, sé undanþegin ákvæðum frumvarpsins um opinbera markaðsgæslu því að þau miðast fyrst og fremst við vöru á neytendamarkaði. Ef vara er bæði notuð í atvinnurekstri og af neytendum fellur hún alfarið undir gildissvið laganna. Þetta á t.d. við um skrifstofuhúsgögn, almennan tölvubúnað, handverkfæri, byggingarvörur og bifreiðar. Hið sama gildir þegar engin sérlög ná til hlutaðeigandi vöru. Loks er vert að vekja á því athygli að skv. 2. gr. frumvarpsins taka lögin einnig til leigu og annarra afnota vöru. Lögin ná þannig til vöru sem notuð er í atvinnurekstri ef hún er leigð neytendum eða ef þeir nota hana á annan hátt í tengslum við viðskipti við eiganda hennar.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um þá meginreglu að vörur, sem ætlaðar eru til hvers konar sölu, leigu eða annarrar afhendingar á markaði í atvinnuskyni, verði að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra vegna almannahagsmuna í reglugerðum eða viðurkenndum stöðlum um öryggi og vernd heilsu og umhverfis. Í 2. mgr. er ákvæði um að komið skuli á fót opinberri markaðsgæslu sem er nauðsynleg forsenda þess að farið verði að settum reglum um öryggi vöru.

Um 3. gr.

Almenn framkvæmd laganna er í höndum viðskiptaráðherra en dagleg framkvæmd er í höndum Löggildingarstofunnar og eftirlitsstjórnvalda. Um verkaskiptingu þessara aðila vísast til athugasemda við 9. og 10. gr.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um ýmsar skilgreiningar orða sem notuð eru í frumvarpinu. Við samningu skilgreininganna er m.a. stuðst við ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar EB um öryggi framleiðsluvöru.

Um 5. gr.

Hér er lögð sú ábyrgð á ábyrgðaraðila, en ábyrgðaraðili er sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu vöru, sbr. 4. gr., að þeir gæti þess að vara þeirra sé örugg og er óheimilt að setja hættulega vöru á markað. Þeim er jafnframt skylt að tilkynna um leið og þeir fá vitneskju um hættulega vöru sem þeir kunna að hafa sett á markað fyrir vangá eða vanþekkingu og taka þátt í aðgerðum til að fjarlægja hana af markaði. Þar eð margir aðilar geta komið að dreifingu vöru er sú regla sett að einn skuli verða ábyrgðaraðili og er það í flestum tilvikum framleiðandi eða innflytjandi. Einnig eru í greininni ákvæði um helstu þætti sem geta haft áhrif á öryggi vöru.

Um 6. gr.

Eins og rakið er í athugasemdum við frumvarpið er ekki ætlunin að breyting verði á verkaskiptingu ráðuneyta varðandi setningu reglna um öryggi vöru verði frumvarp þetta að lögum. Þvert á móti er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra setji aðeins fram kröfur um öryggi vöru ef öðrum er ekki falið það verkefni með lögum. Þannig mun t.d. setning reglna um öryggi barnabílstóla áfram heyra undir dómsmálaráðuneytið á grundvelli umferðarlaga en hins vegar mun viðskiptaráðherra setja reglur um öryggi leikfanga á grundvelli ákvæða í þessu frumvarpi.

Í greininni er ráðherra heimilt að ákveða í reglugerð um kröfur sem gerðar eru til öruggrar vöru, aðferðir til að sýna fram á öryggi hennar og merkingar og leiðbeiningar sem vöru eiga að fylgja. Í slíkri reglugerð er heimilt að vísa til viðurkenndra staðla um öryggi vöru sem ætlað er að gilda á sameiginlegum markaði EES-ríkja. Slíkir staðlar eru jafnóðum gerðir að íslenskum stöðlum, sbr. lög nr. 97/1992, um staðla, og athugasemdir við frumvarp að þeim lögum sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að ráðherra fái heimild til þess að ákveða með reglugerð að vörum í ákveðnum vöruflokkum skuli fylgja upplýsingar um eiginleika þeirra og notagildi í því skyni að auðvelda neytendum vöruval. Hér er ekki skilyrði að upplýsingarnar fjalli um öryggi vörunnar heldur geta upplýsingarnar verið almenns eðlis, svo sem um hráefni sem notuð hafa verið til framleiðslu vörunnar, um orkunotkun tækja o.s.frv. Beita skal ákvæðum laganna um markaðsgæslu eftir því sem við á í því skyni að hafa eftirlit með því að ákvæði reglugerðarinnar séu virt.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um markmið opinberrar markaðsgæslu sem er að vörur á markaði uppfylli settar reglur og skapi ekki hættu.

Framkvæmd laganna er í höndum Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu. Samvinna þessara aðila fer fram í samvinnunefnd. Nánari ákvæði um framkvæmdina er í 9.–12. gr.

Um 9. gr.

Eftirlitsstjórnvald annast hinn raunverulega stjórnvaldsþátt opinberrar markaðsgæslu, þ.e. ákveður umfang og áherslur og tekur ákvarðanir sem beinast að vöru sem ekki uppfyllir settar reglur. Rétt er að taka fram að það eru einstök eftirlitsstjórnvöld sem ákveða

hvort markaðseftirlit fari fram. Hafi þau t.d. heimildir í lögum eða reglugerðum til að samþykkja vöru eða skrá hana áður en hún fer á markað er e.t.v. ekki þörf á markaðseftirliti.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að Löggildingarstofan annist samhæfingarhlutverk í opinberri markaðsgæslu, auk þess að vera eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem samkvæmt sérlögum falla ekki undir önnur eftirlitsstjórnvöld.

Sú tillaga að fela Löggildingarstofunni þetta verkefni er þáttur í áætlun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta um að stofnuninni verði falið víðtækara hlutverk en verið hefur. Nú annast Löggildingarstofan mælifræðileg verkefni og faggildingu. Gert er ráð fyrir að eftir breytingar muni stofnunin auk þess annast mál sem snerta öryggi vöru í samræmi við frumvarp þetta.

Þótt ekki sé beinlínis kveðið á um það í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samskipti við eftirlitsstofnun EFTA, þar með talið að senda og taka við tilkynningum um hættulegar vörur, verði í höndum viðskiptaráðuneytisins. Hins vegar er líklegt að Löggildingarstofunni verði falið það verkefni að hluta til eða öllu leyti þegar fram líða stundir. Hið sama gildir um erlend samskipti vegna almenns vöruöryggis.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um að markaðseftirlit skuli framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu. Í almennri greinargerð hefur verið fjallað ítarlega um þetta atriði og er vísað til þess.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um starfsemi samvinnunefndar. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að á starfssviði hvers eftirlitsstjórnvalds starfi ein samvinnunefnd. Þó er heimilt að víkja frá þessu, t.d. ef eftirlitsstjórnvald ber ábyrgð á vöruflokkum sem eru mjög ólíkir og kalla á ólíka sérþekkingu fulltrúa eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu í samvinnunefnd. Einnig geta eftirlitsstjórnvöld sameinast um samvinnunefnd sé slíkt talið henta. Með þessu móti er unnt að tryggja að verkefni hverrar samvinnunefndar séu hæfilega umfangsmikil og að fagleg sérþekking nefndarmanna sé tryggð.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um rétt og skyldur aðila sem framkvæma markaðsskoðun og jafnframt um skyldur ábyrgðaraðila, seljanda og dreifingaraðila. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um úrræði stjórnvalds ef í ljós kemur að vara er hættuleg eða rökstuddur grunur bendir til þess. Úrræðin eru tímabundið bann við sölu, varanlegt bann við sölu og loks afturköllun vöru.

Þá er kveðið á um skyldu ábyrgðaraðila til þess að lagfæra vöru svo að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru hættulausa eða greiða þeim andvirði vörunnar. Þá er hægt að skylda ábyrgðaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti ef nauðsynlegt þykir af eðli máls. Til slíks yrði gripið í sérstökum hættutilvikum.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um samskipti eftirlitsstjórnvalds og þess sem ábyrgð ber á markaðssetningu vöru og er þar lögð sú skylda á eftirlitsstjórnvald að tilkynna rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er. Einnig ber eftirlitsstjórnvaldi að gæta andmælaréttar ábyrgðaraðila nema ekki gefist tími til þess sökum þess að vara sé talin svo hættuleg að taka þurfi hana tafarlaust úr sölu og dreifingu. Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að endurskoða ákvörðun á grundvelli nýrra gagna.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um kostnaðarskiptingu milli ábyrgðaraðila og þess sem annast markaðseftirlit. Ber ábyrgðaraðili kostnað vegna sýnishorna vöru sem hann lætur af hendi vegna rannsókna, en oft kallar rannsóknin á að taka verði vöruna í sundur og hún spillist sem söluvara. Að lokinni rannsókn skal skila vörunni eða eyðileggja eftir atvikum og er þar átt við að heilli og öruggri vöru sé skilað en hættuleg vara sé eyðilögð.

Reynist nauðsynlegt að afturkalla vöru ber ábyrgðaraðili allan kostnað af því og eins ber hann kostnað af rannsókn vöru ef hún reynist ekki vera í samræmi við settar reglur um öryggi vöru. Hins vegar ber hin opinbera markaðsgæsla kostnaðinn ef ekkert reynist athugavert við vöruna.

Lagt er til að heimilað sé að ákveða gjöld fyrir rannsókn vöru með gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra og er þar átt við að ákveðið sé fast verð fyrir hvern þátt í rannsókn vörunnar sem samsvari meðaltalskostnaði. Yrði slíkt til einföldunar jafnt fyrir markaðsgæslu sem ábyrgðaraðila.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um sérstakt markaðsgæslugjald sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að leggja á ábyrgðaraðila og aðra seljendur. Eins og áður hefur komið fram þótti þetta skynsamlegasta leiðin til að fjármagna markaðseftirlit, þ.e. kostnað vegna skoðunarstofa og samvinnunefnda, og starf Löggildingarstofu vegna almenns vöruöryggis. Lagt er til að gjaldið verði breytilegt eftir umfangi eftirlits. Umfangið ræðst m.a. af fjölda eftirlitsskyldra vöruflokka sem aðili býður fram, fjölda vörutegunda (vöruliða) í hverjum vöruflokki og fjölda seldra vörueintaka. Um frekari skýringar er vísað til hinnar almennu greinargerðar.

Um 18. gr.

Í þessari grein er ráðherra heimilað að leggja á dagsektir, sem nema mega allt að 50.000 krónum á sólarhring, til þess að knýja ábyrgðaraðila eða forsvarsmenn hans til þess að hlíta fyrirmælum stjórnvalds við framkvæmd laganna. Ákvörðun um slíkar dagsektir er aðfararhæf.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að stjórnvald geti kvatt lögreglu sér til aðstoðar til að koma í veg fyrir verulegt tjón hafi fyrirmælum þess samkvæmt lögunum ekki verið hlítt.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Frumvarpið er lítið breytt frá frumvarpi um sama efni sem flutt var á 117. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Með frumvarpinu er miðað að því að hér á landi verði komið á kröfum um öryggi vöru og eftirlit með þeim sem er sambærilegt við það sem gildir í EES-ríkjum. Með tímanum verður komið á víðtæku gæða- og eftirlitskerfi sem nær til allrar framleiðsluvöru og miðar að því að tryggja öryggi vörunnar. Þegar er fyrir hendi víðtækt eftirlit með vörum þar sem almannahagur krefst öryggis, svo sem matvöru, við byggingar, vélar og raftæki. Lögfesting frumvarpsins mun því ekki hafa í för með sér stórfellt viðbótareftirlit við það sem nú er og í mörgum tilvikum verður það einfaldara en áður, t.d. eftirlit með raftækjum. Á móti verður komið á eftirliti með ýmsum vörum sem til þessa hafa ekki verið háðar eftirliti, t.d. leikföng, eða aðeins að hluta, t.d. sjúkdómsgreiningartæki. Að því er varðar leikföng er rétt að taka fram, eins og gert er í athugasemdum við frumvarpið, að þegar séð varð að frumvarpið yrði ekki útrætt á 117. löggjafarþinginu beitti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sér fyrir því að nýju bráðabirgðaákvæði yrði bætt við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu (lög nr. 102/1994). Á grundvelli þess ákvæðis var sett reglugerð 12. júlí 1994 (nr. 408/1994) um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar. Bráðabirgðaákvæði þetta fellur úr gildi 1. júní 1995.

Samkvæmt IV. kafla frumvarpsins ber Löggildingarstofu að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, bæði þess þáttar sem heyrir undir viðskiptaráðuneytið, svo og annast samræmingu við þá eftirlitsþætti sem heyra undir önnur ráðuneyti. Áætlað er að Löggildingarstofan verði að bæta við einu til tveimur störfum til að gegna þessu hlutverki, auk þess sem hún verður að koma sér upp gagnagrunni í þessum tilgangi. Í heild er talið að þessi kostnaður geti numið um 10 m.kr. á ári, fyrstu tvö árin, meðan verið er að koma markaðsgæslukerfinu í gang, en þaðan í frá verði þessi kostnaður greiddur af sértekjum sem myndast af markaðsgæslugjaldi sem ætlað er að leggja á skv. 17. gr.

Ekki er enn ljóst hversu mikið sjálf markaðsgæslan muni kosta því að enn er eftir að móta reglur um gjöld skv. 17. gr. Það er stefna stjórnvalda að umrætt markaðsgæslugjald kosti að fullu þá markaðsgæslu sem höfð verður uppi og fjármagni algjörlega greiðslur til skoðunarstofu og samvinnunefnda og kostnað Löggildingarstofunnar sjálfrar af þessum starfsþætti hennar. Ekki er ætlað að til sérstakrar fjárveitingar úr ríkissjóði þurfi að koma vegna þessa.

225. Fyrirspurn [199. mál]

til landbúnaðarráðherra um lausagöngu búfjár.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur nefnd sú er landbúnaðarráðherra skipaði 9. september 1991 og fjalla átti um lausagöngu og vörslu búfjár lokið störfum og skilað tillögum?
2. Sé svo, hverjar eru tillögur nefndarinnar?

Skriflegt svar óskast.

226. Fyrirspurn [200. mál]

til landbúnaðarráðherra um lausagöngu búfjár á Reykjanesi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Viðgengst enn þá lausaganga búfjár á Reykjanesi vestan girðingar frá Heiðmörk að Kleifarvatni?
2. Hvenær er fyrirhugað að ljúka uppsetningu girðingar frá Kleifarvatni í Sýslustein?
3. Hver er fjöldi búfjár á Reykjanesi vestan þeirrar línu er framangreindar girðingar mynda?

Skriflegt svar óskast.

227. Fyrirspurn [201. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot fyrirtækja.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg fyrirtæki voru lýst gjaldþrota á árunum 1991, 1992 og 1993?
2. Hvar voru fyrirtækin skráð?
3. Hve háar upphæðir var um að ræða í hverju sveitarfélagi og í heild yfir landið í lýstum kröfum?
4. Hve mörg þessara fyrirtækja hafa að mati ráðherra verið endurvakin með sömu starfsemi, sömu eigendum en undir nýju nafni?
5. Hversu stór hluti gjaldþrotanna liggur hjá þeim fyrirtækjum?

Skriflegt svar óskast.

228. Fyrirspurn [202. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvernig miðar framkvæmd ályktunar Alþingis um að útbúin verði námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og að fræðsla um almenna fjármálaumsýslu verði skyldunámsefni er verði fyrir komið í þeim námsgreinum er ráðuneytið ákveður?

Skriflegt svar óskast.

229. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í umferðaröryggismálum. Áætlunin feli í sér aðgerðir til að draga úr umferðarslysum með sérstakri áherslu á að fækka óhöppum og slysum þar sem ungmenni eiga í hlut.

Áætlunin taki m.a. til:

— aðgerða á sviði forvarna og fræðslu og annarra fyrirbyggjandi ráðstafana,
— breytinga á lögum og reglum um umferðarmál, þjálfun ökumanna og ökuréttindi,
— samþættingar umferðaröryggismála og stefnumótunar í samgöngumálum,
— aðgerða á sviði slysavarna,
— tillagna um fjármögnun.

Ályktunin verði lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu ásamt tilheyrandi lagafrumvörpum, ef þörf krefur, eigi síðar en í október 1995.

Greinargerð.

Það er því miður vel þekkt staðreynd að tíðni slysa og óhappa í umferðinni er há hér á landi og óheyrileg meðal yngstu ökumannanna. Þessi hörmulegu slys hvort heldur þau hafa í för sér með dauða eða varanleg örkuml eru böl sem snerta fjölda fólks árlega. Þegar rýnt er í skýrslur um slys og óhöpp kemur í ljós að ekki aðeins er tíðni slysa og óhappa mest í hópi yngstu ökumannanna, heldur er tíðnin einnig á uppleið. Fyrir tveimur árum flutti flutningsmaður þessarar tillögu ásamt fleirum frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum sem gerði ráð fyrir útgáfu sérstakra reynsluskírteina til ökumanna fyrsta hálfa árið sem þeir mættu aka, sjá fskj. II. Tilgangurinn var að draga úr hinum uggvænlegu slysum og óhöppum sem fylgja fyrsta árinu hjá hverjum nýjum árgangi ökumanna. Nú hefur orðið að ráði að taka á málinu með víðtækari hætti, enda há slysatíðni ekki einskorðuð við yngstu árgangana þótt þeir standi vissulega upp úr. Í tengslum við áðurnefndan frumvarpsflutning voru unnar tölur upp úr slysaskýrslum Umferðarráðs sem

sýndu glögglega sláandi háa tíðni óhappa og slysa sem yngstu ökumennirnir áttu aðild að. Í fylgiskjali I með tillögunni er að finna ýmis gögn úr nýjustu ársskýrslu Umferðarráðs (1993). Útkoman er sambærileg; slysatíðnin í yngsta aldurshópunum sker sig úr og öll árin frá 1986 lenda 17 ára ökumennirnir í flestum slysum.

Ljóst er að umferðaröryggismál eru fjölþætt og til þess að árangur náist þurfa margir að leggja hönd á plóginn. Auka þarf fræðslu og umræður um þessi mál, bæta kennslu og þjálfun ökumanna, gera löggæslu og fleiri aðilum kleift að sinna enn frekar fyrirbyggjandi starfi og móta áherslur í samgöngumálum sem stefna að auknu umferðaröryggi. Er þá bæði átt við mannvirkjagerð og áherslur í rekstri samgöngukerfisins, svo sem auknar almenningssamgöngur.

Tillagan gerir ráð fyrir að samin verði sérstök framkvæmdaáætlun sem taki til allra þátta þessa fjölþætta verkefnis. Tillagan þarf að mæla fyrir um samstarf mismunandi aðila að verkefninu og hvernig fjármögnun aðgerða verði háttað. Umferðarslys eru þjóðinni dýr því að fyrir utan þjáningar og/eða óbætanlegan missi einstaklinga og fjölskyldna eru miklar fjárhæðir í húfi fyrir þjóðarbúið. Nýlega kom fram í fréttum að á fyrstu níu mánuðum ársins hafi 12.000 bílar lent í árekstrum, með tilheyrandi kostnaði. Því fer víðs fjarri að þeim fjármunum, sem varið yrði til þess að auka umferðaröryggi, yrði kastað á glæ, en ljóst er að stórauka verður fjárveitingar til málaflokksins.

Heildstæðar áætlanir um verkefni af þessu tagi hafa víða skilað miklum árangri. Nefna má heilbrigðisáætlun og ýmsar framkvæmdaáætlanir sem dæmi þar sem byggt er á tilteknum skilgreindum markmiðum og síðan aðgerðum til að ná þeim fram. Þannig mætti hugsa sér sem markmið að fækka slysum og óhöppum um fjórðung á fyrsta fjögurra ára tímabilinu með sérstakri áherslu á að ná þeim árangri meðal yngstu aldurshópanna þar sem tíðnin er mest. Áætlunina mætti síðan endurskoða eftir fyrstu tvö árin og bæta þá nýju tveggja ára tímabili við og koll af kolli með svipuðum hætti og gert er t.d með vegáætlun.

Sjálfsagt er að dómsmálaráðherra leiti samstarfs við helstu aðila sem þessum málum tengjast, svo sem Umferðarráð, slysavarnaráð, lögregluna, samgönguráðuneyti og Vegagerðina, menntamálaráðuneyti o.fl.

Jafnvel mætti hugsa sér að fela einstaka þætti verksins aðilum eins og Umferðarráði, sbr. ákvæði XV. kafla umferðarlaga um hlutverk þess.

Enginn vafi er á að unnt er að ná árangri, auka öryggi í umferðinni og draga úr slysum með markvissum aðgerðum. Reynslan hefur sýnt að átak í fræðslumálum og aukið umferðareftirlit skilar árangri og má í því sambandi nefna færri slys í kjölfar upptöku hægri umferðar 1968 með tilheyrandi áróðri og á Norræna umferðaröryggisárinu 1983.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdu tvö fylgiskjöl. Á fskj. I voru prentuð súlurit, línurit og töflur um umferðarslys úr ársskýrslu Umferðarráðs 1993 og vísast um það í ársskýrsluna og þingskjalið (lausaskjalið). Á fskj. II var prentað frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, (ásamt einu af þeim fylgiskjölum sem málinu fylgdu), 194. mál á 116. löggjafarþingi, og vísast um það til þskj. 231, bls. 1876–1878 í A-deild Alþt. 1992–93.

230. Fyrirspurn [204. mál]

til samgönguráðherra um Reykjavíkurflugvöll.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvernig er ástand Reykjavíkurflugvallar sem er aðalsamgöngumannvirki innanlandsflugs?
2. Hvenær er fyrirhugað að byggja nýja flugstöð fyrir allt innanlandsflug?

231. Fyrirspurn [205. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íþróttamenn.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Er fyrirhugað að stofna sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn í framhaldi af því að frumvarpi um slíkan sjóð, 268. máli 117. löggjafarþings, var vísað til ríkisstjórnarinnar 6. maí 1994?

232. Frumvarp til laga [206. mál]

um vernd Breiðafjarðar.

Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að vernd Breiðafjarðar, einkum vernd á landslagi, einstökum jarðmyndunum og lífríki, auk varðveislu menningarsögulegra minja.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Hrafnanesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Búlandshöfða að sunnanverðu.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum og fer menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála.

4. gr.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sex menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tillögu héraðsnefndar Dalasýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Snæfellinga, einn eftir tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og einn eftir tillögu Þjóðminjasafns Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Um varamenn gilda sömu reglur. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð um framkvæmd laganna. Nefndin skal í samráði við sveitarfélögin láta gera sérstaka vörsluáætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.

Í starfi sínu skal nefndin gæta samráðs við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, Landvörslu ríkisins, minjaverði og yfirvöld þjóðminjavörslu.

Nefndin skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

5. gr.

Í reglugerðinni skal kveðið á um vernd lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess. Í henni skal enn fremur kveða á um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess sem lögin taka til. Reglugerðin skal einnig kveða á um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og að fenginni umsögn Þjóðminjaráðs, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

6. gr.

Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til vörsluáætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.

Framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki að dómi Breiðafjarðarnefndar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

7. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar með ríkisaðild á Breiðafirði. Framlag ríkisins til stöðvarinnar takmarkast við laun eins starfsmanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir jafnhátt framlag frá heimamönnum. Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar, skal kveða á um stjórn og starfsemi stöðvarinnar.

8. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum og varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50 þúsund krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um vernd Breiðafjarðar er samið að tilhlutan Össurar Skarphéðinssonar umhverfisráðherra. Unnið hefur verið að gerð þess í umhverfisráðuneytinu í samráði við fulltrúa þeirra sveitarfélaga er málið varðar. Frumvarpið var fyrst lagt fram á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er hér endurflutt með nokkrum breytingum sem gerðar voru með hliðsjón af umsögnum sem umhverfisnefnd bárust og umræðum á Alþingi. Umsjón með upphaflegu frumvarpsgerðinni var í höndum Jóns Gunnars Ottóssonar, þá skrifstofustjóra í ráðuneytinu, en honum til aðstoðar voru Ævar Petersen og Haukur Jóhannesson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Gísli Gíslason landslagsarkitekt og Friðjón Þórðarson, fyrrverandi alþingismaður. Umsjón með endurskoðun frumvarpsins var í höndum Birgis Hermannssonar, aðstoðarmanns ráðherra, en honum til aðstoðar hafa verið embættismenn í umhverfisráðuneytinu, Þórunn Hafstein deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Stefán Thors skipulagsstjóri ríkisins og Helgi Þorláksson sagnfræðingur.

Aðdragandi þess frumvarps sem hér liggur fyrir er að sumarið 1993 ræddi Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra við ýmsa sveitarstjórnarmenn við Breiðafjörð um það hvernig best yrði staðið að vernd náttúru og menningarverðmæta í firðinum og eflingu byggðar þar. Í framhaldi af því var ákveðið að kanna möguleika á að setja sérstök lög um vernd Breiðafjarðar þar sem hliðsjón væri höfð af lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Gagna var aflað á vegum umhverfisráðuneytisins um náttúrufar á svæðinu, menningarverðmæti, nýtingu hlunninda, atvinnuhætti, umferð ferðamanna, eignarhald og önnur atriði sem málið varðar. Ráðherra efndi að því búnu til fundar með fulltrúum hreppsnefnda Reykhólahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu, Saurbæjarhrepps, Skarðshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu og fulltrúum náttúruverndarnefnda á þessu svæði. Á fundinum, sem haldinn var 20. október 1993 í Vogalandi í Króksfjarðarnesi, kynnti ráðherra hugmyndir að sérlögum um vernd Breiðafjarðar og ræddi þær við fundarmenn sem voru á einu máli um mikilvægi slíkrar lagasetningar. Fundað var í Stykkishólmi 13. desember sl. um sama efni með fulltrúum hreppsnefnda, náttúruverndarnefnda og héraðsnefndar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Fundur þessi var fjölsóttur og var einróma samstaða um að stefnt skyldi að setningu laga um vernd Breiðafjarðar sem næðu til sem flestra eyja, hólma og skerja á firðinum og strandlengju í innri hluta hans.

Þeim sveitarstjórnum, sem málið varðar, voru send drög að frumvarpi til laga um vernd Breiðafjarðar um miðjan desember sl. og í framhaldi af því efndi ráðherra til fundar með fulltrúum þeirra í Stykkishólmi 12. janúar 1994. Á fundinum gafst fundarmönnum kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum sínum við frumvarpsdrögin. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að setja lög um vernd svæðisins og höfðu ekki athugasemdir við frumvarpsdrögin. Í ljósi þessarar samstöðu var ákveðið að leggja frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1994.

Helstu breytingarnar á frumvarpinu eru þessar:

1. Markmið frumvarpsins eru skýrð betur og tekur frumvarpið nú einnig til verndar á menningarsögulegum minjum. Um þetta var haft samráð við menntamálaráðherra. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum og fer menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála. Í samræmi við þetta er gerð tillaga um að Þjóðminjasafnið fái fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd.
2. Fellt er út ákvæði þess efnis að leyfi ráðherra þurfi vegna hvers konar mannvirkjagerðar og jarðrasks á svæðinu sem lögin taka til. Þess í stað er lögð áhersla á gerð skipulagsáætlana sem taki mið af samþykktum Breiðafjarðarnefndar.
3. Ákvæði um náttúrurannsóknastöð eru gerð rækilegri og taka mið af ákvæðum um náttúrustofur kjördæma í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands. Ríkið greiðir laun eins starfsmanns og stofnkostnað til helminga við sveitarfélög.

Helstu markmið með setningu laga um vernd Breiðafjarðar eru:

1. að vernda landslag, einstakar jarðmyndanir og lífríki Breiðafjarðar,
2. að tryggja vernd menningarsögulegra minja,
3. að búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu án þess að spjöll hljótist af,
4. að stuðla að auknum rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar,
5. að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að í lögunum verði einungis almenn verndarákvæði sem gilda skuli um allt svæðið. Í reglugerð, sem sett verði á grundvelli laganna í samvinnu við heimamenn, verði hins vegar kveðið nánar á um framkvæmdina og reglur settar um þá þætti sem máli skipta. Lagt er til að í Breiðafjarðarnefnd, sem verði ráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laganna og þar á meðal setningu reglugerða og annarra ákvæða er lúta að vernd svæðisins, verði heimamenn með þrjá af sex fulltrúum. Það er ljóst að taka verður tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem erfitt getur verið að samræma ef vernda skal náttúru Breiðafjarðar og menningarminjar í firðinum og tryggja jafnframt blómlegar byggðir um ókomin ár. Góður árangur af þeirri viðleitni næst ekki, nema með skilningi og vilja heimamanna.

Langt er síðan umræða hófst um þörf fyrir sérstaka vernd Breiðafjarðar. Alþingi ályktaði árið 1978, að tillögu Friðjóns Þórðarsonar alþingismanns, „að skora á ríkisstjórn að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök". Í greinargerð með tillögu til þessarar þingsályktunar er á það bent að fram hafi komið hugmyndir um setningu sérstakra laga um vernd Breiðafjarðar líkt og gilda um Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Jafnframt er tekið fram í greinargerðinni að þótt bráður háski vofi ekki yfir Breiðafirði sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir. Náttúruverndarþing, náttúruverndarsamtök

heimamanna og fleiri hafa einnig ályktað um nauðsyn þess að vernda náttúru Breiðafjarðar með einhverjum hætti og hefur svæðið verið á náttúruminjaskrá síðan 1978.

Náttúrufar.

Breiðafjörður er stærsta samfellda votlendissvæði landsins og eru strandsvæði þar um helmingur af allri strandlengju þess. Í firðinum innanverðum er mikið grunnsævi en utar er dýpi víðast mælt í tugum metra og er liðlega hundrað metrar þar sem það er mest. Kunnastur er Breiðafjörður fyrir mikinn fjölda eyja, hólma, skerja og boða. Eyjarnar á Breiðafirði hafa löngum verið álitnar óteljandi líkt og Vatnsdalshólar og vötnin á Arnarvatnsheiði.

Breiðafjarðareyjum er gjarnan skipt í tvennt, Vestureyjar og Suðureyjar, sem ná þó ekki til allra eyja á firðinum. Skilin á milli Vestureyja og Suðureyja eru á reiki en eftir því sem næst verður komist eru Suðureyjar sunnan línu frá fjallinu Klofningi yst í Dalasýslu og út fjörð, en Vestureyjar norðan hennar.

Sjávarfalla gætir meira á Breiðafirði en flestum öðrum strandsvæðum við Ísland og er mesti munur flóðs og fjöru á sjötta metra. Miklar breytingar eiga sér stað á landslagi eftir sjávarföllum vegna misdýpis og hins mikla fjölda eyja og skerja. Sund þorna og stórir leiru- eða skerjaflákar rísa úr sjó um fjöru svo að landslagið tekur stakkaskiptum. Víða myndast straumrastir og er Hvammsfjarðarröst þeirra kunnust. Þetta umhverfi og breytingar á því torvelda siglingar og gera þær hættulegar. Ekki er ókunnugum ráðlagt að sigla um eyjarnar án góðrar leiðsagnar.

Vegna eyjafjöldans er talið að á Breiðafirði sé yfir helmingur af öllum fjörum við Ísland. Þetta atriði eitt veitir vísbendingu um það gildi sem Breiðafjörður hefur fyrir lífríki landsins. Lífmagn í fjörum og á grunnsævi er mikið og líffræðileg áhrif þessara svæða ná langt út fyrir mörk þeirra, hvort heldur er upp á land eða út á dýpri hafsvæði.

Stofnar hryggdýra í Breiðafirði eru yfirleitt stórir og gefur það vísbendingu um óvenjuauðugt lágdýralíf sem fiskar, selir, hvalir og fuglar lifa á beint eða óbeint. Tegundaauðgi í fjörum og á grunnsævi er ótrúlega mikil þar sem smádýr þrífast í skjóli víðáttumikilla þang- og þaraskóga. Fuglar eru áberandi í lífríki Breiðafjarðar. Sjófuglar eru algengastir fugla á firðinum. Þeir hafa verið nytjaðir um aldir og telst svæðið vera með mikilvægustu sjófuglabyggðum landsins þótt eiginleg fuglabjörg séu þar bæði lítil og lág. Fuglalífið er fjölskrúðugt og umtalsverða hluta af stofnum sumra tegunda í landinu er að finna á firðinum, t.d. lunda, æðarfugls, teistu, svartbaks og hvítmáfs. Hæst hlutfall er þó í stofnum toppskarfs og dílaskarfs því um 90% af skörfum landsins verpa á Breiðafirði. Um helmingur þeirra fuglategunda sem verpa hérlendis, eða 37, eru árvissir varpfuglar í eyjunum og fimm tegundir hafa að auki orpið þar óreglulega. Þegar strandsvæði fjarðarins eru talin með verpa um 50 tegundir fugla á svæðinu sem er um 70% af árvissum varpfuglum landsins. Sjaldséðir fuglar eiga varplönd á Breiðafirði, þar á meðal um fimmtungur íslenska þórshanastofnsins og rúmur helmingur af öllum haförnum í landinu. Þrjár fuglategundir, margæs, tildra og rauðbrystingur, eru árvissir gestir vor og haust þótt þær verpi ekki. Þetta eru svonefndir fargestir sem eru á reglubundnum ferðum milli varpheimkynna á norðlægum slóðum og vetrarstöðva á Bretlandseyjum. Nálægt 10% allra margæsa af þeim stofni sem kemur við hér á landi hafast við á Breiðafjarðarsvæðinu. Um 60% af þeim tæplega 300 þúsund rauðbrystingum sem koma við á Íslandi nýta sér fjörur á Breiðafirði.

Báðar íslensku selategundirnar kæpa á Breiðafirði. Í firðinum er nálægt fimmtungur af öllum landselum við Ísland og allt að helmingur af öllum útselum. Þá má sjá ýmis

smáhveli, svo sem hnísu, höfrungategundir og háhyrninga, víða á firðinum og talsvert er þar af hrefnu, aðallega þó fyrir utan ystu sker. Margar lax- og silungsár falla í Breiðafjörð, þar á meðal nokkrar af bestu laxveiðiám landsins, svo sem Haukadalsá og Laxá í Dölum.

Óvíða er jafnmikla grósku að finna og í mörgum Breiðafjarðareyja þótt hrjóstrug eða gróðurvana sker séu einnig ótalmörg. Eyjarnar eru margbreytilegar að stærð, landslagi, vatnsbúskap, gerð og dýpt jarðvegs, auk fjarlægðar frá ströndu. Allir þessir eðlisþættir hafa áhrif á fjölbreytileika gróðurs, en búseta, beit, stærð og tegund fuglabyggða eru einnig áhrifavaldar. Breiðafjarðareyjar bjóða upp á næg dæmi um breytileg áhrif allra þessara umhverfisþátta. Alls hafa fundist í eyjunum 229 tegundir háplantna eða um helmingur af náttúrulegri flóru landsins. Ein þessara jurta, flæðarbúi, hefur hvergi fundist hér á landi nema á þessum slóðum. Önnur sjaldgæf tegund er villilaukur sem vex í Hvallátrum.

Fyrir tilstilli sjófugla njóta Breiðafjarðareyjar frjósemi sjávar ríkulega með þeim áburði sem þeir bera upp á land. Gnægð næringarefna leiðir af sér mikla framleiðni, svo gras vex þar í úthaga eins og á bestu túnum. Ýmsir fuglar, t.d. kríur og máfar, þóttu hinir ágætustu áburðargjafar og í seinni tíð hafa grágæsir, sem sækja eyjarnar heim til að fella fjaðrir, bæst í hópinn þótt þær kunni einnig að ganga nærri gróðri. Gróður fuglabyggðanna er frekar einhæfur, en hvergi grænkar eins fljótt á vorin og þar. Fuglabyggðir, einkum lundabalar, haldast stundum grænar allan veturinn. Stundum er þó of mikið af því góða, t.d. á skarfaskerjum því hvítt drit bókstaflega þekur þau svo þau sjást langt að. Skarfar, sem flytja sig upp í gróðursælar eyjar, hafa aldrei verið aufúsugestir í augum eyjamanna, enda skilja þeir eftir sviðna jörð. Bændur misstu því bæði slægjur á landrýrum jörðum og æðarfuglinn sem forðast skarfabyggðir. Nú er hins vegar ekki hver hólmi sleginn né fé haldið eins stíft að beit í eyjum og fyrrum. Gróðurfarið hefur tekið stakkaskiptum í kjölfarið. Þetta sést greinilega á hvönninni sem hefur þotið upp víða og sauðfé er sólgið í. Þar má nefna hvannabreiðurnar í Sandeyjum í Flateyjarlöndum og Sprókseyjum í Látralöndum. Jarðvegur er annars grunnur í flestum Breiðafjarðareyja og vatnsöflun víða torveld, einkum í þurrkasumrum og vetrarhörkum. Þær takmörkuðu mýrar sem eru í eyjunum eru sannkallaðar lífæðar því þar er helst neysluvatn að fá.

Fleira en fuglafjöld hefur hjálpað til að mynda og bæta jarðveg. Þang- og þaraskógar eru geysimiklir um allan fjörð og slitnar sífellt úr þeim og rekur á land þannig að hrannir myndast í flóðfarinu. Á hverjum stórstraumi losna þessar hrannir og rekur þær í löngum röstum um allan sjó, en þær kastast einnig upp á land og rotna smám saman og mynda jarðveg. Fyrrum var þang borið úr fjörum upp í matjurtagarða og reyndist besti áburður sem hjálpaði til að bæta jarðveginn.

Undirlendi er fremur lítið umhverfis fjörðinn. Ströndin er víðast aðeins mjó ræma sem rís allsnögglega inn til landsins í 300–500 m há fjöll. Jarðhiti er víða, einkum vestarlega í Vestureyjum og Vatnsfirði, svo og á Reykjanesi í Reykhólasveit. Merkilegar jarðmyndanir frá jarðfræðilegu sjónarmiði eru margar á Breiðafirði. Þar má t.d. nefna bogadregna keiluganga, basaltinnskot með fallegu stuðlabergi, flykruberg, gabbróinnskot og berg úr hvítu anortósíti.

Menningarsögulegar minjar.

Búið hefur verið í eyjum á Breiðafirði allt frá því að land byggðist. Áður var búið í tugum eyja á firðinum. Mannvistarleifar má því finna um allar eyjar, sérstaklega á heimaeyjunum. Breytingar til þeirra lífsháttа sem nú tíðkast hafa farið hægar yfir á Breiðafjarðareyjum en víðast annars staðar á landinu og hafa mannvistarleifar því varðveist betur en annars staðar. Þar eru t.d. gamlir matjurtagarðar, fornir torfgarðar, grjótgarðar, náttհagar, naust, ruddar varir, bryggjur, bátakvíar, sjóvarnargarðar, legufæri, fiskhjallar, skothús, æðarbyrgi, útsýnisturnar, kúagötur, réttir, stekkar og sjávarfallavirkjun. Tóftir af híbýlum og útihúsum eru af óvenjufjölbreyttum toga, t.d. íbúðarhús, fjós, hlöður, fjárhús, íshús, bræðsluhús, verbúðir, smíðahús, dúnhús, bátaskýli, bænhús, klaustur, yfirsetukofar, hænsnakofar, brunnhús og útsýnisturn.

Þessar mannvistarleifar bera margbreytilegu atvinnulífi glöggt vitni. Af nógu er að taka, en það sem gerir mannvistarleifar í Breiðafjarðareyjum einkum áhugaverðar eru þær minjar sem tengjast sjónum á einn eða annan hátt, svo sem að líkum lætur. Einhver merkilegustu mannvirkin eru bátakvíar eða dokkir, hlaðnir garðar til varnar fyrir báta, Silfurgarðurinn í Grýluvogi í Flatey, dokkin í Rauðseyjum og kvíin Steingerður í Akureyjum á Gilsfirði. Einnig má nefna sjávarfallavirkjunina sem knúði kornmyllu í Brokey, en þar er einnig útsýnisturn sem og í Akureyjum á Gilsfirði og Sviðnum. Þau mannvirki voru gerð svo unnt væri að svipast um eftir bátsferðum veiðiþjófa og annarra.

Stuðla má að varðveislu menningarsögulegra minja með skráningu á fornminjum, örnefnum og lýsingu á gömlum þjóðháttum sem voru nátengdir umhverfinu. Meginvandamálið er líklega að hafa upp á fólki sem man vel eftir lífinu í eyjunum fyrir seinna stríð, á árunum 1920–40. Á þeim tíma lögðust 13 eyjar í eyði. Síðan hafa farið í eyði um 20–30 eyjar, margar í stríðinu eða fljótlega eftir stríð. Þeir týna því óðum tölunni sem kunna að segja frá menningarsögulegum minjum og gömlum búskaparháttum í eyjunum.

Aðeins hafa verið friðlýstar níu fornminjar í Breiðafjarðareyjum og eingöngu í þremur þeirra, Svefneyjum, Hergilsey og Flatey. Friðlýst var 1930 og byggðust friðlýsingarnar á lauslegum athugunum Kr. Kålunds og Sigurðar Vigfússonar á síðari hluta 19. aldar. Áhugi þeirra var nánast eingöngu bundinn við minjar sem tengja mætti Íslendingasögum og Landnámu og því mjög frábrugðin því mati sem nútímamenn leggja á fornminjar. Meðal annars var friðlýst klausturrúst í Flatey sem á að hafa verið sýnileg um 1840, en er nú horfin. Lítið er vitað um ástand annarra fornminja á eyjunum, friðlýstra jafnt sem annarra. Síðan 1930 hafa fornminjar í Breiðafirði ekki verið friðlýstar ef undan er skilinn Silfurgarðurinn frægi í Flatey sem var friðlýstur 1975.

Fornminjaskráning er nauðsynlegur undanfari friðlýsinga. Skráning fornminja lá að mestu niðri hér á landi á árunum 1910–1980 er hún hófst að nýju. Stykkishólmshreppur kostaði skráningu í hreppnum árið 1985 og voru þá skráðar fornminjar í 11 eyjum. Gera verður gangskör að því að skrá fornminjar í eyjunum sem gerst, hvort sem friðlýst verður meira eða minna í framhaldi af því. Slík skráning getur orðið undirstaða fyrir væntanlegar ákvarðanir og áætlanir Breiðafjarðarnefndar. Með skráningu fornminja fæst mikið samanburðarefni úr öllum eyjunum og eykur það stórlega á takmarkaða þekkingu okkar þó án uppgraftar verði sjaldan mikið fullyrt um fornminjar. Í framhaldi af skráningu kæmi svo friðlýsing hins merkasta ásamt tryggilegri merkingu en hún er helsta vörnin gegn því að fornminjum sé eytt fyrir slysni eða vanþekkingu.

Örnefnum fylgir mikil menningarsaga og skráning þeirra er auðsæilega varðveisla menningarsögulegra minja. Gera þarf úttekt á skráningu örnefna í Breiðafirði hjá Örnefnastofnun og safna þeim með skipulegum hætti.

Frá tímum landnáms á Íslandi hefur Breiðafjörður ávallt verið talinn með gjöfulustu svæðum landsins, oft nefndur gullkista þjóðarinnar. Kemur þar margt til, svo sem fjölbreytt og auðugt fugla- og dýralíf, miklar og góðar grasnytjar og fjörubeit, tekja sölva og annarra þörunga og fengsæl fiskimið. Hvergi hefur verið meira um hlunnindabúskap hérlendis en á Breiðafirði. Menning fólksins sem við fjörðinn bjó var í órofatengslum við náttúruna. Leggja þarf sérstaka rækt við gamla þjóðhætti með söfnun þjóðháttalýsinga og gamalla mynda. Líklegt er að fjöldi ljósmynda sé í fórum almennings sem fengur væri að skrásetja og safna. Jafnframt þyrfti að varðveita kvikmyndir, ef til eru, sem sýni gömul breiðfirsk vinnubrögð og taka nýjar af vinnubrögðum eftir því sem kostur gefst á fólki sem kann til verka.

Mikill uppgangur var við Breiðafjörð á árunum 1830–60. Einna mestur var blómi í Flatey; þar riðu menn á vaðið með þilskipaútgerð og áttu hafskip í förum milli landa. Þeir beittu sér einnig í landspólitík og voru í framvarðasveit þegar þjóðfrelsisbaráttan hófst. Fundir á fornum þingstöðum á Þórsnesi og einkum að Kollabúðum eru rómaðir. Breiðfirðingar höfðu einkanlega forystu í menningar- og atvinnumálum og tengist þetta ekki síst Framfarastiftun Flateyjar og bréflega félagi hennar. Félagsmenn höfðu trú á að bókvitið yrði í askana látið, gáfu út tímarit, sinntu alþýðufræðslu, stofnuðu til bókasafns og reistu bókhlöðu sem enn stendur. Um þessa grósku í Flatey bera nú einkum vitni Félagshús, Gunnlaugshús og bókhlaðan. Í Flatey er fjöldi annarra gamalla húsa sem sýna ber fullan sóma, þótt yngri séu. Varðveisla þessara húsa er verðugur minnisvarði gróskumikils athafna- og menningarlífs í sérstæðri og um margt einstakri náttúru. Ekkert þessara húsa er í húsasafni Þjóðminjasafns en sum eru þó friðuð samkvæmt lögum.

Búseta við Breiðafjörð.

Búið hefur verið í tugum eyja á Breiðafirði lengri eða skemmri tíma, í sumum allt frá upphafi byggðar á Íslandi. Þær skiptast milli tvenns konar býla, eyjajarða og landjarða. Eyjajarðir eru þau býli kölluð sem hafa ekki landrými nema í eyjum sem þeim tilheyra, en landjarðirnar eiga landnytjar sínar að mestu uppi í landi þótt einn hólmi eða fleiri fylgi undan ströndu. Mörg af helstu stórbýlum landhéraðanna umhverfis Breiðafjörð eiga þó umtalsverð ítök í eyjum. Þar má nefna Bjarnarhöfn og Helgafell á Snæfellsnesi, Staðarfell og Skarð í Dalasýslu, Króksfjarðarnes, Miðhús, Reykhóla, Stað, Skálmarnessmúla, Fjörð og Brjánslæk í Barðastrandarsýslum. Jafnframt eru þetta mörg af stærstu og kunnustu býlum landsins. Hvað ítök í eyjum snertir og nytsemi af þeim eru höfuðbólin Reykhólar og Skarð stærst landjarða.

Búskapur þróaðist með nokkuð öðrum hætti á breiðfirskum eyjabýlum en landjörðum. Talað hefur verið um „eyjabúskap“ sem eitthvað annað en það sem bændur aðhöfðust uppi á landi. Ef til vill var helsti munurinn sá að eyjabændum voru bátar jafnnauðsynlegir og hestar landjarðabændum. Hin margbreytilegu hlunnindi eyjanna gerðu það einnig að verkum að eyjamenn höfðu ætíð nóg að bíta og brenna meðan hungursneyð ríkti annars staðar á landinu. Nálægð eyjamanna við fengsæl fiskimið átti ekki síst stóran þátt í velgengni þeirra.

Áður var mannmargt í Breiðafjarðareyjum og tugir eyjajarða í byggð, en fólksflótti hefur verið mikill úr eyjunum á síðari tímum, ekki síst um miðja þessa öld. Samanburður á eyjajörðum í ábúð 1703, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman Jarðabókina, og þeirra sem nú eru byggðar sýnir þá þróun sem átt hefur sér stað, en eyjabyggð hefur að mestu lagst af á þessum tíma. Af 40 eyjajörðum sem Árni og Páll nefna eru aðeins tvær 5%) enn í fullri ábúð. Landjarðirnar hafa haldist mun betur í byggð og er heilsársbúseta enn á 36 (77%) þeirra.

Sumarbústaðabyggð er töluverð í Breiðafjarðareyjum. Líklega er slík byggð í 20 eyjaklösum og heyra til tæplega helmings af eyjajörðum. Stærst er sumarbyggð í Flatey þar sem einnig er heilsársbúseta, en nærri liggur að um eitt hundrað manns dveljist þar á sumrin. Aðallega er um að ræða afkomendur þeirra sem bjuggu í eyjunum, en aðkomufólk hefur einnig keypt eyjar til að dveljast þar í frístundum. Síðustu 10–20 ár hafa fjölmargar eyjar verið seldar til sumardvalar og nytja, svo sem Stóru-Tungueyjar á Hvammsfirði, Akureyjar á Gilsfirði, Bjarneyjar, Sviðnur og Hvallátur í Vestureyjum.

Eignarhald.

Eignarhald er flókið á mörgum Breiðafjarðareyja og langt frá því að vera áreiðanlegt í þeim gögnum sem fyrir hendi eru. Oftast munu eyjarnar vera í óskiptri sameign. Eigendur eru margir að sumum eyjaklösum, tugur eða jafnvel nokkrir tugir manna. Ástæðan er fyrst og fremst sífelldar skiptingar milli erfingja í tímans rás og eyjajarðirnar oft margbýlar. Gömlu skiptingarnar milli býla, hvort sem átt er við eyjabýli eða landjarðir, hafa líka riðlast frá því sem áður var. Búið er að selja einstakar eyjar undan jörðum eða eyðijarðir hafa fallið undir nágrannabýli. Á vegum umhverfisráðuneytisins er unnið að því að taka saman yfirlit um eignarhald á eyjunum. Alls eru um 200 eyjar og hólmar í eigu opinberra aðila, eða nálægt 8% Breiðafjarðareyja.

Hlunnindi.

Skynsamleg nýting hlunninda hefur verið kjölfestan í búskap í Breiðafjarðareyjum á liðnum öldum auk hefðbundinna búgreina og fiskveiða. Fjölbreytni í hlunnindum gerði það að verkum að „ . . . hvergi [var] gagnsamara á Íslandi en í Breiðafjarðareyjum . . . “ eins og Jón Espólín orðaði það við árið 1698 í árbókum sínum. Lesa má um hlunnindi sem nýtt voru í Breiðafjarðareyjum fyrr á tímum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem út var gefin 1703. Þar segir m.a. frá gildi margvíslegra hlunninda á Breiðafjarðarbýlum fyrir nær þremur öldum. Eggjatekja var mjög mikilvæg, sérstaklega taka skarfs-, æðar-, svartbaks-, kríu-, anda-, teistu- og hvítmáfseggja. Æðar- og skarfsegg, svartbaks- og kríuegg eru enn nytjuð en mun minna en áður og alls ekki tínd með jafn-reglubundnum hætti. Nú eru einnig tekin ritu- og fýlsegg sem ekki var fyrrum, líklega vegna þess að rita var sjaldgæf og fýll óþekktur sem varpfugl.

Í Breiðafirði voru umtalsverð hlunnindi af selveiðum. Afurðirnar voru gernýttar, skinn í skó og föt, kjöt og spik til matar og spik til lýsingar. Á þessari öld hafa einkum verið veiddir landselskópar eftir að skinn þeirra urðu eftirsóknarverð útflutningsvara. Aðeins skinnið er hirt af kópum og lítils háttar af kjöti og spiki ef hræjunum er ekki sökkt þegar búið er að hirða kjálka úr þeim. Á annan áratug hafa selskinn verið mikið til verðlaus vegna áróðurs erlendra friðunarsinna og dró úr selveiðum þess vegna. Hins vegar hóf svonefnd hringormanefnd, sem saman stendur af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, að greiða verðlaun fyrir drepna seli árið 1982. Það varð til þess að laða gamalgróna hlunnindabændur, svo og fjölmarga skotmenn úr þéttbýli og sveitum, til að drepa seli vegna

verðlaunanna þrátt fyrir bann við skotveiðum á innanverðum Breiðafirði, sbr. lög um selaskot frá 1925. Segja sumir að það sé af sem áður var þegar forfeður hlunnindabænda börðust fyrir friðun sela í látrum, enda skotveiðar álitnar vís leið til að fæla þá frá.

Æðardúnstekja var víða í Breiðafjarðareyjum og er enn. Þetta eru einu hlunnindin sem nokkurn veginn jafnmikil rækt er lögð við nú og áður. Verð á æðardúni hefur lengi verið hátt og dúntekja þess vegna haldist við. Allra seinustu ár hefur þó komið afturkippur í sölu á æðardúni. Æðarrækt er í raun talin vera grundvöllur áframhaldandi búsetu í eyjunum nema annað komi í staðinn.

Lundatekja var víða fyrrum og er enn stunduð töluvert sem háfveiði á fullvöxnum fuglum. Áður var kofan yfirleitt tekin í holu. Háfveiði er nú meira stunduð sem sport en af brýnni nauðsyn. Skelfisks- og hrognkelsaveiðar voru áður taldar til hlunninda á um 20% býlanna. Sá veiðiskapur hefur þróast í arðbærar atvinnugreinar sem ekki eru síður stundaðar af þéttbýlisfólki en til sveita. Önnur hlunnindi voru minna stunduð í tíð Árna og Páls, álftaveiðar aðeins á einu býli og hvannatekja á tveimur. Það er nokkuð ljóst að hlunnindi býla voru talsvert meiri en Árni og Páll greina frá í Jarðabók sinni. Þeir hafa reynt að draga úr þýðingu þeirra fyrir býlin, enda hætta á aukinni skattlagningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð grein fyrir þeim tilgangi frumvarpsins að stuðla að vernd Breiðafjarðar. Gert er ráð fyrir almennri vernd sem nái einkum til verndar á landslagi, einstökum jarðmyndunum og lífríki, auk varðveislu menningarsögulegra minja. Stefnt er því að varðveita náttúrufar Breiðafjarðar og menningarsögulegar minjar eftir því sem hægt er með hliðsjón af þróun byggðar og atvinnuháttum þess fólks sem svæðið byggir. Vernd Breiðafjarðar er ætlað að styrkja hefðbundna nýtingu hlunninda á svæðinu.

Um 2. gr.

Í greininni eru dregin mörk þess svæðis sem ákvæði frumvarpsins ná til. Gert er ráð fyrir að Hagadrápssker, Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey séu að öllu leyti innan þessa svæðis.

Um 3. gr.

Í greininni er staðfest að umhverfisráðherra fari með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar. Til að valda ekki ruglingi um málsmeðferð og tryggja skýra verkaskiptingu Stjórnarráðsins er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það að um vernd menningarsögulegra minja fari samkvæmt þjóðminjalögum og að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um skipun og hlutverk Breiðafjarðarnefndar. Í nefndinni eiga sæti sex menn. Til að tryggja áhrif heimamanna er lagt til að einn nefndarmaður skuli skipaður samkvæmt tillögu héraðsnefndar Dalasýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu og einn eftir tillögu héraðsnefndar Snæfellinga. Til að tryggja sérfræðiþekkingu innan nefndarinnar skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og einn eftir tillögu Þjóðminjasafns Íslands. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Um varamenn gilda sömu reglur. Ef til atkvæðagreiðslu kemur í nefndinni og atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns.

Breiðafjarðarnefnd er ráðherra til ráðgjafar um allt sem víkur að framkvæmd laganna. Hún semur tillögu að reglugerð um framkvæmd laganna og skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórna áður en reglugerðin er sett. Nefndin skal einnig, í samráði við sveitarfélög, semja sérstaka vörsluáætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlunin skal send ráðherra til staðfestingar. Þetta er í samræmi við p-lið 4. gr. nýs frumvarps til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum.

Eins og ljóst má vera af 2. mgr. 4. gr. er samráð við sveitarfélög mjög mikilvægt við framkvæmd laganna. Í 3. mgr. er kveðið á um að nefndin skuli gæta samráðs við sveitarstjórnir og náttúruverndarnefndir sem starfa á vegum sveitarstjórna. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum, er lagt til að Landvarsla ríkisins taki við umsjón friðlýstra svæða í stað Náttúruverndarráðs. Í samræmi við það er í 3. mgr. kveðið á um samráð við Landvörsluna, enda eru friðlýst svæði innan þess landsvæðis sem frumvarpið tekur til. Hvað varðar vernd menningarsögulegra minja ber að hafa samráð við minjaverði og yfirvöld þjóðminjavörslu.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um reglugerðir, settar á grundvelli laganna. Samkvæmt 4. gr. setur umhverfisráðherra reglugerð að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar. Í reglugerðinni skal kveðið á um vernd lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess. Gert er ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist og önnur auðlindanýting verði í samræmi við markmið verndarinnar, einnig að atvinnuhættir og umferð um svæðið verði með þeim hætti að ekki hafi vond áhrif á lífríki. Sérstaklega ætti að gæta þess að valda ekki óþarfa truflun fyrir fuglalíf um varptíma og skaða ekki fjöru- og botndýralíf með óæskilegum veiðarfærum eða öðrum verkfærum. Jafnframt skal í reglugerðinni kveða á um varnir gegn hvers konar mengun.

Kveðið er á um að setja skuli ákvæði í reglugerð til að hamla gegn hættu á spjöllum á náttúrufari af völdum ferðamanna. Ásókn ferðamanna í Breiðafjarðareyjar hefur aukist verulega á undanförnum árum. Enn sem komið er leitar fólk mest til Flateyjar með flóabátnum Baldri sem gengur milli Stykkishólms og Brjánslækjar og í bátsferðir frá Stykkishólmi. Einnig eru nýlega hafnar skipulagðar ferðir frá Reykhólum og stuttar ferðir eru auglýstar um nágrenni Flateyjar. Fyrir 10–15 árum komu 1.000–2.000 manns í Flatey á sumrin, en síðasta áratug hafa 6.000–8.000 manns heimsótt eyjuna árlega. Lítið hefur verið gert til þess að mæta þessari aukningu þó umhverfisráðuneytið hafi á þessu ári veitt fjármagni til gerðar göngustíga í eynni. Að mati fuglafræðinga er fuglalíf á eyjunni þegar farið að láta á sjá af þessum sökum. Nauðsynlegt er orðið að setja umgengnisreglur og koma upplýsingum um eyjuna með skipulegum hætti til ferðafólks. Sama á við um marga aðra staði á firðinum þótt straumur ferðamanna sé enn sem komið er ekki mikill. Jafnvel getur þurft að takmarka aðgang tímabundið að sumum eyjum eða svæðum á firðinum, t.d. um varptíma, og setja reglur um ferðir báta (leiðir, hraða, stærð, hávaða).

Þar sem menntamálaráðherra fer með stjórn mála er varða vernd menningarsögulegra minja, er eðlilegt að hann setji, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögn þjóðminjaráðs, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja.

Um 6. gr.

Samkvæmt skipulagslögum er landið allt skipulagsskylt. Í 4. gr. skipulagslaga segir:

„Allar byggingar ofan jarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.“ Í skipulagsáætlunum felst stefnumörkun sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkun innan sveitarfélagsins. Skýrt er tekið fram í skipulagsreglugerð að við gerð skipulagsáætlana skuli gæta umhverfissjónarmiða og leitast við að vernda náttúru landsins og minjar og forðast hvers konar mengun eftir því sem unnt er. Við undirbúning skipulags skal kanna náttúrufar á svæðinu, auðkenna á uppdráttum og lýsa í greinargerð friðlýstum svæðum samkvæmt náttúruverndarlögum, þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og æskilegt er að friða á einhvern hátt. Samkvæmt 18. gr. þjóðminjalaga skal fornleifaskráning fara fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal meta umhverfisleg áhrif þeirra framkvæmda sem ráðgerðar eru samkvæmt skipulagsáætlun. Einnig er kveðið á um að leita skuli umsagnar þeirra stofnana sem um einstaka málaflokka fjalla.

Þróun skipulagsmála á síðustu árum hefur verið í þá átt að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Samkvæmt 6. gr. verða skipulagsáætlanir meðal þeirra stjórntækja sem ætlað er að stuðla að vernd Breiðafjarðar. Hér er því ekki farin sú leið að ráðherra veiti leyfi fyrir einstökum framkvæmdum, heldur að gerðar verði á vegum sveitarfélaga skipulagsáætlanir sem miða að vernd Breiðafjarðar. Við gerð þeirra ber að leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar og taka tillit til vörsluáætlunar hennar, en skv. 4. gr. skal semja hana í samráði við sveitarstjórnir. Hér er því lögð rík áhersla á samráð og samvinnu og að ekki sé verið að taka ábyrgð frá sveitarstjórnum.

Þar sem samþykktar skipulagsáætlanir eru ekki fyrir hendi er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.

Framkvæmdir á lögbýlum eru ekki háðar skipulagi, heldur eingöngu leyfi byggingarnefndar. Leiki vafi á því hvort hætta sé á að framkvæmd vegna búskapar valdi spjöllum á náttúruminjum eða lífríki skal bera hana undir Breiðafjarðarnefnd eða þjóðminjaráð þegar um fornleifar er að ræða.

Um framkvæmd 6. gr. fer samkvæmt skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum eftir því sem við á.

Um 7. gr.

Í greininni er ráðherra veitt heimild til að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastövar á Breiðafirði. Gert er ráð fyrir samstarfi ríkis og sveitarfélaga um rekstur stöðvarinnar. Greinin á sér að nokkru fyrirmynd í 10. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Þar segir m.a.: „Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum.“ Eðlilegt þykir að notast við þetta fordæmi um samvinnu ríkis og sveitarfélaga á sviði náttúrurannsókna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar.

Frumvarpi þessu er ætlað að styrkja náttúruvernd í Breiðafirði. Ef frumvarpið verður að lögum yrði kostnaður ríkissjóðs einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi yrði skipuð nefnd sex manna stjórnvöldum til ráðgjafar um framkvæmd náttúruverndarinnar. Ætla má að nefndarlaun og annar kostnaður nefndarinnar verði innan við 100 þús. kr. á ári. Í öðru lagi yrði heimilt að koma á fót náttúrurannsóknastöð sem fjármögnuð yrði af ríkissjóði skv. 7. gr. frumvarpsins. Af hálfu umhverfisráðuneytisins er fyrirhugað að samið verði um hlutverk og starfsrækslu stöðvarinnar við viðkomandi sveitarfélög. Framlag ríkissjóðs til stöðvarinnar yrði annars vegar helmingur stofnkostnaðar vegna húsnæðis og aðstöðu og hins vegar rekstrarframlag sem jafngildi launum eins starfsmanns í fullu starfi. Miðað við þetta og rekstur svipaðrar stöðvar við Mývatn má ætla að stofnkostnaður verði a.m.k. 1 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 3 m.kr.

233. Fyrirspurn [207. mál]

til dómsmálaráðherra um yfirstjórn löggæslu á einstökum svæðum.

Frá Svavari Gestssyni.

Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að lögum um löggæslumál verði breytt þannig að sveitarfélögum verði veitt heimild til að hafa með höndum stjórn staðbundinnar löggæslu?

234. Fyrirspurn [208. mál]

til heilbrigðisráðherra um tölvubúnað fyrir textasíma.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvenær verður tekin ákvörðun um kaup á tölvubúnaði fyrir textasíma?

235. Frumvarp til laga [209. mál]

um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögra mánaða til 15 vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis í flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Öll hross sem flutt eru úr landi skulu heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni. Skoðun skal ávallt miða við þær kröfur sem gerðar eru í innflutningslandi. Einungis er heimilt að flytja úr landi heilbrigð og rétt sköpuð hross og skulu þau merkt með þeim hætti að ekki verði um villst. Dýralæknir á útflutningshöfn skal ganga úr skugga um að útflytjendur skili skrá yfir útflutningshross og að merkingar séu í samræmi við þá skrá og upprunavottorð. Skrá þessi fylgir hrossunum í flutningsfari. Heimilt er yfirdýralækni að ráða sérstakan dýralækni til að hafa eftirlit með útflutningi hrossa.

Gjald fyrir skoðun á útflutningshrossum greiðist úr útflutningssjóði.

3. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða, svo sem rými, loftræsting, brynningartæki og aðstaða til fóðrunar, skal vera með þeim hætti að sem best verði að hrossunum búið. Yfirdýralæknir eða fulltrúi hans skal líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt.

Á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með viðurkenndum flutningaskipum eða með flugvélum.

4. gr.

Hrossum, sem flutt eru úr landi, skal fylgja vottorð frá Búnaðarfélagi Íslands er staðfesti uppruna hrossins og ætterni.

Innlendir hrossaræktendur og samtök þeirra eiga forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum sem áformað er að flytja úr landi. Búnaðarfélag Íslands getur óskað eftir því við landbúnaðarráðuneytið að það fresti útflutningi á þeim í allt að tvær vikur á meðan forkaupsréttur er boðinn. Við boð á forkaupsrétti skal miða við uppgefið útflutningsverð.

Hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 5. og 6. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur.

5. gr.

Útflutningsgjald skal leggja á hvert útflutt hross og skal það innheimt við útgáfu upprunavottorðs. Það skal vera 8.000 kr. að hámarki og breytast árlega, 1. febrúar, samkvæmt vísitölu búfjárræktar sem útgefin er af Hagstofu Íslands. Útflutningsgjaldið greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum, útgáfu upprunavottorða; 5% af gjaldinu skal greiða í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins sem starfar skv. 15. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, og 15% af gjaldinu skal greiða í Búnaðarmálasjóð. Eftirstöðvum hvers árs skal varið til útflutnings- og markaðsmála, að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Stjórnartíðindum og þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

6. gr.

Skipa skal fimm manna nefnd, útflutnings- og markaðsnefnd er hafi það hlutverk að vera ráðgefandi um málefni er snerta útflutning á hrossum og gera tillögur um ráðstöfun á eftirstöðvum útflutningsgjalds, sbr. 5. gr. Búnaðarfélag Íslands, Félag hrossabænda, yfirdýralæknir og hrossaútflytjendur skulu tilnefna aðila í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með taldar kröfur um heilbrigði fullorðinna kynbótahrossa sem flytja á úr landi, skoðun og merkingu útflutningshrossa og aðstöðu í útflutningshöfn.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. apríl 1995. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1958, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 67/1969, lög 39/1986, 53. gr. laga nr.10/1983, lög nr. 40/1993 og lög nr. 41/1994 um breytingar á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um útflutning hrossa var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Einungis var samþykkt lítils háttar rýmkun á þeim tíma sem heimilt er að flytja hross til útlanda með skipum.

Frumvarpið er endurflutt nú en nokkuð breytt. Tillit hefur verið tekið til athugasemda og ábendinga sem fram komu frá Páli A. Pálssyni fyrrverandi yfirdýralækni og nokkrum hrossaútflytjendum.

Lög um útflutning hrossa eru frá árinu 1958 en hefur verið breytt lítillega fimm sinn-

um. Við afgreiðslu laga nr. 40/1993 komu fram ábendingar um að tímabært væri að endurskoða lögin um útflutning hrossa í heild og beindi landbúnaðarnefnd Alþingis því til landbúnaðarráðuneytis. Að því hefur verið unnið undanfarið og hefur ráðuneytið haft samráð við yfirdýralækni, Búnaðarfélag Íslands, Félag hrossabænda og hrossaútflytjendur við það starf. Búnaðarþing 1994 ályktaði um drögin sem lágu fyrir vorþinginu 1994 og hefur verið tekið tillit til þeirrar ályktunar.

Aðstæður til útflutnings á hrossum eru í öllum aðalatriðum mjög breyttar nú frá því sem var árið 1958. Sérstaklega á það við um flutningatækni og aðbúnað um borð í flutningsfari. Aðbúnaður hefur batnað og því ekki sama ástæða til að hafa áhyggjur af velferð hrossanna í flutningum og áður. Einnig eru flutningsför miklu öruggari og þola meira álag vegna sjóa og veðurs. Því er m.a. eðlilegt að endurskoða þau tímamörk er gilda um flutning hrossa með skipum.

Í frumvarpinu er hvergi slakað á kröfum um aðbúnað og einnig gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð skýrar reglur um aðstöðu og búnað er fylgja skal hrossum. Skal þar hafa náið samráð við umhverfisráðherra og taka mið af þeim alþjóðlegu samningum um dýravernd sem Ísland er aðili að. Gert er ráð fyrir að yfirdýralæknir eða fulltrúi hans sjái um að þeim reglum sé framfylgt. Í samræmi við óskir hrossabænda eru reglur um heilbrigðisskoðun einfaldaðar en í reglugerð verður kveðið nánar á um heilbrigðisskoðun, merkingu og hlutverk trúnaðardýralæknis á útflutningshöfn. Þá er gefinn sá möguleiki að ráðinn verði dýralæknir til að vinna að útflutningsmálum. Kostnaður við störf hans yrði greiddur úr útflutningssjóði.

Ekki er lengur gert ráð fyrir að veitt sé leyfi fyrir útflutningi á hrossum heldur er einungis krafist upprunavottorðs og heilbrigðisskoðunar. Ung folöld, fylfullar hryssur og hross eldri en 15 vetra (önnur en kynbótahross) verður þó óheimilt að flytja til útlanda. Heimilt er að fresta útflutningi úrvalskynbótagripa og bjóða innlendum ræktendum að ganga inn í kaupin. Árlega skal hrossaræktarnefnd setja viðmiðunarmörk um hvað telst úrvalskynbótagripur og þau auglýst. Þetta er mikil einföldun því nú er útgáfa útflutningsleyfa flókin og margir aðilar sem að henni koma.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna útflutnings- og markaðsnefnd sem hefur margþætt hlutverk. Í núgildandi lögum segir að Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins vinni að þessum málum en eðlilegt hlýtur að teljast að Félag hrossabænda, hrossaútflytjendur og yfirdýralæknir komi í stað Framleiðsluráðs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimta gjald á hvert útflutt hross. Gjaldið skal renna í sjóð er hafi það hlutverk að standa undir kostnaði við heilbrigðisskoðun vegna útflutnings og við útgáfu upprunavottorðs auk þess sem 15% gjaldsins renna í Búnaðarmálasjóð og 5% í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins. Þessu ákvæði er einkum ætlað að einfalda það kerfi sem nú ríkir. Horfið verður frá því að útflytjendur kosti beint heilbrigðisskoðun enda er það í samræmi við þá viðurkenndu stefnu að yfirvöld sjái um eftirlit en innheimti gjald fyrir. Er það gert til að minnka líkur á hagsmunaárekstrum og hagsmunatengslum. Sjóðurinn mun greiða fyrir lögbundna útflutningsskoðun og fyrir blóðtöku og blóðrannsókn vegna „cogging-prófs". Nái þetta frumvarp fram að ganga verður innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs, Stofnlánadeildar og Framleiðsluráðs hætt en hluti útflutningsgjalds rennur til þeirra aðila er áður nutu þess. Það fjármagn sem eftir stendur verður notað til markaðsstarfa. Rétt er að taka sérstaklega fram að nái þetta ákvæði fram að ganga mun ráðuneytið breyta reglugerð um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins og reglugerðum um innheimtu svokallaðra sjóðagjalda. Stofnverndarsjóður mun þó starfa áfram enda á sjóðurinn umtalsverðar eignir og getur sinnt því hlutverki

sem honum er ætlað án mikilla fjárveitinga.

Ákvæði þessa frumvarps gilda ekki um útflutning á sæði eða fósturvísum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að útflutningur hrossa sé heimill án sérstakra leyfa og er það nýmæli. Í lögum nr. 84/1989, um búfjárrækt, er gert ráð fyrir að útflutningur á tímgunarhæfu búfé sé háður leyfum landbúnaðarráðuneytisins. Ástæða þess að lagt er til að aðrar reglur gildi um hross er að útflutningur er stór hluti af verðmætasköpun í hrossarækt auk þess sem hann er miklu algengari en í öðru búfé. Fjöldi kynbótagripa í landinu er mjög mikill og ekki ástæða til að ætla að það komi niður á ræktuninni þó hluti þeirra sé seldur úr landi og óþarfi er að gera það ferli of flókið. Því verður við það miðað að einungis úrvalsgripir að mati hrossaræktarnefndar séu háðir forkaupsrétti innlendra ræktenda.

Núgildandi lög gera ráð fyrir að útflutningshross skuli ekki vera eldri en 10 vetra. Þó er heimilt að flytja út eldri hross ef yfirdýralæknir mælir með því. Þar sem ekki þykir lengur ástæða til að hafa áhyggjur af velferð hrossa í flutningum er þessum aldursmörkum breytt þannig að ekki má flytja út folöld yngri en fjögra mánaða eða hross eldri en 15 vetra. Þó er gefinn kostur á að flytja úr landi eldri kynbótahross. Oft má fá gott verð fyrir fullorðin kynbótahross í útflutningi þó verðgildi og kynbótagildi þeirra sé takmarkað hérlendis. Einnig eru lagðar hömlur á útflutning hryssna sem stutt eiga eftir í köstun.

Um 2. gr.

Ákvæðin eru um margt lík þeim sem nú gilda. Lögð er af sjö daga tikynningarskylda enda eru hross nú flutt út vikulega en áður tvisvar á ári. Í reglugerð verða skilgreindar útflutningshafnir þar sem heilbrigðisskoðun getur farið fram og aðeins gert ráð fyrir minni háttar skoðun í útflutningshöfn. Í reglugerð verður nánar kveðið á um skil milli heilbrigðisskoðunar og eftirlits í útflutningshöfn. Þá er lagt til að heilbrigðisskoðun verði greidd úr útflutningssjóði af því fjármagni sem innheimt verður af útfluttum hrossum. Þar er horfið frá lagabreytingu frá 1993 og þeirri verklagsreglu sem mótast hefur undanfarin ár. Þetta er í samræmi við þá þróun að minnka hagsmunatengsl.

Til útskýringar má skipta ferlinu í fernt:

1. Skoðun á flutningsfari og aðstöðu fyrir hrossin.
2. Útlitsskoðun við flutningsfar. Gætt að skráningum, merkingum og upprunavottorðum. Undirskrift á heilbrigðisvottorð.
3. Lítils háttar heilbrigðisskoðun, framkvæmd þar sem aðstaða er góð (ekki við flutningsfar). Litið eftir að hrossið sé heilbrigt og rétt skapað.
4. Blóðtaka vegna „cogging-prófs“ og greining sýnis.

Útflutningssjóður greiðir fyrir þessa þætti en ekki aðra, svo sem akstur.

Nú er það þannig að oft eru hross skoðuð mun nánar en segir hér að ofan. Það er þá á ábyrgð seljanda og kaupenda og útflutningssjóði óviðkomandi. Hins vegar getur sú skoðun falið í sér liði 3 og 4 og þá eðlilegt að útflutningssjóður greiði útflytjanda til baka sem nemur þeim kostnaði. Þetta atriði verður nánar útfært í reglugerð.

Að endingu er það nýmæli að yfirdýralækni er heimilað að ráða dýralækni til að hafa eftirlit með útflutningi á hrossum.

Um 3. gr.

Sambærileg ákvæði eru í núgildandi lögum, en nú er gert ráð fyrir ítarlegum ákvæðum í reglugerð og skal þar miða við þá alþjóðlegu samninga um dýravernd sem Ísland er aðili að. Þessar reglur skal setja í samráði við umhverfisráðherra enda fer hann með þau málefni er varða dýravernd. Eðlilegt er að sá tími ársins sem heimilt er að nota skip við flutninga verði endurskoðaður í samræmi við bætta flutningatækni og upplýsingar úr veðurfarssögu. Áður var miðað við 1. maí en nú verður miðað við 15. apríl.

Um 4. gr.

Fyrri hluti greinarinnar um upprunavottorð er nýmæli í lögum. Ákvæði um upprunavottorð er í reglugerð um útflutning hrossa en eðlilegt er í ljósi mikilvægis þessa vottorðs að í lögum séu ákvæði um útgáfu þess. Eðlilegt er að vottorðið byggi á upplýsingum úr gagnabanka Búnaðarfélags Íslands um hrossarækt, enda geymir hann flestar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til útgáfu þess. Dýralæknir við útflutningsfar kannar hvort upprunavottorð eigi við þau hross sem koma í útflutninghöfn.

Seinni hluti greinarinnar fjallar um heimild ráðherra til að fresta útflutningi á úrvalskynbótahrossum og forkaupsrétt innlendra ræktenda á uppgefnu útflutningsverði. Bæði þessi ákvæði eru í núgildandi löggjöf. Samkvæmt 2. gr. núgildandi laga um útflutning hrossa og 14. gr. laga nr. 84/1985, um búfjárrækt, þarf sérstakt leyfi í hvert sinn sem kynbótahross er flutt úr landi, þannig að hér er um einföldun að ræða. Gert er ráð fyrir að árlega verði gefin út viðmiðunarmörk varðandi það kynbótamat/-spá sem gilda sem viðmiðun um úrvalskynbótagrip.

Um 5. gr.

Samkvæmt núgildandi reglum þarf að greiða ýmis gjöld af þeim hrossum sem flutt eru úr landi. Þar má nefna heilbrigðisskoðun, sjóðagjöld, upprunavottorð og gjald til stofnverndarsjóðs. Verði þetta frumvarp að lögum koma þessi gjöld saman í eitt gjald sem verður það sama fyrir öll hross, óháð söluverði. Gjald þetta, sem innheimt verður við útgáfu upprunavottorðs, skal standa undir heilbrigðisskoðun, útgáfu upprunavottorðs, 15% af gjaldinu renna til þeirra aðila er nú njóta búnaðarmálasjóðsgjalds, í sömu hlutföllum og nú er, auk þess sem 5% renna í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins. Jafnframt verður til sjóður sem skal nota til markaðs- og útflutningsmála. Sjóður þessi verður í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og mun ráðherra úthluta úr honum að fengnum tillögum og umsóknum. Gjaldið verður föst krónutala en breytist árlega samkvæmt vísitölu búfjárræktar, útgefinni af Hagstofu Íslands. Kostnaður við störf útflutnings- og markaðsnefndar greiðist einnig af gjaldinu.

Þessi breyting er lögð fram til einföldunar og til að fella í eitt þau gjöld sem nú eru innheimt. Hlutverk stofnverndarsjóðs hefur breyst undanfarið og nú er ekki sama nauðsyn á fjárveitingum til hans og var, auk þess sem hann á umtalsverðar eignir til að vinna með. Vinnsla upprunavottorða verður einfaldari í framtíðinni þegar til kemur samkeyrsla við gagnabanka kynbótastarfsins og fyrr hefur verið getið um ástæður þess að breyta gjaldtöku vegna heilbrigðisskoðunar. Hins vegar er enn ástæða til að efla sameiginlegt markaðsstarf og verður hluti gjaldsins notaður til þess. Þar getur m.a. komið til greina að ráða sérstakan útflutningsráðunaut eða efla samstarf við sérhæfðar stofnanir á þessu sviði.

Það getur gerst með útboði á ákveðnum þáttum kynningar og markaðsstarfs. Gert er ráð fyrir að útflutningur hrossa verði ekki minni en 2.500 hross næstu árin sem þýðir að tekjur sjóðsins verða um 20 milljónir kr. á ári.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um nefnd, útflutnings- og markaðsnefnd, sem landbúnaðarráðherra skipar. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar Búnaðarfélags Íslands, Félags hrossabænda, hrossaútflytjenda og yfirdýralæknis enda eru þetta þeir aðilar sem mest koma að ræktun og verslun með hross. Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin hefur margþætt hlutverk varðandi málefni er snerta útflutning á hrossum ásamt því að gera tillögur að reglugerð um útflutning hrossa. Með þessari nefndarskipan er fyrst og fremst verið að auka samstarf þeirra sem við þetta starfa og afla sambanda við nýja aðila sem lagt geta verkefninu lið.

Um 7. gr.

Þar sem frumvarpið er tillaga að rammalöggjöf þarf að útfæra marga þætti þess í reglugerð. Til þess verks þarf að kalla eftir tillögum margra aðila sem að þessum málum vinna.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útflutning hrossa.

Með frumvarpinu er sett ný rammalöggjöf um útflutning hrossa.

Samkvæmt frumvarpinu skal innheimta 8.000 kr. gjald á hvert útflutt hross og breytist það gjald árlega í samræmi við breytingu á vísitölu búfjárræktar. Miðað við árlegan útflutning á 2.500 hrossum er hér um 20 m.kr. tekjustofn að ræða.

Gjaldinu er ætlað að standa undir öllum kostnaði sem frumvarpinu fylgir.

236. Fyrirspurn [210. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfismál tengd sinkframleiðslu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hefur umhverfisráðuneytið eða stofnanir þess kynnt sér umhverfisáhrif hugsanlegrar sinkverksmiðju hérlendis, svo sem mengun frá slíkri verksmiðju og í innra umhverfi hennar?
2. Ef svo er, hvert er þá álit ráðuneytisins á umhverfisþáttum er tengjast slíkri verksmiðju?

Skriflegt svar óskast.

237. Svar [142. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um varnir gegn umhverfisslysum á sjó.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var í júlí 1991 til þess að bregðast við mengunarslysum á sjó hér við land?

Nefndinni er ætlað leiðbeininga-, rannsóknar- og eftirlitshlutverk, svo sem að leiðbeina framkvæmdaraðilum um hvar úrbóta sé þörf og er henni einnig ætlað að meta árangur aðgerða. Sem stendur vinnur nefndin að gerð stafræns gagnagrunns þar sem ætlunin er að fram komi upplýsingar um náttúrufar á hafsvæðinu við Ísland, upplýsingar um áhættuþætti og um viðbúnað og vöktunarsvæði.

Upplýsingar um þessa þætti þurfa að liggja fyrir þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir í tengslum við mengunarslys. Nefndin er að leggja síðustu hönd á þetta verk og mun að sögn formanns hennar senda ráðuneytinu tillögur innan fárra vikna.

Rétt þykir að árétta að það er ekki hlutverk nefndarinnar að stýra aðgerðum þegar mengunaróhöpp á sjó eiga sér stað. Það verkefni er í höndum hafnaryfirvalda, sveitarfélaganna og Siglingamálastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

2. Er til áætlun um aðgerðir
a. til að koma í veg fyrir mengun í sjó hér við land,
b. til að bregðast við mengunarslysum í sjó hér við land?

Kveðið er á um aðgerðir til að koma í veg fyrir mengun í sjó í lögum og fjölmörgum reglugerðum, svo sem lögum um varnir gegn mengun sjávar, reglum um mengun við olíubirgðastöðvar og mengunarvarnareglugerð. Hér er um að ræða lög og reglugerðir sem heyra undir umhverfisráðuneyti. Hvað varðar sérstaklega varnir gegn mengunaróhöppum frá skipum má einnig benda á lög nr. 34/1993, um leiðsögu skipa, en þau lög heyra undir samgönguráðuneytið. Samkvæmt þeim er erlendum skipstjórnarmönnum skipa, sem

flytja tiltekinn hættuleg efni, skylt að hafa íslenska leiðsögumenn um borð á siglingu milli hafna. Þar að auki er þar að finna almenna leiðsöguskyldu fyrir skip innan hafnarsvæða flytji þau tiltekinn hættulegan varning.

Siglingamálastofnun ríkisins vinnur stöðugt að endurskoðun fyrirbyggjandi aðgerða innan hafnarsvæða í samráði við Hafnasamband sveitarfélaga og einstaka hafnir. Enn fremur hefur verið starfandi starfshópur á vegum Siglingamálastofnunar ríkisins til að gera tillögur um fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn mengunarslysum.

Komið hefur verið fyrir mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins vegna olíu- og grútarmengunar. Búnaðurinn er mismunandi eftir stærð hafna og umfangi starfsemi þeirra. Viðameiri búnaði hefur verið komið fyrir í stærstu höfn í hverjum landshluta. Búnaði hefur einnig verið komið fyrir í höfnum þar sem nauðsyn ber til, svo sem vegna legu og umferðar. Stofnuð hafa verið svokölluð svæðisráð í hverjum landshluta sem annast yfirumsjón með rekstri búnaðarins, viðhaldi hans og þjálfun starfsmanna. Svæðisráðin sjá um aðgerðir vegna óhappa sem verða í höfnum. Þegar stærri óhöpp verða í höfnum sem svæðisráðin ráða ekki við og óhöpp utan hafnarsvæða annast Siglingamálastofnun ríkisins aðgerðir með aðstoð Landhelgisgæslu og eftir atvikum heimamanna.

Unnið er að gerð viðbragðsáætlana fyrir landshlutana og er gerð hennar lokið fyrir Norðurland. Þegar því verki verður að fullu lokið í öllum landshlutum, sem verður væntanlega snemma á næsta ári, telur ráðuneytið að viðbúnaður til að mæta mengunaróhöppum verði góður.

Haldinn hefur verið fjöldi námskeiða og æfinga um land allt á vegum Siglingamálastofnunar ríkisins og Landhelgisgæslunnar til að bregðast við mengunaróhöppum. Stefnt er að því að halda æfingar í hverjum landshluta a.m.k. einu sinni á ári.

Landhelgisgæslan og Siglingamálastofnun ríkisins hafa gert með sér samkomulag um eftirlit úr lofti og viðbrögð við mengunaróhöppum. Verði stórfelld mengunaróhöpp sem ekki verður ráðið við með þeim búnaði sem til er í landinu verður þegar flogið með fullnægjandi búnað frá Noregi samkvæmt samkomulagi sem gert hefur verið.

3. *Var nefndin kölluð saman vegna mengunarslyssins sem varð við Seltjarnarnes 22. september sl.?*

Nefndin kom saman eftir óhappið og fór yfir atriði málsins. Siglingamálastofnun ríkisins boðaði auk þess til fundar í samvinnu við nefndina þar sem farið var yfir málið. Hreinsiaðgerðir vegna slíkra óhappa eru hins vegar ekki í verkahring nefndarinnar, sbr. svar við 1. spurningu.

4. *Hvaða tillögur hefur nefndin lagt fram um viðbrögð við umhverfisslysum á sjó eða við strendur landsins?*

Nefndin hefur ekki lagt fram neinar tillögur enn þá eins og fram kemur í svari við 1. spurningu. Starf nefndarinnar hefur til þessa verið fólgið í gagnaöflun, úrvinnslu gagna og mótun tillagna.

5. *Hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða í framhaldi af slysinu 22. september til að bæta viðbúnað vegna slíkra umhverfisslysa?*

Ráðherra telur nauðsynlegt að eftirtalin atriði verði skoðuð sérstaklega og hafði þegar fyrir nefnt óhapp ákveðið það:

1. Hver er ábyrgð stjórnvalda og réttur til að grípa til ráðstafana þegar óhöpp vofa yfir eða eftir að þau verða, t.d. með kyrrsetningu skipa, greiðslu kostnaðar og tryggingum.
2. Við hvað á að miða þegar gerðar eru kröfur um leiðsögumenn skipa sem flytja hættulegan varning.
3. Hvernig hægt er að tryggja að hlutaðeigandi stofnanir geti brugðist við verði óhöpp, svo sem með fjárveitingum til að mæta kostnaði við aðgerðir.

Ráðherra hefur einnig gert nefnd, sem fjallar um viðbrögð við mengunarslysum á sjó, að hraða störfum við gerð áhættumats vegna stóróhappa. Ráðherra hefur einnig lagt fyrir Siglingamálastofnun ríkisins að ljúka sem fyrst gerð viðbragðsáætlana fyrir hvert svæði í samvinnu við Hafnasamband sveitarfélaga.

238. Svar [164. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Petrínu Baldursdóttur um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins hóf störf á síðasta sumri og hefur mikil eftirspurn verið eftir styrkjum til að úrelda fiskiskip. Stjórn Þróunarsjóðsins hafði 7. nóvember sl. veitt loforð um 87 úreldingarstyrki að fjárhæð um 1.515 millj. kr. Nöfn skipa, eigenda, aldur, skrásetningarnúmer, rúmlestastærð, húftryggingarmat ásamt styrkfjárhæð miðað við 45% úreldingarstyrk má sjá í töflu 1. Loforð um styrk eru greidd út að uppfylltum tilteknum skilyrðum. 7. nóvember sl. höfðu 21 aðili uppfyllt skilyrðin og fengið greidda út styrki að fjárhæð 365 millj. kr. Yfirlit yfir þá aðila má sjá í töflu 2. Engin þeirra útgerða, sem hafa fengið úreldingarstyrk greiddan út, hefur jafnframt fengið tjón, sem bætt er af vátryggingafélagi, útborgað.

Þann 7. nóvember sl. lágu 49 óafgreiddar umsóknir hjá stjórn Þróunarsjóðsins. Yfirlit yfir þær má sjá í töflu 3. Verið er að vinna að samræmdu vátryggingarmati á opnum bátum undir 10 rúmlestum og hefur því afgreiðsla þeirra tafist.

Frá síðasta stjórnarfundi hafa 63 umsóknir borist sjóðstjórn. Yfirlit yfir þær umsóknir má sjá í töflu 4.

Tafla 1.

Loforð um styrk.

Sknr.	Skip	Eigandi	Vátr. 1/1 1994	45%	Rúml.	Árg.
7	Stokksnes VE 700	Goðaborg hf., Fáskrúðsfirði	87.500.000	39.375.000	131,59	1960
177	Krossanes SU 5	Goðaborg hf., Fáskrúðsfirði	115.900.000	52.155.000	137,19	1960
210	Sigurvon SH 121	Rækjunes hf., Stykkishólmi	50.009.140	22.504.000	88,32	1961
212	Ögmundur RE 94	Ingimundur hf., Reykjavík	172.200.000	77.490.000	186,64	1960
306	Hrönn EA 258	Heiðar R. Baldvinsson, Grenivík	14.637.010	6.587.000	20,58	1963
369	Diddó AK 232	Óttar Guðlaugsson, Ólafsvík	3.208.540	1.444.000	8,22	1963
372	Kristín VE 40	Eiður Marinósson, Vestm.	5.471.420	2.462.000	11,50	1954
406	Kópur EA 325	Brynjar Baldvinsson, Dalvík	2.596.090	1.168.000	5,60	1962
409	Gæfa II VE 112	Ólafur Guðjónsson o.fl. Vestm.	1.939.800	873.000	5,42	1954
434	Ólafur GK 33	Fisknes hf., Grindavík	19.722.350	8.875.000	36,08	1945
442	Ásta VE 2	Bára hf. útgerðarfélag, Vestm.	6.576.000	2.959.000	11,41	1963
461	Glaður SU 79	Sigurður Jónsson, Djúpavogi	2.749.990	1.237.000	8,51	1962
468	Auður II AK 59	Vilhjálmur Birgisson, Akranesi	1.742.750	784.000	6,36	1962
472	Guðrún Björg II ÞH 5	Flóki hf., Húsavík	20.940.000	9.423.000	56,75	1946
477	Ragna SK 193	Þorri hf., Ólafsvík	2.100.880	945.000	6,23	1962
487	Hringur BA 201	Vesturver hf. Patreksfirði	4.352.740	1.959.000	8,18	1955
491	Dröfn RE 42	Drafnir hf. Reykjavík	3.879.610	1.746.000	11,70	1962
524	Hafliði GK 140	Hóp hf., Grindavík	5.734.070	2.580.000	10,32	1961
625	Hafborg HF 64	Ólafur Óskarsson, Reykjavík	30.377.170	13.670.000	53,91	1957
731	Grunnvíkingur ÍS 163	Byggðastofnun, Ísafirði	21.248.820	9.562.000	53,09	1945
734	Sædís ÁR 9	Hörður Jóhannsson, Eyrarbakka	18.807.340	8.463.000	34,29	1949

759	Sjöfn VE 37	Íslandsbanki hf., Vestm.	21.834.090	9.825.000	50,39	1935
778	Smári SH 221	Rækjunes hf., Stykkishólmi	18.745.020	8.435.000	62,97	1949
842	Haraldur Sæm. BA 31	Ólafur H. Haraldsson, Patreksf.	2.793.030	1.257.000	7,88	1959
872	Hallgr. Ottósson BA39	Ýmir hf., Bíldudal	18.211.720	8.195.000	15,76	1943
923	Kolbrún ÍS 74	Nökkvi hf., Ísafirði	43.984.140	19.793.000	67,54	1957
925	Katrín BA 109	Þiljur hf., Bíldudal **	30.683.580	13.808.000	69,34	1960
942	Berglind SU 3	Friðþjófur hf., Eskifirði	7.887.160	3.549.000	9,98	1939
951	Sleipnir VE 83	Sleipnir hf., Vestm.	28.380.580	12.771.000	76,90	1963
955	Rex NS 3	Árni J. Sigurðsson, Seyðisfirði	2.038.350	1.187.000	5,96	1963
1016	Erling KE 140	Saltver hf., Njarðvík	111.700.000	50.265.000	277,74	1966
1087	Farsæll SI 93	Ólafur og Pétur Guðm., Siglufirði	2.776.130	1.249.000	8,23	1969
1091	Hafbjörg VE 115	Bragi Fannbergsson ofl., Vestm.	11.150.000	5.018.000	15,02	1969
1095	Lyngey SF 61	Borgey hf., Höfn	64.100.000	28.845.000	145,72	1970
1199	Frár VE 7	Óskar Þórarinsson, Vestm.	67.300.300	30.285.000	123,80	1969
1209	Freyja GK 364	Skinney hf., Höfn	92.100.000	41.445.000	122,13	1972
1284	Bensi VE 234	Óskar Þórarinsson, Vestm.	2.887.500	1.299.000	8,12	1972
1286	Freyr SF 20	Skinney hf., Höfn	69.500.000	31.275.000	104,62	1972
1292	Haukur ÍS 195	Birna Hjaltalín Pálsdóttir, Bolungarv.	10.187.280	1.584.000	21,62	1973
1294	Sæljómi GK 150	Grétar Pálsson, Sandgerði	5.305.450	2.387.000	10,85	1973
1297	Suðurey VE 500	Ísfélag Vestmannaeyja hf., Vestm.	87.600.000	39.420.000	153,07	1973
1323	Völusteinn NK 111	Útgerðarfél. Eiður hf., Reyðarfirði	4.223.010	1.900.000	9,24	1973
1336	Stígandi VE 77	Stígandi hf., Vestm.	309.880	1.489.000	8,17	1973
1347	Jón Vídalín ÁR 1	Meitillinn hf., Þorlákshöfn	175.500.000	78.975.000	151,12	1974
1398	Sæljón SU 104	Friðþjófur hf., Eskifirði	82.300.000	37.035.000	142,19	1974
1446	Lárberg SH 275	Stöð hf., Grundarfirði	6.930.590	3.119.000	9,88	1975
1480	Bibbi Jóns	Ellen Björnsdóttir, Hafnarfirði	6.872.540	3.093.000	10,35	1977
1515	Litlanes ÞH 52	Óli Þorsteinsson, Þórshöfn	3.432.010	1.544.000	7,16	1978
1546	Guðbjörn ÁR 34	Steinar Þ. Birgisson, Reykjavík	9.911.010	4.460.000	14,51	1979
1569	Ómagi RE 13	Snorri Agnarsson, Reykjavík	2.996.010	1.348.000	5,26	1980

1608	Þór HF 6	Stálskip hf., Hafnarfirði	108.000.000	48.600.000	295,05	1974
1630	Frosti ÞH 229	Frosti hf., Grenivík	173.600.000	78.120.000	298,89	1979
1638	Klara Sveinsd. SU 50	Útgerðarfél. Akkur hf., Fáskrúðsf.	173.100.000	77.895.000	292,60	1978
1641	Hvaley SU 149	Jón Jónsson, Djúpavogi	2.164.270	974.000	4,59	1982
1648	Sæfari AK 202	Krossvík hf., Akranesi	176.100.000	79.245.000	222,76	1984
1664	Emma VE 219	Emma hf., Vestm.	152.100.000	68.445.000	81,82	1988
1671	Dísa NK 51	Sigurður Þorkelsson, Neskaupstað	2.604.670	1.172.000	4,59	1983
1690	Guðm. Benóný KE 77	Sparisjóðurinn í Keflavík	8.949.070	4.027.000	10,39	1986
1728	Sæfari SU 75	Friðrik Rósmundsson, Eskifirði	9.814.380	4.416.000	9,30	1986
1759	Fjölnir GK 157	Vísir hf., Grindavík	121.000.000	54.450.000	116,76	1982
1763	Svandís ST 11	Ólafur B. Halldórsson o.fl., Hólmav.	3.999.210	1.800.000	7,25	1987
1785	Uggi ÍS 404	Stefán Ingólfsson, Bolungarvík	5.455.430	2.455.000	5,96	1985
1793	Guðjón Eiríks BA 2	Eiríkur Hólmsteinsson, Patreksfirði	8.052.470	3.624.000	8,91	1987
1798	Aldan SH 295	Gísli Gíslason, Hellissandi	3.630.270	1.634.000	5,42	1987
1800	Rósa Björg NK 101	Daníel Gunnarsson, Egilsstaðir	4.596.690	2.068.000	7,25	1987
1805	Særif SH 702	Jóhann R. Kristinsson, Hellissandi	15.514.620	6.982.000	11,06	1987
1822	Ína SU 69	Kjartan Garðarsson o.fl., Djúpavogi	4.371.720	1.967.000	8,20	1958
1837	Hugrún AK 43	Þórður Á. Magnússon, Grundarfirði	4.715.910	2.122.000	9,35	1959
1841	Laxinn NK 71	Sigurður Ölversson, Neskaupstað	6.906.190	3.108.000	8,91	1987
1845	Húni ÍS 211	Sigurður B. Hjartarson, Bolungarvík	11.047.300	4.971.000	9,81	1987
1848	Helga Sigmars NS 6	Haraldur Sigmarsson, Seyðisfirði	13.941.350	6.274.000	9,89	1987
1889	Sigurþór GK 55	Féfang hf., Reykjavík	1.000.620	4.503.000	9,47	1987
1939	Ásberg KE 111	Hafald hf., Garði	14.244.500	6.410.000	9,72	1988
1940	Lómur HF 177	Guðmundur Svavarsson, Hafnarfirði	166.700.000	75.015.000	101,54	1988
1946	Ingibjörg II BA 402	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	10.240.000	4.592.000	8,90	1985
1953	Góa VE 30	Ægir Hafsteinsson, Vestm.	9.730.290	4.379.000	8,59	1988
1962	Maggi ÍS 197	Magnús Þorgilsson, Ísafirði	7.043.750	3.170.000	8,73	1988
1981	Máni SF 8	Guðmundur Eiríksson, Höfn	10.963.480	4.934.000	9,61	1988
1987	Árntýr VE 478	Gunnar Árnason, Vestm.	9.775.720	4.399.000	8,91	1987

2009	Eydís NS 32	Ólafur Hallgrímsson, Borgarf.
2057	Ævar BA 25	Snæbjörn Gíslason, Patreksfirði
2058	Gylfi BA 18	Aðalsteinn G.Þ. Gíslason, Patreksf.
2060	Máni II ÍS 541	Reynir Gunnarsson, Þingeyri
2114	Regin HF 228	Manus hf., Garðabæ
2123	Ásgeir Frímanns ÓF 21	Valeik hf., Ólafsfirði
2149	Mummi NK 2	Bendill hf., Neskaupstað
2168	Lísa María ÓF 26	Sædís hf., Ólafsfirði

10.908.080	4.909.000	9,61	1989
8.320.520	3.744.000	9,61	1990
11.501.860	5.176.000	9,66	1990
11.352.890	5.109.000	9,61	1990
10.562.990	4.753.000	9,76	1990
199.400.000	89.730.000	280,50	1986
78.570.730	35.367.000	69,20	1986
357.560.000	90.000.000	426,01	1988
3.523.442.080	**1.514.645.000**	**5.325,55**	

Tafla 2.

Útborgaðir úreldingarstyrkir.

Sknr.	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúml.	Árg.
369	Diddó AK- 232	Óttar Guðlaugsson, Ólafsvík	1.444	8,22	1963
409	Gæfa II VE-112	Ólafur Guðjónsson ofl. Vestm.	873	5,42	1954
461	Glaður SU-79	Sigurður Jónsson, Djúpavogi	1.237	8,51	1962
468	Auður II AK-59	Vilhjálmur Birgisson, Akranesi	784	6,36	1962
477	Ragna SK-193	Þorri hf., Ólafsvík	945	6,23	1962
487	Hringur BA-201	Vesturver hf., Patreksfirði	1.959	8,18	1955
524	Hafliði GK-140	Hóp hf., Grindavík	2.580	10,32	1961
943	Berglind SU-3	Friðþjófur hf., Eskifirði	3.549	9,98	1939
951	Sleipnir VE-83	Sleipnir hf., Vestmannaeyjum	12.771	76,9	1963
1199	Frár VE-7	Frár hf., Vestmannaeyjum	30.285	123,8	1969
1284	Bensi VE-234	Frár hf., Vestmannaeyjum	1.299	8,12	1972
1398	Sæljón SU- 104	Friðþjófur hf. Eskifirði	37.035	142,19	1974
1515	Litlanes ÞH-52	Óli Æ. Þorsteinsson, Þórshöfn	1.544	7,16	1978
1569	Ómagi RE-13	Snorri Agnarsson, Reykjavík	1.348	5,26	1980
1648	Sæfari AK-202	Krossvík hf., Akranesi	79.245	222,76	1984
1759	Fjölnir GK-157	Vísir hf., Grindavík	54.450	116,76	1982
1763	Svandís ST-111	Gunnar Jónsson ofl. Hólmavík	1.800	7,25	1987
1798	Aldan SH-295	Gísli J. Gíslason, Hellissandi	1.634	5,42	1987
2009	Eydís NS-32	Ólafur Hallgrímsson, Borgarf.	4.909	9,61	1989
2149	Mummi NK-2	Bendill hf. Neskaupstað	35.357	69,2	1986
2168	Lísa María ÓF- 26	Sædís hf. Ólafsfirði	90.000	426,01	1988
21			**365.048**	**1.283,66**	

Tafla 3.

Óafgreiddar umsóknir um styrk. Opnir bátar.

Sk. nr.	Skip	Eigandi	Vátr. 1/1 1994	45%	Rúml.	Árg.
5217	Blíðfari NS-112	Sigurður Finnbogason, Seyðisfirði	-	-	6	1955
5258	Andri SH-350	Sigurður Berntsson, Stykkishólmi	-	-	5,4	1961
5261	Sæljón II NS-204	Guðjón Guðjónsson, Vopnafirði	-	-	3	1962
5264	Eyfell ÞH-76	Jakobína Stefánsdóttir, Neskaupstað	-	-	6	1962
5375	Guðrún Björg EA-1	Sæbjörg hf., Grímsey	-	-	4	1973
5388	Guðrún EA-144	Jóhannes Magnússon, Grímsey	-	-	4	1960
5393	Sindri EA-160	Þorvaldur Baldvinsson, Dalvík	-	-	5	?
5459	Maggi ÞH-338	Þorgeir Þorvaldsson, Húsavík	-	-	4	1961
5545	Dröfn NK-31	Hjörtur Arnfinnsson, Neskaupstað	-	-	5	1972
5551	Nökkvi BA-82	Guðni Jónasson, Vesturbyggð	-	-	4	1972
5555	Gyllir NK-49	Hjörtur Árnason, Neskaupstað	-	-	4	1972
5556	Gustur NK-50	Ásdís Hannibalsdóttir, Neskaupstað	-	-	5,5	1953
5557	Enok NK-45	Kristján Vilmundarson, Neskaupstað	-	-	4	1961
5772	Gauja GK-9	Hafdal hf., Hafnarfirði	-	-	3	1963
5813	Góa NK-78	Gísli hf., Reykjavík	-	-	3,66	1977
5852	Haförn ÞH-171	Ásþór Sigurðsson, Húsavík	-	-	4	1953
5872	Ver AK-97	Steindór Oliversson, Akranes	-	-	4	1978
5895	Ásdís ÍS-130	Björgvin Eyþórsson, Akranesi	-	-	4	1978
6014	Mímir NK-100	Einar G. Guðmundsson, Neskaupstað	-	-	3	1979
6049	Billa BA-75	Hannes Kristjánsson, Tálknafirði	-	-	7	1978
6081	Herdís ÓF-15	Matthías Sæmundsson, Ólafsfirði	-	-	4	1980

6107	Rún SU-14	Jón Á. Stefánsson, Mjóafirði	-	-	5,15	1980
6135	Kristín HF-165	Kristín H. Þorsteinsdóttir,	-	-	5	1980
6184	Glímir GK-174	Meinert J. Nilssen, Njarðvík	-	-	3	1981
6294	Hafrún EA-84	Haraldur Jóhannsson, Grímsey	-	-	6	e1989
6300	Selma HF-130	Selma s.f., Garðabæ	-	-	9	1983
6315	Gola SH-218	Sigfinnur Mikaelsson, Seyðisfirði	-	-	2	1982
6359	Jón GK-761	Sigrún Stefánsdóttir,Vogum	-	-	3	1981
6456	Rúna SH-2	Guðmundur K. Pálsson, Suðurey	-	-	5	1983
6502	Svanborg ÓF-13	Árni Sæmundsson, Ólafsfirði	-	-	4	1983
6602	Freyr II GK-177	Eidi hf., Njarðvík	-	-	7	1985
6642	Kristján KE-21	Gunnar H. Garðarsson, Garði	-	-	7	1984
6796	Glampi GK-9	Sveinlaugur Hannesson, Vogar	-	-	9	1984
6808	Máni RE-43	Hannes Sigurðsson, Reykjavík	-	-	5	1986
6810	Dagga DA-11	Skarðsstöð h.f., Búðardal	-	-	6	1986
6848	Valgerður ÍS-344	Ingi Magnfreðsson, Ísafirði	-	-	6	1987
6954	Digranes NS-124	Marinó Jónsson, Bakkafirði	-	-	5,68	1987
6964	Helgi ÞH-124	Fagranes h.f., Þórshöfn	-	-	8	1987
7034	Sæunn SF-155	Gunnar Þ. Guðmunds. , Hornafirði	-	-	6	1987
7042	Úlfar SU-185	Sigurður Úlfarsson, Fáskrúðsfirði	-	-	6	1987
7100	Óla Gísla SF-45	Gísli Þorvaldsson, Reykjavík	-	-	8	1988
7136	Frigg BA-4	Ársæll Egilsson, Tálknafirði	-	-	6	1988
7140	Grímur kafari SK-	Þorvaldur Steingrímsson, Sauðárkróki	-	-	9	1988
7187	Gunna Beta ÍS-17	Ásgeir Salómonsson, Ísafirði	-	-	4	1989
7215	Norma VE-91	Haforka hf., Ólafsfirði	-	-	9	1990
7257	Ólöf ÞH-300	Hermann Daðason, Akureyri	-	-	9	1983
7280	Inga HF-164	Sigmar Æ. Björgvinsson, Seltjarnarnes	-	-	6	1987
47			-	-	**251,39**	

Tafla 4.

Nýjar umsóknir um styrk. Þilfarsbátar (fyrirvari er um styrkfjárhæðir).

Sk. nr.	Skip	Eigandi	Vátr. 1/1 1994	45%	Rúml.	Árg.
241	Hrönn SH-21	Enni hf., Ólafsvík	40.200.000	18.090.000	104,02	1963
364	Fróði BA-81	Símon Fr. Símonarson, Patreksfirði	-	-	7,16	1963
506	Gylfi NK-40	Oddur Þ. Sveinsson, Reykjavík	1.719.350	774.000	5,35	1961
537	Sæborg BA-77	Vesturver hf., Patreksfirði	10.693.070	4.812.000	21,23	1961
579	Hrefna ÍS-202	Sigurvin Magnússon, Suðureyri	1.603.300	721.000	7,25	1961
592	Valur RE-7	Valur hf., Reykjavík	6.131.870	2.759.000	10,1	1962
847	Tindur SH-179	Bergsveinn Jóhannesson, Ólafsvík	7.641.480	3.439.000	14,72	1962
963	Júlíus ÁR-111	Hólmar V. Gunnarsson, Þorlákshöfn	37.942.380	17.074.000	75,12	1963
995	Björgvin Már BA 22	Jóhannes S. Haraldsson, Reykhólum	3.212.700	1.446.000	9,3	1965
1057	Gunnar ÞH-34	D. b. Jóhanns Stefánssonar, Grenivík	1.698.990	765.000	5,67	1956
1077	Þorri GK-183	Útg.fél. Barðinn hf., Kópavogi	80.700.000	36.315.000	202,03	1969
1112	Vinur SH-1	Guðmundur Jóhannesson, Grundarfirði	-	-	6,79	1970
1155	Hafnartindur SH 49	Sigurður Guðnason o. fl., Hellissandi	5.284.780	2.378.000	11,08	1971
1179	Ingimundur gamli	Útgerðarfél. Þórdís hf., Blönduósi	50.300.000	22.635.000	102,62	1971
1195	Egill BA-468	Flói hf., Patreksfirði	18.518.500	8.333.000	22,64	1971
1282	Hugborg SH-87	## Bergmundur Ögmundsson ofl. Ólafsvík	-	-	28,51	1972
1368	Silla NK-42	Sildarvinnslan hf., Neskaupstað	3.448.990	1.552.000	8,54	1974
1382	Lundey II ÞH-351	Kristbjörn Árnason, Húsavík	2.038.350	917.000	6	1974
1535	Dögg SU-129	Sveinbjörn Þórarinsson, Reyðarfirði	3.009.800	1.354.000	5,64	1979
1570	Sæunn ÓF-7	Ásgeir Ásgeirsson, Ólafsfirði	4.299.000	1.935.000	9,5	1980

1613	Leynir AK-9	Birgir Jónsson, Akranesi
1651	Snæfari GK-186	Júlíus Stefánsson, Kópavogi
1677	Pálmi RE-48	Faxaberg sf., Hafnarfirði
1700	Assa KÓ-12	Sigursteinn Óskarsson, Mosfellsbæ
1786	Abba GK-247	Stefán Albertsson, Vogum
1839	Friður RE-286	Ólafur Karlsson, Garðabæ
1843	Jón Þór NK-44	Sólheim hf., Neskaupstað
1857	Elsa SU-216	Albert Ó. Geirsson, Stöðvarfirði
1870	Jón Geir EA-7	Stefán Stefánsson, Dalvík
1886	Freygerður ÓF-18	Sigursveinn H. Þorsteins. Ólafsfirði
1908	Guðm. Ásgeirs ÍS 8	Þ. b. Skipasmíðast. Marselíusar hf.
1929	Jói á Nesi SH-159	Pétur F. Karlsson, Reykjavík
2038	Haukafell SF-111	Haukafell hf., Höfn, Hornafirði
2037	Hafrún NS-222	Magnús Þorsteinsson, Borgarf. Eystra
2122	Bogga HF-272	Trefjar hf., Hafnarfirði

5.761.960	2.593.000	8,59	1982
172.900.000	77.805.000	221,97	1984
3.375.380	1.519.000	5,7	1980
3.233.410	1.455.000	6,68	1985
6.660.340	2.997.000	9,62	1987
7.551.540	3.398.000	8,91	1987
9.222.350	4.150.000	8,91	1987
10.381.800	4.672.000	9,63	1987
8.629.220	3.883.000	8,91	1987
7.346.800	3.306.000	8,91	1987
7.839.530	3.528.000	8,9	1984
11.026.510	4.962.000	13,46	1990
224.600.000	90.000.000	161,6	1990
8.898.130	4.004.000	6,65	1989
11.472.070	5.162.000	9,61	1990
777.341.600	**320.643.000**	**1161,32**	

Nýjar umsóknir um styrk. Opnir bátar.

Sk.nr.	Skip	Eigandi	Vátr. 1/1 1994	45%	Rúml.	Árg.
5012	Vorfari SU-151	Hörður Davíðsson, Efri-Vík	-	-	3	????
5017	Sigursæll AK-87	Einar Árnason, Akranesi	-	-	7	1955
5083	Hringur BA-3	Gunnar Guðmundsson, Barðaströnd	-	-	3	1955
5131	Votanes ÞH-209	Sveinbjörn Jóensen, Þórshöfn	-	-	4	1953
5210	Lundi NS-53	Eiríkur Ólafsson, Hafnarfirði	-	-	4	1963
5294	Hafdís SK-98 #	Hafsteinn Oddsson, Sauðárkróki	-	-	3	1973
5245	Búi BA-230	Kristinn Jónsson, Hafnarfirði	-	-	4	1955
5354	Búbót NK-118	Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	-	-	4	1971
5533	Dóra SU-180	Kjartan M.Pétursson, Eskifirði	-	-	4	1955
5536	Elín NK-12	Þórður Sveinsson , Reyðarfirði	-	-	3	1969
5572	Dröfn NS-17	Guðjón S.Sveinsson, Vopnafirði	-	-	5	1955
5599	Már NK-91	Heiðar Sveinsson, Neskaupstað	-	-	3	1972
5603	Örn SK-60 #	Sigurður Finnbogason, Seyðisfirði	-	-	4	1970
5625	Alli Árna SU-46	Jóhann S.Steindórsson, Breiðdalsvík	-	-	4	1971
5640	Ingvar II SU-96	Jón Finnbogason, Fáskrúðsfirði	-	-	2	1967
5682	Helen SH-103	Bjarni Þórðarson, Hellissandi	-	-	6	1955
5748	Auðunn ÁR-47	Haukur Jónsson, Eyrarbakka	-	-	3	1960
5823	Vinur HF-468	Páll J. Egilsson, Hafnarfirði	-	-	4	1975
5985	Straumur KE-104	Jón E. Sæmundsson, Keflavík	-	-	2	1979

6065	Draupnir BA-40	Guðrún Brynjarsdóttir, Neskaupstað	-	-	10	1961
6122	Axel KE-71	Valdimar Axelsson, Keflavík	-	-	3	1980
6185	Elsa KE-117	Halldór Dagsson, Garði	-	-	5	1981
6205	Auður RE-127	Sigdór Ó. Sigmarsson, Reykjavík	-	-	4	1981
6321	Tjaldur EA-924	Guðmundur Haraldsson, Grímsey	-	-	4	1982
6356	Hugborg HF-14	Sigursteinn Óskarsson, Mosfellsbæ	-	-	6	1982
6604	Svanur SU-155	Kjartan L. Pétursson, Eskifirði	-	-	5	1985
6665	Helgi ÞH-93	Heimir Ingvason, Arnórsstöðum	-	-	5	1985
6704	Magnús SU-77	Birgir Guðmundsson, Djúpavogi	-	-	4,45	1985
6818	Rafn SH-86	Ögmundur Pétursson, Arnarstapa	-	-	5,73	1986
6884	Sævi GK-44	Plastverk hf., Sandgerði	-	-	7	1983
6991	Kvika ÞH-345	Héðinn Sverrisson ofl., Mývatn	-	-	9	1987
7008	Ægir Adólfsson ÞH	Björgólfur Björnsson, Ólafsvík	-	-	8	1988
7148	Hængur VE-87 ##	Svanur Þ. Eyþórsson, Reykjavík	-	-	9	1987
33			-	-	**157,18**	

\# ekki með veiðileyfi

\## fékk veiðileyfi 19/10 1994

239. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er þríþættur: að stuðla að gróðurvernd, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp örfoka og lítt gróið land.

Við framkvæmd laganna skal byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri landsins.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að fyrir liggi jákvæð umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Sé nauðsyn talin á skulu þessir aðilar í samvinnu við Landgræðslu ríkisins beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund, einkum með tilliti til þess hvort hætta sé á að hún valdi röskun á lífríkinu þannig að vegið sé að fjölbreytni þess og náttúrulegum gróðursamfélögum.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

3. gr.

Síðari málsgrein 40. gr. laganna verður svohljóðandi:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins ber ásamt Landgræðslu ríkisins að leita nýrra leiða við uppgræðslu lands og gera rökstuddar tillögur um plöntutegundir sem vænlegar gætu orðið til landgræðslu, enda falli þær að ákvæðum laga þessara um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda.

4. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslu ríkisins, eða öðrum aðilum, er heimilt að fjölga plöntum af þeim tegundum sem ákveðið hefur verið að nýta til landgræðslu á grundvelli laga þessara.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og Líffræðistofnun Háskóla Íslands leggja mat á hvort einhverjar tegundir, sem nú eru notaðar til landgræðslu, falli ekki að alþjóðlegum skuldbindingum og lagaákvæðum um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og verndun náttúrulegra gróðurlenda og skila um það áliti til ráðherra fyrir árslok 1995. Landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra skulu fjalla sameiginlega um álitið og gefa út fyrirmæli til Landgræðslu ríkisins á grundvelli þess.

II.

Landbúnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum, og leggja fram á Alþingi frumvarp að nýjum lögum um gróðurvernd og landgræðslu eigi síðar en haustið 1996.

Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er á gróðurvernd og landgræðslu hérlendis. Núverandi ásýnd gróðurlenda og jarðvegs er öðru fremur afleiðing búsetunnar. Gróður- og jarðvegsvernd og rannsóknir á því sviði þurfa að verða meðal forgangsmála. Veruleg reynsla er fengin af starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins á þessari öld sem og af starfi áhugamanna. Breyttir búskaparhættir og auknir möguleikar á stjórnun beitar og friðun stórra landsvæða fyrir beit skapa nýja möguleika sem þarf að hagnýta skipulega til að endurheimta landgæði. Í því starfi þarf að beita bestu tiltækri þekkingu á vistkerfum landsins og auka við hana með rannsóknum. Alþjóðleg reynsla og þekking getur einnig orðið að liði en aðlaga þarf hana aðstæðum hér á landi.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu.

Það frumvarp, sem hér er flutt um breytingu á lögum um landgræðslu, snertir aðallega notkun innfluttra plantna í landgræðslu. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þeim þætti og því er hér um nýmæli að ræða. Markmiðið með frumvarpinu er að reynt verði að tryggja að notkun innfluttra plantna í þessu skyni falli að stefnu um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Eins og nú háttar má segja að hver og einn geti tekið sér sjálfdæmi um að breyta gróðurríkinu að eigin geðþótta, t.d. á afréttum.

Lokið var við gerð alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni í Rio de Janeiro 5. júní 1992 og heimilaði Alþingi fullgildingu hans með þingsályktun 6. maí 1994. Ýmis ákvæði í samningnum varða efni þessa frumvarps og er þau m.a. að finna í 6.–9. gr. hans. Í 8. gr. samningsins er fjallað um vernd upprunalegs umhverfis og segir þar m.a.: „Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær.“

Álit starfshóps um umhverfismál og landbúnað.

Í áliti starfshóps um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði, sem skilaði í maí 1994 skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir, segir m.a. í kafla um innflutning plantna:

„Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins. ... Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig."

Í starfshópnum áttu sæti 19 fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka; formaður hans var Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti. Í tillögum hópsins um aðgerðir segir m.a.:

„Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. ... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evróputáðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst."

Þessi kafli úr áliti starfshópsins er birtur í heild sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Skaðleg röskun vegna innflutnings tegunda.

Í erindum, sem flutt voru á ráðstefnu um innflutning plantna sem Líffræðifélag Íslands, Landgræðsla ríkisins og fleiri stofnanir efndu til 21. mars 1994, kom fram margvíslegur fróðleikur um þetta efni. Auk margra innlendra fyrirlesara flutti bandarískur prófessor, Richard N. Mack frá Washington State University, erindi um innflutning plantna til Bandaríkjanna og fleiri landa. Hann rakti dæmi um reynslu af slíkum innflutningi og tilgreindi margar tegundir í því sambandi. Ályktunarorð hans voru að reynslan af slíkum innflutningi sýni ljóslega að vandlega þurfi að meta hugsanlegar neikvæðar afleiðingar, ekki síður en jákvæðar, af sérhverri framandi plöntutegund áður en hún er tekin í notkun.

Hér verða nefnd örfá dæmi af mörgum um að innflutningur og dreifing aðfluttra plöntutegunda geti haft meiri háttar áhrif á umhverfið:

— Trjátegundin Myrica faya á Hawaii, en hún bindur köfnunarefni líkt og lúpína.
— Runninn Mimosa pigra af belgjurtaætt, en hann barst frá Mið-Ameríku til Ástralíu og hefur frá 1950 breiðst út á flóða- og votlendissvæðum í norðanverðri Ástralíu.
— Jurtin Heracleum mantagazzianum af sveipjurtaætt sem á heimkynni í vestanverðu Kákasus en hefur borist til margra Evrópulanda og veldur þar miklum vandræðum, meðal annars í Svíþjóð.
— Jurtin Lythrum salicaria sem barst til Norður-Ameríku snemma á 19. öld og hefur síðan breiðst út um stór landsvæði þar sem hún leggur undir sig votlendi. Innflutningur hennar og dreifing er nú bönnuð í 13 ríkjum Bandaríkjanna.
— Eucalyptus-tré í Thailandi sem flutt var þangað frá Ástralíu til nota sem hráefni í pappírsiðnaði. Tegundin er mjög hraðvaxta, frek til vatns og kæfir meginhluta undirgróðurs.
— Runnar og jurtir sem flutt hafa verið til Nýja-Sjálands, svo sem Ulex europeus, Cytisus scoparius og Hieracium pilosella, en aðstæðum á Nýja-Sjálandi svipar um sumt til þess sem er hér á landi vegna mikilla beitaráhrifa.

Innfluttar tegundir á Íslandi — áhrif Alaskalúpínu.

Sem dæmi um innfluttar tegundir hérlendis, sem dreifa sér hratt og vaxa þétt og geta kæft annan gróður, má nefna Alaskalúpínu (Lupinus nootkatensis), spánarkerfil (Myrrhis odorata) og skógarkerfil (Anthriscus sylvestris).

Hér á landi hefur mest umræða og deilur orðið um Alaskalúpínu og notkun hennar til landgræðslu. Tegundin var flutt hingað til lands frá Alaska árið 1946 og var fyrst í stað dreift á nokkrum skógræktarsvæðum. Plantan er afar öflug og bindur köfnunarefni úr lofti með aðstoð rótargerla. Nú er hana að finna víða á landinu og Landgræðsla ríkisins hefur hafið fjölgun á henni í stórum stíl til nota í landgræðslu. Rannsóknir á vistfræði og útbreiðsluháttum Alaskalúpínu á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Borgþór Magnússon o.fl.) hafa m.a. leitt í ljós að hún breiðist ekki aðeins út á bersvæði heldur einnig á grónu landi (mosaþembum, mólendi, blómlendi, snjódældum og hraunum). Í erindi á fyrrgreindri ráðstefnu, ráðstefnu Líffræðifélags Íslands um innflutning plantna, sagði Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur m.a.:

„Gróðurframvinda í lúpínubreiðum er mjög breytileg. Á Suðurlandi ber víða á mosum, vallarsveifgrasi, blásveifgrasi og túnvingli. Plöntutegundunum fækkar yfirleitt til muna þar sem lúpínan breiðist yfir land, einkanlega ef um gróið land er að ræða.

Óvíða sjást merki um að lúpínan hafi hörfað af landi en víða hefur hún gisnað talsvert. Dæmi um algjöra hörfun eru aðeins af litlum blettum á þremur til fjórum stöðum. Í Múlakoti í Fljótshlíð er lúpínan enn í miklum þrótti eftir 40 ár. Eindregnust merki um gisnun eru frá þurrum svæðum í innsveitum á Norðurlandi. Fræforði er talsverður í jarðvegi í gömlum lúpínubreiðum. Gera má ráð fyrir að lúpínan verði víða viðvarandi í gróðri."

Á Kvískerjum í Öræfum var Alaskalúpína sett niður í brekku við bæinn sumarið 1954 og hafa Kvískerjabræður fylgst náið með útbreiðslu hennar síðan. Um plöntuna segir Hálfdán Björnsson í viðtali við DV 19. júlí sl.:

„Ég held mikið upp á lúpínu þar sem hún má vera en hins vegar er ég alveg í vandræðum með hana þar sem hún má ekki vera og fer út fyrir. Hún er ákaflega gjörn á að fara um allt með vatni og jafnvel vindum.

Þetta er alveg ódrepandi jurt þar sem hún nær fótfestu og ég held að menn átti sig ekki alltaf á því að lúpínan útrýmir öðrum jurtum og getur verið stór skaðvaldur. Og það er mjög varasamt að planta henni innan um annan gróður þar sem fé nær ekki til.

Ýmsum sögum fer reyndar af því hvernig jurtin fer í sauðfé en sjálfur hef ég orðið var við að rollur hafi orðið „drukknar" eftir að hafa étið lúpínur. Sauðfénaðurinn náði þó alveg að jafna sig eftir „drykkjuna" en rollurnar eru ekki síst hrifnar af ungplöntum.

Ég er ekki frá því að Landgræðslan hafi litið á lúpínur sem patentlausn en jurtin má vissulega vera í friði á ákveðnum svæðum eins og á Mýrdalssandi þar sem er lítill manngróður. Þar getur hún átt rétt á sér.

Það þarf hins vegar að passa vel upp á lúpínur og að þær renni ekki út um allt. Hún hefur breiðst mjög mikið út hin seinni ár og er enn þá að breiðast út. Það vantar t.d. að hafa varanlegar leiðbeiningar með fræjunum þegar þau eru seld en plantan er mjög öflug og hún er í engum vandræðum með að breiðast út um allt."

Hörður Kristinsson grasafræðingur sagði m.a. um Alaskalúpínu á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1994:

„Það er tegund sem við verðum að læra að umgangast með varúð. Svo ágæt sem hún er til að græða sanda og mela og bæta rýran jarðveg, þá er hún jafnframt mjög hættuleg íslenskum gróðurlendum, ef hún fær lausan tauminn. Þar sem hún sáir sér í gróðurlendi eyðir hún flestum þeim tegundum sem fyrir eru. Það er því ófyrirgefanlegt kæruleysi, þegar verið er að hvetja almenning til þess að dreifa lúpínu sem víðast um gróðurlendi Íslands."

Vandamál vegna lúpínu eru þekkt víðar en hér á landi. Önnur lúpínutegund, Lupinus arboreus, hefur breiðst hratt út í framandi umhverfi, svo sem á strandsvæðum við Humboldt Bay í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Hér er ekki lagt til að notkun lúpínu til landgræðslu verði bönnuð fyrir fullt og allt, heldur að notkun hennar verði endurmetin og mörkuð um það stefna við hvaða aðstæður forsvaranlegt sé að nýta hana. Jafnframt verði ráðist í frekari rannsóknir er varða vistfræði hennar og áhrif á umhverfið.

Heildarendurskoðun laga um landgræðslu.

Frumvarpið, sem hér er flutt, felur í sér breytingu á þremur greinum núgildandi laga um landgræðslu auk þess sem bætt er við nýju ákvæði um notkun innfluttra plöntutegunda í landgræðslu.

Ákvæði til bráðabirgða eru tvíþætt. Hið fyrra varðar mat á þeim tegundum sem nú eru notaðar til landgræðslu, það síðara gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að endurskoða í heild lög nr. 17/1965, um landgræðslu.

Lögin um landgræðslu eru að stofni til nær 30 ára gömul og viðhorf til gróðurverndarmála hafa breyst mikið frá þeim tíma og þekkingu hefur fleygt fram. Nægir að minna á þá byltingu í viðhorfum til náttúruverndar sem síðan er orðin og að lítið var farið að huga að gróðurvistfræði hérlendis á þeim tíma. Þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji sig geta bent á ýmislegt sem betur mætti fara til viðbótar því sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu þykir rétt að fleiri komi að heildarendurskoðun laganna. Hér verður aðeins bent á nokkur atriði sem augljóslega þurfa athugunar við í slíkri endurskoðun:

— Skipan gróðurverndarmála og landgræðslu í stjórnkerfinu.
— Tengsl við stofnanir er fjalla um skógrækt og skógvernd.
— Innra skipulag í málaflokknum, m.a. tengsl við skipulagsmál almennt.
— Menntunarkröfur til starfsmanna.
— Tilhögun rannsókna- og þróunarstarfs og yfirstjórn þess.
— Svæðisbundin tengsl í stað eða til viðbótar núverandi gróðurverndarnefndum.
— Stjórn yfir Landgræðsluna sem stofnun.
— Áætlanagerð og annar undirbúningur landgræðsluaðgerða, þar á meðal mat á umhverfisáhrifum og fyrirhuguð landnotkun.
— Fjármögnun fyrir málaflokkinn, tengd framkvæmdaáætlun.
— Samningar og tengsl við umráðaaðila yfir landi og sveitarfélög.
— Skilyrði fyrir styrkjum til landgræðslu og meðferð lands í kjölfar aðhlynningar.
— Beitarmálefni, þar með talin lausaganga sauðfjár og hrossa.
— Verndun jarðvegs og gróðurs, þar á meðal tengsl við rannsóknaraðila.
— Almennt eftirlit með jarðvegi og gróðri.
— Áætlanir um rannsóknaþörf og fjármögnun rannsókna.
— Tengsl og samstarf við frjáls félagasamtök.

Æskilegt er að hraða setningu nýrrar löggjafar um gróðurvernd og landgræðslu þar eð margþætt verkefni blasa við á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á markmiðsgrein laganna, 1. gr.

Meginefnisbreyting sem lögð er til í fyrri málsgrein frumvarpsins er að bætt er við þriðja markmiðinu; að stuðla skuli að gróðurvernd. Með því er átt við að eitt af meginmarkmiðum með lögunum verði að hlúa að þeim gróðri sem fyrir er og vernda hann gegn ofnýtingu. Þá er lagt til að uppsetningu greinarinnar verði breytt og að í stað orðanna „eydd" og „vangróin", sem þykja óljós og of matskennd, komi orðin „örfoka" og „lítt gróið" en þau þykja lýsa betur því ástandi sem réttlætir beinar landgræðsluaðgerðir.

Í síðari málsgrein er lagt til að við markmiðsgrein laganna verði bætt nýrri málsgrein þar sem fram koma þau grundvallaratriði sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að áður en ráðist verði í framkvæmdir skuli liggja fyrir vistfræðileg þekking og að aðgerðir skuli að öðru leyti byggjast á varúðarreglu sem er m.a. skilgreind í formála alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni (samningurinn öðlaðist þjóðréttarlegt gildi með samþykki Alþingis 6. maí 1994) með eftirfarandi orðum: „. . . þar sem hætta er á umtalsverðri rýrnun eða tjóni á líffræðilegri fjölbreytni ætti ekki að nota ónóga vísindalega þekkingu sem tilefni þess að fresta aðgerðum til að forðast eða draga eins mikið úr þeirri hættu og mögulegt er". Hins vegar er lagt til að aðgerðir skuli miða að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri og er það í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, sbr. m.a. samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að á eftir 5. gr. laganna komi ný grein þar sem kveðið er á um skilyrði þess að innflutt plöntutegund verði tekin til notkunar í landgræðslu hér á landi. Þetta ákvæði er í samræmi við breytingar sem lagt er til að gerðar verði á markmiðsgrein laganna. Lagt er til að m.a. skuli leitað álits þeirra stofnana sem hafa annast rannsóknir á þessu sviði. Þá er talið mikilvægt að Náttúruverndarráð, sem gegnir lögbundnu hlutverki á sviði gróðurverndar og fer m.a. með yfirstjórn friðlýstra svæða og þjóðgarða hér á landi, komi að ákvörðunum í þessu efni. Þá er einnig lagt til að þessir aðilar geti átt frumkvæði að því að gerðar verði rannsóknir áður en tekin er ákvörðun um að taka til notkunar í landgræðslu nýjar plöntutegundir. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra frekari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Um 3. gr.

Lagt er til að síðari málsgrein 40. gr. laganna, sem fjallar um rannsóknir, verði breytt á þann veg að Rannsóknastofnun landbúnaðarins komi, auk Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, að athugunum á nýjum leiðum við uppgræðslu lands og plöntutegundum til landgræðslu. Eðlilegt er að nýta í þessu skyni þá þekkingu og aðstöðu sem Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins býr yfir.

Um 4. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 41. gr. laganna, eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að fleiri en Landgræðslu ríkisins verði heimilað að annast fjölgun plantna sem ákveðið hefur verið að taka til landgræðslu. Er talið eðlilegt að fleiri en Landgræðslan geti stundað þá starfsemi. Þá er lagt til að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra reglur þar sem kveðið er á um framkvæmd, m.a. um þau skilyrði sem viðkomandi aðilar þurfa að uppfylla og eftirlit með starfsemi þeirra.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um skýringu vísast til greinargerðar með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Starfshópur um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði:

Úr skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir.

(Maí 1994.)

Skipun starfshóps.

Með bréfi, dags. 14. september 1993, skipaði umhverfisráðherra starfshóp sem skyldi hafa það hlutverk að skilgreina sjálfbæra þróun í landbúnaði og setja honum markmið til lengri og skemmri tíma. Jafnframt átti hópurinn að vinna framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum til aldamóta sem miði að því að ná settum markmiðum. Eftirtaldir aðilar sátu í hópnum:

Fulltrúi	*Tilnefndur af*
Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður	landbúnaðarráðuneyti
Andrés Arnalds	Landgræðslu ríkisins
Árni Bragason	Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins
Árni Ísaksson	Veiðimálastofnun
Árni M. Mathiesen	Alþingi/umhverfisnefnd
Árni R. Árnason	Alþingi/landbúnaðarnefnd
Baldvin Jónsson	Lífi og landi
Brynjólfur Jónsson	Skógræktarfélagi Íslands
Guðrún A. Jónsdóttir	Náttúrverndarráði
Halldór Þorgeirsson	RALA
Hjörleifur Guttormsson	Alþingi/umhverfisnefnd
Hreggviður Norðdahl	Landvernd

Fulltrúi	*Tilnefndur af*
Jóhannes Geir Sigurgeirsson	Alþingi/landbúnaðarnefnd
Lísa Thomsen	Kvenfélagasambandi Íslands
Magnús B. Jónsson	Bændaskólanum Hvanneyri
Ólafur R. Dýrmundsson	Búnaðarfélagi Íslands
Páll Hersteinsson	veiðistjóraembætti
Þórir Ibsen	umhverfisráðuneyti
Þórólfur Sveinsson	Stéttarsambandi bænda

Starfsmaður hópsins var Guðlaugur Gauti Jónsson, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Innflutningur plantna.

Fjöldi tegunda hefur verið fluttur til landsins á þessari öld til notkunar í túnrækt, garðrækt, skógrækt og landgræðslu. Skógrækt byggir að töluverðu leyti á notkun innfluttra tegunda auk þess sem innfluttar tegundir eru uppistaðan í garðrækt. Aukin sumarhúsaeign hefur aukið til muna hættuna á því að innfluttar tegundir breiðist út frá görðum.

Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins.

Með vistfræðilegum rannóknum er hægt að afla vísbendinga um hvort innflutningur og notkun tegundar er æskileg, en afstaða til notkunar á innfluttum tegundum byggist að hluta til á fagurfræðilegum sjónarmiðum sem gerir hlutlægt mat á faglegum grunni erfiðara.

Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar „Á leið til sjálfbærrar þróunar" er varað við hættu sem steðji að íslensku flórunni vegna erfðablöndunar við innfluttar tegundir. Fátítt er að til landsins sé flutt fræ af tegundum sem náskyldar eru innlendum tegundum eða af staðbrigðum tegunda sem fyrir eru í landinu og er erfðablöndun því ólíkleg. Áhyggjuefnið er fremur það að tegund, sem er eðlilegur hluti af vistkerfi upprunalandsins, geti orðið ríkjandi hér á landi og rutt úr vegi innlendum gróðri.

Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig.

Markmið.

Hugsanlegir kostir innfluttra tegunda verði nýttir ef tryggt er að plönturnar skaði ekki íslenskt gróðurlendi eða hafi neikvæð áhrif á ásýnd landsins.

Aðgerðir:

1. Vistfræðirannsóknir á íslenskum gróðurlendum verði efldar.
2. Eiginleikar innfluttra tegunda og tegunda sem til stendur að flytja inn verði rannsakaðir með tilliti til dreifingarleiða, dreifingarhraða, samkeppnishæfni og aðlögunar að íslenskum vaxtarskilyrðum.

3. Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. Tryggt verði að slíkur innflutningur leiði ekki til þess að sjúkdómar eða meindýr berist til landsins.
4. Settar verði reglur um notkun á innflutttum tegundum. Þar verði tilgreint við hvaða aðstæður notkun þeirra eigi við og bent á afleiðingar þess að dreifa þeim á svæðum þar sem þær eiga ekki heima, svo sem í þjóðgörðum.
5. Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkt Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst.

240. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [212. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Efna skal til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Um skipan þingsins og störf fer samkvæmt sérstökum lögum. Þingið skal koma saman eigi síðar en 1. júní 1995.

Þegar þingið hefur afgreitt frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga skal bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins. Nái tillagan samþykki skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gild stjórnarskipunarlög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I. Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur nú staðið í rúma fimm áratugi. Sú stjórnarskrárnefnd, sem nú er að störfum, er í reynd sú fimmta sem unnið hefur að endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því að ákveðið var að slíta sambandinu við Danmörku og stofna lýðveldi 1944. Sú fyrsta var kjörin af Alþingi árið 1942 og vann að nauðsynlegustu breytingum vegna lýðveldisstofnunarinnar 1944. Árið 1945 skipaði Alþingi svo 12 manna endurskoðunarnefnd til ráðuneytis eldri nefndinni. Alþingi ákvað enn árið 1947 að skipa nýja nefnd sjö manna. Þá höfðu hinar nefndirnar ekki lokið störfum og féll umboð þeirra til starfans niður. Nefndin frá 1947 starfaði í nokkur ár en ekki tókst henni að ljúka störfum. Næst var kjörin stjórnarskrárnefnd árið 1972 og lauk hún ekki störfum frekar en hinar fyrri.

Fimmta stjórnarskrárnefndin var skipuð 1978 og situr hún enn að störfum. Skilaði hún skýrslu til þingflokkanna í janúar 1983 sem hafði að geyma tillögur að nýrri stjórnarskrá. Þar var tekið á öllum þáttum stjórnarskrárinnar nema kjördæmaskipuninni. Nefndin taldi sig þó eiga eftir að fjalla betur um ýmsa þætti, svo sem eignarréttarákvæði og mannréttindi sem ágreiningur var um innan nefndarinnar. Nefndin skilaði 5. apríl sl. tillögum til þingflokkanna um endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar en nefndin hefur enn ekki lokið umfjöllun um ýmis önnur atriði, svo sem eignarréttarákvæðin.

II. Stjórnlagaþing.

Af þessu má sjá að áratugum saman hefur heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar vafist fyrir mönnum og hvílir ábyrgðin þar ekki síst á þingflokkunum. Því er lagt til að efnt verði til stjórnlagaþings næsta sumar sem hafi það verkefni að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Um skipan stjórnlagaþings og starfshætti þarf að setja sérstök lög. Gerðar eru tillögur um slíkt í fylgifrumvarpi með máli þessu. Þar er m.a. lagt til að þingið verði skipað þjóðkjörnum fulltrúum sem verði kjörgengir samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, öðrum en alþingismönnum. Með slíku þingi væri komið í veg fyrir að alþingismenn fjölluðu um mál sem vörðuðu þá sjálfa, t.d. ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningaskipan og ráðherraábyrgð.

Hlutverk slíks stjórnlagaþings yrði að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni. Rétt væri að það skoðaði sérstaklega kosningareglur og mannréttindaákvæði hennar, en tillögur stjórnarskrárnefndar um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar frá 5. apríl sl. hafa sætt gagnrýni og mörgum þykir þær ekki nógu skýrar.

Einnig væri rétt að fela stjórnlagaþingi að skoða sérstaklega æskilegar breytingar á stjórnkerfinu, svo sem skýrari skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds. Er þá átt við atriði eins og hvort ráðherrar eigi jafnframt að vera þingmenn og hvort afnema skuli aukafjárveitingar.

Þá er rétt að þingið athugi hvort rétt sé að breyta og setja skýrari ákvæði um þingrofsréttinn, hvort tekin verði upp sú skipan sem er í gildi í Noregi þar sem þingrofsheimild er ekki fyrir hendi. Enn fremur er rétt að huga að ákvæðum stjórnarskrárinnar um setningu bráðabirgðalaga í ljósi þess að nú situr Alþingi allt árið.

Einnig mundi stjórnlagaþingið fjalla um ákvæði stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð, og til umfjöllunar yrðu teknar þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu, einkum varðandi embættisveitingar í æðstu störf og ráðstöfun opinberra fjármuna og þá hvort rétt sé að draga úr stjórnmálalegum afskiptum í sjóða- og bankakerfinu.

Stjórnlagaþinginu yrði síðan sérstaklega falið að athuga hvort ekki væri rétt að setja heimild í stjórnarskrána til þjóðaratkvæðagreiðslna þannig að réttur fólksins yrði aukinn í stærri málum.

Að sjálfsögðu mundi stjórnlagaþingið, auk fyrrtaldra atriða, taka stjórnarskrána til endurskoðunar í heild.

III. Bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla.

Loks er lagt til að tillögur stjórnlagaþings verði bornar undir þjóðaratkvæði. Niðurstaða af þeirri atkvæðagreiðslu yrði bindandi. Nái tillaga stjórnlagaþingsins fram að ganga verður hún lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar og tekur þá ný stjórnarskrá gildi.

Flutningsmaður telur eðlilegt að stjórnlagaþing setji ákvæði í hina nýju stjórnarskrá um að eftir að hún hefur verið staðfest af forseta lýðveldisins skuli Alþingi rofið og efnt til kosninga þegar næsta haust samkvæmt þeirri kosningaskipan sem hin nýja stjórnarskrá kveður á um.

241. Frumvarp til laga [213. mál]

um stjórnlagaþing.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Efna skal til stjórnlagaþings eigi síðar en 1. júní 1995. Skal það hafa lokið störfum fyrir 15. september 1995.

2. gr.

Stjórnlagaþing skal endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944. Sérstaklega skulu teknir til athugunar eftirtaldir þættir:

a. Ákvæði stjórnarskrárinnar um mannréttindi, kosningar og kjördæmaskipan, þingrof, setningu bráðabirgðalaga og ráðherraábyrgð.
b. Skil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.
c. Þjóðaratkvæðagreiðslur.

3. gr.

Stjórnlagaþing skal skipað 41 kjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir persónukosningum og fjöldi þeirra skiptast á milli núverandi kjördæma á þennan hátt:

a. Reykjavíkurkjördæmi, 14 fulltrúar.
b. Reykjaneskjördæmi, 7 fulltrúar.
c. Vesturlandskjördæmi, 3 fulltrúar.
d. Vestfjarðakjördæmi, 3 fulltrúar.
e. Norðurlandskjördæmi vestra, 3 fulltrúar.
f. Norðurlandskjördæmi eystra, 4 fulltrúar.
g. Austurlandskjördæmi, 3 fulltrúar.
h. Suðurlandskjördæmi, 4 fulltrúar.

Framboði skal fylgja undirskrift meðmælenda. Ræðst fjöldi þeirra af margfeldi af fulltrúatölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki.

Kjörgengir til þingsins eru þeir sem eru kjörgengir til Alþingis. Alþingismenn skulu þó ekki sitja stjórnlagaþing.

Raða skal frambjóðendum í stafrófsröð á kjörseðil. Kjósandi skal merkja við jafnmarga frambjóðendur og kjósa skal í kjördæminu.

Um kosningar til stjórnlagaþings fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

4. gr.

Stjórnlagaþing kýs forseta sem stýrir fundum þess.

Stjórnlagaþing starfar í einni málstofu og gilda þingsköp Alþingis sem fundarsköp þingsins eftir því sem við á.

Forseti þingsins leggur fram tillögu um nefndaskipan og aðra vinnutilhögun þess.

5. gr.

Forseti stjórnlagaþings skal hlutast til um að lagt verði fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Skulu þrjár umræður fara fram um frumvarpið.

Hljóti frumvarpið samþykki þingsins skal bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

6. gr.

Stjórnlagaþing skal haldið í húsakynnum Alþingis svo fremi sem það raski ekki störfum Alþingis. Stafsmenn Alþingis skulu vera starfsmenn stjórnlagaþings.

7. gr.

Fulltrúar stjórnlagaþings njóta sömu kjara og alþingismenn frá setningu þings til þingloka.

Kostnaður af stjórnlagaþingi greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, og vísast í greinargerð með því máli um almennar athugasemdir. Þar er mælt fyrir um heimild til stjórnlagaþings á árinu 1995 sem taki stjórnarskrána til endurskoðunar. Í þessu frumvarpi er kveðið nánar á um reglur um skipan og starfshætti þingsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að efnt skuli til stjórnlagaþings eigi síðar en 1. júní 1995. Gert er ráð fyrir að það hafi lokið störfum fyrir 15. september. Þykir það heppilegt svo að hægt verði að kjósa nýtt Alþingi áður en vetur gengur í garð, sbr. III. kafla greinargerðar með stjórnarskrárfrumvarpinu.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um hlutverk stjórnlagaþings en það er að endurskoða stjórnarskrána. Er þá átt við að stjórnarskráin verði endurskoðuð í heild sinni, núverandi ákvæði hennar verði athuguð og jafnframt hugað að nýjum ákvæðum.

Í greininni eru talin upp atriði sem stjórnlagaþing skal skoða sérstaklega og vísast um þau atriði í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem lagt er fram samhliða máli þessu.

Um 3. gr.

Lagt er til að stjórnlagaþing verði skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa. Lagt er til að þeir verði kosnir persónukosningum. Með persónukosningu er átt við að þeir sem gefa kost á sér til setu á þinginu geri slíkt sem einstaklingar en séu ekki bornir fram sem fulltrúar tiltekinna samtaka. Slíkt fyrirkomulag gefur kjósendum tækifæri til að velja menn á þingið án tillits til hvaða flokki eða samtökum þeir tilheyra. Þannig getur kjósandi valið fulltrúa með mismunandi pólitískar skoðanir.

Þá þykir eðlilegt að gera kröfu um að frambjóðendur hafi tilskilinn fjölda meðmælenda, enda mikilvægt að til þingsins veljist einstaklingar er njóti góðs trausts samborgara sinna. Slík krafa er einnig í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis en þar er kveðið á um tiltekinn fjölda meðmælenda með hverjum framboðslista.

Gert er ráð fyrir að fulltrúar á stjórnlagaþingið verði kjörnir í núverandi kjördæmum landsins. Við skiptingu fulltrúa á kjördæmin hefur verulega verið tekið mið af fjölda íbúa í kjördæmum og þannig reynt að jafna vægi atkvæða mun meira en nú er. Þó er gert ráð fyrir að hvert kjördæmi kjósi eigi færri en þrjá fulltrúa á þingið.

Kjörgengir verði þeir sem eru kjörgengir til Alþingis, aðrir en alþingismenn. Ekki er talið heppilegt að alþingismenn sitji stjórnlagaþingið þar sem mörg veigamikil atriði, sem þingið þarf að taka ákvörðun um, varða alþingismenn beint.

Hvað framkvæmd kosninganna varðar er lagt til að frambjóðendum verði raðað eftir stafrófsröð á kjörseðil og kjósandi merki við jafnmarga fulltrúa og kjósa skal í kjördæminu, t.d. merki kjósandi í Reykjaneskjördæmi við sjö fulltrúa. Með hliðsjón af almennum reglum um kosningar og orðalagi 1. mgr. greinarinnar þykir óþarfi að kveða á um í frumvarpinu að þeir frambjóðendur hljóti kosningu sem hljóti flest atkvæði, svo og að þeir verði varafulltrúar sem næstir koma að atkvæðafjölda.

Um kosningarnar að öðru leyti fari eftir lögum um kosningar til Alþingis og má þar nefna ákvæði um kosningarrétt, fresti og frekari framkvæmd kosninga.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnlagaþing starfi í einni málstofu og að þingsköp Alþingis gildi sem fundarsköp eftir því sem við á. Þá er mælt fyrir um að forseti þingsins skuli leggja fram tillögu um nefndaskipan og aðra vinnutilhögun þess. Slík tillaga yrði lögð fram í byrjun þingsins þannig að hægt sé að skipa nefndir er fjalla um einstaka þætti stjórnarskrármálsins, en vinna þeirra yrði lögð til grundvallar því frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem þingið mundi síðan fjalla um. Mætti hugsa sér að nefndirnar tækju til starfa þegar eftir setningu þingsins og á meðan yrði gert hlé á þingstörfum. Eftir að nefndirnar hafa komið sér saman um tillögur verði þær lagðar fyrir forseta þingsins sem leggur þær fram, sbr. næstu grein.

Um 5. gr.

Lagt er til að frumkvæði að framlagningu frumvarps til stjórnarskipunarlaga verði hjá forseta þingsins. Skal frumvarpið rætt þrisvar sinnum. Verði það samþykkt skal bera það undir þjóðaratkvæði og sé frumvarpið einnig samþykkt þá skal það borið undir forseta lýðveldisins til staðfestingar en ákvæði um það er í stjórnarskrárfrumvarpinu. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar fari eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um að stjórnlagaþing skuli haldið í húsakynnum Alþingis. Ef þannig vildi til að Alþingi yrði kallað til starfa á þeim tíma sem stjórnlagaþingið starfaði mundu störf Alþingis ganga fyrir og störf stjórnlagaþingsins flutt í önnur húsakynni.

Um 7. gr.

Ekki þykir óeðlilegt að laun fulltrúa stjórnlagaþings miðist við þingfararkaup alþingismanna þar sem gert er ráð fyrir að seta á stjórnlagaþingi sé fullt starf.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

242. Tillaga til þingsályktunar [214. mál]

um að styrkja rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýli.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Jón Kristjánsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta nú þegar gera úttekt á því með hvaða hætti hægt sé að styrkja rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýlinu og nýta sem best þá fjárfestingu, tækjabúnað og sérhæfðan mannafla sem þar er til staðar.

Tillögur um hlutverk og verkefni þessara sjúkrahúsa verði unnar í samráði við forsvarsmenn þeirra á grundvelli úttektarinnar og staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á lokadögum 117. löggjafarþings en fékkst ekki rædd. Er hún því lögð fram að nýju óbreytt.

Í nóvembermánuði 1993 skilaði vinnuhópur um málefni sjúkrahúsa tillögum sínum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skipan sjúkrahúsmála. Vinnuhópur þessi var skipaður af Sighvati Björgvinssyni heilbrigðisráðherra í apríl 1992 og var verkefni hans að „greina störf og rekstur sjúkrahúsa og gera tillögur um skipan sjúkrahúsmála“, eins og segir í skýrslu hópsins. Þar er einnig greint frá því að ráðherra hafi skipað sérstakan hóp til að gera tillögur um samvinnu Landspítala og Borgarspítala og því hafi „vinnuhópur um sjúkrahúsmál“ einkum lagt áherslu á greiningu sjúkrahúsþjónustu dreifbýlisins.

Skemmst er frá því að segja að tillögur þessar hlutu í upphafi óblíðar viðtökur hjá ýmsum þeim sem málið varðaði og hefur ráðherra lítið veifað skýrslunni síðan (sbr. fskj. I–IX). Sumir telja sjálfsagt að það geri ekki mikið til og að skýrslan sé best geymd á skúffubotni í heilbrigðisráðuneytinu. Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja hins vegar ekki að svo sé. Kemur þar einkum tvennt til.

Í fyrsta lagi munu tillögur af því tagi sem settar eru fram í skýrslunni hafa *óbein* áhrif á þróun mála á næstu árum ef ekki er tekin ákveðin afstaða til tillagnanna, með eða á móti. Þegar forsvarsmenn stofnana þeirra, þar sem draga á úr rekstri og/eða breyta hlutverki, sækja á stjórnvöld og fjárveitingavald um fé til að fjárfesta eða viðhalda húsnæði, tækjum og búnaði má búast við að svör yfirvalda verði þau að uppi séu hugmyndir um breytingar á rekstri viðkomandi stofnana og því ekki tímabært að ráðast í framkvæmdir. Það mun síðan smátt og smátt leiða til þess að stofnanirnar og búnaður þeirra úreldist og þjónusta dregst saman á óskipulegan hátt. Fyrir þessu má finna dæmi nú þegar við afgreiðslu erinda frá sjúkrahúsum á landsbyggðinni við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs. Það er með öllu óviðunandi að þróunin verði með þessum hætti og því mjög brýnt að hraða þeirri úttekt og tillögugerð sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Hin ástæðan fyrir því að skýrsluna verður að skoða og taka til hennar afstöðu er sú að í henni eru vissulega margvíslegar og mikilvægar upplýsingar sem nýta má til að fylgja eftir þeirri hugsun sem sett er fram í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er flutt.

Um greinargerð þingsályktunartillögunnar vísast að öðru leyti til samhljóða greinargerðar með frumvarpi sama efnis á þskj. 764, 497. mál 117. löggjafarþings, bls. 3478–3480 í A-deild Alþt. 1993–94.

Tillögunni fylgdu tólf fylgiskjöl. Í þeim voru birt bréf, greinargerðir og umsagnir ýmissa aðila þar sem fjallað var um málefni sjúkrahúsa í dreifbýli og tillögur vinnuhóps sem skipaður var af fyrrv. heilbrigðisráðherra í apríl 1992. Á fskj. I var prentuð ályktun Læknafélags Norðausturlands, á fskj. II bréf Læknafélags Norðvesturlands, á fskj. III ályktun heilbrigðismálaráðs Norðurlands vestra, á fskj. IV ályktun heilbrigðismálaráðs Austurlands, á fskj. V bréf frá bæjarráði Siglufjarðar, á fskj. VI bréf stjórnar Sjúkrahússins á Húsavík, á fskj. VII ályktun Verkalýðsfélags Húsavíkur, á fskj. VIII bréf stjórnar sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar á Egilsstöðum, á fskj. IX bréf stjórnar heilsugæslustöðvar Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, á fskj. X greinargerð frá Sjúkrahúsi Skagfirðinga, á fskj. XI greinargerð Péturs Heimissonar læknis um sérfræðilega heilbrigðisþjónustu í Egilsstaðalæknishéraði og á Austurlandi og á fskj. XII rammasamningur um samstarf Ríkisspítala/Landspítala og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

243. Fyrirspurn [215. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hvað líður gerð þeirra viðmiðunarreglna, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 304/1994, sem félagsmálaráðherra ætlaði að setja að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur?

244. Fyrirspurn [216. mál]

til sjávarútvegsráðherra um staðfesta kauptryggingarsamninga fiskvinnslufólks.

Frá Elínbjörgu Magnúsdóttur.

Hvað hafa borist margir staðfestir kauptryggingarsamningar fiskvinnslufólks á ári frá árinu 1986, sundurliðað eftir árum, fram til 31. október 1994?

Skriflegt svar óskast.

245. Fyrirspurn [217. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufólks.

Frá Elínbjörgu Magnúsdóttur.

1. Hvað hafa fiskvinnslufyrirtæki fengið greitt samkvæmt lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 42/1992? Hvaða fyrirtæki hafa fengið greiðslur?
2. Hvernig er hagað eftirliti með því að haldin séu ákvæði fyrri málsgreinar 6. gr. reglugerðar nr. 425/1988 um greiðslur vegna fastráðins fiskvinnslufólks, sbr. breytingu á henni, nr. 260/1992?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrri málsgrein 6. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 260/1992, hljóðar svo:

„Fyrirtækjum í fiskvinnslu, sem fullnægja skilyrðum 1. gr., skal skylt að gefa þeim starfsmönnum sínum, er unnið hafa hjá fyrirtækinu í tvo mánuði, kost á fastráðningarsamningi. Telja skal eldri starfstíma sem reiknast til réttinda vegna fyrri ráðningar hjá sama fyrirtæki. Fastráðningarsamningur getur verið tímabundinn eða til ótiltekins tíma og skal hann gerður í því formi sem Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna annars vegar og Verkamannasamband Íslands hins vegar samþykkja. Uppsagnarfrestur á fastráðningarsamningi er sex vikur af beggja hálfu."

246. Svar [193. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Elínar R. Líndal um lækkun eða afnám tolla á útflutning reiðhrossa til landa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað hefur verið gert til að ná fram lækkun eða afnámi tolla á útflutning reiðhrossa til landa á Evrópska efnahagssvæðinu?*
2. *Hvað hyggst ráðherra gera til að koma þessum málum í viðunandi horf og hvenær er þeirra úrbóta að vænta?*

Landbúnaðarmál eru utan við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Viðskipti með hesta eru því algerlega fyrir utan þann samning. Ekki var því samið um neinar tollalækkanir á reiðhestum, hvorki í samningnum um EES né í tvíhliða samningnum við ESB um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði. Það er því ekki unnt að ná fram neinum tollalækkunum á reiðhestum á grundvelli þeirra samninga.

Síðastliðið sumar áttu embættismenn frá utanríkisráðuneytinu fundi með embættismönnum frá nokkrum ráðuneytum, þar á meðal landbúnaðarráðuneytinu, um ýmis mál er varða hagsmuni Íslands gagnvart Evrópusambandinu fari svo að sambandið stækki við inngöngu fjögurra EFTA-ríkja í það.

Í framhaldi af slíkum fundum með landbúnaðarráðuneytinu sendi það ráðuneyti bréf til utanríkisráðuneytisins, eftir að hafa ráðfært sig við Framleiðsluráð landbúnaðarins, og tilgreindi þar atriði sem það taldi nauðsynlegt að ná fram í samningum við ESB. Eitt þessara atriða er að gildandi viðskiptakjör á útflutningi reiðhrossa til Svíþjóðar verði yfirfærð á hið stækkaða svæði ESB og jafnframt að leitað verði eftir almennri lækkun útflutningsgjalda af reiðhrossum við útflutning til ESB-svæðisins.

Þessu bréfi var komið á framfæri við fastanefnd Íslands í Brussel. Ljóst er þó að á brattann er að sækja að fá slíku erindi framgengt þar eð lægri tollar á reiðhestum í Svíþjóð byggjast ekki á neinum samningum milli Íslands og Svíþjóðar. Jafnframt gæti slík krafa kallað á gagnkröfu á sviði landbúnaðar.

Í greinargerð með fyrirspurninni er fjallað um virðisaukaskatt og ýmis gjöld önnur en tolla sem lagðir eru á verð hesta í helstu viðskiptalöndum okkar. Í því sambandi er rétt að benda á að samningar þeir, sem Ísland er aðili að, taka ekki til innlendra gjalda enda sé innlendri og erlendri framleiðslu ekki mismunað.

247. Frumvarp til laga [218. mál]

um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Fjármálaráðherra, eða viðkomandi ráðherra, er óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs, ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum:

a. fasteignir,
b. hlutabréf eða eignarhluti í félögum,
c. skip eða flugvélar,
d. listaverk, listmuni og söfn sem geyma menningarverðmæti,
e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 115. löggjafarþingi og endurflutt á 116. löggjafarþingi en varð eigi útrætt.

Fjármálaráðherra, eða þeim ráðherra sem með málaflokkinn fer, er óheimilt að selja fasteignir ríkissjóðs skv. 40. gr. stjórnarskrárinnar. Því er mjög óeðlilegt að ekki gildi sama regla um hlutabréf, eignarhluti í félögum, skip, flugvélar, listaverk, listmuni, menningarverðmæti eða aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

248. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ágúst H. Elíasson, framkvæmdastjóra Samtaka fiskvinnslustöðva, Gunnar Flóvenz, formann síldarútvegsnefndar, Dagmar Óskarsdóttur, formann Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Kristján Ragnarsson, formann LÍÚ, Benedikt Valsson, framkvæmdastjóra Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Helga Laxdal, formann Vélstjórafélags Íslands, og frá Sjómannasambandi Íslands Sævar Gunnarsson formann og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóra. Einnig kom á fund nefndarinnar Halldór Árnason, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að sjávarútvegsráðherra skuli leita umsagnar samráðsnefndar Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna áður en reglugerð um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu er sett.

Lagt er til að samtök sjómanna eigi þess einnig kost að koma að sjónarmiðum sínum áður en reglugerðin er sett og er mælt með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðinu „útvegsmanna“ í fyrri málsgrein 2. gr. komi: svo og umsagnar samtaka sjómanna.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson og Jóhanna Sigurðardóttir sátu fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar og eru þær samþykkar áliti þessu.

Alþingi, 16. nóv. 1994.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Gunnlaugur Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ragnar Þorgeirsson.	María E. Ingvadóttir.
	Vilhjálmur Egilsson.	

249. Svar [90. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hve margir nemendur hafa stundað nám við Íþróttakennaraskóla Íslands sl. fjögur ár og hver er nemendafjöldi hvers árs? Hver er fjöldi nemenda á kennsluárinu 1994–95?
Hvernig er skipting lögheimila nemenda eftir kjördæmum þessi sömu ár?
Hver hefur rekstrarkostnaður skólans verið á hverju ári, þ.e. 1990, 1991, 1992 og 1993?

Fjöldi nemenda við upphaf haustmissiris.

	1. ár	2. ár	Samtals
1990	31	28	59
1991	36	33	69
1992	28	34	62
1993	38	26	64
1994	32	36	68

Lögheimili nemenda við upphaf náms eftir kjördæmum.

	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Reykjavík	19	23	17	17	23	99
Reykjanes	12	16	12	8	11	59
Vesturland	4	3	2	3	2	14
Vestfirðir	0	1	3	3	1	8
Norðurland vestra	1	3	3	1	2	10
Norðurland eystra	5	8	5	12	13	43
Austurland	7	5	7	5	2	26
Suðurland	11	10	12	15	14	62
Erlendir stúdentar	0	0	1	0	0	1
Samtals	**59**	**69**	**62**	**64**	**68**	**322**

Almennur rekstrarkostnaður ÍKÍ.

Fjárhæðir í kr.	
1990	25.177.000
1991	26.508.000
1992	28.919.000
1993	32.390.000

Athygli er vakin á því að inni í reksturskostnaði ÍKÍ er kennslukostnaður og kostnaður vegna húsaleigu fimm annarra skóla sem Íþróttakennaraskóli Íslands sér fyrir lögboðinni íþróttakennslu, sbr. lög nr. 65/1972.

250. Frumvarp til laga [107. mál]

um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu.

(Eftir 2. umr., 18. nóv.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt með reglugerð að takmarka ráðstöfun síldar til bræðslu ef telja verður slíkt nauðsynlegt til að tryggja hráefni til vinnslu síldar til manneldis.

Með reglugerð skv. 1. mgr. má ákveða að allri síld, sem veidd er eftir tiltekið tímamark, skuli ráðstafað til manneldisvinnslu eða að hvert skip skuli ráðstafa ákveðnu hlutfalli af afla eftir ákveðið tímamark til manneldisvinnslu.

2. gr.

Ráðherra skal leita umsagnar samráðsnefndar Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, svo og umsagnar samtaka sjómanna, um ráðstöfun síldarafla áður en reglugerð er sett um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu samkvæmt lögum þessum.

Við mat á því hvort takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu sé nauðsynleg skal ráðherra líta annars vegar til þeirra aflaheimilda sem fyrir hendi eru þegar ákvörðun er tekin og hins vegar til gerðra samninga um sölu á frystum eða söltuðum síldarafurðum, sem og söluhorfa á þessum afurðum.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

251. Lög [107. mál]

um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu.

(Afgreidd frá Alþingi 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 250.

252. Svar [118. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um Listskreytingasjóð ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar hafa verið árlegar tekjur Listskreytingasjóðs ríkisins frá árinu 1991 til ársins í ár á verðlagi þessa árs?*
2. *Hvernig skiptast árleg framlög úr Listskreytingasjóði til einstakra viðfangsefna?*

Framlag til Listskreytingasjóðs ríkisins.

Fjárhæðir eru í krónum á verðlagi ársins 1994.

1991	12.984.000
1992	12.516.000
1993	12.234.000
1994	12.000.000

Yfirlit yfir styrkveitingar/vilyrði árin 1990–94.

(Samkvæmt bókunum í fundargerðabók, tæmandi yfirlit yfir framlög á árinu 1994 er ekki fyrirliggjandi.)

1990

Vita- og hafnamálaskrifstofan, Ragnhildur Stefánsdóttir	950.000
Sjúkrahúsið á Ísafirði, Tumi Magnússon og Kristinn Harðarson	600.000
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	450.000
Menntaskólinn á Akureyri (viðbótarframlag)	165.000
Laugarbakkaskóli, Miðfirði, verk nemenda	240.000
Reykholtsskóli í Biskupstungum, Sigurður Örlygsson	650.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Gunnsteinn Gíslason	735.000
Sjávarútvegshúsið, Skúlagötu 4, Ófeigur Björnsson	200.000
Iðntæknistofnun, Sigurður Örlygsson	400.000
Samtals	**4.390.000**

1991

Svæðisstjórn málefna fatlaðra, Reykjanesi, Halldóra Gísladóttir	191.000
Laugalandsskóli í Holtum, Rangárvallasýslu, Örlygur Sigurðsson	750.000
Sambýli fatlaðra, Giljaseli 7, Reykjavík, Alda Sveinsdóttir	120.000
Húsnæðisstofnun ríkisins, Gunnar Árnason (skilyrði um mótframlag)	800.000
Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Jón Reykdal, Guðrún Kristjánsdóttir, Guðbjörg Lind, Valgerður Bergsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Valgarður Gunnarsson, Magnús Tómasson	1.500.000
Hagaskóli, Reykjavík, Jóhanna Bogadóttir (skilyrði um mótframlag)	1.500.000
Grunnskóli Húsavíkur, Sigríður Ásgeirsdóttir (skilyrði um mótframlag)	1.800.000
Háskólinn á Akureyri, Guðmundur Ármann, Helgi Vilberg, Kristinn G. Jóhannsson	1.000.000
Skattstjóraembætti Austurlands (var ekki nýtt, afturkallað 1994)	300.000
Svæðisstjórn málefna fatlaðra Austurlandi, Borghildur Óskarsdóttir	700.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi, Sigurlaug Jónsdóttir, Vignir Jóhannsson, Guttormur Jónsson (skilyrði um mótframlag)	1.200.000
Ríkissjóður Íslands fyrir embætti ríkisskattstjóra, Hringur Jóhannesson, Sigríður Ásgeirsdóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.000.000
Kristnesspítali	1.000.000
Ólafsfjarðarbær, Kristinn E. Hrafnsson (skilyrði um mótframlag)	2.000.000
Seyðisfjörður (samkeppni), Sigurður Guðmundsson, Kristján Guðmundsson, Þorvaldur Þorsteinsson (skilyrði um mótframlag)	700.000
Akraneskaupstaður, Guttormur Jónsson (skilyrði um mótframlag)	1.300.000
Lækjarskóli í Hafnarfirði, Gestur Þorgrímsson	750.000
Heilsugæslustöð Húsavíkur (samkeppni)	300.000
Þjónustumiðstöðin Hlíð, Akureyri, Halla Haraldsdóttir (skilyrði um mótframlag)	400.000
Sambýlið Bröndukvísl 17, Reykjavík, Ragna Hermannsdóttir, Kristbergur Ó. Pétursson, Sigríður O. Stefánsdóttir, Magnús S. Guðmundsson	200.000
Samtals	**17.511.000**

1992

Ríkisspítalar, Erla Þórarinsdóttir	200.000
Heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi, Sigríður Ásgeirsdóttir	390.000
Heilsugæslustöðin á Húsavík, Inga Sigríður Ragnarsdóttir	600.000
Stofnun Sigurðar Nordal, Þorvaldur Skúlason	700.000
Ríkissjóður Íslands, ýmsir listamenn	1.200.000
Stykkishólmsbær fyrir grunnskólann, Snorri S. Friðriksson (skilyrði um mótframlag)	700.000
Stjórnsýsluhúsið í Dalasýslu, Hallsteinn Sigurðsson (skilyrði um mótframlag)	800.000
Foldaskóli í Reykjavík, Örn Þorsteinsson (skilyrði um mótframlag)	1.200.000
Grunnskólinn á Kópaskeri, Leifur Breiðfjörð (skilyrði um mótframlag)	500.000
Keflavíkurbær, Halla Haraldsdóttir	600.000
Seyðisfjarðarbær (viðbótarframlag, samkeppni)	500.000
Skattstofa Reykjanesumdæmis, Bjarni Jónsson	200.000
Grunnskóli Húsavíkur (viðbótarframlag)	500.000
Kópavogshæli, Helgi Þorgils Friðjónsson	400.000
Ríkisendurskoðun, Sigurður Örlygsson, Steinunn Þórarinsdóttir	700.000
Samtals	**9.190.000**

1993

Fjölbrautaskóli Suðurnesja, (samkeppni), Sigurður Guðmundsson, Rúrí, Inga Jónsdóttir, Erlingur Jónsson	600.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Sigurður Guðmundsson	3.000.000
Tindar, Kjalarnesi, Ása Ólafsdóttir, Valgarður Gunnarsson	680.000
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi (samkeppni), Magnús Tómasson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Inga S. Ragnarsdóttir, Sigðurður Guðmundsson	1.500.000
Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Ragnheiður Jónsdóttir	135.000
Gagnfræðaskóli Mosfellsbæjar, Magnús Pálsson	1.000.000
Selásskóli, Ingunn E. Stefánsdóttir (skilyrði um mótframlag)	1.000.075
Læknagarður, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Sigurður Guðmundsson, Sigurður Örlygsson, Georg Guðni Hauksson, Jóhann Eyfells, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Hringur Jóhannesson, Jóhanna Bogadóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Magnús Pálsson	3.500.000
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri, Erró	450.000
Öxarfjarðarhreppur, Leifur Breiðfjörð (viðbótarframlag)	300.000
Suðurbæjarsundlaug í Hafnarfirði, Sveinn Björnsson	1.000.000
Fjölbrautaskólinn á Norðurlandi vestra, Finna B. Steinsson	1.800.000
Dalvíkurbær (samkeppni), Sigurður Guðmundsson, Rúrí, Jóhanna Þórðardóttir, Sólveig Eggertsdóttir	250.000
Dalvíkurbær, Jóhanna Þórðardóttir	1.750.000
Áfengismeðferðardeild Vífilsstaðaspítala, Magnús Kjartansson, Karólína Lárusdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Gunnar Örn Gunnarsson, Hafdís Ólafsdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Jóhanna Bogadóttir, Magdalena M. Kjartansdóttir, Magnús Tómasson, Sigrid Valtingojer, Valgerður Hauksdóttir	1.328.000
Seyðisfjarðarbær, Kristján Guðmundsson	4.000.000
Samtals	**22.293.075**

1994	
Áfengismeðferðardeild Vífilsstaðaspítala (viðbótarframlag)	45.000
Krabbameinsdeild Landspítalans, Björg Þorsteinsdóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Eggert Pétursson	580.000
Gagnfræðaskóli Sauðárkróks, Jóhannes Geir (skilyrði um mótframlag)	1.000.000
Læknagarður, tannlæknadeild Háskóla Íslands (viðbótarframlag)	640.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum, Þorlákur Kristinsson Morthens (Tolli)	320.000
Framkvæmdasýslan, Reykjavík, Guðrún Kristjánsdóttir, Lísbet Sveinsdóttir, Pétur Halldórsso	850.000
Djúpavogshreppur (samkeppni), Jóhanna Þórðardóttir, Gunnar Árnason, Gunnsteinn Gíslason	450.000
Íþróttahúsið á Torfnesi, Ísafirði, Borghildur Óskarsdóttir (skilyrði um mótframlag)	450.000
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi, Magnús Tómasson	3.000.000
Samtals	**7.335.000**

Síðustu þrjár sjóðstjórnir.

Árni Gunnarsson, formaður, Borghildur Óskarsdóttir myndlistarmaður, Sverrir Ólafsson myndlistarmaður, Kristján Guðmundsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefán Benediktsson frá Arkitektafélagi Íslands.

Fyrsti fundur stjórnarinnar var haldinn 13. desember 1988 og sá síðasti 30. maí 1990.

Stefán Stefánsson, formaður, Sigríður Sigþórsdóttir frá Arkitektafélagi Íslands, Ingólfur Ármannsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristinn E. Hrafnsson frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Rúrí frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna.

Fyrsti fundur stjórnarinnar var haldinn 5. desember 1990 og sá síðasti 21. september 1992.

Þorgeir Ólafsson, formaður, Sigríður Sigþórsdóttir frá Arkitektafélagi Íslands, Ingólfur Ármannsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristinn E. Hrafnsson frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Hannes Lárusson frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna.

Fyrsti fundur stjórnarinnar var haldinn 1. desember 1992 og sá síðasti 17. desember 1994.

253. Frumvarp til laga [219. mál]

um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Bannað er að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir. Enn fremur er bönnuð sýning, dreifing og sala slíkra mynda.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni sem gert er með hvers konar tækni, þar með taldar leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

Ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum.

Ákvæði laga þessara taka ekki til fréttaefnis, auglýsinga eða fræðsluefnis.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðherra skipar sex manna kvikmyndaskoðunarnefnd til þriggja ára í senn þannig: Þrjá nefndarmanna að fengnum tillögum félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, einn að fengnum tillögum Félags kvikmyndagerðarmanna, einn að fengnum tillögum dómsmálaráðherra og einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar einn nefndarmanna forstöðumann kvikmyndaskoðunarnefndar og skal kveðið á um verksvið hans í reglugerð.

Á vegum kvikmyndaskoðunarnefndar fer fram skoðun allra kvikmynda sem ætlaðar eru til sýningar eða dreifingar hér á landi, sbr. þó 5. gr. Nefndin metur hvort kvikmynd teljist vera ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara og hvort kvikmyndin sé við hæfi barna.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skoðunar kvikmynda hjá kvikmyndaskoðunarnefnd.

Þóknun kvikmyndaskoðunarnefndar og annar rekstrarkostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum.

3. gr.

Telji kvikmyndaskoðunarnefnd kvikmynd vera ofbeldiskvikmynd í skilningi þessara laga úrskurðar nefndin að dreifing og sýning kvikmyndarinnar skuli vera bönnuð hér á landi.

Teljist kvikmynd geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna, að mati kvikmyndaskoðunarnefndar, ákveður nefndin hvort banna skuli að sýna eða afhenda kvikmyndina börnum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimilt er nefndinni að ákveða sérstök aldursmörk fyrir mismunandi myndmiðla.

Bann skv. 1. mgr. 1. gr. tekur ekki til kvikmynda þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar.

Úrskurðir kvikmyndaskoðunarnefndar skulu vera skriflegir og skal fylgja þeim rökstuðningur. Þeir skulu kynntir aðilum sem hlut eiga að máli og vera almenningi aðgengilegir. Úrskurðir kvikmyndaskoðunarnefndar eru endanlegir. Þó er kvikmyndaskoðunarnefnd heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að meta að nýju án endurgjalds sýningarhæfni kvikmynda sem áður hafa verið metnar.

4. gr.

Þeim aðilum sem framleiða kvikmyndir hér á landi, flytja þær til landsins eða ætla að sýna, dreifa og eða selja kvikmyndir hérlendis er skylt að sjá til þess að kvikmyndaskoðunarnefnd fái þær umsvifalaust til skoðunar, sbr. þó 5. gr.

Þeim aðilum sem getið er í 1. mgr. ber að greiða skoðunargjöld sem renna í ríkissjóð. Skoðunargjöldin ákvarðast í reglugerð og skal fjárhæð þeirra taka mið af kostnaði vegna skoðunar kvikmynda.

5. gr.

Sjónvarpsstöðvar sem leyfi hafa til útvarps annast skoðun kvikmynda sem sýna á í dagskrá, að höfðu samráði við kvikmyndaskoðunarnefnd. Menntamálaráðherra getur þó ákveðið að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af kvikmyndaskoðunarnefnd sem hefur þá úrskurðarvald um það hvort sýning kvikmyndarinnar brjóti gegn ákvæðum laga þessara.

6. gr.

Kvikmyndaskoðunarnefnd gefur út vottorð um skoðun kvikmyndar sem skal að skoðun lokinni látið skoðunarbeiðanda í té ásamt eintaki kvikmyndar gegn greiðslu skoðunargjalds.

Sala, dreifing eða sýning kvikmyndar er óheimil nema fyrir liggi skoðunarvottorð kvikmyndaskoðunarnefndar, sjá þó 5. gr.

7. gr.

Aðilum skv. 1. mgr. 4. gr. er skylt að sjá til þess að öll eintök hinnar skoðuðu kvikmyndar séu merkt af kvikmyndaskoðunarnefnd. Dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda skulu láta niðurstöður kvikmyndaskoðunarnefndar fylgja öllum auglýsingum og kynningu á kvikmyndum með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Kvikmyndaskoðunarnefnd skal a.m.k. tvisvar á ári gefa út heildaryfirlit yfir skoðaðar kvikmyndir þar sem fram kemur mat á sýningarhæfni þeirra.

8. gr.

Ef kvikmynd, sem sýna á í kvikmyndahúsi, er bönnuð börnum innan tiltekins aldurs ber forstöðumaður kvikmyndahússins ábyrgð á að banninu sé framfylgt. Bannið gildir einnig þó að barn sé í fylgd þess sem heimild hefur til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Óheimilt er að lána, leigja eða selja börnum eintak kvikmyndar ef hún er bönnuð börnum á viðkomandi aldri. Hver sá sem rekur myndbandaleigu ber ábyrgð á að banninu sé framfylgt að því er tekur til kvikmyndaefnis sem þar er á boðstólum.

9. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa reglubundið eftirlit með því að úrskurðum kvikmyndarskoðunarnefndar sé framfylgt og að aðeins séu sýndar kvikmyndir eða þeim dreift sem merktar eru af kvikmyndaskoðunarnefnd.

Tollyfirvöld og kvikmyndaskoðunarnefnd skulu koma sér saman um verklagsreglur í þeim tilgangi að hamla gegn innflutningi ofbeldiskvikmynda samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögum þessum skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Heimilt er að gera upptækar kvikmyndir ef sýning, dreifing eða sala þeirra fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

11. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglur um skoðun tölvuforrita sem hafa að geyma gagnvirka leiki til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laga þessara, sbr. 1.–3. gr. Skal þá haga slíkri skoðun með áþekkum hætti og skoðun kvikmynda að fengnum tillögum kvikmyndaskoðunarnefndar.

12. gr.

Menntamálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun núverandi skoðunarmanna og ráðning forstöðumanns fellur niður við gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra skipar kvikmyndaskoðunarnefnd og forstöðumann hennar frá og með sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því sem hér liggur fyrir er stefnt að því að fella saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 33/1983, og ákvæði um skoðun kvikmynda til að meta sýningarhæfni þeirra fyrir börn en slík ákvæði voru áður í lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tillögum nefndar sem menntamálaráðuneytið skipaði til að endurskoða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum en nefndin skilaði tillögum að frumvarpi árið 1992. Í nefndinni voru Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður, Haraldur Johannessen, þáverandi formaður Barnaverndarráðs Íslands, og Snorri Olsen, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu. Við undirbúning frumvarpsins var leitað umsagnar og álits ýmissa aðila en lokagerð þess var unnin í menntamálaráðuneytinu.

Auk lagaákvæða þeirra sem að framan getur var m.a. tekið mið af eftirfarandi ákvæði 1. mgr. 22. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnskipunarfyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur (89/552/EBE) sem er hluti af samningi um EES, svohljóðandi:

„Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpssendingar, sem lögsaga þeirra nær yfir, innihaldi ekki dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, einkum og sér í lagi dagskrár sem í felst klám eða tilefnislaust ofbeldi. Þetta ákvæði skal einnig ná til dagskrárefnis sem líklegt er til þess að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar.“

Frumvarpið felur ekki í sér nýmæli að því er varðar þann megintilgang löggjafarinnar sem kemur fram í 1.–3. gr. og má orða þannig: Að stemma stigu við sýningu kvikmynda þar sem gróft ofbeldi er birt án þess að þjóna tilgangi upplýsinga eða listar, svo og að vernda börn eins og kostur er gegn öðru kvikmyndaefni sem talið er þeim skaðvænlegt. Vert er þó að vekja athygli á nýmæli í 11. gr. þar sem ráðherra er fengin heimild til þess að fella svokallaða tölvuleiki undir hliðstæða skoðunarkvöð og kvikmyndir lúta. „Myndefni“ af þessu tagi er tiltölulega nýtt fyrirbæri en í örri útbreiðslu og kann að reynast full ástæða til að fylgjast með því hvaða viðfangsefni börnum eru fengin á þeim vettvangi.

Frumvarpið gerir ekki heldur ráð fyrir stórfelldum breytingum á tilhögun kvikmyndaeftirlits frá því sem tíðkast hefur. Fjöldi skipaðra skoðunarmanna hefur ekki verið bundinn í lögum en þeir hafa í raun verið sex talsins undanfarin ár og hér er gert ráð fyrir því að það haldist óbreytt. Tekið er upp heitið kvikmyndaskoðunarnefnd fyrir skoðunarmannahópinn og gert ráð fyrir að einn nefndarmanna gegni starfi forstöðumanns en sú framkvæmd hefur tíðkast um árabil.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá ákvæðum núgildandi laga. Bann á innflutningi, framleiðslu og hvers kyns dreifingu ofbeldiskvikmynda nær til allra slíkra kvikmynda hvort heldur þær eru ætlaðar til sýninga í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða í öðrum myndmiðlum innan íslenskrar lögsögu.

Skilgreining á ofbeldiskvikmynd er hin sama og verið hefur í lögum um ofbeldiskvikmyndir. Sama gildir um skilgreiningu á „kvikmynd“ að því frátöldu að nú er tekið fram að fréttaefni, auglýsingar og fræðsluefni sé undanskilið efnissviði laganna.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipan sérstakrar nefndar sem annast skoðun kvikmynda og mat á sýningarhæfni þeirra. Í reynd hefur slík starfsemi verið við lýði á grundvelli laga um bann við ofbeldiskvikmyndum og laga um vernd barna og ungmenna og reglugerðar um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

Æskilegt er að skoðunarmenn kvikmynda hafi til að bera menntun á sviði uppeldisfræði, sálfræði, kvikmyndagerðar, fjölmiðlafræði, lögfræði, afbrotafræði eða öðrum sviðum sem hlutverk þeirra tengist en ekki þykir ástæða til þess að binda slíkar kröfur í lögum. Skoðunarmenn kvikmynda samkvæmt fyrri lögum hafa verið tilnefndir af barnaverndarráði einvörðungu. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á starfssviði barnaverndarráðs með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er hér lagt til að í stað barnaverndarráðs tilnefni félagsmálaráðherra þrjá fulltrúa í kvikmyndaskoðunarnefnd sem jafnframt verði skipuð fulltrúa kvikmyndagerðarmanna og dómsmálaráðuneytis, auk þess sem menntamálaráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar.

Hlutverk kvikmyndaskoðunarnefndar er fyrst og fremst að skoða kvikmyndir og meta sýningarhæfni þeirra og móta stefnu um þau atriði. Við það er miðað að forstöðumaður nefndarinnar fáist við eða sjái um daglegan rekstur, þar með talda færslu skráa og gerð heildaryfirlits yfir skoðaðar myndir og enn fremur merkingar kvikmyndaeintaka og önnur framkvæmdaratriði.

Um 3. gr.

Hlutverk kvikmyndaskoðunarnefndar er að meta hvort um ofbeldiskvikmyndir er að ræða og hvort kvikmyndir séu við hæfi barna, sbr. athugasemdir við 2. gr. Með börnum samkvæmt frumvarpi þessu er átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs. Gert er ráð fyrir að aldursmörk þau sem sýningarhæfni kvikmynda miðast við séu ákveðin með reglugerð. Aldur barns miðist við afmælisdag þess. Þá er nú kveðið á um að mat kvikmyndaskoðunarnefndar á sýningarhæfni kvikmynda geti verið mismunandi eftir því um hvers konar myndmiðla er að ræða.

Ákvarðanir nefndarinnar skulu vera í ákveðnu formi og aðgengilegar aðilum og almenningi. Áskilið er að kvikmyndaskoðunarnefnd rökstyðji niðurstöður sínar ef takmarkanir eru settar á sýningu eða dreifingu kvikmynda og að þær niðurstöður séu opinberar. Þótt fyrirmæli um þessi atriði hafi ekki verið í lögum eru þau í samræmi við það sem tíðkast hefur í framkvæmd undanfarin ár. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir og er ekki gert ráð fyrir því að unnt sé að skjóta niðurstöðu kvikmyndaskoðunanefndar til menntamálaráðuneytisins, enda er ætlast til þess að skoðunarmenn kvikmynda hafi til að bera fullnægjandi sérþekkingu til að meta kvikmyndir og tryggja efnislega rétta niðurstöðu samkvæmt þessum lögum. Eftir sem áður er unnt að leita til ráðuneytis sem yfirstjórnvalds málaflokksins með erindi er varðar eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk þess og að sjálfsögðu útilokar ekki lagaákvæði þetta að leitað sé til dómstóla um lögmæti úrskurða nefndarinnar en slíkt málskot frestar ekki framkvæmd á úrskurði nefndarinnar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu til þess að koma kvikmyndum til skoðunar.

Kveðið er á um gjaldtöku vegna skoðunar. Í meginatriðum er miðað við að gjaldtaka vegna skoðunar kvikmynda breytist ekki frá því sem nú er en gjöld vegna skoðunar kvikmynda eru nú þrenns konar:

1. Sérstakt gjald fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsum.
2. Sérstakt grunngjald vegna skoðunar myndbanda að viðbættu mínútugjaldi sem tekur mið af mismunandi lengd kvikmynda á myndböndum.
3. Miðagjald, þ.e. sérstakt gjald vegna kostnaðar við prentun vottorðsmiða, þar sem niðurstöður mats kvikmyndaskoðunarnefndar koma fram og fylgir hverju eintaki myndbands.

Miðað er við að gjöld þessi renni í ríkissjóð og að þau verði aldrei hærri en sem nemur kostnaði við starfsemi kvikmyndaskoðunarnefndar.

Um 5. gr.

Ekki þykir ástæða til að hverfa frá þeirri tilhögun að sjónvarpsstöðvar annist sjálfar skoðun kvikmynda sem þær hyggjast sýna í dagskrá sinni enda sé haft um það samráð við kvikmyndaskoðunarnefnd. Telja má þennan hátt eðlilegan með hliðsjón af þeirri ábyrgð á dagskrárefni sem sjónvarpsstöðvunum er lögð á herðar samkvæmt útvarpslögum, auk þess sem hagkvæmnisástæður mæla með honum. Ákvæði sama efnis og hér er gert ráð fyrir að lögfesta eru nú í reglugerð.

Um 6. gr.

Hér er fortakslaust kveðið á um að hvers kyns dreifing kvikmynda sé óheimil nema að undangenginni skoðun hjá kvikmyndaskoðunarnefnd og að niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir. Um undantekningu að því er varðar sjónvarpsdagskrár er mælt í 5. gr., sjá athugasemd við þá grein.

Um 7. gr.

Hér eru tekin af tvímæli um skyldu framleiðenda kvikmynda, innflytjenda og dreifingaraðila til þess að sjá um að öll eintök kvikmynda er þeir hafa undir höndum séu rétt merkt að því er varðar mat kvikmyndaskoðunarnefndar. Jafnframt er áskilið að þessir aðilar skuli láta niðurstöður kvikmyndaskoðunarnefndar fylgja auglýsingum og kynningu á kvikmyndunum.

Nýmæli er að skylda kvikmyndaskoðunarnefnd til að gefa út a.m.k. tvisvar á ári heildaryfirlit yfir skoðaðar kvikmyndir en slíkar skrár hafa þó verið gerðar að undanförnu. Tilgangur með slíkri útgáfu er fyrst og fremst að gera mat skoðunarmanna á sýningarhæfni aðgengilegt almenningi. Rétt er að senda slík yfirlit til fjölmiðla, barnaverndaryfirvalda, lögreglustjóra og annarra hlutaðeigandi aðila. Æskilegt er einnig að gera sérstakt yfirlit yfir þær kvikmyndir sem bannaðar hafa verið.

Um 8. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að áfram verði í gildi ótvíræðar reglur um aðgang barna og ungmenna að kvikmyndum í kvikmyndahúsi. Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að óheimilt sé að afhenda börnum kvikmynd ef hún er bönnuð börnum á þeirra aldri. Töluverður misbrestur hefur verið á því að þess sé gætt og á það einkum við um myndbandaleigur. Því er í frumvarpi þessu gerð tillaga um skýr ákvæði er lúta að ábyrgð þess sem rekur myndbandaleigu á að framfylgja niðurstöðum kvikmyndaskoðunarnefndar í starfsemi sinni.

Um 9. gr.

Þessi grein er efnislega sambærileg við ákvæði fyrri laga, sbr. 8. mgr. 58. gr. áðurgildandi laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og 3. gr. laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983. Þó er gert ráð fyrir því að eftirlit löggæslu og barnaverndarnefnda verði skipulegra en tíðkast hefur.

Rétt er að vekja athygli á því að við setningu nýrra laga um vernd barna og ungmenna árið 1992 var tekið mið af því að þá stóð yfir endurskoðun löggjafar um skoðun kvikmynda og um bann við ofbeldiskvikmyndum. Skilja má orðalag 56. gr. laga nr. 58/1992 þannig að barnaverndarnefndir séu undanþegnar þeirri skyldu að hafa eftirlit með því að börnum séu aðeins sýndar kvikmyndir sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

Þar sem í frumvarpi þessu er gerð tillaga um óbreytta skipan í þessum efnum frá áðurgildandi löggjöf um skoðun kvikmynda, sbr. það sem áður segir, þykir jafnframt nauðynlegt að breyta orðalagi 56. gr laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, þannig að skylda barnaverndarnefnda í þessum efnum sé ótvíræð. Er tillaga gerð um það í frumvarpi til laga um breyting á þeim lögum.

Þá er rétt að vekja athygli á því að með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir samvinnu kvikmyndaskoðunarnefndar og tollyfirvalda í þeim tilgangi að stemma stigu við innflutningi ofbeldiskvikmynda.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að refsiramminn er lækkaður frá því sem nú er og höfð hliðsjón m.a. af 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá þótti nauðsynlegt að lögin kveði á um heimild til eignaupptöku á ólöglegum kvikmyndum, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Um 11. gr.

Með grein þessari er ráðherra heimilað að setja sérstakar reglur um skoðun svokallaðra tölvuleikja, þ.e. tölvuforrita sem hafa að geyma gagnvirka leiki. Talsvert hefur færst í vöxt að tölvuleikir innihaldi umtalsvert ofbeldi sem kann að vera börnum og unglingum háskalegt, ekki síst vegna þess að gert er ráð fyrir virkri þátttöku þeirra í leiknum.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir nokkurri formbreytingu á kvikmyndaeftirlitinu þykir eðlilegt að skipun núverandi skoðunarmanna og ráðning núverandi forstöðumanns falli niður við gildistöku laganna enda taki skipun kvikmyndaskoðunarnefndar og forstöðumanns hennar gildi frá sama tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að fella saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og byggir frumvarpið í meginatriðum á núverandi framkvæmd og ákvæðum laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og laga nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Fyrrnefndu lögin voru endurskoðuð 1992 en þá var felldur brott kafli um skoðun kvikmynda. Í þessu frumvarpi er það nýmæli að skoðun tekur einnig til tölvuleikja. Gert er ráð fyrir að skipuð verði sex manna kvikmyndaskoðunarnefnd og verður einn nefndarmanna forstöðumaður nefndarinnar. Á vegum kvikmyndaskoðunarnefndar fer fram skoðun allra kvikmynda sem ætlaðar eru til sýningar eða dreifingar hér á landi, að því frátöldu að sjónvarpsstöðvar, sem hafa leyfi til útvarps, annast skoðun kvikmynda sem sýna á í dagskrá að höfðu samráði við kvikmyndaskoðunarnefnd. Þetta er í reynd í meginatriðum það skipulag sem ríkt hefur undanfarin ár þó kveðið sé nánar á um ýmis atriði.

Í 2. gr. segir að þóknun kvikmyndaskoðunarnefndar og annar rekstrarkostnaður greiðist úr ríkissjóði en í 4. gr. er kveðið á um skoðunargjöld og er sagt að þau skulu taka mið af kostnaði vegna skoðunar kvikmynda. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að miðað sé við að gjaldtaka vegna skoðunar kvikmynda breytist ekki frá því sem nú er en verði aldrei hærri en sem nemur kostnaði við starfsemi kvikmyndaskoðunarnefndar.

Í ljósi framangreinds er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessa frumvarps. Framlag til Kvikmyndaeftirlits ríkisins er áætlað 1,6 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga 1995 og er það svipað og undanfarin ár.

254. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um heilsársveg milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Pétur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins gera áætlun um með hvaða hætti vegtenging milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu verði hagkvæmust. Í því felist ákvörðun um hvort byggður verði upp heilsársvegur yfir Dynjandisheiði eða farið með sjó fram fyrir Langanes (eða um Mosdal og Hokinsdal) um Geirþjófsfjörð og Trostansfjörð. Enn fremur verði tekin ákvörðun um jarðgangaleið milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Áætlunin verði síðan felld inn í langtímaáætlun í vegagerð á Vestfjörðum.

Greinargerð.

Hliðstæðar tillögur voru fluttar á 113. og 115. löggjafarþingi en hlutu þá ekki fullnaðarafgreiðslu

Það hefur löngum háð samvinnu byggða á Vestfjörðum hversu samgöngur eru þar erfiðar að vetrarlagi og á það ekki síst við samskipti milli þeirra svæða sem hér um ræðir, byggðanna á vestanverðum Vestfjörðum sem oft eru nefnd Patreksfjarðar- og Ísafjarðarsvæði.

Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði eru að jafnaði lokaðar vetrarmánuðina og er þá póstflug Flugfélagsins Ernis einu almenningssamgöngurnar milli Vestur-Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslna, auk þess sem vöruflutningar fara fram sjóleiðina.

Þá ber að geta þess að með tilkomu Breiðafjarðarferjunnar Baldurs hafa aukist verulega ferðir fólks af Ísafjarðarsvæði þá leiðina suður á land. Eins og nú háttar er það einungis hægt að sumarlagi en með jarðgöngum milli fjarðanna og vetrarvegi um Dynjandisheiði, eða með sjó fram, væri þessi leið fær allan ársins hring.

Núverandi vegur yfir Dynjandisheiði var tekinn í notkun á árinu 1958 og þótti þá allgóður og var mikil samgöngubót. Hins vegar var hann einungis hugsaður sem sumarvegur og ekki gerður samkvæmt þeim stöðlum sem nú gilda um nýlagnir vega. Sáralitlar endurbætur hafa verið gerðar á honum og nýtist hann því enn eingöngu sem sumarvegur. Fljótlega þarf að fara að gera við kafla þessa vegar en áður en lagt er í kostnaðarsamar framkvæmdir þarf að taka ákvörðun um hvort leggja beri nýjan veg með sjó fram eða endurbæta þennan veg og byggja upp með tilliti til snjóalaga.

Vert er að hafa í huga við ákvörðun í málinu að vegurinn liggur utan í Glámusvæðinu sem er fyrrum jökulsvæði. Hann liggur í allt að 500 m hæð yfir sjávarmál og þar geta veður verið mjög hörð að vetri til og þokusamt á sumrin. Samkvæmt lauslegum mælingum Vegagerðarinnar er talið að lenging vegarins, með því að fara með sjó fram, sé um 15 km frá Dynjanda í Trostansfjörð, og þar með til Bíldudals, en um 30 km frá Dynjanda að vegamótum í Helluskarði og þar með að Brjánslæk. Þar ber að hafa í huga að þessi vegur yrði væntanlega mjög snjóléttur og að jafnaði vetrarfær án mikils snjómoksturs.

Einnig kæmi til álita að leita nýrra leiða fyrir veg yfir Dynjandisheiði og hafa um það samráð við heimamenn sem margir hverjir hafa kannað leiðir þarna með þetta að markmiði. Einkum kemur til álita að fara aðra leið upp á heiðina en upp Svínadal, t.d. á svæðinu utanvert við Dynjanda.

Að áliti vegagerðarmanna er tæpast framkvæmanlegt að gera viðunandi vetrarveg yfir Hrafnseyrarheiði vegna mikils bratta og snjóflóðahættu á leiðinni frá Þverfelli í Brekkudal að Þórðarhorni í Hrafnseyrardal.

Vegagerð ríkisins hefur gert lauslegar athuganir á jarðgangaleið milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Meðal annars var gerð jarðfræðiathugun árið 1981 á þessu svæði. Megintilgangur þeirrar athugunar var að huga að grjóti sem nothæft væri sem ölduvörn á vegkanta með sjó, en einnig var berggrunnur lauslega kannaður með tilliti til möguleika á jarðgangagerð þarna. Þessi athugun leiddi í ljós að vænlegasta leiðin virðist vera úr Dýrafjarðarbotni í Arnarfjarðarbotn. Þessi göng yrðu væntanlega um 4,7 km að lengd, og virðast berglög þar henta allvel til gangagerðar. Nauðsynlegt er þó að gera frekari kannanir á berglögum. Þess má geta að jarðgöng á þessum stað mundu stytta leiðina frá Ísafirði í Mjólká um 25–28 km og yrði þá leiðin þar á milli svipuð og frá Ísafirði til Þingeyrar, rétt um 50 km.

Annar möguleiki væri að gera göng úr Brekkudal í Skipadal nálægt núverandi akstursleið. Þau göng yrðu mun styttri, en berglög óhagstæðari, auk þess sem þau mundu liggja allhátt, eða um 300 m yfir sjávarmáli. Sú leið stytti ekki akstursleið svo neinu næmi.

Sem fyrr segir eru jarðgöng á þessari leið forsenda þess að tengja megi byggðir Vestfjarða innbyrðis. Gerð nýs flugvallar í Dýrafirði, sem nú er í athugun, styður enn frekar nauðsyn þess að allir á vestursvæði Vestfjarðakjálkans eigi þangað greiða leið, ekki síst ef um beinan útflutning á fiski og fiskafurðum þaðan yrði að ræða. Þá mundi öryggi í samgöngum aukast verulega og renna frekari stoðum undir ferðaþjónustu á Ísafjarðarsvæði að vetarlagi þar sem ferðafólki þykir flugsamgöngur ekki nægilega tryggar til skemmri ferða.

Hér er um að ræða stefnumótun í samgöngumálum sem skipta byggðaþróun á Vestfjörðum verulegu máli og hafa um árabil verið ofarlega í umræðu þar. Fjórðungsþing Vestfirðinga hefur margsinnis ályktað um þetta mál.

Í umsögn vegamálastjóra um fyrrgreinda þingsályktunartillögu frá 113. löggjafarþingi er tekið undir nauðsyn þess að undirbúa tengingu milli þessara svæða með þeim hætti sem hér er lagt til. Vegamálastjóri telur það verkefni Vegagerðar og þingmanna kjördæma að undirbúa slíka stefnumörkun. Sú vinna kostar allmikið fé og er eðlilegt að sérstök fjárveiting fáist til hennar af vegáætlun.

Það skal undirstrikað hér að þar sem jarðgöng eru forsenda þessarar tengingar með öruggum hætti beri að fella þessa áætlun að langtímaáætlun í jarðgangagerð þar sem tenging vestursvæðis við Mjólká nær ekki fullum tilgangi nema hægt verði að komast áfram yfir í Dýrafjörð. Því er skoðun flutningsmanns að taka beri þessa tvo þætti sameiginlega sem sérstakt verkefni við áætlanagerð sem tekið verði tilllit til við reglulega endurskoðun vegáætlunar sem fram á að fara á Alþingi 1994–95.

255. Svar [176. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna fyrirspurnar Hjörleifs Guttormssonar um ferðakostnað sjúklinga.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða reglur gilda af hálfu ríkisins um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga sem sendir eru af læknum milli landshluta til læknismeðferðar og ferðast

a. í sjúkraflugi,

b. með almennum samgöngutækjum,

c. á eigin vegum?

Sjúkraflug. Samkvæmt i-lið 36. gr. almannatryggingalaga greiða sjúkratryggingar óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að ⅞ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkratryggður greiðir þó aldrei meira en 2.400 kr. í samfelldum sjúkraflutningi.

Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi.

Almenn samgöngutæki. Samkvæmt j-lið 36. gr. almannatryggingalaga greiða sjúkratryggingar óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar. Reglur þessar eru nr. 74/1991 um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands. Í 1. gr. reglnanna kemur fram að sjúkratryggingar taka þátt í ferðakostnaði þegar sjúklingur fer til meðferðar eða til óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða í sjúkrahúsi enda sé um að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma og meðferð þeirra: Illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Einnig er heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra sjúkdóma.

Í 3. gr. reglnanna kemur fram að sjúkratryggingar endurgreiða að hluta ferðakostnað ef um er að ræða a.m.k. 15 km vegalengd á milli staða. Sjúkratryggingar greiða ⅓ hluta kostnaðar af raunverulegu fargjaldi með venjulegri áætlunarferð. Greiðsluhluti sjúklings skal þó aldrei verða hærri en 1.000 kr. í hverri ferð.

Sjúkratryggingar endurgreiða einnig sérstakt fargjald fylgdarmanns eftir sömu reglum ef sjúklingurinn er 16 ára eða yngri eða ef hann er ósjálfbjarga. Að auki endurgreiða sjúkratryggingar nauðsynlegar ferðir foreldris eða nánasta aðstandanda til vitjunar sjúklings 16 ára eða yngri og takmarkast endurgreiðsla slíkra ferða við eina vitjun í viku til sjúklings.

Á eigin vegum. Sjúkratryggingar endurgreiða ⅓ hluta kostnaðar af reiknuðu fargjaldi með áætlunarbifreið á hverjum tíma ef eigin bíll er notaður. Greiðsluhluti sjúklings skal þó aldrei verða hærri en 1.000 kr. í hverri ferð, sbr. 3. gr. reglna nr. 74/1991.

Sjúkratryggingar endurgreiða ekki fargjald fylgdarmanns þegar um er að ræða ferðir á eigin vegum. Endurgreiðslan á einungis við um áætlunarferðir og eru rökin fyrir því að jafndýrt sé fyrir tvo að ferðast í sömu bifreið og þegar um er að ræða einn mann.

256. Frumvarp til laga [221. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Yfirdýralæknir hefur eftirlit með ávísunum dýralyfja.

2. gr.

Við síðari málsgrein 21. gr. laganna bætist eftirfarandi: en um lyfsölu dýralækna gildir 5. mgr. 30. gr.

3. gr.

Í stað 4. mgr. 30. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum hverra afurðir eru ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

4. gr.

Við 39. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lyfjaverðsnefnd ákvarðar verðlagningu dýralyfja sem seld eru án lyfseðils, sbr. 40. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu.
b. Í stað orðanna „þóknun til dýralækna“ í 5. málsl. 3. mgr. kemur: hámarksverð á dýralyfjum í smásölu.
c. Við síðari málslið 4. mgr. bætist: og allra dýralyfja.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af heilbrigðis- og tryggingaefnd í kjölfar umræðu um framkvæmd ákvæða um lyfsölu dýralækna í lyfjalögum, nr. 93/1994, sem öðluðust gildi 1. júlí sl. Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að taka af öll tvímæli um það að dýralæknum sé heimilt að selja dýralyf frá starfsstofu sinni, en við umfjöllun nefndarinnar um frumvarp til lyfjalaga í vor kom ekki fram að ætlunin væri að takmarka rétt dýralækna að þessu leyti.

Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur fjallað ítarlega um málið og leitað álits heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, yfirdýralæknis, Lyfjaeftirlits ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, Stéttarsambands bænda og Samkeppnisstofnunar.

Í starfi sínu hafði heilbrigðis- og tryggingaefnd að leiðarljósi að lagaákvæði um lyfsölu dýralækna yrðu þannig úr garði gerð að þeir sem eiga að vinna á grundvelli þeirra og njóta þjónustu samkvæmt þeim telji lögin þjóna tilgangi sínum. Við undirbúning frumvarps þessa komu upp ýmis álitaefni, einkum varðandi það hvort heimild til lyfsölu dýralækna stæðist ýmis grundvallaratriði lyfjalaga, nr. 93/1994, og ákvæði annarra laga, svo sem samkeppnislöggjafar. Fram kom í áliti Samkeppnisstofnunar að lyfsala dýralækna sýndist ekki samrýmast þeirri hugsun sem væri að baki síðari málsgreinar 21. gr. lyfjalaga sem hljóðar svo: „Starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða.“ Heilbrigðis- og tryggingaefnd leggur því til að bætt verði við síðari málsgrein 21. gr. laganna nýjum málslið til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frumvarps þessa þannig að í ákvæðinu segi að um lyfsölu dýralækna gildi 5. mgr. 30. gr. Þá bendir nefndin á að jafnframt kom fram í áliti Samkeppnisstofnunar að byggðasjónarmið kynnu að réttlæta undantekningu varðandi lyfsölu dýralækna. Heilbrigðis- og tryggingaefnd telur, eftir að hafa kynnt sér sjónarmið þeirra sem hér eiga hagsmuna að gæta, að hinar sérstöku aðstæður sem eru í dreifðum byggðum landsins réttlæti að gerð verði undantekning á. Því leggur nefndin til að dýralæknum verði veitt sú heimild til lyfsölu sem héraðsdýralæknar höfðu áður skv. 58. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu. Á hinn bóginn leggur nefndin til að gerðar verði nokkrar takmarkandi breytingar og með því verði að nokkru leyti vegið upp á móti þeirri heimild sem opnuð er fyrir lyfsölu dýralækna. Þær breytingar eru sem hér segir.

1. Lagt er til að í 11. gr. laganna verði kveðið á um að yfirdýralæknir hafi eftirlit með ávísunum dýralyfja, en ekkert slíkt ákvæði er í lyfjalögum, nr. 93/1994.

2. Lagt er til að bætt verði við 30. gr. laganna ákvæði þar sem kveðið er á um heimild til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, í samráði við yfirdýralækni, til setningar reglugerðar þar sem kveðið er nánar á um ýmis atriði varðandi lyfsölu dýralækna, m.a. um eftirlit.

3. Lögð er til sú grundvallarbreyting að verð á öllum dýralyfjum, einnig þeim sem seld eru án lyfseðils, verði háð ákvörðun lyfjaverðsnefndar. Með því er talið tryggt að dýralæknar geti ekki haft óeðlilega mikla hagsmuni af sölu dýralyfja en slík staða hefði getað skapast, einkum þar sem samkeppni er lítil sem engin.

Að lokum skal þess getið að Samkeppnisstofnun gerði í áliti sínu til nefndarinnar athugasemd við samkeppnisstöðu dýralækna annars vegar og lyfsala hins vegar, sbr. 24. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, þar sem segir m.a. „Lyfsölum er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er.“ Varðandi þetta atriði vill heilbrigðis- og tryggingaráðnefnd taka fram að ákvæðið gerir ráð fyrir að skylda lyfsala markist af lyfjaávísunum. Þannig hljóta aðstæður á hverjum stað að vera grundvöllur þeirrar skyldu sem hér er lögð á herðar lyfsölum og þar sem dýralæknar hafa á hendi sölu dýralyfja gegn álagningu verður að gera ráð fyrir að þeir haldi sjálfir þær birgðir sem nauðsynlegar eru. Héraðsdýralæknar hafa, auk nokkurra almennra dýralækna, hingað til haft með höndum sölu dýralyfja og ekki virðast hafa komið upp vandkvæði að þessu leyti í framkvæmd. Fyrir liggur að samstarf lyfsala og dýralækna hefur hins vegar mótast eftir aðstæðum á hverjum stað. Heilbrigðis- og tryggingaráðnefnd telur því að það frumvarp, sem hér er lagt fram, stríði ekki gegn ákvæðum 24. gr. lyfjalaga. Nefndin vill hins vegar benda á að ákvæði samkeppnislaga, nr. 8/1993, gilda um viðskipti almennt og þar á meðal um lyfsölu. Ef upp kunna að koma einstök tilvik á einhverju sviði lyfsölu, þar sem aðstæður eru slíkar að viðskipti eru talin brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga, gilda viðurlög þeirra laga um þau tilvik.

Guðrún J. Halldórsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir gera fyrirvara við frumvarp þetta og munu gera grein fyrir þeim við umræður um málið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í 11. gr. laganna verði kveðið á um að yfirdýralæknir hafi eftirlit með ávísunum dýralyfja en í lögunum er einungis mælt fyrir um eftirlit landlæknis með lyfjaávísunum lækna og lyfjaafhendingu lyfjafræðinga. Nauðsynlegt þykir að í lögunum sé einnig skýrt kveðið á um eftirlit með dýralyfjum að þessu leyti og gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um fyrirkomulag eftirlitsins í reglugerð, sbr. 3. gr. frumvarps þessa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 21. gr. laganna tilvísun í 5. mgr. 30. gr., sbr. 3. gr. frumvarps þessa, þar sem kveðið er á um sérstakar reglur varðandi lyfsölu dýralækna.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að orðalagi 30. gr. laganna verði breytt á þann veg að tekin verði af tvímæli um það að dýralæknar geti keypt í heildsölu og selt lyf frá starfsstofu sinni en ekki einungis keypt lyf til notkunar þar eða í vitjunum. Eðli málsins samkvæmt er talið nauðsynlegt að lögin tryggi að dýralæknar geti veitt þá þjónustu sem héraðsdýralæknum var heimilt og jafnvel skylt að veita áður á grundvelli 58. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982. Þá er lagt til að lögfest verði nýmæli um heimild ráðherra til setningar reglugerðar um notkun dýralyfja, um þær starfsskyldur sem fylgja sölu dýralyfja, eftirlit með sölunni og fleiri atriði. Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi samráð við yfirdýralækni við setningu reglugerðarinnar.

Um 4. gr.

Lagt er til að 39. gr. laganna verði breytt á þann veg að álagning á öll dýralyf, einnig þau sem ekki eru lyfseðilsskyld, verði háð ákvörðun lyfjaverðsnefndar. Heilbrigðis- og tryggingánefnd telur nauðsynlegt að kveðið sé á um þetta atriði þar sem óeðlilegt sé að dýralæknar geti haft frjálsar hendur við verðlagningu lausasölulyfja sem eru verulegur hluti dýralyfja sem þeir hafa annast sölu á.

Um 5. gr.

Lagt er til að orðalagi 1. og 3. mgr. 40. gr. laganna verði breytt á þann veg að í stað orðsins „þóknun“ komi „hámarksverð“. Þannig er dýralæknum veitt heimild til að selja dýralyf gegn smásöluálagningu en ekki þóknun eins og lög nr. 93/1994 gera ráð fyrir. Þá er hér ítrekað að lyfjaverðsnefnd ákvarði verð á öllum dýralyfjum og er það í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins. Loks er lögð til sú breyting á 4. mgr. 40. gr. laganna að í lyfjaverðskrá verði birt hámarksverð allra dýralyfja og er það einnig í samræmi við 4. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

257. Frumvarp til laga [222. mál]

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Kristján Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson, María E. Ingvadóttir.

1. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónabandi stóð, skulu þó ekki falla utan skipta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram á 112., 113., 115., 116. og 117. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það var sama efnis og þetta frumvarp, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna.

Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki í þessum hópi, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið er frumvarp um þetta efni ekki lagt fram í fyrsta sinn en oft hafa umræður og umsagnir um málið snúist meira um aðra þætti, eins og greiðslur frá lífeyrissjóðum, en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem í dag tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp, en fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Með frumvarpi þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til þeirrar tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis á milli lífeyrissjóða í dag.

Með ólíkindum er hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum og jafnvel samtökum kvenna þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna.

258. Fyrirspurn [223. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur til sveitarfélaga úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu háar voru greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til sveitarfélaga til atvinnuskapandi verkefna á árinu 1993 og samkvæmt áætlun 1994, skipt niður á einstök sveitarfélög?
2. Hversu háar voru greiðslur sömu sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð til atvinnuskapandi verkefna árið 1993 og 1994, skipt niður á einstök sveitarfélög?
3. Hversu mörg sveitarfélög greiddu í Atvinnuleysistryggingasjóð til atvinnuskapandi verkefna en fengu hvorki framlag úr sjóðnum 1993 né fá framlag samkvæmt áætlun 1994? Hversu háar upphæðir greiddi hvert sveitarfélag?

Skriflegt svar óskast.

259. Fyrirspurn [224. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sveitarfélaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er túlkun fjármálaráðuneytis á ákvæði 1. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990 um endurgreiðslu virðisaukaskatts? Hvaða úrgangsefni, þar sem sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun, flutningi og förgun, falla undir orðið „sorp“ samkvæmt skilgreiningu ráðuneytisins?

2. Hver er túlkun fjármálaráðuneytis á því hvað fellur undir 4. tölul. 12. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða endurgreiðslu virðisaukaskatts af björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna?

260. Fyrirspurn [225. mál]

til félagsmálaráðherra um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða verkefni hafa verið flutt frá ríki til sveitarfélaga árin 1991 til og með 1994,
   a. í samræmi við lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga,
   b. í framhaldi af öðrum samþykktum eða lagabreytingum?
2. Hver er heildarkostnaður sveitarfélaganna af þessum verkefnum árin 1991 til og með 1994,
   a. kostnaður allra sveitarfélaga,
   b. kostnaður Reykjavíkurborgar,
   c. kostnaður á hvern kaupstað?
3. Hvaða tekjustofnar hafa verið færðir frá ríki til sveitarfélaga árin 1991 til og með 1994 og
   a. hver er heildartekjuaukning sveitarfélaga af þessu,
   b. hverjar eru tekjur Reykjavíkurborgar og
   c. hverjar eru tekjur hvers kaupstaðar?
4. Hverjar eru þær laga- og reglugerðabreytingar, gerðar á árunum 1991–94, sem hafa í för með sér aukna skatta á sveitarfélögin eða annan kostnaðarauka en um getur í 1., 2. og 3. lið? Um hve háar upphæðir er að ræða:
   a. heildarálögur allra sveitarfélaga,
   b. auknar álögur á Reykjavíkurborg og
   c. auknar álögur á kaupstaði, skipt niður á einstaka kaupstaði?

Skriflegt svar óskast.

261. Fyrirspurn [226. mál]

til menntamálaráðherra um framlög af fjárlagaliðnum 02-750 Skólar fyrir fatlaða.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg sveitarfélög sóttu um framlag til dagvistar fyrir fatlaða forskólanemendur árin 1993 og 1994?
2. Hversu mörg sveitarfélög fengu eða fá framlag á árunum 1993 og 1994 til þessarar þjónustu?

3. Hve háar upphæðir er um að ræða hvort ár á hvert sveitarfélag?
4. Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga af dagvist fyrir fatlaða forskólanemendur árin 1993 og 1994?

Skriflegt svar óskast.

262. Fyrirspurn [227. mál]

til utanríkisráðherra um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu utanríkisráðuneytisins til undirbúnings ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995 um málefni kvenna?
2. Hverjir standa að undirbúningi ráðstefnunnar?
3. Hvernig verða valdir fulltrúar til setu á ráðstefnunni fyrir Íslands hönd?
4. Hefur verið haft samráð við stjórnmálaflokka og kvennahreyfingar um undirbúning?

263. Svar [4. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um starfslokasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir svokallaðir starfslokasamningar hafa verið gerðir á vegum ráðuneytanna í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?*
2. *Um hvaða laun og önnur kjör hefur verið samið í þessum samningum í hverju tilviki?*
3. *Á hvaða forsendum hafa þessir samningar verið gerðir, almennt og í hverju tilviki?*

Forsætisráðuneytið hefur leitað til ráðuneytanna um svör við framangreindum spurningum og fara þau hér á eftir. Sá skilningur er lagður í orðið starfslokasamningur að þar sé um að ræða samninga við ríkisstarfsmenn sem hætta störfum áður en 67 ára aldri er náð sem fela í sér greiðslur til lengri tíma en hefðbundins þriggja mánaða uppsagnarfrests. Þá er ekki litið á það sem starfslokasamning þegar gerðar eru breytingar á starfsskyldum starfsmanna innan ráðuneyta, en þeir starfa þar áfram og lúta sömu skyldum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn.

Forsætisráðuneyti.

Aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins hefur gert einn starfslokasamning í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Gerður var starfslokasamningur við fyrrverandi skrifstofustjóra í forsætisráðuneyti er fól í sér að honum voru greidd biðlaun í 12 mánuði ásamt yfirvinnu frá 1. febrúar 1992. Að auki voru honum greiddar samtals 3.675 þús. kr. með fimm jafnháum greiðslum, en af þeim greiðslum var dregin staðgreiðsla tekjuskatts, 1.464 þús. kr. Almenn forsenda samningsgerðarinnar af hálfu ráðuneytisins var að starfslok væru óhjákvæmileg og hafði það frumkvæði að samningsgerðinni. Gengið var frá samningnum í samráði við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðun.

Byggðastofnun hefur gert þrjá starfslokasamninga á því tímabili sem um er spurt. Í tilviki A var samið um að greidd yrðu biðlaun í 12 mánuði til 31. desember 1993 og voru þau hin sömu og starfsmaðurinn naut á meðan hann var í fullu starfi. Í tilviki B var samið um að greidd yrðu biðlaun í sex mánuði til 30. júní 1993 og voru þau hin sömu og starfsmaðurinn naut áður. Í tilviki C var samið um að greidd yrðu biðlaun í 12 mánuði og voru þau hin sömu og starfsmaðurnn naut áður. Í starfslokasamningnum er jafnframt kveðið á um að viðkomandi starfsmaður ynni að verkefnum fyrir stofnunina samkvæmt nánara samkomulagi við stjórnarformann og forstjóra.

Framangreindir starfslokasamingar voru gerðir vegna þess að stöður, sem viðkomandi starfsmenn gegndu, voru lagðar niður, en stofnunin hefur unnið að því að fækka störfum á aðalskrifstofu í Reykjavík um leið og starfsmönnum á landsbyggðinni hefur fjölgað.

Utanríkisráðuneyti.

Á vegum utanríkisráðuneytis hafa verið gerðir tveir starfslokasamningar í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Annars vegar var gerður samningur við starfsmann tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli sem fól í sér að greiddar voru 30 klst. í dagvinnu á mánuði frá 16. mars 1993 til 17. ágúst 1994 er eftirlaunaaldri var náð. Hins vegar er um að ræða samning við starfsmann lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli sem felur í sér greiðslu 32 klst. í dagvinnu á mánuði frá 1. maí 1994 til septembermánaðar 1997 er eftirlaunaaldri verður náð. Samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytis voru samningar þessir gerðir til að komast hjá annars óhjákvæmilegum uppsögnum yngri starfsmanna.

Menntamálaráðuneyti.

Aðalskrifstofa menntamálaráðuneytis hefur gert einn starfslokasamning í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Fyrrverandi ráðuneytisstjóri hélt óskertum launum til ársloka 1993 samkvæmt samkomulagi um að hann ynni ákveðin verkefni í þágu ráðuneytisins á þeim tíma. Var þar einkum um að ræða vinnu við að semja og yfirfara lagafrumvörp. Lét hann af embætti að eigin ósk.

Landbúnaðarráðuneyti.

Enginn starfslokasamningur hefur verið gerður af hálfu aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Skógrækt ríkisins gerði einn samning við starfsmann um lausn frá föstu starfi þar sem jafnframt er kveðið á um að viðkomandi einstaklingur inni af hendi ákveðna vinnu fyrir stofnunina og njóti greiðslna fyrir það. Féllst landbúnaðarráðuneytið á að greiða starfsmanninum eingreiðslu, 600 þús. kr., til að bæta honum upp réttindamissi miðað við óbreytt vinnufyrirkomulag.

Samgönguráðuneyti.

Aðalskrifstofa samgönguráðuneytis hefur átt aðild að tveimur starfslokasamningum í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Gerður var samningur við fyrrverandi ráðuneytisstjóra er tók gildi 1. september 1994. Samningurinn gildir til 21. desember 1998 og felur í sér að starfsmaðurinn skrifi sögu ferða- og samgöngumála á Íslandi. Jafnframt verður hann áfram formaður hafnaráðs og siglingaráðs. Samkomulagið gerir ráð fyrir að auk fastra launa (samkvæmt launaflokki 155-8) verði starfsmanninum greitt ígildi 122 eininga nefndarlauna á mánuði og afnot af eigin bíl sem nemur 4.000 km akstri á ári, auk fastagjalds fyrir afnot af síma. Hann hefur aðstöðu á skrifstofu ráðuneytisins til að vinna verk sín. Fyrrverandi ráðuneytisstjóri gekkst undir erfiða aðgerð í maí 1993 vegna veikinda. Starf ráðuneytisstjóra er erilsamt og krefst óskerts starfsþreks og af þeim ástæðum var gerður við hann samningur um framangreind verkefni, en miklar upplýsingar liggja fyrir í ráðuneytinu varðandi ferða- og samgöngumál á Íslandi sem nauðsynlegt er að flokka og koma skipulagi á.

Fyrrverandi flugmálastjóri óskaði lausnar frá starfi 1. júní 1992. Vegna samninga um Evrópska efnahagssvæðið og mikilla breytinga á alþjóðarétti varðandi loftferðir og stjórn flugmála var talið nauðsynlegt að íslensk lög þar að lútandi yrðu tekin til endurskoðunar og samræmd alþjóðasamningum. Því var gert samkomulag við fyrrverandi flugmálastjóra, er hann lét af starfi, um að hann annaðist endurskoðun ýmissa laga um flugmál, þar á meðal laga um loftferðir. Samkomulagið tók gildi 1. júní 1992 og gilti til 1. júlí 1994. Lauk starfsmaðurinn starfi sínu með því að skila fullgerðu frumvarpi til laga um loftferðir sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Samið var um að greiðsla fyrir þessi störf væru laun flugmálastjóra að viðbættum 40 yfirvinnustundum á mánuði.

Þá voru gerðir þrír starfslokasamningar á vegum undirstofnana samgönguráðuneytisins. Vita- og hafnamálastofnun gerði tvo starfslokasamninga. Annar fól í sér að fyrrverandi starfsmanni voru greidd full laun í 12 mánuði í samræmi við þjónustualdur hjá ríkinu, auk tillags í lífeyrissjóð. Hinn samningurinn fól í sér greiðslu fullra launa til fyrrverandi starfsmanns í sex mánuði í samræmi við þjónustualdur hjá ríkinu. Störfin voru lögð niður vegna minnkaðs umfangs og breytinga á starfsemi stofnunarinnar.

Loks gerði Flugmálastjórn einn starfslokasamning á umræddu tímabili. Samningurinn fól í sér að viðkomandi starfsmanni voru greiddar 1,8 m.kr. vegna starfsslitanna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis segir að ráðuneytið hafi engan starfslokasamning gert í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þar segir einnig að við starfslok fyrrverandi tryggingayfirlæknis 31. desember 1993 hafi verið fallist á að Tryggingastofnun ríkisins greiddi honum uppsafnað ótekið námsleyfi og fékk hann það í sex mánuði frá 1. janúar 1994.

Með bréfi, dags. 26. október, staðfesti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að það hefur ekki fengið til staðfestingar eða samþykktar neina starfslokasamninga undirstofnana sinna í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Félagsmálaráðuneyti.

Engir starfslokasamningar hafa verið gerðir á vegum aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis. Húsnæðismálastofnun hefur gert 12 starfslokasamninga, sbr. skilgreiningu í inngangi að svari þessu, og fengu starfsmennirnir greidd biðlaun í sex mánuði hver samkvæmt réttindum hvers og eins. Störf þeirra voru lögð niður.

Umhverfisráðuneyti.

Gerður hefur verið einn starfslokasamningur í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Fyrrverandi ráðuneytisstjóri átti samkvæmt samningnum að láta af störfum 1. ágúst 1992 en átti að njóta óbreyttra starfskjara til 1. janúar 1993. Ráðherra hugðist samkvæmt samningnum fela starfsmanninum sérverkefni á sviði umhverfismála sem svaraði til tíu vikna vinnu á ári til 1. janúar 1995. Samningur þessi var ekki uppfylltur þar sem viðkomandi einstaklingur lést áður en til þess kom. Starfsmaðurinn hafði óskað lausnar frá stöðu sinni fyrir aldurs sakir.

Engir starfslokasamningar hafa verið gerðir á vegum sjávarútvegsráðuneytis[1], iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytis samkvæmt þeirri skilgreiningu sem að framan greinir.

264. Svar [93. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

1. *Hvað hafa ráðuneytin hvert um sig gert til að hrinda í framkvæmd þingsályktun um fjögurra ára áætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993, en með henni var ríkisstjórninni falið að vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun að aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna á tímabilinu 1992–96[2]?*

Skrifstofa Alþingis sendi félagsmálaráðuneytinu þingsályktun þessa með bréfi, dags. 15. júní 1993. Til að svara fyrirspurninni hefur forsætisráðuneytið því aflað eftirfarandi greinargerðar frá félagsmálaráðuneytinu. Greinargerðin er tekin saman af skrifstofu jafnréttismála og gefur yfirlit yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja hjá skrifstofunni um stöðu málsins, en áformað er að gera sérstaka úttekt á framgangi einstakra verkefna áætlunarinnar á fyrri hluta næsta árs.

Skömmu eftir samþykkt ályktunarinnar á Alþingi fól félagsmálaráðherra Jafnréttisráði að hafa umsjón með að markmiðum framkvæmdaáætlunarinnar yrði náð á því tímabili sem hún tekur til.

---

[1] Sjávarútvegsráðuneyti staðfestir í svari sínu að veittar upplýsingar eigi einvörðungu við um stofnanir sem fram koma í A-hluta ríkisreiknings.

[2] Svo í fyrirspurninni. Á að vera 1993–97 samkvæmt ályktun Alþingis.

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 13. júlí 1993, var öllum ráðuneytum, sveitarfélögum og heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins kynnt framkvæmdaáætlunin og til þess hvatt að hlutaðeigandi settu sér eigin verkáætlun með hliðsjón af þeim verkefnum sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni. Jafnframt voru þeir hinir sömu hvattir til að tilnefna tengilið til að annast samskipti við skrifstofu jafnréttismála.

Í bréfi skrifstofu jafnréttismála, dags. 25. október 1993, til allra ráðuneyta var minnt á framkvæmdaáætlunina og erindi félagsmálaráðuneytis frá 13. júlí sama ár og ítrekuð tilmæli um að skrifstofunni yrðu látnar í té umbeðnar verkáætlanir ráðuneytanna, þar á meðal verkefnislýsingar, tíma- og kostnaðaráætlanir. Rétt er að taka það fram hér að ráðuneytin unnu sjálf tillögur að flestum þeim verkefnum sem lagt var til að hrint yrði í framkvæmd í þingsályktunartillögunni. Í meðferð þingsins var síðan nokkrum verkefnum bætt við.

Fáir svöruðu ofangreindum erindum og enn færri létu umbeðnar upplýsingar í té. Fjögur ráðuneyti tilnefndu tengiliði: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, samgönguráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið. Aðeins forsætisráðuneytið gerði grein fyrir áformum um framkvæmd þeirra verkefna sem ráðuneytinu voru falin í framkvæmdaáætluninni. Menntamálaráðuneytið vísaði til væntanlegrar lokaskýrslu framkvæmdanefndar um jafna stöðu kynjanna í skólum þar sem kynntar yrðu tillögur um aðgerðir næstu ára í þessum málaflokki.

Auk erindaskipta við ráðuneytin hafa fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og skrifstofu jafnréttismála átt fundi með fulltrúum Hagsýslu ríkisins, BSRB og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um starfsmannakafla framkvæmdaáætlunarinnar og enn fremur vegna töluliðar 3.5 í B-hluta þar sem fjármálaráðuneytinu er falið að gera reglulega athuganir á starfskjörum ríkisstarfsmanna með tilliti til karla og kvenna. Í kjölfar fundarins var ákveðið að kanna hvort kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS) mundi geta unnið að gagnasöfnun í þessu skyni. Stjórn KOS lýsti sig reiðubúna til verksins gegn aukafjárveitingu sem nýtt yrði til að framlengja tímabundinn ráðningarsamning við stofnunina. Í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 1994 var hugmynd þessari komið á framfæri við fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra en hún náði ekki fram að ganga við afgreiðslu fjárlaga þess árs.

2. *Hvaða aðgerðir af þeim sem þingsályktunin kveður á um hafa komist til framkvæmda og hvaða aðgerðir eru í undirbúningi og hvernig hyggjast ráðuneytin standa að þeim?*

Framkvæmdaáætlunin er tvískipt. Fyrri hluti hennar fjallar um starfsmannamál og er að mestu leyti byggður á ákvæðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Seinni hlutinn tekur til verkefna einstakra ráðuneyta og byggir á þeirri hugmyndafræði að jafnréttissjónarmiðin verði beinlínis að flétta inn í starfsemi hins opinbera. Sérhvert ráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmd þeirra verkefna sem undir það heyra en skrifstofu jafnréttismála var af hálfu félagsmálaráðuneytisins falið að hafa eftirlit með að þeim yrði sinnt.

Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir framvindu einstakra verkefna.

A. Starfsmannamál ríkisins.

Fyrri hluti framkvæmdaáætlunarinnar tengist hagsmunum opinberra starfsmanna og hefur því rík áhersla verið lögð á að kynna hana fulltrúum BSRB.

Í ályktun bandalagsráðstefnu BSRB í nóvember 1993 er talið brýnt að framkvæmdaáætluninni verði fylgt vel eftir. Í svari fjármálaráðherra til BSRB, dags. 28. nóvember 1993, kemur fram að fjármálaráðuneytið sé sammála BSRB um mikilvægi þess að stefnumiðum í jafnréttismálum sé fylgt eftir og lýsir ráðuneytið sig reiðubúið til viðræðna um þau atriði sem snúa sérstaklega að opinberum starfsmönnum. Þá má benda á að á þingi BSRB í október sl. var samþykkt jafnréttisáætlun sem unnin var af jafnréttisnefnd BSRB, m.a. með hliðsjón af framkvæmdaáætluninni.

1. og 2. tölul. Ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu og um ráðningar í störf.

Á fundi Jafnréttisráðs 22. september sl. var farið yfir fyrri hluta framkvæmdaáætlunarinnar og ákveðið að beina því til allra ráðuneytisstjóra að framfylgja tilmælum í 1. og 2. tölul. A-hluta, bæði í ráðuneytunum og hjá þeim stofnunum sem undir þau heyra.

3. tölul. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Skrifstofu jafnréttismála er ekki kunnugt um að nokkuð hafi verið gert til að hrinda þessum tilmælum í framkvæmd.

4. tölul. Hlutur kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum.

Í þessum tölulið er sett það markmið að heildarþátttaka kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins nemi 30 af hundraði í hverju ráðuneyti um sig í lok þess tímabils sem áætlunin tekur til. Á skrifstofu jafnréttismála er vinna við skýrslu um þetta hlutfall kynjanna nú á lokastigi en fyrstu niðurstöður benda til að hlutur kvenna hafi aukist.

5. tölul. Sveigjanlegur vinnutími.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir öðrum upplýsingum um framkvæmd ákvæðis um sveigjanlegan vinnutíma með tilliti til þarfa starfsmanna með fjölskylduábyrgð en þeim að samkvæmt jafnréttisáætlun jafnréttisnefndar Akureyrar er starfsmönnum bæjarskrifstofunnar boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

6. tölul. Um bifreiðastyrki.

Um þetta er fjallað í greinargerð um töluliði 2.4 og 3.5 í B-hluta og vísast þangað. Sjá enn fremur umfjöllun um aukafjárveitingu til KOS hér að framan.

7. tölul. Um starfsmat.

Sjá greinargerð um tölulið 2.4 í B-hluta.

B. Verkefni ráðuneyta og stofnana á þeirra vegum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang einstakra verkefna á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þó skal þess getið að skrifstofa jafnréttismála vann upp úr árbók íslensku þjóðkirkjunnar fyrir árið 1993 yfirlit yfir fjölda einstaklinga í stjórnum og starfsnefndum kirkjunnar. Hlutur kvenna reyndist vera 28,4 af hundraði sem er töluvert hærra hlutfall en annars staðar. Yfirskrift einstakra verkefna er svohljóðandi:

1.1. Staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

1.2. Nauðgunarbrot.

1.2.1. Meðferð opinberra mála.

1.2.2. Námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu.

1.3. Staða kvenna innan kirkjunnar.

Félagsmálaráðuneyti.

Töluliður 2.1. Staða karla í breyttu samfélagi.

Jafnréttisráð hefur skipað ráðgjafanefnd í því skyni að virkja karlmenn til þátttöku í jafnréttisumræðunni. Fyrsti áfangi þess starfs er ráðstefna um karla og ofbeldi sem haldin var 12. nóvember sl.

Töluliður 2.2. Jafnréttisráðgjafi.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að jafnréttisráðgjafi verði ráðinn til tímabundinna starfa.

Töluliður 2.3. Vinnuvernd.

Töluliður 2.3.1. Úttekt á hefðbundnum kvennastörfum.

Skipulögð vinna vegna þessarar úttektar er enn á byrjunarstigi. Hér er þó rétt að vekja athygli á að Vinnueftirlit ríkisins hefur sinnt vinnuaðstæðum hefðbundinna kvennastarfa sérstaklega og til að mynda unnið að rannsóknum á störfum og heilsu fiskvinnslukvenna.

Töluliður 2.3.2. Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.

Félagsmálaráðuneytið hefur falið skrifstofu jafnréttismála og Vinnueftirliti ríkisins að kanna möguleika á að stofnanirnar vinni að þessu verkefni í sameiningu og hafa fyrstu skref þegar verið tekin með undirbúningi að verkefnislýsingu, framkvæmd og kostnaðaráætlun. Standa vonir til að vinna við verkefnið megi hefjast á næsta ári og er reyndar sérstaklega gert ráð fyrir fjárveitingu til þess í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995.

Töluliður 2.4. Launamunur kynjanna.

Skrifstofa jafnréttismála hefur unnið að norræna jafnlaunaverkefninu með söfnun upplýsinga en eitt meginmarkmið þess verkefnis er að leita leiða til að draga úr launamun kynjanna. Að frumkvæði ráðgjafahóps, sem starfað hefur í tengslum við verkefnið, ákvað

Jafnréttisráð að láta gera rannsókn á launamyndun og kynbundnum launamun í fjórum ríkisstofnunum og fjórum fyrirtækjum í eigu einkaaðila. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að framkvæma rannsóknina en ráðgjafahópurinn lagði línur um inntak og aðferðir. Undirbúningur að rannsókninni hófst haustið 1993 og er niðurstaðna að vænta í þessum mánuði.

Þar sem endanleg skýrsla liggur ekki fyrir hefur Jafnréttisráð ekki lagt fram tillögur um aðgerðir er varða laun og launakjör karla og kvenna. Umræða um starfsmat hefur tengst norræna hluta verkefnisins en Jafnréttisráð hefur ekki enn þá tekið afstöðu til starfsmats sem einnar leiðar af mörgum í átt til aukins launajafnréttis, sjá 7. tölul. A-kafla framkvæmdaáætlunarinnar. Starfsmat er umdeild aðferð en reynsla annarra þjóða bendir til þess að hún geti skilað árangri ef rétt er að því staðið. Starfsmat krefst vandaðra vinnubragða og samstarfs við samtök launafólks.

Töluliður 2.5. Starfsmenntun.

Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu tóku gildi í lok maí árið 1992. Samkvæmt lögunum skal árlega veita ákveðna fjárhæð til starfsmenntasjóðs. Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins hefur gert tillögur um úthlutun úr sjóðnum. Samkvæmt 17. gr. laganna skal endurskoða lög um starfsmenntun í atvinnulífinu innan þriggja ára frá gildistöku þeirra. Félagsmálaráðherra skipaði nýlega nefnd til að endurskoða lögin. Gert er ráð fyrir að endurskoðuninni ljúki meðan yfirstandandi þing er enn að störfum.

Fyrirhugað er að gefa Alþingi skýrslu um úthlutun styrkja úr starfsmenntasjóði. Í skýrslunni verður jafnframt sýnd skipting styrkja milli starfshópa, þar með talin skipting milli karla og kvenna, starfsgreina o.s.frv.

Almennt má segja að starfsmenntaráð hafi lagt áherslu á að styðja námskeið fyrir ófaglært starfsfólk, þar á meðal námskeið á vegum starfsmannafélagsins Sóknar, gerð námsefnis fyrir dagmæður, ýmis námskeið á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu o.fl. Einnig hafa námskeið fyrir ófaglærðar konur verið studd af starfsfræðslunefnd verkafólks. Starfsmenntaráð hefur enn fremur beitt sér fyrir umræðu um sérstakar aðgerðir í þágu starfsfólks í umönnunarstörfum en þar eru konur hlutfallslega mun fleiri en karlar og hafa 12 millj. kr. verið veittar úr starfsmenntasjóði vegna námskeiða fyrir ófaglært starfsfólk í umönnunarstörfum. Nánari upplýsingar um fjárveitingar úr starfsmenntasjóði er að finna í skriflegu svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Halldórsdóttur á 117. löggjafarþingi, í apríl sl.

Töluliður 2.6. Orsakir brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli.

Ekki er kunnugt um að byrjað hafi verið á þessu verkefni.

Töluliður 2.7. Rekstur kvennaathvarfs og annarra félagasamtaka sem aðstoða konur sem þolendur ofbeldis og sifjaspella.

Hinn 15. nóvember 1993 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að gera úttekt á rekstrargrundvelli félagasamtaka sem aðstoða konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og sifjaspella og setja fram tillögur um hvernig hann yrði best tryggður. Nefndin lauk störfum í mars 1994 með skilagrein um rekstrargrundvöll félagasamtaka sem aðstoða fórnarlömb ofbeldis og sifjaspella.

Töluliður 2.8. Stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar.

Hinn 14. júlí 1994 sendi félagsmálaráðherra öllum ráðuneytum svohljóðandi bréf:

„Í tilefni af því að Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst árið 1994 Ár fjölskyldunnar er nú unnið að því á vegum landsnefndar um árið og félagsmálaráðuneytisins að undirbúa þingsályktunartillögu um opinbera fjölskyldustefnu. Miðað er við að þingsályktunartillagan taki til helstu þátta fjölskyldumála, svo sem á sviði félags-, heilbrigðis-, mennta-, umhverfis- og skattamála. Gert er ráð fyrir að í henni komi fram framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna á sviði fjölskyldumála á næstu árum.

Þess er hér með farið á leit við ráðuneyti yðar að það sendi félagsmálaráðuneytinu yfirlit yfir þá málaflokka sem að mati ráðuneytis yðar er rétt að fjallað verði um í ofangreindri þingsályktun. Jafnframt er óskað samstarfs við undirbúning þingsályktunarinnar og að tilnefndur verði tengiliður fyrir ráðuneyti yðar vegna þess undirbúningsstarfs sem fyrst.

Umsjón með undirbúningi þingsályktunartillögunnar hefur Bragi Guðbrandsson, formaður landsnefndar um Ár fjölskyldunnar."

Svör hafa borist frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Önnur ráðuneyti hafa ekki svarað og er málið því enn í vinnslu innan félagsmálaráðuneytisins.

Fjármálaráðuneyti.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang einstakra verkefna á vegum fjármálaráðuneytis en yfirskrift einstakra verkefna er sem hér segir:

3.1. Stjórnsýslufræðsla ríkisins.

3.1.1. Sérstök námskeið fyrir konur.

3.1.2. Sérstök námskeið fyrir stjórnendur.

3.2. Nefndaskipan.

3.3. Lög um tekjuskatt og eignarskatt.

3.4. Lög um lífeyrissjóði.

3.5. Gagnasöfnun. Sjá fyrri hluta samantektar þessarar.

Forsætisráðuneyti.

Forsætisráðuneytið svaraði fyrirspurn skrifstofu jafnréttismála, dags. 25. október 1993, svo:

Töluliður 4.1. Fjarvinnslustofur.

Byggðstofnun var falin ráðstöfun 5 millj. kr. fjárveitingar til að efla fjarvinnslu. Hluta fjárins var varið til tilraunaverkefnis í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands.

Töluliður 4.2. Laun kvenna og karla.

Upplýsingar Þjóðhagsstofnunar um tekjur einstaklinga eru nú einnig flokkaðar eftir kyni, sbr. enn fremur skýrslu stofnunarinnar um tekjuþróun kvenna og karla fyrir árin 1991 og 1992.

Töluliður 4.3. Efling heimilisiðnaðar.

Forsætisráðuneytið hefur sett á laggirnar sérstakt tilraunaverkefni um íslenskt handverk og varið til þess 20 millj. kr.

Hagstofa Íslands.

Töluliður 5.1. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofan gaf á liðnu sumri út handbók með framangreindum upplýsingum á íslensku og ensku.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang annarra verkefna á vegum Hagstofunnar en yfirskrift þeirra er svohljóðandi:

5.2. Tölfræðileg úttekt á sifjamálum.

5.3. Eignarréttur að fasteignum.

5.4. Tölfræðileg úttekt á launamun kvenna og karla.

Jafnréttisráð hefur farið þess á leit að úttekt samkvæmt tölulið 5.3 fari fram sem fyrst og verði tilbúin fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking á næsta ári. Þar verður m.a. fjallað um skiptingu eigna milli kynjanna. Töluliðurinn hljóðar svo: „Hagstofu Íslands og Fasteignamati ríkisins verði falið að vinna úttekt á því hverjir eigi fasteignir hér á landi. Tilgangur slíkrar úttektar verði að vekja athygli kvenna á eignastöðu sinni. Við skýrslugerð ber að gæta þess að engir einstaklingar séu þar greinilegir."

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang einstakra verkefna, en yfirskrift þeirra er svohljóðandi:

6.1. Lög um fæðingarorlof.

6.2. Konur og möguleikar þeirra til réttinda hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Rétt þykir að geta þess að á vegum Jafnréttisráðs hafa verið teknar saman upplýsingar um rétt feðra til töku fæðingarorlofs annars staðar á Norðurlöndum. Upplýsingar þessar hafa verið sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og félagsmálaráðherra til áréttingar á ákvæðum framkvæmdaáætlunarinnar. Í þeirri samantekt var einnig gerð grein fyrir úrskurðum kærunefndar jafnréttismála um tvær kærur frá feðrum sem ekki höfðu fengið greidd laun í fæðingarorlofi. Kærunefndin úrskurðaði að sú afstaða væri brot á lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang einstakra verkefna en yfirskrift þeirra er svohljóðandi:

7.1. Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.

7.2. Fræðslustarfsemi.

7.2.1. Námskeið fyrir konur um frumkvæði í atvinnulífinu.

7.3. Sérstakar áherslur í endurmenntun og starfsmenntun.

7.4. Þróunarverkefni.

7.5. Jafnrétti til stjórnunarstarfa í bönkum.

Landbúnaðarráðuneyti.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang einstakra verkefna, en yfirskrift þeirra er svohljóðandi:

8.1. Félagsleg réttindi kvenna í landbúnaði.

8.2. Atvinnumál kvenna í landbúnaði

8.3. Fræðsla fyrir konur í landbúnaði.

Menntamálaráðuneyti.

Framkvæmdanefnd um jafna stöðu kynja í skólum lauk störfum með skýrslugerð í lok árs 1993. Framkvæmdanefndinni hafði verið falið að fylgja eftir tillögum og stefnu sem mörkuð var í skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum frá í maí 1990. Í skýrslu framkvæmdanefndarinnar eru settar fram tillögur um aðgerðir á næstu árum. Í bréfi menntamálaráðuneytisins frá febrúar á þessu ári kemur fram að menntamálaráðherra hefur ekki tekið afstöðu til tillagna nefndarinnar.

Í samræmi við skýrslu framkvæmdanefndarinnar var nýlega skipuð þriggja manna framkvæmdanefnd, sbr. tölulið 9.2.8 í framkvæmdaáætluninni, til að vinna áfram að jafnri stöðu kynja í skólum lögum samkvæmt. Fyrri framkvæmdanefndin hafði jafnframt lagt til að menntamálaráðuneytið héldi áfram samvinnu við skrifstofu jafnréttismála um gerð fræðsluefnis fyrir efstu bekki grunnskóla og framhaldsskóla og er það verkefni nú á lokastigi.

Þá gaf fyrri framkvæmdanefnd ráðuneytisins út kynningarritið „. . . betri tíð með blóm í haga . . .“ Markhópurinn var foreldrar og var bæklingnum ætlað að vekja þá til umhugsunar um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sbr. tölulið 9.2.6.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um önnur verkefni á vegum menntamálaráðuneytis en yfirskrift þeirra er svohljóðandi:

9.1. Samfelldur skóladagur.
9.2. Efling jafnréttis kynjanna á öllum skólastigum.
9.2.1. Fræðslufundir og námskeið.
9.2.2. Starfsmannastefna skóla.
9.2.3. Námsefni.
9.2.4. Náms- og starfsfræðsla.
9.2.5. Nám í fjölskyldufræðum.
9.2.6. Fræðsluefni fyrir foreldra, sbr. ofangreint.
9.2.7. Um eflingu kvennarannsókna við Háskóla Íslands.
9.2.8. Skipun framkvæmdanefndar, sbr. ofangreint.

Samgönguráðuneyti.

Samgönguráðuneyti eru ekki ætluð sérstök verkefni skv. B-hluta áætlunarinnar. Samkvæmt A-hluta ber því hins vegar að leitast við að jafna hlut kynjanna í störfum hjá þeim stofnunum sem undir það heyra. Samgönguráðuneytið hefur upplýst að unnið sé að þessu markmiði og að ýmislegt bendi til hægfara þróunar í þá átt, sbr. stöðuveitingar hjá Pósti og síma.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang einstakra verkefna, en yfirskrift þeirra er svohljóðandi:

11.1. Gæðaátak í sjávarútvegi.
11.2. Þjónustustörf tengd sjávarútvegi.

Umhverfisráðuneyti.

Umhverfisráðuneyti eru ekki ætluð sérstök verkefni skv. B-hluta áætlunarinnar. Samkvæmt A-hluta ber því hins vegar að leitast við að jafna hlut kynjanna í störfum hjá þeim stofnunum sem undir það heyra og í nefndum á þess vegum.

Utanríkisráðuneyti.

Skrifstofa jafnréttismála býr ekki yfir upplýsingum um framgang einstakra verkefna en yfirskrift þeirra er svohljóðandi:

13.1. Staða kvenna í utanríkisþjónustunni.

13.2. Konur í þróunarríkjunum.

3. *Hve miklu fjármagni hafa ráðuneytin varið til aðgerðanna og hefur sérstaklega verið gert ráð fyrir fjármagni á fjárlögum til þessara verkefna?*

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis til framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál.

Að öðru leyti en fram kemur í einstökum liðum svars við 2. spurningu eru ýmsir annmarkar á að gefa yfirlit um hversu miklu fé hefur verið varið til þeirra aðgerða sem framkvæmdaáætlunin mælir fyrir um. Einkum er það örðugleikum bundið í ljósi uppbyggingar áætlunarinnar en eins áður hefur komið fram er í áætluninni leitast við að flétta þætti hennar eins og kostur er inn í starfsemi þeirra stofnana sem hún tekur til.

265. Fyrirspurn [228. mál]

til samgönguráðherra um séríslenska bókstafi í Inmarsat C fjarskiptakerfinu.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hyggst samgönguráðherra beita sér fyrir því að séríslenskum bókstöfum verði bætt inn í stafasett það sem notað er í samskiptum í Inmarsat C fjarskiptakerfinu?

266. Svar [186. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um nýtingu rækjukvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu stór hluti rækjukvótans var nýttur af öðrum skipum en þeim sem upphaflega var úthlutað kvóta á fiskveiðiárunum 1991–92, 1992–93 og 1993–94?

Meðfylgjandi listar eru yfir þau skip sem veiddu úthafsrækju þrjú síðustu fiskveiðiár en voru ekki með aflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins og fengu þar af leiðandi ekki úthlutað aflamarki í þeirri tegund á viðkomandi fiskveiðiári.

Taflan er sett þannig upp að í fyrsta dálki er skipaskrárnúmer skips, í öðrum nafn og einkennisstafir, í þriðja heimahöfn, í fjórða magn í kg og í fimmta er hlutfall aflans af heildaraflamarki í rækju sem úthlutað var á viðkomandi fiskveiðiári.

Hversu stór hluti rækjukvótans var nýttur af öðrum skipum en þeim sem fengu úthlutaðan kvóta á fiskveiðiárinu 1993–94.

Nr.	Skip	Heimahöfn	Magn	Hlutfall
67	Hafberg GK 377	Grindavík	309,140	.594500
177	Krossanes SU 5	Fáskrúðsfjörður	397,195	.763837
288	Þorsteinn Gíslason GK 2	Grindavík	10,894	.020950
542	Mummi KE 30	Keflavík	32,646	.062781
671	Máni GK 257	Grindavík	29,616	.056954
733	Reynir GK 47	Grindavík	21,001	.040387
956	Vísir SH 343	Ólafsvík	1,672	.003215
963	Júlíus ÁR 111	Þorlákshöfn	32,460	.062423
1213	Látravík BA 66	Patreksfjörður	145,604	.280008
1277	Ljósafell SU 70	Fáskrúðsfjörður	237,901	.457502
1302	Guðbjartur DA 20	Búðardalur	319,735	.614875
1321	Jóhannes Ívar KE 85	Keflavík	77,420	.148885
1325	Stokksnes EA 410	Akureyri	1,000,529	1.924094
1359	Sólborg SU 202	Fáskrúðsfjörður	259,861	.499733
1396	Gunnvör ST 39	Drangsnes	57,854	.111258
1453	Haförn HU 4	Hvammstangi	8,379	.016113
1506	Heiðrún ÍS 4	Bolungarvík	433,331	.833329
1567	Hólmatindur SU 220	Eskifjörður	103,121	.198310
1640	Gyllir ÍS 261	Flateyri	265,918	.511381
1997	Jökull SK 33	Sauðárkrókur	167,189	.321517
2190	Eyborg EA 59	Hrísey	151,392	.291138
2204	Hafrafell ÍS 222	Ísafjörður	113,832	.218908
Samtals			4,176,690	8.032098

Hversu stór hluti rækjukvótans var nýttur af öðrum skipum en þeim sem fengu úthlutaðan kvóta á fiskveiðiárinu 1992–93.

Nr.	Skip	Heimahöfn	Magn	Hlutfall
67	Hafberg GK 377	Grindavík	120,196	.300008
472	Guðrún Björg ÞH 59	Húsavík	86,179	.215102
963	Júlíus ÁR 111	Þorlákshöfn	55,586	.138742
1245	Aldey ÞH 110	Húsavík	580,405	1.448686
1349	Sigluvík SI 2	Siglufjörður	116,401	.290536
1379	Haförn EA 955	Hrísey	311,724	.778060
1449	Ex Baldur seldur úr landi 19/1	Dalvík	95,653	.238749
1453	Haförn HU 4	Hvammstangi	7,370	.018395
1567	Hólmatindur SU 220	Eskifjörður	105,470	.263252
1609	Stakfell ÞH 360	Þórshöfn	234,989	.586531
1997	Jökull SK 33	Sauðárkrókur	111,487	.278271
Samtals			1,825,460	4.556332

Hversu stór hluti rækjukvótans var nýttur af öðrum skipum en þeim sem fengu úthlutaðan kvóta á fiskveiðiárinu 1991–92.

Nr.	Skip	Heimahöfn	Magn	Hlutfall
472	Guðrún Björg ÞH 59	Húsavík	12,014	.034326
1359	Sólborg SU 202	Fáskrúðsfjörður	49,184	.140526
1453	Haförn HU 4	Hvammstangi	6,684	.019097
1916	Sigurfari ÓF 30	Ólafsfjörður	61,988	.177109
1985	Njörður KE 208	Njarðvík	5,946	.016989
1997	Jökull SK 33	Sauðárkrókur	24,776	.070789
2061	Sunna SI 67	Siglufjörður	6,950	.019857
2155	Brimir SU 383	Djúpivogur	131,223	.374923
Samtals			298,765	.853616

267. Svar [187. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um skiptingu rækjukvóta á milli útgerða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fyrirtæki og útgerðir hafa haft yfir að ráða meira en 2% rækjukvótans á fiskveiðiárunum 1991–92, 1992–93, 1993–94 og 1994–95?

Svar óskast sundurliðað þannig að fram komi árleg úthlutun til hvers fyrirtækis og útgerðar, jafnt hlutfallslega og mælt í tonnum.

Meðfylgjandi er listi sem settur var upp í samráði við fyrirspyrjanda. Þar er fyrirtækjum, sem höfðu yfir að ráða meira en 2% af úthlutuðu aflamarki á fiskveiðiárunum 1991–92, 1992–93, 1993–94 og 1994–95, raðað þannig að fyrst er það sem hefur mestar aflaheimildir af úthafsrækju, þá það fyrirtæki sem hefur næst mestar aflaheimildir og svo koll af kolli. Listinn er þannig gerður að fyrir hvert fyrirtæki kemur fyrst heildarúthlutun aflamarks og hlutdeild í heildarúthlutun og síðan kemur listi yfir þau skip í eigu fyrirtækisins sem fá úthlutað aflamarki.

Við skoðun þessa lista er rétt að hafa í huga að miðað er við skráningu skipanna 1. september, þ.e. fyrsta dag hvers fiskveiðisárs. Það gerir það að verkum að ef skip er selt eða keypt á árinu með einhverju aflamarki af úthafsrækju telst það allt til þess fyrirtækis sem átti skipið 1. september. Auk þess er skipaskrá Fiskistofu takmörkuð að því leyti að ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um breytingar á skráðum eigendum skipa á tímabilinu 1. september 1991 til októberloka 1992. Fyrir fiskveiðiárin 1991–92 og 1992–93 er því miðað við skráningu Fiskistofu á eigendum skipa eins og hún var í októberlok 1992. Að endingu er rétt að taka fram að á listanum koma einungis fram þau skip sem viðkomandi fyrirtæki eru skráðir eigendur að en ekki ef t.d. dótturfyrirtæki á skip eða fyrirtæki eru með skip á leigu og hafi þannig yfir meiri aflaheimildum að ráða en listinn gefur til kynna.

Fyrirtækl sem hafa yfir að ráða meira en 2% rækjukvótans á fiskveiðiárinu 1994/95 og skip í eigu þeirra.

Kennitala		Nafn	Magn (lestir)	Hlutfall (%)
6712722859		Samherji hf.	5,487	8.71%
	1369	Akureyrin EA10	656	1.04%
	1376	Víðir EA 910	800	1.27%
	1484	Margrét EA 710	1,027	1.63%
	1514	Hjalteyrin EA 310	664	1.05%
	1757	Oddeyrin EA 210	1,387	2.20%
	2165	Baldvin Þorsteinsson EA 10	952	1.51%
6002861379		Ljósavík hf.	2,972	4.72%
	1626	Hersir HF 227	1,387	2.20%
	1752	Gissur ÁR 6	1,584	2.51%
6812711559		Þormóður rammi hf.	2,426	3.85%
	1326	Stálvík SI 1	277	0.44%
	1349	Sigluvík SI 93	63	0.10%
	2061	Sunna SI 67	2,086	3.31%
5702697479		Síldarvinnslan hf.	1,942	3.08%
	226	Beitir NK 123	557	0.88%
	1293	Börkur NK 135	252	0.40%
	1536	Barði NK 120	35	0.06%
	2197	Blængur NK 117	1,097	1.74%
6002872659		Togaraútgerð Ísafjarðar hf.	1,788	2.84%
	1383	Skutull ÍS 180	1,788	2.84%
6601694159		Ingimundur hf.	1,622	2.57%
	91	Helga RE 49	744	1.18%
	212	Ögmundur	166	0.26%
	1903	Helga II RE 373	711	1.13%
1410434559		Pétur Stefánsson	1,596	2.53%
	2216	Pétur Jónsson RE 69	1,596	2.53%
6301694299		Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	1,460	2.32%
	155	Jón Kjartansson SU 111	603	0.96%
	1076	Guðrún Þorkelsdóttir SU 211	472	0.75%
	1525	Hólmaborg SU 11	386	0.61%
4103850589		Akkur hf.	1,387	2.20%
	1638	Klara Sveinsdóttir SU 50	1,387	2.20%
5905891369		Leiti hf., fiskverkun	1,387	2.20%
	1905	Jöfur ÍS 172	1,387	2.20%
7005861709		Nökkvi hf.	1,387	2.20%
	1768	Nökkvi HU 15	1,387	2.20%
4203690429		Þorbjörn hf.	1,307	2.07%
	1028	Sigurður Þorleifsson GK 10	333	0.53%
	1363	Gnúpur GK 11	437	0.69%
	1972	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	537	0.85%
		Samtals	**24,761**	**39.30%**

Fyrirtæki sem höfðu yfir að ráða meira en 2% rækjukvótans á fiskveiðiárinu 1993/94 og skip í eigu þeirra.

Kennitala		Nafn	Magn (lestir)	Hlutfall (%)
6712722859		Samherji hf.	4,849	9.33%
	1369	Akureyrin EA10	542	1.04%
	1376	Víðir EA 910	661	1.27%
	1484	Margrét EA 710	848	1.63%
	1514	Hjalteyrin EA 310	868	1.67%
	1757	Oddeyrin EA 210	1,145	2.20%
	2165	Þaldvin Þorsteinsson EA 10	786	1.51%
6812711559		Þormóður rammi hf.	1,626	3.13%
	1326	Stálvík SI 1	229	0.44%
	1349	Sigluvík SI 93	52	0.10%
	2061	Sunna SI 67	1,345	2.59%
6002872659		Togaraútgerð Ísafjarðar hf.	1,439	2.77%
	1383	Skutull ÍS 180	1,439	2.77%
6002861379		Ljósavík hf.	1,308	2.52%
	1752	Gissur ÁR 6	1,308	2.52%
1410434559		Pétur Stefánsson	1,254	2.41%
	1809	Pétur Jónsson RE 69	1,254	2.41%
6601694159		Ingimundur hf.	1,212	2.33%
	91	Helga RE 49	614	1.18%
	212	Ögmundur	137	0.26%
	1903	Helga II RE 373	461	0.89%
4103850589		Akkur hf.	1,145	2.20%
	1638	Klara Sveinsdóttir SU 50	1,145	2.20%
5702891879		Muggur hf.	1,145	2.20%
	1626	Hersir HF 227	1,145	2.20%
7005861709		Nökkvi hf.	1,145	2.20%
	1768	Nökkvi HU 15	1,145	2.20%
7012861549		Útgerðarfélagið Leiti hf.	1,145	2.20%
	1905	Jöfur ÍS 172	1,145	2.20%
		Samtals	**16,268**	**31.28%**

Fyrirtæki sem höfðu yfir að ráða meira en 2% rækjukvótans á fiskveiðiárinu 1992/93 og skip í eigu þeirra.

Kennitala		Nafn	Magn (lestir)	Hlutfall (%)
6712722859		Samherji hf.	3,502	8.76%
	1393	Þorsteinn EA 610	1,054	2.64%
	1376	Víðir EA 910	508	1.27%
	1484	Margrét EA 710	352	0.88%
	1514	Hjalteyrin EA 310	706	1.77%
	1757	Oddeyrin EA 210	881	2.20%
5702891879		Muggur hf.	1,761	4.40%
	1626	Hersir HF 227	881	2.20%
	1905	Jöfur KE 17	881	2.20%
6002872659		Togaraútgerð Ísafjarðar hf.	1,057	2.64%
	1383	Skutull ÍS 180	1,057	2.64%
6002861379		Ljósavík hf.	1,006	2.52%
	1752	Gissur ÁR 6	1,006	2.52%
6001691149		Haraldur Böðvarsson hf.	967	2.42%
	220	Víkingur AK 100	187	0.47%
	1030	Björg Jónsdóttir ÞH 321	173	0.43%
	1413	Höfrungur AK 91	279	0.70%
	1416	Ásborg EA 259	328	0.82%
6601694159		Ingimundur hf.	917	2.29%
	91	Helga RE 49	472	1.18%
	212	Ögmundur RE 94	106	0.27%
	1903	Helga II RE 373	339	0.85%
6010881189		Drangavík hf.	881	2.20%
	1638	Drangavík ST 71	881	2.20%
7005861709		Nökkvi hf.	881	2.20%
	1768	Nökkvi HU 15	881	2.20%
		Samtals	10,972	27.43%

Fyrirtæki sem höfðu yfir að ráða meira en 2% rækjukvótans á fiskveiðiárinu 1991/92 og skip í eigu þeirra.

Kennitala		Nafn	Magn (lestir)	Hlutfall (%)
6712722859		Samherji hf.	2,247	6.42%
	17	Búrfell EA930	249	0.71%
	993	Haftindur HF 123	214	0.61%
	1376	Víðir EA 910	54	0.15%
	1393	Þorsteinn EA 610	38	0.11%
	1484	Margrét EA 710	304	0.87%
	1514	Hjalteyrin EA 310	618	1.77%
	1757	Oddeyrin EA 210	771	2.20%
5702891879		Muggur hf.	1,541	4.40%
	1626	Hersir HF 227	771	2.20%
	1905	Jöfur KE 17	771	2.20%
6002872659		Togaraútgerð Ísafjarðar hf.	925	2.64%
	1383	Skutull ÍS 180	925	2.64%
6002861379		Ljósavík hf.	880	2.51%
	1752	Gissur ÁR 6	880	2.51%
6001691149		Haraldur Böðvarsson hf.	846	2.42%
	220	Víkingur AK 100	164	0.47%
	1030	Björg Jónsdóttir ÞH 321	151	0.43%
	1413	Höfrungur AK 91	244	0.70%
	1416	Ásborg EA 259	287	0.82%
6601694159		Ingimundur hf.	803	2.29%
	91	Helga RE 49	413	1.18%
	212	Ögmundur RE 94	92	0.26%
	1903	Helga II RE 373	297	0.85%
6010881189		Drangavík hf.	771	2.20%
	1638	Drangavík ST 71	771	2.20%
7005861709		Nökkvi hf.	771	2.20%
	1768	Nökkvi HU 15	771	2.20%
6601691219		Ísfélag Vestmannaeyja hf.	731	2.09%
	183	Sigurður VE 15	140	0.40%
	1011	Gígja VE 340	112	0.32%
	1035	Heimaey VE 1	203	0.58%
	1272	Guðmundur VE 29	198	0.57%
	1622	Smáey VE 144	78	0.22%
		Samtals	9,515	27.19%

268. Svar [188. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um skiptingu rækjukvóta á milli landshluta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptist árlegur úthlutaður rækjukvóti fiskveiðiáranna 1991–92, 1992–93, 1993–94 og 1994–95 eftir landshlutum?

Meðfylgjandi listi er yfir úthlutað aflamark af úthafsrækju, raðað á heimahafnir og kjördæmi á fiskveiðiárunum 1991–92, 1992–93, 1993–94 og 1994–95. Í fyrsta dálki er nafn sveitarfélags, síðan eru tveir dálkar fyrir hvert fiskveiðiár þar sem aflamark í kg kemur fram í fyrri dálki en hlutfall í seinni dálki.

Rétt er að hafa í huga að miðað er við heimahöfn skipanna samkvæmt skráningu þeirra 1. september. Það gerir það að verkum að sé skip selt eða keypt á árinu með einhverju aflamarki af úthafsrækju teljast aflaheimildir skipsins til þeirrar hafnar sem var skráð heimahöfn þess á viðmiðunardaginn. Auk þess er skipaskrá Fiskistofu takmörkuð að því leyti að ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um breytingar á skráningum á heimahöfn skipa á tímabilinu 1. september 1991 til októberloka 1992. Fyrir fiskveiðiárin 1991–92 og 1992–93 er því miðað við skráningu skipa eins og hún var í októberlok 1992. Enn fremur er vakin athygli á því að skráð heimahöfn er ekki alltaf útgerðarstaður skips.

Úthafsrækja

Heimahöfn	1991-1	%	1991-2	%	1992-3	%	1993-4	%	1994-5	%
Vestmannaeyjar	2,861	9.61%	2,177	6.22%	1,788	4.47%	2,071	3.98%	1,419	2.25%
Stokkseyri	89	0.30%	189	0.54%	160	0.40%	204	0.39%	247	0.39%
Eyrarbakki	140	0.47%	203	0.58%	21	0.05%	4	0.01%	5	0.01%
Þorlákshöfn	831	2.79%	1,294	3.70%	1,422	3.56%	1,543	2.97%	3,267	5.19%
Grindavík	2,734	9.18%	2,746	7.85%	3,244	8.11%	4,083	7.85%	5,395	8.56%
Sandgerði	393	1.32%	427	1.22%	488	1.22%	428	0.82%	1,047	1.66%
Garður	40	0.13%	57	0.16%	66	0.17%	193	0.37%	519	0.82%
Keflavík	1,827	6.14%	1,677	4.79%	1,785	4.46%	1,472	2.83%	1,752	2.78%
Njarðvík	49	0.16%	71	0.20%	82	0.21%	106	0.20%	129	0.20%
Vogar	57	0.19%	83	0.24%	94	0.24%	122	0.23%	149	0.24%
Hafnarfjörður	823	2.76%	1,422	4.06%	1,380	3.45%	2,054	3.95%	1,304	2.07%
Kópavogur	52	0.17%	76	0.22%	86	0.22%	112	0.22%	136	0.22%
Reykjavík	2,207	7.41%	2,132	6.09%	2,744	6.86%	4,137	7.96%	5,567	8.84%
Akranes	997	3.35%	748	2.14%	852	2.13%	1,119	2.15%	1,311	2.08%
Hellissandur	45	0.15%	66	0.19%	5	0.01%	6	0.01%	8	0.01%
Rif	120	0.40%	175	0.50%	234	0.59%	470	0.90%	570	0.90%
Ólafsvík	988	3.32%	1,353	3.87%	1,547	3.87%	1,976	3.80%	1,029	1.63%
Grundarfjörður	486	1.63%	618	1.77%	599	1.50%	821	1.58%	994	1.58%
Stykkishólmur	205	0.69%	238	0.68%	347	0.87%	403	0.78%	1,293	2.05%
Brjánslækur	155	0.52%	191	0.55%	322	0.81%	418	0.80%	507	0.80%
Patreksfjörður	320	1.08%	305	0.87%	434	1.09%	184	0.35%	213	0.34%
Tálknafjörður	126	0.42%	153	0.44%	35	0.09%	0	0.00%	0	0.00%
Bíldudalur	132	0.44%	192	0.55%	219	0.55%	298	0.57%	152	0.24%
Þingeyri	176	0.59%	261	0.75%	298	0.75%	346	0.67%	419	0.67%
Flateyri	0	0.00%	3	0.01%	18	0.05%	23	0.04%	108	0.17%
Bolungarvík	594	2.00%	643	1.84%	666	1.67%	458	0.88%	555	0.88%
Ísafjörður	1,105	3.71%	1,552	4.43%	1,843	4.61%	3,756	7.22%	4,770	7.57%
Súðavík	352	1.18%	500	1.43%	572	1.43%	743	1.43%	900	1.43%
Drangsnes	584	1.96%	905	2.59%	1,034	2.59%	200	0.38%	242	0.38%
Hólmavík	322	1.08%	434	1.24%	636	1.59%	843	1.62%	1,142	1.81%
Hvammstangi	77	0.26%	94	0.27%	107	0.27%	140	0.27%	0	0.00%
Blönduós	764	2.57%	1,058	3.02%	1,209	3.02%	1,572	3.02%	1,955	3.10%
Skagaströnd	293	0.98%	402	1.15%	518	1.30%	665	1.28%	806	1.28%
Sauðárkrókur	243	0.82%	353	1.01%	0	0.00%	0	0.00%	0	0.00%
Hofsós	2	0.01%	0	0.00%	0	0.00%	0	0.00%	0	0.00%
Siglufjörður	323	1.09%	414	1.18%	1,041	2.60%	1,998	3.84%	2,876	4.57%
Ólafsfjörður	606	2.04%	598	1.71%	845	2.11%	1,175	2.26%	1,236	1.96%
Grímsey	60	0.20%	87	0.25%	99	0.25%	112	0.22%	2	0.00%
Hrísey	811	2.72%	1,170	3.34%	1,337	3.34%	826	1.59%	1,086	1.72%
Dalvík	632	2.12%	1,106	3.16%	871	2.18%	1,867	3.59%	2,106	3.34%
Árskógssandur	87	0.29%	16	0.05%	117	0.29%	496	0.95%	601	0.95%
Árskógsströnd	210	0.71%	305	0.87%	250	0.63%	0	0.00%	0	0.00%
Hauganes	100	0.34%	146	0.42%	167	0.42%	216	0.42%	171	0.27%
Akureyri	1,643	5.52%	2,618	7.48%	4,171	10.43%	5,763	11.08%	6,752	10.72%
Grenivík	100	0.34%	146	0.42%	186	0.47%	241	0.46%	293	0.47%
Húsavík	1,219	4.10%	1,375	3.93%	1,760	4.40%	2,472	4.75%	3,002	4.77%
Þórshöfn	8	0.03%	11	0.03%	13	0.03%	491	0.94%	598	0.95%
Bakkafjörður	1	0.00%	127	0.36%	146	0.37%	189	0.36%	229	0.36%
Neskaupstaður	679	2.28%	595	1.70%	681	1.70%	1,661	3.19%	1,942	3.08%
Eskifjörður	1,448	4.86%	1,293	3.69%	1,138	2.85%	1,480	2.85%	1,460	2.32%
Fáskrúðsfjörður	889	2.99%	935	2.67%	1,068	2.67%	1,145	2.20%	1,402	2.23%
Stöðvarfjörður	91	0.31%	132	0.38%	151	0.38%	0	0.00%	0	0.00%
Djúpivogur	11	0.04%	15	0.04%	18	0.05%	23	0.04%	28	0.04%
Hornafjörður	660	2.22%	1,110	3.17%	1,085	2.71%	873	1.68%	1,308	2.08%
Samtals	**29,767**	**100.00%**	**34,997**	**100.00%**	**39,999**	**100.00%**	**51,998**	**100.00%**	**63,002**	**100.00%**

Aflamark í tonnum.

Heimahöfn skipa miðast við upphaf fiskveiðiárs.

Úthafsrækja

Kjördæmi	1991-1	%	1991-2	%	1992-3	%	1993-4	%	1994-5	%
Suðurland	3,921	13.17%	3,863	11.04%	3,391	8.48%	3,822	7.35%	4,938	7.84%
Reykjanes	5,975	20.07%	6,559	18.74%	7,225	18.06%	8,570	16.48%	10,431	16.56%
Reykjavík	2,207	7.41%	2,132	6.09%	2,744	6.86%	4,137	7.96%	5,567	8.84%
Vesturland	2,841	9.54%	3,198	9.14%	3,584	8.96%	4,795	9.22%	5,205	8.26%
Vestfirðir	3,866	12.99%	5,139	14.68%	6,077	15.19%	7,269	13.98%	9,008	14.30%
Norðurland vestra	1,702	5.72%	2,321	6.63%	2,875	7.19%	4,375	8.41%	5,637	8.95%
Norðurland eystra	5,476	18.40%	7,578	21.65%	9,816	24.54%	13,659	26.27%	15,847	25.15%
Austurland	3,779	12.70%	4,207	12.02%	4,287	10.72%	5,371	10.33%	6,369	10.11%
Samtals	29,767	100%	34,997	100%	39,999	100%	51,998	100%	63,002	100.00%

269. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem undirritaður var í Marakess í Marokkó 15. apríl 1994.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á ofanverðum áttunda áratugnum stefndu almennar verðhækkanir og verndarsjónarmið í viðskiptasamskiptum ríkja efnahagsþróun í hættu. Æ betur varð ljóst að hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT) svaraði ekki lengur kröfum nútímaheimsviðskipta sem urðu stöðugt umfangsmeiri og flóknari. Reglur vantaði t.d. um þjónustuviðskipti sem fóru stöðugt vaxandi en GATT fjallar eingöngu um vöruviðskipti. Einnig var orðið brýnt að setja skýrar reglur um hugverkaréttindi í viðskiptum og kröfur voru um að fella viðskipti með landbúnað betur undir GATT-reglurnar. Þá voru spunavörur og klæðnaður einnig háð sérsamningnum á skjön við hinar almennu reglur GATT með þeim afleiðingum að flest iðnríki höfðu verndað markaði sína fyrir innflutningi frá þróunarríkjum sem knúðu orðið á um aukið frjálsræði í verslun með þessar vörur.

Úr þessum jarðvegi spruttu hugmyndir um Úrúgvæviðræðurnar og var ákveðið eftir töluverðan aðdraganda að hleypa þeim af stokkunum á ráðherrafundi aðildarríkjanna í Punta del Este í Úrúgvæ árið 1986. Þátttökuríki urðu 124 auk ESB áður en samningsniðurstöður lágu fyrir.

Með Úrúgvæviðræðunum færðust þátttökuríkin afar mikið í fang enda um að ræða langviðamestu viðskiptaviðræður um aukið frelsi í heimsversluninni sem átt hafa sér stað. Markmið viðræðnanna var að taka viðskiptakerfi GATT til gagngerrar endurskoðunar og koma á nýskipan heimsviðskipta. Til að samkomulag næðist um að hefja þessar viðræður var nauðsynlegt að þær fjölluðu um hina fjölmörgu og ólíku hagsmuni aðildarríkjanna. Með þessu móti var ætlunin að allir tækju á sig skuldbindingar og fórnuðu a.m.k. stundarhagsmunum á einu sviði gegn því að hljóta ávinning á öðru.

Niðurstöður viðræðnanna eru í lokagerð þeirra sem samanstendur af samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization, WTO), viðaukum við hann auk ýmissa ráðherraákvarðana og -viljayfirlýsinga sem ráðherrar samþykktu 15. apríl 1994 í Marakess.

Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar var ætlunin að setja á stofn þrjár nátengdar stofnanir um alþjóðlega efnahags- og viðskiptasamvinnu ríkja. Einungis náðist samkomulag um stofnun tveggja þeirra, þ.e. Alþjóðgjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Með gildistöku samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verður þriðja stofnunin loks sett á fót.

Megintexti stofnsamnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fjallar um gildissvið stofnunarinnar, starfsemi, uppbyggingu, aðalskrifstofu, fjármál, ákvarðanatöku, aðild, gildistöku o.fl. Hann myndar stofnanalegan ramma utan um hina ólíku samninga sem gerðir voru í Úrúgvæviðræðunum og eru í viðaukunum. Viðaukarnir eru eftirfarandi:

1A. Alþjóðasamningar um vöruviðskipti. Í þessum viðauka er hinn almenni samningur um tolla og viðskipti og ýmis samkomulög um nánari túlkun einstakra ákvæða hans. Einnig eru í viðaukanum sérsamningar á vörusviðinu, þar á meðal samningur um landbúnað, samningur um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, samningur um styrki og jöfnunarráðstafanir o.fl.
1B. Hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti.
1C. Samningur um hugverkarétt í viðskiptum.
2. Samningur um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála.
3. Heildarathugun á viðskiptastefnu aðildarríkjanna.
4. Fjölþjóðaviðskiptasamningar.

Með fullgildingu samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar felst aðild að stofnuninni og samþykki á megintexta samningsins og viðaukum 1–3 við hann. Ekki er skylduaðild að fjölþjóðasamningunum sem eru í viðauka 4 við hann. Ísland er ekki aðili að neinum þeirra samninga. Ráðherraákvarðanirnar og -viljayfirlýsingar, sem ráðherrar samþykktu í Marakess, eru ýmist mjög almenns eðlis eða ákvarðanir um áframhaldandi samningaviðræður á þeim sviðum þjónustuviðskipta þar sem ekki náðist samstaða fyrir lok Úrúgvæviðræðnanna. Þær hafa að mestu þegar komið til framkvæmda.

Gildistökudagur samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er samkvæmt lokagerð Úrúgvæviðræðnanna 1. janúar 1995 eða fljótlega þar á eftir. Endanleg ákvörðun um gildistökudag samningsins verður tekin á fundi aðildarríkjanna í desember 1994.

Ástæðan fyrir því að sú leið var valin að leggja samninginn fyrir Alþingi í formi þingsályktunar frekar en með frumvarpi til laga er m.a. sú að hér er um milliríkjasamning að ræða um samskipti ríkja á viðskiptasviðinu og því geta einungis ríki en ekki einstaklingar eða fyrirtæki leitað til stofnunarinnar. Þá verða ýmsir sérsamninganna endurskoðaðir reglulega sem mundi kalla á lagabreytingar í samræmi við það ef samningurinn yrði lögfestur. Þess skal og getið að Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sama háttinn á.

Hinn 3. mars 1994 skipaði forsætisráðherra samstarfsnefnd fimm ráðuneyta til að undirbúa nauðsynlegar breytingar á löggjöf um innflutning og vöruviðskipti sem leiðir af fullgildingu Íslands á samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þá einkum í tengslum við viðskipti með landbúnaðarvörur.

Í fskj. I er gerð grein fyrir samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar og viðaukum hans, í fskj. II beinum og óbeinum ávinningi Íslands af þeim samningi. Íslensk þýðing lokagerðar Úrúgvæsamningaviðræðnanna og samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina er í fskj. III og enskur texti lokagerðarinnar og samningsins í fskj. IV. Í fskj. V er skrá Íslands yfir framkvæmd skuldbindinga þess samkvæmt hinum almenna samningi um viðskipti með þjónustu. Þessar skuldbindingar varða markaðsaðgang fyrir þjónustu og ýmis réttindi og skyldur í tengslum við hann. Nánar er fjallað um þær í fskj. I. Þátttökuríkin í Úrúgvæviðræðunum þurftu einnig að gera skuldbindingaskrá fyrir tollalækkanir á iðnaðarvörum og fyrir framkvæmd skuldbindinga sem felast í landbúnaðarsamningnum (um innanlandsstuðning, markaðsaðgang og útflutningsbætur). Skrárnar um markaðsaðganginn munu fylgja sem viðaukar við frumvarp til breytinga á tollalögum sem lagt verður fyrir Alþingi. Skrárnar um innanlandsstuðning og útflutningsbætur eru hins vegar í fskj. VI ásamt bréfi fastafulltrúa Íslands hjá GATT sem fylgdi skuldbindingaskránum í landbúnaði þegar þær voru lagðar fram.

Fylgiskjal I.

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Ráðherrar aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar munu fara með æðstu völd stofnunarinnar og hittast a.m.k. annað hvert ár. Að öðru jöfnu starfar aðalráð. Stofnunin mun sjá um: (1) Framkvæmd GATT-samningsins og sérsamninga hans, (2) framkvæmd samningsins um þjónustuviðskipti, GATS, og (3) framkvæmd samningsins um hugverkaréttindi. Í samræmi við þessi verkefnasvið verða stofnuð þrjú ráð, sem heyra undir aðalráðið, þ.e. fyrir vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og hugverkaréttindi. Reglur núgildandi GATT-samnings, sem eingöngu fjallar um vöruviðskipti, eru felldar undir Alþjóðaviðskiptastofnunina, sem verður þá ein af þremur megin stoðum hinnar nýju stofnunar.

Ráðherrar aðildarríkja stofnunarinnar skipa aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í viðauka með samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru eftirfarandi samningar og samkomulög:

Viðauki 1A: Alþjóðasamningar um vöruviðskipti.
- GATT-samningurinn með umsömdum breytingum og túlkunum (GATT 1994) auk landbúnaðar- og markaðsaðgangstilboða (bókun).
- Ýmsir sérsamningar.

Viðauki 1B: Hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti.
Viðauki 1C: Samningur um hugverkarétt í viðskiptum.
Viðauki 2: Samkomulag um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála.
Viðauki 3: Heildarathugun á viðskiptastefnu.
Viðauki 4: Fjölþjóðaviðskiptasamningar.

1.A. Viðauki 1A um alþjóðasamninga um vöruviðskipti

1.A.1. Hinn almenni samningur um tolla og viðskipti 1994.

Viðauki 1A fjallar um vörusviðið. Þar ber hæst GATT-samningurinn sem felldur er undir Alþjóðaviðskiptastofnunina í viðauka 1A með umsömdum breytingum og túlkunum, kallaður GATT 1994. Núgildandi GATT, eða GATT 1947, mun halda áfram að gilda þar til öll ríki hafa sagt honum upp. Hann er birtur í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/68, bls. 19. Ekki er enn ljóst hve mörg ríki munu segja honum upp þegar þau gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Þau lönd sem ekki gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni missa núverandi bestukjararéttindi[1] (og önnur réttindi) sem GATT 1947 veitir, gagnvart þeim ríkjum sem segja honum upp. Sett hefur verið á fót undirbúningsnefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnsetningu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og hvernig verkefni GATT verða yfirtekin.

a) Samkomulög um túlkanir á GATT-samningnum.
Í Úrúgvæviðræðunum náðist samkomulag um nokkrar nýjar túlkanir á GATT-samningnum. Hér er um að ræða nánari útfærslu á nokkrum ákvæðum GATT-samningsins, þ.e.a.s. II. gr. um lista yfir tollaívilnanir, XVII. gr. um viðskiptafyrirtæki ríkisins, XII. og XVIII. gr. um greiðslujöfnuð, XXIV. gr. um tollabandalög og

[1] Skv. bestukjararéttindum er óheimilt að hafa mismunandi tolla og aðrar viðskiptaívilnanir gagnvart aðildarríkjum GATT með fáeinum undantekningum eins og t.d. í tengslum við tollabandalög og fríverslunarsvæði.

fríverslunarsvæði, um undanþágur frá skyldum samningsaðilana, XXVIII. gr. um breytingar á ívilnunarlistum og XXXV. gr. um frávik frá beitingu samningsins milli einstakra samningsaðila.

b) Marakess-bókunin við hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti 1994.
Í þessari bókun felst að skrár aðildarríkjanna um það hvernig þau hyggjast, í fyrsta lagi, framkvæma skuldbindingar sínar sem felast í samningnum um viðskipti með landbúnaðarvörur (sbr. nánar 1.A.3.) og, í öðru lagi, tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana á vörum sem einstök aðildarríki Úrúgvæviðræðnanna buðu í viðræðunum verða hluti af GATT 1994.

Eitt af markmiðum Úrúgvæviðræðnanna var að ná fram þriðjungs lækkun tolla á iðnaðarvörum. Auk þriðjungs lækkunarinnar með þær vörur varð að samkomulagi milli sjöveldanna að fella niður og binda í 0% alla tolla á lyfjum, þungavinnuvélum, lækningatækjum, stáli, bjór og með vissum undanþágum einnig húsgögnum, landbúnaðartækjum og sterkum áfengum drykkjum. Einnig átti að samræma tolla á efnavörum og leitast við að lækka hærri tolla en 15% um a.m.k. 50%.

Samningaviðræðurnar um tollalækkanir gengu þannig fyrir sig að þátttökuríki settu fram kröfur hvert á annað í tvíhliða viðræðum og lögðu einnig fram tilboð m.a. á grundvelli framkominna krafna frá öðrum. Sérhvert aðildarríkjanna þurfti þannig í lok Úrúgvæviðræðnanna að leggja fram tilboð um markaðsaðgang sem áttu m.a. að endurspegla niðurstöður tvíhliða viðræðnanna. Lokatilboðin eru síðan tekin upp í viðauka við Marakess-bókunina sem skrár yfir skuldbindingar aðildarríkjanna á þessu sviði og verða þær bindandi fyrir viðkomandi ríki er það gerist aðili að stofnuninni.

Tilboð Íslands felur í sér liðlega þriðjungs lækkun að meðaltali á tollabindingum[2] eða rauntollum eins og þeir voru 1. september 1986 ef tollabindingar voru ekki fyrir hendi. Þar sem rauntollar eru í mörgum tilvikum lægri en tollbindingarnar er um óverulega lækkun rauntolla að ræða og þar með er tekjutap ríkissjóðs afar lítið samkvæmt tilboði Íslands. Ástæða þess er í fyrsta lagi sú að tollar voru mun hærri 1. september 1986 en þeir eru nú og í öðru lagi er Ísland að jafnaði með háar tollabindingar sem gefur mikið svigrúm til að semja um lækkanir á þeim án þess þó að það hafi áhrif á rauntolla. Niðurstaðan er því einkum sú að tollabindingar lækka þó nokkuð jafnframt því að þeim er fjölgað. Í nokkrum tilvikum verða tollabindingarnar 0% skv. tilboðinu. Hér um að ræða fisk í þriðja kafla tollskrárinnar og með fáeinum undanþágum lyf, lækningatæki og tæki til byggingaframkvæmda.

1.A.2. Sérsamningar.

Hér er um að ræða sérsamninga um landbúnað, um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, textílvörur og fatnað, tæknilegar viðskiptahindranir, fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum, framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins um undirboð og undirboðstolla, framkvæmd VII. gr. GATT-samningsins um tollverð, vöruskoðun fyrir sendingu, upprunareglur, málsmeðferð við beitingu innflutningsleyfa, styrki og jöfnunarráðstafanir og verndarráðstafanir.

[2] Tollabinding er það hámark eða þak sem aðildarríki GATT hafa samið um á tollum.

1.A.3. Samningur um landbúnað.

Samningnum um landbúnað má skipta í þrjá meginþætti, þ.e.a.s. markaðsaðgang, innanlandsstuðning og útflutningsstyrki.

a) Markaðsaðgangur.
Megin niðurstaðan varðandi markaðsaðgang er sú, að tollar leysa af hólmi magntakmarkanir og aðrar innflutningshindranir. Jafnframt skal leyfa tiltekinn lágmarksaðgang á lægri tollum þar sem lítill eða enginn aðgangur var fyrir auk þess að tryggja þann markaðsaðgang áfram sem fyrir hendi var á viðmiðunartímanum (1986-1988). Þá er gert ráð fyrir því að dregið verði úr tollvernd í áföngum á árunum 1995-2001, að meðaltali um 36%, þó þannig að fyrir enga vöru verði lækkunin minni en 15%. Lágmarksmarkaðsaðgangur á lægri tollum á að vera 3% í magni af innanlandsneyslu á viðmiðunartímanum 1986-1988 og aukast í 5% á sex árum. Gert er gert ráð fyrir því að litlir sem engir tollar séu lagðir á lágmarksmarkaðsaðganginn. Þetta hafa t.d. Bandaríkjamenn, Kanadamenn o.fl. túlkað sem svo að tollar geti ekki farið mikið yfir 10%. Íslendingar fylgdu hins vegar í tilboði sínu fordæmi Norðurlanda og ESB og gáfu upp að tollurinn fyrir lágmarksmarkaðsaðganginn verði 32% af grunntolli við gildistöku.

Sérstök varnaglaákvæði eru í drögunum sem heimila tollahækkanir ef innflutningur vöru fer fram úr ákveðnu marki eða ef verðfall verður á heimsmarkaði.

b) Innanlandsstuðningur.
Reikna á út heildarinnanlandsstuðning, með fáeinum undanþágum, sem veittur var að meðaltali árin 1986-1988. Innanlandsstuðningur er síðan skilgreindur eftir því hvort hann er markaðstruflandi (framleiðsluhvetjandi) eða ekki. Þann stuðning sem telst markaðstruflandi á að lækka í jöfnum áföngum, alls um 20% á 6 árum frá gildistöku Úrúgvæsamningsins.

c) Útflutningsstyrkir.
Dregið verður úr styrkjum til útflutnings bæði í formi fjárframlaga og að því er varðar vörumagn sem nýtur útflutningsbóta. Magn þeirra vara sem njóta útflutningsbóta á að dragast saman um 21% og fjárframlög til útflutningsbóta eiga að lækka um 36% á samningstímanum.

d) Landbúnaðarskrárnar.
Öllum þátttökuríkjum Úrúgvæviðræðnanna var gert að leggja fram skrár sem sýndu hvernig þau hygðust framkvæma ofangreinda þrjá þætti. Ísland lagði fram endanlega skrá í febrúar 1994 eins og önnur ríki. Skrárnar eru felldar undir GATT 1994 eins og áður er vikið að. Skrár Íslands fyrir innanlandsstuðning og útflutningsstyrki eru í fylgiskjali VI en skráin fyrir markaðsaðgang mun fylgja í viðauka við frumvarp til laga um breytingu á tollalögum.

1.A.4. Samningur um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

Samkvæmt sérsamningnum um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna verða reglur um innflutningshömlur á grundvelli slíkra vara hertar verulega. Slíkar ráðstafanir verða að byggjast á vísindalegum rökum.

1.A.5. Samningur um textílvörur og fatnað.

Textílvörur hafa í framkvæmdinni fallið utan við GATT-samninginn. Samkomulag náðist um að fella viðskipti með þær vörur undir Alþjóðavipskiptastofnunina á 10 ára aðlögunartíma. Á aðlögunartímanum eiga innflutningskvótar fyrir spunavörur að aukast smám saman.

1.A.6. Samningur um tæknilegar viðskiptahindranir.

Í Tókíóviðræðunum var gerður sérsamningur um tæknilegar viðskiptahindranir. Í Úrúgvæviðræðunum var sá sérsamningur endurskoðaður í ljósi reynslunnar. Markmiðið er að koma í veg fyrir að tæknilegar reglugerðir, staðlar, viðurkenningar og prófanir séu notaðar til þess að hindra viðskipti.

1.A.7. Samningur um fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum.

Þessi samningur varðar skilyrði sem ýmis ríki, einkum þróunarríki, hafa sett fyrir fjárfestingum erlendra aðila. Slík skilyrði fela t.d. í sér að einungis innlend hráefni séu notuð, ákveðnum útflutningsmarkmiðum sé fullnægt o.fl. þess háttar. Í samningnum segir að aðildarríki skuli ekki beita slíkum ráðstöfunum í tengslum við fjárfestingar sem séu í ósamræmi við III. gr. (jafnréttiskjör við eigin borgara) og XI. gr. (afnám viðskiptahafta) GATT-samningsins. Listi yfir ráðstafanir sem brjóta í bága við þessar greinar GATT-samningsins er í viðauka með þessum sérsamningi.

1.A.8. Samningur um undirboð og undirboðstollar.

Í Tókíóviðræðunum var gerður sérsamningur um túlkun á VI. gr. GATT-samningsins um undirboð og undirboðstolla. Sá samningur var endurskoðaður í ljósi reynslunnar í Úrúgvæviðræðunum. Skýrari reglur eru í þessum samningi um það hvernig eigi að skilgreina og rannsaka undirboð og í hversu langan tíma megi beita undirboðstollum o.fl.

1.A.9. Samningur um tollverð.

Sérsamningurinn um túlkun á VII. gr. GATT-samningsins felur í sér endurskoðun á samningi um tollverð sem gerður var í Tókíóviðræðunum. Helstu breytingarnar fela í sér aukna heimild fyrir tollayfirvöld til að krefjast frekari gagna ef vafi leikur á uppgefnu verði vöru sem verið er að flytja inn og sönnunarbyrði í því sambandi.

1.A.10. Samningur um styrki og jöfnunarráðstafanir.

Í Tókíóviðræðunum var gerður sérsamningur m.a. um túlkun á ákvæðum GATT-samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir. Samningurinn var endurskoðaður á grundvelli fenginnar reynslu í Úrúgvæviðræðunum. Í samningnum er skilgreining á því, a) hvaða styrkir eru bannaðir, b) hvaða styrkir eru leyfðir en jafnframt heimilt að beita jöfnunartollum gegn og c) hvaða styrkir eru heimilaðir og ekki má beita jöfnunartollum gegn. Erfiðara verður að misnota jöfnunarráðstafanir en áður. Einnig verður hert eftirlit með beitingu styrkja, sérstaklega í útflutningi.

1.A.11. Samningur um vöruskoðun fyrir sendingu.

Nær einungis þróunarríki hafa nýtt sér vöruskoðun fyrir sendingu. Sérsamningur á þessu sviði á að koma í veg fyrir misnotkun við slíkar vöruskoðanir m.a. með því að fella þessar aðgerðir undir ákvæði GATT-samningsins.

1.A.12. Samningur um upprunareglur.

Samningurinn um upprunareglur felur í sér þriggja ára vinnuáætlun eftir gildistöku Úrúgvæsamningsins. Markmiðið er að samræma upprunareglur einstakra aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í samvinnu við tollasamvinnuráðið í Brussel.

1.A.13. Samningur um málsmeðferð við beitingu innflutningsleyfa.

Samningurinn um beitingu innflutningsleyfa fela í sér aukið aðhald við beitingu slíkra leyfa m.a. með tilkynningaskyldu til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kröfu um birtingu upplýsinga um slík leyfi fyrir viðskiptaaðila.

1.A.14. Samningur um verndarráðstafanir.

Með þessum samningi er XIX. gr. GATT-samningsins um verndarráðstafanir vegna neyðarástands túlkuð nánar til að koma í veg fyrir misnotkun. Kveðið er á um hvernig rannsókn fari fram, hvenær skilyrðum greinarinnar sé fullnægt, tímalengd beitingar verndarráðstafana o.fl. Einnig bannar þessi samningur aðgerðir á borð við "samkomulag" tveggja ríkja þar sem annað þeirra skuldbindur sig til að draga úr útflutningi á tiltekinni vöru vegna hótunar hins um að beita innflutningshömlum.

1.B. Viðauki B um hinn almenna samning um þjónustuviðskipti (GATS)

Hlutur þjónustu í heimsviðskiptum hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og er þjónusta orðin einn helsti vaxtarbroddurinn í efnahagsþróun ríkja. Hins vegar voru engar almennar alþjóðlegar reglur til um þennan þátt milliríkjaviðskipta þar til samningar náðust í Úrúgvæviðræðunum. Með setningu þessa reglna voru fyrstu skrefin í átt til aukins frjálsræðis stigin.

Undir þjónustuviðskipti falla t.d. starfsemi banka og vátryggingafélaga, flutningafyrirtækja og ferðamannaþjónusta, ýmis konar ráðgjafaþjónusta s.s. lækna og lögfræðinga, endurskoðun og atvinnuréttindi í tengslum við veitingu þjónustu. Samningurinn er í aðalatriðum byggður á sömu grundvallarreglum og GATT-samningurinn um vöruviðskipti. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir að ekki megi mismuna aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (bestukjararéttindi), heimilaðir eru samningar milli ríkja um nær algjört frelsi í þjónustuviðskiptum milli þeirra án þess að önnur ríki njóti þeirra að ákveðnum skilyrðum fullnægðum (samsvarar ákvæðinu í GATT-samningnum um fríverslunarsamninga og tollabandalög), o.fl.

Samningurinn um þjónustuviðskipti gerir ráð fyrir nýrri samningalotu um aukið frelsi þjónustuviðskipta í heiminum innan fimm ára frá gildistöku Úrúgvæsamningsins, samanber viðskiptalotur GATT.

Samningurinn er þríþættur: a) Rammasamningur með grundvallarreglum, b) viðaukar um einstök undirsvið og c) listar með tilboðum aðildarríkjanna.

a) Rammasamningur.
   Rammasamningurinn skiptist í eftirtalda 6 kafla:
   i. Gildissvið og skilgreiningar.
   ii. Almennar skyldur og verklagsreglur. Einn af hornsteinum samningsins verður regla um bestukjararéttindi (MFN) hliðstæð þeirri sem er í GATT. Í henni felst að ekki er heimilt að mismuna ríkjum þannig að sé einu ríki veitt ákveðin réttindi eða fvilnun, t.d. í formi markaðsaðgangs fyrir ákveðna þjónustu verður að veita

öllum öðrum aðildarríkjum sömu kjör á jafnréttisgrunni. Þó eru heimiluð frávik frá bestukjarareglunni sem eru birt í skrám.

iii. Sérstakar skuldbindingar. Þessi kafli fjallar einkum um magntakmarkanir sem bannaðar verða. Vilji ríki undanþágu frá því banni þarf að birta hana í skrám. Sömu sögu er að segja um jafnréttiskjör, sem eru fólgin í því að ekki má mismuna erlendum þjónustuaðila, sem fengið hefur markaðsaðgang og er því í samkeppni við innlenda. Hægt er að gera undanþágu frá þeim með sama hætti. Á ráðherrafundinum í Marakess var einnig gengið frá samkomulagi um skuldbindingar í fjármálaþjónustu. Samkomulagið felur í sér lágmarks-skuldbindingar fyrir þau ríki sem ekki tóku á sig þær skuldbindingar sem felast í þessum kafla.

iv. Afnám hafta í áföngum. Í þessum kafla eru leiðbeiningar um það hvernig samningaviðræður um aukinn markaðsaðgang skuli háttað sem og skráningu skuldbindinga. Með öðrum orðum er gert er ráð fyrir frekari samningalotum í framtíðinni, sbr. Úrúgvæviðræðurnar um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum.

v. Stofnanaákvæði. Hér er fjallað um starfsemi þjónusturáðsins sem sett verður á stofn undir aðalráðið, lausn deilumála o.fl.

vi. Lokaákvæði, fjallar um gildistöku, aðild, breytingar á samningnum o.s.frv.

b) Viðaukar.

Með rammasamningnum eru átta viðaukar um nánari útfærslu einstakra greina og undirsviða rammasamningsins. Viðaukarnir eru eftirfarandi:

- Um undanþágur frá bestukjararéttindum með heimild í 2. tl. II. gr. samningsins,
- um för einstaklinga sem veita þjónustu,
- um fjármálaþjónustu (2 viðaukar),
- um fjarskipti,
- um flutningaflugþjónustu,
- um samningaviðræður um almenn fjarskipti,
- um samningaviðræður um þjónustu á sviði sjóflutninga.

c) Tilboð.

Sérhvert þátttökuríki Úrúgvæviðræðanna lagði fram tilboð um það hvaða þætti þjónustuviðskipta það ætlar að opna fyrir aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og með hvaða takmörkunum og skilyrðum. Drög að slíkum tilboðum voru rædd á ýmsum tvíhliða og marghliða fundum. Í tilboði Bandaríkjanna eru verulegar takmarkanir á opnun Bandaríkjamarkaðar á sviði fjármálaþjónustu, nánar tiltekið varðandi banka- og verðbréfastarfsemi, og á sviði sjóflutninga. Í upphaflegu tilboði ESB voru verulegar undanþágur frá frelsi í viðskiptum með kvikmynda- og sjónvarpsefni. Vegna þessara takmarkana var niðurstaðan í Úrúgvæviðræðunum sú að kvikmyndir og sjónvarpsefni falla alfarið fyrir utan samninginn um þjónustuviðskipti að því er ESB snertir. Vegna afstöðu Bandaríkjanna varðandi fjármálaþjónustu og sjóflutninga, var ákveðið að halda þeim viðræðum áfram og ljúka þeim hvað varðar fjármálaþjónustu innan sex mánaða frá gildistöku samningsins og í síðasta lagi í júní 1996 varðandi sjóflutninga. Ennfremur hefur viðræðum um frjálsa för einstaklinga til að veita þjónustu verið framhaldið. Á næstu mánuðum geta því öll aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar dregið tilbaka eða bætt sín tilboð á sviði fjármálaþjónustu og sjóflutninga.

Ísland, Finnland, Noregur og Svíþjóð höfðu mjög nána samvinnu við gerð tilboða sinna á sviði þjónustuviðskipta. Þessi ríki bjóða í raun þjónustuviðskipti sem samsvara núgildandi reglum í sérhverju ríkjanna, þó með nokkrum undanþágum þar sem gengið er skemur.

d) Undanþágur frá bestukjararéttindum.
Þau aðildarríki sem hafa samið um undanþágur frá bestukjarareglunni ber að birta þær í skrám sem eru viðfestar samningnum.

1.C. Viðauki 1C um samning um hugverkrétt í viðskiptum

Núgildandi reglur GATT kveða ekki á um vernd hugverkaréttinda sem slíkra. Ljóst er að skortur á samræmingu verndar á alþjóðavettvangi og reglum til að framfylgja þeim skapar viðskiptahindranir og samkeppnisröskun. Sérstaklega hefur skortur á alþjóðareglum um viðskipti með vörur sem framleiddar eru í trássi við hugverkaréttindi, sem hefur leitt til alvarlegra vandkvæða í heimsviðskiptum. Fæst þróunarlandanna hafa fullnægjandi lög um vernd hugverkaréttinda. Það hefur leitt til þess að aðilar þar geta framleitt eftirlíkingar af vestrænum vörum í stórum stíl án þess að þurfa að greiða fyrir það til eigenda t.d. einkaleyfa, vörumerkja eða handhafa höfundaréttar og hönnunarverndar. Af þessum sökum þurfa slíkir framleiðendur ekki að borga neinn þróunarkostnað og geta því undirboðið vöru þeirra framleiðenda sem virða hugverkaréttindi. Óheimilar eftirlíkingar og viðskipti með þær, sem og almennur skortur á fullnægjandi vernd hugverkaréttinda grafa undan rannsókna- og þróunarstarfsemi alls staðar í heiminum en slík starfsemi er grundvöllur áframhaldandi tækniframfara.

Samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum tekur mið af þessum staðreyndum og áhrifum þeirra á alþjóðaviðskipti. Þar er því kveðið á um hvernig beita eigi almennum reglum GATT á þessu sviði sem og reglum alþjóðlegra sáttmála á sviði hugverkaréttinda. Í drögunum eru settar fram reglur um lágmarksvernd hugverkaréttinda, um hvernig þeirri vernd skuli fylgt eftir og hvernig leysa eigi milliríkjadeilur á þessu sviði. Ennfremur er að finna ákvæði sem veita aðildarlöndum ákveðinn frest til að framfylgja ákvæðum samningsins.

Í fyrsta hluta samningsins eru settar fram almennar reglur. Þar er kveðið á um jafnrétti erlendra þegna til að njóta sömu verndar og þegnar einstakra ríkja. Ennfremur er þar að finna ákvæði um bestukjararéttindi sem er nýjung í alþjóðasamningi um hugverkaréttindi.

Í öðrum hluta samningsins er kveðið á um verndarstig einstakra hugverkaréttinda. Á sviði höfundaréttar er m.a. kveðið á um eftirfarandi: Aðilar skulu uppfylla efnisrétt nýjustu gerðar Bernarsáttmálans um höfundarétt frá 1971. Kveðið er á um að tölvuforrit skuli vernduð á sama hátt og bókmenntaverk. Höfundaréttarvernd á að taka til leigu á vissum tegundum verka svo sem tölvuforrita, hljóðritana og kvikmynda. Ákvæði eru í samningnum sem vernda eiga flytjendur verka gegn óheimilli upptöku þeirra. Lengd verndar sem veitt er þeim sem flytja eða gefa út hljómlist skal ekki vera skemur en 50 ár.

Varðandi vörumerki er kveðið á um hvaða merki geti verið vernduð og hvaða lágmarksvernd eigendum þeirra skuli tryggð. Kveðið er á um lágmarksvernd landfræðilegra upprunaheita, en þau hafa sérstaka þýðingu í vín- og matariðnaði. Hönnunarvernd skal veitt til 10 ára og eigendur verndaðrar hönnunar munu geta bannað framleiðslu, sölu og innflutning vara sem er eftirlíking verndaðrar hönnunar. Á sviði einkaleyfaréttar skulu aðildarríki uppfylla efnisskilyrði á sviði iðnaðar. Kveðið er á um að einkaleyfi skuli veita fyrir uppfinningum á öllum tæknisviðum með örfáum undantekningum. Ennfremur er kveðið á um

lágmarksinntak verndar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að heimilt sé að veita nauðungarleyfi. Ákvæði er um lágmarksvernd smárása í hálfleiðaraefnum, viðskiptaleyndarmála og tækniþekkingu. Að lokum er í öðrum hluta að finna ákvæði sem eiga að hindra að ákvæði séu sett í nytjaleyfissamninga sem séu andstæð frjálsri samkeppni.

Í þriðja hluta samningsins er að finna ákvæði sem eiga að tryggja að handhafar hugverkaréttinda geti fylgt rétti sínum eftir ef brotið er á honum. Gert er ráð fyrir skipan hugverkaréttindaráðs sem fylgjast á með framfylgd samningsins. Lausn deilumála fer fram með sama hætti og önnur mál sem falla undir Alþjóðaviðskiptastofnunina.

2. Viðauki 2 um samkomulag um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála

Deilumálum, sem skotið hefur verið til GATT, hefur fjölgað mjög hin síðari ár. Hins vegar hefur það valdið áhyggjum að þær reglur sem nú eru í gildi, um meðferð slíkra mála, hafa ekki reynst nógu skilvirkar sem hefur aftur á móti grafið undan trausti á GATT reglum. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu. Hér mætti t.d. nefna að tímafrestir eru óljósir, ríki hafa komið sér undan því að fara eftir niðurstöðum sem eru þeim í óhag eða neitað að samþykkja þær í GATT-ráðinu o.s.frv.

Reglur um lausn deilumála verða með tilkomu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verulega endurbættar og gerðar virkari, t.d. eru sett ákveðin tímamörk við hvern þátt í málsmeðferðinni, komið er í veg fyrir neitunarvald eins aðildarríkis o.s.frv. Einnig eru þau nýmæli tekin upp að hægt verður að áfrýja niðurstöðu kærunefndar til sérstakrar áfrýjunarnefndar sem sett verður á fót og gert er ráð fyrir bindandi gerðardómsmeðferð ef allir aðilar sem í hlut eiga samþykkja slíka málsmeðferð.

3. Viðauki 3 um heildarathugun á viðskiptastefnu aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar

Samkomulag um athugun á viðskiptastefnu aðildarríkjanna felur í sér að mjög ítarleg úttekt verður gerð með reglulegu millibili á viðskiptastefnu einstakra aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kannað hvort hún brjóti á einhvern hátt reglur stofnunarinnar. Fjögur stærstu aðildarríkin, miðað við hlutdeild þeirra í heimsviðskiptum, lenda í slíkri athugun annað hvert ár, þau sextán næstu á fjögurra ára fresti og önnur á sex ára fresti.

Samkomulag náðist meðal aðildarríkja GATT árið 1990 að byrja þá þegar á þessum athugunum og þá á grundvelli núgildandi reglna þar til samningurinn um Alþjóðavipskiptastofnunina tekur gildi. Ísland var í fyrsta skipti tekið fyrir í slíkri athugun 9.-10. febrúar 1994.

Í þessum athugunum GATT er fjallað um flest þau atriði er hafa áhrif á viðskiptastefnu viðkomandi ríkis og þróun utanríkisviðskipta þess, s.s. þátttöku í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi, almennri efnahagsþróun, þróun í gengis- og gjaldeyrismálum, þróun einstakra atvinnugreina og viðskiptaþróun og inn- og útflutningsreglur. Með þessu er ætlunin að auka gagnsæi og veita aðildarríkjunum þannig aðhald.

4. Viðauki 4 um fjölþjóðaviðskiptasamningar

Hér er um að ræða fjóra samninga sem gerðir voru í Tókíóviðræðunum, þ.e. samningur um flugvélaviðskipti, samningur um opinber innkaup, alþjóðlegt samkomulag um viðskipti með mjólkurvörur og samkomulag varðandi viðskipti með nautakjöt. Þó þessir samningar

muni falla undir Alþjóðaviðskiptastofnunina verður ekki skylduaðild að þeim, sem er undantekning frá þeirri meginreglu að aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni felur í sér aðild að öðrum samningum sem falla undir stofnunina. Ísland er ekki aðili að neinum þessara samninga og verður því ekki greint frá inntaki þeirra hér.

Í einni af ákvörðunum ráðherra sem tekin var á fundi þeirra í Marakess eru ákvæði sem fela í sér að auðveldara verður að gerast aðili að samningnum um opinber innkaup en verið hefur hingað til. Efnisákvæðum hans svipar mjög til EES-samningsins og yrði því aðild Íslands að þeim samningi einföld í framkvæmd.

Fylgiskjal II.

1. Ávinningur Íslands í formi tollalækkana.

1.1. Almennt

Í Úrúgvæviðræðum GATT lagði Ísland eins og önnur ríki fram fjölda krafna um tollalækkanir fyrir útflutningsvörur sínar. Viðræðuferlið gekk þannig fyrir sig að þessum kröfum var fylgt eftir á tvíhliða samningafundum með viðkomandi ríkjum með það að markmiði að fá kröfum þessum framgengt. Niðurstöður þeirra viðræðna er að finna í svo kölluðum lokaskrám einstakra þátttökuríkja í Úrúgvæviðræðunum sem er hluti 1A. viðauka samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Með EFTA-samningnum, EES-samningnum og fríverslunarsamningum við ríki Mið- og Austur-Evrópu mun Ísland eiga greiðan aðgang að mörkuðum Evrópu með sjávarafurðir og vörur tengdar sjávarútvegi. Því beindust kröfur Íslands um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana að viðskiptaríkjum vestanhafs (Bandaríkjunum og Kanada) og að mörkuðum í Suðaustur Asíu (Japan og S-Kóreu). Var fyrst og fremst um að ræða kröfur um tollalækkanir fyrir fisk og fiskafurðir, og svo vörur tengdar sjávarútvegi eins og tölvuvogir, fiskkassa og net svo eitthvað sé nefnt. Einnig var um að ræða kröfur um tollalækkanir á ýmsum fatnaði (Bandaríkin og Kanada) og svo loks vatni (Ástralía, Nýja Sjáland og S-Kórea). Fram undir hið síðasta horfði þunglega um tollalækkanir fyrir fisk og fiskafurðir, en í lokin fór mun betur en á horfðist. Lögðu öll helstu viðskiptaríki Íslands fram tilboð um tollalækkanir fyrir þessa vöruflokka á síðustu vikum viðræðnanna.

Skrifstofa GATT hefur reiknað út hversu miklar tollalækkanir á fiski og fiskafurðum annars vegar og öðrum iðnaðarvörum hins vegar felast að meðaltali í tilboðum þeirra ríkja sem Ísland lagði fram kröfur á. Tekið skal fram að tölulegar upplýsingar miðast við árin 1988-1989 eða þau ár sem voru lögð til grundvallar í viðræðunum (s.k. viðmiðunarár). Vegin meðaltöl endurspegla þannig útflutning Íslands á þeim árum. Einnig skal hafa í huga að þessir útreikningar GATT-skrifstofunnar sýna breytingar á tollbindingum, án tillits til rauntolla sem geta verið lægri. Engu að síður sýna þessar tölur glögglega verulegan ávinning fyrir Ísland.

BANDARÍKIN	
Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun: 29,6%, vegin 98,9%.
Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun: 41,6%, vegin 20,0%.
KANADA	
Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun: 34,9%, vegin 33,7%.
Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun: 46,4%, vegin 44,8%.
JAPAN	
Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun: 26,0%, vegin 35,1%.
Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun: 49,0%, vegin 83,9%.
KÓREA	
Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun: 27,2%, vegin 34,5%.
Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun: 53,0%, vegin 65,2%.

Hvað aðra áhugaverða markaði fyrir Ísland varðar má benda á að skv. útreikningum skrifstofu GATT lækka tollar á fisk og fiskafurðir að óvegnu meðaltali um 51,2% hjá Singapúr, 28,1% hjá Malasíu, og 28,8% hjá Mexíkó.

1.2. Kröfur Íslands

Kröfur þær sem Ísland lagði fram í viðræðunum voru sundurliðaðar tollnúmer fyrir tollnúmer. Hér á eftir má sjá töflur sem gera grein fyrir þessum kröfum og viðbrögðum viðkomandi ríkja við þeim. Dálkur 1 hefur að geyma tollnúmer skv. tollskrá viðkomandi ríkis. Dálkur 2 hefur að geyma vörulýsingu. Dálkur 3 sýnir gildandi tollabindingu á hlutaðeigandi vöru í prósentum eða grunntoll þar sem engin binding er fyrir hendi. Dálkur 4 sýnir rauntoll, þ.e.a.s. þá tolla sem leggjast á vöruna við innflutning skv. tollskrá. Dálkur 5 hefur svo að geyma tilboð ríkja skv. lokaskrám. Í framkvæmd verður tollur lækkaður í áföngum yfir aðlögunartímabil (yfirleitt til 1999 en í sumum tilfellum, t.d. fyrir tollskrárkafla 56, 61 og 62 lýkur tímabilinu árið 2004) og verður tilboðið að því loknu hin nýja binding. Allar prósentutölur í dálki 5 endurspegla bindingar, nema þar sem ekkert tilboð hefur verið lagt fram fyrir vöru með óbundinn toll. Merkt hefur verið við í þessum tilfellum sérstaklega. Dálkur 6 er tvískiptur. Í fyrri hluta hans er að finna innflutning undir viðkomandi tollnúmeri skv. MFN-kjörum, þ.e.a.s. bestukjarareglunni sem GATT-samningurinn er m.a. grundvallaður á. Þannig koma ekki fram upplýsingar um annan innflutning á öðrum kjörum, t.d. skv. fríverslunarsamningi, GSP-kerfi eða tollum sem kunna að gilda gagnvart ríkjum sem standa utan GATT. Í seinni hluta sjötta dálks er svo að sjá innflutning viðkomandi ríkis frá Íslandi. Dálkur 7 sýnir svo til fróðleiks hvaðan innflutningur undir viðkomandi tollnúmeri helst kemur, og er þeim upplýsingum raðað upp eftir verðmæti innflutnings. Þar sem um innflutning frá Íslandi hefur verið að ræða má þannig sjá hvar Ísland stendur í verðmætaröðinni, en þeim upplýsingum hefur verið bætt inn sérstaklega þar sem Ísland er aftar en í fimmta sæti.

Eftirfarandi er stutt samantekt á innihaldi taflnanna ásamt frekari útreikningi. Hafa verður í huga að hér er ekki um að ræða heildarúttekt á fjárhagslegum ávinningi af Úrúgvæviðræðunum í formi tollalækkana, heldur vísbendingu í þá veru á grundvelli þess innflutnings frá Íslandi sem átti sér stað á tilgreindu viðmiðunarári undir tollnúmerum á kröfulista Íslands. Lokaskrár ríkja hafa að geyma skuldbindingar um tollalækkanir sem ná yfir allar vörutegundir. Gefa því kröfulistar Íslands aðeins takmarkaða mynd af þeim tollalækkunum sem um er að ræða, o.þ.a.l. heildarávinningi Íslands. Úrúgviðræðurnar hafa í för með sér tollalækkanir á útfluttum íslenskum vörum öðrum en þeim sem sérstakar kröfur voru gerðar um af hálfu Íslands. Sá ávinningur hefur ekki verið kannaður sérstaklega.

BANDARÍKIN

Lagðar voru fram kröfur á Bandaríkin um tollalækkanir á ýmsum vörum innan tollskrárkafla 3 og 16 (fiskur og fiskafurðir), 25 (vikur og smergill), 39 (fiskkassar), 40 (pakkningar og þéttingar), 56 (m.a. fiskinet), 61 og 62 (fatnaður og fylgihlutir), 63 (ullarábreiður), 78 (blýlóð og sökkur), 84 (vélbúnaður o.fl.), 85 (rafbúnaður og -tæki), 89 (vélbátar), 90 (hitamælar) og 95 (veiðihjól). Komið er að verulegu leyti til móts við kröfur Íslendinga. Innflutningur frá Íslandi undir þeim tollnúmerum sem fram koma í meðfylgjandi töflu nam á árinu 1989 122,095,000 Bandaríkjadölum. Miðað við þann rauntoll sem fram kemur í dálki 4 má áætla að tollur á þennan innflutning hafi verið 1,836,092 dalir. Ef miðað er við tilboðið í dálki 5 má áætla að tollar á þennan innflutning lækki í 415,505 dali. Má þannig áætla að tilboðið feli í sér lækkun á tollum um 1,420,587 dali eða 81,399,635 krónur miðað við meðalgengi ársins 1989.

KANADA

Kröfur Íslands á Kanada náðu til ýmissa vara innan tollskrárkafla 39 (fiskkassar), 40 (pakkningar og þéttingar), 61 og 62 (fatnaður og fylgihlutir), 78 (blýlóð og sökkur), 84 (vélbúnaður o.fl.), 85 (rafbúnaður og -tæki), 89 (vélbátar), 90 (tækjabúnaður til mælinga) og 95 (veiðihjól). Eins og sjá má felur tilboðið í sér um þriðjungslækkun að meðaltali á tollum á þeim vörum sem Ísland gerði kröfu um. Innflutningur sá sem fram kemur nam á árinu 1988 690,000 Bandaríkjadölum. Miðað við rauntoll í dálki 4 má áætla að tollur á þennan innflutning hafi verið 89,742 dalir. Ef miðað er við tilboðið í dálki 5 lækkar þessi upphæð niður í 54,252 dali. Mismunurinn er 35,490 dalir, eða 1,536,717 krónur miðað við meðalgengi ársins 1988.

JAPAN

Kröfur Íslands á Japan náðu til vara innan tollskrárkafla 3 og 16 (fiskur og fiskafurðir). Japanir lögðu fram endurbætt tilboð fyrir fisk á síðustu dögum Úrúgvæviðræðnanna sem kom að verulegu leyti til móts við kröfur Íslendinga. Þess ber þó að geta að ekki var tekið tillit til allra krafna Íslendinga og í sumum tilfellum nær tilboðið einungis til ákveðinna undirflokka þeirra tollnúmera sem krafa var upphaflega gerð um. Innflutningur frá Íslandi á viðkomandi vörum nam á árinu 1988 104,275,000 Bandaríkjadölum. Samkvæmt rauntolli í dálki 4 má áætla að tollur vegna þessa innflutnings hafi numið 4,666,618 dölum. Ef miðað er við tilboðstollinn í dálk 5 má áætla að tollur vegna sama innflutnings yrði 3,031,666 dalir. Má þannig áætla miðað við ofangreint að tollar lækki á viðkomandi vörum um 1,634,952 dali eða 70,793,422 krónur miðað við meðalgengi ársins 1988.

S-KÓREA

Lagðar voru fram kröfur á S-Kóreu um tollalækkanir á vörum innan tollskrárkafla 3 (fiskur), svo og ein krafa innan tollskrárkafla 22 (vatn). Ef litið er á grunntolla í dálki 3 má sjá að um er að ræða 20% óbundinn toll á fisk. S-Kórea hefur þannig ekki verið skuldbundin til að virða sérstakt hámark í álagningu tolla á viðkomandi vörum skv. reglum GATT. Í dálki 4 má þó sjá að rauntollur hefur í öllum tilvikum nema tveimur verið helmingi lægri en grunntollurinn, eða 10%. Tilboð S-Kóreu fyrir þau 38 tollnúmer innan kafla 3 sem kröfur Íslands náðu til felur í sér bindingu tolls í 10% fyrir 24 tollnúmer, á meðan ekkert tilboð er lagt fram fyrir 14 tollnúmer. Í dálki 5 hefur verið merkt sérstaklega við þar sem tollar haldast án bindinga. Hvað kröfu Íslands um tollalækkun á vatni varðar má sjá að boðin er um þriðjungslækkun á bindingu, frá 40% niður í 26,2%. Innflutningur S-Kóreu á viðkomandi vörum frá Íslandi nam á árinu 1988 1,556,000 Bandaríkjadölum. Miðað við rauntoll í dálki 4 má áætla að tollur vegna þessa innflutnings hafi numið 155,600 dölum. Tilboð S-Kóreu felur ekki í sér lækkun frá rauntolli. Þó skal þess getið að lækkun á tollbindingum ein og sér er mikilvæg í viðskiptum ríkja, þar sem heimildir til álagningar tolla minnka og stöðugleiki eykst. Kórea hefur að bjóða hátt verð fyrir fisk og fiskafurðir, en sökum hárra tolla og annarra innflutningstakmarkana til verndar fiskiðnaði innanlands hefur þessi mikilvægi markaður hingað til verið nánast lokaður. Tengjast erfiðleikar fiskiðnaðarins breytingum í frjálsræðisátt sem hófust árið 1987. Er m.a. verið að leggja niður í áföngum nokkuð viðamikið kvótakerfi fyrir innflutning á fiski. Á það að heyra sögunni til árið 1997. Möguleikar á útflutningi á sjávarafurðum til Kóreu munu þannig stóraukast og ber að skoða tilboð þetta í því ljósi.

NÝJA SJÁLAND

Kröfur Íslands á Nýja Sjáland náðu til átta tollnúmera innan tollskrárkafla 22 (vatn og óáfengar drykkjarvörur). Komið er til móts við kröfur Íslands með meðallækkun í tilboði upp á tæp 35% miðað við grunntoll, en um óverulega lækkun er að ræða miðað við rauntoll. Hér er þó um þann árangur að ræða að tilboðið felur í sér bindingu á tollum fyrir öll átta tollnúmer, en hingað til hafa þessir tollar verið óbundnir. Ekki var um að ræða innflutning frá Íslandi á þessum vörum árið 1991.

ÁSTRALÍA

Kröfur Íslands á Ástralíu náðu til tveggja tollnúmera innan tollskrárkafla 22 (vatn). Miðað við grunntolla er um að ræða tilboð um lækkun upp á 38,2% að meðaltali, frá 13,75% niður í 8,5%. Fyrra tollnúmerið sýnir að verið er að lækka bindingu úr 12,5% niður í 7%, á meðan rauntollur er enginn. Fyrir seinna tollnúmerið hefur verið um að ræða óbundinn grunntoll upp á 15%, sem hefur jafnframt verið rauntollur, en tilboðið felur í sér lækkun niður í 10%. Ekki var um að ræða innflutning frá Íslandi á þessum vörum árið 1988.

2. Óbeinn ávinningur Íslands af Úrúgvæviðræðunum

Einhugur ríkir um að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina muni leiða til aukinna heimsviðskipta, hagvaxtar og betri lífskjara. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að meta þessi áhrif. Erfitt er hins vegar að áætla nákvæmlega um hve mikinn efnahagsbata verður að ræða eða vöxt í heimsviðskiptum. Allar þessar kannanir ganga hins vegar út á eitt, þ.e. að vöxtur heimstekna og viðskipta verði verulegur. Í nýlegum útreikningum sérfræðinga GATT er niðurstaðan sú að gera megi ráð fyrir að heimstekjur árið 2005 verði a.m.k. 510 milljörðum Bandaríkjadala umfram það sem verið hefði án niðurstaðna Úrúgvæviðræðnanna. Að þeirra mati endurspegla þessir útreikningar hins vegar ekki full áhrif stofnunarinnar og samninga hennar því þeir byggja fyrst og fremst á áhrifum af auknu frelsi í vöruviðskiptum en taka ekki tillit til hinna jákvæðu áhrifa sem bættar viðskiptareglur munu hafa, né taka þeir til þeirra áhrifa sem viðskipti með þjónustu eða aukin samkeppni innanlands geta haft.

Hvað sem endanlegum tölum líður er ljóst að Alþjóðaviðskiptastofnunin og samningar hennar munu leiða til betra efnahagsástands í heiminum á næstu árum sem þýðir betra efnahagsumhverfi og viðskiptakjör fyrir Ísland. Það er ekki síst mikilvægt fyrir minni lönd sem vegna smæðar heimamarkaða sinna eru afar háð greiðum milliríkjaviðskiptum enda hagnast lítil lönd í flestum tilvikum hlutfallslega meira af auknum alþjóðaviðskiptum en stærri.

Alþjóðaviðskiptastofnunin felur í sér útvíkkun, styrkingu og aukna skilvirkni alþjóðaviðskiptareglna. Þannig eru í fyrsta sinn settar alþjóðareglur um ýmis svið milliríkjaviðskipta eins og þjónustuviðskipti og hugverkarétt. Síðan en ekki síst er komið á endurbættu kerfi til lausnar deilumála sem tryggir öruggari málsmeðferð auk þess að komið er í veg fyrir neitunarvald eins ríkis. Þessi atriði munu leiða til aukins aga og festu í heimsversluninni og treysta réttaröryggi smærri ríkja í hinni óvægnu samkeppni ríkja um viðskipti auk þess að vera sterkt mótvægi við verndarhyggju og einhliða aðgerðum hinna sterku, sem hefur örlað á í auknum mæli í seinni tíð.

Hornsteinn GATT, bestukjarareglan, tryggir að einstök aðildarríki geta almennt ekki beitt mismunandi reglum gagnvart öðrum aðildarríkjum GATT. Þetta þýðir t.d. að ef Nýsjálendingar lækkuðu tolla á þorskflökum frá Kanada gegn því að Kanada lækkaði tolla á lambakjöti frá hinu fyrrnefnda, gildir það fyrir öll aðildarríki GATT, án

þess þó að þau hafi tekið þátt í slíkum samningaviðræðum. Í krafti þessarar reglu mun Ísland njóta góðs af þeim tollalækkunum sem önnur ríki hafa náð fram í Úrúgvæviðræðunum. Sem árangur þeirra munu tollar lækka enn frekar og jafnvel niður í núll fyrir sumar vörutegundir. Þessi regla hefur verið tekin upp í þjónustuviðskiptasamningum og samningnum um hugverkaréttindi. Hún mun því tryggja Íslandi hlutdeild í þeim ávinningi sem næst fram með auknu frelsi í alþjóðaviðskiptum nú og síðar í framtíðarviðskiptalotum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

BANDARÍKIN

INNFLUTNINGSÁR: 1989
MEÐALGENGI USD: 57,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT MFN alls	(þús. USD) frá Íslandi	UPPRUNI
03041020	Fiskflök og annað fiskkjöt, ferskt eða kælt, af karfa, þorski, ýsu og ufsa	4.13c/kg 1.1	4.13c/kg 1.1	0.0	6,990	6,751	Ísl, EB, Kór, N.Sj, Nor.
03042040	Fiskflök, fryst, af karfa, þorski, ýsu og ufsa	4.13c/kg 1.1	4.13c/kg 1.1	0.0	163,972	112,093	Ísl, Fær, Nor, EB, Kór.
03054100	Reyktur fiskur, einnig flök,af Atlantshafslaxi	5.0	5.0	5.0	12,269	143	Nor, EB, Fær, Svíþj, Ísl.
16041120	Lax, lagaður eða varinn skemmdum, heill eða í hlutum en ekki hakkaður, í olíu, í loftþéttum umbúðum	12.5	12.5	6.0	13		EB, Póll.
16041140	Lax, lagaður eða varinn skemmdum, heill eða í hlutum en ekki hakkaður, annar en í olíu og loftþéttum umbúðum	3.0	3.0	0.0	2,357	2	Nor, Fær, EB, Kór, Svíþj. (Ísl. #7)
16041220	Síld, löguð eða varin, heil eða í hlutum en ekki hökkuð, í olíu, í loftþéttum umbúðum	8.0	8.0	4.0	166		EB, Póll, Nor, Svíþj.
16041240	Síld, heil eða í hlutum en ekki hökkuð, í tómatsósu, reykt, í umbúðum sem vega m. innih. meira en 0.45 kg hver	4.0	4.0	0.0	98	3	EB, Svíþj, Nor, Ísl.
16041910	Rákungur og ufsi, heill eða í hlutum en ekki hakkaður, í loftþéttum umbúðum, ekki í olíu	6.0	6.0	4.0	2,057		Kór, Jap, EB
16041920	Annar fiskur, lagaður eða varinn skemmdum, heill eða í hlutum en ekki hakkaður, í loftþéttum umbúðum, ekki í olíu	6.0	6.0	4.0	3,656	71	Taív, Jap, Kína, EB, Kór.
16041925	Rákungur og ufsi, heill eða í hlutum en ekki hakkaður, í loftþéttum umbúðum, í olíu	7.5	7.5	5.0	22		EB, Jap.
16041930	Annar fiskur, lagaður eða varinn skemmdum, heill eða í hlutum en ekki hakkaður, í loftþéttum umbúðum, í olíu	6.5	6.5	4.0	899		Kína, EB, HK, Jap, Kór.
16041940	Fiskstautar o.þ.h., flök eða annar fiskur, í raspi, í deigi, ekki soðið eða í olíu	10.0	10.0	10.0	15		EB, Jap.
16041950	Fiskstautar o.þ.h., flök eða annar fiskur, í raspi, í deigi, soðið eða í olíu	15.0	15.0	7.5	2		Nor.
16041980	Fiskur, lagaður eða varinn, heill eða í hlutum en ekki hakkaður, ót.a.	6.0	6.0	6.0	1,605		Taív, Jap, Kína, Singap, HK
16042005	Vörur sem innihalda kjöt af krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum; tilbúnir réttir	10.0	10.0	10.0	8,276		Kór, Jap, Singap, EB, Taív.
16042015	Fiskbollur og fiskbúðingur, í olíu	6.6	6.6	0.0	69		Jap, Kór, Nor.
16042025	Fiskbollur og fiskbúðingur, ekki í olíu, í umbúðum, ekki loftþéttum, sem með innihaldi vega ekki yfir 6.8 kg hver	6.0	6.0	0.0	2,830		Jap, Kór, Taív, HK, EB
16042030	Fiskbollur og fiskbúðingur, ekki í olíu, ekki í sérstökum umbúðum, sem með innihaldi vega ekki yfir 6.8 kg. hver	0.8	0.8	0.0	2,901		Kór, Jap, HK, Taív, Póll.

BANDARÍKIN

INNFLUTNINGSÁR: 1989
MEÐALGENGI USD: 57,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
16042040	Fiskstautar o.þ.h., ef í raspi, þakið deigi eða lagað á svipaðan hátt, ekki soðið eða í olíu	10.0	10.0	10.0	349		Kór, Jap.
16042050	Fiskstautar o.þ.h. í raspi, þakið deigi eða lagað á svipaðan hátt, soðið eða í olíu	15.0	15.0	7.5	3		Jap.
16042060	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum, annar en heill eða í hlutum, ót.a.	6.0	6.0	0.0	7,632		Kór, Jap, Taív, Kína, N.Sj.
16043030	Eftirlíkingar styrjuhrogna, soðnar og í loftþéttum umbúðum	2.5	2.5	0.0	117	36	EB, Ísl, Kór
16052005	Rækju- og djúphafsrækjuvörur sem innihalda fiskkjöt; tilbúnir réttir	10.0	10.0	5.0	2,319		Taív, Kína, Jap, HK, Kór.
16054005	Krabbadýravörur, ót.a., sem innihalda fiskkjöt; tilbúnir réttir	10.0	10.0	0.0	446		Jap, EB
16059005	Vörur úr lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, sem innihalda fiskkjöt; tilbúnir réttir	10.0	10.0	0.0	8,695		Jap, Kór, EB
16059006	Skelfiskur (razor clams), í loftþéttum umbúðum, lagaður eða varinn, ót.a.	3.5	3.5	0.0	140		Chile, Kína, EB, Kór.
16059010	Skelfiskur, hvort sem er heill, hakkaður eða saxaður, saltaður eða ekki, en ekki lagaður eða varinn skemmdum á annan hátt, innihald hverra umbúða ekki yfir 680 gr. br.	14.0	14.0	10.0	680		Chile, Kór, Jap, EB, HK
16059020	Skelfiskur, lagaður eða varinn skemmdum, ekki soðinn, í loftþéttum umbúðum	7.0	7.0	0.0	1,723		Kór, Kína, Jap, EB, Chile
25131900	Vikur, annar en ónunninn í óreglulegum hlutum og mulinn, einnig hitameðfarinn	0.3c/kg 1.9	0.3c/kg 1.9	0.0	1,229		EB, Jap, Kór, Kína, Austurr.
25132900	Smergill, náttúrulegt kórund, náttúrulegt granat og önnur náttúruleg slípiefni, annað en ónunnið eða í óreglulegum stykkjum	0.7c/kg 0.6	0.7c/kg 0.6	0.0	3,700		EB, Austurr, Jap, Taív, Kína
39231000	Fiskkassar, úr plasti	3.0	3.0	3.0	76,976	25	Taív, EB, HK, Jap, Kína (Ísl. #14)
40169300	Pakkningar og þéttingar, úr vúlkaníseruðu gúmmíi	3.5	3.5	2.5	147,049		EB, Jap, Taív, Singap, Svíþj.
56074110	Bindigarn eða baggagarn, (non-fibrillated strip), úr pólyetyleni eða pólyprópyleni	5.3	5.3	2.7	312		Kór, Sviss, Taív, EB
56074130	Bindigarn eða baggagarn, úr polyetyleni eða pólyprópyleni, annað	8.0	8.0	4.0	1,995		EB, Taív, Jap, Kór, Sviss
56074910	Garn (annað en bindi-eða baggagarn), snæri, reipi og kaðlar (wide non-fibrillated strip)	5.3	5.3	2.7	4,498		Kór, EB, Taív, Sví, Nor.

BANDARÍKIN

INNFLUTNINGSÁR: 1989
MEÐALGENGI USD: 57,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT MFN alls	(þús. USD) frá Íslandi	UPPRUNI
56074915	Garn (annað en bindi- eða baggagarn), snæri, reipi og kaðlar, úr pólyetyleni eða pólyprópyleni, ekki brugðið eða fléttað, með minna þvermál en 4.8mm	8.0	8.0	7.0	976	2	EB, Sviss, Kór, Jap, Ísl.
56074925	Garn (annað en bindi- eða baggagarn), snæri, reipi og kaðlar, úr pólyetyleni eða pólyprópyleni, ekki brugðið eða fléttað, annað	28.2	28.2	10.0	2,213		Kór, EB, Jap, Austurr, Taív.
56074930	Garn (annað en bindi- eða baggagarn), snæri, reipi og kaðlar, úr pólyetyleni eða pólyprópyleni, annað	7.2	7.2	3.6	1,947		EB, Taív, Kór, Jap, HK
56075020	Garn, snæri, reipi og kaðlar úr öðrum syntetískum trefjum en pólyetyleni eða pólyprópyleni, ekki brugðið eða fléttað	20.7	20.7	14.9	1,362		Taív, Kór, Jap, EB, Austurr.
56075040	Garn, snæri, reipi og kaðlar úr öðrum syntetískum trefjum en pólyetyleni eða pólyprópyleni, annað	7.2	7.2	3.6	5,211		Taív, EB, Kór, Jap, Sviss
56079020	Garn, snæri, reipi og kaðlar úr trefjum ót.a.	7.2	7.2	6.3	1,973		Jap, EB, Taív, Svíþj, Kína
56081100	Fullgerð fiskinet, úr tilbúnum spunaefnum	17.0	17.0	8.0	2,114		EB, Taív, Jap, Kór.
56081910	Fiskinet, önnur en fullgerð fiskinet, úr tilbúnum spunaefnum	17.0	17.0	8.5	12,888	5	Jap, Taív, EB, Kór, Nor. (Ísl. #7)
56081920	Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi, önnur en fiskinet og fullgerð fiskinet	10.0	10.0	5.0	951		Taív, EB, Jap, Sviss, Austurr.
56089010	Fiskinet og fullgerð fiskinet, úr öðrum spunaefnum en tilbúnum	17.0	17.0	8.0	429		EB, Taív, Jap.
56089020	Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi, fyrir utan fiskinet og fullgerð fiskinet, úr baðmull	16.0	16.0	14.1	603		Kín, Kór, Taív, HK, EB
56089030	Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi, fyrir utan fiskinet og fullgerð fiskinet, úr öðru en baðmull eða tilbúnum spunaefnum	10.0	10.0	5.0	450		Taív, EB, HK, Kína, Jap.
61011000	Yfirfrakkar, bílfrakkar, herðaslár, skikkjur, hettuúlpur, stormblússur, vindjakkar og áþekkar vörur karla eða drengja, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	21.4	21.4	17.1	796	59	EB, HK, Ísl, Austurr, Jap.
61021000	Yfirfrakkar, bílfrakkar o.s.frv., kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	21.4	21.4	17.5	9,224	1,482	EB, HK, Ísl, Kína, Austurr.
61023005	Yfirfrakkar, bílfrakkar o.s.frv., kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum, innihald 25% eða meira af leðri miðað við þyngd	6.0	6.0	5.3	1,020		EB, Taív.
61023010	Yfirfrakkar, bílfrakkar o.s.frv. kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum, innihald 23% eða meira af ull eða fíngerðu dýrahári miðað við þyngd	22.5	22.5	21.2	1,619		HK, Kín, EB, Taív, Kór.

BANDARÍKIN

INNFLUTNINGSÁR: 1989
MEÐALGENGI USD: 57,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
61034120	Buxur, smekkbuxur með axlaböndum, karla eða drengja, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	17.0	17.0	13.6	8		HK, EB
61041100	Jakkaföt, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	17.0	17.0	13.6	544		EB, Taív, Kór, HK, Sviss
61042100	Fatasamstæður, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	15.0	15.0	14.1	880		HK, EB, Kína
61043100	Jakkar og sportjakkar, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	21.2	21.2	17.0	10,607	6	EB, HK, Austurr, Kína (Ísl. #11)
61044100	Kjólar, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	17.0	17.0	13.6	26,221		HK, EB, Kór, Kína, Sviss
61045100	Pils og buxnapils, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	17.0	17.0	14.9	14,729	2	HK, EB, Kína, Austurr. (Ísl. #11)
61069010	Blússur, skyrtur og skyrtublússur, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	17.0	17.0	13.6	13,984		HK, EB, Kína, Jap, Kór.
61101010	Jersey-peysur, peysur, golftreyjur, vesti og áþekkar vörur, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári, úr kasmírull	7.5	7.5	4.0	64,174		EB, HK, Kína, Taív, Kór.
61101020	Jersey-peysur, peysur, golftreyjur, vesti og áþekkar vörur, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári, annað	17.0	17.0	16.0	414,575	785	HK, EB, Kína, Kór, Taív. (Ísl. #9)
61102010	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr baðmull, innihald 36% eða meira af hör miðað við þyngd	5.0	5.0	5.0	2,001	16	EB, HK, Kína, N.Sj. (Ísl. #8)
61102020	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr baðmull, annað	20.7	20.7	16.5	601,912	2	HK, Kína, EB, Taív, Kór. (Ísl. #23)
61103010	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum, innihald 25% eða meira af leðri miðað við þyngd	6.0	6.0	6.0	1,963		Taív, Kór, HK, Austurr, EB
61103015	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum, innihald 23% eða meira af ull eða fíngerðu dýrahári miðað við þyngd	17.0	17.0	17.0	62,141		HK, EB, Taív, Kína, Kór.
61103020	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum, innihald 30% eða meira af silki miðað við þyngd	6.3	6.3	6.3	713		HK, EB, Kór, Taív, Kína
61103030	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum, annað	34.2	34.2	32.0	1,506,572		Taív, Kór, HK, Kína, Singap.

BANDARÍKIN

INNFLUTNINGSÁR: 1989
MEÐALGENGI USD: 57,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
61109010	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr öðrum spunaefnum, innihald 70% eða meira af silki miðað við þyngd	6.0	6.0	0.9	24,003		HK, Kína, Kór, EB, Taív.
61109090	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr öðrum spunaefnum, annað	6.0	6.0	6.0	885,277		Kína, Kór, HK, Taív, EB
61111000	Ungbarnafatnaður og fylgihlutir, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	17.0	17.0	13.6	405		EB, Jap, Chile, Sviss
61112010	Ungbarnablússur og -skyrtur, prjónað eða heklað, úr baðmull	21.0	21.0	19.7	969		HK, EB, Singap, Svíþj, Taív.
61121100	Æfingagallar, prjónað eða heklað, úr baðmull	17.0	17.0	14.9	5,400		HK, Taív, EB, Kór, Ungv.
61121200	Æfingagallar, prjónað eða heklað, úr syntetískum trefjum	30.0	30.0	28.2	80,167		Taív, Singap, Kór, Kína, HK
61121910	Æfingagallar, prjónað eða heklað, úr gerviefnum	30.0	30.0	28.2	863		Kór, Kína, Singap, Taív, EB
61121940	Æfingagallar, prjónað eða heklað, innihald 70% eða meira af silki miðað við þyngd	23.0	23.0	3.5	1		EB
61121980	Æfingagallar, prjónað eða heklað, úr öðrum spunaefnum ót.a	23.0	23.0	21.6	2		EB
61169100	Hanskar, belgvettlingar og vettlingar, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðum dýrahárum	8.7	8.7	8.2	4,754	12	Kína, Jap, Taív, HK, EB (Ísl. #10)
61169310	Skíðahanskar eða vélsleðahanskar, prjónað eða heklað, úr syntetískum trefjum	5.5	5.5	2.8	3,405		Kína, Kór, Taív, HK, Finnl.
61171010	Sjöl, klútar, treflar, slör o.þ.h., prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	10.2	10.2	9.6	5,414	15	EB, HK, Kína, Jap, Austurr. (Ísl. # 7)
6210	Fatnaður úr dúk í nr. 5602, 5603, 5903 eða 5907:						
62101020	Fatnaður úr dúk í nr. 5602 eða 5603, mótað á pappírsgrunni eða þakið eða fóðrað með pappír	5.6	5.6	2.8			
62101050	Fatnaður, einnota, til notkunar á spítölum, rannsóknarstofum	17.0	17.0	0.0	1,112		Taív, Kína, Mex, HK, Ástr.
62101090	Annar fatnaður	17.0	17.0	16.0	844		Taív, EB, Mex, Kína
62105010	Fatnaður kvenna eða telpna úr dúk í nr. 5602, 5603, 5903, 5906 eða 5907, úr tilbúnum trefjum	7.6	7.6	3.8	2,967	19	Taív, Kór, Kína, HK, Ástr, Ísl.
62105020	Fatnaður kvenna eða telpna úr dúk í nr. 5602, 5603, 5903, 5906 eða 5907, annar	6.6	6.6	3.3	2,328	23	Kór, Taív, Kína, Ísl, HK
63012000	Ábreiður (aðrar en rafmagnsábreiður) og ferðateppi, úr ull eða fíngerðu dýrahári	15.2	15.2	0.0	3,780	181	EB, Ísl, HK, Sviss, Nor.
78060000	Blýlóð, sökkur	3.9	3.9	3.0	3,122		EB, Kína, Taív, Kór, Jap.
84238100	Vogir, sem að hámarki geta vigtað 30 kg	4.4	4.4	0.0	35,158	17	Jap, Taív, Sviss, EB, HK (Ísl. #11)

BANDARÍKIN

INNFLUTNINGSÁR: 1989
MEÐALGENGI USD: 57,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
84238200	Vogir, sem að hámarki geta vigtað meira en 30 kg til og með 5,000 kg	4.4	4.4	0.0	9,975	108	Jap, EB, Taív, Sviss, Singap, Ísl.
84238900	Vogir, aðrar	4.4	4.4	2.9	17,883	15	EB, Svíþj, Sviss, Jap, Taív (Ísl. # 9)
84239000	Vogarlóð, vogarhlutar	5.5	5.5	2.8	27,480	21	EB, Jap, Taív, HK (Ísl. # 12)
84253100	Aðrar vindur, koppvindur knúnar rafhreyfli	2.0	2.0	0.0	4,526		EB, N.Sj, Nor, Astr, Taív.
84253900	Aðrar vindur, koppvindur, ekki knúnar rafhreyfli	2.0	2.0	0.0	11,350		EB, Jap, Taív, Nor, Kína
84388000	Vélbúnaður til iðnaðarvinnslu eða iðnaðarframleiðslu á matvöru eða drykkjarvöru	4.0	4.0	0.0	41,755	47	Jap, EB, Nor, Taív, Astr (Ísl. # 11)
84719100	Tölvuvinnslueiningar, einnig framvísað með öðrum hlutum kerfis, sem í geta verið í sama vélarhúsi ein eða tvær eftirfarandi gerða eininga: minni, inntakseining, úttakseining	3.9	3.9	1.0	1,989,431	24	Taív, Kór, Singap, EB, Jap (Ísl #16)
84719265	Samsettar prentaraeiningar	3.7	3.7	0.0	1,971,647		Jap, Singap, EB, Svíþj, Taiv.
84733040	Hlutir og fylgihlutir í sjálfvirkar gagnavinnsluvélar í nr. 8471, ekki með bakskautslampa, aðrir hlutir í prentara	3.9	0.0	0.0	5,631,237	1	Jap, Singap, Taív, EB, HK (Ísl. # 31)
84733080	Hlutir og fylgihlutir í sjálfvirkar gagnavinnsluvélar í nr. 8471, annað	3.9	3.9	0.0	181,362	80	Jap, EB, Taív, HK, Singap. (Ísl. # 14)
84798990	Vélar og vélræn tæki, ót. a. í 84. kafla	3.7	3.7	1.3	973,590	16	Jap, EB, Sviss, Svíþj. (Ísl. # 18)
85043120	Rafmagnsspennar, aðrir en vökvatorleiðispennar, ekki stærri en 1 kVA (Unrated)	2.4	2.4	0.0	66,076		Taív, HK, Jap, EB, Kór.
85043140	Rafmagnsspennar, aðrir en vökvatorleiðispennar, minni en 1 kVA, annað	6.6	6.6	6.6	68,965		Jap, Taív, Kór, EB, HK
85043160	Rafmagnsspennar, aðrir en vökvatorleiðispennar, 1 kVA	2.4	2.4	1.6	2,039		EB, Taív, Jap, Kór, HK
85232000	Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla	4.2	4.2	0.0	167,361		Jap, Taív, HK, EB, Kór.
85393100	Flúrlampar, bakskautsgeislandi úrhleðslulampar, þó ekki útfjólubláir lampar	3.7	3.7	2.4	34,573		Jap, EB, Kína, Kór, Taív.
89039200	Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	1.5	1.5	1.5	166,517		Taív, EB, Astr, Singap, HK
90251900	Hitamælar, ekki tengdir öðrum áhöldum	5.0	5.0	1.8	26,585		
95073060	Veiðihjól, að verðmæti yfir USD 8.45 hvert	4.9	4.9	3.9	64,259	33	Jap, Svíþj, Kór, Singap, EB (Ísl. # 9)

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT MFN alls	(þús. USD) frá Íslandi	UPPRUNI
39231000	Fiskkassar, úr plasti	13.6	13.6	6.5	8,546	138	EB, Taív, Nor, Jap. Sviss (Ísl. #7)
40169300	Pakkningar og þéttingar, úr vúlkaníseruðu gúmmíi	10.3	10.3	6.8	10,474		EB, Jap, Taív, Svíþj, Sviss
61011000	Yfirfrakkar, bílfrakkar, herðaslár, skikkjur, hettuúlpur, stormblússur, vindjakkar og áþekkar vörur karla eða drengja, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	137		EB
61021000	Yfirfrakkar, bílfrakkar o.s.frv., kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	445	28	EB, Austurr, Ísl, Finnl.
61023000	Yfirfrakkar, bílfrakkar o.s.frv., kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum	25.0	25.0	18..0	1,113		Taív, EB, Jap, Sviss, Svíþj.
61034100	Buxur, smekkbuxur með axlaböndum, karla eða drengja, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	170		EB, Austurr, Taív, Jap.
61041100	Jakkaföt, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	162		EB, Austurr.
61042100	Fatasamstæður, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	211		EB, Póll.
61043100	Jakkar og sportjakkar, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	587		EB, Austurr, Finnl, Jap.
61044100	Kjólar, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	679		EB, Sviss, Finnl, Jap, Taív.
61045100	Pils og buxnapils, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	1,203	1	EB, Taív, Austurr, Sviss, Jap, (Ísl. # 7)
61069000	Blússur, skyrtur og skyrtublússur, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	350		EB, Taív, Jap, Finnl.
61101010	Jersey-peysur, peysur, golftreyjur, vesti og áþekkar vörur, kvenna eða telpna, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	3,163	2	EB, Taív, Austurr, Jap, Sviss, Ísl.
61101090	Jersey-peysur o.s.frv., aðrar, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	20,495	124	EB, Taív, Austurr, Póll, Ísl.
61102000	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr baðmull	25.0	25.0	18.0	12,502		EB, Taív, Austurr, Póll, Tékkósl.
61103000	Jersey-peysur o.s.frv., prjónað eða heklað, úr tilbúnum trefjum	25.0	25.0	18.0	60,333		Taív, EB, A-Þýskal, Póll, Austurr.
61109000	Jersey-peysur o.s.frv., úr öðrum spunaefnum	25.0	25.0	18.0	5,016	1	EB, Taív, Jap, Austurr, Ísl.
61111000	Ungbarnafatnaður og fylgihlutir, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	194		EB, Taív, Jap, Austurr.

KANADA

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT MFN alls	(þús. USD) frá Íslandi	UPPRUNI
61112000	Ungbarnafatnaður og fylgihlutir, prjónað eða heklað, úr baðmull	25.0	25.0	18.0	2,049		EB, Taív, Jap, Finnl, Austurr.
61121100	Æfingagallar, prjónað eða heklað, úr baðmull	25.0	25.0	18.0	492		Taív, EB, Austurr, Finnl.
61121200	Æfingagallar, prjónað eða heklað, úr syntetískum trefjum	25.0	25.0	18.0	3,265		Taív, EB, Finnl, Austurr.
61121900	Æfingagallar, prjónað eða heklað, úr öðrum spunaefnum	25.0	25.0	18.0	547		Taív, EB, Finnl.
61169100	Hanskar, belgvettlingar og vettlingar, prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðum dýrahárum	25.0	25.0	18.0	235	2	EB, Jap, Taív, Austurr, Ísl.
61169300	Hanskar, belgvettlingar og vettlingar, prjónað eða heklað, úr syntetískum trefjum	25.0	25.0	18.0	2,013		Taív, Jap, EB, Nor, Tékkósl.
61171000	Sjöl, klútar, treflar, slör o.þ.h., prjónað eða heklað, úr ull eða fíngerðu dýrahári	25.0	25.0	18.0	1,240	7	EB, Jap, Taív, Ísl, Austurr.
6210	Fatnaður úr dúk í nr. 5602, 5603, 5903 eða 5907:						
62101000	Úr dúk í nr. 5602 eða 5603	23.9	23.9	18.0	60		Taív, EB, Jap
62102000	Annar fatnaður, sem lýst er í nr. 620111-620119	24.3	24.3	18.0	651		Taív, EB
62103000	Annar fatnaður, sem lýst er í nr. 620211-620219	24.3	24.3	18.0	998		Taív, EB, Sviss
62104000	Annar fatnaður karla eða drengja	24.3	24.3	18.0	901	38	Taív, Austurr, EB, Ísl, Nor.
62105000	Annar fatnaður kvenna eða telpna	24.2	24.2	18.0	353		Taív, Finnl, EB, Svíþj, S-Afr.
78060000	Blýlóð, sökkur	10.2	10.2	3.0	296		EB, Jap, Taív, Svíþj, Sviss
84238200	Vogir, sem að hámarki geta vigtað meira en 30 kg til og með 5,000 kg	10.2	10.2	6.7	1,631	48	EB, Jap, Sviss, Ísl, Taív.
84239000	Vogarlóð, vogarhlutar	10.2	10.2	6.7	951	6	EB, Jap, Taív, Ísl, Sviss
84719100	Tölvuvinnslueiningar, einnig framvísað með öðrum hlutum kerfis, sem í geta verið í sama vélarhúsi ein eða tvær eftirfarandi gerða eininga: minni, inntakseining, úttakseining	3.9	3.9	0.0	141,314	101	EB, Jap, Taív, Sviss, Svíþj. (Ísl. # 8)
84719290	Inntaks- eða úttakseining, sem framvísað er með eða án annarra hluta kerfis og einnig með minni í sama vélarhúsi	3.9	3.9	0.0	89,499	65	Taív, Jap, EB, Sviss, Svíþj, Ísl.
84733010	Hlutir og fylgihlutir í prentara í 8471.92	0.0	0.0	0.0	37,761	25	Jap, Taív, EB, Svíþj. (Ísl. # 7)
84733020	Hlutir og fylgihlutir véla í nr. 84711000, 84712000, 84719100, 84719290, 84719390 eða 84719990	3.9	3.9	0.0	101,703	20	Taív, EB, Jap, Svíþj. Sviss (Ísl. # 11)
84798990	Vélar og vélræn tæki, ót. a. í 84. kafla	9.2	9.2	6.1	93,865	84	EB, Jap, Svíþj, Sviss, Austurr. (Ísl. # 9)
85043100	Rafmagnsspennar, aðrir en vökvatorleiðispennar, 1 kVA eða minni	9.2	9.2	6.1	5,105		Taív, EB, Jap, Sviss, Svíþj.

KANADA

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
85393100	Flúrlampar, bakskautsgeislandi úrhleðslulampar, þó ekki útfjólubláir lampar	11.3	11.3	7.4	2,034		EB, Jap, Taív, S-Afr.
89039200	Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	15.0	15.0	9.7	7,320		Taív, EB, Nor, Jap.
90251990	Hitamælar, ekki tengdir öðrum áhöldum	7.5	7.5	3.7	721		EB, Jap, Taív, Austurr, Svíþj.
90291000	Snúningsteljarar, framleiðsluteljarar, ökugjaldsmælar, vegmælar, skrefateljarar og þess háttar	7.5	7.5	3.7	2,797		EB, Jap, Taív, Sviss, Svíþj.
90299093	Hlutar og fylgihlutir í nr. 90291000 eða 90292099	7.5	7.5	3.7	675		Jap, EB, Taív, Sviss, Tékkósl.
95073000	Veiðihjól	10.2	10.2	6.7	4,814		Jap, Taív, EB, Svíþj, S-Afr.

JAPAN

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
030211000	Silungur , nýr eða kældur	5.0	5.0	3.5	662		Ástr, Nor, USA, EB
030212000	Atlantshafslax, nýr eða kældur	5.0	5.0	3.5	41,904	6	Nor, USA, Kan, N.Sj, EB (Ísl. #7)
030219000	Annar laxfiskur, nýr eða kældur	5.0	5.0	3.5	88		Ástr, USA, EB, N.Sj.
030221000	Lúða, ný eða kæld	5.0	5.0	3.5	85		USA, Kan.
030222000	Skarkoli, nýr eða kældur	5.0	5.0	3.5			
030223000	Sólflúra, ný eða kæld	5.0	5.0	3.5	371		EB, USA, Nor.
030229000	Annar flatfiskur, nýr eða kældur	5.0	5.0	3.5	5,581		USA, EB, Kan, N.Sj.
030262000	Ýsa, ný eða kæld	5.0	5.0	3.5			
030263000	Ufsi, nýr eða kældur	5.0	5.0	3.5			
030270010	Síldarhrogn, ný eða kæld	8.0	8.0	5.6	69		EB
030270090	Önnur lifur og hrogn, ný eða kæld	5.0	5.0	3.5	4,685		USA
030321000	Silungur, frystur	5.0	5.0	3.5	70,756	502	Sví, EB, Nor, USA, Sov, (Ísl. #9)
030322000	Atlantshafslax, frystur	5.0	5.0	3.5	8,974	509	Nor, EB, Ísl, USA, Kan.
030329000	Annar laxfiskur, frystur	5.0	5.0	3.5	1,486		EB, Nor, Sví, USA
030331000	Lúða, fryst	5.0	5.0	3.5	36,842	22,587	Ísl, USA, EB, Kan, Nor.
030332000	Skarkoli, frystur	5.0	5.0	3.5	2,610	85	EB, USA, Ísl.
030333000	Sólflúra, fryst	5.0	5.0	3.5	846		EB, USA, N.Sj, Kan.
030339000	Annar flatfiskur, frystur	5.0	5.0	3.5	141,733	6,161	USA, EB, Ísl, Sov, N.Sj.
030350000	Síld, fryst	6.0	6.0	6.0	150,159	4,796	USA, EB, Nor, Kan, Ísl.
030360000	Þorskur, frystur	6.0	6.0	6.0	52,050	7	USA, Ísl, EB
030372000	Ýsa, fryst	5.0	5.0	3.5			
030373000	Ufsi, frystur	5.0	5.0	3.5	3	3	Ísl.
030374000	Makríll, frystur	ób. 10.0	ób. 10.0	ób. 10.0	42,021	302	Nor, EB, Kan, Svíþj, Ísl.
030379021	Aji, fryst	ób. 10.0	ób. 10.0	ób. 10.0	30,178	121	EB, N.Sj, A-Þýsk, Ísl, Nor.
030379040	Loðna, fryst	4.0	4.0	2.8	80,187	1,668	Kan, Ísl, Nor.
030379096	Menuke (Sebastes spp), fryst	5.0	5.0	3.5	124,289	29,166	Ísl, USA, Sov, EB, Nor.
030379099	Annar fiskur, frystur	5.0	5.0	3.5	60,352	2,306	USA, N.Sj, Kan, Ástr, Ísl.
030380010	Síldarhrogn, fryst	6.0	6.0	4.0	77,427	510	Kan, EB, Ísl, USA, Póll.
030380090	Önnur hrogn, fryst	5.0	5.0	3.5	6,767	4,028	Ísl, Ástr, Taívan, EB, Chile
030410190	Önnur fiskflök, ný eða kæld	5.0	5.0	3.5	311		Nor, EB, USA
030420099	Önnur fiskflök, fryst	5.0	5.0	3.5	22,187	256	Ástr, N.Sj, Sví, Kan, USA (Ísl. #7)
030490050	Annað loðnukjöt, fryst	4.0	4.0	2.8	3,524		EB
030490099	Annað fiskkjöt, fryst	5.0	5.0	3.5	1,575	15	USA, Kan, N.Sj, Ísl, Nor.

JAPAN

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
030510000	Fiskimjöl, hæft til manneldis	ób.15.0	ób. 15.0	10.0			
030520010	Síldarhrogn, söltuð	12.0	12.0	8.4	170,313		Kan, USA, EB, Sov, Póll.
030520020	Hard roes of tara	7.5	7.5	7.5	7,236	226	USA, Sov, Ísl
030520030	Laxfiskahrogn, söltuð	5.0	5.0	3.5	110,970		USA, Kan, EB, Sví, Chile
030520040	Síldarhrogn (on the tangles)	ób. 15.0	ób. 15.0	10.0	18,514		Kan, USA, Finnl.
030520090	Önnur lifur og hrogn, söltuð	4.0	4.0	2.8	42		Ástr, EB
030530010	Laxfiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi	ób. 12.0	ób. 12.0	8.4	484		Kan, Nor
030530090	Önnur fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi	ób. 15.0	ób. 15.0	10.5			
030541000	Reyktur Atlantshafslax	ób. 15.0	ób. 15.0	10.5	3,283		Kan, Nor, EB, USA, Sví.
030542000	Reykt síld	ób. 15.0	ób. 15.0	10.0	4		USA
030549000	Reyktur þorskur	ób. 15.0	ób. 15.0	10.0	870		Sví, EB, Nor, Kan, N.Sj.
030559010	Þurrkaður laxfiskur	ób. 12.0	ób. 12.0	8.4			
030559090	Annar þurrkaður fiskur	ób. 15.0	ób. 15.0	10.5	1,762		EB, Ástr, S-Afr.
030569010	Laxfiskur, saltaður eða í saltlegi	ób. 12.0	ób. 12.0	8.4	10,231		Kan, USA, Nor, EB
030569090	Annar fiskur, saltaður eða í saltlegi	ób. 15.0	ób. 15.0	10.5	2		Kan.
030612000	Humar, frosinn	3.0	3.0	1.0	18,818		Kan, Ástr, USA, N.Sj, Bra.
030613000	Rækja og djúphafsrækja	3.0	3.0	1.0	270,323	30,882	Ástr, Nor, EB, Ísl, Kan.
030622100	Humar, lifandi, frystur eða kældur	3.0	3.0	1.0	16,883		USA, Kan, Ástr, N.Sj, EB
030622200	Humar, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi	7.5	7.5	5.0			
030623100	Rækja og djúphafsrækja, lifandi, fersk eða kæld	3.0	3.0	1.0	523		USA, Nor, Kan, Ástr.
030623200	Rækja og djúphafsrækja, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi	7.5	7.5	5.0			
030731000	Kræklingur, lifandi, ferskur eða kældur	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	138		N.Sj.
030739100	Kræklingur, frosinn	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	704		N.Sj.
030739200	Kræklingur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi	ób. 15.0	ób. 15.0	10.0	115		N.Sj, USA, Kan.
030741010	Smokkfiskur, lifandi, ferskur eða kældur	5.0	5.0	3.5			
030749110	Smokkfiskur, frystur	5.0	5.0	3.5	16,560		EB
030791100	Lifandi sjávarhryggleysingjar, þó ekki krabbadýr eða lindýr	0.0	0.0	0.0	12,136		USA, Kan, Sov, Ástr.
030791310	Smokkfiskur, lifandi, ferskur eða kældur	5.0	5.0	3.5			
030791420	Skelfiskur, lifandi	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	13		Ástr.
030791430	Ígulker, lifandi, fersk eða kæld	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0			
030791491	Önnur lindýr, lifandi, fersk eða kæld	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	85		USA, Kan.
030791499	Aðrir sjávarhryggleysingjar, lifandi, ferskir eða kældir	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	114		USA
030799121	Smokkfiskur, frystur	5.0	5.0	3.5	250		EB, Ástr.

JAPAN

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
030799131	Ígulker, fryst	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	7,328		USA, Kan.
030799149	Aðrir sjávarhryggleysingjar, frystir	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	23,245		Sov, Kan, Ástr, USA, EB
030799231	Ígulker, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi	ób. 10.0	ób. 10.0	7.0	378		Kan, USA
030799249	Aðrir sjávarhryggleysingjar, þurrkaðir, saltaðir eða í saltlegi	ób. 15.0	ób. 15.0	10.5	3		N.Sj.
160411010	Lax, lagaður eða varinn skemmdum	15.0	9.6	9.6	22		EB, USA, Kan.
160411090	Lax, lagaður eða varinn skemmdum, í loftþéttum umbúðum	15.0	9.6	9.6	4,986		Sov, Kan, USA, EB, N.Sj.
160412000	Síld, löguð eða varin skemmdum	15.0	9.6	9.6	417	6	Nor, EB, Kan, Ísl.
160419010	Áll, lagaður eða varinn skemmdum	15.0	9.6	9.6	13		EB
160419020	Soðinn og þurrkaður fiskur	15.0	9.6	9.6			
160419090	Annar fiskur, lagaður eða varinn skemmdum	15.0	9.6	9.6	9,455	16	EB, Kan, USA, Nor, Sví (Ísl. #6)
160420011	Síldarhrogn, í loftþéttum umbúðum	16.0	12.8	11.0			
160420012	Síldarhrogn, löguð eða varin skemmdum, ekki í loftþ. umb.	16.0	12.8	11.0			
160420013	Þorskhrogn, í loftþéttum umbúðum	ób. 12.8	ób. 12.8	9.0	44	3	EB, Nor, Ísl.
160420014	Þorskhrogn, löguð eða varin skemmdum, ekki í loftþ. umb.	ób. 12.8	ób. 12.8	9.0	433	69	USA, Ísl, EB
160420019	Önnur hrogn, löguð eða varin skemmdum	10.0	6.4	6.4	75		USA, Ástr.
160420020	Hakkaður fiskur, lagaður eða varinn skemmdum	15.0	9.6	9.6	1,098		EB, Ástr, Kan, USA, Nor.
160430090	Styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra	10.0	6.4	6.4	10,360	45	Sov, EB, Sviss, USA, Ísl.
160520011	Rækjur og djúphafsrækjur, soðnar í vatni eða saltlegi	15.0	4.8	4.8	762		Nor, Kan, EB, USA
160520019	Rækjur og djúphafsrækjur, reyktar	15.0	4.8	4.8	19		Nor, USA
160520020	Rækjur og djúphafsrækjur, lagaðar eða varðar skemmdum	7.5	6.0	5.3	761		USA, Nor, EB
160540011	Annar sjávarhumar, reyktur, soðinn í vatni eða saltlegi	7.5	4.8	4.8	22		USA
160540012	Annar sjávarhumar, lagaður eða varinn skemmdum	7.5	6.0	5.0	37		USA, EB
160540021	Önnur krabbadýr, í loftþéttum umbúðum	15.0	9.6	9.6			
160540029	Önnur krabbadýr, löguð eða varin, ekki í loftþ. umbúðum	15.0	9.6	9.6	518		USA, Kan, EB
160590110	Reyktur smokkfiskur og hörpudiskur	ób. 9.6	ób. 9.6	6.7			
160590190	Önnur krabbadýr, lindýr og sjávarhryggleysingjar, reykt	ób. 9.6	ób. 9.6	6.7	164		N.Sj
160590211	Marglytta, löguð eða varin skemmdum á annan hátt	15.0	15.0	10.0			
160590212	Smokkfiskur, í loftþéttum umbúðum	15.0	15.0	10.5	14		EB
160590219	Smokkfiskur, lagaður eða varinn skemmdum á annan hátt	15.0	15.0	10.5			
160590221	Sæbjúga og ígulker, í loftþéttum umbúðum	15.0	12.0	10.0			
160590229	Sæbjúga og ígulker, löguð eða varin á annan hátt	15.0	12.0	10.0	332		USA, Kan.
160590291	Sæsniglar, í loftþéttum umbúðum	15.0	9.6	9.6	25,747		Ástr.
160590292	Sæsniglar, í loftþéttum umbúðum	15.0	9.6	9.6	9,532		Ástr, N. Sj.

JAPAN

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
160590293	Önnur lindýr, í loftþéttum umbúðum	15.0	9.6	9.6	1,530		EB, USA
160590294	Önnur lindýr, löguð eða varin skemmdum á annan hátt	15.0	9.6	9.6	10,362		N.Sj, EB, Kan, Ástr, Nor.
160590299	Aðrir sjávarhryggleysingjar, lagaðir eða varðir skemmdum	15.0	9.6	9.6	121		USA, EB, N.Sj.

KÓREA

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
0303220000	Atlantshafslax, frystur	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	45		Nor.
0303290000	Annar laxfiskur, frystur	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	72		Kan, HK, Nor.
0303310000	Lúða og grálúða, fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	537		USA
0303320000	Skarkoli, frystur	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	30,853	104	USA, EB, Jap, Ísl, HK
0303330000	Sólflúra, fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	951		USA, Jap, N.Sj.
0303390000	Annar flatfiskur, frystur	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	57		USA, HK, N.Sj.
0303500000	Síld, fryst, ekki lifur og hrogn	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	14,980		USA, Kan, Nor, Svíþj, EB
0303600000	Þorskur, frystur, ekki lifur og hrogn	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	12,857		USA, EB, Jap.
0303720000	Ýsa, fryst, ekki lifur og hrogn	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0			
0303730000	Ufsi, frystur, ekki lifur og hrogn	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0			
0303791000	Alaskaufsi, frystur	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0	48,748		USA, Taívan, EB, Jap, N.Sj.
0303792000	Sable fish	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	40		USA
0303793000	Hair tail	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0	32		USA, HK
0303794000	Sea-bream	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	52		Thai, Jap, N.Sj.
0303795000	Hafáll, frystur	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	486		Arg, Jap.
0303796000	Yellow corvina	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	183		HK, Thai, Taívan, USA
0303797000	Brynstirtla	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	1,239		N.Sj.
0303798000	Geirnefur	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0	722		Jap.
0303799010	Spánskur makríll	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	47		Kan.
0303799020	Puffers	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0			
0303799030	Silfurloðna	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0			
0303799040	Thorny head	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0			
0303799050	Pétursfiskur	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	755		N.Sj.
0303799060	Atka Mackerel	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	4,104		USA
0303799070	Rock fish (including pacific ocean perch)	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	8,658	1,017	EB, USA, Jap, Ísl, Kan.
0303799080	Whip tail or hoki	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	2,727		N.Sj, EB
0303799090	Annað	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0	3,950		USA, Jap, HK, Arg, N.Sj.
0303801000	Lifur, fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	14		Jap.
0303802000	Hrogn, fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	10,286		USA, Jap.
0304101000	Fiskflök, ný eða kæld	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0			
0304102000	Fiskasurimi	ób. 20.0	ób. 20.0	ób. 10.0			
0304109000	Annað	ób. 20.0	ób. 20.0	ób. 10.0	49		USA, Jap.
0304201000	Alaskaufsaflök, fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0	219		USA

KÓREA

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
0304202000	Hafálsflök, fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0			
0304203000	Þorskflök, fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0	27		Jap.
0304209000	Annað	ób. 20.0	ób. 10.0	ób. 10.0	1,478	435	EB, Ísl, USA, N.Sj, Jap.
0304901000	Eftirlíking á krabbakjöti (surimi), fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	36,518		Usa, Jap, Thail.
0304909000	Annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst	ób. 20.0	ób. 10.0	10.0	268		USA, Jap, Thail, N.Sj.
2202109000	Vatn, þ.m.t ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt	ób. 40.0	ób. 8.0	26.2			

NÝJA SJÁLAND

INNFLUTNINGSÁR: 1991
MEÐALGENGI USD: 59,20

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
22011001	Ölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, í málmumbúðum	ób. 20.0	ób. 13.5	12.8	7		EB
22011009	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, í öðru en málmumbúðum	ób. 15.0	ób. 11.0	10.5	75		EB, Svíþj, Sviss, HK
22019001	Vatn (annað en ölkelduvatn og loftblandað vatn), ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, í málmumbúðum	ób. 20.0	ób. 13.5	12.8			
22019009	Vatn (annað en ölkelduvatn og loftblandað vatn), ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, í öðru en málmumbúðum	ób. 15.0	ób. 11.0	10.5	2		EB
22021001	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009, í málmumbúðum	ób. 25.0	ób. 16.0	16.0	60		USA, Svíþj, Jap, EB
22021009	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009, í öðru en málmumbúðum	ób. 20.0	ób. 13.5	12.8	11		Singap, EB, HK, USA
22029001	Óáfengar drykkjarvörur, ót.a., þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009, í málmumbúðum	ób. 25.0	ób. 16.0	16.0	7		EB, Singap, HK
22029009	Óáfengar drykkjarvörur, ót. a., þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009, í öðru en málmumbúðum	ób. 20.0	ób. 13.5	12.8	550		HK, EB, USA, Singap, Jap.

ÁSTRALÍA

INNFLUTNINGSÁR: 1988
MEÐALGENGI USD: 43,30

1	2	3	4	5	6		7
TOLLNÚMER	VÖRULÝSING	GRUNN-TOLLUR	RAUN-TOLLUR	TILBOÐ	INNFLUTT (þús. USD) MFN alls	frá Íslandi	UPPRUNI
22011000	Ölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt	12.5	0.0	7.0	10,214		EB, Svíþj, USA, Sov.
22021000	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt	ób. 15.0	ób. 15.0	10.0	175		EB, USA, Jap.

Á fskj. III og IV var birtur megintexti stofnsamnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (á íslensku og ensku) ásamt viðaukum samkvæmt lokagerð niðurstaðna Úrúgvæsamningaviðræðnanna um alþjóðaviðskipti. Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Samningurinn verður enn fremur prentaður í **C-deild Stjórnartíðinda.**

Á fskj. V var birtur á íslensku og ensku texti af skrá yfir framkvæmd sérstakra skuldbindinga Íslands samkvæmt hinum almenna samningi um viðskipti með þjónustu; um þau gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Fylgiskjal VI.

Tilv. 86.C.4 Genf, 18. nóvember 1993.

Kæri formaður,

Vísað er til bréfs míns sem fylgdi með þeim gögnum sem voru lögð til grundvallar af hálfu Íslands í samningaviðræðum um landbúnað og lögð voru fram í apríl 1992. Hjálagt eru lokaútgáfur af töflum 1, 2, 3, 4 og 7, ásamt viðkomandi stuðningstöflum. Farið var eftir drögum að lokagerðinni um alþjóðaviðskiptasamningana og „Blair House-" samkomulaginu við gerð skránna sem nú eru lagðar fram. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því efni sem áður var lagt til grundvallar í samningaviðræðunum.

Tollaígildi hafa verið reiknuð út fyrir allar vörur sem eru háðar ráðstöfunum á landamærum, öðrum en venjulegum tollum. Þau eru þó sett fram, með eftirfarandi fyrirvörum:

Á Íslandi hefur verið meiri verðbólga en í viðskiptalöndum þess. Þess vegna verður að leiðrétta tolla með tilliti til verðbólgu þegar þeim er beitt sem magntollum. Fjárhæðir magntolla, sem eru tilgreindar í töflu 1 og stuðningstöflu 1, miðast við nafnverð. Þær yrðu leiðréttar til samræmis við samanburðargjaldmiðil og grunnviðmiðunin yrði meðalvísitala áranna 1986 – 1988. Beita verður sömu meginreglu að því er varðar skuldbindingar um minnkandi innlendan stuðning.

Íslenskt búfé hefur verið einangrað um aldir og er þess vegna afar viðkvæmt fyrir smitsjúkdómum, eins og slæm reynsla hefur leitt í ljós. Strangar reglur um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna er varða innflutning á lifandi dýrum og tilteknum landbúnaðarvörum eru þess vegna nauðsynlegar til að komast hjá faraldri af þeirri stærðargráðu er gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar (sjá viðauka).

GATT-skrifstofan
Formaður samningahóps um vörur
Við.t.:Peter Sutherland aðalframkvæmdastjóri
Centre William Rappard
Rue de Lausanne 154
1211 GENF 21

Ísland hefur enn þá afstöðu að leyfa ætti vel afmarkaðar undanþágur frá tollaígildun fyrir þær vörur sem eru háðar framleiðslustýringu. Slíkar undantekningar ættu að byggjast á ákvæðum i-liðar, c-liðar, 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins, sem gera ætti skýrari og strangari. Ef slíkar undanþágur yrðu samþykktar í lokaniðurstöðu Úrúgvæ-viðræðnanna myndu þær, að því er Ísland varðar, gilda um mjólk og tilteknar mjólkurafurðir (tollnúmer 04.01, 04.02, 04.05, og 04.06) auk kindakjöts (tollnúmer 02.04).

Kvótar, sem eru 3% af innanlandsneyslu og aukast í 5% við lok framkvæmdartímabilsins, hafa verið reiknaðir út í skránni yfir lágmarksaðgang. Tollálagning kvótanna verður 32% af grunntolli (tafla 1. í 3. dálki).

Þótt skuldbindingar um útflutningsstyrki séu í samræmi við drög að lokagerðinni um alþjóðaviðskiptasamninga og „Blair House-" samkomulagið lýsir Ísland sig reiðubúið til að ganga lengra að þessu leyti, að því tilskildu að heildarniðurstöður samningaviðræðnanna verði ásættanlegar.

Endanlegar skuldbindingar eru háðar endanlegu samkomulagi um drögin að lokagerð um alþjóðaviðskiptasamninga og þeim skrám sem lagðar verða fram í samræmi við samninginn. Ísland áskilur sér því rétt, eins og aðrir þátttakendur, til að gera breytingar á skránum ef framvinda samningaviðræðnanna gefur tilefni til þess.

Yðar einlægur,

Kjartan Jóhannsson (SIGN),
sendiherra.

VIÐAUKI

Búfjársjúkdómar og varnir gegn þeim

Inngangur:

Lega Íslands hefur varið innlendan búfénað gegn mörgum þeim smitsjúkdómum sem landlægir eru í öðrum löndum. Í öðrum löndum hefur búfénaður áunnið sér eðlislægt ónæmi fyrir mörgum sjúkdómum sem algengir eru annars staðar. Þessu er ekki svo farið á Íslandi. Búfénaði þar er því mun hættara við að fá sjúkdóma. Vísindaleg rök renna því stoðum undir strangt aðhald í innflutningi.

Innflutningur á lifandi dýrum og óunninni matvöru til manneldis leiddi á árum áður til þess að smitsjúkdómar bárust í íslenskan búfénað með alvarlegum afleiðingum. Bæði bændur og stjórnvöld hafa borið mikið fjárhagslegt tjón við að uppræta þessa sjúkdóma.

Alvarlegasta tilfellið ef þessi tagi kom í kjölfarið á innflutningi Karakúl-fjár frá Þýskalandi en það bar með sér mæðiveiki þrátt fyrir að nákvæm læknisrannsókn færi fram og fé væri lengi í sóttkví. Af þessu leiddi að slátra þurfti fjörutíu af hundraði af íslenska sauðfjárstofninum. Annað dæmi um þetta er innflutningur á hráu svínakjöti á árum seinni heimsstyrjaldarinnar en með því barst svínapest. Íslenskur landbúnaður byggist ekki á hámarksafurðastefnu í þeim skilningi að aðfanganotkun er takmörkuð og einkum er notkun lyfja, skordýraeiturs, tilbúins áburðar og annarra efna í lágmarki.

Íslensk yfirvöld líta svo á að verndarákvæðin í fyrirliggjandi frumvarpi séu nægilega traust til að tryggja óbreytt ástand í heilsufari búfjár í landinu. Þetta byggist á þeirri forsendu að Ísland muni halda áfram að framfylgja banni sínu við innflutningi á þeim vörum sem taldar eru upp hér á eftir, þar sem vísindaleg rök sanna að það er eina leiðin til að verja innlendan búfénað gegn erlendum sjúkdómum.

Skrá yfir bannaðar vörur:

Bannað er að flytja eftirtaldar landbúnaðarafurðir inn til Íslands:

Hálm og hey (nema sem umbúðaefni), húsdýraáburður, hrátt kjöt og ætir hlutir af dýrum, hrá innmatur, hrá skinn og húðir, blóð og blóðvökvi, ógerilsneydd mjólk og mjólkurafurðir, hrá egg og vörur úr þeim, óverkaður líffrænn úrgangur, ull, fjaðrir og dúnn sem ekki hafa verið hreinsuð með hita eða efnameðferð.

Tollskrárnúmerin sem bannlistavörurnar heyra undir eru talin upp hér á eftir í réttri röð. Í sumum tilvikum nær bannið aðeins til hluta af vörunum sem falla undir viðkomandi tollskrárnúmer. Þetta er tilgreint með því að rita "úr" fyrir framan það númer.

	Tollskrárnúmer		
	0101.1100	til	
	0106.0009		Lifandi dýr (1. Kafli).
	0201.1000	til	
	0210.9009		Kjöt og ætir hlutir af dýrum
úr	0401.1000	til	
	0401.3000		Ógerilsneydd mjólk
úr	0406.1000	til	
	0406.9000		Ostur gerður úr ógerilsneyddri mjólk
úr	0407.0000	til	
	0408.9900		Hrá egg og vörur úr þeim
úr	0410.0000		Vörur úr hráu eða léttsöltuðu kjöti eða innmat, ógerilsneyddri mjólk eða hráum eggjum
úr	0501.0000	til	
	0503.0000		Óhreinsað mannshár, hrosshár eða hár af öðrum dýrum
úr	0504.0001	til	
	0504.0009		Vörur úr hráu eða léttsöltuðu kjöti eða innmat
úr	0505.1001	til	
	0505.9000		Óhreinsað skinn og fjaðrir
úr	0506.1000	til	
	0506.9000		Óhreinsuð bein og vörur úr beini
	0507.1001	til	
	0507.9009		Óhreinsaðar dýraafurðir
úr	0510.1000		Dýrasæði
	0511.1000		Nautgripasæði
úr	0511.9900		Óhreinsaðar dýraafurðir, þ.m.t. blóð og sæði
úr	1213.0001	til	
	1213.0009		Hey eða hálmur (þó ekki sem umbúðaefni)
úr	1214.1000	til	
	1214.9000		Hey eða hálmur (þó ekki sem umbúðaefni)
úr	1401.9000		Basttrefjar
úr	1501.0001	til	
úr	1503.0000		Hrá eða léttsöltuð dýrafita
úr	1601.0001	til	
	1602.9000		Vörur úr hráu eða léttsöltuðu kjöti eða innmat eða blóði
úr	2301.1001	til	
	2301.1009		Vörur úr hráu eða léttsöltuðu kjöti eða innmat
úr	2309.1000	til	
	2309.9009		Vörur úr hráu eða léttsöltuðu kjöti eða innmat
úr	3101.0000		Húsdýraáburður
úr	3105.1000		Húsdýraáburður
úr	4101.1000	til	
	4103.9009		Hrá skinn og húðir
úr	4301.1000	til	
	4301.9009		Hrá skinn og húðir
úr	5101.1100	til	
	5103.3000		Óhreinsuð ull og dýrahár

IV HLUTI: LANDBÚNAÐARVÖRUR:

SKULBINDINGAR SEM TAKMARKA STYRKVEITINGAR

*KAFLI I - Innanlandsstuðningur: Skuldbindingar varðandi heildarstuðning**

* Heildarstuðningur = Aggregate Measurement of Support (AMS).

IV HLUTI: **SKRÁ LXII - ÍSLAND**

Heildarstuðningur [Millj. SDR]	Almannaksár	Árleg og endanleg skuldbindingastig 1995 - 2000						Viðeigandi stuðningstöflur og tilvísanir í skjöl
1	2	3	4	5	6	7	8	
								Skjal AGST/ICE:
162,6	1986 - 1988	157,2	151,8	146,4	140,9	135,5	130,1	Stuðningstöflur 4, 6, 7 og 8:

IV HLUTI (frh.)

KAFLI II: Útflutningsbætur: Lækkunarskuldbindingar varðandi magn og framlög hins opinbera

IV HLUTI (frh.) Útflutningsbætur. **SKRÁ LXII - ÍSLAND**

Vörulýsing	Grunn-útgjöld (Millj. SDR)	Verðlagsár	Árlegar og endanlegar útgjaldaskuldbindingar 1995 - 2000 (Millj. SDR)						Grunn-magn	Verðlagsár	Árlegar og endanlegar magnskuldbindingar 1995 - 2000 (tonn/Millj. ltr)						Viðeigandi stuðningstöflur og tilvísanir í skjöl
Kindakjöt	14,5	1.09 - 31.08	13,6	12,7	11,9	11,0	10,2	9,3	(tonn) 2275	1.09 - 31.08	2195	2116	2036	1957	1877	1797	Skjal AGST/ICE: Stuðningstafla 11.
Mjólk	4,1	1.09 - 31.08	3,8	3,6	3,4	3,1	2,9	2,6	(Millj. ltr) 4	1.09 - 31.08	3,86	3,72	3,58	3,44	3,3	3,16	

Á fskj. VI var einnig birtur á ensku texti skránna um innanlandsstuðning og útflutningsbætur og texti bréfs fastafulltrúa Íslands hjá GATT sem fylgdi skuldbindingaskránum í landbúnaði þegar þær voru lagðar fram.

270. Fyrirspurn [230. mál]

til fjármálaráðherra um launaþróun sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hver voru:
   a. umsamin mánaðarlaun sjúkraliða að meðaltali í janúar 1990,
   b. umsamin mánaðarlaun sjúkraliða að meðaltali í október 1994,
   c. umsamin mánaðarlaun hjúkrunarfræðinga að meðaltali í janúar 1990,
   d. umsamin mánaðarlaun hjúkrunarfræðinga í október 1994,
   e. umsamin mánaðarlaun almennra hjúkrunarfræðinga (þ.e. án aðstoðardeildarstjóra og hærra launaðra hjúkrunarfræðinga) í janúar 1990,
   f. umsamin mánaðarlaun almennra hjúkrunarfræðinga í október 1994?
2. Hver voru:
   a. byrjunarlaun, lægsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í janúar 1990,
   b. byrjunarlaun hjá sjúkraliða 1 í maí 1992,
   c. byrjunarlaun hjá sjúkraliða 1 í október 1994,
   d. byrjunarlaun hjá almennum hjúkrunarfræðingi í janúar 1990,
   e. byrjunarlaun hjá almennum hjúkrunarfræðingi í maí 1990,
   f. byrjunarlaun hjá almennum hjúkrunarfræðingi í október 1994,
   g. mánaðarlaun, efsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í janúar 1990,
   h. mánaðarlaun, efsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í maí 1992,
   i. mánaðarlaun, efsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í október 1994,
   j. mánaðarlaun almenns hjúkrunarfræðings, efsta þrep, í janúar 1990,
   k. mánaðarlaun almenns hjúkrunarfræðings, efsta þrep, í maí 1992,
   l. mánaðarlaun almenns hjúkrunarfræðings, efsta þrep, í október 1994?
3. Hver er hlutfallslegur mismunur (í prósentum) á umsömdum mánaðarlaunum sjúkraliða 1 í efsta þrepi og umsömdum mánaðarlaunum almenns hjúkrunarfræðings í efsta þrepi í:
   a. janúar 1990,
   b. janúar 1992,
   c. október 1994?

Skriflegt svar óskast.

271. Svar [146. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigbjarnar Gunnarssonar um samskipti Lánasjóðs íslenskra námsmanna og stúdenta í Þýskalandi.

1. *Er vitað til þess að íslenskir stúdentar í Þýskalandi hafi horfið frá námi vegna strangra krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna um námsframvindu?*

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna er ekki vitað til þess að íslenskir námsmenn hafi horfið frá námi í Þýskalandi vegna reglna Lánasjóðsins um námsframvindu.

Tekið skal fram að reglur LÍN um námsframvindu byggjast á opinberum upplýsingum um skipulag skóla á sama hátt og verið hefur um árabil. Þetta gildir um nám í Þýskalandi eins og alls staðar annars staðar. Lágmarksreglur um námsframvindu eru óbreyttar eins og þær hafa verið í meira en áratug, þ.e. að menn skili a.m.k. 75% árangri. Skólaárið 1992–93 breyttust reglur þannig að menn fá 100% lán einungis fyrir 100% námsframvindu samkvæmt skipulagi skóla en geta ekki fengið 100% lán fyrir 75–100% námsframvindu eins og áður. Eins og áður sagði er almenna lágmarkskrafan hin sama og fyrr, þ.e. menn þurfa að skila 75% af fullu námi hverju sinni til að teljast lánshæfir. Sú regla hefur verið tekin upp í tíð núverandi stjórnar sjóðsins að gefa mönnum, sem ljúka framhaldsskólanámi með viðamiklu verkefni, kost á aðstoð í eitt missiri umfram það sem fyrri reglur heimiluðu. Þessi regla nær til flestra íslenskra námsmanna í Þýskalandi og hefur aukið svigrúm þeirra.

2. *Hafa viðræður farið fram milli stjórnenda Lánasjóðsins og íslenskra stúdenta í Þýskalandi og ef svo er hafa þær leitt til niðurstöðu?*

Stjórn sjóðsins hafa í gegnum árin borist erindi frá einstaka námsmönnum í Þýskalandi, eða einstaka hópum námsmanna, og hefur hverju erindi verið svarað fyrir sig. Að öðru leyti hafa engar viðræður farið fram milli stjórnenda Lánasjóðsins og fulltrúa íslenskra námsmanna í Þýskalandi.

272. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um breytingar á notkun framfærsluvísitölu.

Flm.: Þuríður Backman, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga sem miði að því að reiknuð verði út sérstök vísitala framfærslukostnaðar án áfengis og tóbaks og að sú vísitala verði notuð þegar ákvarðaðar eru breytingar á lánskjaravísitölu og öðrum viðmiðunum.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram í upphafi næsta þings og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Almennt er viðurkennt að hægt sé að hafa áhrif á tóbaksneyslu með verðákvörðunum. Í Íslenskri heilbrigðisáætlun er mælt með hækkunum á verði áfengis og tóbaks umfram almennar verðhækkanir. Til að geta fylgt þessu eftir þarf að taka áfengi og tóbak út úr framfærsluvísitölu þegar hún er notuð til viðmiðunar í vísitölu sparifjár og skulda. Með þessari ráðstöfun er komið í veg fyrir að hækkanir á þessum vörum leiði sjálfkrafa til hækkunar á þáttum eins og lánum.

Í könnun Hagvangs í janúar 1991 var meiri hluti þeirra sem tóku afstöðu fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu tók meiri hlutinn þessa afstöðu. Í könnun, sem gerð var sl. vor af héraðslæknisembættunum og Krabbameinsfélaginu, kom í ljós að tóbaksneysla hefur aukist aftur hjá unglingum í eldri bekkjum grunnskóla. Verð á tóbaki hefur einna mest áhrif á neyslu unglinga og er enginn einn þáttur líklegri til að draga úr neyslu þeirra en veruleg hækkun tóbaks.

273. Fyrirspurn [232. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tóbaksvarnir.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær hyggst ráðherra leggja fram nýtt frumvarp til tóbaksvarnalaga?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hér á landi verði orðið við tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) til aðildarríkja sinna að banna sölu á reyklausu tóbaki?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við aukinni tóbaksneyslu unglinga og ungs fólks?

Skriflegt svar óskast.

274. Fyrirspurn [233. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd jafnréttislaga.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Í hvaða skólum og á hvaða skólastigum er veitt fræðsla um jafnréttismál, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?
2. Hvaða viðurlög eru við því að brjóta 10. gr. jafnréttislaganna og hver er ábyrgur ef svo er fyrir hönd einstakra skóla og varðandi kennslubækur grunn- og framhaldsskóla?

3. Hvernig hefur menntamálaráðuneytið fylgst með þróun jafnréttismála í grunnskólum og framhaldsskólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum landsins? Hefur það staðið fyrir reglubundnum rannsóknum í því skyni eins og kveðið er á um í 10. gr.?

Skriflegt svar óskast.

275. Fyrirspurn [234. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttislaga.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Hvaða dómar og úrskurðir hafa fallið við brotum á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og hvernig hefur þeim verið fylgt eftir?

Skriflegt svar óskast.

276. Fyrirspurn [235. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttislaga.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með framkvæmd laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, t.d. á sviði launamála og menntamála, sbr. 4. og 10. gr. núgildandi laga?
2. Áformar ráðherra að efla eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga, t.d. með því að beita sér fyrir stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála sem hefði það hlutverk, auk kærunefnda og dómstóla, að fylgja eftir framkvæmd jafnréttislaga eins og tíðkast á Norðurlöndum?

277. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 43. gr. laga nr. 111/1992 og 34. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, hótelgisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptalningu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Auk launaframtals launamanna skal maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skila sérstöku launaframtali vegna vinnu hans sjálfs og eftir atvikum maka og barna við atvinnureksturinn eða hina sjálfstæðu starfsemi. Á það launaframtal skal færa fjárhæð skv. 3. mgr. 6. gr.

3. gr.

Við lögin bætist svofelldur Viðauki I sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki I.

Í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds skulu vera eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands:

01.1 Jarðyrkja og garðyrkja.
01.2 Búfjárrækt.
01.3 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar.
01.5 Dýraveiðar og tengd þjónusta.
02 Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta.
05.01 Fiskveiðar.
05.02 Rekstur seiða-, fiskeldis- og hafbeitarstöðva.
10 Kolanám og móvinnsla.
11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
12 Nám á úran- og þórínmálmgrýti.
13 Málmnám og málmvinnsla.
14 Námugröftur og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
15 Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður.
16 Tóbaksiðnaður.
17 Textíliðnaður.
18 Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna.
19 Leðuriðnaður.
20 Trjáiðnaður.
21 Pappírsiðnaður.
22 Útgáfustarfsemi og prentiðnaður.
23 Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti.
24 Efnaiðnaður.
25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.
26 Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.
27 Framleiðsla málma.
28 Málmsmíði og viðgerðir.
29 Vélsmíði og vélaviðgerðir.

30 Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.
31 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og -tækja.
32 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar og -tækja.
33 Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.
34 Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.
35 Framleiðsla annarra farartækja.
36 Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.
37 Endurvinnsla.
52.7 Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.
55.1 Hótel.
55.3 Veitingahúsarekstur.
55.52 Sala á tilbúnum mat.
71.1 Bílaleiga.
72.2 Hugbúnaðargerð. Ráðgjöf og sala á hugbúnaði fellur ekki hér undir.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá þeim tíma og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1996 á gjaldstofn ársins 1995. Þó skal 2. gr. gilda um skil launaframtala frá og með árinu 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá því að tryggingagjald kom fyrst í lög hefur það verið lagt á í tveimur gjaldflokkum, annars vegar almennum gjaldflokki þar sem hlutfallið er 6,35% af gjaldstofni og hins vegar í sérstökum gjaldflokki, en þar er hlutfallið 3% af gjaldstofni. Í lögunum er skilgreint almennum orðum hvaða atvinnugreinar tilheyra hinum sérstaka gjaldflokki. Um nánari skilgreiningu hefur verið vísað til atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Sú atvinnugreinaflokkun hefur eigi verið birt með formlegum hætti. Hagstofa Íslands hefur unnið að útgáfu nýrrar atvinnugreinaflokkunar og mun hún verða birt á næstunni. Það þykir engu að síður eðlilegt að í viðauka við lögin verði tilgreindar þær atvinnugreinar sem greiða eiga lægra tryggingagjald og er því lagt til að við lögin bætist viðauki þar sem þessar atvinnugreinar eru tilgreindar.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á launaframtalsskilum sjálfstætt starfandi manna með hliðsjón af breytingum sem gerðar voru á lögunum með lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, en í þeim lögum var breytt ákvæðum tryggingagjaldslaga um ákvörðun á gjaldstofni vegna launa manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á 2. mgr. 2. gr. laganna þar sem skilgreint er hvaða atvinnugreinar skuli vera í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds. Hér er ekki lögð til breyting á efni greinarinnar heldur er eingöngu um formbreytingu að ræða. Í greininni er gerð almenn grein fyrir þeim atvinnugreinum sem greiða eiga lægra tryggingagjald, en síðan er í viðauka við lögin, sbr. 3. gr. frumvarpsins, nákvæm upptalning á þeim atvinnugreinum sem falla í hinn sérstaka gjaldflokk. Ástæður þessarar breytingar eru þær að nýverið gekk dómur Hæstaréttar í málinu nr. 281/1991: Fjármálaráðherra f.h. ríkis-

sjóðs gegn Sveini Jónssyni er fjallaði um launaskatt blikksmiðju. Þar var deilt um launaskattsskyldu, en því var haldið fram af gjaldkrefjanda að starfsemi blikksmiðjunnar væri launaskattsskyld og var vísað til atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Með vísan til þess að sú atvinnugreinaflokkun hafði eigi verið birt með lögformlegum hætti komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að gjaldskylda blikksmiðjunnar yrði eigi á henni byggð. Sömu rök eiga að vísu ekki við um tryggingagjald og áttu við um launaskatt á sínum tíma. Samt sem áður er æskilegt að það liggi fyrir í lögunum með nákvæmum hætti hverjir skuli teljast til hins sérstaka gjaldflokks. Í viðaukanum er byggt á nýrri atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands sem bráðlega mun taka gildi og verður væntanlega birt innan tíðar sérstaklega á vegum Hagstofunnar.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði er lögð til breyting á launaframtalsskilum manna sem eru í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Lagt er til að kveðið verði á um að þeir skuli skila inn tveimur launaframtölum. Það byggist á því að gjaldstofn vegna launa mannsins sjálfs liggur ekki fyrir fyrr en hann hefur gert upp til skatts. Því getur hann ekki skilað inn launaframtali vegna eigin launa innan fyrra tímamarks. Eftir sem áður ber honum þó að skila inn launaframtali vegna launa launamanna á sama tíma og annar atvinnurekstur.

Um 3. gr.

Um skýringar vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

278. Frumvarp til laga [237. mál]

um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 16.139.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 77/1982, sbr. lög nr. 69/1986 og nr. 127/1990, um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda, var ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að ábyrgjast hluta Íslands gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda, einkum til þróunarríkja og Austur-Evrópuríkja. Ráðherranefnd Norðurlanda hafði áður breytt samþykktum fyrir bankann með tilliti til þessa. Á grundvelli þessara laga gerði Ísland síðan ábyrgðarsamninga við bankann.

Vegna vaxandi eftirspurnar eftir þessum lánum, ekki síst frá löndum Austur-Evrópu, samþykkti ráðherranefnd 25. mars 1994 að hækka hámarksheimild bankans til fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda og ábyrgðar á slíkum lánum úr 1.200 milljónum ECU í 2.000 milljónir ECU. Af þeirri upphæð ábyrgjast Norðurlönd 1.800 milljónir ECU, þ.e. mest 90% af hugsanlegu lánsfjártapi, en Norræni fjárfestingarbankinn ábyrgist 200 milljónir ECU eða 10%. Við þetta eykst ábyrgð Íslands vegna áðurgreindrar starfsemi úr 9.600.000 ECU í 16.139.000 ECU.

Enda þótt þessi lán hafi farið til norrænna verkefna í ríkjum þar sem lánsáhætta er meiri en gengur og gerist hafa til þessa engin afföll orðið. Ástæðan er m.a. sú að Norræni fjárfestingarbankinn gerir afar strangar kröfur til lántakanda og arðsemi verkefna. Jafnframt hefur bankinn í samræmi við reglur lagt sérstaka fjárhæð í afskriftasjóð til að mæta hugsanlegum útlánatöpum. Samkvæmt upplýsingum frá Norræna fjárfestingarbankanum verða engar breytingar á starfsháttum bankans hvað þetta varðar og áfram verða gerðar sömu kröfur til lántakenda. Áhættan verður því óbreytt.

Með frumvarpi þessu er með sama hætti og áður leitað eftir lagaheimild fyrir aukinni ábyrgð. Á grundvelli slíkrar heimildar yrði síðan gerður nýr ábyrgðarsamningur milli Íslands og bankans. Sá samningur leysir eldri samning milli aðila af hólmi.

Sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu eru birtar breytingar á samþykktum fyrir bankann sem tengjast áðurgreindri ábyrgðaraukningu.

Fylgiskjal.

Breytingar á samþykktum fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

Ráðherranefnd Norðurlanda hefur ákveðið eftirfarandi breytingar á samþykktum Norræna fjárfestingarbankans:

a. 2. mgr. 6. gr. orðast svo:

Að auki getur bankinn veitt fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingarlánum til verkefna skv. 6. gr. A sem nema allt að jafnvirði 2.000 milljóna ECU.

b. 6. gr. A orðast svo:

Samkvæmt ákvörðun stjórnar má veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga utan Norðurlanda sem fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðar á fjárfestingarlánum til verkefna. Þátttökuríkin bera tjón bankans af slíkum lánum og ábyrgðum allt að eftirtöldum fjárhæðum: Danmörk 391.225 milljónum ECU, Finnland 357.094 milljónum ECU, Ísland 16.139 milljónum ECU, Noregur 340.991 milljónum ECU og Svíþjóð 694.551 milljónum ECU. Ábyrgð þátttökulandanna nemur þannig hæst 90% af lánsfjártapi vegna sérhvers fjárfestingarláns til verkefnis. Greiðsla fer fram þegar

stjórnin svo óskar í samræmi við samninginn sem gerður er milli bankans og sérhvers þátttökulands.

Leggja skal til hliðar fjármuni í sérstakan lánsáhættusjóð vegna veittra ábyrgða á fjárfestingarlánum til verkefna. Skal fyrst reynt að fá greitt úr sjóðnum þegar tjón verður vegna fjárfestingarlána til verkefna og vegna ábyrgða á fjárfestingarlánum til verkefna.

279. Fyrirspurn [238. mál]

til menntamálaráðherra um skóla á háskólastigi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða skólar í landinu eru á háskólastigi samkvæmt skilgreiningu menntamálaráðuneytisins?
2. Hver var árleg heildarfjárveiting til þeirra á núgildandi verðlagi frá árinu 1987 til ársins í ár?
3. Hversu margir nemendur hafa árlega stundað nám í þessum skólum á árunum 1984–94?
4. Hver var árleg fjárveiting á nemanda á háskólastigi á árunum 1987–94?

Skriflegt svar óskast.

280. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verður 6. tölul., svohljóðandi:

6. Skíðalyftur.

2. gr.

6. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. tölul. verður svohljóðandi:

2. Af munum sem vátryggðir eru skv. 1.–5. tölul. 2. mgr. 5. gr., 0,20‰.

b. 3. tölul. verður svohljóðandi:

3. Af munum, sem vátryggðir eru skv. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.

4. gr.

Á eftir 1. málsl. 21. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins.

5. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Á árinu 1994 er Viðlagatryggingu Íslands heimilt að greiða bætur vegna tjóns sem varð í snjóflóðum veturinn 1994 á skíðalyftum á Ísafirði. Greiða skal bætur miðað við að skíðalyfturnar hefðu verið tryggðar samkvæmt lögum, sbr. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., að frádreginni eigin áhættu skv. 10. gr. og iðgjaldagreiðslu vegna ársins 1994.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið telur nauðsynlegt að breyta lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, þannig að skíðalyftur sé framvegis skylt að viðlagatryggja. Það þýðir að tjón sem verður á skíðalyftum vegna eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða er bótaskylt. Með þessari breytingu eru öll tvímæli tekin af um það að viðlagatryggja skuli skíðalyftur en um þetta atriði hefur verið nokkur ágreiningur. Þess munu einnig dæmi að eigendur skíðalyftna hafa ekki getað tryggt skíðalyftur gegn náttúruhamförum.

Þar sem óvissu er eytt um þetta atriði með þessari breytingu þykir og rétt að bæta við lögin ákvæði til bráðabirgða sem heimila Viðlagatryggingu Íslands að greiða bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum eins og skyldutryggingin hefði tekið gildi frá 1. janúar 1994.

Til að ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands samrýmist reglum EES-samningsins er nauðsynlegt að fella úr gildi heimild Viðlagatryggingar til að taka að sér vátryggingu annarra eigna en þeirra sem skylt er að vátryggja. Þess vegna er í frumvarpinu gert ráð fyrir að 6. gr. laganna falli niður og nauðsynlegar samhliða breytingar gerðar á 11. gr. laganna.

Við setningu laganna um Viðlagatryggingu var gerð breyting á 19. gr. eldri laga um heimild stjórnar til að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem viðurkennd væri af Almannavörnum ríkisins. Í skýringum með frumvarpinu við greinina, sem er nú 21. gr. laganna, er ekki að sjá að breyta hafi átt framkvæmd styrkveitinga til varnar tjóni af völdum náttúruhamfara. Engu að síður hefur stjórnin, með stoð í nýrri 21. gr., hafnað styrkumsóknum frá björgunarsveitum með þeim rökum að heimildin sé fallin niður. Því er talið nauðsynlegt að setja að nýju inn í lögin beina heimild til stjórnar varðandi þetta efni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að skylt verði að tryggja skíðalyftur. Þá er í ákvæði til bráðabirgða afturvirkt ákvæði um að Viðlagatryggingu Íslands verði heimilt að greiða bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum veturinn 1994. Loks er í samræmi við samning um EES felld niður heimild Viðlagatryggingar til að vátryggja aðrar eignir en þær sem skylt er að vátryggja. Síðasttalda breytingin er ekki talin hafa áhrif á fjárhag Viðlagatryggingar eða ríkissjóðs.

Gera verður ráð fyrir að stjórn Viðlagatryggingar ákveði iðgjöld vegna skíðalyftna þannig að þau standi að jafnaði undir hugsanlegu tjóni. Afturvirk ákvæði fela hins vegar í sér kostnað fyrir Viðlagatryggingu Íslands nýti stjórn tryggginganna heimildina. Viðlagatrygging hefur ekki metið tjónið og er því á þessu stigi ekki hægt að segja með vissu um hve háa fjárhæð er að ræða. Ekki verður annað séð en að ákvörðun um að bæta tjónið gangi á tryggingarsjóði Viðlagatryggingar. Frumvarpið mun því að óbreyttu ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs á árinu 1994.

281. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar skal gera á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Þó skal Fasteignamat ríkisins að jafnaði annast fyrstu virðingu.

b. Á eftir lokamálslið 2. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Sjái Fasteignamat ríkisins ástæðu til getur það framkvæmt endurmat, húseiganda og vátryggingafélagi að kostnaðarlausu.

c. 3. mgr. verður svohljóðandi:
Breyta skal vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.

d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi:
Með reglugerð er heimilt að ákveða að húseigendur greiði árlegt umsýslugjald af brunabótamati húseignar til Fasteignamats ríkisins. Viðkomandi vátryggingafélag innheimtir þetta gjald og skilar til Fasteignamatsins. Umsýslugjald þetta skal aldrei vera hærra en 0,03‰ (prómill) af brunabótamati húseignar.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er eigi heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignar þá er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar.

3. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Öll iðgjöld og matskostnaður af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði samkvæmt ákvæðum laga um nauðungarsölu.

4. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

Hafi brunatrygging húss, sem tekin hefur verið, fallið niður af ástæðum sem húseiganda verður ekki um kennt ber Sambandi íslenskra tryggingafélaga að bæta honum tjón á húseign hans af völdum eldsvoða.

Samband íslenskra tryggingafélaga skal endurkrefja vátryggingafélög, sem hafa með höndum brunatryggingar húsa, um kostnað vegna slíkra bótagreiðslna nema í ljós verði leitt hver ber ábyrgð á að vátrygging féll niður og skal sambandið þá endurkrefja þann aðila. Kostnaði skal skipt á félögin í hlutfalli við bókfærð iðgjöld þeirra í lögboðnum brunatryggingum húsa hér á landi. Skal í því efni miðað við nýjustu upplýsingar um markaðshlutdeild félaganna við uppgjörsdag tjóns.

Skilyrði starfsleyfis lögboðinna brunatrygginga húseigna er að félag skuldbindi sig til að taka þátt í þessari tilhögun um greiðslu bóta vegna óvátryggðra húseigna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðið vor voru samþykkt á Alþingi ný lög um brunatryggingar. Með þessum lögum voru felld saman lagaákvæði sem áður höfðu verið í tvennum lögum, lögum um brunatryggingar í Reykjavík og lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Í lögum þessum voru þau helst nýmæli að afskipti sveitarstjórna af brunatryggingum utan Reykjavíkur voru felld niður, svo og einkaréttur Húsatrygginga Reykjavíkurborgar á brunatryggingum húseigna í Reykjavík. Jafnframt var í lögunum það nýmæli að Fasteignamat ríkisins gæti annast virðingu skylduvátryggðra húsa og skyldi halda utan um skráningu brunatryggðra húseigna í landinu. Þessi breyting tengdist skipulagsbreytingum sem verið er að gera á Fasteignamati ríkisins og uppsetningu svokallaðrar landskrár

fasteigna. Fyrirhugað er að flytja vátryggingastarfsemi til viðskiptaráðuneytisins. Frumvarp þar að lútandi er í undirbúningi í forsætisráðuneytinu. Með því frumvarpi mun 5. gr. laga um brunatryggingar breytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru gerðar nokkrar breytingar á 2. gr. laganna. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins annist að jafnaði fyrstu virðingu til brunabótamats. Fasteignamat ríkisins annast samkvæmt lögum fasteignamat allra húsa. Þegar hús er tekið í notkun ber stofnuninni því að meta húseign til fasteignamats. Það er til hagræðingarauka fyrir húseigendur að Fasteignamatið að jafnaði annist jafnframt virðingu húseignarinnar til brunabótamats. Rétt þykir að hafa þetta atriði skýrt í lagatextanum. Eðlilegt er að í þeim tilvikum þegar Fasteignamatið annast fyrstu virðingu til brunabótamats sé sú virðing án endurgjalds fyrir húseiganda.

Nauðsynlegt þykir að hafa það skýrt í lögunum að Fasteignamat ríkisins megi, sjái það ástæðu til, framkvæma endurmat, húseiganda og vátryggingafélagi að kostnaðarlausu. Eins og áður hefur verið vikið að er verið að gera veigamiklar breytingar á starfsemi Fasteignamatsins og tengja uppbyggingu landskrár fasteigna við starfsemi stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að stofnunin geti framkvæmt endurmat á brunabótamati fasteignar. Slíkt endurmat yrði gert t.d. í tengslum við ákvörðun um endurskoðun fasteignamats í heilu sveitarfélagi. Eins og nú horfir við þá getur verið mikill munur á brunabótamati og fasteignamati húseigna þar sem endurskoðun helst ekki í hendur.

Þá er nauðsynlegt að umorða 3. mgr. þannig að unnt verði að breyta vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.

Loks er skýrt kveðið á um það í lögunum að Fasteignamati ríkisins sé heimilt að innheimta umsýslugjald vegna verkefna sinna í tengslum við brunatryggingar í þágu húseigenda. Gjald þetta er smávægileg þóknun, aldrei hærra en 30 kr. miðað við hverja milljón í brunabótamati, þ.e. 0,03‰ (prómill) fyrir þá þjónustu sem Fasteignamatið veitir húseigendum með því að halda landskrá yfir brunabótamat húseigna í landinu og fylgjast með að brunabótamat húseigna sé á hverjum tíma rétt. Gjaldið skiptir á hinn bóginn sköpum varðandi þá uppbyggingu sem verið er að hrinda af stað hjá Fasteignamatinu í tengslum við landskrá fasteigna og er nauðsynleg eftir að einkaréttur tiltekinna aðila til brunatrygginga hefur verið afnuminn. Viðkomandi vátryggingafélag innheimtir þetta gjald og skilar til Fasteignamatsins. Í reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 484/1994 er mælt fyrir um þetta gjald með stoð í 5. gr. laganna þar sem ráðherra hefur skýra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, m.a. um kostnað vegna virðingar. Þrátt fyrir þessa ótvíræðu lagaheimild þykir rétt að með skýrum hætti sé fjallað um umsýslugjaldið og þak sett um fjárhæð þess.

Um 2. gr.

Hér er 2. mgr. 3. gr. laganna breytt til samræmis við heimild sem var í lögum um Brunabótafélag Íslands og verið hefur í skilmálum Húsatrygginga Reykjavíkur um að vátryggjanda sé heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld og þá dragist 15% frá bótafjárhæðinni. Frádrættinum skal þó ekki beitt ef endurbygging er ekki heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Ef ákveðið hefur verið að veita undanþágu frá byggingarskyldu og

telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð er heimilt að miða við markaðsverðið.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að gera breytingu á 4. gr. til samræmis við breytingar sem gerðar voru með lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991. Þessa var ekki nægilega vel gætt við setningu laganna í vor.

Um 4. gr.

Utan Reykjavíkur hafa sveitarfélög borið ábyrgð á að húseignir væru brunatryggðar. Engin sambærileg ákvæði hafa verið í gildi í Reykjavík. Þegar einkaréttur sveitarfélaga til brunatrygginga fellur niður getur skapast hætta á því að eignir falli úr brunatryggingu. Þess hefur verið gætt að lágmarka líkur á því að svo gerist, m.a. með því að fela Fasteignamatinu að hafa umsjón og eftirlit með skráningu brunatryggðra eigna. Ef slíkt tilvik kæmi þó upp þykir nauðsynlegt að tryggja það að tjón verði engu að síður bætt enda verði húseiganda ekki kennt um brottfall tryggingar. Hér eru því sett ákvæði um þetta efni þar sem Sambandi íslenskra tryggingafélaga er falið að hafa milligöngu um bótagreiðslur og endurkrefja annaðhvort þann sem sök átti á því að húseign féll úr tryggingu eða deila kostnaði á vátryggingafélög sem selja brunatryggingar. Áþekkar reglur hafa gilt síðan 1970 varðandi lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um brunatryggingar sem taldar eru nauðsynlegar til að treysta framkvæmd laganna. Helstu breytingarnar eru að Fasteignamat ríkisins annast að jafnaði fyrstu virðingu til brunabótamats og gefin er heimild til að innheimta sérstakt árlegt umsýslugjald af brunabótamati húseigna. Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð enda var gert ráð fyrir í lögum nr. 48/1994 að matsgjöld stæðu undir matskostnaði. Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að heimilað verði að innheimta að hámarki 0,03‰ (prómill) í umsýslugjald, eða um 40 m.kr. á ári. Í reglugerð er áætlað að innheimta 0,025‰ (prómill) sem áætlað er að skili Fasteignamati ríkisins 35 m.kr. tekjum á ári.

282. Fyrirspurn [241. mál]

til menntamálaráðherra um reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um lán til námsmanna erlendis til greiðslu á skólagjöldum?
2. Hvaða skýringar eru á því að nokkrum námsmönnum á lokastigi í námi erlendis (Bretlandi) er ekki lánað að fullu fyrir skólagjöldum?
3. Eru fyrirhugaðar breytingar á reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna um greiðslu skólagjalda í skólum erlendis?

283. Frumvarp til laga [242. mál]

um heimild til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja öll hlutabréf ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er að afla heimildar Alþingis til að selja, að öllu leyti eða hluta, þann helming hlutabréfa ríkisins í Lyfjaverslun Íslands hf. sem ekki er lagaheimild fyrir. Heimild var í lögum nr. 75/1994, um stofnun hlutafélags um rekstur Lyfjaverslunar ríkisins, til að selja allt að helming hlutabréfa ríkisins í félaginu.

Í kjölfar laga nr. 75/1994 var hlutafélag stofnað sem tók við rekstri fyrirtækisins 1. júlí 1994.

Undirbúningur að einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins hófst í ágúst 1991 með skipun starfshóps sem falið var að gera tillögur um einkavæðingu fyrirtækisins. Tillögur hópsins gerðu ráð fyrir að fyrirtækinu væri breytt í hlutafélag sem síðan yrði selt. Þessar tillögur voru síðan lögfestar með framangreindum lögum. Fyrir hönd fjármálaráðuneytis hefur framkvæmdanefnd um einkavæðingu sinnt undirbúningi að einkavæðingu fyrirtækisins og hefur nefndin fengið til liðs við sig verðbréfafyrirtækið Kaupþing hf. sem annast hefur verðmat og undirbúning sölu. Hefur við þann undirbúning verið farið eftir reglum ríkisstjórnarinnar um framkvæmd einkavæðingar.

Stofnefnahagsreikningur Lyfjaverslunar Íslands hf. var staðfestur af fjármálaráðherra 7. nóvember 1994 og er eigið fé félagsins tæpar 430 m.kr., þar af hlutafé 300 m.kr. Heildareignir Lyfjaverslunar eru metnar á rúmar 791 m.kr.

Í verðmati Kaupþings var lagt til að gengi hlutabréfa yrði 1,34. Sú niðurstaða var yfirfarin af verðbréfafyrirtækinu Handsali hf. sem staðfesti hana. Ákveðið var að bjóða hlutabréfin til sölu á því gengi.

Sala hlutabréfa í Lyfjaverslun hófst 17. nóvember 1994 og þann dag seldust öll þau hlutabréf sem heimild var til að selja. Söluskilmálar fólu í sér að hlutabréfin væru seld á föstu gengi á tímabilinu 17. nóvember til 31. desember 1994 og að sala til hvers aðila verði að lágmarki 30.000 kr. og að hámarki 500.000 kr. að söluverði. Á þessum tíma væru almenningi boðin sérstök greiðslukjör: Heimilt væri að greiða hlutabréf að hámarki 250.000 kr. með fimm jöfnum, vaxtalausum greiðslum á tveimur árum, fimmtung við kaup og síðan fimmtung hverju sinni á sex mánaða fresti. Jafnframt var starfsmönnum Lyfjaverslunar gefinn kostur á að kaupa hlutabréf að hámarki 1.000.000 kr. að söluverði. Greiðslukjör voru boðin við kaup á hlutabréfum fyrir allt að 450.000 kr. að söluverði. Greiða skyldi 50.000 kr. út og eftirstöðvar vaxtalaust á þremur árum með sex jöfnum afborgunum.

Ákvörðun um þessi greiðslukjör hvíldi á reynslu af sölu hlutabréfa ríkisins í Jarðborunum hf. til almennings. Sú sala hefur gengið hægt og hefur ástæðan verið talin lægð á hlutabréfamarkaði. Margt benti einnig til að áhugi fjárfesta í röðum almennings gæti orðið dræmur þar sem ríkið ætlaði áfram að eiga helming hlutafjárins fram yfir áramót og þar með ríkti óvissa um eignarhaldið á afgerandi hlut í fyrirtækinu. Til stóð í janúar 1995 að leita tilboða í kaup á öllum þeim hlutabréfum sem óseld yrðu í árslok 1994. Í þessu ljósi þykir rétt að gefa almenningi kost á sambærilegum greiðslukjörum og kaupendum annarra fyrirtækja, t.d. SR-mjöls hf., var boðið. Er skemmst frá því að segja að áhugi reyndist meiri meðal almennings á kaupum á þessum kjörum en bjartsýnustu menn þorðu að vona.

Með þessu sölufyrirkomulagi átti framkvæmd ákvæðis í 4. gr. laga nr. 75/1994 að vera tryggð, en þar segir að við sölu hlutabréfa skuli þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja. Dreift og almennt eignarhald á hlutabréfum í fyrirtækinu er talin öruggasta leiðin til að tryggja þetta markmið.

Í fskj. I er greinargerð Kaupþings hf., sem annaðist söluna, um hvernig til tókst og í fskj. II er útdráttur úr sölulýsingu.

Með þessu frumvarpi er leitað eftir heimild til að halda áfram sölu hlutabréfa í fyrirtækinu til almennings og tryggja þannig með öruggum hætti að eignaraðild verði dreifð og samkeppni á lyfjamarkaði tryggð.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Kaupþings hf.:

Sala á hlutabréfum ríkisins í Lyfjaverslun Íslands hf.
(17. nóvember 1994.)

Meðfylgjandi er yfirlit yfir sölu á hlutabréfum í Lyfjaverslun Íslands hf. m.v. upplýsingar sem borist höfðu frá söluaðilum fyrir kl. 23:00 í kvöld.

Skýringar	nafnverð	söluverð	áætl. fj.
Frágengin sala, upplýsingar komnar til Kaupþings:	127.464.699	170.802.696	686
Áætlun v/ starfsmanna Lyfjaverslunar Íslands:	14.925.373	20.000.000	40
Ófyrirséð:	7.609.928	10.197.304	40
Samtals:	**150.000.000**	**201.000.000**	**766**
Biðlistar sem vitað er um:	36.500.000	48.910.000	200

Segja má að nær allir kaupendur bréfanna hafi fullnýtt þau greiðslukjör sem í boði voru.

Meðalkaup hjá þeim 354 kaupendum sem vitað er um eru **249.104** kr. að söluvirði. Sé þetta umreiknað yfir á heildarsöluna má gera ráð fyrir að fjöldi þeirra sem hafi gengið frá kaupum í dag sé 686. Ef tekið tillit til fjölda starfsmanna og þeirra sem flokkast undir liðinn "ófyrirséð" má gera ráð fyrir að heildarfjöldi kaupenda sé um 766.

Á sama hátt má ætla að fjöldi þeirra sem eru á biðlistum sem borist hafa til Kaupþings séu um 200. Þá er eftir sá fjöldi sem er á biðlistum hjá söluaðilum sem eiga eftir að senda lista til Kaupþings.

Salan fór fram á 64 sölustöðum um land allt en endanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir frá þeim öllum. Meirihluti sölustaða var á landsbyggðinni, þ.e. Kaupþing Norðurlands hf. á Akureyri og sparisjóðir og útibú Búnaðarbankans. Meirihluti sölunnar fór fram hjá Kaupþingi hf. í Reykjavík, eða um 47%. Tölur frá Lyfjaverslun Íslands, sem var einn af sölustöðunum eru væntanlegar kl. 10 í fyrramálið, 18. nóvember. Hið sama gildir um aðra sölustaði sem enn hafa ekki skilað tölum. Tilkynning til þessara aðila um að senda endanlegt uppgjör til Kaupþings verður send til þeirra í símbréfi nú í kvöld ásamt ítarlegum upplýsingum um framkvæmd málsins á morgun.

Ljóst er eftirspurn eftir bréfunum varð mun meiri á fyrsta söludegi en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Að mati Kaupþings eru einkum fjórar skýringar á þessum mikla áhuga á bréfunum:

Í fyrsta lagi er ljóst að hin hagstæðu greiðslukjör höfðu hvetjandi áhrif á flesta kaupendur.

Í öðru lagi kom fram almennur áhugi á fyrirtækinu og þeirri grein sem það starfar í og sú skoðun kom fram hjá mörgum að um áhugaverða fjárfestingu væri að ræða, þ.e. að væntа mætti góðrar arðsemi af hlutabréfunum í framtíðinni.

Í þriðja lagi er ljóst að fjölmargir keyptu bréfin í þeim tilgangi að njóta skattaafsláttar vegna hlutabréfakaupa á næsta ári. Þó er vitað að fjölmargir kaupenda hafa þegar keypt hlutabréf á þessu ári upp í svokallaðan skattaskammt eða eiga ónýttan frádrátt frá fyrri árum og fyrir þeim vakti fyrst og fremst að fjárfesta í arðvænlegum hlutabréfum.

Í fjórða lagi tókst kynningin í fjölmiðlum vel og náði athygli fjölmargra einstaklinga.

Það er skoðun Kaupþings hf. að salan hafi heppnast vel þegar á heildina er litið þrátt fyrir ýmsa hnökra í framkvæmd sem fram komu vegna mikils álags. Sú mikla dreifing sem náðist á fyrst söludegi er einstæð á íslenskum hlutabréfamarkaði og samræmist vel markmiðum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu um að gera Lyfjaverslun ríkisins að virku almenningshlutafélagi. Jafnframt telur Kaupþing líklegt að salan muni hafa jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaðinn og verða til þess að beina athygli almennings enn frekar að hlutabréfakaupum. Að lokum má geta að með þessum mikla hluthafafjölda hefur Lyfjaverslun Íslands þegar uppfyllt skilyrði um skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands og getur skráningin því væntanlega tekið gildi í næstu viku.

Pálmi Kristinsson,
forstöðumaður.

Fylgiskjal II.

Almennar upplýsingar um sölu hlutabréfa Lyfjaverslunar Íslands hf.
(Útdráttur úr sölulýsingu.)

Útgefandi:	Lyfjaverslun Íslands hf., kt. 430269-4029, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, sími 623900, fax 623031.
Starfsemi:	Lyfjaframleiðsla og dreifing.
Seljandi hlutabréfanna:	Ríkissjóður Íslands.
Umsjón með sölunni:	Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, 103 Reykjavík, sími 689080, fax 812824.
Nafnverð hlutabréfanna:	150.000.000 kr.
Sölugengi í almennri sölu:	1,34. Heildarsöluverð er því 201 milljón króna.
Tímabil almennrar sölu :	17. nóvember 1994 til 31. desember 1994.
Aðalsöluaðilar:	Kaupþing hf., Kringlunni 5, 103 Reykjavík, sími 689080, fax 812824. Kaupþing Norðurlands hf., Kaupvangsstræti 4, 600 Akureyri, sími 96-24700, fax 96-11235.
Aðrir sölustaðir:	Afgreiðslur Búnaðarbankans, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja.
Viðskiptavaki:	Kaupþing hf.
Réttindi hluthafa:	Allir hlutir í félaginu eru jafnréttháir og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Hlutabréfin veita hluthafa öll þau réttindi sem samþykktir félagsins og lög mæla fyrir um. Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í félaginu. Ákvörðun um greiðslu arðs og útgáfu jöfnunarhlutabréfa er tekin á aðalfundi félagsins. Þeir hluthafar sem eiga hlutabréf í félaginu þegar aðalfundur fyrir viðkomandi uppgjörsár er haldinn eiga rétt á greiðslu arðs fyrir það uppgjörsár í samræmi við hlutafjáreign sína. Lyfjaverslun Íslands hf. hefur fengið staðfestingu ríkisskattstjóra á því að félagið fullnægi skilyrðum 1. mgr. 11. gr. laga nr. 9/1984 um frádráttarbærni kaupverðs hlutabréfa á almanaksárinu 1994.

Markmið með hlutabréfasölunni

Eigandi Lyfjaverslunar Íslands hf., ríkissjóður, hefur ákveðið að selja á þessu ári 50% af hlutafjáreign sinni í félaginu. Salan er þáttur í áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og hyggst ríkissjóður selja eftirstöðvarnar af hlutafjáreign sinni á næsta ári.

Það er markmið ríkissjóðs að gera Lyfjaverslun Íslands hf. að virku almenningshlutafélagi og er stefnt að því markmiði með tvennum hætti:

- Fyrri hluta sölutímabilsins verður lögð áhersla á að ná sem mestri dreifingu hlutafjár meðal almennings, m.a. með sérstökum greiðslukjörum.

- Sótt hefur verið um að skrá hlutabréf félagsins á Verðbréfaþing Íslands og er þess vænst að skráning taki gildi þegar ákvæði þingsins um lágmark dreifingar hlutafjár hafa verið uppfyllt, þ.e. að hluthafar séu orðnir fleiri en 200 og a.m.k. 75 milljónir króna að markaðsvirði hafi selst á almennum markaði. Búist er við að þessu lágmarki verði náð innan fárra vikna.

Hlutafé félagsins er nú 300 milljónir króna, allt í eigu ríkissjóðs. Alþingi hefur veitt fjármálaráðherra heimild til að selja allt að helmingi hlutafjárins. Að öðru leyti skal leita heimildar Alþingis til sölu. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1995 er sótt um heimild Alþingis til að selja eftirstöðvarnar á næsta ári.

Tilhögun hlutabréfasölunnar

Hlutabréfin verða seld í tveimur lotum:

1. **Sala á föstu gengi:** Á tímabilinu frá 17. nóvember til 31. desember 1994 verða hlutabréfin seld á föstu gengi og sala til hvers aðila verður að lágmarki 30.000 krónur að söluverði og að hámarki 500.000 kr. að söluverði.

   Við kaup gegn staðgreiðslu verða gefnar út bráðabirgðakvittanir en hlutabréfin verða send kaupendum með ábyrgðarpósti nokkrum vikum síðar.

   Á þessu tímabili verða boðin sérstök greiðslukjör: Heimilt verður að greiða hlutabréf að hámarki 250.000 kr. að söluverði með fimm jöfnum, vaxtalausum greiðslum á tveimur árum, fimmtung við kaup og síðan fimmtung hverju sinni á sex mánaða fresti. Hlutabréf sem ekki eru staðgreidd verða geymd hjá ríkisféhirði og afhent þegar þau hafa verið greidd að fullu.

2. **Tilboðssala:** Í byrjun janúar 1995 verður leitað tilboða í kaup á öllum þeim hlutabréfum sem óseld verða í árslok 1994. Nánar er greint frá tilhögun tilboðssölunnar með sérstakri skilmálalýsingu sem er hluti stærra rits, sölu- og skráningarlýsingar.

Sölu- og skráningarlýsingin skiptist í 11 hluta sem bundnir eru saman í eitt bindi:

1. Sölulýsing.
2. Ársreikningur Lyfjaverslunar ríkisins 1991.
3. Ársreikningur Lyfjaverslunar ríkisins 1992.
4. Ársreikningur Lyfjaverslunar ríkisins 1993.
5. Lokauppgjör Lyfjaverslunar ríkisins m.v. 30. júní 1994.
6. Stofnefnahagsreikningur Lyfjaverslunar Íslands 1. júlí 1994.
7. Samþykktir Lyfjaverslunar Íslands hf.
8. Staðfesting Hlutafélagaskrár á skráningu Lyfjaverslunar Íslands hf.
9. Staðfesting Ríkisskattstjóra á frádráttarbærni hlutabréfakaupa.
10. Skilmálalýsing vegna tilboðssölu á óseldum bréfum eftir áramót.
11. Verklagsreglur ríkisstjórnarinnar við framkvæmd einkavæðingar.

Ganga má að sölu- og skráningarlýsingunni á skrifstofum Kaupþings, Kaupþings Norðurlands og Lyfjaverslunar Íslands. Einnig liggur hún frammi hjá verðbréfafyrirtækjum og í afgreiðslum Búnaðarbankans og sparisjóðanna.

Saga og hlutverk

Lyfjaverslun Íslands hf. er í senn gamalt fyrirtæki og ungt. Lyfjaverslun ríkisins var stofnuð sem starfseining innan Áfengisverslunar ríkisins árið 1921 og var rekin þannig allt fram til ársins 1965 að henni var skipaður sérstakur forstjóri og reksturinn aðskilinn að öðru leyti en því að fjárhagur og skrifstofuhald var sameiginlegt. Árið 1986 var að fullu skilið á milli reksturs fyrirtækjanna.

Lyfjaverslun Íslands hf. var stofnuð 24. júní 1994 á grundvelli laga nr. 75 frá 19. maí 1994 um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Lyfjaverslun Íslands hf. starfrækir lyfjaverksmiðju að Borgartúni 6 og dreifingarstöð og skrifstofur að Borgartúni 7. Húsnæðið hefur á undanförnum tveimur árum allt verið endurnýjað og aðlagað ströngustu kröfum um starfsemi lyfjafyrirtækis.

Framleiðsla

Lyfjaverslun Íslands hf. rekur aðra stærstu lyfjaverksmiðju landsins og framleiðir þar sæfð lyf (dreypi- og stungulyf), töflur og galenísk lyf (vökva, smyrsli og stíla). Alls eru framleiddar 116 tegundir lyfja í verksmiðju félagsins, þar af 62 tegundir sérlyfja.

Heildsöludreifing lyfja og annarra vara

Lyfjaverslun Íslands hf. er annað stærsta lyfjadreifingarfyrirtækið landsins. Auk dreifingar á eigin framleiðsluvörum hefur Lyfjaverslunin gert samninga um dreifingu á lyfjum fyrir ýmsa innlenda umboðsaðila lyfja, hjúkrunarvara og rannsóknarvara, svo og við erlenda framleiðendur.

Lyfjamarkaðurinn

Söluverðmæti sérlyfja er talið nema um 5,5 milljörðum króna á ári á Íslandi, þar af er hlutur innlendrar framleiðslu um fjórðungur. Búast má við vaxandi lyfjasölu á komandi árum vegna íbúafjölgunar, hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra og vegna verðhækkunar á lyfjum sem einkum lýsir sér með þeim hætti að ný og dýrari lyf bætast sífellt við og hafa meiri áhrif á heildarútgjöld en sú lækkun sem verður með tímanum á eldri lyfjum.

Eignir og afkoma

Heildareignir Lyfjaverslunarinnar voru samkvæmt stofnefnahagsreikningi 1. júlí 1994 um 791,3 milljónir króna , þar af eigið fé 429,6 milljónir króna og eiginfjárhlutfall því 0,54. Horfur eru á að velta Lyfjaverslunarinnar verði rúmur einn milljarður króna á þessu ári eða um fimmtungur markaðarins. Áætlað er að hagnaður af starfseminni allt árið 1994 verði 62,3 milljónir króna fyrir skatta en á bilinu 39-47 milljónir eftir skatta og arðgreiðslu til ríkisins.

Eignarhlutir í félögum

Lyfjaverslun Íslands hf á hlut í fimm hlutafélögum:

- **Ilsanta UAB** er dreypilyfjaverksmiðja í Litháen í eigu íslenskra, sænskra og litháískra aðila og er áætlað að hún taki til starfa 1. júlí 1995.
- **Íslenska heilsufélagið hf.** er m.a. þátttakandi í verkefninu í Litháen
- **Hvatning hf.** vinnur að uppbyggingu heilsuþjónustu og ferðaþjónustu við Bláa lónið.
- **Lyfjaþróun hf.** þróar lyfjaform fyrir bóluefni sem gefa má sem úðalyf í gegnum nefslímhúð. Unnið er í samstarfi við Statens Seruminstitut, danskan bóluefnaframleiðanda í ríkiseign.
- **Cyclops hf.** stundar rannsóknir í samvinnu við íslenska vísindamenn á sviði nýrra hjálparefna við lyfjaframleiðslu sem nefnast cyclodextrín. Þegar hafa verið veitt einkaleyfi í Bandaríkjunum og er einkaleyfi í Evrópu væntanlegt. Fram að þessu hafa rannsóknir einkum beinst að þróun augnlyfja, þ.e. glákulyfja og bólgueyðandi lyfja, svo og lyfja til nota í munnhol.

Stjórnendur og starfslið

Stjórn félagsins skipa: Þórhallur Arason, formaður, Ólafur B. Thors, varaformaður, og meðstjórnendurnir Dr. Einar Stefánsson, Jóhannes Pálmason og Margrét S. Björnsdóttir. Forstjóri er Þór Sigþórsson lyfjafræðingur.

Starfsmenn eru 74 talsins í 68 stöðugildum. Þar af starfa 37 við framleiðslu, gæðaeftirlit og þróun, 26 við sölu, birgðahald og dreifingu og 11 við stjórnun og þjónustu við aðrar deildir.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um heimild til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf.

Með frumvarpinu er leitað heimildar til sölu hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf. Með lögum nr. 75/1994, um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins, var veitt heimild til sölu helmings hlutafjár. Sala hófst 17. nóvember 1994 og seldust upp þau hlutabréf sem boðin voru til sölu. Nafnverð þeirra bréfa var 150 m.kr. Þau voru seld á genginu 1,34 og var söluverð því 201 m.kr. Óseld hlutabréf í Lyfjaverslun eru að nafnverði 150 m.kr. og gert er ráð fyrir að þau verði seld á sama gengi og fyrr.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

284. Fyrirspurn [243. mál]

til samgönguráðherra um varaflugvöll á Egilsstöðum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Eru ráðstafanir í undirbúningi til þess að Egilsstaðaflugvöllur geti þjónað hlutverki sínu að fullu sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug? Hvenær má vænta þess að það geti orðið?

285. Fyrirspurn [244. mál]

til samgönguráðherra um undanþágur fyrir réttindalausa skipstjórnarmenn.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu margar undanþágur hafa verið veittar réttindalausum skipstjórnarmönnum sl. þrjú ár:
   a. skipstjórum,
   b. stýrimönnum,
   c. vélstjórum?
2. Er unnt að veita smábátaeigendum, sem margir hafa aðeins stutta skólagöngu að baki en hafa stundað sjómennsku um langt árabil, undanþágu frá því að taka próf til að öðlast vélstjórnar- eða skipstjóraréttindi, e.t.v. miðað við ákveðinn aldur?

Skriflegt svar óskast.

286. Frumvarp til laga [245. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1994, um leikskóla.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Björk Jóhannsdóttir.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Bygging og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga, hver í sínu sveitarfélagi. Sveitarstjórnum er skylt að hafa forustu um að tryggja börnum undir skólaskyldualdri dvöl í góðum leikskóla. Óski foreldrar eða aðrir forráðamenn 4 og 5 ára barna eftir leikskóladvöl fyrir barn sitt er sveitarfélögum skylt að verða við þeirri ósk. Heimilt er öðrum aðilum að reka leikskóla að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Tilkynna skal menntamálaráðuneytinu um stofnun nýs leikskóla. Sveitarstjórnir skulu árlega senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu um starfsemi leikskóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Uppeldi og menntun uppvaxandi kynslóða er verkefni sem ekkert þjóðfélag má kasta höndum til. Með vaxandi atvinnuþátttöku kvenna hefur þörfin og krafan um samfélagslega þátttöku í uppeldi barna orðið áþreifanlegri og viðurkenndari.

Íslensk stjórnvöld hafa verið ótrúlega svifasein að verða við þessu kalli þannig að nú er oft hróplegt misræmi á milli vinnutíma foreldra og barna, bæði þeirra sem eru á leikskólum og í grunnskólum. Þó að rekstur leikskólans sé nú alfarið á vegum sveitarfélaga er það viðurkennt skv. 1. gr. gildandi laga að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu fyrir börn undir skólaskyldualdri og að menntamálaráðuneytið fari með yfirumsjón með leikskólastiginu.

Skólaskylda 6 ára barna var samþykkt árið 1990, en fram að þeim tíma var heimildarákvæði til að reka forskóla fyrir 5–6 ára börn innan grunnskólans. Nú eru lögbundin skil á milli leik- og grunnskólastigsins við 6 ár og ekki þykir ástæða til að breyta því á meðan mikil uppbygging er fyrirsjáanleg á báðum skólastigum til að einsetja grunnskólana og fullnægja eftirspurn vegna leikskóla.

Í þessu frumvarpi er athyglinni beint að 4 og 5 ára börnum. Lagt er til að koma á fræðsluskyldu sveitarfélaga fyrir þessa tvo árganga ef foreldrar óska eftir leikskólavist. Tekið skal skýrt fram að hér er ekki átt við skólaskyldu í þeirri merkingu að foreldrar verði að senda börn sín í leikskóla.

Helstu rök fyrir þessari lagabreytingu eru eftirfarandi:

1. Leikskólauppeldi þykir æskilegur undirbúningur fyrir skólagöngu barna einkum hvað varðar vitrænan og félagslegan þroska samkvæmt fjölmörgum rannsóknum bæði hér á Íslandi og erlendis.
2. Leikskólauppeldi þykir mikilvæg leið til að jafna uppeldislegan aðstöðumun barna áður en að eiginlegri skólagöngu kemur.

3. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands voru 79,2% 4 ára barna og 74,1% 5 ára barna í leikskólum 1. desember 1993. Því er ljóst að 20–25% barna í þessum árgöngum eru ekki í leikskóla.
4. Samanburðarupplýsingar frá öðrum löndum um uppeldisaðstæður 4 og 5 ára barna eru okkur yfirleitt óhagstæðar.
5. Ekki er vitað hve stór hluti þeirra 4 og 5 ára barna, sem ekki eru í leikskólum hér á landi, eru þar ekki vegna þess að foreldrarnir eru því mótfallnir, hafa ekki efni á því eða leikskólavist er ekki í boði. Það þarf að kanna.

   Ef í ljós kemur að það er fyrst og fremst framboð á leikskólarými sem kemur í veg fyrir að 20–25% 4–5 ára barna sæki leikskóla þyrfti að hraða uppbyggingu leikskóla. Hugsanlega þyrfti þá að seinka gildistöku þessara laga til að koma í veg fyrir að þrengt verði að möguleikum yngri barna til leikskólavistar sem ekki er tilgangur þessa frumvarps. Ef í ljós kemur að foreldrar óska ekki eftir leikskólavistun fyrir þessi 20–25% 4–5 ára barna þar sem þeir kjósa að sinna börnum sínum sjálfir mun þessi lagabreyting ekki breyta miklu. Ef hins vegar kemur í ljós að hægt er að fá leikskólavist og að foreldrarnir hafa áhuga en nýta hana ekki vegna sparnaðar er mikilvægt að huga að leiðum til að atvinnuleysi eða fjárhagserfiðleikar foreldra komi ekki í veg fyrir að börn þeirra fái notið a.m.k. tveggja ára dvalar á leikskóla áður en skólaganga hefst.

Hvort sem af því verður að rekstur grunnskólans fari alfarið yfir á sveitarfélögin eða ekki er það hlutverk löggjafans og menntamálaráðuneytisins að sjá til að allt sé gert sem mögulegt er til að tryggja jafnrétti allra barna til náms og þroska. Forskóli er hin hefðbundna leið til að jafna aðstöðu barna til náms áður en skólaganga hefst. Þegar forskóladeildir grunnskólans voru skyldubundnar fluttist þetta hlutverk til leikskólans og tryggja þarf nú að þeim 20–25% 4 og 5 ára barna, sem ekki eru í leikskólum, standi slík vist til boða óháð búsetu og efnahag foreldra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að breyting verði gerð á upphafi 7. gr. laga um leikskóla, en í gildandi lögum segir:

„Bygging og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga, hver í sínu sveitarfélagi, þeim er skylt að hafa forustu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla.“

Með þeirri breytingu sem lögð er til í þessu frumvarpi má segja að verið sé að gera sveitarfélögin fræðsluskyld gagnvart 4 og 5 ára börnum á leikskólum ef forráðamenn barnanna óska. Með fræðsluskyldu er hér átt við að sveitarfélögum sé skylt að veita 4 og 5 ára börnum leikskólavist ef forráðamenn þeirra óska og það skal áréttað að hér er ekki verið að tala um skólaskyldu í þeirri merkingu að foreldrar verði að senda börn sín í leikskóla né að leikskóladvölin eigi að hafa meira fræðsluyfirbragð en hingað til.

Um 2. gr.

Lagt er til að gildistaka laganna verði 1. janúar 1996 þar sem búast má við að sveitarfélögin þurfi ákveðinn tíma til að aðlagast þessari breytingu.

287. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um úttekt á námskrám og kennslubókum grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af jafnréttislögum.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Björk Jóhannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á námskrám og kennslubókum grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og setji fram tillögur um verklag sem tryggi að þær kennslubækur, sem eru í notkun hverju sinni, samræmist þeirri grein.

Greinargerð.

Allt frá árinu 1976 þegar Alþingi Íslendinga samþykkti fyrst lög um jafnrétti kynjanna, fyrst allra Norðurlanda, hefur verið ákvæði um það að ekki megi mismuna kynjunum í kennslubókum. Þrátt fyrir það hefur lítið verið gert til úrbóta og ekkert sem tryggir að kennslubækur mismuni ekki kynjum. Einnig er óljóst hvernig má losa skólann við þær kennslubækur sem augljóslega brjóta í bága við gildandi lög.

Í 10. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir m.a.:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað."

Starfshópur um jafna stöðu kynja í skólum, sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins frá 1987–90, sendi Námsgagnastofnun bréf í desember 1987 og benti á að í nokkrum könnunum á námsefni skólanna hefði komið í ljós að kynjum væri víða mismunað, sums staðar verulega. Mikilvægt væri að upplýsa höfunda nýs efnis um málið og að eldra efni væri ekki endurprentað nema ræki leg endurskoðun færi fram. Einnig var gerð tillaga um að ráðinn yrði starfsmaður í hlutastarf til að sinna þessu verkefni. Í svari Námsgagnastofnunar frá því í febrúar 1988 var sagt að höfundar efnis fengju gátlista í hendur þar sem minnt væri á að gát þyrfti m.a. að hafa varðandi jafna stöðu kynja við samningu og endurskoðun námsefnis. Einnig kom fram að ekki væru tök á að ráða starfsmann til að sinna svo sértæku verkefni. Þar sem starfshópurinn taldi þetta ekki fullnægjandi var samið leiðbeinandi bréf til allra námsefnishöfunda sem Námsgagnastofnun var beðin um að koma á framfæri, sjá *Skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum*, menntamálaráðuneytið, 1990. Nú styðst Námsgagnastofnun við leiðbeiningar til höfunda efnis (*Gátlisti og leiðbeiningar um frágang*, Námsgagnastofnun, 1994). Í þeim lista segir m.a. á bls. 4:

„Í námsefni skal kynjum ekki mismunað. Þess skal gætt að ámóta fjöldi dæma sé tekinn af hvoru kyni, að áhugamálum beggja kynja sé gert jafnhátt undir höfði og að drengir og stúlkur séu ekki eingöngu sýnd í hefðbundnum hlutverkum.“

Þessum lista er dreift til nýrra höfunda en ekki er ljóst hvernig eftirliti er háttað þar sem töluvert virðist enn vanta á að bækur Námsgagnastofnunar samræmist framangreindri lagagrein. Fjárhagsvandi stofnunarinnar ræður trúlega einhverju um það að gamlar og úreltar bækur eru enn í notkun, en það er áhyggjuefni að allar nýjar bækur virðast heldur ekki í lagi samkvæmt athugunum fjölmargra aðila. Ekki er vitað til að nokkurt eftirlit sé haft með þeim bókum sem kenndar eru í framhaldsskólum að þessu leyti.

Samkvæmt tiltækum könnunum á kennslubókum, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi, er ástæða til að ætla að töluvert vanti á að kennslubækur samræmist áðurnefndri lagagrein. Þau viðmið, sem nota má í slíku mati, geta verið breytileg, allt frá því að athuga hvort kynin eru jafnsýnileg almennt, ekki síst sem gerendur, sem myndefni, sem söguefni eða á hvaða hátt er fjallað um konur og karla, pilta og stúlkur. Fræðilegar athuganir á námsefni í sögu og samfélagsfræði, bæði hér og erlendis, benda til að kennslubækur geti þróast í gegnum sex stig að þessu leyti: Á fyrsta stigi séu konur ósýnilegar, á öðru stigi fyrirfinnist ein og ein kona sem er hetja á forsendum karla eða vegna afreka í opinberu lífi og á þriðja stigi séu konur sýndar sem undirokaður minnihlutahópur. Loks á fjórða stigi sé konum lýst sem gerendum út frá eigin sjónarhóli, á fimmta og sjötta stigi sé síðan einn altækur sjónarhóll beggja kynja og annarra hópa eða lögð áhersla á marga texta eða kafla í bókum út frá sjónarhóli mismunandi hópa. Þær athuganir, sem liggja fyrir á íslenskum bókum, benda til fyrsta til þriðja stigs og að töluvert vanti upp á að tiltækar rannsóknir um líf og starf kvenna séu kynntar í kennslubókum nema helst í sérköflum sem oft er sleppt. Athugað er gjarnan hvort kynin eru sýnd í trúverðugum hlutverkum og hvort raddir beggja kynja fá að koma fram jafnt í gegnum söguhetjur, lýsingar á veruleikanum eða sem raddir höfunda.

Í þingsályktunartillögunni er einnig kveðið á um að gera skuli úttekt á námskrám grunn- og framhaldsskólans með hliðsjón af 10. gr. jafnréttislaganna. Einkum er þar átt við eftirfarandi þátt greinarinnar: „Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.“ Athuga þarf rækilega hvort einhver jafnréttisfræðsla á sér stað í íslenskum skólum, hvernig það námsefni, sem gefið hefur verið út, er notað og hvort námskrár grunn- og framhaldsskóla taka mið af því að bæði kynin séu búin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Mikilvægt er að ljóst sé hvað foreldrar, kennarar eða Námsgagnastofnun geta gert til að losna við bækur sem brjóta framangreind lög. Þörf er á matsaðila með vald til að meta hvort bækur samræmast jafnréttislögunum eða ekki ef það er ætlun löggjafans að þau séu virt í reynd.

Þess má geta að í Noregi hafa lengi tíðkast árlegar ráðstefnur menntamálayfirvalda, jafnréttisyfirvalda, námsgagnahöfunda, námsefnisútgefenda og fræðimanna í þeim tilgangi að bæta norskar kennslubækur að þessu leyti. Mikil áhersla hefur verið lögð á að koma rannsóknum í kvennafræðum inn í kennslubækurnar til að tryggja að fjallað sé um konur út frá þeirra eigin forsendum eins og fjallað er um karla. Þetta er einnig mikilvægt að gera hér og um leið að efla rannsóknir og kennslu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Einnig má nefna að innan norska rannsóknarráðsins er sérstök deild um kvennarannsóknir þannig að tryggt er að kvennarannsóknir fái sinn skerf af rannsóknafé norska ríkisins. Hver mótar þekkinguna og hvaða þekkingu er miðlað í kennslubókum er mjög

áhrifamikið valdatæki sem konur hafa loks fengið aðgang að þó að enn vanti mikið á jafna stöðu kynja í þeim efnum sem öðrum.

Þess skal að lokum getið að í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram janfrétti kynjanna eru þrír liðir sem snerta efni þessarar tillögu, liður 9.2.3 um námsefni, liður 9.2.5 um nám í fjölskyldufræðum, svo og liður 9.2.7 um að efla kennslu og rannsóknir í kvennafræðum á háskólastigi. Þessi tillaga virðist því samræmast stefnu ríkisstjórnarinnar og er því vonandi að hún verði samþykkt til að auka líkurnar á að eitthvað raunhæft verði gert á þessu sviði 18 árum eftir að fyrstu lögin um jafnrétti kynjanna voru samþykkt.

288. Frumvarp til laga [247. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Gísli S. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Matthías Bjarnason, Pétur Bjarnason, Valgerður Gunnarsdóttir.

1. gr.

13. tölul. A-liðar 41. gr. laganna orðast svo: Um að halda megi hunda og/eða ketti í húsinu ef íbúum stafar heilsufarsleg hætta af því samkvæmt vottorði læknis. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Lög um fjöleignarhús voru samþykkt á Alþingi 23. mars 1994 og taka gildi 1. janúar 1995. Í þeim er að finna mörg nýmæli, m.a. ákvæði um bann við katta- og hundahaldi, nema að fengnu samþykki allra eigenda í húsinu. Ákvæðinu var bætt inn í frumvarpið á síðustu stigum umfjöllunar á Alþingi að beiðni samtaka astma- og ofnæmissjúklinga, en aðrir hlutaðeigandi munu ekki hafa fengið tækifæri til að segja sitt álit á því. Sjónarmið dýraeigenda voru þar með fyrir borð borin.

Í skýringum með þessari tillögu til breytinga á frumvarpinu sagði: „Tillagan byggist fyrst og fremst á að nokkuð er um að börn og fullorðnir hafi ofnæmi fyrir þessum dýrum. Getur slíkt ofnæmi haft það alvarleg áhrif að fólk geti jafnvel þurft að flytja úr eigin íbúðarhúsnæði gangi ekki að fá skilning sameigenda á þessu vandamáli. Er breytingunum ætlað að koma í veg fyrir slíkar aðstæður.“ Engar upplýsingar eru gefnar um tíðni slíkra tilvika og engin dæmi nefnd, hvorki í nefndaráliti né í umræðum á Alþingi.

Ákvæðið var að sjálfsögðu sett af góðum hug og umhyggju fyrir ofnæmissjúklingum, en við nánari athugun telja flutningsmenn að það hafi ekki fengið nógu vandaða umfjöllun. Eins og ákvæðið er nú opnar það í rauninni fyrir andstöðu gegn katta- og hundahaldi af hvaða ástæðu sem er. Engin skilyrði eru sett þess efnis að bannið þurfi að rökstyðja með heilsufarslegum ástæðum. Það nægir að einn íbúi segi nei og hann þarf ekki að tilgreina neina ástæðu. Það er því ljóst að með þessu ákvæði er réttur dýraeigenda ekki

virtur og hugsanlega verið að bjóða heim misnotkun af hendi þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa andúð á þessum dýrum.

Flutningsmenn hafa skilning á því að taka þarf fullt tillit til þess ef heilsu einhvers er hætta búin af návist dýra. Réttlát lagasetning verður hins vegar að byggjast á tilliti til allra sem lagasetningin varðar, ekki bara sumra. Framangreint er auðvelt að leiðrétta ef skilningur og vilji er fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 41. gr. er fjallað um reglur um töku ákvarðana um sameiginleg málefni í fjöleignarhúsum. A-liður greinarinnar fjallar um þær ákvarðanir sem þurfa samþykki allra eigenda, og er í 13. tölul. fjallað um hunda- og kattahald. Hér er lögð til sú breyting að bætt verði við fyrri málslið 13. tölul.: ef íbúum stafar heilsufarsleg hætta af því samkvæmt vottorði læknis.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

289. Fyrirspurn [248. mál]

til landbúnaðarráðherra um byggingu og rekstur kjötmjölsverksmiðju.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hefur landbúnaðarráðuneytið tekið afstöðu til skýrslu um hagkvæmniathugun á byggingu og rekstri kjötmjölsverksmiðju á Íslandi sem skilað var til ráðuneytisins á síðasta ári? Telur ráðherra að til greina komi að reist verði slík verksmiðja hér eins og rætt er um í skýrslunni?

290. Svar [210. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um umhverfismál tengd sinkframleiðslu.

1. *Hefur umhverfisráðuneytið eða stofnanir þess kynnt sér umhverfisáhrif hugsanlegrar sinkverksmiðju hérlendis, svo sem mengun frá slíkri verksmiðju og í innra umhverfi hennar?*

Svarið er nei. Hins vegar hefur fulltrúi ráðuneytisins ásamt fulltrúa Hollustuverndar ríkisins rætt óformlega við fulltrúa Zinc Corporation of America þar sem að ósk hins erlenda aðila voru kynnt gildandi lög og reglur um slíka framleiðslu hér á landi, svo sem um mat á umhverfisáhrifum, umhverfisvöktun og starfsleyfi.

Málefni, er snerta innra umhverfi, eru hins vegar á verksviði félagsmálaráðuneytisins og Vinnueftirlits ríkisins, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. *Ef svo er, hvert er þá álit ráðuneytisins á umhverfisþáttum er tengjast slíkri verksmiðju?*

Þótt umhverfisráðuneytið hafi ekki kynnt sér áhrif slíkrar verksmiðju á umhverfið, enda málið á algjöru frumstigi, liggur fyrir að sú framleiðsla, sem hér um ræðir, er vinnsla á sinki og sinkafurðum úr sinkoxíði og endurunnu hráefni til sinkvinnslu. Þau gögn, sem Zinc Corporation of America hefur lagt fram til þessa, gefa til kynna að mengun frá umræddri vinnslu sé innan þeirra almennu marka sem sett eru í mengunarvarnareglugerð. Þessi gögn hafa þó ekki verið könnuð til hlítar og verða ekki nema sótt verði um starfsleyfi fyrir sinkframleiðslu hér á landi.

Um byggingu og rekstur sinkframleiðslu hér á landi fer samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum, hvað umhverfisráðuneytið varðar.

291. Fyrirspurn [249. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar umfram kvóta.

Frá Þuríði Bernódusdóttur.

Hvaða skip hafa veitt umfram kvóta og hverjar hafa sektir þeirra verið frá árinu 1991? Hvernig eru viðurlögin reiknuð á einstakar tegundir?

Skriflegt svar óskast.

292. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björk Jóhannsdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta gera fræðslubækling um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Fyrsti flutningsmaður þá var Ragnhildur Eggertsdóttir. Tillagan er nú endurflutt óbreytt. Svohljóðandi greinargerð fylgdi henni:

Algengt er að upp komi vandamál í sambandi við eignalegan og fjárhagslegan rétt fólks við sambúðarslit eða andlát annars aðila í vígðri eða óvígðri sambúð. Við slíkar aðstæður kemur oft í ljós að það sem fólk hélt að væri réttur þess er það alls ekki. Þessar ranghugmyndir, sem á lagamáli eru kallaðar lögvilla, eru sennilega tilkomnar vegna

nokkurra lagaákvæða sem til eru um óvígða sambúð og snerta tryggingalög, skattalög og lög um húsaleigusamninga. Í þeim lögum er sambúðarfólki áskilinn réttur til bóta frá Tryggingastofnun hafi sambúð varað í a.m.k. tvö ár eða hafi sambúðarfólk átt barn saman. Raunveruleikinn er hins vegar sá að ef fólk í óvígðri sambúð hefur ekki gert skriflega lögformlega samninga sín á milli um eignir eða erfðaskrá getur sá sem skrifaður er fyrir eignunum farið með þær sem sína eign við sambúðarslit og ef um andlát er að ræða ganga eignir hins látna til lögerfingja hans sem er þá ekki sá sambúðaraðili sem eftir lifir. Fólki, sem býr í óvígðri sambúð, verður einna helst líkt við tvo aðila sem stofna með sér fyrirtæki, fjárfesta í fasteignum og tækjum og stofna til skulda. Þegar slíta á fyrirtækinu verður hvor um sig að sanna sitt fjárframlag og gera grein fyrir sinni skuldastöðu.

Munurinn á hjónabandi og óvígðri sambúð er í aðalatriðum þessi:

— Í óvígðri sambúð eru engar reglur um helmingaskipti eigna og skulda.
— Enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks.
— Enginn réttur er til setu í óskiptu búi.
— Engin gagnkvæm framfærsluskylda er fyrir hendi.

Það er ekki aðeins í sambandi við óvígða sambúð sem ranghugmyndir eða lögvilla ríkir, heldur er einnig um það að ræða varðandi réttindi í hjónabandi, einkum í sambandi við hjúskapareignir, lögskilnað og erfðamál.

Almenn er sú skoðun að engu máli skipti hvort hjóna sé skráð fyrir eignum, svo sem fasteignum og bifreið. Þetta er rangt. Hvort hjóna um sig á sínar eignir og ábyrgist sínar skuldir. Þær eignir, er hjón flytja með sér í hjónaband eða eignast síðar, verða hjúskapareignir þess og standa undir skuldum sama aðila. Þetta hefur þá þýðingu að þær eignir, sem skráðar eru á nafn annars hjóna, eru hjúskapareignir þess sama aðila. Hitt hjóna á í raun ekki þessar eignir, heldur kemur til svokölluð helmingaskiptaregla þegar um hjónaskilnað eða búskipti vegna andláts er að ræða. Málum er sem sé þannig háttað að sá sem er skráður eigandi hefur rétt til að ráðstafa eignum sínum, selja þær og veðsetja að vild, þó með þeirri mikilvægu undantekningu að samþykki maka þarf til sölu eða veðsetningar fasteigna sem fjölskyldan býr í eða notuð er við atvinnurekstur hjónanna.

Til frekari skýringa má nefna að ef hjón eiga íbúð sem þau búa ekki í eða atvinnuhúsnæði sem þau leigja öðrum og þessar eignir eru t.d. skráðar á nafn mannsins má hann selja þær eða veðsetja án þess að samþykki konunnar þurfi til.

Þá er útbreidd sú skoðun að ári eftir að gengið er frá skilnaði hjóna að borði og sæng gangi lögskilnaður sjálfkrafa fyrir sig í kerfinu. Þetta er ekki rétt. Fólk verður sjálft að afla sér prestsvottorðs aftur og ganga fyrir borgardómara eða sýslumann vegna skilnaðarins. Í framhaldi af því gefur síðan dómsmálaráðuneytið út lögskilnaðarleyfi. Ókunnugleiki um þetta getur haft alvarlegar afleiðingar.

Enn einn útbreiddur misskilningur er varðandi arf. Margir halda að börnum þeirra beri að fá arf og gengur þetta stundum svo langt að gamalt fólk þorir ekki að ganga á sparifé sitt af því að það heldur að börn þess, ef til vill miðaldra fólk í góðum efnum, eigi heimtingu á arfi. Að sjálfsögðu eru börn og eftirlifandi maki skylduerfingjar en arfur er eins konar vonarpeningar og eingöngu það sem eftir er og ekki hefur verið eytt þegar arfláti fellur frá.

Mjög margir hafa heldur ekki hugmynd um að þeim er heimilt að ráðstafa einum þriðja hluta eigna sinna með erfðaskrá. Þessum hluta er viðkomandi heimilt að ráðstafa til stofnana og einstaklinga þótt til staðar séu börn eða maki. Margir nota sér þessa heimild til að bæta við arfhluta sem eftirlifandi maki á rétt á eða til að bæta stöðu einstakra

barna. Í erfðaskrá er einnig hægt að setja inn ákvæði þess efnis að þegar börn taka arf samkvæmt henni verði sá arfur séreign þeirra.

Ýmsar umtalsverðar breytingar hafa orðið á erfðalögunum á undanförnum árum, flestar til að bæta hag eftirlifandi maka og auðvelda setu í óskiptu búi. Þessar breytingar hafa greinilega farið fram hjá mörgum sem þekkja þá ekki rétt sinn þegar þessar aðstæður koma upp. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð. Það virðist alls ekki átta sig á réttleysi sínu við sömu aðstæður. Munurinn er aðeins sá að eftirlifandi sambúðaraðili fær að vita um réttleysi sitt, t.d. þegar þær aðstæður koma upp að óskað er eftir makalífeyri eða til kemur erfðaréttur eftirlifandi barna eða erfðaréttur hins opinbera. Réttur eftirlifandi ekkju eða ekkils getur hins vegar farið fram hjá þeim þar sem afskipti hins opinbera varða á engan hátt þann rétt.

Af framangreindu má sjá að hér er um alvarlega brotalöm að ræða sem stjórnvöldum ber að taka á. Flutningsmenn telja að það verði best gert með því að gerður verði fræðslubæklingur með upplýsingum um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Bækling þennan ætti að afhenda fólki þegar það hefur samband við prest, borgardómara eða sýslumann vegna væntanlegs hjónabands og mætti t.d. fela Hagstofunni og/eða Tryggingastofnun ríkisins að koma honum til þeirra sem eru í óvígðri sambúð. Einnig kæmi til greina að láta hann fylgja skattskýrslum til þeirra er telja fram saman. Enn fremur mætti hugsa sér að hann yrði notaður sem námsefni í samfélagsfræði í efstu bekkjum grunnskóla og/eða framhaldsskólum. Slíkur bæklingur gæti auk þess komið að góðum notum hjá fjölskylduráðgjöf kirkjunnar. Ljóst er að til þess að fræðslubæklingurinn komi að fullum notum má hann ekki vera á of fræðilegu máli heldur auðveldur og aðgengilegur öllum. Fólki þarf að vera ljóst að ef það óskar eftir að tryggja betur réttarstöðu sína í hjónabandi eða óvígðri sambúð er hægt að gera það.

293. Svar [230. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Ragnars Grímssonar um launaþróun sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga.

1. *Hver voru:*
   a. *umsamin mánaðarlaun sjúkraliða að meðaltali í janúar 1990,*
   b. *umsamin mánaðarlaun sjúkraliða að meðaltali í október 1994,*
   c. *umsamin mánaðarlaun hjúkrunarfræðinga að meðaltali í janúar 1990,*
   d. *umsamin mánaðarlaun hjúkrunarfræðinga í október 1994,*
   e. *umsamin mánaðarlaun almennra hjúkrunarfræðinga (þ.e. án aðstoðardeildarstjóra og hærra launaðra hjúkrunarfræðinga) í janúar 1990,*
   f. *umsamin mánaðarlaun almennra hjúkrunarfræðinga í október 1994?*

Hér á eftir fer meðaltal mánaðarlauna sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga sem fengu greidd laun hjá Starfsmannaskrifstofu ríkisins í tilgreindum mánuðum. Enn fremur eru laun í maí 1993 tekin með þar sem þá voru komnar fram breytingar á launum sjúkraliða samkvæmt kjarasamningi þeirra frá desember 1992, svo og að miklu leyti breytingar á launum hjúkrunarfræðinga samkvæmt ákvörðunum stóru sjúkrahúsanna sem síðar gengu til ýmissa annarra stofnana.

Tölur þessar eru unnar úr gögnum sem eru hliðstæð þeim upplýsingum sem kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna fær með reglubundnum hætti.

	Janúar 1990	Maí 1993	Október 1994
Sjúkraliðar alls	57.701	68.750	69.281
Hjúkrunarfræðingar alls	77.552	91.702	100.170
Almennir hjúkrunarfræðingar	70.660	82.816	94.438

2. *Hver voru:*
   a. byrjunarlaun, lægsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í janúar 1990,
   b. byrjunarlaun hjá sjúkraliða 1 í maí 1992,
   c. byrjunarlaun hjá sjúkraliða 1 í október 1994,
   d. byrjunarlaun hjá almennum hjúkrunarfræðingi í janúar 1990,
   e. byrjunarlaun hjá almennum hjúkrunarfræðingi í maí 1990,
   f. byrjunarlaun hjá almennum hjúkrunarfræðingi í október 1994,
   g. mánaðarlaun, efsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í janúar 1990,
   h. mánaðarlaun, efsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í maí 1992,
   i. mánaðarlaun, efsta þrep, hjá sjúkraliða 1 í október 1994,
   j. mánaðarlaun almenns hjúkrunarfræðings, efsta þrep, í janúar 1990,
   k. mánaðarlaun almenns hjúkrunarfræðings, efsta þrep, í maí 1992,
   l. mánaðarlaun almenns hjúkrunarfræðings, efsta þrep, í október 1994?

Byrjunarlaun og laun í efsta þrepi sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga í janúar 1990, maí 1992 og október 1994 eru tilgreind hér á eftir. Þá eru upplýsingarnar einnig aðgreindar eftir því hvort um er að ræða almennar deildir á heilbrigðisstofnunum eða öldrunardeildum, en laun eru eftir atvikum mismunandi eftir því um hvort er að ræða.

Upplýsingar þessar eru unnar úr opinberum kjarasamningum og launatöflum viðkomandi stéttarfélaga.

	Janúar 1990	Maí 1992	Október 1994
Almennar deildir:			
Sjúkraliði, byrjunarlaun	48.572	55.177	56.631
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, byrjunarlaun	63.345	70.546	75.182
Hjúkrunarfræðingur FHH, byrjunarlaun	64.305	71.970	75.182
Sjúkraliði, efsta þrep	57.895	65.766	68.900
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, efsta þrep	76.738	85.462	98.991
Hjúkrunarfræðingur FHH, efsta þrep	75.227	84.195	98.991
Öldrunardeildir:			
Sjúkraliði, byrjunarlaun	51.567	58.126	60.080
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, byrjunarlaun	63.345	70.546	75.182
Hjúkrunarfræðingur FHH, byrjunarlaun	66.234	74.129	75.182
Sjúkraliði, efsta þrep	61.147	69.462	73.096
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, efsta þrep	76.738	85.462	98.991
Hjúkrunarfræðingur FHH, efsta þrep	77.484	86.721	98.991

Hér á eftir fara þessar sömu upplýsingar þannig að laun ársins 1990 hafa verið sett 100.

	Janúar 1990	Maí 1992	Október 1994
Almennar deildir:			
Sjúkraliði, byrjunarlaun	100	114	117
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, byrjunarlaun	100	111	119
Hjúkrunarfræðingur FHH, byrjunarlaun	100	112	117
Sjúkraliði, efsta þrep	100	114	119
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, efsta þrep	100	111	129
Hjúkrunarfræðingur FHH, efsta þrep	100	111	132
Öldrunardeildir:			
Sjúkraliði, byrjunarlaun	100	113	117
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, byrjunarlaun	100	111	119
Hjúkrunarfræðingur FHH, byrjunarlaun	100	112	114
Sjúkraliði, efsta þrep	100	114	120
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, efsta þrep	100	111	129
Hjúkrunarfræðingur FHH, efsta þrep	100	112	128

3. *Hver er hlutfallslegur mismunur (í prósentum) á umsömdum mánaðarlaunum sjúkraliða 1 í efsta þrepi og umsömdum mánaðarlaunum almenns hjúkrunarfræðings í efsta þrepi í:*
   a. janúar 1990,
   b. janúar 1992,
   c. október 1994?

Hér á eftir eru sýnd laun hjúkrunarfræðinga í hlutfalli við laun sjúkraliða þannig að laun sjúkraliða eru sett 100. Í samanburðinn eru tekin þau laun sem gerð var grein fyrir í svari í 2. spurningu.

	Janúar 1990	Maí 1992	Október 1994
Almennar deildir:			
Sjúkraliði, byrjunarlaun	100	100	100
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, byrjunarlaun	130	128	133
Hjúkrunarfræðingur FHH, byrjunarlaun	132	130	133
Sjúkraliði, efsta þrep	100	100	100
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, efsta þrep	133	130	144
Hjúkrunarfræðingur FHH, efsta þrep	130	128	144
Öldrunardeildir:			
Sjúkraliði, byrjunarlaun	100	100	100
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, byrjunarlaun	123	121	125
Hjúkrunarfræðingur FHH, byrjunarlaun	128	128	125
Sjúkraliði, efsta þrep	100	100	100
Hjúkrunarfræðingur HFÍ, efsta þrep	125	123	135
Hjúkrunarfræðingur FHH, efsta þrep	127	125	135

294. Frumvarp til laga [251. mál]

um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvæðum 6. kafla III. hluta samnings um Evrópskt efnahagssvæði um flutningastarfsemi og XIII. viðauka við samninginn og eigi verður skipað í önnur lög.

2. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Ákvæði EES-samningsins um lögfestingu gerða og aðlögun.

Í 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar bindi samningsaðila og skuli teknar upp í landsrétt.

Í 6. kafla III. hluta EES-samningsins, sbr. lög 2/1993, eru almenn ákvæði um flutningastarfsemi og í XIII. viðauka hans eru taldar allar þær gerðir eða samþykktir Evrópusambandsins er lúta beint að flutningastarfsemi og lögfesta þarf hér á landi með beinum eða óbeinum hætti samkvæmt samningnum, sbr. hér að framan. Alþingi samþykkti með þingsályktun dags. 11. maí 1994 viðbætur við ofangreinda viðauka. Hér er um að ræða 11. viðauka við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94. Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði nokkrar gerðir sem taldar eru upp í viðauka við upphaflega samninginn og í viðbótarbókuninni.

Á síðasta þingi var lagt fram sérstakt „frumvarp til laga um flutninga á járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu". Þetta lagafrumvarp náði til ýmissa gerða XIII. viðauka um flutningastarfsemi, einkum þess hluta sem fjallar um flutninga á landi og vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Íslensk flutningafyrirtæki starfa takmarkað á sumum þeim sviðum og hefur því gildistaka þeirra ekki mikla raunhæfa þýðingu hér á landi.

Nú hefur eftirlitsstofnun EFTA fallist á að Ísland þurfi ekki að taka upp í landsrétt þær gerðir er lúta að flutningum með járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Hins vegar er Íslendingum skylt að lögfesta aðrar gerðir, m.a. á sviði samsettra flutninga, sem geta haft áhrif hér á landi. Með þessu frumvarpi er lagt til að svo verði gert.

II. Hvaða gerðir XIII. viðauka er ætlunin að setja í lög með þessu lagafrumvarpi?

Hér á eftir eru taldar tæmandi gerðir EES sem falla undir þetta frumvarp. Auk þess er greint frá meginefni hverrar gerðar og aðlögun að ákvæðum EES-samningsins.

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 frá 4. júní 1970 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipagengum vatnaleiðum (nr. 11 í XIII. viðauka).

Ásamt breytingum:

— 172B Lög um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum.
— 375R1473: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1473/75 frá 20. maí 1975.
— 382R1658: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1658/82 frá 10. júní 1982.
— 389R1100: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 110/89 frá 27. apríl 1989.
— 392R3578: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3578/92 frá 7. desember 1992.

Innihald gerðar: Reglugerðin gildir um aðstoð sem veitt er til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum að svo miklu leyti sem slík aðstoð tengist starfsemi á þessu sviði. Samkvæmt henni skulu slíkir styrkir veittir í samræmi við 61. grein EES-samningsins (sem samsvarar 92.–94. gr. Rómarsáttmálans). Meginregla þessara greina sáttmálans er bann við opinberum styrkjum sem raska samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þó er heimilt að veita styrki í ákveðnum tilvikum. Í þessari reglugerð eru talin upp þau tilvik eða verkefni sem réttlætt geta styrkveitingu. Eftirlit með framkvæmd styrkjanna er bæði í höndum framkvæmdastjórnarinnar og sérstakrar ráðgjafanefndar sem skipuð er henni til stuðnings. Síðastnefnda breytingin (reglugerð ráðsins nr. 3578/92 frá 7. desember 1992) er hluti af breytingu á viðaukum EES-samningsins. Samkvæmt henni er framlengdur gildistími áætlunar um styrki til samsettra flutninga til ársloka 1995.

Aðlögun EES-samningsins: Í 5. gr. reglugerðarinnar komi „lögbæru yfirvaldi eins og það er skilgreint í 62. gr. EES-samningsins“ í stað „framkvæmdastjórninni“.

2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89 frá 21. desember 1989 um afnám á eftirliti sem framkvæmt er á landamærum í aðildarríkjum vegna flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum (nr. 12 í XIII. viðauka).

Ásamt breytingum:

— 391 R 3356: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3356/91 frá 7. nóvember 1991.

Innihald gerðar: Fjallar eins og að ofan greinir um afnám eftirlits sem framkvæmt er á landamærum vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum með farartækjum sem eru skráð eða viðurkennd í viðkomandi aðildarríki. Reglugerðin hefur ekki áhrif hér á landi. Breytingin (reglugerð ráðsins nr. 3578/92 frá 7. desember 1992) er hluti af breytingu á viðaukum EES-samningsins. Samkvæmt breytingunni er lögð áhersla á að eftirlit með hættulegum varningi fari fram innan landamæra ríkja, en ekki á landamærunum.

Aðlögun EES-samningsins: Sérákvæði um landamæraeftirlit er varða lýðveldið Austurríki. Vísað er til 17. gr. samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Austurríki (svokallaður umflutningssamningur).

3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3912/92 frá 17. desember 1992 um eftirlit innan bandalagsins á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum með samgöngutækjum sem eru skráð eða tekin í notkun í þriðja landi (kemur sem nýr liður í viðaukann: nr. 12.a. í XIII. viðauka).

Innihald gerðar: Reglugerðin rýmkar gildissvið reglugerðar 4060/89 svo hún gildir einnig um farartæki sem skráð er í þriðja ríki.

Aðlögun EES-samningsins: a. Fram til 1. janúar 2005 getur Austurríki viðhaft áfram á landamærum sínum eftirlit sem getur um í b-lið 2. hluta viðaukans við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89 og einnig eftirlit til að sannreyna að ökutæki sem er skráð eða sett í umferð í þriðja landi uppfylli kvótafyrirkomulag milli Austurríkis og hlutaðeigandi þriðja lands og landslög í Austurríki um þyngd, mál og önnur einkenni ökutækja. b. Eftirfarandi komi í stað 1. málsl. 4. gr.: „Við framkvæmd þessarar reglugerðar, og í samræmi við 13. gr. bókunar 10 við EES-samninginn, skulu ákvæði bókunar 11 við EES-samninginn gilda að breyttu breytanda.“

4. Tilskipun ráðsins 92/106/EBE frá 7. desember 1992 um setningu sameiginlegra reglna fyrir tilteknar tegundir samsettra vöruflutninga milli aðildarríkja (kemur í stað 13. liðar XIII. viðauka).

Innihald gerðar: Tilskipun fellir úr gildi eldri tilskipun um samsetta flutninga og rýmkar skilgreininguna á samsettum flutningum, þannig að þeir ná nú einnig til þess hluta flutnings sem fer fram með skipum.

Aðlögun EES-samningsins: a. Við 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar bætast heiti viðkomandi gjalda í EFTA-ríkjum EES-samningsins. Fyrir Ísland bætist við „Þungaskattur“.

5. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4058/89 frá 21. desember 1989 um ákvörðun flutningsgjalda í vöruflutningum á vegum milli aðildarríkja (nr. 27 í XIII viðauka).

Innihald gerðar: Reglugerðin gildir um vöruflutninga á vegum gegn gjaldi milli aðildarríkjanna, jafnvel þótt farið sé gegnum land utan bandalagsins eða farartækið sé flutt á annan hátt. Samkvæmt reglugerðinni eru flutningsgjöld ákveðin í frjálsum samningum milli aðila.

6. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum (nr. 36 í XIII. viðauka).

Innihald gerðar: Heiti gerðar skýrir efni hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er skilgreindur tilgangur laganna sem er að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvæðum 6. kafla III. hluta samnings um Evrópskt efnahagssvæði og XIII. viðauka við samninginn og breytingu á þeim og eigi verður skipað í önnur lög.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins á grundvelli 1. gr. og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins. Um efni þeirra vísast til upptalningar gerða í almennum athugasemdum.

Um 3. gr.

Ákvæðið um gildistöku þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Með frumvarpinu er fullnægt ýmsum skuldbindingum á sviði samsettra flutninga o.fl. sem leiðir af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

295. Fyrirspurn [252. mál]

til iðnaðarráðherra um húshitunarkostnað.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Hver var raunkostnaður húshitunar fyrir meðalíbúð á „köldu svæðunum“ á árunum 1990–93 og það sem af er árinu 1994?

Skriflegt svar óskast.

296. Fyrirspurn [253. mál]

til fjármálaráðherra um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjar hafa aðgerðir ráðuneytisins verið til að framkvæma þann vilja Alþingis sem lýst var í þingsályktun um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana frá 8. maí 1993?
2. Hefur gjaldtöku ríkisstofnana verið breytt til samræmis við samþykkt Alþingis? Ef svo er ekki, hvenær verður þá af því?

297. Fyrirspurn [254. mál]

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur af útflutningi hrossa.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu mörg hross hafa verið flutt út frá Íslandi sl. fimm ár og til hvaða landa?
2. Hvert var söluverð þessara hrossa?
3. Hverjar hafa skatttekjur ríkisins verið af þessum útflutningi?

298. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Innflutningur til landsins á vínanda og áfengi, sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, fer eftir ákvæðum áfengislaga, nr. 82/1969.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „í því skyni að afla ríkissjóði tekna“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: til aðila sem hafa heimild samkvæmt ákvæðum áfengislaga, nr. 82/1969, til að selja áfengi.
c. Orðin „sjá um sölu á vínanda til þeirra aðila, sem hafa fengið leyfi til framleiðslu áfengis, og“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur áfengi innan lands, sbr. 11. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

4. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á vörur þær sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi. Innfluttar vörur skulu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríksins til ráðstöfunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur og vegna breyttra aðstæðna er með þessu frumvarpi lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings á áfengi verði afnuminn.

Þau rök, sem voru færð fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi, voru að með þeim hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalda af vörum þessum auk þess sem líklegt þótti að slíkt fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörunum til landsins. Einnig var á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.

Telja verður að framangreind rök eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu áfengis. Afla má ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af vínandagjöldum með öðrum hætti en þeim að ríkið hafi einkarétt á innflutningi og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Teknanna má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum og sambærilegum gjöldum af innlendri framleiðslu, sé um hana að ræða, á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu áfengis verða ekkert síðri við þessa breytingu. Jafnframt má benda á að óþarft er fyrir ríkið að vera í rekstri sem einkaaðilar eru færir um að leysa af hendi eða annast slíkan innflutning fyrir einkaaðila, einkum þegar haft er í huga að ekki skiptir máli fyrir ríkissjóð hvor hátturinn er á hafður.

Í frumvarpi til laga um gjald af áfengi, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er gerð grein fyrir því að þessi breyting mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi. Gjöld af áfengi breytast úr vínandagjaldi, sem er ákveðið í dag af fjármálaráðherra, í áfengisgjald sem verður bundið í lögum og verður innheimt við tollafgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld séu úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings á áfengi. Jafnframt skilgreinir frumvarpið hverjir hafa heimild til að endurselja það áfengi sem flutt er til landsins. Með vísan til þessa þykir ekki ásæða til að fjölyrða frekar um efni þess, en hins vegar er vísað til frumvarps um gjald af áfengi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er opnað fyrir þann möguleika að aðrir aðilar en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti flutt áfengi til landsins. Samkvæmt greininni fer það eftir ákvæðum áfengislaga hverju sinni hvernig heimildir til innflutnings á áfengi eru. Gert er ráð fyrir að öllum verði heimilt að flytja til landsins áfengi en hins vegar verði einungis heimilt að endurselja það til ákveðinna aðila. Þeir sem mættu kaupa áfengi, sem flutt er til landsins, væru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, veitingastaðir sem hafa rétt til að selja áfengi, svo og læknar og lyfsalar sem hafa rétt til lyfjasölu.

Um 2. og 3. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til breytingar sem miða að því að afnema einkarétt Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til að flytja inn áfengi til sölu innan lands og til endursölu til þeirra sem hafa vínveitingaleyfi eða hafa leyfi til að framleiða áfengi innan lands.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að ekki verði lengur gerð sú krafa að allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverslun selur, séu merktar með nafni verslunarinnar eða merki hennar. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins taki ákvörðun um að vörurnar séu merktar með einhverjum hætti.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skylt að taka við áfengi sem framleitt er í heimildarleysi, þ.e. bruggi og gambra. Lagt er til að þessi skylda verði afnumin enda fellur það ekki að annarri starfsemi áfengisverslunarinnar að annast geymslu á slíkum varningi fyrir lögregluyfirvöld.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar breytingar á lögunum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi. Samkvæmt frumvarpinu verður öllum heimilt að flytja inn áfengi til landsins til endursölu og einkanota. Þó verður aðeins heimilt að endurselja áfengið til ákveðinna aðila. Þeir sem samkvæmt frumvarpi þessu mega kaupa áfengi sem flutt er til landsins eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, veitingastaðir með vínveitingaleyfi, læknar og lyfsalar sem hafa rétt til lyfsölu. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir að öll sala á áfengi innan lands fari í gegnum ÁTVR. Lagt er til að innflytjendur og framleiðendur áfengis geti selt áfengi til ÁTVR og til vínveitingahúsa með almennt vínveitingaleyfi. Ekki er gerð breyting á fyrirkomulagi smásöluverslunar þannig að ÁTVR verður áfram með einkaleyfi á smásöluverslun innan lands.

Samhliða þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi verður flutt frumvarp þar sem gerðar eru samsvarandi breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969. Í tengslum við ofangreind frumvörp verður jafnframt flutt frumvarp til laga um gjald á áfengi þar sem gerðar verða breytingar á fyrirkomulagi í innheimtu opinberra gjalda á áfengi.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Áætlað er að beinar tekjur ríkissjóðs lækki um u.þ.b. 50 m.kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfssemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er fram í frumvarpi þessu hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

299. Frumvarp til laga [256. mál]

um gjald af áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt lögum þessum.

Áfengi samkvæmt lögum þessum telst hver sá vökvi sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Áfengismagn og áfengisinnihald skal ákveða við 20°C.

2. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum eru allir þeir sem flytja inn eða framleiða áfengi hér á landi til sölu eða vinnslu.

Gjaldskyldir eru enn fremur þeir sem flytja með sér til landsins áfengi til eigin nota, svo og þeir sem fá sent áfengi erlendis frá án þess að það sé til sölu eða vinnslu.

3. gr.

Gjald þeirra sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 58,10 kr. á hvern sentilítra af vínanda umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis.

4. gr.

Af innflutningi þeirra sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. 2. gr. skal greiða gjald sem hér segir af hverjum lítra hins áfenga drykkjar:

Öl með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	300 kr.
Vín með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	600 kr.
Aðrir áfengir drykkir:	
— með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli eða minna	1.200 kr.
— með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	1.800 kr.
— með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	2.400 kr.
— með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	3.000 kr.
— með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	3.000 kr.
— með yfir 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	7.000 kr.

5. gr.

Þeir sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu eða innflutning sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi halda skrár yfir alla þá sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga þessara.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr., svo og skyldu þeirra til að halda framleiðslu- og birgðabókhald.

6. gr.

Gjald af innfluttu áfengi skal greitt við tollafgreiðslu þess. Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að veita gjaldfrest á áfengisgjaldi við innflutning í allt að tvær vikur enda séu settar viðunandi tryggingar.

Af áfengi, sem framleitt er innan lands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Þeir sem skyldir eru til að innheimta gjald skv. 1. mgr. skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilisfastir áfengisgjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu sölu.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu er tvær vikur. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu áfengisgjalds.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að áfengisgjald skuli fellt niður eða endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

1. Við sölu áfengis úr landi.
2. Við innflutning og sölu á áfengi til fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.
3. Við innflutning og sölu á áfengi til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og aðila sem ríkisstjórn ákveður.
4. Við innflutning og sölu á áfengi til framleiðslu á vörum sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum til framleiðenda sem hafa leyfi til að selja áfengi skv. 5. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga, nr. 82/1969.
5. Af áfengi að ákveðnu hámarki sem ferðamenn og farmenn hafa með sér inn í landið til eigin nota.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka gjald á áfengi sem flutt er inn eða selt til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna, svo og lækna og lyfsala vegna áfengis sem talið er upp í lyfjaskrá og selt er sem lyf, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, svo og að endurgreiða gjald sem áður hafði verið innheimt af áfengi sem ráðstafað er samkvæmt þessari grein eða er endursent úr landi.

8. gr.

Áfengisgjald skv. 3. og 4. gr. er grunngjald sem fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að víkja frá um allt að 5% til hækkunar eða lækkunar.

9. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld af innfluttu áfengi samkvæmt lögum þessum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld samkvæmt lögum þessum af áfengi, sem er framleitt eða unnið að einhverju leyti hér á landi, skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim, svo og ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiða skal áfengisgjald samkvæmt lögum þessum af framleiðslubirgðum og ótollafgreiddum innflutningsvörum 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp nýtt gjald er leggja skal á allt áfengi. Gjaldinu er ætlað að koma í stað vínandagjalds af áfengi og er eins og það föst krónutala á hreinan vínanda í áfengi umfram tiltekið mark. Þessi breyting kemur í kjölfar afnáms á einkaleyfi ÁTVR til innflutnings á áfengi. Þessi breyting er aðlögun að þeim viðskiptaháttum sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar og liður í að uppfylla þær skuldbindingar sem gerðar hafa verið í milliríkjasamningum.

Við núverandi aðstæður er talið eðlilegra og einfaldara fyrir ríkið að afla þeirra tekna af áfengissölu, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með því að leggja skatt á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að fá tekjurnar sem hagnað af starfsemi einkasöluaðila.

Meginhluti af tekjum ríkissjóðs vegna sölu áfengis er sá hluti álagningar ÁTVR sem kallaður hefur verið vínandagjald. Gjaldið er föst krónutala á hvert prósentustig af vínanda að rúmmáli sem er umfram 2,25%. ÁTVR hefur auk þess verðtengdan álagningarþátt sem til þessa hefur skilað tekjum er nægt hafa til að standa undir heildsölu- og smásölukostnaði við dreifingu og sölu áfengis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekna ríkissjóðs af sölu áfengis verði fyrst og fremst aflað með gjöldum á áfengi á sama hátt og tíðkast um ýmsar vörur sem bera vörugjöld. Gert er ráð fyrir að þetta gjald, líkt og vínandagjaldið nú, verði föst krónutala á hvern sentilítra af vínanda sem er umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis. Eftir þessa breytingu mun ÁTVR vera með álagningu á áfengissölu sem standa á straum af kostnaði fyrirtækisins og skila hæfilegum arði af því og fjárfestingum þess. Ekki er gert ráð fyrir að settar verði reglur um heildsölu- og smásöluálagningu ÁTVR fremur en annarra sem annast sölu áfengis. Áfengi verður áfram virðisaukaskattsskylt.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar þessar leiði til breytinga á meðalverði áfengis hjá ÁTVR. Eðlilegt er að álagning ÁTVR byggist hér eftir á almennum rekstrar- og hagnaðarsjónarmiðum og ráðist m.a. af þeim kostnaði sem verslunin hefur af viðkomandi vöru. Má því gera ráð fyrir að breyttar álagningarreglur ÁTVR leiði til einhverra breytinga á verðhlutföllum.

Breytingarnar, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, munu hafa talsverð áhrif á starfsemi ÁTVR. Hlutverk ÁTVR sem innheimtuaðila á gjöldum ríkissjóðs verður afnumið. Meginhluti tekna ríkissjóðs af sölu áfengis verður nú innheimt af öðrum innheimtuaðilum. Greiðslur ÁTVR til ríkissjóðs verða nú eingöngu í formi arðgreiðslna af reglulegri starfsemi.

Tekjur ríkissjóðs í milljónum króna af áfengissölu á árinu 1994 eru áætlaðar sem hér segir:

Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.315
Vínandaskattur	4.100
Álagning	610
Heildartekjur	5.975
Frá dregst:	
Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.315
Rekstrarkostnaður	400
Hagnaður	4.310

Gert er ráð fyrir að það gjald sem ríkissjóður leggur á áfengi verði 58,10 kr. á hvern sentilítra af vínanda sem er umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis. Þegar um er að ræða innflutning einkaaðila er gert ráð fyrir að gjaldtakan verði nokkuð einfaldari og þá miðuð við tiltekið gjald á áfengislítra, mismunandi eftir tegundum og styrkleika. Sú fjárhæð er grunngjald sem gert er ráð fyrir að hækki í samræmi við þróun framfærsluvísitölu.

Miðað við sölu síðasta árs mundi áfengisgjald skila um 4.100 millj. kr. til ríkissjóðs. Um 20% af sölu ÁTVR er nú til veitingahúsa. Í kjölfar frjáls innflutnings mun væntanlega draga úr sölu ÁTVR til veitingahúsa. Sé gert ráð fyrir að helmingur hennar færist til einkaaðila og heildsöluálagning ÁTVR verði helmingur heildarálagningar hennar má lauslega áætla breyttar tekjur ÁTVR og ríkissjóðs í milljónum króna þannig:

Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.185
Álagning	550
Heildartekjur	1.735
Frá dregst:	
Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.185
Rekstrarkostnaður	390
Hagnaður ÁTVR	160
Áfengisgjald af framleiðslu og innflutningi	4.100
Hagnaður ÁTVR og áfengisgjald samtals	4.260

Samkvæmt framangreindu má því áætla að beinar tekjur ríkisins af áfengissölu lækki um u.þ.b. 50 millj. kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er til í þessu frumvarpi hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Með vísan til þessa er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1995 afli ríkissjóður tekna af sölu áfengis með sérstöku gjaldi, áfengisgjaldi, sem leggst á allt innflutt áfengi, svo og innlenda áfengisframleiðslu. Um leið leggst niður vínandagjald á áfengi.

Að öðru leyti vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að gjald á áfengi verði lögbundið í stað þess að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra á hverjum tíma eins og nú er.

Gert er ráð fyrir að áfengisgjald verði með sama hætti og vörugjald, sbr. lög nr. 97/1987, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að áfengisgjald verður magngjald, þ.e. visst gjald á hvern sentilítra af hreinum vínanda, en vörugjöldin eru verðgjöld, þ.e. lögð á verð vöru. Innflutningur áfengis og innlend framleiðsla þess verða gjaldskyld með sama hætti.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um hverjir séu gjaldskyldir, þ.e. hverjum beri að greiða gjaldið til ríkissjóðs. Eru það annars vegar þeir sem eru með atvinnustarfsemi, þ.e. flytja inn áfengi til endursölu hér á landi eða stunda framleiðslu hér á landi. Hins vegar eru gjaldskyldir þeir sem flytja með sér inn í landið áfengi til eigin nota eða fá það sent erlendis frá án þess að það sé ætlað til sölu eða vinnslu. Getur þar verið um að ræða ferðamenn og farmenn sem heimilt er að taka með sér áfengi til landsins til eigin nota og einstaklinga sem fá áfengi sent í sama skyni sem gjöf eða gegn endurgjaldi.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um fjárhæð þess áfengisgjalds sem þeir greiða sem flytja inn eða framleiða áfengi til sölu hjá þeim aðilum sem rétt hafa til að stunda smásölu á áfengi, þ.e. ÁTVR og veitingahús með vínveitingaleyfi. Gjaldið er ákveðið 58,10 kr. á hvern sentilítra af hreinum vínanda umfram 2,25% af vínanda í áfenginu. Fjárhæð þessi er hin sama og sá „vínandaskattur" sem nú er hluti af álagningarreglum ÁTVR.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um gjald á það áfengi sem einstaklingar flytja til landsins til eigin nota í samræmi við heimild í áfengislögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. þessara laga. Gjald þetta kemur í stað svokallaðs einkaleyfisgjalds sem nú er lagt á innflutning einstaklinga ef hann er umfram það sem ferðamönnum og farmönnum er heimilt að taka með sér án gjalds. Einkaleyfisgjaldið er einnig lagt á áfengi sem einstaklingar fá sent með pósti eða öðrum hætti og þeir fá afhent með heimild ÁTVR.

Auk áfengisgjaldsins greiðist virðisaukaskattur af verði vörunnar að því meðtöldu.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu þeirra til að tilkynna starfsemi sína til skattstjóra sem halda eiga skrár yfir framleiðsluaðila og þá sem flytja inn áfengi til endursölu. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um birgðabókhald gjaldskyldra aðila sem nauðsynlegt er til að tryggja eftirlit með skattskilum.

Um 6. gr.

Í grein þessari er fjallað um innheimtu áfengisgjalds. Er gert ráð fyrir að gjald af innflutningi verði greitt við tollafgreiðslu og að gjald af innlendri framleiðslu verði greitt miðað við afhendingu frá framleiðanda á tveggja vikna fresti. Er gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um innheimtuna.

Óhjákvæmilegt er að innheimta áfengisgjaldsins sé svo að segja án gjaldfrests. Ástæðan er m.a. sú að um er að ræða mikla hagsmuni ríkissjóðs. Gjaldið á að skila ríkissjóði rúmlega 4 milljörðum kr. á ári, þannig að hver mánuður í greiðslufresti þýðir að um 300 millj. kr. vörslufé yrði í höndum seljenda. Í því felst annars vegar vaxtatap fyrir ríkissjóð og hins vegar áhætta vegna vanskila, gjaldþrota o.fl.

Reiknað er með að innflytjendur eigi þess kost að geyma vöru sína í tollvörugeymslu og leysi hana út eftir því sem kaupendur, þ.e. ÁTVR og veitingahúsin, taka hana til sín og greiða hana.

Það fyrirkomulag, sem hér um ræðir, er áþekkt því sem er í hliðstæðum tilvikum meðal Evrópusambandsríkja þar sem viðskipti með sérskattavörur eins og áfengi og tóbak fara fram um lokað vöruhúsakerfi. Skattur í hverju landi er yfirleitt gjaldfelldur við töku vörunnar út úr slíku húsi. Í sænsku lagafrumvarpi um áfengisskatt, sem nýlega var lagt fram, er einnig gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi á innheimtu skattsins.

Um 7. gr.

Í grein þessari er opnað fyrir þann möguleika að tiltekin sala áfengis verði gjaldfrjáls. Er þar ekki um breytingu að ræða frá því sem nú er. Í greininni er einnig kveðið á um heimild til fjármálaráðherra til að lækka gjaldið vegna sölu til tollfrjálsra verslana og forðageymslna. Er þá haft í huga að samræmi verði milli tekna ríkissjóðs af áfengissölu í fríhöfnum hvort sem þær eru reknar fyrir reikning ríkissjóðs eða ekki. Einnig verður samkvæmt greininni heimilt að lækka gjald á áfengi sem selt er til lyfjagerðar og ætlað er til lækninga. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að endurgreiða áður innheimt gjald af áfengi sé því síðar ráðstafað til gjaldfrjálsra aðila eða endursent úr landi.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra sé heimilt að hækka eða lækka áfengisgjald um allt að 5%. Talið er heppilegt að ráðherra hafi nokkurt svigrúm til þess að bregðast við óvæntum breytingum á verðlagi, t.d. vegna gengisbreytinga. Auk þess er heppilegt að hækkun á gjaldinu geti komið án fyrirvara til þess að koma í veg fyrir kaupæði í tengslum við breytingar á skattlagningu áfengis. Þegar ráðherra hefur fullnýtt þá heimild sem felst í þessari grein, hvort sem um er að ræða til hækkunar eða lækkunar, verður að fá heimild löggjafans til þess að auka eða draga úr skattlagningu á áfengi.

Um 9. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sömu reglur og gilda um vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987 skuli eftir því sem við getur átt gilda að öllu leyti um innheimtu áfengisgjalds af áfengi samkvæmt lögum þessum.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til að ráðherra gefi nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara á sama hátt og tíðkast varðandi vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að taka af tvímæli um gjaldskyldu áfengisbirgða innlendra framleiðenda og ótollafgreiddrar vöru innflytjenda við gildistöku áfengisgjaldsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gjald á áfengi.

Með frumvarpi þessu verður í kjölfar afnáms á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi tekið upp nýtt gjald sem lagt verður á áfengi. Gjaldinu er ætlað að koma í stað vínandagjalds af áfengi og er föst krónutala á hreinan vínanda á áfengi umfram tiltekið mark. Með þessari breytingu verður gjaldið lögbundið í stað þessa að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra á hverjum tíma líkt og nú er. Gjaldið verður grunngjald sem fjármálaráðherra verður heimilt með reglugerð að víkja frá um allt að 5% til hækkunar eða lækkunar. Gjaldið leggst bæði á innlenda framleiðslu og innflutning áfengis.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi við innheimtu áfengisgjaldsins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sá um innheimtu vínandagjaldsins fyrir ríkið og var því skilað til ríkissjóðs í formi hagnaðar af rekstri. Samkvæmt þessu frumvarpi munu innheimtumenn ríkissjóðs sjá um innheimtu á nýja gjaldinu. Eftir því sem við á munu reglur um vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987 gilda um innheimtu áfengisgjalds. Áætlað er að gjaldið geti skilað um 4,1 milljarði króna til ríkissjóðs.

Samhliða þessu frumvarpi verða flutt tvö önnur frumvörp þar sem gerðar eru breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969, og lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í þeim frumvörpum eru gerðar breytingar sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af nýja gjaldinu verði þær sömu og vínandagjaldið skilaði. Áætlað er að beinar tekjur ríkissjóðs lækki um u.þ.b. 50 m.kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er fram í frumvarpi þessu hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

300. Frumvarp til laga [257. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Þó á aðili rétt á skráningu ef hann sýnir fram á að kaup á fjárfestingarvörum standa í beinu sambandi við framleiðslu vöru til sölu í atvinnuskyni á síðari rekstrarárum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skráningu, þar með talið um afturvirka skráningu til allt að sex ára og um tryggingu vegna skráningar skv. 2. málsl. 5. mgr.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Bílaleigum og tryggingafélögum, sem vegna starfsemi sinnar hafa keypt notuð ökutæki, er heimilt að ákvarða skattverð skv. 1. mgr. við endursölu þeirra.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þeir aðilar sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr. geta við skil á virðisaukaskatti dregið frá reiknuðum útskatti á hverju uppgjörstímabili 19,68% af neikvæðum mismun á söluverði og innkaupsverði seldra ökutækja á viðkomandi uppgjörstímabili, enda eigi formskilyrði 3. mgr. 10. gr. við um söluna að öðru leyti.

4. gr.

Í stað hlutfallstalnanna „2%“ og „20%“ í 2. mgr. 27. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 119/1989, kemur: 1% og 10%.

5. gr.

Í stað orðanna „flokk 0“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: flokk 1.

6. gr.

3. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 106/1990, orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis við kaup á vörum eða þjónustu. Endurgreiðsla samkvæmt þessari málsgrein getur eingöngu tekið til virðisaukaskatts af þeim aðföngum sem virðisaukaskattsskyldir aðilar geta talið til innskatts, sbr. 15. og 16. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða III í 33. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum:

a. Í stað ártalsins „1992“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 1993.
b. Í stað orðanna „og allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992 og allt að 17% af fjárfestingu á árinu 1993.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt er heimilt að leiðrétta virðisaukaskattsskil ársins 1993 hjá aðilum sem skráðir voru frjálsri skráningu á grundvelli reglugerðar nr. 487/1992.
d. Á eftir ártalinu „1996“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992.
e. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Leiðrétting vegna fjárfestingar á árinu 1993 skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1995 og 1996. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna leiðréttingar á árunum 1994–1996 skal að hámarki nema 75 milljónum króna vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992 en að hámarki 10 milljónum króna vegna fjárfestingar á árinu 1993. Leiðrétting hvers árs samkvæmt þessari heimild skal háð því skilyrði að aðili hafi haft með höndum skattskylda útleigu á gistirými fram að þeim tíma er til endurgreiðslu kemur.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að rýmkaðar verði heimildir til að endurgreiða virðisaukaskatt aðilum sem selja notuð ökutæki í atvinnuskyni. Í öðru lagi er lagt til að álag vegna vangreiðslu á virðisaukaskatti verði lækkað. Í þriðja lagi er lagt til að breytingar sem lúta að skattalegri meðferð erlendra aðila sem til landsins koma. Að lokum eru lagðar til breytingar á heimildum til að endurgreiða virðisaukaskatt af fjárfestingu í gistirými.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginregla laga um virðisaukaskatt er að skattskyldir eru eingöngu þeir samkvæmt lögunum sem hafa með höndum starfsemi í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, þ.e. selja eða afhenda skattskyldar vörur eða þjónustu. Skattskyldum aðilum ber að skrá atvinnurekstur sinn hjá skattstjóra eftir ákvæðum 5. gr. laganna. Eingöngu skráðir aðilar hafa rétt til að fá endurgreiddan innskatt af aðföngum. Við framkvæmd virðisaukaskattslaga hafa ýmis vandamál komið upp varðandi það álitaefni hvenær aðili teljist hafa með höndum starfsemi í atvinnuskyni og starfsemi hans þar með skráningarskyld.

Fram kemur í athugasemdum við frumvarp það sem lagt var fram á 110. löggjafarþingi og varð að lögum nr. 50/1988 að hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sé að ræða samkvæmt frumvarpinu fari eftir svipuðum sjónarmiðum og gildi um skilgreiningu þessara atriða í tekjuskattslögum. Við framkvæmd laganna hefur jafnframt verið stuðst við þá reglu að aðilar með „neikvæðan virðisauka“ teljist hvorki skráningarskyldir né eigi rétt á skráningu. Hefur þetta verið látið gilda jafnt um þá sem skattskyld-

ir eru skv. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. og aðila sem falla undir 2.–4. tölul. sömu málsgreinar. Rétt þykir að lögfesta þessa skýringarreglu.

Þótt framangreindar reglur séu til nokkurrar leiðbeiningar þykir sýnt að þörf er á nánari ákvæðum til að styðjast við í framkvæmd virðisaukaskattslaga, einkum þegar um er að ræða starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi, m.a. þegar aðili verður vegna eðlis viðkomandi starfsemi að fjárfesta verulega eða um lengri tíma í varanlegum rekstrarfjármunum áður en rekstrartekjur falla til í nokkrum mæli. Getur þetta m.a. átt við um iðnfyrirtæki og greinar í landbúnaði, svo sem fiskeldi og skógrækt. Þykir því nauðsynlegt að sérstaklega verði kveðið á um það í lögunum að aðilar, sem eru í þeirri aðstöðu sem að framan getur, geti fengið starfsemi sína skráða hjá skattstjóra með þeim réttaráhrifum að þeir fái rétt til að færa til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða starfsemina.

Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur um þessi atriði, m.a. að kveða á um að aðili setji tryggingu fyrir endurgreiddum virðisaukaskatti. Er þar um að ræða sama fyrirkomulag og nú tíðkast varðandi byggingarstarfsemi. Þá yrði í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði fyrir skráningu í þeim tilvikum sem að framan greinir, m.a. að skráning verði ekki heimiluð nema ljóst þyki að eftirfarandi eigi við um aðila:

a. að um sé að ræða atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem miði að rekstrarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma,
b. að fjárfesting aðila í varanlegum rekstrarfjármunum, þar með talið fasteignum og ræktun, eða vörubirgðum sé veruleg á sama tíma og eðlilegt sé vegna eðlis starfseminnar að hún skili ekki rekstrartekjum; ekki er nægilegt að aðili hafi verulegan kostnað af virðisaukaskatti vegna almenns rekstrarkostnaðar,
c. að fjárfesting aðila standi í beinum tengslum við væntanlega sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu.

Gert er ráð fyrir að aðili sýni fram á að hann uppfylli framangreind skilyrði, svo sem með rekstraráætlun, til staðfestingar því að um eðlilega rekstraruppbyggingu sé að ræða.

Vakin er athygli á því að með breytingu á 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 122/1993, var ráðherra heimilað að kveða í reglugerð á um lengra uppgjörstímabil fyrir aðila sem hafa virðisaukaskattsskylda veltu undir ákveðnu lágmarki. Getur það tekið til þeirra sem hér um ræðir.

Um 2. gr.

Sala tryggingafélaga á ökutækjum, sem þau hafa yfirtekið í tengslum við greiðslu skaðabóta, hefur verið talin flokkast undir 1. mgr. 10. gr. Þar sem tilgangur með starfsemi tryggingafélaga, líkt og bílaleigna, er annar en að kaupa notuð vélknúin ökutæki til endursölu í atvinnuskyni er mælt með því að starfsemi þeirra verði talin upp í 2. mgr. 10. gr. Með breytingum á 16. gr. laganna er aðilum er heyra undir 1. mgr. 10. gr. veitt sérstök frádráttarheimild vegna ökutækja sem seld eru með tapi og er henni ekki ætlað að ná til tryggingafélaga og bílaleigna. Með þessu ákvæði verða því engar efnislegar breytingar á meðferð virðisaukaskatts við sölu notaðra ökutækja sem bílaleigur og tryggingafélög hafa keypt til starfsemi sinnar.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er verið að gera þeim aðilum sem geta nýtt sér skattverðsreglu 1. mgr. 10. gr. kleift að leiðrétta skattskil vegna taps á sölu einstakra ökutækja á hverju uppgjörstímabili. Þessi frádráttarregla tekur ekki til þeirra aðila sem taldir eru upp í 2. mgr. 10. gr., þ.e. bílaleigna og tryggingafélaga.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að álag vegna vangreiðslu virðisaukaskatts verði lækkað úr 2% fyrir hvern dag í 1% fyrir hvern dag og hámark álags verði 10%. Í breytingu þessari felst ekki að vanskil á virðisaukaskatti verði ekki litin jafnalvarlegum augum og hingað til heldur endurspeglar þessi breyting breyttar aðstæður þar sem verðbólga er miklum mun lægri nú en var þegar regla þessi var sett.

Um 5. gr.

Hér eru lagðar til breytingar með hliðsjón af nýrri atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands.

Um 6. gr.

Greininni er breytt á þann veg að heimildarákvæði um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra fyrirtækja er rýmkað verulega. Með ákvæðinu er heimilt að setja reglur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra fyrirtækja sem hafa ekki með höndum skattskyld viðskipti hér á landi en kaupa hér einhverja þjónustu eða vöru með virðisaukaskatti. Litið er til þess að væru fyrirtækin virðisaukaskattsskyld hér á landi gætu þau talið virðisaukaskatt af aðkeyptum aðföngum til innskatts. Endurgreiðsluheimildin er einskorðuð við þann virðisaukaskatt sem virðisaukaskattsskyldir aðilar hér á landi geta talið til innskatts.

Um 7. gr.

Lagt er til að aðilar, sem fjárfestu á árinu 1993 í gistirými, geti fengið sambærilega leiðréttingu á virðisaukaskatti og heimiluð var við fjárfestingu í gistirými á árunum 1990–1992. Að auki geti aðilar, sem skráðu sig frjálsri skráningu á árinu 1993, fengið leiðréttingu vegna þess útskatts sem þeim bar að skila á grundvelli skráningarinnar að frádregnum innskatti af öðrum kaupum en varða fjárfestingu í gistirými. Sama tillaga hefur þegar verið lögð fyrir Alþingi í 6. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1995 en eðlilegt þykir að ákvæði hér að lútandi sé í virðisaukaskattslögum.

Lagt er til að endurgreiðslur úr ríkissjóði vegna fjárfestingar á árinu 1993 verði að hámarki 10 milljónir króna. Samkvæmt lauslegri athugun gætu endurgreiðslur orðið nálægt þeirri fjárhæð.

Þá er að auki lögð til ein efnisleg breyting á gildandi ákvæðum að því er varðar skilyrði til endurgreiðslu. Hún er sú að vikið er frá ákvæði um að leiðrétting fari ekki umfram 6% af skattskyldri veltu á þeim árum sem endurgreiðslurnar eru inntar af hendi. Í stað þess er tekið upp skilyrði um að aðili hafi með höndum skattskylda útleigu á gistirými fram að þeim tíma er til endurgreiðslu kemur.

Þegar reglan um skattskylda veltu var sett fram við upphaflega samningu bráðabirgðaákvæðisins hafði hún tvíþættu hlutverki að gegna. Annars vegar að takmarka endurgreiðslur til aðila sem fjárfestu á sínum tíma í gistirými en eru í litlum sem engum gistihúsarekstri þegar til endurgreiðslu kemur. Hins vegar að takmarka fjárútlát ríkissjóðs

vegna bráðabirgðaákvæðisins. Þegar bráðabirgðaákvæðið var lagt fyrir í formi breytingartillögu hafði hins vegar bæst við ákvæði um hámarksútgreiðslu úr ríkissjóði og hlaut það samþykki Alþingis þannig fram sett.

Við nánari skoðun og útfærslur lagaákvæðisins í reglugerð hefur komið í ljós að umrætt veltuþak er óþarflega strangt ákvæði sem við ýtrustu túlkun leiðir til ósanngjarnrar niðurstöðu. Smáir aðilar og nýir aðilar á markaðnum kæmu verr út úr slíku ákvæði en stórir aðilar með mikla veltu sem væru einungis að bæta við sína fjárfestingu. Í reglugerð nr. 300/1994, sem sett var á grundvelli þessa ákvæðis, var umrætt ákvæði um veltuþak túlkað á þann hátt að það tæki til heildarveltu þeirra aðila sem sæktu um endurgreiðslu. Útfærslu bráðabirgðaákvæðisins í reglugerð voru hins vegar frekari skorður settar þar sem endurgreiðslur á árunum 1994–1996 skyldu miðast við skattskylda veltu á sömu árum. Eðli máls samkvæmt liggur skattskyld velta viðkomandi árs ekki fyrir fyrr en í byrjun næsta árs. Því var farin sú leið að nefna útgreiðslur á árunum 1994–1996 bráðabirgðagreiðslur sem endurskoða þyrfti eftir 5. febrúar 1997 þegar skattskyld velta áranna 1994–1996 liggur endanlega fyrir. Þetta þýðir að endurgreiðslur verða ekki endanlega ákvarðaðar fyrr en á árinu 1997. Verði heildarvelta viðkomandi aðila á árunum 1994–1996 lægri en 1.250 milljónir króna (75 m. kr./0,06) skerðast endurgreiðslur til einstakra aðila hlutfallslega í samræmi við það.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að ákvæðinu um takmörkun endurgreiðslu við 6% af skattskyldri veltu verði breytt og í stað þess sett skilyrði um að aðili verði að hafa með höndum skattskylda útleigu á gistirými allt fram að þeim tíma sem endurgreiðsla á sér stað. Verði þessi breyting ekki gerð gæti þurft að endurútreikna til lækkunar allar fjárhæðir sem greiddar verða út á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins. Dragist velta í greininni saman á næstu árum gæti þurft að krefja alla aðila sem fengið hafa greitt úr ríkissjóði samkvæmt reglugerðinni um endurgreiðslu á hluta af móttekinni fjárhæð. Þessi leiðrétting ætti sér ekki stað fyrr en 5. apríl árið 1997 þegar skattskyld velta áranna 1994–1996 liggur fyrir. Þess ber að geta að þegar hefur farið fram fyrsta endurgreiðsla samkvæmt ákvæðum fyrrnefndrar reglugerðar.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

301. Svar [199. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um lausagöngu búfjár.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur nefnd sú er landbúnaðarráðherra skipaði 9. september 1991 og fjalla átti um lausagöngu og vörslu búfjár lokið störfum og skilað tillögum?*
2. *Sé svo, hverjar eru tillögur nefndarinnar?*

Nefndin ákvað að láta reyna á hlutverk sitt með því að vinna að friðun Reykjanesskagans fyrir ágangi búfjár. Þar var einungis um tvö sveitarfélög að ræða, Grindavíkurbæ og Vatnsleysustrandarhrepp, þar sem önnur sveitarfélög á svæðinu höfðu gengið frá samþykktum um búfjárhald. Haldnir voru fundir með hlutaðeigandi aðilum, svo sem

sveitarstjórnum framangreindra tveggja sveitarfélaga, fulltrúum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, fjáreigendum, jarðeigendum, Landgræðslu ríkisins og Vegagerð ríkisins.

Í framhaldi af þessari vinnu og tillögu nefndarinnar þar að lútandi ákvað Vatnsleysustrandarhreppur að banna lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu og bændur samþykktu að hafa fé sitt í vörslu. Sú samþykkt var undirrituð af landbúnaðarráðherra 22. júní 1992.

Til þess m.a. að mæta óskum Vatnsleysustrandarhrepps um að stöðva fjárrennsli að austan, vestur á Reykjanesskaga, gerði nefndin tillögu um að girt yrði úr höfuðborgargirðingunni í Kleifarvatn og er þeim girðingarframkvæmdum lokið. Ólokið er girðingu úr Kleifarvatni til suðurs sem loka mundi Reykjanesskaganum þar sem endanleg staðsetning hennar getur ráðist af samkomulagi við Grindavíkurbæ um framtíðarskipan beitarmála fyrir fjárbændur þar. Ítrekað hafa verið haldnir fundir með hlutaðeigandi aðilum í Grindavík en án árangurs enn sem komið er.

Þar sem lausn er ekki enn fyrirsjáanleg á þessu máli er nefndin enn við lýði þótt formlegir fundir hafi legið niðri um nokkurn tíma.

302. Svar [200. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um lausagöngu búfjár á Reykjanesi.

1. *Viðgengst enn þá lausaganga búfjár á Reykjanesi vestan girðingar frá Heiðmörk að Kleifarvatni?*
   Svarið er já.

2. *Hvenær er fyrirhugað að ljúka uppsetningu girðingar frá Kleifarvatni í Sýslustein?*
   Þegar tekist hafa samningar við Grindavíkurbæ og fjáreigendur þar um vörsluskyldu sauðfjár á svæðinu þar sem endanleg staðsetning girðingar mun m.a. ráðast af framtíðarskipan beitarmála fyrir sauðfé úr Grindavík.

3. *Hver er fjöldi búfjár á Reykjanesi vestan þeirrar línu er framangreindar girðingar mynda?*
   Samkvæmt nýjustu forðagæsluskýrslum veturinn 1993–94 var fjárfjöldinn eftirfarandi: í Hafnarfirði 309, í Keflavík 27, í Grindavík 728, í Njarðvíkum 7, í Miðsneshreppi 165 og í Vatnsleysustrandarhreppi 235. Samtals var því fjárfjöldinn 1.471 kind. Samkvæmt samþykktum viðkomandi sveitarfélaga eiga þær að vera í vörslu allt árið að undanskildum 728 kindum úr Grindavík þar sem enn hefur ekki náðst samkomulag við sveitarfélagið um bann við lausagöngu búfjár. Tekið skal fram að unnið er að því máli og áhersla er lögð á það hjá öðrum sveitarfélögum á svæðinu að Grindavíkurbær setji sér reglur um búfjárhald.

   Ekki eru komnar tölur um ásetning í haust en reikna má með töluverðri fækkun í Grindavík þar sem bú var lagt niður í Ísólfsskála.

303. Frumvarp til laga [258. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Hafi Þróunarsjóður greitt styrk vegna úreldingar skips er óheimilt að flytja það inn að nýju og skrá hér á landi, sem og að veita því leyfi til veiða í atvinnuskyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að óheimilt verði að flytja inn að nýju og skrá aftur hér á landi skip sem úrelt hafa verið með styrk frá Þróunarsjóði. Þykja núgildandi ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins ekki veita næga tryggingu fyrir því að skip sem úrelt eru með styrk frá sjóðnum hverfi varanlega úr íslenska skipaflotanum.

Eitt af meginhlutverkum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að fækkun fiskiskipa. Gerir sjóðurinn það með greiðslu styrkja vegna úreldingar. Eru styrkir þessir tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips allt að 45%. Hefur sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, ákveðið að beita hámarksstyrkhlutfalli vegna úreldingar á yfirstandandi ári. Mikil eftirspurn hefur verið eftir að úrelda fiskiskip síðan sjóðurinn hóf störf síðasta sumar. Stjórn Þróunarsjóðs hafði veitt loforð fyrir 87 úreldingarstyrkjum að fjárhæð um 1.515 m.kr. 7. nóvember sl. Á síðasta stjórnarfundi lágu fyrir 49 óafgreiddar umsóknir. Frá síðasta stjórnarfundi sjóðstjórnar til 7. nóvember sl. höfðu sjóðnum borist til viðbótar 63 nýjar umsóknir. Voru 34 hinna óafgreiddu umsókna vegna skipa sem húftryggingarmat er á og er styrkupphæð vegna þeirra umsókna áætluð um 413 m.kr. verði þær allar samþykktar. Ekki er unnt að meta styrkfjárhæð annarra óafgreiddra umsókna þar sem þær eru vegna opinna báta en samræmt mat á húftryggingarverðmæti þeirra liggur enn ekki fyrir.

Forsenda fyrir greiðslu úreldingarstyrks er sú að skipið, sem úrelda skal, verði tekið af skipaskrá og endurnýjunarréttur þess falli niður. Er augljóst að styrkveitingar vegna úreldingar fiskiskipa ná ekki tilgangi sínum nema fulltryggt sé að viðkomandi skip hverfi varanlega úr íslenska skipaflotanum. Er skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1994 óheimilt að greiða úreldingarstyrki fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá. Jafnframt þarf umsækjandi að undirrita yfirlýsingu þar sem hann heitir því að stuðla ekki að því að hið úrelta skip verði flutt inn á ný. Loks er í gildandi lögum ákvæði um að óheimilt sé að veita skipi, sem úreldingarstyrkur hefur verið greiddur út á, leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Í ljós hefur komið að 2. mgr. 8. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins veitir ekki þá tryggingu fyrir að lögin séu ekki sniðgengin sem ætlað var við setningu laganna. Þannig er vel hugsanlegt að beðið sé að nýju um skráningu skips sem úrelt hefur verið, t.d. í því skyni að nota það til tómstundaveiða eða veiða utan lögsögu. Eins og lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og lögum um skráningu skipa er nú háttað er ekkert sem bannar skráningu skipsins á skipaskrá á ný. Þurfi skipið ekki leyfi til veiða í atvinnu-

skyni vegna þeirra verkefna sem því eru ætluð verður Þróunarsjóður í hverju einstöku tilviki að sanna að slík tengsl séu milli þess sem styrk þáði á sínum tíma og þess er nýskráningar beiðist nú að styrkurinn sé endurkræfur. Er augljóst að sú sönnun verður í mörgum tilvikum örðug. Sýnist nauðsynlegt að koma með virkum hætti í veg fyrir að skip sem styrkur hefur verið veittur til að afmá af skipaskrá verði ekki skráð á ný. Er því lagt til að óheimilt verði að flytja slík skip inn að nýju og skrá hér á landi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Ekki verður séð að frumvarp þetta valdi kostnaðarauka.

304. Fyrirspurn [259. mál]

til dómsmálaráðherra um skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar farið um borð í mörg íslensk skip á miðunum frá ársbyrjun 1992 til þessa dags?
2. Hvaða helstu athugasemdir hafa komið fram við þessar skoðanir
   a. um öryggisbúnað,
   b. um lögskráningu,
   c. um athugun á veiðarfærum?
3. Eru dæmi um að sama skip hafi fengið áminningu eða því verið stefnt í land oftar en einu sinni og ef svo er hve oft og þá hve mörg skip?

305. Fyrirspurn [260. mál]

til félagsmálaráðherra um verndaða vinnustaði.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve margir verndaðir vinnustaðir eru starfræktir hér á landi samkvæmt skráningu félagsmálaráðuneytisins?
2. Hve margir starfa á þessum vinnustöðum samtals og á hverjum vinnustað fyrir sig?
3. Hver eru launakjör þess fólks sem starfar á vernduðum vinnustöðum? Hvernig eru þau launakjör ákveðin?

4. Hver er lífeyrisréttur þess fólks sem starfar á vernduðum vinnustöðum? Hvernig er sá réttur ákveðinn?
5. Hefur ráðuneytið áform um breytingar á réttarstöðu starfsfólks á vernduðum vinnustöðum og ef svo er, hver eru þau áform?

Skriflegt svar óskast.

306. Svar [232. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um tóbaksvarnir.

1. Hvenær hyggst ráðherra leggja fram nýtt frumvarp til tóbaksvarnalaga?

Frumvarp til tóbaksvarnalaga var lagt fram á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis aflaði umsagna um frumvarpið í sumar. Á fundi ríkisstjórnar 25. nóvember sl. var ákveðið að senda frumvarpið til þingflokka stjórnarflokkanna með það í huga að endurflytja það. Frumvarpið er nú til umsagnar í þingflokkum stjórnarflokkanna.

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hér á landi verði orðið við tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) til aðildarríkja sinna að banna sölu á reyklausu tóbaki?

Samkvæmt frumvarpi til tóbaksvarnalaga verður sala munntóbaks bönnuð. Ekki náðist samstaða um að leggja til að sala neftóbaks yrði einnig bönnuð. Ráðherra hyggst beita sér fyrir því við meðferð málsins á Alþingi að sala neftóbaks verði bönnuð.

3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við aukinni tóbaksneyslu unglinga og ungs fólks?

Krabbameinsfélag Íslands hefur með höndum stöðuga fræðslu í skólum landsins. Tóbaksvarnanefnd leggur efni til þeirrar fræðslu. Til að takmarka reykingar unglinga hefur nú náðst samvinna við kvikmyndahúsaeigendur um reyklaus bíó. Frá og með 1. desember 1994 eru reykingar bannaðar í kvikmyndahúsum.

Nýlega beitti tóbaksvarnanefnd sér fyrir teiknimyndasamkeppni í grunnskólum til að vekja athygli nemenda á skaðsemi tóbaksreykinga.

307. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um alþjóðlega fjármálamiðstöð á Íslandi.

Flm.: Páll Pétursson, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö manna til þess að kanna hvort raunhæfir möguleikar séu á að koma upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð á Íslandi.

Nefndin kýs formann úr sínum hópi og skilar skýrslu til Alþingis fyrir árslok 1995.

Greinargerð.

Lega Íslands kann að bjóða upp á ákveðna möguleika á því að koma hér upp alþjóðlegri kauphöll. Á Íslandi er fjármálastofnunum lokað síðar að deginum en í öðrum löndum Evrópu. Héðan væri unnt að gera viðskipti vestan hafs síðdegis eftir að hliðstæðum stofnunum hefur verið lokað í þeim löndum er liggja á austlægari breiddargráðum og hér eru stofnanir opnaðar fyrr að morgninum en í Ameríku. Með aukinni fjarskiptatækni býður lega landsins e.t.v. upp á möguleika til alþjóðlegra fjármálaviðskipta sem aðrir hafa ekki.

Íslendingum er mjög mikilvægt að standa bæði vörð um stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði sitt og vera sjálfbjarga í landi sínu. Þess vegna er okkur nauðsyn á að starfrækja hér fjölbreytt atvinnulíf.

Flutningsmenn telja að starfsemi sú, er hér er lagt til að könnuð verði, gæti stuðlað að því að skjóta nýrri stoð undir efnahagslíf landsmanna. Ástæða er til þess að leggja áherslu á mikilvægi þess að sú starfsemi, er hér um ræðir, yrði að vera undir stjórn Íslendinga og virkum yfirráðum og hlíta íslenskum lögkjörum.

308. Fyrirspurn [262. mál]

til utanríkisráðherra um aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvað á Ísland aðild að mörgum alþjóðlegum og fjölþjóðlegum stofnunum og samtökum?
2. Hverjar eru þær stofnanir eða samtök og hvenær varð Ísland aðili að þeim?
3. Hvað á Ísland aðild að mörgum alþjóðlegum samningum, fjölþjóðlegum samningum eða tvíhliða samningum?
4. Hverjir eru samningarnir skv. 3. lið og hvenær varð Ísland aðili að hverjum samningi fyrir sig?
5. Hve margir slíkir samningar hafa verið staðfestir og hver margir hafa verið undirritaðir?

Skriflegt svar óskast.

309. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt frumvarpsins. Á fund hennar kom Þorsteinn Tómasson, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Eggert Haukdal.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

310. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt frumvarpsins. Á fund hennar kom Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda.

Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Eggert Haukdal.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Guðni Ágústsson.

311. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar kom Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.
a. Orðið „nýrra“ í 2. málsl. 2. efnismgr. falli brott.
b. Orðin „frá og með 1. apríl ár hvert“ í 1. málsl. 3. efnismgr. falli brott.

Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson.	Eggert Haukdal.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Gísli S. Einarsson.

312. Frumvarp til laga [263. mál]

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 36. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lagafrumvörp, sem varða breytingar á skattalöggjöf, skal leggja fram eigi síðar en sex mánuðum áður en þau eiga að taka gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur sú óheppilega venja ríkt á Alþingi að breytingar á lögum um skattheimtu ríkisins og sveitarfélaga eru unnar í tímaþröng rétt fyrir gildistöku laganna. Oftast er þetta bein afleiðing þess að frumvörp eru ekki lögð fram fyrr en á síðustu stundu.

Það má öllum vera ljóst að hér er um ófullnægjandi vinnubrögð að ræða. Kemur þar bæði til að Alþingi gefst ekki tóm til þess að vinna að málunum sem skyldi og oft er hér um að ræða flókna löggjöf sem gerir miklar kröfur til þeirra sem eiga að vinna eftir henni.

Hér er lagt til að frumvörp til laga um skattalagabreytingar verði lögð fram eigi síðar en sex mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Þetta þýðir í raun að frumvarp að skattalagabreytingu, sem taka á gildi um áramót, verður að fá þinglega meðferð á næstliðnu vorþingi og frumvörp, sem verða að lögum á haustþingi, taka í fyrsta lagi gildi 1. apríl á næsta ári.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði höfuðverkefni Alþingis á haustþingi, hvað varðar fjármál ríkisins, að vinna að fjárlögum samkvæmt fyrirliggjandi tekjuramma.

313. Frumvarp til laga [264. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Sigbjörn Gunnarsson, Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson, Pálmi Jónsson, Björn Bjarnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Egill Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Árni M. Mathiesen, Árni Johnsen, Eggert Haukdal, Ingi Björn Albertsson, Gísli S. Einarsson, Petrína Baldursdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Sólveig Pétursdóttir, Gunnlaugur Stefánsson.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að takmarka heimildir skv. 1. mgr. þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis og alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á nýtingu stofnsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 117. löggjafarþingi en ekki mælt fyrir því. Er það nú endurflutt óbreytt. Greinargerðin var svohljóðandi:

Um greinargerðina vísast að öðru leyti til samhljóða greinargerðar með frumvarpi sama efnis á þskj. 888, 573. mál 117. löggjafarþings, bls. 4225–4226 í A-deild Alþt. 1993–94.

314. Frumvarp til laga [265. mál]

um flutningsráð ríkisstofnana.

Flm.: Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs Alþingi sjö menn í flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk flutningsráðs ríkisstofnana er:

a. að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,
b. að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,
c. að annast a.m.k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,
d. að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar flutningsráðs ríkisstofnana áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Flutningsráði ríkisstofnana er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir þeirra aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði ríkisstofnana er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forsætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 117. löggjafarþingi og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

Flutningur ríkisstofnana frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðar hefur verið á dagskrá áratugum saman og hefur stuðningur við slíkan flutning verið mikill í orði en því miður hefur minna orðið úr framkvæmdum. Nefndir hafa starfað og skilað tillögum um flutning ákveðinna stofnana og er nýjasta nefndarálitið frá því í júlí 1993. Þannig liggja fyrir margar tillögur um flutning einstakra stofnana, en hér er gerð tillaga um ákveðið form á framkvæmd slíkra flutninga og á hvern hátt megi tryggja að þetta mikilvæga mál verði í heild stöðugt í skoðun.

Í stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins.“ Í samræmi við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar skipaði forsætisráðherra nefnd um flutning ríkisstofnana 9. júní 1992. Nefndin skilaði áliti 15. júlí 1993, en ekki sjást nein teikn á lofti um framkvæmdir á tillögum nefndarinnar. Afar brýnt er að vandað verði til verka þegar unnið er að jafnmikilvægum málum og flutningi ríkisstofnana. Í þessu lagafrumvarpi er mörkuð leið sem tryggir annars vegar að horft sé yfir allt sviðið þegar ákvarðanir eru teknar og unnið er út frá ákveðinni áætlun og hins vegar að allar framkvæmdir séu vandlega undirbúnar.

Um greinargerð með frumvarpinu vísast að öðru leyti til samhljóða greinargerðar á þskj. 769, 501. mál 117. löggjafarþings, bls. 3502–3503 í A-deild Alþt. 1993–94.

315. Fyrirspurn [266. mál]

til menntamálaráðherra um stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvernig miðar vinnu við stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu?
2. Hverjir vinna að stefnumótuninni og hver eru helstu markmið hennar?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Með vísan til svars menntamálaráðherra til fyrirspyrjanda á síðasta löggjafarþingi við fyrirspurn um framkvæmd laga um almenna fullorðinsfræðslu er þessi fyrirspurn fram borin, en í svarinu segir m.a.:

„Fullorðinsfræðsla er ofarlega á baugi hjá flestum þjóðum um þessar mundir. Með breyttum atvinnuháttum, auknu atvinnuleysi og nýjum og áður óþekktum kröfum til einstaklinga og þjóðfélags verður brýnna en nokkru sinni fyrr að taka heildstætt á fræðslumálum fullorðinna. Menntamálaráðherra hefur því ákveðið að vinna að undirbúningi stefnumótunar á sviði fullorðinsfræðslu og leita samvinnu við félagsmálaráðherra í því sambandi. Undir þá vinnu mun falla endurskoðun á lögum um almenna fullorðinsfræðslu og heildarskipulagning á menntunarframboði fyrir fullorðna sem fjármagnað er af opinberu fé.“

316. Beiðni um skýrslu [267. mál]

frá menntamálaráðherra um framkvæmd grunn- og framhaldsskólalaga síðustu þrjú ár.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Guðrúnu Helgadóttur, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 46. gr. þingskapa er óskað eftir að menntamálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um framkvæmd grunn- og framhaldsskólalaga síðustu þrjú ár.

Menntamálaráðherra hefur lagt fram frumvörp til nýrra laga um grunn- og framhaldsskóla. Til að auðvelda umræðu og skapa grundvöll til samanburðar milli gildandi laga og frumvarpanna er nauðsynlegt að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um hvernig til hefur tekist um framkvæmd gildandi laga um grunn- og framhaldsskóla.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi:

1. kennslu og aðra þjónustu við nemendur; hlut einstakra kennslugreina, sérkennslu, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, námsráðgjöf,
2. nemendur; fjölda þeirra, hlutföll árganga í framhaldsskólum, skiptingu nemenda á námssvið í framhaldsskólum,
3. fjárframlög sveitarfélaga til skólamála; hvernig þau framlög skiptast milli skólastiga og hvert framlag einstakra sveitarfélaga er á hvern nemanda,
4. kennara; kjör og starfsaðstöðu, menntun, hlutfall milli fjölda nemenda og kennara,
5. fjármál; hlutfall skólamála af heildarútgjöldum ríkissjóðs, hluta grunn- og framhaldsskóla þar af, skiptingu milli stofn- og rekstrarkostnaðar.

317. Frumvarp til laga [268. mál]

um jöfnun verðlags.

Flm.: Ragnar Arnalds, Margrét Frímannsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að lífskjör þjóðarinnar verði sem jöfnust, óháð búsetu. Í þeim tilgangi ber að tryggja, eftir því sem kostur er, að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta verði boðnar á sama verði hvar sem er á landinu.

2. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, kemur ný málsgrein er orðast svo:

Eigi síðar en 1. apríl 1995 skal samgönguráðherra ákveða að landið allt sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands séu verðlögð á sama hátt, óháð vegalengdum milli notenda.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, kemur ný grein svohljóðandi:

Eigi síðar en 1. apríl 1995 skal Landsvirkjun bjóða raforku í heildsölu til dreifiveitna á sama verði um land allt miðað við afhendingu orkunnar í spennistöð hjá viðkomandi dreifiveitu.

Ríkisstjórnin skal vinna að samræmingu raforkuverðs í smásölu með ákvörðun hámarksverðs sem komi til framkvæmda eigi síðar en 1. apríl 1995. Jafnframt ber að tryggja að mismunur á rafhitunarkostnaði og verðskrá Hitaveitu Reykjavíkur fyrir upphitun meðalheimilis 1. september 1994 lækki um helming fyrir 1. apríl 1995. Í því skyni að gera dreifiveitum raforku kleift að laga sig að samræmdu orkuverði er ríkissjóði heimilt að yfirtaka hluta af skuldum þeirra, svo og að leggja fast gjald á alla raforkuvinnslu til að standa undir viðhaldi og afskriftum af sveitalínum.

4. gr.

a. Við 1. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
   d. vinna að því að jafna vöruverð í landinu.
b. Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Samkeppnisstofnun skal stuðla að því að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum vörur á sama verði um land allt og undirboð á einum stað séu ekki fjármögnuð með hærra verði annars staðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Löngu er orðið tímabært að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta verði boðnar á sama verði hvar sem er á landinu svo að lífskjör þjóðarinnar séu sem jöfnust óháð búsetu en staðreyndin er sú að verulegur munur er á verðlagi eftir landshlutum. Má þar nefna rafmagns- og hitunarkostnað, símakostnað, smásöluverð í verslunum, svo og verð á ýmiss konar þjónustu sem háð er flutningskostnaði. Í frumvarpi þessu er leitast við að jafna þennan mun að nokkru á þremur sviðum, þ.e. hvað varðar símakostnað, raforkuverð og heildsöluverð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 2. gr.

Engin rök mæla með því og enn síður nokkur sanngirni að dýrara sé fyrir símnotanda í einum landsfjórðungi en öðrum að hringja til höfuðborgarsvæðisins þar sem langflestar ríkisstofnanir eru ásamt meiri hluta landsmanna. Mishá gjöld eftir svæðisnúmerum eru leifar frá liðnum tíma þegar símaþjónusta var handvirk. Þessa úreltu mismunun ber því tafarlaust að afnema.

Ódýrustu þriggja mínútna samtöl kosta nú 5,60 kr. en 21,20 kr. þegar taxtinn er hæstur. Hlutfallið er 1:3,8. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi á undanförnum árum og var fyrir tæpum áratug um 1:10,7. Póst- og símamálastofnunin hefur greitt rúmlega 900 millj. kr. til ríkisins á hverju ári um skeið eða um 10% af tekjum. Þess er að vænta að eitthvert lát verði á þessari miklu skattheimtu á símnotendur og enginn vafi á því að svigrúm er til að láta fullan jöfnuð símgjalda verða að veruleika.

Um 3. gr.

Jöfnun raforkuverðs er miklu flóknara mál vegna þess hve skipulag raforkumála er flókið. Fullri jöfnun raforkuverðs má þó ná með ýmsum leiðum. Í þessu frumvarpi er við það miðað að vandinn verði leystur með sameiginlegu átaki Landsvirkjunar og ríkissjóðs, svo og einhverju framlagi orkuneytenda í formi orkugjalds ef hjá því verður ekki komist.

Rafmagnsverð til ljósa og heimilisnotkunar er nú um 14% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hefur munurinn minnkað verulega á seinustu árum en svipað verð er á svonefndum iðnaðartöxtum sem m.a. gilda fyrir fiskvinnsluna. Talið er að árssala Rarik til ljósa og almennrar heimilisnotkunar mundi lækka enn um 100 millj. kr. ef taxtinn yrði hliðstæður taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Meginástæða þess munar sem er á taxta Rarik og taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur er sú að Rarik ber kostnað af viðhaldi og afskriftum af dreifikerfinu um sveitir landsins og nema afskriftirnar af dreifilínum í sveitum um 164 millj. kr. árlega en Rarik fær aðeins brot af þessum kostnaði greiddan úr ríkissjóði — á þessu ári 14 millj. kr. Hliðstætt gildir um Orkubú Vestfjarða. Engin rök eru fyrir því að viðskiptavinir Rarik, m.a. í þéttbýli víðs vegar um land, eigi einir að standa undir kostnaði af dreifikerfi í sveitum. Ljóst er að fengi Rarik helming af afskriftum sveitalínanna greiddan af almannafé árlega ætti fyrirtækið auðvelt með að bjóða raforku til heimilisnota á hliðstæðu verði og Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Rafhitunarkostnaður er nú talinn nærri tvöfalt meiri fyrir meðalheimili en hitunarkostnaður samkvæmt verðskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Þar sem fjölmargar hitaveitur selja orku sína á hærra verði en Hitaveita Reykjavíkur er ekki raunhæft að samræma hitunarkostnað heimila sem skipta við Rarik og Hitaveitu Reykjavíkur. Engu að síður er nauðsynlegt og sanngjarnt að reynt verði að minnka þennan mun hitunarkostnaðar verulega. Heildartekjur Rarik af sölu rafhita til heimila eru áætlaðar um 1.000 millj. kr. á árinu 1994 og má því ætla að yrði munurinn á hitunarkostnaði heimila, sem skipta við Rarik og Hitaveitu Reykjavíkur, lækkaður um 50% mundi það kosta Rarik um 250 millj. kr. Að öðrum seljendum rafhitunar meðtöldum má ætla að heildarkostnaðurinn vegna þessarar lækkunar rafhitunarkostnaðar næmi um 300 millj. kr.

Niðurgreiðslur úr ríkissjóði til rafhitunar heimila á orkuveitusvæði Rarik munu nema um 275 millj. kr. á árinu 1994.

Um 4. gr.

Haustið 1991 kannaði Verðlagsstofnun verð í á annað hundrað matvöruverslunum um land allt. Nú hefur Samkeppnisstofnun tekið við hlutverki Verðlagsstofnunar en sambærileg könnun hefur því miður ekki verið gerð síðan haustið 1991. Í könnuninni þá kom í ljós að smásöluverð á landsbyggðinni hafði farið hækkandi tvö árin á undan í samanburði við verðlag í Reykjavík. Það reyndist t.d. 9% hærra á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu en var 6% hærra en tveimur árum áður. Svipuð þróun hafði átt sér stað á Vesturlandi, Norðurlandi og Suðurlandi.

Í fréttatilkynningu Verðlagsstofnunar, sjá fskj. II, voru dregnar fram ýmsar hugsanlegar skýringar á þessari þróun. Þar sagði m.a.:

„Dæmi eru um að heildverslanir og innlendir framleiðendur hafi veitt stórmörkuðum mun meiri afslátt á síðustu missirum en áður tíðkaðist. Hefur það í sumum tilvikum leitt til þess að innkaupsverð minni verslana, m.a. á landsbyggðinni, hefur verið hærra en smásöluverð í stórmörkuðum. Ýmsir kaupmenn halda því fram að víða sé afslátturinn til stórmarkaða orðinn óeðlilega mikill og mun Verðlagsstofnun kanna það nánar."

Augljóst er að samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist mjög í seinni tíð og leitt til lægra vöruverðs þar. Því ber að fagna, en á hinn bóginn leikur sterkur grunur á að í mörgum tilvikum hafi landsbyggðin verið látin borga herkostnaðinn af verðstríðinu í Reykjavík.

Nauðsynlegt er að Samkeppnisstofnun sé falið að setja reglur sem stuðlað geti að sem jöfnustu vöruverði í landinu og landsbyggðin sé ekki látin njóta verri kjara en gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgiskjal I.

GREINARGERÐ PÓST- OG SÍMAMÁLASTOFNUNAR

Hlutfall milli kostnaðar af staðarsímtali og langlínusímtali fer eftir því hvert er hringt, hvenær sólarhringsins og hversu langt símtalið er. Þegar Póstur og sími upplýsir um þetta hlutfall er miðað við þriggja mínútna símtal að degi til. Er sú símtalalengd viðurkennd í alþjóðlegum samanburði og eins er það að tímamæling símtala á Íslandi sýnir að símtöl að degi til eru á bilinu 150 til 240 sekúndur.

Ef miðað er við þriggja mínútna símtal á dagtaxta er hlutfall milli staðarsímtals og lengri langlínu 1:3,8 og hlutfall milli staðarsímtals og styttri langlínu er 1:2,7 (fskj.). Ef símtal er lengra t.d. 20 mínútur er hlutfallið 1:6,4 ef borið er saman staðarsímtal og lengri langlína og 1:4,3 ef borið er saman staðarsímtal og styttri langlína.

Þrátt fyrir mismunandi hlutfall milli staðarsímtala og langlínusímtala eftir lengd þeirra er ljóst að kostnaður við langlínu samanborið við staðarsímtöl hefur lækkað mjög verulega í áföngum á síðasta áratug. Frá 1. nóvember 1981 hefur hlutfall þriggja mínútna staðarsímtals að degi til og lengri langlínu lækkað úr 1:10,7 í 1:3,8 og hlutfall 20 mínútna símtals hefur lækkað úr 1:23,3 í 1:6,4 á sama tíma.

Auk breytinga á gjaldskrá fyrir símaþjónustu, sem áfanga til jöfnunar símakostnaðar innan lands, hafa miklar breytingar verið gerðar á stærð gjaldsvæða víða um land. Stækkun gjaldsvæða hefur í för með sér að símnotendur geta hringt til fleiri notenda á staðartaxta. Þessar breytingar jafna enn frekar aðstöðu milli landshluta og atvinnusvæða.

Eins og málum er háttað í dag er höfuðborgarsvæðið (svæðisnúmer 91) eitt gjaldsvæði og sama gildir um Reykjanes (svæðisnúmer 92) en það var gert að einu gjaldsvæði árið 1986. Árið 1987 var sú breyting gerð að gjald milli stöðva innan sama hnútsvæðis var lækkað úr gjaldflokki 2 í gjaldflokk 1. Þar með var hvert hnútsvæði orðið eitt gjaldsvæði. Síðan hafa smávægilegar breytingar verið gerðar.

Fskj.

Póst- og símamálastofnunin,
hagdeild:

Verð og hlutföll milli staðarsímtals og styttri og lengri langlínu miðað við þriggja mínútna símtal.

Verð í kr. m/vsk:	Dagtaxti	Kvöldtaxti	Nætur- og helgartaxti
Staðarsímtal	5,81	4,57	4,57
Styttri langlína	15,77	11,62	9,55
Lengri langlína	22,00	15,77	12,66

Hlutföll:	Dagtaxti	Kvöldtaxti	Nætur- og helgartaxti
Staðarsímtal	1:1	1:1	1:1
Styttri langlína	1:2,71	1:2,54	1:2,09
Lengri langlína	1:3,79	1:3,45	1:2,77

Fylgiskjal II.

Fréttatilkynning frá Verðlagsstofnun:

Verðlag í matvöruverslunum.
Verðmunur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar eykst.

(4. febrúar 1992.)

Í október sl. kannaði Verðlagsstofnun verð á yfir 400 vörutegundum í hátt á annað hundrað matvöruverslunum um land allt. Var verðið kannað á mat- og drykkjarvörum og hreinlætis- og snyrtivörum. Við úrvinnslu var vörunum gefið vægi í samræmi við almenna neyslu á þeim. Samsvarandi kannanir hafa verið gerðar á undanförnum árum og eru þær umfangsmestu verðkannanir sem Verðlagsstofnun gerir.

Höfuðborgarsvæðið — landsbyggðin — verðmunur fer vaxandi.

Samkvæmt könnunum Verðlagsstofnunar hefur verðlag á landsbyggðinni farið hækkandi á síðustu tveimur árum í samanburði við verðlag í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu.

Verðlag á landsbyggðinni hærra en á höfuðborgarsvæðinu:	
Október 1989	3,8%
Júní 1990	4,5%
Október 1991	4,9%

Aukin samkeppni stórmarkaða — meiri verðmunur.

Skýringin á vaxandi verðmun á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins felst að hluta í minni verðbólgu. Vafalaust vegur þó þyngst hin aukna samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega eftir að Bónus-verslanir náðu þar fótfestu. Hin aukna samkeppni stórmarkaða hefur ekki aðeins aukið verðmuninn á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins heldur hefur verðmunur á milli stórmarkaða og minni verslana á höfuðborgarsvæðinu einnig aukist. Dæmi eru um að heildverslanir og innlendir framleiðendur hafi veitt stórmörkuðum mun meiri afslátt á síðustu missirum en áður tíðkaðist. Hefur það í sumum tilvikum leitt til þess að innkaupsverð minni verslana, m.a. á landsbyggðinni, hefur verið hærra en smásöluverð í stórmörkuðum. Ýmsir kaupmenn halda því fram að víða sé afslátturinn til stórmarkaða orðinn óeðlilega mikill og mun Verðlagsstofnun kanna það nánar.

Sem dæmi um verðlagsþróunina á síðustu árum má nefna að verðlag á landsbyggðinni var 7% hærra en verðlag í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu í júní 1990 en 10% hærra í október 1991.


Hæsta verðlag á landinu á Vestfjörðum.

Ef litið er á einstaka landshluta í samanburði við höfuðborgarsvæðið var verðlag hærra á landsbyggðinni sem hér segir:

	Í okt. 1989	Í okt. 1991
Vesturland	2,2%	3,8%
Vestfirðir	6,1%	9,0%
Norðurland vestra	2,5%	4,2%
Norðurland eystra	3,4%	3,9%
Austurland	6,2%	6,2%
Suðurland	3,1%	4,8%
Suðurnes	2,3%	1,0%

Munurinn á verðlagi á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu hefur aukist mest á umræddu tveggja ára tímabili. Hins vegar hefur munurinn á Suðurnesjum minnkað, m.a. vegna aukinnar samkeppni stórmarkaða. Fjölgun heildsala og umboðsmanna á landsbyggðinni og aukin umsvif þeirra hafa vakið athygli á sama tíma og þeim fækkar á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi þeirra hefur án efa dregið úr kostnaði smásöluverslana á landsbyggðinni. Hins vegar má leiða að því líkur að starfsemi þeirra hafi dregið úr samkeppni á landsbyggðinni og kostnaður vegna rekstrar umboðs- og heildverslana lagst ofan á vöruverð þar. Hyggst Verðlagsstofnun rannsaka sérstaklega áhrif heildsala á landsbyggðinni á vöruverð.

Fylgiskjal III.



318. Frumvarp til laga [269. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Innflutningur á áfengi, hverju nafni sem nefnist, er einungis heimill til einkanota og í því skyni að selja það til aðila sem hafa heimild skv. 11. gr. til að selja áfengi innan lands, sbr. þó 2. mgr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimilt að flytja inn vínanda sem fellur undir tollskrárnúmer 2207.1000.

2. gr.

Orðin „nr. 63/1969“ og „með síðari breytingum“ í 1. mgr. 7. gr. laganna falla niður.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til þess að gera drykkjarhæft áfengi sem ódrykkjarhæft var, nema hafa til þess sérstakt leyfi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag leyfisveitinganna í reglugerð. Slík tæki sem finnast hjá öðrum aðilum en þeim sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein skulu gerð upptæk án tillits til hvort tækin hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða útsölum hennar“ kemur: áfengi innan lands.
b. Á undan 1. tölul. koma þrír nýir töluliðir er orðast svo :
   1. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak.
   2. Innflytjendur áfengis; þó einungis til aðila sem um ræðir í 1. og 3.–5. tölul.
   3. Aðilar sem hafa leyfi til að framleiða áfenga drykki, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak; þó einungis til sölu úr landi og til aðila sem um ræðir í 1. og 4. tölul.
c. Röð núverandi töluliða breytist þannig að 1. tölul. verður 5. tölul., 2. tölul. verður 4. tölul. og 3. tölul. 6. tölul.

6. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

Á eftir orðunum „eða veita fyrir borgun“ í 36. gr. laganna kemur: andstætt ákvæðum 3., sbr. 11. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur og vegna breyttra aðstæðna er með þessu frumvarpi lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings á áfengi verði afnuminn.

Þau sjónarmið sem einkum voru færð fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi voru að með þessum hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalds af vörum þessum, auk þess sem líklegra þótti að þetta fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig var á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.

Telja verður að framangreind sjónarmið eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu þessara vara. Afla má ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af vínandagjöldum þessum með öðrum hætti en þeim að ríkið hafi einkarétt á innflutningi og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Tekna þessara má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum og sambærilegum gjöldum á innlenda framleiðslu sé um hana að ræða á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu þessara vara verða ekkert síðri við þessa breytingu. Jafnframt þessu má benda á að óþarft er fyrir ríkið að vera í rekstri sem einkaaðilar eru færir um að leysa af hendi eða annist slíkan innflutning fyrir einkaaðila, einkum þegar haft er í huga að ekki skiptir máli fyrir ríkissjóð hvor hátturinn er hafður á.

Í frumvarpi til laga um gjald af áfengi sem flutt er samhliða frumvarpi þessu er gerð grein fyrir því að þessi breyting mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi. Gjöld af áfengi breytast úr vínandagjaldi í áfengisgjald sem verður innheimt við tollafgreiðslu.

Að því er einstakar greinar þessa frumvarps varðar er það að segja að frumvarpið gerir ráð fyrir því að felld séu úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings á áfengi. Jafnframt skilgreinir frumvarpið hverjir hafa heimild til að endurselja það áfengi sem flutt er til landsins. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efni frumvarpsins, en hins vegar er vísað til frumvarps um gjald af áfengi og frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er einkaréttur ríkisins til innflutnings áfengis afnuminn.

Í 1. mgr. er lagt er til að heimilt verði að flytja inn áfengi til þess að selja það til aðila sem selja mega áfengi innan lands og til einkanota. Ekki ber að skilja ákvæðið svo að innflutningur og frekari sala áfengis geti ekki verið á sömu hendi. Þannig kemur 1. mgr.

ekki í veg fyrir að veitingahús með almennt vínveitingaleyfi flytji inn áfengi sem ætlað er til sölu í veitingahúsinu. Á sama hátt gæti framleiðandi áfengis flutt inn áfengi til notkunar í framleiðslu sína, sbr. þó 2. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að Áfengis- og tóbaksversluninni skuli einni heimilt að flytja inn vínanda sem er 80% af styrkleika eða meira. Geta má þess að vara í þessu tollskrárnúmeri fellur ekki undir vörusvið EES-samningsins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lögð til sú breyting að við 8. gr. bætist ný málsgrein sem varðar sérstaklega sérhæfð áhöld til að eima áfengi.

Samkvæmt 8. gr., eins og hún hljóðar nú, skal gera upptæk áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Þetta orðalag hefur skapað ákveðin vandamál í framkvæmd, t.d. varðandi upptöku eimingartækja sem verið er að útbúa eða smíða á verkstæði, án beinna tengsla við áfengisframleiðslu.

Við slíkar aðstæður hefur því verið hreyft að óvarlegt sé að slá því föstu að óyggjandi sé að tækin hafi átt að nota til áfengisframleiðslu og það þó að um sérhæfð tæki sé að ræða. Það sjónarmið er á hinn bóginn ríkjandi að enginn eigi að geta haft lögmætan hagnað af starfsemi sem tengist ólöglegri áfengisframleiðslu. Sú breyting sem lögð er til í 8. gr. dregur því skýrari línur um þetta á milli viðfangsefna lögreglu og skattyfirvalda.

Í tillögunni er farin sú leið að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um það hverjir megi eiga, flytja inn, útbúa eða smíða eimingartæki til áfengisframleiðslu og að frávik frá slíkum reglum varði upptöku eimingartækjanna þótt ásetningur til ólöglegrar áfengisframleiðslu teldist ekki sannaður. Hefur ekki verið talið heppilegt að setja fram í lagaákvæðinu nánari útlistun þeirra tækja sem háð eru leyfi að öðru leyti en því að talað er um „sérhæfð tæki“, en fyrir liggur að tæki til að eima áfengi eru úr málmi og að byggingu frábrugðin þeim tækjum sem notuð eru til að eima t.d. vatn. Þótt ekki sé þannig talið fært að afmarka ákvæðið á grundvelli þeirra byggingarefna sem tækið er gert úr er allt að einu ljóst að lítil eimingartæki úr gleri, sem tíðkað er að nota á rannsóknarstofum, eru ekki sérhæfð tæki til áfengisframleiðslu og falla utan ákvæðisins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í 11. gr. laganna er kveðið á um það hverjir mega selja áfengi innan lands. Í þessari grein frumvarpsins eru annars vegar lagðar til breytingar á orðalagi 11. gr. þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir því að öll sala innan lands fari í gegnum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hins vegar er þeim aðilum fjölgað sem selja mega áfengi innan lands. Lagt er til að innflytjendur og framleiðendur áfengis geti selt varning sinn til Áfengisverslunarinnar og til veitingahúsa sem almennt áfengisveitingaleyfi hafa skv. 12. gr. laganna. Þeir sem fá leyfi til áfengisveitinga skv. 2. mgr. 20. gr. laganna gætu hins vegar ekki keypt áfengi af þessum aðilum.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að ekki verði lengur gerð sú krafa að allt áfengi sem Áfengis- og tóbaksverslunin lætur af hendi skuli merkt innsigli hennar. Er hér um að ræða sambærilega breytingu og lögð er til í 4. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Um 7. gr.

Breyting sú sem lögð er til leiðir af breytingu á 3. gr. laganna sem lögð er til með frumvarpinu, sbr. 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar breytingar á áfengislögum sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi. Samkvæmt frumvarpinu verður öllum heimilt að flytja inn áfengi til landsins til endursölu og einkanota. Þó verður aðeins heimilt að endurselja áfengi til ákveðinna aðila. Þeir sem samkvæmt frumvarpi þessu mega kaupa áfengi sem flutt er til landsins eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, veitingastaðir með vínveitingaleyfi, læknar og lyfsalar sem hafa rétt til lyfsölu. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir að öll sala á áfengi innan lands fari í gegnum ÁTVR. Lagt er til að innflytjendur og framleiðendur áfengis geti selt áfengi til ÁTVR og til vínveitingahúsa með almennt vínveitingaleyfi. Ekki er gerð breyting á fyrirkomulagi smásöluverslunar þannig að ÁTVR verður áfram með einkaleyfi á smásöluverslun innan lands.

Samhliða þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi verður flutt frumvarp þar sem gerðar eru samsvarandi breytingar á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í tengslum við ofangreind frumvörp verður jafnframt flutt frumvarp til laga um gjald á áfengi þar sem gerðar verða breytingar á fyrirkomulagi í innheimtu opinberra gjalda á áfengi.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Áætlað er að beinar tekjur ríkissjóðs lækki um u.þ.b. 50 m.kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfssemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er fram í frumvarpi þessu hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

319. Frumvarp til laga [270. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, sbr. lög nr. 40/1986 og lög nr. 82/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær málsgreinar svohljóðandi:

Læst útsending sem boðin er gegn greiðslu: Hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending ætluð almenningi, þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana.

Myndlykill: Búnaður sem með einum eða öðrum búnaði er ætlað að veita aðgang að dagskrá læstrar útsendingar eða er aðlagaður sérstaklega í því skyni.

2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Leyfi til útvarps verða ekki framseld.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Stofna skal dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva er að veita útvarpsstöðvum eða framleiðendum dagskrárefnis framlög til dagskrárgerðar, þeirrar er verða má til eflingar íslensku menningarlífi og aukinnar fræðslu um íslenskt þjóðlíf.

Framlög úr dagskrárgerðarsjóði útvarpsstöðva skulu veitt þeim útvarpsstöðvum, sem fengið hafa leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarpsreksturs, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laga þessara, eða sjálfstæðum framleiðendum dagskrárefnis til afmarkaðra, tilgreindra viðfangsefna á sviði innlendrar dagskrárgerðar. Framlög skulu veitt til:

1. handritsgerðar,
2. greiðslu hluta framleiðslukostnaðar,
3. fullvinnslu dagskrárefnis.

Við úthlutun skv. 2. og 3. tölul. skal þess gætt að fyrir liggi staðfesting á sölu dagskrárefnis eða samvinnu við innlenda ljósvakamiðla um framleiðslu eða fullvinnslu þess. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð hve hátt hlutfall úthlutunarfjár rennur til sjálfstæðra framleiðenda vegna verkefna sem fyrirhugað er að flytja í Ríkisútvarpinu.

Framlög skulu vera styrkir, en heimilt skal þó að veita lán eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

Nú lýkur útvarpsstöð eða framleiðandi innlends dagskrárefnis ekki við gerð dagskrár innan hæfilegs tíma að mati sjóðstjórnar og er þá styrkhafa skylt að kröfu stjórnarinnar að endurgreiða styrk sem honum hefur verið veittur ásamt venjulegum vöxtum sem vera skulu jafnháir og meðalvextir banka og sparisjóða af óverðtryggðum útlánum eins og þeir eru reiknaðir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Sama á við þegar styrkur hefur verið veittur til kaupa á dagskrárefni.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði úthlutunar.

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Tekjur dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva eru tollar og/eða vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Stjórn dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva skipa þrír menn, tveir tilnefndir af útvarpsréttarnefnd og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Stjórn dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð til tveggja ára í senn.

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skal kveða nánar á um starfsreglur dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva í reglugerð.

8. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur almennrar þjóðfélagsumræðu. Það skal flytja menningar-, fræðslu- og skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Ríkisútvarpið skal leggja áherslu á innlenda dagskrárgerð, einkum á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu, auk tónlistar, bæði með eigin framleiðslu og með verk- og samstarfssamningum við sjálfstæða framleiðendur dagskrárefnis.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið, sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

9. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða eina sjónvarpsdagskrá og minnst eina hljóðvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs í samráði við Póst- og símamálastofnun.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal leita leiða til þess að tryggja starfsemi svæðisútvarpa í öllum landshlutum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendinga.

10. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra samkvæmt tillögu menntamálaráðherra. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess. Hann skal skipaður til fimm ára í senn, en heimilt er að endurnýja skipun hans einu sinni til jafnlangs tíma.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út nánari reglur en kveðið er á um í lögum þessum um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

11. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 2.–7. mgr. 4. gr. og 15. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkts dagskrárefnis þyki sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

12. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið starfar í tveimur deildum, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild, undir yfirstjórn útvarpsstjóra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast öflun og útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðun útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Gerð dagskrárefnis getur farið fram í deildunum sjálfum eða utan þeirra samkvæmt sérstökum verksamningum. Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má.

Framkvæmdastjóri er fyrir hvorri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna, annar frá hljóðvarpsdeild, hinn frá sjónvarpsdeild, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjórar skulu ráðnir af útvarpsstjóra að fenginni tillögu útvarpsráðs. Framkvæmdastjórar skulu ráðnir til allt að fimm ára í senn en heimilt er að endurnýja ráðningu þeirra einu sinni til jafnlangs tíma. Aðrir starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða.

13. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins endanlega í fjárlögum.

Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Útvarpsstjóri gefur út auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögum framkvæmdastjóra hljóðvarps- og sjónvarpsdeilda.

14. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal 10% af brúttótekjum stofnunarinnar í sjóð sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

15. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, er fæst við sölu viðtækja, skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

16. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Þegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist aðfarar fyrir ógreiddum gjöldum ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, og öllum kostnaði. Hafi gjaldandi eigi greitt á eindaga skal hann greiða dráttarvexti frá og með gjalddaga. Um aðför fer samkvæmt ákvæðum aðfararlaga, nr. 90/1989.

17. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki ef hlutaðeigandi aðili óskar eftir innsiglun viðtækis og hefur þar með sagt upp útvarpsafnotum.

18. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem heimild hefur til að reka útvarp samkvæmt lögum þessum, skal varðveita í a.m.k. níu mánuði hljóð- og/eða myndupptöku af öllu frumsömdu útsendu efni eftir því sem við á. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim sem telur misgert við sig í útsendingu í té afrit af hljóð- eða myndupptöku þeirrar útsendingar.

19. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við myndlykla með það að markmiði að veita einhverjum utan hóps áskrifenda aðgang að innihaldi læstrar útsendingar sem boðin er gegn greiðslu.

Óheimilt er að taka með ólögmætum hætti á móti læstri sendingu sem send er út gegn greiðslu án þess að greiða áskriftargjaldið.

20. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Óheimil hagnýting útvarpsefnis skv. 33. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 33. gr.

Vanræksla á tilkynningum skv. 25. gr. varðar sektum.

Brot gegn ákvæðum 37. gr. varða sektum eða varðhaldi allt að einu ári. Tilraun til brots varðar sektum.

Hluti og búnað, sem notaðir hafa verið við brot gegn ákvæðum 37. gr., skal gera upptæka nema þeir séu eign aðila sem ekki er við brotið riðinn. Ávinning, sem aflað hefur verið með brotinu, skal gera upptækan. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal sá eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

Um mál vegna brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

21. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er Menningarsjóður útvarpsstöðva lagður niður og fellur umboð stjórnar hans þar með niður. Stjórn dagskrárgerðarsjóðs skal skipuð í fyrsta sinni fyrir 1. ágúst 1995.

Dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva yfirtekur við gildistöku laga þessara eignir og skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins skulu vera óbreytt næstu tvö ár frá gildistöku þessara laga.

Um athugasemdir með lagafrumvarpi þessu vísast til samhljóða athugasemda með máli sama efnis á þskj. 834, 535. mál 117. löggjafarþings, bls. 3795–3801 í A-deild Alþt. 1993–94. Niðurlag athugasemda með einstökum greinum frumvarpsins, sem fjallar um ákvæði til bráðabirgða, styttist og hljóðar svo:

Um ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta málsgrein þarfnast ekki skýringar.

Önnur málsgrein felur það í sér að dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva yfirtekur eignir, réttindi og skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Markmið 3. mgr. er að veita Ríkisútvarpinu ótvírætt aðhald til þess að taka á hagræðingar- og skipulagsmálum innan stofnunarinnar. Þetta ákvæði er og sett með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir aukinni fjárhagslegri ábyrgð útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra deilda.

Á fskj. I með frumvarpinu var birt skilagrein útvarpslaganefndar til menntamálaráðherra og vísast um hana til fskj. I á þskj. 834, 535. mál 117. löggjafarþings, bls. 3801–3812.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, sbr. lög nr. 40/1986 og lög nr. 82/1993.

Frumvarpið er samið af útvarpslaganefnd sem skipuð var af menntamálaráðherra til að endurskoða útvarpslög, nr. 68/1985. Kostnaðarumsögn byggist á frumvarpinu og greinargerð með því, en einnig að hluta til á skilagrein útvarpslaganefndar og undirnefndar hennar sem fjallaði um skipulag Ríkisútvarpsins.

Helstu þættir í frumvarpinu er snerta útgjöld og tekjur eru eftirfarandi:

1. Dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva.

Stofnaður verður nýr sjóður, dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva, í stað Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Hlutverk þessara sjóða eru hliðstæð en úthlutunarákvæði og skilyrði fyrir úthlutun úr dagskrárgerðarsjóði eru ítarlegri og skýrari. Sú veigamikla breyting er þó gerð að RÚV getur ekki fengið úthlutað úr sjóðnum. Ekki er heldur gert ráð fyrir að hluti rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði greiddur úr hinum nýja sjóði.

Tekjur dagskrárgerðarsjóðs verða tollar og vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Í núgildandi lögum er þetta markaður tekjustofn RÚV en tekjur hafa runnið í ríkissjóð þrátt fyrir ákvæði útvarpslaga. Tekjur þessar eru áætlaðar 130 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga 1995 en gert er ráð fyrir að þær verði um 125 m.kr. á yfirstandandi ári. Þetta þýðir samsvarandi tekjutap fyrir ríkissjóð ef gjöldin renna óskert í dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva. Það hefur hins vegar engin áhrif á núverandi tekjur RÚV þar sem tekjustofninn hefur verið skertur að fullu nema árið 1986.

2. Menningarsjóður útvarpsstöðva.

Gert er ráð fyrir að sjóður þessi verði lagður niður, en tekjur hans eiga að nema 10% af öllum auglýsingum í útvarpi. Ríkisútvarpið hefur á árunum 1988–1992 greitt 216,1 m.kr. í sjóðinn og fengið 95,8 m.kr. úthlutað úr honum. Á síðasta ári greiddi RÚV 35,4 m.kr. en fékk 22,9 m.kr. úthlutað. Ef tekið er mið af síðasta ári sparast um 12,5 m.kr. hjá RÚV vegna þessarar breytingar. Á móti kemur að sjóðurinn hefur greitt hlut RÚV í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á árunum 1988–1993 eru bókuð framlög Menningarsjóðs útvarpsstöðva til hljómsveitarinnar 189,8 m.kr. en í ríkisreikningi 1993 er bókfærð skuld sjóðsins við hljómsveitina 125 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi er skuld sjóðsins við Sinfóníuhljómsveitina í lok október áætluð um 163 m.kr. Þessi skuld leiðir af sér samsvarandi skuld hljómsveitarinnar við ríkissjóð. Viðræður hafa farið fram milli menntamálaráðuneytis, stjórnar Menningarsjóðs útvarpsstöðva og fjármálaráðuneytis um hvernig staðið skuli að skuldauppgjöri og er niðurstöðu að vænta á næstunni.

Hinn nýi dagskrárgerðarsjóður yfirtekur eignir og skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva en eignir sjóðsins eru einungis bankainnstæður sem námu 111 m.kr. um miðjan október 1994. Útistandandi viðskiptakröfur voru um 49 m.kr. þannig að eignir sjóðsins eru alls um 160 m.kr. Skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva, að frátalinni skuld vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, eru bindandi loforð um styrki að fjárhæð 20 m.kr. sem gilda út þetta ár. Skilyrði styrkjanna er að styrkþegar hafi útvegað nægilegt fjármagn annars staðar til að fjármögnun sé tryggð.

3. Tengsl Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, skal Ríkisútvarpið greiða 25% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Samkvæmt núgildandi útvarpslögum greiðir Menningarsjóður útvarpsstöðva hlut RÚV, en gert er ráð fyrir að fella ákvæði um sjóðinn niður og fellur því þessi kvöð sjálfkrafa á RÚV að óbreyttum lögum um Sinfóníuhljómsveitina. Rekstrarkostnaður hljómsveitarinnar er áætlaður 181 m.kr. nettó í frumvarpi til fjárlaga 1995 og yrði því um að ræða 45,3 m.kr. útgjaldaauka fyrir RÚV. Af skilagrein útvarpslaganefndar má ráða að nefndin telur að þessi kvöð eigi ekki að hvíla á RÚV, en til að svo megi verða þarf að breyta lögum um Sinfóníuhljómsveitina.

4. Skipulag og rekstur Ríkisútvarpsins.

Í 9. gr. er ákvæði núgildandi laga um skyldu Ríkisútvarpsins til að reka tvær útvarpsrásir breytt á þá lund að stofnuninni er heimilt að reka aðeins eina rás. Ef rás 1 eða 2 verður lögð niður eða breytt verulega hefur það að sjálfsögðu mikil áhrif á rekstrarkostnað, en ógerlegt er að meta á þessu stigi hvort eða að hve miklu leyti útgjöld breytast þar sem það fer alfarið eftir því með hvaða hætti þessi heimild verður nýtt. Í frumvarpi til fjárlaga 1995 er velta beggja útvarpsrásanna, að frátöldum tækja- og búnaðarkaupum, áætluð rúmlega 830 m.kr.

Áformað er að einfalda yfirstjórn stofnunarinnar og fækka um eina lögbundna deild þannig að deildirnar verði tvær. Deildirnar eru nú fjórar: fjármáladeild, tæknideild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Gert er ráð fyrir að fella verkefni fjármála- og tæknideildar undir tvær síðastnefndu deildirnar. Kostnaðaráhrif eru óljós þó ætla megi að einhver hagræðing hljótist af þessari breytingu. Á móti kemur að efla þarf fjármála- og tækniumsýslu í hvorri deild fyrir sig. Til lengri tíma ætti þetta að geta sparað verulega fjármuni ef stjórnun og skipulag verður skilvirkara en nú er. Í tillögum undirnefndar útvarpslaganefndar, sem fjallaði um skipulag Ríkisútvarpsins, er lagt til að skipaðir verði vinnuhópar til að útfæra nánar ýmis atriði sem fylgja í kjölfar þessarar breytingar og kæmi þá nánar í ljós hvaða áhrif það hefur á rekstrarkostnað stofnunarinnar.

Að lokum er rétt að benda á að í ákvæði til bráðabirgða segir að afnotagjöld skulu vera óbreytt næstu tvö ár frá gildistöku laganna. Þetta hefur ekki bein áhrif á rekstur RÚV á þessu stigi, en getur sett stofnuninni þrengri ramma ef verulegar breytingar verða á útgjöldum af völdum verðlagsbreytinga eða annarra þátta. Á móti vegur svigrúm sem skapast af aukinni framleiðni sem ætla verður að eigi sér stað.

Það er mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið muni leiða til um 32,8 m.kr. kostnaðarauka fyrir Ríkisútvarpið. Kostnaðarauki vegna reksturs Sinfóníuhljómsveitarinnar er um 45,3 m.kr. en á móti kemur sparnaður vegna niðurlagningar Menningarsjóðs, sbr. lið 2 hér að framan. Óvissuþættir eru þó margir, t.d. hvað varðar breytt skipulag RÚV. Að mati fjármálaráðuneytis mun árlegt tekjutap ríkissjóðs verða um 130 m.kr. vegna tolla og vörugjalda.

Í skilagrein útvarpslaganefndar er fjallað um tvö atriði sem geta haft veruleg áhrif á fjármál Ríkisútvarpsins. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á lögum vegna þeirra og því skal aðeins bent á þessi atriði hér. Annars vegar er um að ræða dreifikerfi RÚV og hvort hagstæðara sé að dreifa dagskrárefni um ljósleiðara í eigu Pósts og síma í stað þess að endurnýja örbylgjukerfi RÚV. Að mati Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands er fyrri kosturinn um 400 m.kr. ódýrari. Hitt atriðið varðar húsnæðismál Ríkisútvarpsins, en talið er að flutningur allrar starfsemi í Efstaleitið geti kostað á annan milljarð króna. Í skilagrein undirnefndar útvarpslaganefndar sem fjallaði um skipulag RÚV er fjallað um húsnæðismál, m.a. kosti og galla þess að halda núverandi fyrirkomulagi saman borið við að flytja alla starfsemina á einn stað.

320. Fyrirspurn [271. mál]

til viðskiptaráðherra um flutningsjöfnunargjald á olíu.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mikið magn af gasolíu hefur verið selt um borð í skip samkvæmt undanþáguákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frá því að þau lög tóku gildi?
2. Hvernig er sölu til millilandaskipa og erlendra skipa samkvæmt framangreindu undanþáguákvæði háttað í framkvæmd?
3. Falla skip, sem gerð eru út af íslenskum aðilum en sigla undir erlendum fána, undir þetta undanþáguákvæði laganna?
4. Falla íslensk fiskiskip, sem gerð eru út á úthafsveiðar, undir framangreint undanþáguákvæði?

321. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um gerð brúar yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði.

Flm.: Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerðina gera áætlun um vegtengingu Skagafjarðarvegar, nr. 752, við þjóðveg nr. 1, Norðurlandsveg, með gerð brúar yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði.


Greinargerð.

Um langt skeið hafa hugmyndir verið uppi um gerð brúar yfir Héraðsvötn við Flatatungu og til skamms tíma var á vegaskrá Vegagerðarinnar talað um vegtengingu af Héraðsdalsvegi, nr. 754, yfir brú hjá Flatatungu á þjóðveg nr. 1. Jafnhliða hugmyndum um Villinganesvirkjun var rætt um brúargerð á þessum stað og tengingar við Héraðsdalsveg, nr. 754, eða um Tunguháls á Skagafjarðarveg.

Með þeirri framkvæmd, sem hér er lagt til að verði athuguð, kemst á hringtenging um framhluta Skagafjarðar. Slík vegtenging opnar margvíslega nýja möguleika til hagræðis og mikils ávinnings, svo sem á flutningi afurða og mjög bættum þjónustuleiðum. Slík vegtenging opnar einnig nýjar leiðir fyrir þá er vilja njóta fegurðar skagfirskra dala og þeirra er öræfin heilla og vilja m.a. aka um Sprengisand.

Ferðaþjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein. Enginn vafi er á að ferðaþjónusta á þessu svæði mun hafa af því mikinn ávinning að sú áætlun, sem hér er lagt til að verði gerð, komist sem allra fyrst til framkvæmda.

Fylgiskjal.


Sauðárkrókur
Varmahlíð
Steinsstaðabyggð
Héraðsdalsvegur
Flatatunga
Þjóðvegur nr. 1
Tunguháls
Sprengisandsleið
© LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

322. Lög [221. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 256.

323. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneytinu, Halldór Grönvold og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands og Jón Steindór Valdimarsson og Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins. Þá studdist nefndin við umsagnir sem félagsmálaráðuneytinu höfðu borist um frumvarpið frá ýmsum aðilum þegar það var á vinnslustigi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað orðsins manntalsskrifstofa í a-lið 13. gr. komi skráningaryfirvald. Breytingin byggist á því að hætt er að nota orðið manntalsskrifstofa og er það í samræmi við ákvæði annarra laga og samninga.
2. Lögð er til sú breyting á 14. gr. að sérhæfðum starfsmönnum, ráðgjöfum og leiðbeinendum, sem vinna að samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja, verði heimilað að vinna á Íslandi í allt að fjórar vikur á ári án atvinnuleyfis. Frumvarpið hafði miðað við að þessum útlendingum væri heimilt að vinna hér allt að 10 daga á ári. Það er mat nefndarinnar að í mörgum tilvikum séu 10 dagar of stuttur tími fyrir þessa útlendinga til að ljúka sínum verkefnum.

Kristinn H. Gunnarsson og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 1994.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Helgason.
Eggert Haukdal.	Sigbjörn Gunnarsson.	Jón Kristjánsson.
	Guðrún J. Halldórsdóttir.	

324. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 13. gr. Í stað orðsins „manntalsskrifstofu“ í a-lið komi: skráningaryfirvaldi.
2. Við 14. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Svohljóðandi stafliður bætist við fyrri málsgrein: Sérhæfðir starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.
   b. Síðari málsgrein falli brott.

325. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 10. október sl. og vísað til fjárlaganefndar eftir 1. umr. 19. sama mánaðar. Nefndin hefur kannað frumvarpið í heild og í einstökum atriðum og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum. Einnig hafa komið fyrir nefndina forsvarsmenn nokkurra ríkisstofnana sem lagt hafa fram upplýsingar um tiltekin verkefni og önnur erindi. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem fram koma í frumvarpinu.

Á meðan nefndin hafði frumvarpið til athugunar var unnið að sérstakri skoðun á nokkrum málum í ráðuneytunum, sem nú hafa verið leidd til lykta, auk þess sem önnur ný útgjaldatilefni hafa komið fram. Af þeim ástæðum gerir meiri hluti fjárlaganefndar 23 breytingartillögur við frumvarpið, sem samtals nema 196,8 m.kr. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Í töflunni hér að neðan er yfirlit um breytingar á fjárheimildum ráðuneyta árið 1994.

Fjárheimildir ráðuneyta 1994.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1994 m.kr.	Frv. til fjáraukalaga m.kr.	Breytingar-tillögur m.kr.	Alls nýjar heimildir m.kr.	Yfirfærðar heimildir m.kr.	Heimildir ársins m.kr.
00 Æðsta stjórn	1.093,0	59,3	1,0	1.153,3	45,1	1.198,4
01 Forsætisráðuneyti	493,8	363,0	-	856,8	45,9	902,7
02 Menntamálaráðuneyti	16.737,2	61,0	-52,7	16.745,5	735,9	17.481,4
03 Utanríkisráðuneyti	1.575,0	55,3	-	1.630,3	63,1	1.693,4
04 Landbúnaðarráðuneyti	6.862,6	34,9	13,5	6.911,0	108,7	7.019,7
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.089,8	-192,0	-	897,8	61,4	959,2
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.417,2	611,0	-	6.028,2	243,1	6.271,3
07 Félagsmálaráðuneyti	5.811,7	6,7	3,0	5.821,4	233,2	6.054,6
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	47.673,9	1.499,0	421,0	49.593,9	88,7	49.682,6
09 Fjármálaráðuneyti	16.200,9	696,0	-218,0	16.678,9	247,0	16.925,9
10 Samgönguráðuneyti	8.908,1	434,5	9,0	9.351,6	9,5	9.361,1
11 Iðnaðarráðuneyti	1.021,2	73,0	20,0	1.114,2	13,8	1.128,0
12 Viðskiptaráðuneyti	168,2	-	-	168,2	11,5	179,7
13 Hagstofa Íslands	146,6	-	-	146,6	9,8	156,4
14 Umhverfisráðuneyti	582,4	7,0	-	589,4	7,0	596,4
Samtals	**113.781,6**	**3.708,7**	**196,8**	**117.687,1**	**1.923,7**	**119.610,8**

Fjárlaganefnd hefur lokið umfjöllun sinni um frumvarp til fjáraukalaga ársins 1994 og mælir meiri hlutinn með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

610 Umboðsmaður Alþingis. Lagt er til að rekstrarframlag embættisins hækki um 1 m.kr. til að standa straum af auknum kostnaði við aðkeypta sérfræðiþjónustu og lausráðna starfsmenn þar sem málum og fyrirspurnum sem berast embættinu hefur farið fjölgandi.

02 Menntamálaráðuneyti

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði aukin um 2,3 m.kr. til að mæta rekstrarhalla síðustu ára. Nýr forstöðumaður hefur verið ráðinn að stofnuninni og miðar tillagan að því að rekstrinum verði framvegis komið í það horf sem fjárlög ákvarða.

422 Námsgagnastofnun. Eftir að virðisaukaskattur var tekinn upp í stað söluskatts fékk Námsgagnastofnun fyrst um sinn endurgreiddan innskatt af aðföngum til bókaframleiðslu sinnar, en þurfti hins vegar ekki að skila útskatti af bókum, heldur einungis af öðrum vörum. Voru þau skattskil með svipuðu móti og verið hafði í söluskattskerfinu. Þegar ákveðið hafði verið að leggja 14% virðisaukaskatt á innlendar bækur frá miðju ári 1993 var fyrirsjáanlegt að geta stofnunarinnar til að út-

hluta bókum til grunnskóla mundi skerðast af væntanlegum útskatti á framleiðsluna. Fjárlaganefnd gerði því breytingartillögu við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1993 um að framlag stofnunarinnar yrði hækkað sem næmi áætlaðri skattlagningu á síðari árshelmingi 1993. Í fjárlögum ársins 1994 var fjárveiting til bókaframleiðslu stofnunarinnar hins vegar ekki breytt miðað við skattinn sem standa verður skil á fyrir heilt rekstrarár. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 10 m.kr. í ár af þeirri ástæðu. Er þá gert ráð fyrir að sambærileg breyting verði gerð í frumvarpi til fjárlaga ársins 1995.

872 *Lánasjóður íslenskra námsmanna.* Í fjárlögum var framlag til sjóðsins ákvarðað 1.550 m.kr. og miðað við að það þyrfti að nema 54% af lánveitingum til þess að sjóðurinn gæti viðhaldið óbreyttri eiginfjárstöðu. Endurskoðuð áætlun sjóðsins um lánveitingar í ár bendir til að þær verði 120 m.kr. lægri en ætlað var við setningu fjárlaga. Er því lagt til að ríkisframlagið lækki tilsvarandi í samræmi við styrkhlutfallið, eða um 65 m.kr. Reynslan af nýjum lögum og úthlutunarreglum sjóðsins bendir til að unnt verði að lækka þetta hlutfall, enda hefur þegar verið skipaður starfshópur til að endurmeta hlutdeild ríkissjóðs í fjármögnun sjóðsins.

04 Landbúnaðarráðuneyti

221 *Veiðimálastofnun.* Alþingi samþykkti í vor ýmsar breytingar á ákvæðum laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, sem tóku gildi í júní sl. Með þeirri lagabreytingu var gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna eftirlits með ólöglegri sjávarveiði en á móti mundi kostnaður vegna eftirlits við ár færast til veiðiréttareigenda. Í framhaldi af þessum áherslubreytingum er fyrirhugað að efla frekar eftirlit með ólöglegum veiðum í sjó og er gerð tillaga um 2,5 m.kr. viðbótarframlag til stofnunarinnar af þeirri ástæðu. Gerð hefur verið sambærileg hækkun í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

321 *Skógrækt ríkisins.* Gerð er tillaga um viðbótarfjárveitingu til stofnunarinnar að fjárhæð 6 m.kr. Fram til ársins 1992 fékk stofnunin endurgreiddan virðisaukaskatt af aðföngum til plöntuframleiðslu sinnar og vegna nytjaskógræktar bænda. Samkvæmt nýlegum úrskurði yfirskattanefndar verður stofnuninni ekki lengur heimilt að reikna innskatt af slíkum aðföngum og henni gert að endurgreiða innskattinn fyrir tímabilið 1992–1994. Úrskurðurinn mundi að óbreyttu leiða til samsvarandi skerðingar á ræktunarstarfi Skógræktarinnar þar sem landbúnaðarráðuneytið gerði ekki ráð fyrir þessari breytingu í þeim rekstrarforsendum sem lagðar hafa verið til grundvallar fjárlögum.

331 *Héraðsskógar.* Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar hækki um 5 m.kr. Efnisatriði málsins eru þau sömu og fram koma varðandi Skógrækt ríkisins hér að framan.

07 Félagsmálaráðuneyti

703 *Málefni fatlaðra, Vesturlandi.* Akranesbær hefur rekið verndaðan vinnustað með starfsleyfi frá félagsmálaráðherra frá árinu 1983. Í fjárlögum hefur verið veitt framlag vegna launa forstöðumanns, leiðbeinanda og launa fatlaðra starfsmanna. Að öðru leyti hefur vinnustaðnum verið ætlað að standa straum af rekstrarkostnaði með sértekjum. Rekstrarskilyrði vinnustaðarins hafa versnað til muna að undanförnu, eink-

um vegna samdráttar í byggingariðnaði og sjávarútvegi, fjölgunar fatlaðra starfsmanna og vöruþróunarátaks sem ekki skilaði tilætluðum árangri. Þrátt fyrir að félagsmálaráðuneytið hafi fyrr á árinu lagt rekstrinum til sérstakt 4 m.kr. viðbótarframlag er nú orðið ljóst að sú fjárveiting nægir ekki til að mæta fyrirsjáanlegum halla. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun fjárheimildar til að leysa úr þeim vanda.

951 *Brunamálastofnun ríkisins.* Ráðið hefur verið í stöðu skólastjóra til að undirbúa starfrækslu Brunamálaskóla í tengslum við starfsemi stofnunarinnar. Gerð er tillaga um viðbótarheimild að fjárhæð 1 m.kr. þar sem ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlögum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

350 *Sjúkrahúsið Akranesi.* Undanfarin ár hefur myndast verulegur rekstrarhalli hjá sjúkrahúsinu. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur haft fjárhagsvanda sjúkrahússins til skoðunar og hefur nú, í samráði við fjármálaráðuneytið, gengið frá skriflegu samkomulagi við stjórnendur stofnunarinnar þar sem kveðið er á um aðgerðir til að koma böndum á reksturinn og hvernig brugðist verði við ef vanhöld verða á tilskildum árangri. Til að þessi áætlun nái fram að ganga er farið fram á 28 m.kr. viðbótarframlag, sem ætlað er að mæta stærstum hluta af uppsöfnuðum halla sjúkrahússins.

361 *Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.* Sjúkrahúsið hefur um árabil verið rekið með talsverðum halla. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur nú gert svipaðar ráðstafanir til lausnar fjárhagsvandanum og getið er um hér að framan varðandi Sjúkrahúsið Akranesi. Undirritað hefur verið skriflegt samkomulag við stjórn sjúkrahússins um aðgerðir til sparnaðar og jafnframt kveðið á um viðbrögð ef aðgerðir bera ekki árangur. Í framhaldi af því samkomulagi er sótt um 23 m.kr. viðbótarframlag til að mæta uppsöfnuðum halla að mestu.

371 *Ríkisspítalar.* Eftir að frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram hefur fjárhagsvandi Ríkisspítala verið tekinn til sérstakrar skoðunar hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og fjármálaráðueyti. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar athugunar og samkomulagi sem gengið hefur verið frá milli ráðuneytanna og Ríkisspítala er lagt til að fjárveiting spítalanna verði aukin um 242 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Þar af eru 46 m.kr. vegna kostnaðar sem leitt hefur af yfirtöku bráðavakta, 15 m.kr. þar sem ekki hefur orðið af þeim sparnaði í rekstri Gunnarsholtsheimilisins sem fyrirhugaður var í fjárlögum, 35 m.kr. vegna fjölgunar hjartaaðgerða á árinu 1994 og 146 m.kr. vegna ýmissa annarra umframútgjalda í rekstri. Að auki eru 86 m.kr. á liðnum *09–989 Launa- og verðlagsmál* hjá fjármálaráðuneyti ætlaðar til að mæta kostnaði við launahækkanir hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta á árinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ríkisspítölum verði veittar samtals 52 m.kr. Þar af eru 34 m.kr. vegna samninga um vaktir og álag við lækna, 13 m.kr. til að ganga frá skuld Vistheimilisins Tjaldanesi og 5 m.kr. vegna meðferðargjalds af áfengismeðferð sem ekki kom til framkvæmda. Hækkun fjárveitingar frá fjárlögum yrði samkvæmt þessu alls 294 m.kr., auk 86 m.kr. vegna launahækkana heilbrigðisstétta eins og áður segir. Þessar tillögur gera ráð fyrir að

Ríkisspítölum verði ætlað að leysa að öðru leyti úr fjárhagsvanda sínum í ár, en sá vandi er talinn nema 70 m.kr.

372 *Borgarspítalinn.* Gerð er tillaga um 125 m.kr. hækkun fjárheimildar frá frumvarpi. Að auki eru 44 m.kr. á liðnum *09–989 Launa- og verðlagsmál* hjá fjármálaráðuneyti ætlaðar til að mæta kostnaði við launahækkanir hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta á árinu. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir 87 m.kr. viðbótarheimild til spítalans, en þar af eru 80 m.kr. vegna ofáætlunar sértekna og 7 m.kr. vegna sérstakra álagsgreiðslna til lækna. Uppsafnaður fjárhagsvandi spítalans er hins vegar orðinn mun meiri, eða um 350 m.kr. árin 1993 og 1994, og hefur verið leitað lausna á þeim vanda í tengslum við fyrirhugaða sameiningu við St. Jósefsspítala, Landakoti. Um leið og gengið var frá samningi um sameiningu spítalanna gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra samkomulag við Reykjavíkurborg um að beita sér fyrir hækkun fjárveitingar um 125 m.kr. í fjáraukalögum í ár, auk launabóta, og um 100 m.kr. í fjárlögum næsta árs, gegn því að bráðabirgðastjórn hins nýja Sjúkrahúss Reykjavíkur grípi til aðhaldsaðgerða sem skili 180 m.kr. sparnaði á árinu 1995.

411 *Garðvangur, Garði.* Á árinu 1993 fór fram starfsmat hjá dvalarheimilinu sem hafði í för með sér nokkra aukningu launakostnaðar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hefur tekist að útvega fjármagn til að mæta stærstum hluta kostnaðaraukans á árinu 1993 og jafnframt hefur verið tekið tillit til hans í frumvarpi til fjárlaga 1995. Eftir stendur að fjármagn skortir til að mæta hluta kostnaðarins frá 1993 og allt árið 1994. Lagt er til að af þeirri ástæðu verði fjárheimild stofnunarinnar hækkuð um 3 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

481 *Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.* Í 6. gr. fjárlaga er heimild til „að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðræðis vorið og sumarið 1993". Landbúnaðarráðherra skipaði í júní nefnd til að gera tillögur um hvernig nýta skyldi heimildargreinina. Nefndin hefur lagt til að veittar verði 12 m.kr. inn í hina Almennu deild Bjargráðasjóðs sem síðan veiti styrki til bænda vegna kals á ræktuðu landi í samræmi við fyrri úthlutun deildarinnar í mars sl. Leitað er eftir tilsvarandi hækkun fjárheimildar á þessum lið þar sem sýnt þykir að heimildir fjárlaga muni ekki nægja í ár.

801 *Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.* Að teknu tilliti til útkomu fyrstu tíu mánaða ársins er gerð tillaga um 300 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna vaxtagjalda ríkissjóðs. Lækkun vaxtagjalda miðað við greiðsluáætlun hefur komið fram jafnt í vöxtum af ríkisvíxlum og ríkisbréfum sem í vaxtagreiðslum vegna spariskírteina. Á móti vegur að vextir og lántökukostnaður erlendra lána eru nokkru hærri en áætlað var í fjárlögum.

989 *Launa- og verðlagsmál.* Í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga 1994 kemur fram að fjárheimild sem leitað var eftir til að bæta sjúkrastofnunum launakostnað vegna kjarasamnings hjúkrunarfræðinga kynni að taka breytingum þar sem málið var enn til skoðunar í vinnuhópi á vegum fjármálaráðuneytis og heilbrigðis- og

tryggingamálaráðuneytis. Þeirri athugun er lokið og er farið fram á 70 m.kr. hækkun heimildar á þessum lið í samræmi við þær niðurstöður. Áður hafði verið gert ráð fyrir að með kjarasamningnum yrðu felldar niður allar yfirborganir og einstaklingsbundin ráðningarkjör hjá sjúkrahúsum, en nú er gert ráð fyrir að það samkomulag komi til framkvæmda í byrjun næsta árs.

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um viðbótarframlag að fjárhæð 4 m.kr. vegna starfslokasamnings og breytinga í starfsmannahaldi, sem ekki voru fyrirsjáanlegar við afgreiðslu fjárlaga.

333 Hafnamál. Gerð er tillaga um 8 m.kr. millifærslu fjárheimildar af viðfangsefninu Hafnamannvirki yfir á viðfangsefnið Sjóvarnargarðar. Framlagið er ætlað til að byggja flóðvarnargarð við Vík í Mýrdal og kemur til viðbótar framlagi til sama verkefnis á fjárlagalið Landgræðslu ríkisins í frumvarpinu. Heildarfjárheimild fjárlagaliðarins verður óbreytt eftir sem áður.

471 Flugmálastjórn. Eins og getið er um í greinargerð frumvarpsins var athugun á kostnaðarauka A-hluta stofnunarinnar vegna dóms um kjarasamning flugumferðarstjóra ekki að fullu lokið þegar það var lagt fram. Samkvæmt endanlegri úttekt þarf 5 m.kr. til viðbótar þeim 80 m.kr. sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu til að mæta launahækkuninni. Lagt er til að fjárheimildin verði hækkuð sem því nemur.

11 Iðnaðarráðuneyti

299 Iðja og iðnaður, framlög. Í tengslum við endurnýjun námaleyfis Kísiliðjunnar hf. var stofnaður sjóður sem ætlað er að fjármagna undirbúning aðgerða til að efla atvinnulíf þeirra sveitarfélaga sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar. Tekjur sjóðsins eru 20% af námagjaldi verksmiðjunnar til ársins 2001 og síðan 68% til ársins 2010. Fyrirhugað er að efla sjóðinn frekar fjárhagslega með því að veita jafnframt til hans allt að 20% af tekjum ríkisins sem hluthafa í Kísiliðjunni hf. Gert er ráð fyrir að á næstunni verði lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, þar sem þessi regla verði lögbundin. Gerð er tillaga um viðbótarheimild að fjárhæð 5 m.kr. sem verði framlag sjóðsins í ár og er þá miðað við að arðgreiðsla verksmiðjunnar til ríkissjóðs verði 25 m.kr.

399 Ýmis orkumál. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir 15 m.kr. fjárveitingu til markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, sem verði varið til að fjármagna athugun á sérstökum kostum í orkufrekum iðnaði. Meðal annars verður athuguð hagkvæmni af rekstri sinkverksmiðju í samstarfi við bandaríska aðila. Gert er ráð fyrir að verkefnið fái mótframlög frá öðrum aðilum.

Alþingi, 8. desember 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Johnsen.	Árni M. Mathiessen.

326. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, GunnS, ÁJ, ÁMM).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Nýr liður:	
00–610 Umboðsmaður Alþingis.	
101 Almennur rekstur	1.000
2. Við 3. gr. Nýr liður:	
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.	
101 Yfirstjórn	2.300
3. Við 3. gr. Nýr liður:	
02–422 Námsgagnastofnun.	
120 Framleiðsludeild	10.000
4. Við 3. gr. Nýr liður:	
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
101 Framlag	-65.000
5. Við 3. gr. Nýr liður:	
04–221 Veiðimálastofnun.	
101 Almennur rekstur	2.500
6. Við 3. gr. Nýr liður:	
04–321 Skógrækt ríkisins.	
190 Sérstök verkefni	6.000
7. Við 3. gr. Nýr liður:	
04–331 Héraðsskógar.	
110 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	5.000
8. Við 3. gr. Nýr liður:	
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.	
130 Verndaður vinnustaður Akranesi	2.000

Þús. kr.

9. Við 3. gr. Nýr liður:
07–951 Brunamálastofnun ríkisins.
101 Almennur rekstur 1.000
10. Við 3. gr. Nýr liður:
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi.
101 Almennur rekstur 28.000
11. Við 3. gr. Nýr liður:
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.
101 Almennur rekstur 23.000
12. Við 3. gr. 08–371 Ríkisspítalar. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „47.000“ kemur 289.000
13. Við 3. gr. 08–372 Borgarspítalinn. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „7.000“ kemur 132.000
14. Við 3. gr. Nýr liður:
08–411 Garðvangur, Garði.
101 Almennur rekstur 3.000
15. Við 3. gr. Nýr liður:
09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
601 Heimildarákvæði 12.000
16. Við 3. gr. Nýr liður:
09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.
110 Vextir ..... -300.000
17. Við 3. gr. 09–989 Launa- og verðlagsmál. 190 Launabætur.
Fyrir „300.000“ kemur 370.000
18. Við 3. gr. Nýr liður:
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.
101 Yfirstjórn 4.000
19. Við 3. gr. Nýr liður:
10–333 Hafnamál.
630 Hafnamannvirki ..... -8.000
20. Við 3. gr. Nýr liður:
10-333 Hafnamál.
640 Sjóvarnargarðar 8.000
21. Við 3. gr. 10–471 Flugmálastjórn. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „80.000“ kemur 85.000
22. Við 3. gr. Nýr liður:
11–299 Iðja og iðnaður, framlög.
145 Sjóður til eflingar atvinnulífi í Mývatnssveit 5.000
23. Við 3. gr. 11–399 Ýmis orkumál. Nýr liður:
117 Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar 15.000

327. Fyrirspurn [273. mál]

til fjármálaráðherra um hönnun, viðhald og viðgerðir á vegum ríkisins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvernig er háttað vali á aðilum sem annast hönnun vegna viðhalds og viðgerða á opinberum byggingum og öðrum eignum, svo og þeim sem annast viðgerðir og viðhald?
2. Hvaða verklagsreglur gilda um útboð þegar hönnun, viðhald og viðgerðir eiga í hlut?
3. Við hve marga aðila hefur verið samið um hönnun vegna viðhalds og viðgerða, svo og viðgerðir og viðhald árin 1993 og 1994?
4. Hversu miklu fé var varið til hönnunar vegna viðgerða og endurbóta á vegum ríkisins, svo og til viðhalds og viðgerða árin 1993 og 1994?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Sú regla hefur gilt hjá hinu opinbera um langt skeið að bjóða út öll stærri verk, sbr. lög þess efnis. Spurningin er hins vegar sú hvaða reglur gilda þegar um er að ræða minni verk, svo sem hönnun vegna viðgerða og endurbóta. Eru verkin boðin út eða skiptir ríkið við ákveðna aðila? Hvernig eru þeir valdir?

Tekið skal fram að eingöngu er átt við þær byggingar eða eignir sem búið er að reisa eða ganga frá, ekki nýbyggingar eða hönnun nýrra bygginga.

328. Fyrirspurn [274. mál]

til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hefur verið lokið við að fullu að gera ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda sem ríkisstjórnin ákvað síðari hluta árs 1992?
2. Hvað leiddu þær ráðstafanir til mikillar skuldalækkunar fyrir loðdýrabúskapinn í landinu?
3. Hver er nú rekstrarstaða loðdýrabúskaparins að loknum þessum skuldalækkunum og í ljósi núverandi heimsmarkaðsverðs á refa- og minkaskinnum?

329. Fyrirspurn [275. mál]

til iðnaðarráðherra um niðurgreiðslu raforku og afslátt til húshitunar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hafa verið framlög á fjárlögum til niðurgreiðslu á raforku á árunum 1990–94, reiknað á verðlagi þessa árs?
2. Hver hefur verið árlegur afsláttur Landsvirkjunar af orkusölu til húshitunar á árunum 1990–94, reiknað í krónum á kílóvattstund á verðlagi þessa árs?
3. Hefur náðst markmið svokallaðrar orkuverðsjöfnunarnefndar frá árinu 1991 um jöfnun orkuverðs?

330. Nefndarálit [182. mál]

um till. til þál. um samning um bráðabirgðasamkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér að heimild til handa ríkisstjórninni til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um bráðabirgðasamkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu sem undirritaður var 28. september 1994 í Brussel. Samningnum er ætlað að leysa það millibilsástand sem skapast við inngöngu tiltekinna EFTA-ríkja í ESB varðandi óafgreidd mál sem þá liggja fyrir hjá EFTA-dómstólnum og eftirlitsstofnun EFTA og með hvaða hætti eigi að ljúka þeim.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Páll Pétursson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Geir H. Haarde.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Árni R. Árnason.		Halldór Ásgrímsson.

331. Svar [217. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Elínbjargar Magnúsdóttur um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufólks.

1. Hvað hafa fiskvinnslufyrirtæki fengið greitt samkvæmt lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 42/1992? Hvaða fyrirtæki hafa fengið greiðslur?

Greiðslur til fiskvinnslufyrirtækja samkvæmt lögum nr. 34/1988 tímabilið 1988–1993 koma fram í fylgiskjali. Greiðslur til fiskvinnslufyrirtækja á þessu ári hafa verið sem hér segir:

	Jan.–okt. 1994	Jan.–nóv. 1994	Samtals
Reykjavík:			
Grandi hf.	2.520.603		
Ísfiskur hf.	553.356		
Helganes hf.	541.582		
Sæver hf.	324.307		**3.939.848**
Umdæmi sýslumanns í Keflavík			**0**
Umdæmi sýslumanns í Hafnarfirði			**0**
Umdæmi sýslumanns á Akranesi:			
Krossvík hf.	702.397		
Haraldur Böðvarsson hf.	2.749.986		
Haförninn hf.	838.323		**4.290.706**
Umdæmi sýslumanns í Borgarnesi			**0**
Umdæmi sýslumanns í Stykkishólmi:			
Þórsnes hf.	846.625		
Íshákarl hf.	209.783		
Hraðfrystihús Grundarfjarðar	747.362		
Gullker STM.G.L.	192.658		
VF. Stjarnan GRF.	382.531		**2.369.970**
Umdæmi sýslumanns í Búðardal			**0**
Umdæmi sýslumanns á Patreksfirði		475.757	**475.757**
Umdæmi sýslumanns á Ísafirði:			
Fáfnir hf.		65.932	
Fiskiðjan Freyja hf.		1.919.619	
Fiskverkun Ásbergs hf.		369.259	
Fiskvinnslan Kambur hf.		170.181	
Frosti hf.		1.065.975	
Básafell hf.		301.831	
Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf.		887.938	
Hraðfrystihúsið hf.		916.772	
Íshúsfélag Ísfirðinga hf.		1.656.213	**7.353.720**
Umdæmi sýslumanns á Bolungarvík:			
Þuríður hf.		2.045.382	**2.045.382**
Umdæmi sýslumanns á Hólmavík			**0**
Umdæmi sýslumanns á Blönduósi:			
Ígull hf.	38.532		**38.532**
Umdæmi sýslumanns á Sauðárkróki:			
Fiskiðja Sauðárkróks	2.090.870		**2.090.870**
Umdæmi sýslumanns á Siglufirði			**0**
Umdæmi sýslumanns á Ólafsfirði			**0**
Umdæmi sýslumanns á Akureyri			**0**

	Jan.–okt. 1994	Jan.–nóv. 1994	Samtals
Umdæmi sýslumanns á Húsavík:			
Fiskiðjusamlag Húsavíkur (námskeið)		623.996	
Hraðfrystistöð Þórshafnar		1.935.139	
Gefla hf.		263.299	**2.822.434**
Umdæmi sýslumanns á Seyðisfirði:			
Fiskiðjan Dvergasteinn hf.	3.930.216		**3.930.216**
Umdæmi sýslumanns í Neskaupstað			**0**
Umdæmi sýslumanns á Eskifirði			**0**
Umdæmi sýslumanns á Höfn:			
Borgey hf.		272.932	
Skinney hf.		150.915	**423.847**
Umdæmi sýslumanns í Vík			**0**
Umdæmi sýslumanns á Hvolsvelli			**0**
Umdæmi sýslumanns á Selfossi:			
Ísfold	282.564		**282.564**
Umdæmi sýslumanns í Vestmannaeyjum:			
Vinnslustöð Vestmannaeyja		1.153.475	
Ísfélag Vestmannaeyja		4.156.360	**5.309.835**
Samtals			**35.373.681**

2. Hvernig er hagað eftirliti með því að haldin séu ákvæði fyrri málsgreinar 6. gr. reglugerðar nr. 425/1988, um greiðslur vegna fastráðins fiskvinnslufólks, sbr. breytingu á henni, nr. 260/1992?

Líta verður svo á að eftirlitið sé í höndum starfsfólksins sjálfs og stéttarfélags þeirra. Í því sambandi er á það bent að hliðstætt ákvæði er í 16. kafla kjarasamnings Verkamannasambands Íslands.

Fylgiskjal.

Tyggingastofnun ríkisins:

Nafn:	Staður	1988		1989		1990		1991		1992		1993		Samtals	
		Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður
Fiskiiausn hf	101 Reykjavík									572.210				572.210	
Fræðslur. iðnm.	101 Reykjavík												252000		252.000
Grandi hf	101 Reykjavík	2.247.478		4.482.554		3.096.691		5.460.715		7.269.200		5.683.400		28.260.038	
Isafold hf	101 Reykjavík							202.618		218.908		261.158		682.684	
Ísex hf	101 Reykjavík												428.120		428.120
Pólar-Frost hf	101 Reykjavík									159.971		785.615		945.586	
Sæver hf	101 Reykjavík											117.735		117.735	
Selfiskur	170 Selfjarnarn.			66.241										66.241	
Reykjavík/Seltjarn	1 Samtals:	2.247.478		4.548.795		3.096.691		5.663.333		8.240.289		6.847.908	680.120	30.644.494	680.120
Fiskv. Jóns Steinþór	200 Kópavogur					27.947		9.981						37.928	
Ísfiskur hf	200 Kópavogur			373.167		614.289		383.278		1.163.763		1.322.915		3.857.412	
Austri hf	220 Hafnarfj.							805.858						805.858	
Hvaleyri hf	220 Hafnarfj.	967.942		287.798		576.471	19.785							1.831.149	19.785
Norðurstjarnan hf	220 Hafnarfj.		231.976		64.584										296.560
Sjöstöðin hf	220 Hafnarfj.					427.868								427.868	
Þór hf, fiskiója	220 Hafnarfj.											1.074.601		1.074.601	
Hraðfrystih. Keflavíkur	230 Keflavík			1.231.236										1.231.236	
Íslensk Ígulker hf	230 Keflavík												2.739.968		2.739.968
Sjöfiskur sf	230 Keflavík				199.970										199.970
Útvegsmiðstöðin hf	230 Keflavík	140.780		493.956	64.026									634.716	64.026
Fiskanes hf	240 Grindavík	255.802		150.500		545.520	137.339							951.822	137.339
Hraðfr.hús Þórkötlus	240 Grindavík	889.782		274.833		642.583		205.421						2.012.619	
Hrafnystih. Grindavík	240 Grindavík			268.272										268.272	
Þorbjörn hf	240 Grindavík			188.438		516.390	143.450	271.910						976.738	143.450
Fiskv. Jóns Erlingss.	245 Sandgerði			351.113		549.840				1.555.547		877.680		3.333.980	
Miðnes hf	245 Sandgerði	233.592												233.592	
Garðskagi hf	250 Garður	36.432												36.432	
Brynjólfur hf	260 Njarðvík	104.328		139.104	106.564	1.499.534								1.742.966	106.564
Reykjanes	2 Samtals:	2.628.438	231.976	3.758.355	454.744	5.399.242	300.574	1.676.448		2.719.310		3.275.196	2.739.968	19.456.989	3.727.262
Frostver hf	300 Akranes							320.896						320.896	
Haförninn hf	300 Akranes	1.736.775			63.419	386.793	20.727	1.099.928	23.955	327.038	84.202	1.344.886	42.812	4.893.420	235.115
Haraldur Böðvarss. h	300 Akranes	2.189.714		1.130.229		889.416		1.389.301		3.294.119		2.207.401		11.100.171	
Heimaskagi hf	300 Akranes	1.747.842	54.346	2.164.839				1.260.637	28.945					5.193.118	83.291
Ísblik hf	300 Akranes					291.192								291.192	
Kampur hf	300 Akranes	1.043.086		1.022.580										2.065.666	
Reykjanes hf	340 Stykkish.			406.861				153.710	64.678	231.537				792.108	64.678
Sigurður Ágústsson h	340 Stykkish.	139.709		209.484		331.640		500.790	59.887	277.844		375.682		1.835.149	59.887
Sæborg hf	340 Stykkish.					145.596								145.596	
Þórsver hf	340 Stykkish.					557.759								557.759	

Nafn:	Staður		1988 Fastráðn. í fiskv.	1988 Náms-kostnaður	1989 Fastráðn. í fiskv.	1989 Náms-kostnaður	1990 Fastráðn. í fiskv.	1990 Náms-kostnaður	1991 Fastráðn. í fiskv.	1991 Náms-kostnaður	1992 Fastráðn. í fiskv.	1992 Náms-kostnaður	1993 Fastráðn. í fiskv.	1993 Náms-kostnaður	Samtals Fastráðn. í fiskv.	Samtals Náms-kostnaður
Fiskv. Soffaníasar C	350	Grundarfj.	811.625				78.199				176.810		508.402		1.375.036	
Hraðfrystih. Grundar	350	Grundarfj.	503.093		559.314		526.956		1.017.159		2.121.106		1.423.526		6.151.154	
Sæfang hf	350	Grundarfj.	697.133	72.864	621.000										1.318.133	72.864
Þóranes hf	350	Grundarfj.		46.024						69.868	526.220				526.220	117.892
Baldi hf	355	Ólafsvík											678.442		678.442	
Fiskiðjan Bylgjan hf	355	Ólafsvík	225.216				392.505								617.721	
Hraðfrystih. Ólafsvík	355	Ólafsvík	953.467		1.848.351				1.839.799						4.641.617	
Búrfell hf	360	Rif	329.505												329.505	
Hraðfrystih. Hellisan	360	Hellissand.			408.533						3.871.045		2.744.301		7.023.879	
Vesturland	3	Samtals:	10.175.965	175.234	8.371.182	63.419	3.599.056	20.727	7.602.220	247.533	10.825.719	84.202	9.280.640	42.812	49.854.782	633.927
Hraðfr.h. Norðurtang	400	Ísafjörður	317.124						296.841		1.814.829		815.123		3.344.017	
Íshúsfélag Ísfirðinga	400	Ísafjörður		412.191	1.318.838		3.817.489		383.509		1.153.869		847.372		7.530.877	412.191
Niðursuðuverksm. hf	400	Ísafjörður		110.779			190.245								190.245	110.779
Norðurtanginn hf	400	Ísafjörður		299.664	581.689		894.249								1.475.918	299.664
Rifur hf	400	Ísafjörður											948.838		948.838	
Rækjustöðin hf	400	Ísafjörður	241.315	77.616			657.948				1.371.998				2.271.261	77.616
Sund hf	400	Ísafjörður					128.720		63.681						192.401	
Baldi hf	410	Hnífsdalur	456.502		236.808		982.049		1.216.709		557.538		576.043		4.026.649	
Hraðfrystiiðjan hf	410	Hnífsdalur		148.528	135.130		811.670		140.984		1.169.990		380.541	75.993	2.638.285	224.521
Leti hf	410	Hnífsdalur							59.513		122.017				181.530	
Einar Guðfinnsson h	410	Bolungarvík									6.775.632		1.823.825		8.599.457	
Fiskv. Jakobs Valg. s	410	Bolungarvík									83.485		192.658		276.143	
Íshúsfél. Bolungarv.	415	Bolungarvík	79.466		2.009.367	205.181									2.088.645	205.181
Frosti hf	420	Súðavík		201.096						182.656						383.752
Hjálmur hf	425	Flateyri		270.950					760.823		1.379.117		2.947.447		5.087.387	270.950
Kambur hf	425	Flateyri											293.802		293.802	
Snæfell hf	425	Flateyri					463.641								463.641	
Önfirðingur hf	425	Flateyri									251.593		192.658		444.251	
Fiskiðj. Freyja hf	430	Suðureyri	566.561		1.436.786		612.701		1.380.326		650.218	72.781	298.619		4.945.211	72.781
Kögurás hf	430	Suðureyri			267.502		347.519		541.715						1.156.736	
Fiskv. Straumnes hf	450	Patreksfj.						199.952								199.952
Hraðfrystih. Patreksfj	450	Patreksfj.	1.892.409	151.399	356.040										2.248.449	151.399
Oddi hf	450	Patreksfj.		65.916			1.063.647		122.555						1.186.202	65.916
Hraðfrystih. Tálknafj.	460	Tálknafj.		134.715												134.715
Fiskv. á Bíldudal hf	465	Bíldudalur	2.260.477		1.351.589		2.223.999		1.553.295		854.856				8.244.216	
Sæfrost hf	465	Bíldudalur											401.661		401.661	
Fjóla hf	465	Bíldudalur									1.096.008				1.096.008	
Fáfnir hf	470	Þingeyri					311.597		453.146		785.650		443.181		1.993.574	
Hraðfrystih. Dýrfirðin	470	Þingeyri	981.561												981.561	

Nafn:	Staður		1988 Fastráðn. í fiskv.	1988 Náms-kostnaður	1989 Fastráðn. í fiskv.	1989 Náms-kostnaður	1990 Fastráðn. í fiskv.	1990 Náms-kostnaður	1991 Fastráðn. í fiskv.	1991 Náms-kostnaður	1992 Fastráðn. í fiskv.	1992 Náms-kostnaður	1993 Fastráðn. í fiskv.	1993 Náms-kostnaður	Samtals Fastráðn. í fiskv.	Samtals Náms-kostnaður
Vestfirðir	4	Samtals:	6.795.437	1.892.854	7.693.719	205.181	12.505.474	199.952	6.983.197	182.656	18.046.570	72.781	10.284.768	75.993	62.309.165	2.629.417
Hlelnn hf	510	Hólmavík									422.263				422.263	
Meleyri hf	530	Hvammst.	488.737										490.206		978.943	
Særún hf	540	Blönduós				97.818										97.818
Hólanes hf	545	Skagastr.	1.227.032		143356				158.918						1.529.306	
Reykjuvinnslan hf	545	Skagastr.	491.803		88.027	203.796									579.830	203.796
Dögun hf	550	Sauðárkr.			104.328		91.581		39.925				70.641		306.475	
Fiskiðja Sauðárkróks	550	Sauðárkr.			1.337.220		1.488.533		1.124.881				923.151		4.873.785	
Fiskiðjan Skagfirðing	550	Sauðárkr.									1.614.969				1.614.969	
Skjöldur hf	550	Sauðárkr.	937.217		659.776		884.121		980.792		939.747				4.397.653	
Hraðfr.h. Hofsósi	565	Hofsós	1.580.486		1.638.591		1.165.712								4.384.789	
Þormóður rammi	580	Siglufjörður					2.760.416		509.852		134.712	276.863	2.958.224		6.361.204	276.863
Ingimundur hf	580	Siglufjörður											583.375		583.375	
Norðurland vestra	5	Samtals:	4.725.275		3.987.300	301.614	6.390.363		2.814.368		3.111.691	276.863	5.023.597		26.032.594	578.477
Árver hf	600	Akureyri			591.304				54.897						646.201	
Útg.fél. Akureyringa	600	Akureyri					5.131.289		813.466		4.190.311		2.008.991		10.144.036	
Kaldbakur hf	610	Grenivík	395.128		270.651		575.714				231.189		202.290		1.674.972	
Fiskv. Jóhannesar B.	620	Dalvík	301.291		394.561		618.390								1.314.242	
Frystihús UKE	620	Dalvík	43.255			101.751			115.782		136.817				295.854	101.751
Haraldur hf	620	Dalvík							79.850						79.850	
Söltunarfélag Dalvíku	620	Dalvík			656.208		1.020.212								1.676.420	
Hraðfrystih. Ólafsfj.	625	Ólafsfjörður	894.173	266.011		114.890	404.272						116.408		1.214.853	380.901
Magnús Gamalíelss.	625	Ólafsfjörður	540.044	263.802											540.044	263.802
Sigvaldi Þorleifss. hf	625	Ólafsfjörður						150.736								150.736
Fiskvinnslust. KEA	630	Hrísey					124.322								124.322	
Fiskiðjus. Húsavíkur	640	Húsavík	4.536.868		882.868		2.389.077		1.178.468	233.580	463.084		256.676		9.707.039	233.580
Korri hf	640	Húsavík			298.496		359.136		480.116		219.623				1.357.371	
Stokkfiskur	650	Laugar	207.446												207.446	
Fiskiðja Raufarhafna	675	Raufarhöfn	1.116.487		543.110		238.480		788.051	149.681	2.129.729		1.054.372		5.872.229	149.681
Hraðfrystih. Þórshafn	680	Þórshöfn	89.611		322.905				390.456		1.137.333				1.940.305	
Tangi hf	690	Vopnaf.							741.468	199.624					741.468	199.624
Norðurland eystra	6	Samtals:	7.926.103	529.813	3.960.103	216.641	8.860.872	150.736	4.842.954	582.865	8.508.086		3.638.937		37.536.655	1.480.055
Kaupf. Héraðsbúa	700	Egilsstaðir					441.241								441.241	
Fiskðj. Dvergasteinn	710	Seyðisfj.											1.612.971	103.821	1.612.971	103.821
Fiskv. Karls Sveinss.	710	Seyðisfj.										9.706				9.706
Fiskvinnslan hf	710	Seyðisfj.	2.905.390		1.984.434										4.889.824	
Norðursíld hf	710	Seyðisfj.	920.197		33.120										953.317	
Hraðfr.h. K.H.B.	720	Borgarfj. E.			103.953				103.139						207.092	
Kaupf. Héraðsbúa	730	Reyðarfj.					338.436		240.547		800.064		108.102	110.243	1.487.149	110.243
Hraðfr.h. Eskifjarðar	735	Eskifjörður				321.527			1.270.508						1.270.508	321.527

Nafn:	Staður		1988 Fastráðn. í fiskv.	1988 Náms-kostnaður	1989 Fastráðn. í fiskv.	1989 Náms-kostnaður	1990 Fastráðn. í fiskv.	1990 Náms-kostnaður	1991 Fastráðn. í fiskv.	1991 Náms-kostnaður	1992 Fastráðn. í fiskv.	1992 Náms-kostnaður	1993 Fastráðn. í fiskv.	1993 Náms-kostnaður	Samtals Fastráðn. í fiskv.	Samtals Náms-kostnaður
Síldarvinnslan Nesk.	740	Neskaupst.				351.342	307.935		305.772						613.707	351.342
Hraðfr.h. Fáskrúðsfj.	750	Fáskrúðsfj.				175.620					259.174				259.174	175.620
Gunnarstindur hf	755	Stöðvarfj.									1.452.367		329.937		1.782.304	
Hraðfr.h. Stöðvarfj. h	755	Stöðvarfj.	904.292		1.582.436		1.951.627		397.822						4.416.137	
Hraðfr.h. Breiðdalsv.	760	Breiðdalsv.	125.829				135.671		246.543						508.043	
Búlandstindur hf	765	Djúpavogur				134.605										134.605
Kaupf. A-Skaft.	780	Höfn							45.255		2.210.857	403.085			2.256.112	403.085
Skinney hf	780	Höfn									705.341		1.604.411		2.309.752	
Þorgey hf	780	Höfn									703.200		904.420		1.607.620	
7 Austurland:	7	Samtals:	4.455.668		3.683.943	963.094	3.174.910		2.609.586		6.131.003	412.791	4.559.841	214.064	24.614.951	1.609.949
Auðbjörg hf	815	Þorláksh.					359.126		399.248		376.773				1.135.147	
Glettingur hf	815	Þorláksh.			517.464				477.101						994.565	
Marguit hf	815	Þorláksh.							251.526		122.083				373.609	
Mettilinn hf	815	Þorláksh.	2.348.378				1.481.791		456.141		87.352				4.373.662	
Óseyrarnes hf	815	Þorláksh.					679.603								679.603	
Bakkafrost hf	820	Eyrarbakki	891.720												891.720	
Hraðfr.h. Stokkseyrar	825	Stokkseyri	1.116.432		1.152.576		781.365		857.739						3.908.112	
8 Suðurland	8	Samtals:	4.356.530		1.670.040		3.301.885		2.441.755		586.208				12.356.416	
Fiskiðjan hf	900	Vestm.ey.	1.325.245	97.314	1.218.816		1.218.265	103.642	529.457	71.826	1.087.171				5.378.954	272.782
Frostver hf	900	Vestm.ey.			993.093		845.462		2.132.331		513.232				4.484.118	
Frystihús Five	900	Vestm.ey.	577.610	124.516											577.610	124.516
Hérðnskg. Gúsúr	900	Vestm.ey.					344.591		210.488	67.948	592.407		284.671		1.432.157	67.948
Hraðfr.stöð Vestm.	900	Vestm.ey.	1.455.463	108.629	1.667.157		2.857.600	176.191	2.823.844	125.758	425.185				9.029.249	410.768
Ísfélag Vestmannaey	900	Vestm.ey.	1.383.388	148.477	1.207.638		1.606.335	123.428	2.943.992	109.793	7.006.293		1.296.809	611.467	15.430.455	993.165
Lífrarsaml. Vestm.ey	900	Vestm.ey.	207.528	55.105											207.528	55.105
Tinna hf	900	Vestm.ey.							928.251						928.251	
Vinnslustöðin hf	900	Vestm.ey.	731.515	223.458	998.601		1.035.949				3.030.501		525.168	204.173	6.321.734	427.631
9 Vestmannaeyjar	9	Samtals:	5.680.749	757.699	6.085.305		7.910.202	403.261	9.368.363	375.335	12.656.789		2.106.648	815.640	43.790.056	2.351.935
Landið allt		Samt.	48.971.643	3.587.576	43.738.742	2.224.693	54.238.695	1.075.250	43.801.824	1.388.389	70.825.665	846.637	45.019.535	4.568.597	306.596.104	13.691.142

Nr. Svæði	Samtals:	1988		1989		1990		1991		1992		1993		Samtals	
		Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður	Fastráðn. í fiskv.	Náms-kostnaður
1xx Reykjavík/Seltj.nes	31.324.614	2.247.478		4.548.795		3.096.691		5.663.333		8.240.289		6.847.908	680.120	30.644.494	680.120
2xx Reykjanes	23.184.251	2.628.438	231.976	3.758.355	454.744	5.399.242	300.574	1.676.448		2.719.310		3.275.196	2.739.968	19.459.989	3.727.262
3xx Vesturland	50.488.709	10.175.965	175.234	8.371.182	63.419	3.599.056	20.727	7.602.220	247.533	10.825.719	84.202	9.280.640	42.812	49.854.782	633.927
4xx Vestfirðir	64.938.582	6.795.437	1.892.854	7.693.719	205.181	12.505.474	199.952	6.983.197	182.656	18.046.570	72.781	10.284.768	75.993	62.309.165	2.629.417
5xx Norðurland vestra	26.611.071	4.725.275		3.967.300	301.614	6.390.363		2.814.368		3.111.691	276.863	5.023.597		26.032.594	578.477
6xx Norðurland eystra	39.016.710	7.926.103	529.813	3.960.103	216.641	8.860.872	150.736	4.642.554	582.865	8.506.086		3.638.937		37.536.655	1.480.055
7xx Austurland	26.224.900	4.455.668		3.683.943	983.094	3.174.910		2.609.586		6.131.003	412.791	4.559.841	214.064	24.614.951	1.609.949
8xx Suðurland	12.356.418	4.356.530		1.670.040		3.301.885		2.441.755		586.208				12.356.418	
9xx Vestmannaeyjar	46.141.991	5.660.749	757.699	6.085.305		7.910.202	403.261	9.368.363	375.335	12.656.789		2.108.648	815.640	43.790.056	2.351.935
	320.287.246	48.971.643	3.587.576	43.738.742	2.224.693	54.238.695	1.075.250	43.801.824	1.388.389	70.825.665	846.637	45.019.535	4.568.597	306.596.104	13.691.142

332. Frumvarp til laga [276. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 79. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Breytist aðstæður kaupanda verulega er heimilt að endurmeta ákvörðun um vexti lána hans hvenær sem er á samningstímanum sæki kaupandi um það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um Húsnæðisstofnun ríkisins voru endurskoðuð ítarlega fyrir fjórum árum var tekin sú ákvörðun að endurskoða vexti á félagslegum íbúðum eftir sex ár með tilliti til tekna og eigna íbúðarkaupanda. Ef hann fór yfir ákveðin tekju- og/eða eignamörk átti hann að greiða sömu vexti og voru á öðrum húsnæðislánum. Hins vegar var ekkert svigrúm til að lækka vextina aftur ef breytingar urðu á högum íbúðarkaupanda til hins verra á nýjan leik. Þegar lög þessi voru endurskoðuð hafði atvinnuleysi lítt stungið sér niður hér á landi og raunveruleiki flestra var sá að bættur fjárhagur væri í flestum tilvikum varanlegur. Miðað við þann raunveruleika var þetta ákvæði sett í lögin. Nú eru aðstæður breyttar í þjóðfélaginu. Dæmi eru um að fólk, sem fór yfir tekju- og/eða eignamörk að sex árum liðnum frá húsnæðiskaupum, sé nú atvinnulaust og eigi fullt í fangi með að standa í skilum með afborganir af húsnæði sínu þótt í félagslega kerfinu sé. Það hefur enn minni möguleika á að greiða fulla vexti af lánum sínum. Því býðst sjaldan önnur úrlausn en greiðsluerfiðleikalán. Sú lausn er skammgóður vermir, enda hefur það sýnt sig að helmingur slíkra lána var í vanskilum undir árslok 1994. Ýmsir þeirra sem búa við atvinnuleysi og berjast fyrir því að halda húsnæði sínu gætu ráðið við að greiða vexti þá sem bjóðast í félagslega íbúðakerfinu í takt við raunverulegar tekjur og eignir. Því benda flutningsmenn frumvarpsins á þessa réttlátu leiðréttingu sem unnt er að gera innan gildandi kerfis án mikilla vandkvæða en til ómældra hagsbóta fyrir þá sem standa höllum fæti vegna tekjurýrnunar og eru með skuldabagga á bakinu vegna íbúðakaupa.

333. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Eftir afgreiðslu frumvarps til fjáraukalaga stefnir rekstrarafkoma ríkissjóðs á árinu 1994 í að vera neikvæð um 10,9 milljarða kr. Þó aukast tekjur samkvæmt frumvarpinu um 2,6 milljarða kr. Tekjuaukinn er vegna utanaðkomandi áhrifa sem valda því að þjóðartekjur aukast um 1,7% milli ára. Þarna vega þyngst góð loðnuvertíð og auknar úthafsveiðar, einkum í Barentshafi og á Reykjaneshrygg.

Þessi tekjuauki hverfur allur í útgjaldaauka og meira til og fjáraukalagafrumvarpið sýnir að útgjaldaáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1994 var röng. Gjaldahlið frumvarpsins fer 3,9 milljörðum kr. fram úr fjárlögum. Því er ljóst að efnahagsbatinn á árinu kemur ekki fram í batnandi afkomu ríkissjóðs og sá vandi ríkisfjármálanna sem stafar af samdrætti og vaxandi atvinnuleysi er óleystur.

Fjáraukalagafrumvarpið sýnir að ýmis áform, sem ríkisstjórnin kynnti til sparnaðar við fjárlagagerð 1994, hafa ekki gengið eftir. Á það einkum við um ýmsa liði í heilbrigðisráðuneytinu, svo sem í rekstri sjúkrahúsa og sjúkratryggingakerfinu. Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar eru heimildir ráðuneytisins auknar um 1,9 milljarða kr.

Í sjúkratryggingum hafa áform um sparnað í lyfjum upp á 300 millj. kr., í þjónustu lækna um 300 millj. kr. og í kostnaði við hjálpartæki upp á 100 millj. kr. og aðrar sparnaðaraðgerðir upp á 100 millj. kr. ekki náð fram að ganga. Á þetta benti minni hlutinn rækilega við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári. Sama gildir um rekstur sjúkrahúsanna í landinu. Bent var á að ýmis sparnaðaráform þar mundu ekki ná fram að ganga og rekstrarfjárveitingar til stærstu sjúkrahúsanna dygðu ekki til að halda óbreyttum rekstri. Frumvarpið sýnir að öll þessi gagnrýni var á rökum reist.

Frumvarpið gerði ráð fyrir viðbótarútgjöldum sjúkrahúsanna upp á 320 millj. kr. Í meðförum fjárlaganefndar hefur komið í ljós að þetta var vanáætlað og enn frekari fjárveitinga var þörf. Hvorki var gert ráð fyrir að mæta útgjaldaauka vegna kjarasamninga né öðrum rekstrarútgjöldum sjúkrahúsanna. Þessi viðbót nemur 548 millj. kr.

Minni hlutinn benti einnig á að sjá hefði mátt fyrir fleiri útgjaldaþætti, svo sem svokallaðar eingreiðslur á vegum almannatryggingakerfisins, útgjöld sem afleiðingu kjarasamninga sem voru lausir um síðustu áramót og útgjöld vegna 6. gr. fjárlaga.

Breytingartillögur meiri hlutans gera ráð fyrir lækkun heimilda á einstöku liðum. Mestu munar þar um vaxtagjöld sem áætlað er að lækki um 300 millj. kr. Þá er framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkað um 65 millj. kr. Minni hlutinn telur það afleiðingu þess hversu hert hefur verið á útlánareglum sjóðsins. Þær aðgerðir hafa orðið til þess að fækka fólki í námi, einkum þeim sem eru með börn á framfæri.

Þrátt fyrir útgjaldaaukninguna eru enn óafgreidd nokkur stórmál sem krefjast viðbótarútgjalda.

Í fyrsta lagi má þar nefna vanda Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna vanskila barnsmeðlaga í Innheimtustofnun sveitarfélaga. Þessi vandi nemur 225 millj. kr. samkvæmt áætlun ársins 1994. Fram kemur í gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga að nauðsynlegt sé að hækka framlag til sjóðsins á fjáraukalögum um að minnsta kosti 160 millj. kr. til þess að sjóðurinn geti greitt þjónustuframlög, svo sem reglur hans kveða á um.

Í búvörusamningnum frá 1991 eru ákvæði í viðauka II um stuðningsaðgerðir sem tryggi að „Byggðastofnun verði útvegað fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu“. 230 millj. kr. vantar til þess að standa við þessi fyrirheit.

Í þriðja lagi vantar fjármuni til ógreiddra jarðræktarframlaga.

Í afgreiðslu nefndarinnar var þessum málum frestað til 3. umr.

Fjárlög og fjáraukalög eru einn meginþátturinn í efnahagsstefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Minni hlutinn getur ekki tekið á efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar né stefnu hennar í ríkisfjármálum. Því mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins sem heildar en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. des. 1994.

Jón Kristjánsson, frsm. Guðmundur Bjarnason. Guðrún Helgadóttir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Margrét Frímannsdóttir.

334. Frumvarp til laga [277. mál]

um listmenntun á háskólastigi.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast menntun á háskólastigi í listum sem fari fram á vegum sjálfstæðrar stofnunar, að fullnægðum þeim kröfum sem gerðar eru af hálfu menntamálaráðuneytisins til slíkrar menntunar.

Listmenntun á háskólastigi skal miðuð við að nemendur öðlist þekkingu og leikni til sjálfstæðrar listsköpunar og listtúlkunar. Sá aðili sem með samningi skv. 1. mgr. veitir menntun í listum á háskólastigi ákveður inntökuskilyrði nemenda, enda svari inntökuskilyrði og námskröfur jafnan til þess sem tíðkast í viðurkenndum listaháskólum erlendis.

2. gr.

Í samningi skv. 1. mgr. 1. gr. þessara laga skal m.a. kveðið á um á hvaða sviðum skuli veita háskólamenntun í listum, námskröfur og námsframboð. Enn fremur skal í samningnum kveða á um hvernig framlögum úr ríkissjóði skuli háttað. Fjárframlög skulu háð fjárveitingu í fjárlögum. Samningur um listmenntun á háskólastigi skal í fyrsta sinni gerður til fimm ára.

Fyrir lok fyrsta samningstímabilsins skulu óháðir sérfræðingar fengnir til að gera úttekt á starfsemi viðkomandi stofnunar í heild og skal skýrsla um niðurstöður úttektarinnar lögð fyrir Alþingi.

3. gr.

Nú gerir menntamálaráðherra samning um listmenntun á háskólastigi með heimild í 1. gr. þessara laga og frestast þá framkvæmd laga um Leiklistarskóla Íslands, nr. 190/1978, og laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38/1965, meðan á samningstíma stendur, enda verði í samningnum ákvæði um áframhald náms og námslok nemenda er þegar hafa innritast í þessa skóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er annars vegar að heimila með lögformlegum hætti að á Íslandi fari fram kennsla í listgreinum á háskólastigi og hins vegar að heimila menntamálaráðherra að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast þessa menntun, að fullnægðum þeim kröfum er gerðar eru af hálfu menntamálaráðuneytisins til slíkrar menntunar.

Þörf fyrir lagalega heimild til að hefja kennslu í listgreinum á háskólastigi hér á landi er fyrir löngu orðin brýn og lagasetning nauðsynleg vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í listmenntun undanfarin ár. Nú þegar eru inntökuskilyrði og námskröfur æðra listnáms á Íslandi sambærilegar því sem gerist um annað háskólanám í landinu og við æðri menntastofnanir í fjölmörgum löndum sem Íslendingar hafa náin samskipti við og er nám á efstu stigum frá íslenskum listaskólum viðurkennt þar að fullu sem háskólanám. Ör þróun listaskólanna undanfarin ár, samfara síendurteknum áætlunum um breytta stöðu menntunarinnar, hefur skapað margvísleg vandamál við rekstur þeirra sem erfitt er að leysa á grundvelli gildandi laga.

Á undanförnum árum hafa ítrekaðar tilraunir verið gerðar til að heimila kennslu í listgreinum á háskólastigi en þær hafa allar misheppnast. Árið 1984 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um Myndlistaháskóla Íslands en það varð ekki útrætt. Árið 1988 skilaði nefnd drögum að frumvarpi um myndlistaháskóla en það var ekki lagt fram. Nefnd, sem skipuð var árið 1987, skilaði tillögum að frumvarpi til laga um Leiklistarháskóla Íslands en frumvarp var ekki lagt fram. Frumvarp til laga um Tónlistarháskóla Íslands var lagt fram á Alþingi 1988 en varð ekki útrætt. Nefnd, sem skipuð var árið 1988, var falið að undirbúa frumvarp til laga um Listaháskóla Íslands með hliðsjón af tillögum sem lágu fyrir um listnám á háskólastigi og getið er hér að framan. Nefndin var skipuð þremur fyrrverandi menntamálaráðherrum og samdi hún frumvarp sem fól í sér sameiningu þriggja listaskóla í einn listaháskóla. Nefndin skilaði til menntamálaráðuneytisins drögum að frumvarpi sem prentað var sem handrit og sent ýmsum aðilum til umsagnar. Að umsögnum fengnum voru tillögur nefndarinnar endurskoðaðar í ráðuneytinu og í endurskoðaðri mynd sendar þingmönnum til kynningar. Þessi drög að frumvarpi fengu góðar viðtökur en aðalfarartálmi fyrir framgangi málsins á þingi var fyrirsjáanlegur umtalsverður útgjaldaauki fyrir ríkissjóð.

Í apríl 1991 var skipuð nefnd til að undirbúa framkvæmd listgreina- og listfræðakennslu á háskólastigi. Skilaði nefndin ítarlegri skýrslu í janúar 1992 sem m.a. fól í sér skilgreiningu á háskólamenntun í listum; lýsingu á núverandi námsframboði í listgreinum; mat á listnámi og tillögur um að stofnaður yrði sérstakur listaháskóli sem yrði sjálfstæð kennslu- og rannsóknastofnun (college) innan vébanda Háskóla Íslands, með sérstakri stjórn og eigin rektor. Skýrsla þessi var send Háskóla Íslands til umsagnar og af hálfu háskólaráðs var tillögu nefndarinnar um tengsl Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands hafnað.

Meginástæða þess að enn hefur ekki verið sett löggjöf um listmenntun á háskólastigi hér á landi, svo sem lengi hefur verið stefnt að, er sú að fyrirsjáanlega hefði slík breyting haft í för með sér umtalsverðan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

Í nóvember 1992 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um skipulag og rekstrarform stofnunar er veitti æðri menntun í listum. Var henni m.a. falið að kanna kosti þess og galla að mynduð yrði sjálfseignarstofnun til að annast menntun í listum á háskólastigi. Nefndin var þannig skipuð: Björn Bjarnason alþingismaður, formaður, Bjarni Daníelsson skólastjóri, Margrét Theódórsdóttir skólastjóri, Jón Nordal tónskáld, Gunnar Eyjólfsson leikari og Snævar Guðmundsson viðskiptafræðingur. Með nefndinni starfaði Þórunn J. Hafstein deildarstjóri. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðuneytisins með skýrslu í maí 1993. Í niðurstöðum nefndarinnar segir m.a.:

„Nefndin fjallaði um kosti og galla þess að fella listmenntun á háskólastigi í eina stofnun og var sammála um að sá kostur sé fýsilegur. Vegur þar þungt það mat nefndarmanna að sameining íslensks listnáms í einni æðri menntastofnun efli menningu og listsköpun og auðveldi að nýjar námsbrautir komi til sögunnar. Þá má ætla að ná megi umtalsverðri hagræðingu í rekstri með sameiningu skólanna. Loks mundi það vafalaust styrkja stöðu listmenntunar gagnvart sambærilegum menntastofnunum erlendis að hér starfaði ein stofnun á háskólastigi á þessu sviði. Nefndin telur sérstaklega mikilvægt að það sé haft í huga að fyrirsjáanlegt er að alþjóðasamvinna á sviði mennta og rannsókna muni aukast verulega í náinni framtíð og því er nauðsynlegt að hér á landi sé stofnun sem veiti menntun í listum á háskólastigi og geti nýtt sér þau tækifæri til samstarfs er bjóðast á erlendum vettvangi.

Í ljósi upplýsinga sem nefndin aflaði sér um þróun listmenntunar í nágrannalöndunum, einkum í Danmörku, Svíþjóð og Hollandi, svo og þeirri reynslu sem fengist hefur við Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann á Bifröst, kannaði nefndin kosti þess að æðri menntastofnun á sviði listmennta verði rekin sem sjálfseignarstofnun. Er nefndin einhuga um að slíkt rekstrarform henti til þess að ná eftirtöldum markmiðum:

— að veita aukið sjálfstæði í kennslu, stjórnun og rekstri,
— að auka gæði, hagkvæmni og skilvirkni í rekstri stofnunarinnar,
— að í rekstri stofnunarinnar fari saman ábyrgð og ákvörðunarvald stjórnenda,
— að stofnunin hafi frjálsar hendur við þróun listmenntunar og nýtingu hinna bestu starfskrafta á því sviði,
— að stofnunin fái svigrúm til þess að halda eftir eigin tekjum, styrkjum og óráðstöfuðum fjárveitingum til uppbyggingar, hagræðingar og þróunar á eigin starfsemi,
— að hvetja til virkrar þátttöku einstaklinga og fyrirtækja í starfsemi stofnunarinnar.

Aukið sjálfstæði menntastofnunar af þessu tagi kallar á að eftirlit sé haft með því að hún uppfylli ýtrustu gæðakröfur. Mikilvægt er því að skólanum verði settur gæðastaðall sem nýtur viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi varðandi vinnubrögð og kennslu. Jafnframt er æskilegt að gerðar séu reglubundnar athuganir sem gefi upplýsingar um almennt viðhorf til námsframboðs og kennslugæða.

Tillögur nefndarinnar fela það í sér að gerður verði samningur milli sjálfseignarstofnunarinnar Listaháskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um þær kröfur sem stofnunin verði að uppfylla. Slíkur samningur sé gerður til tiltekins tíma og því háður endurskoðun. Þetta veitir stofnuninni aðhald. Jafnframt verði það áskilið að Listaháskólinn standi ráðuneytinu skil á upplýsingum varðandi námsframvindu og aðra þá þætti sem eru lýsandi fyrir faglegan og rekstrarlegan árangur skólans.

Í samningi Listaháskólans og menntamálaráðuneytisins skal jafnframt kveðið á um útgjöld ríkissjóðs. Meginreglan er sú að námið sé skilgreint í einingum og ríkissjóður greiði einungis fyrir þá námsáfanga sem lokið er." ... „Nefndin gerir ráð fyrir að skólagjöld verði aldrei hærri en nemur 10% af árlegri greiðslu fyrir hvert námsár."

Enn fremur segir í skýrslu nefndarinnar:

„Með því að skilgreina nám á vegum Listaháskólans í einingum má veita fjölbreyttari menntun auk þess sem betri samanburðargrundvöllur næst milli skóla innan lands og utan. Með þessum hætti getur skólinn betur sinnt þörfum framhaldsskólastigsins fyrir einstök námskeið ef þörf krefur. Fullnægi nemendur á framhaldsskólastigi listrænum kröfum skólans telur nefndin æskilegt að hann geti komið til móts við þá, enda sé um það samið við viðkomandi skóla, m.a. um greiðslu kostnaðar.

Nefndin telur nauðsynlegt að gerður sé sérstakur samningur við borgarstjórn Reykjavíkur um fjárhagslega hlutdeild hennar í rekstri skólans þar sem tekið verði mið af framlagi borgarstjórnar til listmenntunar um þessar mundir. Í fullvissu þess að samningar takist um hlutdeild borgarstjórnar Reykjavíkur gerir nefndin ráð fyrir því í tillögu að skipulagsskrá Listaháskóla Íslands að borgarstjórn eigi einn fulltrúa af fimm í stjórn skólans, ásamt einum frá menntamálaráðuneyti og þremur sem kjörnir verða af félagi um Listaháskóla Íslands."

Frumvarp það sem hér er lagt fram byggir í meginatriðum á tillögum nefndarinnar frá maí 1993. Tillögurnar voru kynntar þegar skýrslan kom út og í febrúar 1994 gekkst Bandalag íslenskra listamanna fyrir mjög fjölmennri ráðstefnu um listaháskólamálið. Í framhaldi af ráðstefnunni hafa drög að skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnun um listaháskóla verið endurskoðuð í menntamálaráðuneytinu í samvinnu við stjórn Bandalags íslenskra listamanna og bætt við þau athugasemdum til frekari glöggvunar. Drög þessi eru birt í fskj. II.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er almennt ákvæði um heimild til menntamálaráðherra að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast menntun á háskólastigi í listum sem fram fari á vegum sjálfstæðrar stofnunar. Tilefni lagasetningar er fyrirhuguð stofnun Listaháskóla Íslands sem sjálfseignarstofnunar og við það miðað að sá skóli annist þessa menntun. Ákvæðið getur hins vegar átt við í öðrum tilfellum, t.d. kemur til greina að fela öðrum listaskólum með samningi ákveðin verkefni á þessu sviði, einum eða í samstarfi við Listaháskóla Íslands.

Listmenntun á háskólastigi skal skilgreina samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunum og gæðakröfum sem menntamálaráðuneytið staðfestir. Í skýrslu, sem menntamálaráðuneytið gaf út í janúar 1991 um háskólamenntun í listum, er leitast við að skilgreina þessa menntun með hliðsjón af erlendum viðmiðunum, sbr. athugasemdir við 2. gr. skipulagsskrár fyrir Listaháskóla Íslands í fskj. II með frumvarpi þessu. Nokkuð ljóst er hvaða hefðir gilda í Evrópu um stöðu háskólamenntunar í listgreinum og hvaða kröfur eru gerðar varðandi inntöku og nám. Ört vaxandi samstarf íslenskra listaskóla við listaskóla á Norðurlöndum og í Evrópu hefur þegar leitt til stöðugs samanburðar og raunar samkeppni um gæði menntunarinnar. Telja verður eðlilegt að fram fari stöðugt eftirlit með framkvæmd og árangri menntunar í Listaháskóla Íslands. Verði þar stuðst við aðferðir sem þróaðar hafa verið í Evrópu til gæðaeftirlits á háskólastigi.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að við gerð samninga milli menntamálaráðuneytis og Listaháskóla Íslands eða annarra lögaðila verði kveðið á um fjölda nemenda í hverri listgrein og kostnað við menntun þeirra miðað við skilgreindar námskröfur. Kostnaður verði miðaður við skilgreint verksvið stofnunar sem annast háskólamenntun í listum. Væntanlega verður námi í hverri listgrein skipt í skilgreinda áfanga sem verða lagðir til grundvallar við kostnaðarútreikninga og samið um kostnað áfanga hvers nemanda í hverri listgrein. Samningur, sem þannig er gerður, getur stuðlað að faglegu og fjárhagslegu sjálfstæði einstakra deilda Listaháskólans. Gerð samninga af þessu tagi er ekki nýlunda í íslenska menntakerfinu. Vísa má til reynslu af samningum ráðuneytis við Verslunarskóla Íslands og Samvinnuháskólann á Bifröst.

Með ákvæði um gerð fyrsta samnings til fimm ára er undirstrikað að hér sé um tilraunastarf að ræða. Vart mun full reynsla af þessu rekstrarformi nást fyrr en að 4–5 árum liðnum. Í lok samningstímans verður árangur metinn með aðstoð óháðra (erlendra) sérfræðinga og niðurstaðan lögð fyrir Alþingi. Verði niðurstaða úttektar jákvæð virðist eðlilegt að fella endanlega úr gildi lög nr. 190/1978, um Leiklistarskóla Íslands, og lög nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Um 3. gr.

Verði heimild í 1. gr. nýtt mun Listaháskóli Íslands taka að sér samkvæmt samningi menntun þeirra nemenda er við upphaf samningstímabilsins stunda nám í Leiklistarskóla Íslands, í sérdeildum Myndlista- og handíðaskóla Íslands og í ákveðnum deildum Tónlistarskólans í Reykjavík. Samkvæmt þessu ákvæði frestast framkvæmd laga um LÍ og MHÍ þannig að hægt verður að veita því fjármagni sem annars yrði varið til reksturs nefndra skóla til greiðslu á umsömdum kostnaði við rekstur Listaháskóla Íslands.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um listmenntun á háskólastigi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veita menntamálaráðherra heimild til að gera samning um menntun á háskólastigi í listum. Tilefni lagasetningarinnar er fyrirhuguð stofnun Listaháskóla Íslands sem sjálfseignarstofnunar og við það miðað að sá skóli annist þessa menntun. Ákvæðið getur hins vegar átt við í öðrum tilfellum, t.d. kemur til greina að fela öðrum listaskólum með samningi ákveðin verkefni á þessu sviði, einum eða í samstarfi við Listaháskóla Íslands.

Samþykkt frumvarpsins felur ekki í sér neinar kostnaðarskuldbindingar fyrir ríkissjóð. Löggjafinn mun fjalla um málið á ný áður en til þess kemur. Í 2. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um að fjárframlög úr ríkissjóði skulu háð fjárveitingu í fjárlögum. Fyrr getur samningur um að veita menntun á háskólastigi í listum ekki tekið gildi. Kostnað ríkissjóðs er ekki unnt að meta fyrr en uppkast að slíkum samningi liggur fyrir. Þó skal vakin athygli á nokkrum atriðum sem hafa munu áhrif á kostnaðinn.

Í fyrsta lagi ættu fjármunir ríkissjóðs að nýtast betur þegar gerður er sérstakur þjónustusamningur milli stjórnvalda og rekstraraðila, en þar sem reksturinn byggir einvörðungu á lögum og reglugerðum. Ríkið hefur til þessa ekki gert sérstakan samning hvorki við opinbera aðila né aðra um að annast tiltekna menntun á háskólastigi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að samningur sé gerður til tiltekins tíma, í fyrsta sinn til fimm ára, og því háður endurskoðun. Meginreglan verði sú að námið sé skilgreint í einingum og ríkissjóður greiði einungis fyrir þá námsáfanga sem lokið er. Jafnframt verði í samningnum í senn getið um nemendafjölda, kostnað vegna námsáfanga á nemanda og heildargreiðslur úr ríkissjóði ár hvert miðaða við nemendafjölda. Í þessu sambandi er vakin athygli á nýútkomnum bæklingi fjármálaráðuneytis um nýskipan í ríkisrekstri. Bæklingurinn fjallar um samningsstjórnun sem felst m.a. í því að gerður er formlegur þjónustusamningur á milli stofnunar og ráðuneytis þar sem kveðið er á um hvaða „þjónustu" stofnunin skuldbindur sig til að „selja" og hvað stjórnvöld skuldbinda sig til að „kaupa".

Í öðru lagi ætti einhver hagræðing að nást með því að fela einum aðila að annast tiltekna menntun í stað þriggja eins og nú er. Á móti kemur að með því að færa kennsluna á háskólastig er líklegt að kostnaður á nemanda aukist.

Aðrir þættir hafa veruleg áhrif á endanlegan kostnað ríkisins en eru óljósir nú. Í því sambandi má nefna fjölda nemenda, hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstrarkostnaði og möguleika skólans til að afla sértekna með öðrum hætti en beinum skólagjöldum.

Fylgiskjal II.

Drög að skipulagsskrá fyrir Listaháskóla Íslands.

Drög að skipulagsskrá fyrir Listaháskóla Íslands voru upphaflega samin af listaháskólanefnd er skilaði tillögum sínum í maí 1993. Þessi drög hafa síðan verið endurskoðuð í samráði við fulltrúa úr stjórn Bandalags íslenskra listamanna og samdar við þau athugasemdir til glöggvunar.

1. gr.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Listaháskóli Íslands er miðstöð æðri mennta á sviði tónlistar, myndlistar, leiklistar og annarra listgreina sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna á háskólastigi. Heimilt er að fella aðrar greinar undir skólann sem falla að skipulagi hans og starfsumhverfi. Markmið hans er að vinna að eflingu listmennta með þjóðinni.

3. gr.

Stjórn skólans er skipuð 5 mönnum til tveggja ára í senn og skal enginn þeirra hafa framfæri sitt af starfi við skólann. Menntamálaráðherra og borgarstjórn Reykjavíkur tilnefna einn mann hvor í stjórnina en þrír skulu kjörnir á aðalfundi félags um Listaháskóla Íslands sem stofnað er fyrir forgöngu Bandalags íslenskra listamanna. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Starfsár stjórnar hefst 1. maí.

4. gr.

Stjórn Listaháskóla Íslands stendur vörð um hlutverk skólans og gætir þess að starfsemin þjóni settum markmiðum. Hún ber ábyrgð á starfi skólans, rekstri, fjárhag, eignum og ákvarðar skólagjöld. Stjórnin ræður rektor. Ráðning hans er tímabundin til fjögurra ára í senn. Stjórnin getur vikið rektor frá að fenginni umsögn skólaráðs.

5. gr.

Rektor annast rekstur og stjórn skólans í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni. Hann er ábyrgur fyrir að starfstilhögun sé í samræmi við hlutverk, markmið og gæðakröfur, m.a. hvað varðar námskrá og kennslufyrirkomulag. Rektor er ábyrgur fyrir ráðningu starfsmanna.

6. gr.

Skipa skal starfi skólans í deildir eftir listgreinum. Deildarforseti hefur umsjón með starfsemi og rekstri deildar og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar. Hann gerir tillögur um rannsóknir, námskrá og kennslutilhögun sem skulu lagðar fyrir skólaráð til umfjöllunar og staðfestar af rektor.


7. gr.

Við skólann starfar skólaráð sem er samstarfsvettvangur skólans varðandi stefnu og starfshætti. Í skólaráði eiga sæti forsetar deilda, fjármálastjóri, fulltrúi kennara úr hverri

deild og fulltrúi nemenda úr hverri deild. Skólaráð kýs sér formann úr hópi deildarforseta og skal hann ásamt fulltrúum kennara og nemenda tilnefndur til eins árs í senn. Rektor situr fundi skólaráðs. Skólaráð er rektor og stjórn skólans til ráðuneytis um fagleg innri málefni, þar á meðal inntökuskilyrði, námskröfur, námskrá, stundaskrá, kennslutilhögun, gæðamat, agamál og styrkveitingar. Skólaráð getur vísað málum til stjórnar sem getur einnig leitað umsagnar skólaráðs um hvaðeina er varðar starfsemi skólans og þróun hans.

8. gr.

Stjórnskipun skólans við stofnun hans er háttað eins og lýst er í skipuriti:



Yfir hverri deild er deildarforseti og yfir fjámálum og skrifstofuhaldi er fjármálastjóri. Rektor tilnefnir staðgengil sinn úr hópi starfsmanna skólans er sitja í skólaráði.

9. gr.

Dómnefnd skal meta hæfni umsækjenda um stöður deildarforseta og gera tillögu til rektors um ráðningu. Rektor ræður í stöðu deildarforseta úr hópi hæfra umsækjenda að mati dómnefndar. Rektor skipar dómnefnd. Í henni sitja þrír menn. Einn tilnefndur af kennurum viðkomandi deildar, annar af skólaráði og sá þriðji af samtökum listamanna í viðkomandi grein. Við stofnun skólans skulu tveir þeirra tilnefndir af samtökum listamanna og einn af menntamálaráðherra. Rektor ræður í stöður kennara að fengnum tillögum deildarforseta og í stöðu fjármálastjóra að fengnu samþykki stjórnar. Skipa skal

dómnefnd með sama hætti og að framan greinir til að meta hæfni kennara ef viðkomandi deildarforseti eða rektor æskja þess.

10. gr.

Menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg ábyrgjast fjárstuðning við Listaháskóla Íslands er byggist á samningi um greiðslur fyrir þjónustu sem skólinn veitir. Skólanum er heimilt að gera hliðstæða samninga eða annars konar við hvern þann sem vill veita skólanum fjárhagslegt lið eða nýta sér þjónustu hans. Skólinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

11. gr.

Listaháskóli Íslands fær til afnota húsnæðið að Laugarnesvegi 91. Húsið afhendist fullbúið til fyrirhugaðra nota. Húsaleiga, sem greiðist í ríkissjóð, tekur mið af húsaleigu sem ákveðin er af Fasteignum ríkissjóðs fyrir sambærilegt húsnæði.

12. gr.

Reikningsár skólans er frá 1. júlí til 30. júní og skal rektor, innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs, leggja ársreikning ásamt skýrslu um starfsemina fyrir stjórn skólans. Rektor skal fyrir 1. maí ár hvert leggja rekstraráætlun næsta reikningsárs fyrir stjórn skólans til afgreiðslu.

13. gr.

Verði Listaháskóli Íslands lagður niður sem sjálfseignarsstofnun skal skilanefnd skipuð einum fulltrúa frá hverjum tilnefningaraðila í stjórn skólans og skal hún ákveða hvernig að niðurlagningu verður staðið.

14. gr.

Stjórn skólans getur með samhljóða samþykkt breytt skipulagsskrá þessari, enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt verið kynnt.

Athugasemdir við einstakar greinar skipulagsskrár.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir starfssviði skólans. Í orðunum „miðstöð æðri mennta . . .“ felst að skólinn skuli hafa forustu í þróun listmennta í landinu og sinna hlutverki háskólastofnunar á sínu sviði, en venja er að telja hlutverk háskóla þríþætt, kennslu, rannsóknir og þjónustu. Listsköpun er lögð að jöfnu við fræðilegar rannsóknir.

Í greininni er gert ráð fyrir heimild til að sinna öðrum greinum en tónlist, myndlist og leiklist. Er hér um almennt ákvæði að ræða, en einnig er með því vísað til umræðna sem þegar eru hafnar um aðild Listdansskóla Íslands að listmenntun á háskólastigi og til áforma um að koma á fót arkitektanámi innan vébanda væntanlegs Listaháskóla. Einnig er gert ráð fyrir að kennaramenntun í listgreinum sé á verksviði skólans. Enn fremur þykir eðlilegt að listgreinum innan skólans verði gert mögulegt að efla tengsl sín við kvikmyndagerð og að kvikmyndagerðarmenn fái að einhverju leyti svigrúm innan skólans.

Skýrslan „Háskólamenntun í listum“, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu í janúar 1992, var höfð til hliðsjónar við samningu skipulagsskrár. Þar er háskólamenntun í listum skilgreind á eftirfarandi hátt:

„1. Hlutverk listaháskóla er að annast kennslu, sinna rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun og veita þjónustu á sínu sviði. Listsköpun/iðkun er lögð að jöfnu við fræðilegar rannsóknir.

2. Við upphaf háskólanáms í listum skal nemandi, auk almennrar menntunar eftir því sem við á, hafa lokið viðurkenndu undirbúningsnámi í viðkomandi listgrein og/eða hafa staðist inntökupróf sem sýnir að hann sé undir æðra listnám búinn.

3. Háskólamenntun í listum miðast við að nemandi öðlist sérþekkingu/hæfni í viðkomandi grein og geti unnið sjálfstætt að list sinni.

4. Til kennara skal gera þær kröfur að hann hafi lokið framhaldsmenntun í sinni grein og/eða hafi sýnt það með list sinni eða fræðistörfum og starfsferli að öðru leyti að hann sé sérfræðingur á viðkomandi sviði og hæfur til að gegna háskólakennarastarfinu.

5. Skil undirbúningsmenntunar og háskólamenntunar skal miða við alþjóðlegar hefðir viðkomandi listgreinar. Tryggja skal með samanburði að inntökuskilyrði og námskröfur svari jafnan til þess sem er í viðurkenndum listaháskólum erlendis.“ (Bls. 20).

Um 3. gr.

Ein meginhugmyndin varðandi stofnun og uppbyggingu listaháskóla sem sjálfseignarstofnunar er að hann skuli vera í eigu almenningsfélags. Lagt er til að stofnað verði félag áhugafólks um rekstur og viðgang skólans og skuli það hafa meiri hluta í stjórn. Sérstakar samþykktir munu gilda fyrir félagið og virðist eðlilegt að Bandalag íslenskra listamanna hafi forgöngu um stofnun þess.

Um 4. gr.

Hlutverk stjórnarinnar er fyrst og fremst að standa vörð um hlutverk skólans og hafa eftirlit með því að hann starfi samkvæmt þeim gæðakröfum og samanburðarviðmiðunum sem ákveðnar eru. Stjórnin er ekki fagstjórn og hefur ekki afskipti af daglegum rekstri, en ber formlega ábyrgð á starfsemi skólans og hefur því úrslitavald um öll málefni þannig að hún getur gripið inn í telji hún að ekki sé farið eftir gefnum forsendum. Stjórnin ræður rektor tímabundið til að annast daglega stjórnun og rekstur.

Um 5. gr.

Rektor starfar í umboði stjórnar og ber honum að miða störf sín við tilgang skólans og markmið og sjá til þess að skólinn standi undir þeim gæðakröfum og samanburðarviðmiðunum sem ákveðnar eru. Rektor hefur óskorað úrskurðarvald um innri málefni skólans, en byggir ákvarðanatöku og úrskurði á tillögum fagdeilda og umfjöllun skólaráðs. Rektor er ábyrgur gagnvart stjórn skólans sem ræður hann og getur vikið honum frá.

Um 6. gr.

Hver deild skólans er faglega sjálfstæð innan þess ramma sem settur er með gæða- og viðmiðunarkröfum. Deildarforseta er falinn rekstur og þróun deildar og ber hann ábyrgð gagnvart rektor jafnframt því að vera honum til ráðuneytis um málefni viðkomandi deildar. Gera má ráð fyrir að innan hverrar deildar starfi fagráð sem sé deildarforseta til ráðuneytis um stefnumörkun og starfshætti.

Um 7. gr.

Skólaráð fjallar um sameiginleg málefni deilda skólans og vinnur að samræmingu stefnu og starfshátta deilda og heildarstefnumótun varðandi framtíðarþróun Listaháskóla Íslands. Skólaráð er rektor til ráðuneytis um sameiginleg málefni skólans. Skólaráð getur vísað málum til stjórnar skólans telji það að rektor vinni ekki samkvæmt settum markmiðum, eða í öðrum tilvikum ef það telur ástæðu til. Stjórnin getur einnig leitað umsagnar skólaráðs um hvaðeina er rekstur og stjórnun skólans varðar. Með þessu er leitast við að tryggja samstöðu um sett markmið og að aðhald sé varðandi skynsamlega og réttláta stjórnun, faglega og rekstrarlega.

Um 8. gr.

Skipurit yfir Listaháskóla Íslands gerir í stórum dráttum grein fyrir eftirfarandi: Þrír aðilar, menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag um Listaháskóla Íslands standa að stofnun Listaháskóla Íslands sem sjálfseignarstofnunar. Þeir tilnefna fulltrúa í stjórn sem hefur það hlutverk að standa vörð um tilgang skólans og tryggja að hann starfi samkvæmt því markmiði að vera samkeppnishæfur listaháskóli. Stjórnin er ekki fagstjórn en ræður rektor að skólanum og framselur honum umboð sitt til daglegs reksturs og stjórnunar. Skal hann hafa umsjón með því að skólinn starfi samkvæmt settu markmiði. Stjórnin hefur formlegt vald til að grípa inn í rekstur og stjórnun ef nauðsyn krefur. Einstakar deildir skólans eru faglega sjálfstæðar og hefur hver þeirra sinn deildarforseta. Fulltrúar deilda mynda skólaráð sem er samstarfsvettvangur hinna sjálfstæðu deilda og rektor til ráðuneytis um ákvarðanatöku og úrskurð mála. Skólinn í heild, undir forustu rektors, er þannig sjálfstæð stofnun sem starfar samkvæmt yfirlýstum markmiðum en er háður gæðamati yfirstjórnar menntamála og samanburði við erlenda listaháskóla. Staðgengill rektors skal vera úr hópi starfsmanna sem í skólaráði sitja. Með því er leitast við að tryggja samráð rektors og skólaráðs um stjórnun skólans.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að skólinn geri samninga við menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg (með fyrirvara um þátttöku hennar í rekstrinum) um greiðslu rekstrarkostnaðar. Samningar taki til kennslu, rannsókna og annarrar þjónustu er skólinn veitir. Það sem hér er haft í huga er að við samninga um greiðslu rekstrarkostnaðar skuli miða við heildarstarfsemi listaháskóla samkvæmt þeirri skilgreiningu sem nefnd er í athugasemd við 2. gr. Einnig getur skólinn gert hliðstæða samninga við aðra aðila. Er þar t.d. átt við að skólinn geti tekið að sér kennslu í einstökum undirbúningsgreinum á framhaldsskólastigi ef hentugt þykir vegna aðstæðna eða að skólinn geti tekið að sér að vinna verkefni á sviði lista og listfræða fyrir utanaðkomandi aðila. Rektor ber ábyrgð á því gagnvart stjórn að slíkir samningar hafi ekki áhrif á faglegt sjálfstæði skólans.

Um 11. gr.

Fullbúin aðstaða í Listaháskólahúsinu í Laugarnesi er ein meginforsenda þess að Listaháskóli Íslands geti starfað á raunhæfan og hagkvæman hátt. Ákvæði um húsaleigu er í samræmi við það sem gildir um ríkisstofnanir í eigin húsnæði. Gert er ráð fyrir að húsaleigugreiðslur renni til viðhalds fasteignarinnar sjálfrar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal III.

Drög að samþykktum fyrir félag um Listaháskóla Íslands.

Það verður vitanlega á valdi félagsmanna í félagi um listaháskóla að semja endanlega og samþykkja reglur fyrir félagið. Þessi drög eru einungis sett hér fram sem sýnishorn af hugsanlegum samþykktum fyrir slíkt félag.

1. gr.

Félagið heitir ... Varnarþing þess er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið félagsins er að efla og styrkja Listaháskóla Íslands með því að vera listrænn, fjárhagslegur og stjórnunarlegur bakhjarl skólans.

3. gr.

Markmiði félagsins skal m.a. náð með eftirfarandi hætti:

1. Stofna til umræðna um starfsemi Listaháskóla Íslands og nýjungar í listnámi.
2. Standa fyrir listkynningum í samvinnu við skólann.
3. Standa fyrir fjáröflun og styrktaraðgerðum í samvinnu við og í þágu skólans.
4. Efla starfsemi Listaháskóla Íslands með kaupum á búnaði til skólans eða fjármögnun einstakra verkefna.
5. Veita nemendum skólans fjárhagsaðstoð og verðlauna fyrir góðan námsárangur.
6. Kjósa þrjá menn í stjórn Listaháskóla Íslands.

4. gr.

Rétt til inngöngu í félagið eiga einstaklingar sem greiða áskilin árleg félagsgjöld. Hver aðildarfélagi hefur eitt atkvæði.

5. gr.

Tekjur félagsins eru félagsgjöld, frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana og annað aflafé. Tekjum skal varið til að vinna að markmiði félagsins, sbr. 3. gr. Félagsgjöld skulu ákveðin af aðalfundi en skulu þó aldrei vera lægri en 3.000,00 kr. fyrir hvern aðildarfélaga miðað við framfærsluvísitölu eins og hún var í apríl 1993.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn sem kjörnir eru hlutfallskosningu á félagsfundi og er kjörtímabil stjórnar tvö ár. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórnin stýrir starfsemi félagsins og ráðstafar fjárveitingum. Hún skal hafa eftirlit með að fjármunir nýtist í samræmi við markmið félagsins. Stjórn félagsins er ábyrg fyrir reikningshaldi og reikningsskilum. Hún varðveitir eignir félagsins og skal ávaxta sjóði á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

8. gr.

Gera skal ársreikning fyrir hvert almanaksár. Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður af stjórninni eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok almanaksárs. Öll meðferð fjármuna, svo og bókhald og reikningsskil félagsins, skal háð endurskoðun óháðs löggilts endurskoðanda. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu sendir stjórn skólans, menntamálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun að afloknum aðalfundi.

9. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir 1. apríl ár hvert og telst hann löglegur ef til hans er boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara með skriflegu fundarboði og auglýsingu í dagblöðum. Geta skal dagskrár í fundarboði. Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar liðins starfsárs.
3. Skýrsla um starfsemi Listaháskóla Íslands.
4. Hlutfallskosning þriggja manna í stjórn Listaháskóla Íslands, sbr. skipulagsskrá Listaháskóla Íslands.
5. Kosning fimm manna í stjórn félagsins, sbr. 6. gr.
6. Lagabreytingar.
7. Önnur mál.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Tillögur til breytinga á lögum verða ekki teknar til meðferðar nema helmingur félagsmanna hið fæsta sæki fundinn. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki meiri hluta fundarmanna fær hún gildi.

10. gr.

Til að slíta félaginu þarf atkvæði tveggja þriðju hluta fullgildra félagsmanna. Skulu eignir félagsins renna óskiptar til Listaháskóla Íslands og ráðstafað af stjórn hans.

Fylgiskjal IV.

REKSTRARÁÆTLUN LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS 1995

Samanburður við núverandi rekstrarkostnað listaskólanna 1994.

TEKJUR	Myndl.sk.	Leiklistarsk.	Tónlistarsk.	Samtals	Listahásk.
Framlög ríkissjóðs	69.445	34.730	8.885	113.060	0
Framlög Borgarsj.	47.382	0	43.633	91.015	0
Skólagjöld o.fl.	1.149	160	13.584	14.893	18.100
Styrkir	0	0	250	250	12.500
Áætluð framl. til LÍ	0	0	0	0	181.200
Samtals	**117.976**	**34.890**	**66.352**	**219.218**	**211.800**
GJÖLD					
Launagjöld	74.260	19.218	57.578	151.057	126.000
Rafmagn	962	382	250	1.594	2.000
Hiti	750	306	175	1.230	3.500
Húsaleiga	24.369	6.097	1.689	32.155	41.000
Annar kostnaður	17.635	8.887	5.985	32.507	31.000
Samtals	**117.976**	**34.890**	**65.677**	**218.543**	**203.500**
Rekstrarafgangur			675	675	8.300
Nemendafjöldi nú	210	20	210	440	
Nemendafjöldi	170	20	110	300	300
Listaháskóla Ísl.					
Þ.kr./nem. nú	562	1.745	313		
Þ.kr./nem. í					
Listahásk. Ísl.					678
Framlög / námsár í					
listahásk.	594	1.140	522		604

Skýringar.

1. Framlög ríkissjóðs á árinu 1993 voru um 113 milljónir kr. til reksturs þeirra þriggja skóla sem fyrirhugað er að sameinist í Listaháskóla Íslands. Leiklistarskólinn var að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði, Myndlista- og handíðaskólinn var aftur á móti fjármagnaður 60% úr ríkissjóði á móti 40% framlagi frá Reykjavíkurborg og Tónlistarskólinn í Reykjavík þáði framlag frá ríkissjóði sem nam 13,4% af rekstrarkostnaði á móti Reykjavíkurborg og skólagjöldum.

2. Framlag Reykjavíkurborgar hefur skipst nokkuð jafnt á milli Myndlista- og handíðaskólans og Tónlistarskólans í Reykjavík.

3. Áætlun fyrir nýjan skóla gerir ráð fyrir að allir nemendur greiði skólagjöld, mismunandi eftir því hvar þeir eru staddir í námi og eftir kostnaði vegna kennslu hvers nemanda. Námið verði lánshæft. Í tillögum nefndarinnar var sleginn sá varnagli að meðalskólagjöld yrðu ekki hærri en sem nemur 10% af meðalframlagi ríkissjóðs á hvern nemanda. Í töflunni hér að ofan er reiknað með hámarkstekjum af þessum lið.

4. Styrkir, einkum til Tónlistarskólans, hafa oft numið verulegum upphæðum þótt sú upphæð sé óvenjulág á árinu 1993. Gert er ráð fyrir að félag um Listaháskóla verði öflugt og virkt og eigi drjúgan þátt í að fjármagna einstök verkefni. Rétt er að benda á að fjárhæðin, sem reiknað er með í töflunni hér að ofan, er aðeins áætlun. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að styrkir, sem Listaháskóli Íslands kann að hljóta, verði notaðir til uppbyggingar á tækjakosti og aðstöðu en ekki til þess að mæta almennum rekstrarútgjöldum skólans.

5. Framlög til LÍ eru sett fram sem margfeldi af fjölda nemenda í virku námi og greiðslu fyrir hvert námsár sem er mismunandi eftir námsgreinum. Gert er ráð fyrir að þessar upphæðir séu útkoma úr samningum sjálfstæðs skóla og menntamálaráðuneytis.

6. Rétt er að benda á að samkvæmt þessari frumáætlun verða nemendur Listaháskólans um 300, þ.e. álíka margir og þeir nemendur listaskólanna eru nú, sem taldir eru vera ofan framhaldsskólastigs í raun.

Aðrir nemendur í listnámi verða áfram neðan háskólastigs og mun kostnaður vegna þeirra einkum falla á framhaldsskólana. Kostnaður á hvern nemanda í þannig námi verður þó að jafnaði mun lægri en kostnaður vegna hvers nemanda í Listaháskólanum.

335. Svar [161. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um niðurfellingu afnotagjalda af útvarpi og um aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpssendingum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir elli- og örorkulífeyrisþegar hafa fengið felld niður afnotagjöld af útvarpi hvert ár frá 1986 og hvert hefur tekjutap Ríkisútvarpsins orðið vegna þess ár hvert og samtals á tímabilinu?*
   Óskað er eftir að fjárhæðir séu tilgreindar á verðlagi hvers árs og einnig á verðlagi nú.
2. *Hve hárri fjárhæð námu aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og búnaði til þeirra ár hvert frá og með 1986, á verðlagi hvers árs og framreiknað til verðlags nú, og hve mikið af þessum gjöldum rann í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins hvert ár?*

Leitað var umsagnar Ríkisútvarpsins og fer umsögn fjármáladeildar stofnunarinnar hér á eftir:

Niðurfelling afnotagjalda skjólstæðinga Tryggingastofnunar ríkisins 1986–1994.

Ár	Fjöldi í árslok	Afnotagjald á ár	Á verðlagi hvers árs, í þús. kr.	Framreiknað til verðl. okt. '94, í þús. kr.
1986	5.433	6.035	32.788	76.002
1987	5.962	8.534	50.880	100.437
1988	6.143	13.400	82.316	131.705
1989	6.567	15.915	104.513	141.301
1990	6.642	19.182	127.406	149.065
1991	7.085	20.244	143.429	156.050
1992	7.542	20.244	152.680	160.314
1993	8.332	20.981	174.814	179.184
1994, október	8.258	21.048	173.814	173.814

Eftirfarandi er yfirlit yfir aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og búnaði til þeirra árin 1986–1993 sem eiga að renna til Ríkisútvarpsins samkvæmt gildandi útvarpslögum:

Aðflutningsgjöld 1986–1993.

Fjárhæðir eru í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs	Framreikn., lánskjaravt. í okt. 1994
1986 (var greitt)	153,6	355,4
1987	358,8	704,9
1988	120,6	192,6
1989	147,2	198,5
1990	182,0	212,6
1991	223,1	242,2
1992	230,1	241,5
1993	268,2	274,7
Samtals	1.530,0	2.067,0

Aðflutningsgjöld hafa aðeins verið greidd fyrir árið 1986, fyrsta ár gildandi útvarpslaga. Ríkisútvarpið hefur við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árin 1987–1993 verið svipt aðflutningsgjöldum sem nema 2.067 millj. kr., miðað við verðlag í október 1994.

336. Svar [159. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um kostnað við rekstur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver varð kostnaðurinn við rekstur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins á síðasta ári og hvað er áætlað að hann verði mikill á þessu ári samkvæmt fjárhagsáætlun?*
   Óskað er eftir svofelldri sundurliðun fyrir hverja svæðisstöð fyrir sig:
   a. *Útgjöld alls.*
   b. *Tekjur alls.*
   c. *Fjöldi stöðugilda.*
   d. *Hlutfall kostnaðar af heildarkostnaði við rekstur Ríkisútvarps, hljóðvarps.*
2. *Hver eru áform Ríkisútvarpsins um rekstur svæðisstöðvanna og dagskrárgerðar á þeirra vegum, þar með talinn flutning starfa frá höfuðstöðvum stofnunarinnar til svæðisstöðvanna?*

Leitað var umsagnar Ríkisútvarpsins. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar voru heildarútgjöld vegna reksturs svæðisstöðva á sl. ári samtals 50.690.788 kr. Áætluð heildarútgjöld á þessu ári vegna svæðisstöðva eru 49.836.000 kr.

Varðandi aðra þætti fyrirspurnarinnar um nánar tiltekna sundurliðun kostnaðar fyrir hverja svæðisstöð vísast til fylgiskjals.

Fylgiskjal.

Umsögn fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.
(7. nóvember 1994.)

1. Kostnaður við rekstur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins.

Svæðisútvarp Norðurlands:	Kr.
Útgjöld 1993*	30.872.109
Sértekjur 1993	0
Áætlun 1993	32.338.000
Áætlun 1994	31.429.000
Hlutfall af heildarrekstrargjöldum hljóðvarps 1993	4%
Stöðugildi 1993	9,8

Svæðisútvarp Vestfjarða:

Útgjöld 1993*	9.785.037
Sértekjur 1993	0
Áætlun 1993	9.440.000
Áætlun 1994	9.220.000
Hlutfall af heildarrekstrargjöldum hljóðvarps 1993	1,2%
Stöðugildi 1993	3,0

Svæðisútvarp Austurlands:

Útgjöld 1993*	10.033.642
Sértekjur 1993	153.545
Áætlun 1993	9.125.000
Áætlun 1994	9.187.000
Hlutfall af heildarrekstrargjöldum hljóðvarps 1993	1,3%
Stöðugildi 1993	3,4

* Í gjöldum er ekki meðtalinn kostnaður vegna ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem ekki er sundurliðaður, svo sem af yfirstjórn, innheimtu afnotagjalda, afskriftum, dreifikerfi o.fl.

2. Áform Ríkisútvarpsins um rekstur svæðastöðvanna.

Gert er ráð fyrir að rekstur svæðastöðva verði á næstu árum með svipuðu sniði og umfangi og verið hefur undanfarin ár. Ákveðið hefur verið að á næsta ári verði ráðnir fréttaog dagskrárgerðarmenn á Vesturland og Suðurnes, einn á hvort svæði.

337. Svar [162. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um kostnað við dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver varð kostnaður við þáttagerð og dagskrárgerð á vegum skrifstofu framkvæmdastjóra Ríkisútvarps, sjónvarps, 1. apríl 1993 til 1. apríl 1994 og hver er þessi kostnaður áætlaður 1. apríl 1994 til 1. apríl 1995?*
2. *Hver varð kostnaðurinn við þáttinn Dagsljós í sjónvarpinu frá 1. október 1993 til 1. október 1994? Hver er áætlaður kostnaður við sama þátt frá 1. október 1994 til 1. október 1995?*

   Óskað er svofelldrar sundurliðunar fyrir hvert ár fyrir sig:

   a. *Útgjöld alls.*
   b. *Tekjur alls.*
   c. *Fjöldi stöðugilda.*
3. *Hver varð kostnaður við aðra innlenda dagskrárgerð í sjónvarpinu á sama tíma, þ.e. frá 1. apríl 1993 til 1. apríl 1994, og hver er áætlaður kostnaður frá 1. apríl 1994 til 1. apríl 1995?*

Leitað var umsagnar Ríkisútvarpsins. Varðandi einstaka þætti fyrirspurnarinnar vísast til fylgiskjals.

Fylgiskjal.

Ríkisútvarpið,
fjármáladeild:

Kostnaður við dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu.
(7. nóvember 1994. — Fjárhæðir eru í þús. kr.)

1.	Kostnaður við þátta- og dagskrárgerð á vegum skrifstofu framkvæmdastjóra sjónvarps.	Gjöld	Áætlun
Kostnaður 1. apríl 1993 til 1. apríl 1994	37.438	35.675	
Áætlaður kostnaður 1. apríl 1994 til 1. apríl 1995	–	37.194	
Ath. Áætlun fyrir 1995 er ekki frágengin.			

2. Kostnaður við Dagsljós.	Kostnaður	Áætlun	Stöðugildi
Kostnaður 1. október 1993 til 1. október 1994	32.124	31.936	13
Áætlun 1. október 1994 til 1. október 1995	–	27.280	12
Ath. Kostnaður er beinn dagskrárkostnaður án tæknikostnaðar. Starfsmenn eru í fullu starfi meðan Dagsljós er í gangi, þ.e. október 1993 til júní 1994 og október 1994 til apríl 1995. Þessir starfsmenn fara í önnur verkefni eða af launaskrá á öðrum tíma. Áætlun fyrir 1995 er ekki frágengin.			

3. Kostnaður við aðra innlenda dagskrárgerð Sjónvarps.	Gjöld	Áætlun
Kostnaður 1. apríl 1993 til 1. apríl 1994	202.572	210.085
Áætlaður kostnaður 1. apríl 1994 til 1. apríl 1995	–	193.565
Ath. Áætlun fyrir 1995 er ekki frágengin.		

338. Svar [160. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um dreifikerfi Ríkisútvarpsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið kostnaður Ríkisútvarpsins við uppbyggingu og viðhald dreifikerfis stofnunarinnar árlega frá 1986 á verðlagi nú?*
2. *Hver er áætlaður kostnaður við að koma upp þeim tækjakosti og dreifikerfi sem þarf til þess að sendingar*
   a. Rásar 1,
   b. Rásar 2,
   c. sjónvarps,
   d. aukarásar hljóðvarps,
   nái til allra landsmanna?

   Í hverjum staflið óskast tilgreint hvar þurfi búnað, hvernig búnað og hver áætlaður kostnaður er.

Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar voru heildarútgjöld af rekstri dreifikerfis stofnunarinnar og fjárfestingar árlega frá 1986 á verðlagi október 1994 sem hér segir:

	Rekstur	Fjárfesting	Samtals
1986	95.245.548	107.610.354	202.855.902
1987	108.825.346	20.359.546	129.184.892
1988	126.710.718	21.970.672	148.681.390
1989	139.725.134	27.018.951	166.744.085
1990	119.823.188	26.072.858	145.896.046
1991	153.622.952	45.215.524	198.838.476
1992	140.440.922	22.901.800	163.342.722
1993	131.198.050	14.478.264	145.676.314

Til nánari upplýsinga varðandi þennan þátt fyrirspurnarinnar vísast til meðfylgjandi yfirlits sem var unnið af hagdeild Ríkisútvarpsins, dags. 10. nóvember sl.

Varðandi aðra þætti fyrirspurnarinnar um nánar tiltekna sundurliðun kostnaðaráætlunar við að koma upp þeim tækjakosti og dreifikerfi, sem þarf til að sendingar nái til allra landsmanna, vísast til umsagnar tæknideildar stofnunarinnar, dags. 24. nóvember sl., ásamt fylgiskjölum.

Fylgiskjal I.

Hagdeild Ríkisútvarpsins:

rúv		Rekstur og fjárfesting dreifikerfis 1986 1993					
hagdeild							
10/11/94 hvb							
	Rekstur	Fjáfesting			Rekstur	Fjárfesting	
	verðl hvers árs	verðl hvers árs			Verðl. okt'94	Verðl. okt'94	
1986	41.081.339	46.414.531	1.457	2,3185	95.245.548	107.610.354	
1987	55.121.423	10.312.369	1.711	1,9743	108.825.346	20.359.546	
1988	79.184.821	13.730.044	2.111	1,6002	126.710.718	21.970.672	
1989	103.325.454	19.980.266	2.498	1,3523	139.725.134	27.018.951	
1990	102.371.143	22.275.390	2.886	1,1705	119.823.188	26.072.858	
1991	141.116.643	41.534.568	3.103	1,0886	153.622.952	45.215.524	
1992	133.788.895	21.817.049	3.218	1,0497	140.440.922	22.901.800	
1993	128.090.932	14.135.380	3.298	1,0243	131.198.050	14.478.264	
			3.378	1,0000	0	0	

Fylgiskjal II.

Tæknideild Ríkisútvarpsins:

Áætlaður kostnaður við dreifikerfisverkefni.
(24. nóvember 1994.)

Kostnaður við að koma sjónvarpi og hljóðvarpi til allra landsmanna er mjög háður því, hvað átt er nákvæmlega við, bæði að því er varðar tæknileg gæði og rekstraröryggi. Einnig fer hann eftir því HVAR gert er ráð fyrir að landsmenn geti náð sendingunum. Áætlanir okkar um valkosti eru eftirfarandi:

Verkefni í stafrófsröð: (upphæðir í milljónum króna)	Rás 1	Rás 2	Sjv.	Auka-hljv.rás	Auka-sjv.rás
Aukarás, t.d. fyrir Alþingi (FM: 102 og Sjv. 178 sendar) (án dagskrárflutnings til aðalsenda)				325	930
Fjallastöðvar til fiskimiða, stórar (7 nýjar, 6 styrktar)	625	625	850		
Langbylgja að Eiðum	200				
Langbylgja að Gufuskálum	365				
Rekstraröryggisátak, fjargæsla og vararafstöðvar	25	25	50		
Sjónvarp og FM til 80 síðustu sveitabæjanna	80	80	160		
Stafræn dagskrárdreifing til aðalsenda	75	75	250		
Styrking FM m.t.t. hálendis (5 fjallasendar)	150	150			
Styrking FM m.t.t. vegakerfis	120	120			
Styrking FM til jafns við Sjónvarp	110	110			
Sumarbústaðahverfi	25	25	50		
Tímabær endurnýjun í núverandi kerfi (aðalsendar, loftnet o.fl.)	60	60	120		
Samtals:	1835	1270	1480	325	930

Blönduð lausn í dreifikerfinu, samspil FM- langbylgju- og miðbylgjustöðva, auk sjónvarpssenda, hefur verið talin heppilegust til næstu framtíðar, þar sem dreifing um gervitungl til farartækja virðist of langt undan, og óvíst um kostnað. Lang- og miðbylgjusendingar eru ódýrari óháð varaleið, öryggisins vegna, heldur en uppbygging tvöfalds FM kerfis, auk þess að minnka nauðsynlegar fjárfestingar í FM kerfinu, með því að fylla í holur í því, ná til hálendis og fjarlægari fiskimiða með ódýrari hætti heldur en FM.

Hafa verður í huga, að tölur þessar eru byggðar á frumathugunum til að fá fram stærðargráður. Einnig að aðstöðukostnaður (hús, vegur, rafmagn... þar sem það á við), kemur með fullum þunga í upphafi, og kostnaður verður hærri en tilgreint er, ef ekki er um samnýtingu við aðra þætti að ræða.

Varðandi hvar þurfi búnað og hvernig búnað, umfram það sem fram kemur í töflunni, vísast til fylgiskjala um það helsta, sem verið hefur til skoðunar í þeim efnum.

Virðingarfyllst,

Kristján Benediktsson.

Verkefnalisti 1992, vinnuplagg, flokkað eftir verkefnum

	Rás 1	Rás 2	Sjónvarp	Hús/aðstaða	Verkefni
000...Vatnsendi					* NICAM steríovæðing, þegar ákveðin
741...Vopnafjörður			kr. 1.300.000		* Ný tæki og sendir vegna ljósleiðara, þegar ákveðið
320...Vallnaholt				kr. 960.000	Hús þarfnast viðgerðar
374...Öxl				kr. 370.000	Hús þarfnast viðgerðar
600...Vaðlaheiði				kr. 3.300.000	Hús þarfnast viðgerðar
millisummur	kr. 0	kr. 0	kr. 0	kr. 4.630.000	
3NN...Húsafell			kr. 350.000		Ný smástöð
5NN...Lýtingsstaðahr. Skagaf.			kr. 4.360.000		Ný stöð
5NN...Skagaströnd	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000	kr. 3.800.000		Ný stöð, Rás 1 (100W) og Rás 2 (100W) og sjónvarp
6NN...Innd. Eyjafj. Sölvadalur			kr. 3.800.000		Ný stöð
6NN...Innd. Eyjafj. Villingadalur			kr. 3.800.000		Ný stöð
7NN...Arnórsst.Hákonarst.Merkl			kr. 3.800.000		Ný stöð fyrir 3 bæi á Jökuldal
7NN...Öræfi, Ingólfshöfði	kr. 2.700.000	kr. 2.700.000		kr. 2.000.000	Ný stöð, Rás 1 (1000 W) og Rás 2 (1000 W)
8NN...Hálendi: Búrfell	kr. 1.750.000	kr. 1.750.000			Ný stöð Rás 1 og Rás 2 fyrir hálendið
8NN...Hálendi: Vatnsfell	kr. 1.750.000	kr. 1.750.000			Ný stöð Rás 1 og Rás 2 fyrir hálendið
8NN...Suðurlandsstöð	kr. 3.000.000	kr. 3.000.000	kr. 3.000.000	kr. 4.000.000	Ný stöð fyrir suðurlandsundirlendið, 2x1000W á FM+sjv.
millisummur	kr. 10.450.000	kr. 10.450.000	kr. 22.910.000	kr. 6.000.000	
000...Vatnsendi	kr. 5.000.000	kr. 5.000.000			Rás 1 og 2, endurnýjun á FM sendum
368...Skáneyjarbunga	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
371...Kolbeinsstaðahreppur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
374...Öxl	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
458...Mjóifjörður	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
469...Arnarfjörður, Tjaldanes	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
471...Ingjaldssandur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
477...Djúpavík	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
479...Göltur, f...Staðardal	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
482...Álftafjörður, eða Súðavík	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
486...Nauteyri	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
489...Bitrufjörður	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
490...Kollafjörður	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
491...Trékyllisvík	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
492...Steingrímsfjörður	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
552...Miðfjarðardalur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
553...Eggjar	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir

Verkefnalisti 1992, vinnuplagg, flokkað eftir verkefnum

	Rás 1	Rás 2	Sjónvarp	Hús/aðstaða	Verkefni
557...Viðidalur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
558...Vatnsdalur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
564...Blöndudalur II	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
565...Svartárdalur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
566...Vatnsskarð	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
569...Laxárdalur, Njálsstaðir	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
571...Skefilsstaðahreppur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
631...Svarfaðardalur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
670...Raufarhöfn	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
672...Tjörnes	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
751...Bakkaflói	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
755...Fljótsdalur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
757...Skriðdalur	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
764...Berufjörður	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
792...Norðurdalur, Breiðdal	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
794...Flaga	kr. 1.250.000	kr. 1.250.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
XXX...20 aðrir staðir hljóðvarp	kr. 25.000.000	kr. 25.000.000			Rás 1 og 2 vantar; sendar 100W; sjónvarp er fyrir
millisummur	kr. 65.000.000	kr. 65.000.000	kr. 0	kr. 0	
355...Þjóðólfsholt	kr. 2.500.000	kr. 2.500.000			Rás 1 vantar (1000W) og stækka Rás 2 (í 1000W)
410...Bolungarvík	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
463...Patreksfjörður	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
464...Tálknafjörður	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
466...Bíldudalur	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
473...Önundafjörður	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
476...Kleif, Súgandafirði	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
551...Hvítabjarnarhóll	kr. 1.500.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 300 W
620...Ólafsfjörður	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
630...Dalvík	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
665...Goðafoss	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
671...Öxarfjörður	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
741...Vopnafjörður	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
765...Djúpivogur	kr. 1.000.000				Rás 1 stækkuð til jafns við Rás 2, í 100 W
millisummur	kr. 16.000.000	kr. 2.500.000	kr. 0	kr. 0	
367...Girðisholt		kr. 4.000.000		kr. 1.500.000	Rás 2 vantar (3000W) og stærra hús
580...Fljót, Glæsibær		kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), Rás 1 er fyrir
581...Fljót, Fell		kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), Rás 1 er fyrir

Verkefnalisti 1992, vinnuplagg, flokkað eftir verkefnum

	Rás 1	Rás 2	Sjónvarp	Hús/aðstaða	Verkefni
582...Fljót, Haganesvík		kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), Rás 1 er fyrir
657...Hörgárdalur, Öxnhóll	kr. 1.000.000	kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), stækka Rás 1 í 100 W
658...Öxnadalur	kr. 1.000.000	kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), stækka Rás 1 í 100 W
666...Bárðardalur efri	kr. 1.000.000	kr. 1.430.000	kr. 1.400.000		Rás 2 vantar (100W) og stækka Rás 1 (í 100W) + sjv f/Engidal
678...Heiðarfjall	kr. 1.500.000	kr. 2.400.000			Rás 2 vantar (300W), stækka Rás 1 (í 300 W)
760...Grænnípa, Hafnarnes		kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), Rás 1 er fyrir
766...Álftafjörður	kr. 1.000.000	kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), stækka Rás 1 í 100 W
771...Lón	kr. 1.000.000	kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), stækka Rás 1 í 100 W
772...Almannaskarð		kr. 1.430.000			Rás 2 vantar(100W), 10W eru fyrir á Rás 1 og talin duga
774...Hestgerði, Borgarhöfn	kr. 1.000.000	kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), stækka Rás 1 í 100 W
806...Hraunhóll, Reynisfjall	kr. 1.000.000	kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), Rás 1 er fyrir
854...Skaftártunga I		kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), Rás 1 er fyrir
854...Skaftártunga II		kr. 1.430.000			Rás 2 vantar (100W), Rás 1 er fyrir
millisummur	kr. 8.500.000	kr. 26.420.000	kr. 1.400.000	kr. 1.500.000	
001...Digranesskóli			kr. 1.400.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 10W
470...Klofningur			kr. 1.000.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 10W
761...Fáskrúðsfjörður			kr. 1.000.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 10W
771...Lón			kr. 1.500.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 50W
774...Hestgerði, Borgarhöfn			kr. 1.000.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 10W
778...Hnappavellir			kr. 1.000.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 10W
876...Langholt			kr. 1.800.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 100W
879...Búrfell			kr. 1.200.000		Sjónvarp, stækkun sendis í 10W
XXX...5 aðalsendar sjónvarps			kr. 80.000.000		Sjónvarp endurnýjun á 5 aðalsendum, 10 kW
XXX...6 Aðaldreifistöðvar			kr. 1.500.000		Sjónvarp endurnýjun, eftirlitsskjáir fyrir stóru stöðvarnar
XXX...60 aðrir staðir sjónvarp			kr. 120.000.000		Sjónvarp vantar fyrir afskekktasveitabæi (u.þ.b. kr. 2 millj. á send
millisummur	kr. 0	kr. 0	kr. 211.400.000	kr. 0	
XXX...26 varaaflstöðvar				kr. 18.200.000	Varaafl vantar til að bæta öryggi
Samtals kr:	kr. 104.950.000	kr. 109.370.000	kr. 237.010.000	kr. 30.330.000	
		Alls kr.:	kr. 481.660.000		

Fskj. 2.

Bæir á Íslandi þar sem búast má við slæmum eða ónothæfum myndgæðum sjónvarps.
(Janúar 1992.)

Sýsla, hreppur	Bæjarheiti	Myndgæði
Kjósarsýsla:		
Kjósarhreppur	Ingunnarstaðir	slæm
	Fremri-Háls	slæm
Borgarfjarðarsýsla:		
Hvalfjarðarstrandarhreppur	Hurðarbak	ónothæf
	Svarfhóll	ónothæf
Skorradalshreppur	Hagi	ónothæf
Lundarreykjadalshreppur	Iðunnarstaðir	slæm
	Hóll	slæm
Snæfellsnessýsla:		
Breiðuvíkurhreppur	Malarrif	ónothæf
Skógarstrandarhreppur	Stóri-Langidalur	slæm
Dalasýsla:		
Hörðudalshreppur	Vífilsdalur	ónothæf
Miðdalshreppur	Breiðabólsstaður	slæm
	Svarfhóll	ónothæf
Haukadalshreppur	? Kross	ónothæf
Hvammshreppur	Sælingsdalur	ónothæf
A-Barðastrandarsýsla:		
Reykhólahreppur	Skálastaðir	
Gufudalshreppur	Hofsstaðir	slæm
	? Klettur	ónothæf
Barðastrandarhreppur	Hvammur	slæm
V-Barðastrandarsýsla:		
Rauðasandshreppur	Melanes	ónothæf
	Breiðavík	slæm
	Kollsvík	slæm
V-Ísafjarðarsýsla:		
Auðkúluhreppur	Lokinhamrar	slæm
	Hrafnabjörg	slæm
Þingeyrarhreppur	? Arnarnúpur	ónothæf
	? Svalvogar	ónothæf
	Brekka	ónothæf
	Grandi	ónothæf
N-Ísafjarðarsýsla:		
Ögurhreppur	Hvítanes	slæm
	Skarð	ónothæf
	? Kleifar (Skötufirði), í eyði	ónothæf
	Borg	ónothæf
	Hjallar	ónothæf
Nauteyrarhreppur	Kirkjuból	slæm

Sýsla, hreppur	Bæjarheiti	Myndgæði
Strandasýsla:		
Kirkjubólshreppur	Tröllatunga	slæm
A-Húnavatnssýsla:		
Svínavatnsheppur	Svínavatn	ónothæf
	Sólheimar	ónothæf
	Stóra-Búrfell	slæm
Bólstaðarhlíðarhreppur	Hvammur	ónothæf
	Stafn	ónothæf
	Foss	ónothæf
	Gautsdalur	ónothæf
	Þverárdalur	ónothæf
	Hólabær	slæm
Skagahreppur	Steinnýjarstaðir	slæm
	Hafnir	ónothæf
	Tjörn	ónothæf
	Víkur	ónothæf
Skagafjarðarsýsla:		
Skarðshreppur	Heiði	slæm
Akrahreppur	? Skatastaðir	ónothæf
	Fremrikot	ónothæf
Lýtingsstaðahreppur	Tunguháls I	slæm
	Giljar	ónothæf
	Litla-Hlíð	ónothæf
Eyjafjarðarsýsla:		
Siglufjarðarhreppur	Reiðará	ónothæf
Ólafsfjörður	Karlsstaðir	ónothæf
Öxnadalshreppur	Engimýri	ónothæf
Saurbæjarhreppur	Eyvindarstaðir	ónothæf
	Draflastaðir	ónothæf
	Þormóðsstaðir	ónothæf
	Leyningur	ónothæf
	Villingadalur	ónothæf
S-Þingeyjarsýsla:		
Bárðardalshreppur	Engidalur	ónothæf
N-Þingeyjarsýsla:		
Öxarfjarðarhreppur	Gilhagi I	slæm
N-Múlasýsla:		
Vopnafjarðarhreppur	Hróaldsstaðir	ónothæf
	Hauksstaðir	slæm
	Burstafell	slæm
	Böðvarsdalur	slæm
	Eyvindarstaðir	ónothæf
Jökuldalshreppur	Merki	ónothæf
	Arnórsstaðir	ónothæf
	Hákonarstaðir	ónothæf
Hjaltastaðarhreppur	Unuós	ónothæf
S-Múlasýsla:		
Stöðvarhreppur	Kambanes (lagfært 1986)	í lagi
Reyðarfjarðarhreppur	? Sómastaðir	ónothæf
Búlandshreppur	Strýta	ónothæf
Geithellnahreppur	Hamarssel	ónothæf
A-Skaftafellssýsla:		
Hofshreppur	Kvísker	ónothæf

Sýsla, hreppur	Bæjarheiti	Myndgæði
V-Skaftafellssýsla:		
Hörgslandshreppur	Núpsstaður	slæm
	Kálfsfell I og II	slæm
	Blómsturvellir	ónothæf
	Dalshöfði	slæm
Skaftártunguhreppur	Ljótsstaðir	ónothæf
	Svínadalur	slæm
Kirkjubæjarhreppur	Heiðarsel	ónothæf
Hvammshreppur	Höfðabrekka	ónothæf
Rangárvallasýsla:		
V-Eyjafjallahreppur	Syðsta-Mörk	slæm
Árnessýsla:		
Grafningshreppur	Stóri-Háls	slæm
Gnúpverjahreppur	Ásólfsstaðir (lagaðist með breytingu 1986)	í lagi

339. Svar [226. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um framlög af fjárlagaliðnum 02-750 Skólar fyrir fatlaða.

1. *Hversu mörg sveitarfélög sóttu um framlag til dagvistar fyrir fatlaða forskólanemendur árin 1993 og 1994?*

Árið 1993 sóttu 42 sveitarfélög og 7 stofnanir og félagasamtök sem reka leikskóla um framlög. Það sem af er árinu 1994 hafa 40 sveitarfélög og 7 stofnanir og félagasamtök sem reka leikskóla sótt um framlög.

2. *Hversu mörg sveitarfélög fengu eða fá framlag á árunum 1993 og 1994 til þessarar þjónustu?*

Árið 1993 fengu 42 sveitarfélög og 7 stofnanir og félagasamtök framlög af þessum fjárlagalið. Á árinu 1994 hafa 40 sveitarfélög og 7 stofnanir og félagasamtök fengið framlög.

3. *Hve háar upphæðir er um að ræða hvort ár á hvert sveitarfélag?*

Framlög á einstök sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök koma fram í eftirfarandi töflu (tölur 1994 miðast við greiðslur 5. desember 1994):

	1993	1994
Reykjavík	44.024	43.500
Kópavogur	5.702	2.814
Keflavík	1.973	1.721
Grindavík	52	274
Seltjarnarnes	1.200	1.657
Mosfellsbær	1.018	358
Hafnarfjörður	5.760	6.636
Garðabær	691	971

	1993	1994
Njarðvík	579	885
Gerðahreppur	396	569
Akranes	871	921
Borgarnes	702	664
Ólafsvík	607	144
Ísafjörður	451	804
Bolungarvík	391	327
Siglufjörður	442	335
Sauðárkrókur	566	668
Hvammstangi	220	320
Blönduós	266	607
Akureyri	5.877	3.557
Húsavík	584	491
Dalvík	320	170
Egilsstaðahreppur	354	212
Neskaupstaður	540	195
Vestmannaeyjar	2.340	2.844
Selfoss	1.389	1.837
Hverageröishreppur	150	77
Bíldudalshreppur	230	
Ólafsfjörður	457	
Skútustaðahreppur	64	
Þórshöfn	80	
Eyrarsveit (fyrir 1989–1994)		1.213
Hafnahreppur		540
Reykdælahreppur		120
Stykkishólmur	115	316
Eyjafjarðarsveit		149
Rangárvallahreppur		97
Vatnsleysustrandarhreppur	98	66
Hofshreppur	79	53
Hvolhreppur		9
Vopnafjarðarhreppur	107	106
Hálshreppur	45	114
Reykholtsdalshreppur	183	
Öxarfjarðarhreppur	80	
Patreksfjörður	66	
Bessastaðahreppur	13	
Reykhólahreppur	287	212
Borgarfjarðarhreppur	48	72
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	410	129
Styrktarfélag vangefinna	292	292
Foreldrafélagið Hraunkot	119	
Hrafnista Reykjavík	80	186
Hlíðarból Akureyri	66	533
St. Jósefsspítali		80
Borgarspítali	29	436
Ríkisspítalar	1.194	1.816
Samtals	**81.607**	**80.097**

4. Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga af dagvist fyrir fatlaða forskólanemendur árin 1993 og 1994?

Menntamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um heildarkostnað sveitarfélaga af dagvist fatlaðra forskólanemenda árin 1993 og 1994.

340. Svar [202. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um framkvæmd þingsályktunar um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig miðar framkvæmd ályktunar Alþingis um að útbúin verði námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og að fræðsla um almenna fjármálaumsýslu verði skyldunámsefni er verði fyrir komið í þeim námsgreinum er ráðuneytið ákveður?

Grunnskólastig.

Samning námsgagna. Þingsályktun um fræðslu í fjármálaumsýslu, sem samþykkt var Alþingi 12. mars 1991, var kynnt Námsgagnastofnun það sama vor. Bankar og sparisjóðir höfðu þegar sýnt þessu máli áhuga og má nefna að Íslandsbanki hefur látið semja sérstakt námsefni sem notað hefur verið í starfsfræðslunámi í Reykjavík. Sparisjóður Hafnarfjarðar hefur einnig látið semja hliðstætt námsefni sem öllum nemendum í 10. bekk í Hafnarfirði stendur til boða.

Í kjölfar fyrrnefndrar þingsályktunar fóru af stað viðræður milli Námsgagnastofnunar og fulltrúa banka og sparisjóða um útgáfu á námsefni um fjármálaumsýslu.

Námsefnið *Fjármál mín og framtíð*, sem er samvinnuverkefni Námsgagnastofnunar og samstarfsnefndar banka og sparisjóða, er nú í lokavinnslu. Höfundur hefur skilað af sér handriti sem á næstu dögum verður sent til samstarfsnefndarinnar til yfirlestrar. Þegar athugasemdir og ábendingar hafa borist Námsgagnastofnun verður námsefnið gefið út og verður það væntanlega á vormánuðum. Námsefni þetta er fyrst og fremst ætlað 10. bekk grunnskólans. Höfundur, sem er kennari og viðskiptafræðingur, hefur tilraunakennt námsefnið í tvö ár hjá mismunandi námshópum svo að þegar er komin nokkur reynsla á það.

Skyldunámsefni. Í gildandi aðalnámskrá er fjármálaumsýsla ekki afmörkuð skyldunámsgrein heldur eru þessum þætti gerð skil í nokkrum námsgreinum og má þar nefna heimilisfræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1989 er víða að finna markmið sem tengjast beint fjármálaumsýslu og er óhætt að fullyrða að þessum þætti séu þegar gerð nokkur skil í grunnskólum.

Í menntamálaráðuneytinu er nú verið að undirbúa endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla og samfara þeirri endurskoðun verður ákveðið hvernig tekið verður frekar á þessum þætti. Nefnd um mótun menntastefnu leggur til að námsgreinin heimilisfræði verði skilgreind að nýju og taki þá m.a. til þátta sem hverjum einstaklingi er nauðsynlegt að hafa á valdi sínu til að geta lifað sjálfstæðu lífi og tekið ábyrgan þátt í samfélagslegum skyldum hvers og eins, m.a. með tilliti til fjölskyldu- og atvinnulífs. Í því samhengi eru tiltekin „undirstöðuatriði fjárhagslegs sjálfstæðis og fjárhagslegrar ábyrgðar, m.a. gerð atvinnuumsókna og skattskýrslna, notkun ávísanahefta og greiðslukorta“ (skýrsla nefndar um mótun menntastefnu, bls. 37).

Framhaldsskólastig.

Þegar er nokkur kennsla í fjármálaumsýslu á ýmsum brautum framhaldsskólans. Má þar nefna verslunarbrautir og hagfræðibrautir þar sem fjallað er um bókfærslu, skattarétt, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði. Í svokölluðum samskiptaáfanga, sem kenndur er í flestum framhaldsskólum, er fjallað um fjármál einstaklinga.

Þá er á öllum iðnbrautum áfangi í bókfærslu þannig að allir verðandi iðnaðarmenn fá nokkra kennslu í fjármálaumsýslu.

Verið er að hefja endurskoðun á námskrá framhaldsskóla. Nefnd um mótun menntastefnu leggur til að á öllum námsbrautum framhaldsskóla verði skilgreindur svokallaður ratvísikjarni. Þar er um að ræða námsþætti sem eiga að stuðla að almennri menntun nemenda og undirbúningi þeirra undir þátttöku í samfélagi og þjóðlífi. Meðal fjölmargra námsþátta í ratvísikjarna er samkvæmt tillögum nefndarinnar fjármálaumsýsla og fjármál einstaklinga og heimila.

341. Lög [104. mál]

um afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 107.

342. Lög [174. mál]

um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 191.

343. Frumvarp til laga [165. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

Samhljóða þskj. 179 með svofelldum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Ekki þarf að sækja um leyfi samkvæmt lögum þessum fyrir:

a. Ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið hafi þeir fengið dvalarleyfi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð.

b. Útlendinga sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
c. Útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

14. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
b. Listamenn að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum.
c. Íþróttaþjálfarar.
d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.
g. Sérhæfðir starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

344. Þingsályktun [182. mál]

um samning um bráðabirgðasamkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 204.

345. Frumvarp til laga [278. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna koma ekki til framkvæmda á fyrri hluta árs 1995 og ekki á skólaárinu 1995–1996:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „1993–1994 og skólaárið 1994–1995“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1994–1995 og skólaárið 1995–1996.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

3. gr.

Við lögin bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er á árinu 1995 heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra:

a. liðveislu skv. 25. og 29. gr.,
b. félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 26. og 27. gr.,
c. kostnaðar við starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.,
d. til greiðslu rekstrarkostnaðar á sambýlum skv. 3. tölul. 10. gr. sem hafinn er rekstur á eftir 1. janúar 1995,
e. til greiðslu kostnaðar við þjónustu stuðningsfjölskyldna mikið fatlaðra barna skv. 21. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skal gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár samkvæmt grein þessari.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

4. gr.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Á árinu 1995 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ekki heimilt að veita styrki skv. 3. tölul. 2. mgr. 36. gr. laganna.

Á árinu 1994 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir.

Um breytingu á lögun nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

5. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

6.2. Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.

6.3. Ráðherra er heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.

6. gr.

10. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.–9. mgr. þessarar greinar, svo sem að færa heilsugæslustöðvar milli umdæma. Við sameiningu sveitarfélaga getur ráðherra sett reglugerð um heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar í héruðum.

7. gr.

2. tölul. ákvæða til bráðabirgða verður svohljóðandi:

2. Við sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakots, Reykjavík, undir heitinu Sjúkrahús Reykjavíkur skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipa sérstaka bráðabirgðastjórn sem tekur til starfa 1. janúar 1995. Í bráðabirgðastjórninni eiga sæti formaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, formaður yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunarinnar St. Jósefsspítala, Reykjavík, einn fulltrúi tilnefndur af Reykjavíkurborg, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal hann jafnframt vera formaður.

Verkefni bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur skulu m.a. vera:

a. að samþykkja rekstraráætlanir beggja spítalanna fyrir árið 1995 og sjá um að þeim verði framfylgt,
b. að vinna að sameiningu spítalanna, þar með talið að vinna að tilfærslu verkefna milli spítalanna í samvinnu við stjórn Sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar og yfirstjórn Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, Reykjavík, þannig að hagkvæmni aukist og fjármunir nýtist betur,
c. að vinna að undirbúningi að gerð samnings milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um verkefni spítalans og greiðslur fyrir þau,
d. að gera tillögu um stjórnkerfi og skipan framtíðarstjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Þrátt fyrir skipun bráðabirgðastjórnarinnar skulu Borgarspítali og St. Jósefsspítali reknir sem tvær sjálfstæðar einingar í því formi sem þeir eru nú en það skal eigi hindra tilfærslu ákveðinna starfsþátta og deilda milli spítalanna. Núverandi stjórnir þessara tveggja stofnana starfa áfram þar til framtíðarstjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur tekur til starfa, eigi síðar en 1. janúar 1996.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til rekstrar flugvalla og framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

9. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af flugvallagjaldi skal einungis varið til rekstrar flugvalla og framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

II. KAFLI

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 7. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag til Kvikmyndasjóðs og reksturs Kvikmyndasafns Íslands eigi vera hærra en 80,1 m.kr. á árinu 1995.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, er heimilt að ráðstafa 40 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til reksturs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á árinu 1995.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1995 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1995.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1995.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1995.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1995.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liða 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1995.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. sömu laga skal innheimta 0,3% af söluvörum landbúnaðarins á árinu 1995 í stað 0,6%.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1995.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi vera hærra en 2,8 m.kr. á árinu 1995. Sjóðurinn verður lagður niður 1. júní 1995 skv. 45. gr. laga nr. 93/1994, lyfjalaga.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, skal eigi verja hærri fjárhæð en nemur 225 m.kr. af innheimtu áhættugjaldi á árinu 1995 skv. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, til að standa straum af kostnaði við starfsemi Lánasýslu ríkisins.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 21. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1995.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 275 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1995.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 31. gr. laga nr. 23/1994, hafnalaga, skulu 113 m.kr. af tekjum Hafnabótasjóðs af sérstöku vörugjaldi mæta framlögum ríkissjóðs til hafnarmannvirkja.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, skal endurgreiðsla ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 21 m.kr. á árinu 1995.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, skal framlag ríkissjóðs til refa- og minkaveiða eigi nema hærri fjárhæð en 27 m.kr. á árinu 1995. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1995 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember 1994. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí 1995 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra.

Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. þessarar greinar. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 hefur ríkisstjórnin boðað ýtrasta aðhald í heildarútgjöldum ríkisins. Til þess að unnt verði að ná því markmiði er nauðsynlegt að breyta nokkrum lögum. Rétt þykir að safna flestum breytingartillögum saman í eitt frumvarp til þess að leggja á það áherslu að öll tengjast þau stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og viðleitni til þess að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins tekur til þeirra breytingartillagna sem teljast forsendur að baki einstökum útgjaldaliðum.

Um 1. gr.

Efnisbreytingin sem í greininni felst er tvíþætt:

a. Frestað er framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma.
b. Frestað er að lengja kennslutíma nemenda í grunnskóla að því marki sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 46. gr. og verður miðað við þann kennslutíma sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 1995. Enn fremur er frestað gildistöku á 6. mgr. 46. gr. laga um grunnskóla þar sem kveðið er á um að komið skuli á skólaathvarfi við hvern grunnskóla.

Um 2. gr.

Frestað er að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við 75. gr. laga um grunnskóla til loka skólaárs 1995–1996.

Stefnt er að því að afgreiða ný lög um grunnskóla á þessu þingi og hefur frumvarp þess efnis verið lagt fram. Nái það fram að ganga verður ekki þörf á ákvæðum 1. og 2. gr. þessa frumvarps og munu þær þá felldar niður.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilt verði á árinu 1995 að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til nokkurra rekstrarverkefna. Frá lögum nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, hækkar þetta hlutfall úr 25% í 40%, en samhliða því er verkefnum fjölgað. Þau verkefni varða annars vegar ákvæði 21., 26. og 29. gr. laga um málefni fatlaðra og hins vegar heimild til greiðslu rekstrarkostnaðar sambýla, sbr. 3. tölul. 10 gr., sem sett eru á fót eftir 1. janúar 1995 í því skyni að greiða fyrir útskriftum af Kópavogshæli.

Með því að heimila greiðslur til stuðningsfjölskyldna skv. 21. gr. verður gert kleift að auka greiðslur fyrir umönnun mikið fatlaðra barna hjá stuðningsfjölskyldum. Ætla má að það dragi úr eftirspurn eftir skammtímavistun.

Með því að heimila að greiða kostnað vegna 26. og 29 gr. er stefnt að sérstöku átaki í atvinnumálum fatlaðra til að auka möguleika þeirra á almennum vinnumarkaði. Annars vegar verður þessu markmiði náð með því að efla vinnu- og verkþjálfun á hæfingarstöðum og dagvistarstofnunum og hins vegar með sérstakri liðveislu á vinnustað.

Um 4. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veiti styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar á árinu 1995.

Sumarið 1994 ákvað ríkisstjórnin að heimila Atvinnuleysistryggingasjóði að greiða þeim sem þegið höfðu atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gerðu ráð fyrir. Alþingi var ekki starfandi þegar þessi ákvörðun var tekin og hefur það dregist þar til nú að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar líkt og gert var í hliðstæðum tilvikum á árunum 1990 og 1992.

Um 5. gr.

Ákveðið hefur verið að fella niður föst störf héraðslækna og taka upp að nýju eldra fyrirkomulag um að einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðs sé skipaður héraðslæknir til fjögurra ára í senn. Sambærileg breyting er gerð varðandi héraðshjúkrunarfræðinga. Heimild til að ráða héraðshjúkrunarfræðinga hefur aldrei verið nýtt þar sem fjárveitingar hafa ekki fengist.

Um 6. gr.

Hér er skýrt nánar hvað felst í heimild ráðherra skv. 10. mgr. 14. gr., svo sem að unnt sé að færa heilsugæslustöð milli umdæma. Vegna sameiningar sveitarfélaga er nauðsynlegt að leiðrétta starfssvæði einstakra heilsugæslustöðva. Rétt þykir að slíkar leiðréttingar séu gerðar jafnóðum með reglugerð.

Um 7. gr.

Hinn 24. nóvember 1994 undirrituðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, borgarstjórinn í Reykjavík og formaður yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítalans, Reykjavík samning um sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakots. Samkvæmt samningnum skal stefnt að sameiningu þessara tveggja sjúkrahúsa á árinu 1995 undir heitinu Sjúkrahús Reykjavíkur þannig að sameiningin taki að fullu gildi eigi síðar en 1. janúar 1996.

Gert er ráð fyrir að Sjúkrahúsi Reykjavíkur verði skipuð sérstök bráðabirgðastjórn til að undirbúa sameininguna. Nauðsynlegt þykir að setja sérstakt ákvæði um þessa bráðabirgðastjórn, skipun hennar og hlutverk í ákvæði til bráðabirgða með lögum um heilbrigðisþjónustu.

Um 8. og 9. gr.

Hér er kveðið á um að markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, verði framvegis notaðir til að fjármagna rekstur flugvalla jafnt sem framkvæmdir við flugvelli. Áætlað er að þessi tekjustofn gefi 393 m.kr. á næsta ári og af þeirri fjárhæð verði 70 m.kr. varið til reksturs flugvalla.

Um II. kafla.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995, um skerðingu lögboðinna framlaga, er í þessu frumvarpi lögð til skerðing á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem bundin eru í sérlögum.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Lagt hefur verið mat á fjárhagsleg áhrif þessa frumvarps verði það að lögum, annars vegar með tilliti til þeirra ákvæða sem fram koma í I. kafla þess og hins vegar í II. kafla þar sem skerðingarákvæði eru tekin saman. Það er mat fjármálaráðuneytisins að ákvæði I. kafla leiði til þess að útgjöld ríkissjóðs verði á bilinu 470–520 m. kr. lægri en að óbreyttum lögum. Skerðingarákvæði II. kafla fela í sér 1.135 m.kr. lækkun útgjalda frá því sem ella hefði verið. Um einstök efnisatriði frumvarpsins er eftirfarandi að segja:

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla,
með síðari breytingum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 miðast útgjaldaáætlanir við að þessi ákvæði verði að lögum. Ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum laga nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994. Sparnaður sem af breytingu hlýst er metinn sem hér segir:

Fyrst er að nefna að ógerlegt er að segja til um hugsanlegan kostnað við málsverði í skólum þar sem slík þjónusta er ekki enn fyrir hendi fyrir stóran hluta nemenda. Er því ekki lagt talnalegt mat á sparnað en ljóst er að kostnaður hefði að hluta fallið á sveitarfélög.

Í annan stað er skv. 46. gr. laga nr. 49/1991 gert ráð fyrir að heildarfjöldi viðmiðunarstunda sé 314 en í forsendum frumvarps til fjárlaga 1995 er hann 293 á vorönn 1995 og 299 á haustönn 1995. Talið er að hver stund kosti um 10 m.kr. á ársgrundvelli. Sparnaður af þessu ákvæði er því um 105 m.kr. á vorönn og um 75 m.kr. á haustönn eða samtals 180 m.kr. á árinu 1995.

Í þriðja lagi er ekki hægt að spá fyrir um hvað frestun á framkvæmd ákvæðis um skólaathvörf sparar, en þar er gert ráð fyrir að koma skuli á fót skólaathvörfum þar sem þörf er á og að heimilt sé að taka gjald fyrir dvöl nemenda. Ekki er ljóst við hve marga skóla hefði verið talin ástæða að koma á fót athvörfum og hvort eða hver viðbótarkostnaður hefði orðið.

Að lokum er erfitt að áætla sparnað vegna ákvæðis um fjölda nemenda í bekkjardeildum skv. 2. gr. en sparnaðurinn fer m.a. eftir hvernig nemendur dreifast á skóla og hvernig samsetning einstakra námshópa verður. Gert er ráð fyrir að frestun á fækkun nemenda í 1. bekk í 18 og í 22 í 3. bekk spari 50–100 m.kr. á árinu 1995.

Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frestun framangreindra ákvæða grunnskólalaga spari ríkissjóði 230–280 m.kr. á almanaksárinu 1995.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra nemur 330 m.kr. og er ætlunin að verja 40% eða 132 m.kr. af henni til rekstrar- og tilfærsluverkefna. Eru það svipuð viðfangsefni og á þessu ári, svo sem kostnaður skv. 27. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, frekari liðveisla skv. 25. gr. sömu laga og kostnaður vegna starfa stjórnarnefndar um málefni fatlaðra.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

Með 10. gr. er felld niður heimild stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til að veita styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar. Þeir munu nema tæpum 30 m.kr. á yfirstandandi ári.

Einnig er leitað lagastaðfestingar á greiðslu júní- og desemberuppbóta á atvinnuleysisbætur á árinu 1994 og munu þær kosta 160–180 m.kr. á því ári.

Um breytingu á lögun nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Áformað er að spara 8 m.kr. með því að breyta embættum héraðslækna og færa verkefni þeirra til heilsugæslustöðva og landlæknisembættisins.

Ætla má kostnaður við bráðabirgðastjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur og vegna ráðgjafar við sameiningu Borgarpítalans og St. Jósefsspítala, Landakoti, verði á bilinu 3–5 m.kr. á árinu 1995. Þeim kostnaði verður mætt af fjárveitingu til hins sameinaða sjúkrahúss sem að líkindum verður 100 m.kr. hærri en Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti, er sameiginlega ætlað í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995. Á móti kemur að stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur er ætlað að grípa til aðgerða sem eiga að skila a.m.k. 180 m.kr. sparnaði á árinu 1995 miðað við óbreyttan rekstur frá yfirstandandi ári.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Hér er kveðið á um að markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, verði framvegis notaðir til að fjármagna rekstur flugvalla jafnt sem framkvæmdir við flugvelli. Áætlað er að þessi tekjustofn gefi 393 m.kr. á næsta ári og af þeirri fjárhæð verði 70 m.kr. varið til reksturs flugvalla.

Ákvæði II. kafla, um skerðingu á framlögum til sjóða og ýmissa verkefna nema samtals 1.135 m.kr., sbr. eftirfarandi yfirlit:

	Lögbundið framlag m.kr.	Fjárlaga-frumvarp m.kr.	Skerðing framlags m.kr.
Kvikmyndasjóður	121,0	80,1	40,9
Endurbætur menningarbygginga*	370,0	330,0	40,0
Listskreytingasjóður	19,0	0,0	19,0
Framkvæmdasjóður ríkisútvarps	130,0	0,0	130,0
Húsafriðunarsjóður	38,6	10,5	28,1
Stofnlánadeild	110,0	0,0	110,0
Búfjárræktarlög	41,2	34,8	6,4
Jarðræktarlög	43,1	40,1	3,0
Mat á búvörum	8,1	0,0	8,1
Fiskveiðasjóður	0,4	0,0	0,4
Bjargráðasjóður	56,7	0,0	56,7
Gæsluvistarsjóður	7,5	0,0	7,5
Lyfsölusjóður	20,0	0,9	19,1
Lánasýsla ríkisins	350,0	225,0	125,0
Ferðamálaráð	198,5	68,0	130,5
Hafnabótasjóður*	134	21	113
Fjáröflun vegna vegagerðar	6.450,0	6.175,0	275,0
Skipulagslög**	40,0	21,0	19,0
Eyðing refa og minka**	30,0	27,0	3,0
Samtals	**8.168,1**	**7.033,4**	**1.134,7**

* Skerðing felst í því að ráðstafa fjármunum á annan hátt en gert var ráð fyrir í lögum.

** Óskert fjárhæð er áætluð.

346. Fyrirspurn [279. mál]

til samgönguráðherra um hálkuvarnir á þjóðvegum.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvaða reglur eru til viðmiðunar hjá Vegagerðinni um hálkuvarnir á þjóðvegum og hvenær voru þær settar?
2. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á þessum reglum?

Skriflegt svar óskast.

347. Frumvarp til laga [280. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 110/1992 og lög nr. 128/1993.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna (1. tölul. ákvæða til bráðabirgða):

a. Í stað ártalsins „1994“ í 1. málsl. kemur: 1995.
b. Í stað orðanna „1. janúar 1995“ í 4. málsl. kemur: 1. janúar 1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, var gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1991 yrði heilsugæslustarfi í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur þannig háttað að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, sbr. lög nr. 28/1957, yrðu óþörf og féllu því úr gildi. Hins vegar vannst ekki tími til að ganga frá nauðsynlegum breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum varðandi starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir árslok 1991 og var því með lögum nr. 86/1991 veittur eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er nú unnið að endurskoðun frumvarpsins, en fyrir liggur að ekki verður unnt að afgreiða það fyrir áramót. Því er með þessu frumvarpi lagt til að bráðabirgðaákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að veittur verði eins árs frestur til viðbótar til að ganga frá lögum um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar.

348. Frumvarp til laga [281. mál]

um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að framleiðsla, úrvinnsla, flutningur, geymsla og dreifing landbúnaðarafurða sem framleiddar eru með lífrænum aðferðum lúti ákveðnum reglum á lögbýlum og í fyrirtækjum sem hafa fengið vottun til notkunar á vörumerki lífrænnar framleiðslu.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu, vinnslu, flutnings, geymslu og dreifingar hvers konar lífrænna landbúnaðarafurða.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til.

3. gr.

Innlendum sjálfstæðum stofum, einstaklingum eða stofnunum er heimilað að annast vottunarþjónustu fyrir lögbýli og fyrirtæki í lífrænni framleiðslu að því tilskildu að þær hafi faggildingu. Þær nefnast vottunarstofur.

Faggildingu vottunarstofa annast Löggildingarstofan í samræmi við reglugerð um starfsemi faggiltra vottunarstofa og nánari reglur er landbúnaðarráðherra setur.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra veitir framleiðendum starfsleyfi að uppfylltum kröfum skv. 3. gr. og heldur skrá um öll lögbýli og fyrirtæki sem hafa fengið vottun um lífrænar framleiðsluaðferðir. Gerist þessir aðilar brotlegir getur landbúnaðarráðherra svipt þá starfsleyfi og heimild til að nota vörumerki um lífræna framleiðslu.

5. gr.

Forsvarsmönnum lögbýla eða fyrirtækja í lífrænni framleiðslu er skylt að veita landbúnaðarráðherra eða samningsbundnum vottunarstofum allar upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við vottunina, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem lífrænar landbúnaðafurðir eru unnar eða geymdar. Vottunarstofur skulu fara með upplýsingar sem þær afla sem trúnaðarmál. Skylt er að láta vottunarstofu í té án endurgjalds sýni af lífrænni framleiðslu til rannsókna.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og reglugerð ráðs Evrópusambandsins nr. 2092/91 með síðari breytingum.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar nefnd er skal vera til ráðuneytis um reglur, staðla, vottun og allt er varðar lífræna landbúnaðarframleiðslu. Auk fulltrúa ráðherra, sem skal vera formaður nefndarinnar, tilnefna hagsmunaaðilar fulltrúa í nefndina samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á seinni árum hefur framleiðsla svonefndra lífrænna landbúnaðarafurða aukist mjög víða um heim. Hér á landi eru á margan hátt ákjósanleg skilyrði til slíkrar framleiðslu og fáeinir framleiðendur hafa nú þegar aðlagað búskap sinn þessari framleiðsluaðferð og margir sýna henni áhuga. Lagareglur um þetta efni eru ekki til hér á landi, en hins vegar hafa flestar nágrannaþjóðir okkar lögfest sambærileg ákvæði og frumvarp þetta hefur að geyma.

Í byrjun þessa árs beitti landbúnaðarráðherra sér fyrir því að samin yrði reglugerð um íslenska lífræna landbúnaðarframleiðslu er tryggi að slíkar vörur séu framleiddar við tilteknar viðurkenndar aðstæður og markaðssettar undir ákveðnum opinberlega viðurkenndum vörumerkjum um lífræna framleiðslu. Verki þessu miðar vel og liggja þegar fyrir drög að ítarlegri reglugerð um þetta efni sem fjallar um öll framleiðslustig, allt frá jarðvegi og eldi búfjár og einnig vinnslu og dreifingu afurðanna. Í reglugerðardrögunum eru tilgreindar lágmarkskröfur til lífrænna búskaparhátta innan ramma grunnreglna Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga og í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins nr. 2092/91, m.a. með það að markmiði að viðurkenning fáist fyrir íslenskar lífrænar landbúnaðarafurðir á erlendum mörkuðum.

Lífrænt framleiddar landbúnaðarafurðir eru í flestum tilvikum greiddar hærra verði en almennt gerist, enda er við framleiðsluna lögð mikil áhersla á hreinleika og umhverfisvernd. Því er óhætt að fullyrða að það er bæði hagur framleiðenda og neytenda að viðurkenndar reglur um lífrænan landbúnað taki gildi hér á landi sem fyrst. Við könnun á margvíslegum gögnum um lífrænan landbúnað, svo sem reglum og stöðlum frá Norðurlöndum, Bretlandi, meginlandi Evrópu og Bandaríkjunum, er niðurstaðan sú að setning reglugerðar um þetta efni sé vænlegasta leiðin til að tryggja stöðu þessara nýju framleiðsluhátta hér á landi, en til þess skortir nauðsynlega lagastoð. Til að bæta úr því er frumvarp þetta nú flutt, en það er samið í landbúnaðarráðuneytinu.

Frumvarp þetta hefur ekki að geyma ítarlegar lagareglur um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða heldur aðeins nauðsynleg ákvæði sem útfæra verður nánar með reglugerð, eins og áður er fram komið. Gert er ráð fyrir að opinbert eftirlit með þessum málaflokki verði sem einfaldast í sniðum, en þó nægilega traust til þess að standast fyllstu kröfur, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lýst tilgangi laganna en hann er sá að tryggja að framleiðsla, úrvinnsla, flutningur, geymsla og dreifing lífrænna landbúnaðarafurða lúti ákveðnum reglum, bæði á lögbýlum og í fyrirtækjum sem fengið hafa vottun, en lífrænar landbúnaðarafurðir eru þær afurðir sem framleiddar eru við lágmarksnotkun tilbúins áburðar og varnarefna.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um gildissvið laganna og yfirstjórn og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að eftirlit og viðurkenning verði í höndum vottunarstofa sem Löggildingarstofan hefur faggilt á gundvelli reglugerðar þar um. Bæði einstaklingar og fyrirtæki munu geta annast þessa þjónustu. Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur sem hafa að geyma skilyrði til þess að vottunarstofa geti vottað lífræna framleiðslu og samræmist þetta fyrirkomulag lögum um mál, vog og faggildingu, nr. 100/1992, og reglugerð um starfsemi faggiltra vottunarstofa nr. 350/1993.

Um 4. gr.

Miðað er við að framleiðendur lífrænna landbúnaðarafurða þurfi sérstakt starfsleyfi sem landbúnaðarráðherra veitir. Með því er tryggt að þeir uppfylli tilteknar lágmarkskröfur og skilyrði sem nauðsynleg eru til að framleiddar afurðir geti talist lífrænar og standist kröfur um notkun vörumerkis sem tákn um lífræna framleiðsluhætti.

Nauðsynlegt er að halda skrá um öll lögbýli og þau fyrirtæki sem fá vottun til framleiðslu á lífrænum landbúnaðarafurðum, að öðrum kosti er ekki unnt að tryggja að þessi framleiðsla verði með öllu aðgreind frá hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu. Með skráningunni er einnig auðveldara að rekja uppruna vörunnar.

Um 5. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að auðvelda eftirlitsaðilum nauðsynlega skoðun og rannsóknir sem fara þurfa fram á lögbýlum eða í fyrirtækjum vegna vottunar. Það á m.a. við um sýnatöku og aðrar upplýsingar um framleiðsluferil vörunnar. Tekið er fram að framleiðendum sé skylt að afhenda sýni til rannsókna endurgjaldslaust og veita upplýsingar um öll innkaup aðfanga og sölu afurða.

Um 6. gr.

Grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (International Federation of Organic Agriculture Movements) eru almennt viðurkenndar grundvöllur lífrænna framleiðsluaðferða. Evrópusambandið hefur sett reglur sem byggja á þessum grunnreglum, þ.e. tilskipun nr. 2092/91, með síðari breytingum, og hefur Ísland skuldbundið sig til að hlíta þeim reglum. Hafa reglur þessar að geyma tilteknar lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðrar lífrænnar framleiðslu landbúnaðarvara. Slíkar kröfur eiga ekki heima í lögum, en í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nauðsynleg skilyrði sem byggð verða á framangreindum reglum, þó að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna, t.d. hvað varðar nýtingu á landi.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Með frumvarpinu er kveðið á um að landbúnaðarráðherra veiti starfsleyfi til þeirra aðila sem stunda lífræna landbúnaðarframleiðslu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa frumvarps er óverulegur þar sem allur kostnaður við vottun og faggildingu samkvæmt frumvarpinu greiðist af viðkomandi framleiðendum.

349. Frumvarp til laga [282. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

2. gr.

Við upptalningu í 122. gr. laganna bætist: 2. mgr. 67. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1996 á tekjur ársins 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að almennar launatekjur barna og ungmenna að fjárhæð 75.000 kr. á ári skuli ekki skattlagðar. Sérstök skattlagning á launatekjur barna og ungmenna hefur verið í lögum frá árinu 1980, sbr. lög nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sem síðar voru útgefin sem lög nr. 75/1981 og hér er lögð til breyting á. Fram að þeim tíma var launatekjum barna og ungmenna bætt við tekjur foreldra. Fór þá um þær tekjur eins og tekjur foreldranna. Reglan um sérskattlagningu í lögum nr. 40/1978 hefur þó ekki gilt um aðrar tekjur en launatekjur.

Skattlagning launatekna barna og ungmenna hefur verið talsvert frábrugðin skattlagningu fullorðinna. Þannig hefur skattprósenta við álagningu á tekjur barna verið mun lægri en við álagningu hjá fullorðnum og börn hafa ekki notið persónuafsláttar eins og fullorðnir. Frá upptöku staðgreiðslu hefur skattprósentan verið 4% tekjuskattur og 2% útsvar.

Hér er lögð til sú breyting að tekjuskattur verði ekki lagður á launatekjur barna og ungmenna undir 75.000 kr. á ári. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra gefi út reglugerð þar sem tekjur að sömu fjárhæð hjá sama launagreiðanda verði undanþegnar staðgreiðslu. Með þessu er lagt til að tilfallandi tekjuöflun barna og ungmenna, t.d. við merkja- og blaðasölu, unglingavinnu og önnur störf, myndi ekki stofn til álagningar tekjuskatts. Gert er ráð fyrir því að sams konar breytingar verði gerðar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þannig að sömu tekjur verði undanþegar útsvari til sveitarfélaga.

Tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga er áætlað um 30 milljónir kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til að gerðar verði breytingar á skattlagningu barna og ungmenna. Í þessari grein er kveðið á um að launatekjur barna og ungmenna að fjárhæð 75.000 kr. á ári skuli ekki skattlagðar af ríkinu. Um nánari skýringar vísast til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að fjárhæð sú sem er undanþegin skatti taki breytingum samkvæmt skattvísitölu skv. 122. gr. laganna.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um gildistöku. Samkvæmt henni kemur þessi breyting á skattlagningu barna til framkvæmda á tekjuárinu 1995.

350. Svar [59. mál]

fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa skógarbænda á aðföngum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða afstöðu hafa fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra til stöðu skógarbænda á Fljótsdalshéraði hvað það varðar að bændum þar sé eigi heimilt að telja til innskatts kaup á aðföngum til ræktunar nytjaskóga?*
2. *Eru ráðherrarnir reiðubúnir að beita sér fyrir aðgerðum, jafnvel lagasetningu, til að breyta þessari stöðu mála þannig að nýsköpun sem þessi í atvinnulífi þurfi ekki að líða fyrir skattatæknileg atriði af þessum toga?*

Með lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga, var ákveðið að ríkið legði fram fé til ræktunar nytjaskóga. Er þar gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði nægi til að greiða ákveðinn hundraðshluta af kostnaði við ræktun nytjaskóga samkvæmt nánari ákvæðum laganna.

Í upphafi var framkvæmdin með þeim hætti að skógarbændur fengu afhentar skógarplöntur til ræktunarstarfsins. Á árinu 1994 verður hins vegar sú breyting í framkvæmd að í stað þess að fá afhentar plöntur er skógarbændum veitt fé til kaupa á plöntum. Við úthlutun á fjármagni til skógarbændanna fyrir árið 1994 var gengið út frá því að starfsemin fengist skráð í virðisaukaskattskerfinu og virðisaukaskattur fengist frádreginn sem innskattur.

Þegar skattstjóra Austurlandsumdæmis fara að berast beiðnir um endurgreiðslu innskatts og skráningu skógarbænda í virðisaukaskattskerfið gerir hann athugasemdir og telur að ekki sé um virðisaukaskattsskyldan rekstur að ræða. Byggir hann það m.a. á 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 en þær greinar fjalla m.a. um skattskylda aðila og innskatt. Einnig vísar skattstjóri til laga nr. 32/1991, um Héraðsskóga, og telur að uppbygging nytjaskógar „sé styrktarverkefni á vegum ríkisins í gegnum Héraðsskóga en ekki starfsemi þeirra aðila sem getið er um í 3. gr. virðisaukaskattslaga".

Ríkisskattstjóri hefur skrifað skattstjórum a.m.k. tvö bréf um skráningu aðila í virðisaukaskattskerfið. Síðara bréfið, sem er dagsett 6. september 1991, fjallar sérstaklega um skráningu skógræktarbýla. Þar tekur ríkisskattstjóri fram að eðlilegt geti verið að taka aðila á skrá þótt innskattur sé að staðaldri hærri en útskattur, t.d. þegar um nýstofnuð fyrirtæki er að ræða. Meginskilyrði er þó að ljóst sé að um sé að ræða atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem miðar að hagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma. Um skógrækt segir rík-

isskattstjóri að nauðsynlegt sé „að greina á milli þeirra sem rækta skóg með atvinnusjónarmið í huga og hinna sem stjórnast af öðrum hvötum“. Hann telur rétt „að skráning verði að svo stöddu takmörkuð við þá aðila sem hafa a.m.k. eitt undanfarandi ár haft tekjur umfram gjöld af skógrækt sinni, enda sé skattskyld sala umfram lágmark skv. 3. tölul. 4. gr. virðisaukaskattslaga“. Þessi sjónarmið telur landbúnaðarráðherra ekki í samræmi við lög um virðisaukaskatt.

Tilgangur laga um Héraðsskóga er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir. Gerð er sérstök áætlun um nýtingu þess lands sem vel er fallið til skógræktar og gerður samningur við þá sem taka þátt í verkefninu. Gert er ráð fyrir samkvæmt lögunum að skógræktin geti bæði farið fram á jörðum í ábúð og eyðijörðum. Ríkissjóður greiðir 97% kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 75% kostnaðar á eyðijörðum samkvæmt lögunum.

Skattyfirvöldum er lögð sú skylda á herðar að ákveða hverjum sé rétt og skylt að skrá starfsemi sína sem skattskylda starfsemi. Leiðsögn laganna í þessu efni er mjög almenns eðlis. Við túlkun þeirra geta togast á þau sjónarmið að heimila skráningu í þeim tilgangi að tryggja raunverulegri atvinnustarfsemi eðlilega aðstöðu og varfærnissjónarmið þess efnis að koma í veg fyrir misnotkun á endurgreiðslum úr skattkerfinu. Álitamál þetta er ekki einangrað við skógarbændur en hefur komið mjög glöggt fram í máli þeirra.

Enginn ágreiningur er um það grundvallaratriði virðisaukaskattsins að öll skattskyld framleiðsla, sala og þjónusta skuli njóta endurgreiðslu á innskatti á aðföng til fjárfestingar og framleiðslu. Enn fremur er ljós sú nauðsyn að framkvæmdareglur skattkerfisins séu með þeim hætti að þær bjóði ekki upp á mismunun og misnotkun. Í ljósi fenginnar reynslu um rétt og skyldu til skráningar þykir rétt að gera á þeim breytingu í því skyni að taka af tvímæli og gera þau markvissari. Hefur því verið lögð fram tillaga um breytingar á lögunum.

Samkvæmt tillögunni verða sett ákvæði í lögin sem heimila skráningu aðila sem ekki uppfylla þau skilyrði sem nú eru sett um veltu enda verði sýnt fram á að um sé að ræða raunverulega atvinnustarfsemi sem reiknað er með að skili arði síðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögfesta núverandi framkvæmdareglur sem tryggja eiga að misnotkun eigi sér ekki stað.

Lagabreyting þessi mun leiða til þess að sú starfsemi skógarbænda, sem miðar að því að undirbúa arðbæra og skattskylda starfsemi síðar, getur fengið skráningu og þar með rétt til innskatts af aðföngum. Breyting þessi gæti tekið gildi 1. janúar 1995 verði hún samþykkt á Alþingi.

Skattstjóri Austurlands hefur nú fellt úrskurð í kærumálum skógarbænda á Héraði sem staðfestir fyrri afstöðu og hafnar endurgreiðslu innskatts fyrir árið 1994. Með hliðsjón af framangreindum áformum um lagabreytingu þykir ekki rétt að þeim úrskurði sé áfrýjað nú, heldur leitað heimildar Alþingis fyrir aukafjárveitingu sem samsvari endurgreiðslunni.

351. Frumvarp til fjáraukalaga [66. mál]

fyrir árið 1994.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

Samhljóða þskj. 66 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1994 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1994:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 619 000**
Beinir skattar	898 000	
Óbeinir skattar	1 644 000	
Vaxtatekjur	400 000	
Aðrar tekjur	-323 000	
Gjöld		**5 829 300**
Samneysla	1 562 400	
Rekstrargjöld	1 552 400	
Viðhald	10 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1 686 700	
Fjárfesting	2 580 200	
Stofnkostnaður	2 580 200	
Gjöld umfram tekjur		**3 210 300**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		7 580 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**10 790 300**
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**10 790 300**
Lántökur		10 800 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**9 700**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1994 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	60 300	
01 Forsætisráðuneyti	363 000	
02 Menntamálaráðuneyti	8 300	
03 Utanríkisráðuneyti	55 300	
04 Landbúnaðarráðuneyti	48 400	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	-192 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	611 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	9 700	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 920 000	
09 Fjármálaráðuneyti	2 401 800	
10 Samgönguráðuneyti	443 500	
11 Iðnaðarráðuneyti	93 000	
14 Umhverfisráðuneyti	7 000	
Samtals		5 829 300

Eftirtaldir liðir 3. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

00–610 Umboðsmaður Alþingis

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 01 Umboðsmaður Alþingis	1 000	
Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 000	
5 Gjöld samtals		**1 000**

02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 300
1 01 Yfirstjórn	2 300	
Gjöld samtals		2 300
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 300	
5 Gjöld samtals		**2 300**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–422 Námsgagnastofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 000
1 20 Framleiðsludeild	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−65 000
1 01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	−65 000	
Gjöld samtals		−65 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	−65 000	
5 Gjöld samtals		**−65 000**
04–221 Veiðimálastofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 500
1 01 Veiðimálastofnun	2 500	
Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 500	
5 Gjöld samtals		**2 500**
04–321 Skógrækt ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		6 000
1 90 Sérstök verkefni	6 000	
Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	6 000	
5 Gjöld samtals		**6 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–331 Héraðsskógar		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 000
1 10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	5 000	
Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 000	
5 Gjöld samtals		**5 000**
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 000
1 30 Verndaður vinnustaður Akranesi	2 000	
Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 000	
5 Gjöld samtals		**2 000**
07–951 Brunamálastofnun ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 01 Brunamálastofnun ríkisins	1 000	
Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	1 000	
5 Gjöld samtals		**1 000**
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		28 000
1 01 Sjúkrahúsið Akranesi	28 000	
Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	28 000	
5 Gjöld samtals		**28 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	23 000	
	Gjöld samtals		23 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals		**23 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			289 000
1 01	Ríkisspítalar	289 000	
	Gjöld samtals		289 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 000	
52–58	Önnur gjöld	255 000	
5	Gjöld samtals	289 000	
4	Sértekjur	−5 000	
	Mismunur		**294 000**
08–372 Borgarspítalinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			132 000
1 01	Borgarspítalinn	132 000	
	Gjöld samtals		132 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	125 000	
5	Gjöld samtals	132 000	
4	Sértekjur	−80 000	
	Mismunur		**212 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
08–411 Garðvangur, Garði		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 000
1 01 Garðvangur, Garði	3 000	
Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	3 000	
5 Gjöld samtals		**3 000**
09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		12 000
6 01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	12 000	
Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	12 000	
5 Gjöld samtals		**12 000**
09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−300 000
1 10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	−300 000	
Gjöld samtals		−300 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	−300 000	
5 Gjöld samtals		**−300 000**

09–989 Launa- og verðlagsmál

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 243 400
1 01	Rekstur	873 400	
1 90	Launabætur	370 000	
Stofnkostnaður:			1 048 800
6 01	Stofnkostnaður	1 048 800	
	Gjöld samtals		2 292 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	656 700	
52–58	Önnur gjöld	1 249 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	386 300	
5	Gjöld samtals	2 292 200	
4	Sértekjur	−1 600	
	Mismunur		**2 293 800**

10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Yfirstjórn	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 30	Hafnamannvirki	−8 000
6 40	Sjóvarnargarðar	8 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–471 Flugmálastjórn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 000
1 01	Flugmálastjórn	85 000	
	Gjöld samtals		85 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	85 000	
5	Gjöld samtals		**85 000**
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 000
1 42	Jöfnunaraðstoð við skipasmíðaiðnað	70 000	
1 45	Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5 000	
1 91	Ýmis verkefni	3 000	
	Gjöld samtals		78 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	78 000	
5	Gjöld samtals		**78 000**
11–399 Ýmis orkumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 17	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

352. Lög [165. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 343 (sbr. 179).

353. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf fjárlaganefndar við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1995 hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 26. september sl. og átti viðtal við fulltrúa sveitarfélaga í landinu sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Samstarf fjárlaganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur nú sem áður verið gott og sú yfirsýn, sem fundir nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum gefa, er mikilvæg fyrir nefndina við afgreiðslu fjárlaga. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði eftir með bréfi, dags. 19. október sl., álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað áliti sínu og eru þau prentuð sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Þetta er þriðja árið sem þessi skipan er á um samskipti fastanefnda þingsins við fjárlaganefnd um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi eru fjölmargir aðilar, félög, samtök og stofnanir, sem telja sig eiga erindi við fjárlaganefnd og kallar þá nefndin fyrir sig forsvarsmenn ýmissa stofnana til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 34 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila sem komið hafa á fund hennar. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu allra fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær, sem eru til umfjöllunar við 2. umr., nema samtals 377,9 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 6. gr. Auk þess bíða ýmis viðfangsefni 3. umr., bæði smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Framlag hækkar alls um 33 m.kr. og verður 747,1 m.kr. Hækkun skiptist á viðfangsefni sem hér segir: 1.01 Alþingiskostnaður 5,5 m.kr., 1.02 Aðalskrifstofa 1,2 m.kr., 1.03 Þingmálaskrifstofa 2,4 m.kr., 1.04 Rekstrarskrifstofa 3,3 m.kr., 1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna 0,5 m.kr., 1.06 Norðurlandaráð 0,1 m.kr. og 5.20 Fasteignir 20 m.kr.

610 Umboðsmaður Alþingis: Framlag til embættisins hækkar um 8 m.kr. og verður 30,4 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 4,2 m.kr. vegna aukins fjölda mála hjá embættinu. Tekinn er inn nýr liður, 6.01 Tæki og búnaður, og er framlag 3,8 m.kr. sem ætlað er til innréttinga og tölvulagna í nýju húsnæði fyrir embættið.

620 Ríkisendurskoðun: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 4,5 m.kr., þar af eru 2,9 m.kr. launagjöld.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1,2 m.kr. og verður 61,3 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

231 Norræna ráðherranefndin: Tekinn er inn nýr liður, 1.91 Þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 1995, og er framlag 7,1 m.kr. Framlag er ætlað til kostnaðar við gestamóttöku, aukins ferðakostnaðar o.fl. í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík á næsta ári.

241 Umboðsmaður barna: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 1,5 m.kr. og verður 7,5 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 3,2 m.kr. og verður 240 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

201 Háskóli Íslands: Framlag hækkar alls um 9,3 m.kr. og verður 1.508 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2 m.kr. og er framlag ætlað til Upplýsingaþjónustu Háskólans vegna þróunar sjálfsnámskerfis. Viðfangsefni 1.06 Kennslu- og vísindadeildir hækkar um 7,3 m.kr. Annars vegar er 4,3 m.kr. hækkun vegna ljósmæðranáms en á móti fellur niður fjárlagaliður 08-601 Ljósmæðraskóli Íslands undir heilbrigðisráðuneyti en framlag er 2,4 m.kr. í fjárlögum 1994. Hins vegar er 3 m.kr. hækkun vegna stöðu rannsóknarprófessors í eðlisfræði þéttefnis.

210 Háskólinn á Akureyri: Viðfangsefni 1.02 Rannsóknastarfsemi hækkar um 4 m.kr. og verður 11,1 m.kr. vegna framlags í vinnumatssjóð.

221 Kennaraháskóli Íslands: Viðfangsefni 1.02 Rannsóknastarfsemi hækkar um 6 m.kr. og verður 22,9 m.kr. vegna framlags í vinnumatssjóð. Viðfangsefni 1.05 Kennsla hækkar um 4 m.kr. og er hækkunin ætluð til fjarkennslu.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi: Tekinn er inn nýr liður, 1.61 Norræna eldfjallastöðin. Framlag, sem er 5 m.kr., er vegna tveggja sérfræðinga og eru 3,5 m.kr. launagjöld en 1,5 m.kr. annar rekstrarkostnaður.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Viðfangsefni 5.90 Viðhald hækkar um 7 m.kr. og verður 165 m.kr. Viðfangsefni 6.90 Byggingarframkvæmdir hækkar um 16 m.kr. og verður 546 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðum á viðfangsefnum 5.90 Viðhald og 6.90 Byggingarframkvæmdir skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

319 Framhaldsskólar, almennt: Tekinn er inn nýr liður, 1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi, og er framlag 0,5 m.kr.

506 Vélskóli Íslands: Viðfangsefni 1.02 Annað en kennsla hækkar um 1 m.kr. og verður 12,4 m.kr. og er hækkunin ætluð til tölvukaupa.

580 Samvinnuskólinn: Viðfangsefni 1.01 Kennsla hækkar um 2 m.kr. vegna nýs námsáfanga við skólann.

725 Námsgagnastofnun: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 17 m.kr. og verður 286,5 m.kr.

884 Jöfnun á námskostnaði: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 10 m.kr. og verður 96,5 m.kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 3 m.kr. og verður 79,7 m.kr. Hækkun um 1 m.kr. er ætluð til endurskipulagningar tækniminjadeildar og 2 m.kr. eru ætlaðar nýrri stöðu minjavarðar.

903 Þjóðskjalasafn Íslands: Tekinn er inn nýr liður, 1.11 Héraðsskjalasöfn, og er framlag 3 m.kr. til stuðnings við héraðsskjalasöfn.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 6 m.kr. og verður 108 m.kr. vegna kjarasamninga við hljóðfæraleikara.

981 Kvikmyndasjóður: Viðfangsefni 1.01 Kvikmyndasjóður hækkar um 21,5 m.kr. og verður 100 m.kr.

989 Ýmis íþróttamál: Tekinn er inn nýr liður 1.16 Íþróttafélög, styrkir og er framlag 14,5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 8,5 m.kr. og verður 200,7 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, og er framlag 0,8 m.kr.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 4,1 m.kr. og verður 160,6 m.kr. Hækkun um 4 m.kr. er til greiðslu tryggingagjalds af greiddum launum. Fjárveiting hækkar um 0,1 m.kr. vegna símakostnaðar en á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi: Viðfangsefni 1.10 Háskóli Sameinuðu þjóðanna hækkar um 2,9 m.kr. og verður 32 m.kr.

401 Alþjóðastofnanir: Viðfangsefni 1.75 Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE hækkar um 1,8 m.kr. og verður 8,8 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1 m.kr. og verður 70,3 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO, hækkar um 0,9 m.kr. og verður 5,4 m.kr.

261 Bændaskólinn á Hvanneyri: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 2,5 m.kr. vegna nýrrar stöðu aðalkennara á landnýtingarsviði við búvísindadeild.

271 Bændaskólinn á Hólum: Viðfangsefni 6.20 Fasteignir og lóðir hækkar um 10 m.kr. og verður 15 m.kr. vegna endurbóta skólahússins á Hólum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1,7 m.kr. og verður 71,8 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

201 Fiskifélag Íslands: Þetta er nýr fjárlagaliður. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.01 Almennur rekstur. Framlag er 5 m.kr. og er ætlað til rekstrar tæknideildar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 0,9 m.kr. og verður 97,5 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

701 Biskup Íslands: Framlag hækkar alls um 8,6 m.kr. og verður 444,7 m.kr. Hækkun skiptist á fjögur viðfangsefni sem hér segir: Tekinn er inn nýr liður, 1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands og er framlag 1,6 m.kr. Viðfangsefni 1.21 Prestar og prófastar hækkar um 4 m.kr. vegna nýrra prestsembætta, annars vegar héraðsprests í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og hins vegar prests í Reykjavík. Viðfangsefni 6.22 Hallgrímskirkja hækkar um 2 m.kr. og verður 6 m.kr. Að lokum hækkar viðfangsefni 6.24 Snorrastofa um 1 m.kr. og verður 2 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 0,9 m.kr. og verður 81,2 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1,3 m.kr. og verður 121,7 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

301 Landlæknir: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 5 m.kr. og verður 39,4 m.kr. Hækkun er ætluð til verkefnisins „heilsuefling“ og til slysavarnaráðs.

353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 13 m.kr. og verður 236,7 m.kr.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 15 m.kr. og verður 1.275,5 m.kr. Hækkun er til öldrunarlækningardeildar við Kristnesspítala.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 25,5 m.kr. og verður 268,2 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.37 Hjartavernd hækkar um 2 m.kr. og verður 10,3 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.59 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili, og er framlag 12 m.kr.

400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 11 m.kr. og verður 260,2 m.kr.

401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi. Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 6 m.kr. og verður 114 m.kr.

422 Hlaðgerðarkot: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 2 m.kr. og verður 37,8 m.kr.

553 Heilsugæslustöðin Akureyri: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 0,7 m.kr. og er hækkun ætluð til Heimahlynningar Akureyrar.

601 Ljósmæðraskóli Íslands: Liðurinn fellur niður vegna tilflutnings ljósmæðranáms til Háskóla Íslands en framlag í frumvarpi til fjárlaga 1995 er 2,4 m.kr.

950 Rekstrarhagræðing: Viðfangsefni 1.90 Almennur rekstur hækkar um 23,5 m.kr. vegna leiðréttinga á launauppbótum sjúkrastofnana vegna kjarasamninga við meinatækna, röntgentækna, ljósmæður og hjúkrunarfræðinga.

350 –585 Ýmsar heilbrigðisstofnanir: Launaliður stofnana breytist alls um 6,2 m.kr. vegna kjarasamninga við meinatækna, röntgentækna, ljósmæður og hjúkrunarfræðinga. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti í breytingartillögu nefndarinnar.

09 Fjármálaráðuneyti

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 3,4 m.kr. og verður 266,9 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

103 Ríkisbókhald: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 1,1 m.kr. og verður 90,8 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

104 Ríkisfjárhirsla: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 0,2 m.kr. og verður 30,4 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

105 Ríkislögmaður: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 0,1 m.kr. og verður 20,6 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

999 Ýmislegt: Viðfangsefni 1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið lækkar um 30,1 m.kr. og verður 42,8 m.kr. Á móti hækka ýmsir aðrir fjárlagaliðir um

samtals sömu fjárhæð eins og gerð er grein fyrir við hvern lið. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 0,8 m.kr. og verður 82,4 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

330 Vita- og hafnamálastofnun: Heildarframlag til fjárlagaliðarins hækkar um 2 m.kr. Viðfangsefni breytast sem hér segir: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 10,3 m.kr. og verður 198,8 m.kr. Viðfangsefni 1.10 Hafnarannsóknir og mælingar fellur brott en framlag í frumvarpi til fjárlaga 1995 er 29,9 m.kr. Viðfangsefni 6.70 Hafnamannvirki hækkar um 139,8 m.kr. og verður 580,8 m.kr. Viðfangsefni 6.72 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði lækkar um 1,4 m.kr. og verður 19,6 m.kr. Viðfangsefni 6.80 Sjóvarnargarðar lækkar um 43 m.kr., þar af er lækkun um 45 m.kr. vegna tilfærslna í meðförum nefndarinnar. Viðfangsefni 6.90 Hafnabótasjóður lækkar um 87,4 m.kr. og verður 40,6 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðum á viðfangsefnum 6.70 Hafnamannvirki og 6.80 Sjóvarnargarðar skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti. Að lokum lækka sértekjur fjárlagaliðarins um 13,6 m.kr. og verða 189,2 m.kr.

651 Ferðamálaráð: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur lækkar um 5 m.kr. og verður 24,4 m.kr. Á móti er tekinn inn nýr liður, 1.11 Ferðamálasamtök landshluta, og er framlag 5 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.91 Landkynning í tengslum við HM í handknattleik á Íslandi, og er framlag 20 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1 m.kr. og verður 46,9 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

102 Einkaleyfastofan: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 0,3 m.kr. og verður 29,7 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Viðfangsefni 1.19 Staðlaráð hækkar um 1,2 m.kr. og verður 3,8 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf lækkar um 5,1 m.kr. og verður 5 m.kr. en á móti er tekinn inn nýr liður, 1.55 Viðskiptafulltrúi í Moskvu, og er framlag 5 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1 m.kr. og verður 66,8 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.10 Neytendasamtökin hækkar um 0,7 m.kr. og verður 3,5 m.kr.

13 Hagstofa Íslands

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,2 m.kr. og verður 116,3 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1,2 m.kr. og verður 67,5 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 999-1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið undir fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Millifærslan er vegna breyttrar framsetningar á símakostnaði.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.53 Undirbúningur náttúrustofa hækkar um 1,3 m.kr. og verður 2,3 m.kr. Hækkun er vegna náttúrustofu fyrir Vestfirði í Bolungarvík, 0,6 m.kr., og fyrir Suðurland í Vestmannaeyjum, 0,7 m.kr.

201 Náttúruverndarráð: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 0,5 m.kr. vegna hækkunar á starfshlutfalli fjármálastjóra. Viðfangsefni 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði hækkar um 2 m.kr. og verður 32,2 m.kr.

210 Veiðistjóri: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 1,5 m.kr. og verður 41,1 m.kr.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2,5 m.kr. og verður 3,5 m.kr. Hækkunin er ætluð til tölvu- og gagnakerfis.

403 Náttúrustofur: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 1,4 m.kr. en hækkun er sérstaklega ætluð til stofnbúnaðar við Náttúrustofu Austurlands.

410 Veðurstofa Íslands: Tekinn er inn nýr liður, 5.20 Viðhald fasteigna, og er framlag 5 m.kr.

Nefndinni hafa borist óskir fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta um leiðréttingar á nokkrum heitum fjárlagaliða og gjaldategundum. Hér er eingöngu um að ræða breytingu á framsetningu fjárlagaliða og viðfangsefna en ekki neinar efnisbreytingar. Breytingar þessar eru sem hér segir:

1. Breytingar á heitum liða í menntamálaráðuneyti:
   a. 356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki: Skólinn fær heitið Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.
   b. 905 Landsbókasafn Íslands, háskólabókasafn: Heiti fjárlagaliðarins er breytt til samræmis við ný lög, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.
2. Breytingar á heitum liða í utanríkisráðuneyti:
   a. 320 Sendiráð, almennt. Viðfangsefnið 6.21 Sendiráð í Berlín fær heitið 6.21 Sendiráð Íslands í Berlín.
   b. 401 Alþjóðastofnanir. Viðfangsefnið 1.40 Efnahags- og framfarastofnunin, OECD fær heitið 1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD.
3. Tilfærsla milli gjaldategunda á viðfangsefni í fjármálaráðuneyti: Fjárlagaliður 989 Launa- og verðlagsmál, framlag á viðfangsefninu 6.01 Stofnkostnaður er fært af tilfærslum yfir á önnur gjöld.
4. Breytingar á heitum liða í samgönguráðuneyti:
   a. 190 Ýmis verkefni. Viðfangsefnið 1.91 Ráðstefna um öryggi fiskiskipa fær heitið 1.91 Athugun á öryggi fiskiskipa.
   b. 211 Vegagerð ríkisins. Samkvæmt nýjum lögum heitir stofnunin nú Vegagerðin.

c. 651 Ferðamálaráð. Viðfangsefnið 6.10 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 fær nýtt heiti vegna nýrra laga, 6.10 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994.

5. Breyting á heiti viðfangsefnis í umhverfisráðuneyti: 190 Ýmis verkefni, viðfangsefnið 1.54 Rannsóknastöð Kvískerjum fær heitið 1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum.

Nefndin hefur fallist á þessar breytingar og verða þær teknar upp í frumvarpið þegar það verður prentað eftir 2. umr., en ekki fluttar sérstakar breytingatillögur um þær.

Alþingi, 12. des. 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Gunnlaugur Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 1994. Á fund nefndarinnar komu frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, Ari Edwald, aðstoðarmaður ráðherra, og Árni Hauksson deildarstjóri og frá forsætisráðuneyti Guðmundur Árnason deildarstjóri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun framlaga til tveggja málaflokka, í fyrsta lagi fangelsismála, til nýrrar fangelsisbyggingar á Litla-Hrauni, og í öðru lagi til löggæslu- og öryggismála, til kaupa á björgunarþyrlu. Hins vegar er það áhyggjuefni að ekki er gert ráð fyrir hækkun framlaga til Landhelgisgæslunnar til að standa straum af rekstrarkostnaði hinnar nýju þyrlu.

Einnig var fjallað um framlag til dómsmála. Fram kom að gert er ráð fyrir að heildarframlag til málaflokksins lækki miðað við fjárlög 1994 og er það vegna lækkunar framlaga til byggingar nýs Hæstaréttarhúss. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstrarkostnaði við dómstóla.

Alþingi, 10. nóv. 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Gísli S. Einarsson.
Ingi Björn Albertsson.
Eyjólfur Konráð Jónsson.
María E. Ingvadóttir.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eins og fram kemur í áliti meiri hluta allsherjarnefndar komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá forsætisráðuneyti annars vegar og dóms- og kirkjumálaráðuneyti hins vegar til að fara yfir tölur viðkomandi ráðuneyta í fjárlagafrumvarpi en engir fulltrúar þeirra stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Það komu því ekki fram í nefndinni viðhorf forráðamanna þessara stofnana til hins almenna niðurskurðar eða tillagna frumvarpsins að öðru leyti. Þó er ljóst að víða er þröngur stakkur skorinn og ekki vitað hvernig gengur að mæta hinum almenna niðurskurði.

Í fjárlagafrumvarpinu er fjárveiting til Byggðastofnunar hækkuð um 25 millj. kr. Í athugasemdum með frumvarpinu er sagt að sú hækkun sé vegna aukinna verkefna stofnunarinnar í framhaldi af ályktun Alþingis vorið 1994 um gerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir tímabilið 1994–1997. Þetta er þó ekki í samræmi við þá ályktun því að í henni segir að á næsta ári skuli hækka framlag til nýsköpunar um 50 millj. kr. Þannig er strax á fyrsta ári ekki farið eftir þeirri samþykkt Alþingis og segir það meira en mörg orð um stefnu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og vantrú hennar á að fjármagn til atvinnuuppbyggingar skili arði og auknum tekjum í þjóðarbúið.

Þetta stangast líka algjörlega á við staðreyndirnar sem blasa við því að í frumvarpi til fjáraukalaga er lögð til 300 millj. kr. fjárveiting til Byggðastofnunar til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum samkvæmt lögum sem samþykkt voru á síðsta þingi. Í umræðum um það frumvarp kom hins vegar fram að þörf væri fyrir slíka aðstoð víðar á landinu og því engar líkur til annars en að til þeirra þurfi að grípa á næsta ári.

Í fjárlögum fyrir árið 1994 var löggæsla skorin mikið niður og hefur komið í ljós að það var algjörlega óraunhæft. Hefur ríkisstjórnin viðurkennt það með tillögu um 17 millj. kr. aukafjárveitingu til lögreglustjórans í Reykjavík í frumvarpi til fjáraukalaga og tillögu í fjárlagafrumvarpi um 30,8 millj. kr. hækkun á framlagi til sama verkefnis á næsta ári. Jafnframt hefur komið í ljós að lögreglan hefur ekki nægileg fjárráð til að geta sinnt þeim vaxandi verkefnum sem við er að glíma og kemur það fram á mörgum sviðum.

Í greinargerð fjárlagafrumvarps kemur fram að Landhelgisgæslunni er ekki ætlað neitt viðbótarfjármagn til að reka nýju björgunarþyrluna og því verði að mæta með að hagræða í rekstri á öðrum sviðum og fá þannig 60 millj. kr. Ekki virðist hafa verið hægt að finna slíkt svigrúm á þessu ári því að í fjáraukalagafrumvarpinu er nú sótt um 15 millj. kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaði vegna úthalds varðskips í tvo mánuði í Barentshafi til aðstoðar íslenskum fiskiskipum sem þar voru að veiðum.

Það hlýtur að vekja athygli að engin fjárveiting skuli vera ætluð til þess verkefnis á næsta ári. Þær spurningar hljóta að vakna hvort ríkisstjórnin reikni ekki með að til veiða á þessu svæði komi á næsta ári eða hvort ekki eigi þá að veita sambærilega þjónustu við fiskiskipaflotann við þá sem veitt var á þessu ári, en þorskaflinn þar er sá happdrættisvinningur þjóðarbúsins sem ríkisstjórnin telur að stórum hluta sanna ágæti stjórnarstefn-

unnar. Eða telur ríkisstjórnin að einfaldast sé að reikna með annarri fjárlagagerð á næsta ári með fjáraukalögum að loknum kosningum?

Á síðasta ári voru færð 80–90 millj. kr. útgjöld frá ríkissjóði yfir á tekjustofna kirkjunnar og enn er haldið áfram að stefna í sömu átt.

Þrátt fyrir það að allsherjarnefnd hafi ekki átt viðræður við starfsmenn einstakra stofnana benda þau fáu dæmi sem hér hafa verið nefnd til þess að þetta fjárlagafrumvarp verði óbreytt ekki marktækara en fjárlög þessa árs, en í frumvarpi til fjáraukalaga er gerð tillaga til hækkunar á þeim liðum sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar, samtals um rúmlega 1 milljarð kr.

Minni hluti allsherjarnefndar treystir sér því ekki til að gera frekari athugasemdir við þessa kafla fjárlagafrumvarpsins eða ákveðnar tillögur til breytinga en leggur áherslu á að fjárlaganefnd þurfi að kanna ýmsa liði þar nánar.

Alþingi, 16. nóv. 1994.

Jón Helgason.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.
Pétur Bjarnason.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 1994. Á fund nefndarinnar komu frá félagsmálaráðuneyti Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri og Sturlaugur Tómasson deildarstjóri og frá Hagsýslu ríkisins Ómar H. Kristmundsson stjórnsýslufræðingur. Einnig kom Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Þá komu Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, Marta Bergmann, félagsmálastjóri Hafnarfjarðar, og Gunnar Klængur Gunnarsson, yfirmaður fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Kópavogs. Enn fremur fór nefndin, í tengslum við umfjöllun um málið, í heimsókn til Húsnæðisstofnunar ríkisins og Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðneytisins. Þar voru mættir frá Húsnæðisstofnun Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri, Hilmar Þórisson aðstoðarframkvæmdastjóri, Grétar J. Guðmundsson rekstrarstjóri og Sigurður Geirsson, forstöðumaður verðbréfadeildar. Frá Vinnumálaskrifstofu voru mættir Gunnar Sigurðsson deildarstjóri, Stefán Stefánsson deildarsérfræðingur, f.h. Atvinnuleysistryggingasjóðs Margrét Tómasdóttir deildarstjóri, og f.h. Ábyrgðasjóðs launa Ólafur B. Andrésson deildarstjóri.

Fyrir ári síðan ákvað félagsmálanefnd að taka einn málaflokk sérstaklega fyrir við yfirferð fjárlagafrumvarps hverju sinni. Á sl. vetri urðu málefni fatlaðra fyrir valinu en nú voru málefni barna og ungmenna sérstaklega rædd. Hefur nefndin kynnt sér fyrirhugaðar skipulagsbreytingar í málaflokknum sem meiri hlutinn telur ástæðu til að binda góðar vonir við. Fagnar meiri hlutinn auknum fjárveitingum til málaflokksins sem helgast af áætlaðri byggingu eða kaupum á nýju húsnæði fyrir móttöku- og meðferðarstöð unglinga, en alls er gert ráð fyrir 30 millj. kr. til þessa verkefnis. Hins vegar er liður 400 Málefni barna og ungmenna safnliður þar sem eftir er að skipta heildarupphæðinni að öðru leyti milli einstakra málaflokka (sbr. liði 400, 402 og 410 í fjárlögum 1994). Hefur meiri hlutinn áhuga á að fá vitneskju um fyrirhugaða sundurliðun þegar hún liggur fyrir.

Hvað varðar málefni fatlaðra er vakin athygli á 3. tölul. 39. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, en þar er gert ráð fyrir sérstöku framlagi ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra næstu fimm ár frá gildistöku laganna. Nú hefur verið með samstarfi við Geðhjálp stofnsett sambýli fyrir geðfatlaða á Bárugötu. Um er að ræða sambýli fyrir 10 manns auk liðveislu frá húsinu. Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að þessari uppbyggingu verði haldið áfram.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leita eftir samkomulagi um áframhaldandi framlag sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð árið 1995. Um er að ræða 600 millj. kr. framlag til átaksverkefna og atvinnuskapandi aðgerða. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett fram harða gagnrýni í nefndinni vegna málsins. Meiri hlutanum er kunnugt um að nú eru í gangi viðræður milli ríkisvaldsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um átaksverkefnin.

Staða Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur verið til umræðu vegna krafna Innheimtustofnunar sveitarfélaga á hendur sjóðnum vegna óinnheimtra barnsmeðlaga. Fram hefur komið að viðræður eiga sér stað á milli félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis og niðurstöðu er fljótlega að vænta.

Meiri hlutinn vekur loks athygli á að afar erfitt er fyrir fagnefndir að átta sig á hver sé þeirra þáttur í umfjöllun um fjárlagafrumvarpið. Meiri hlutinn vill ítreka þá skoðun sína að mikilvægt er að mótaðar verði reglur um þessa samvinnu og leggur til við fjárlaganefnd að hún feli t.d. fagnefndum ákveðna þætti fjárlagafrumvarpsins til umfjöllunar eða einstök verkefni, t.d. úthlutun einstakra safnliða.

Alþingi, 8. nóv. 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form.
Gísli S. Einarsson.
Einar K. Guðfinnsson.
Eggert Haukdal.
Elínbjörg Magnúsdóttir.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar bendir á eftirfarandi atriði eftir yfirferð yfir þann kafla fjárlagafrumvarpsins 1995 sem snertir félagsmálaráðuneytið:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin í landinu greiði 600 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þetta er skýlaust brot á undirrituðu samkomulagi þriggja ráðherra við forustumenn sveitarstjórna í landinu og hefur því verið mótmælt harðlega af þeim. Minni hlutinn telur að ekki sé mögulegt að ganga á bak undirrituðu samkomulagi og það stefni samskiptum ríkis og sveitarfélaga í stórhættu.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að vandi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna vanskila í Innheimtustofnun sveitarfélaga verði leystur. Á árinu 1994 er þessi vandi 225 millj. kr. og ekkert liggur fyrir um breytingar á næsta ári sem verði til þess að leysa þennan vanda. Því verður að taka tillit til þessa við fjárlagagerðina því gengið var út frá því við sveitarfélögin á sínum tíma að ríkið ábyrgðist vanskil í Jöfnunarsjóðnum umfram 300 millj. kr.

Minni hlutinn bendir á að sú löggjöf, sem samþykkt var á síðasta vori um húsaleigubætur, hefur reynst erfið í framkvæmd og fjölmörg sveitarfélög hafa neitað þátttöku í þessu samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Því er nauðsynlegt að skoða sérstaklega þau ákvæði sem þær varða. Ljóst er að endurmeta þarf hvort réttlætanlegt er að þetta verkefni verði samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, auk þess sem ekki hefur verið staðið við það enn sem komið er að leggja fram frumvarp um skattfrelsi húsaleigutekna upp að 300 þús. kr. á ári eins og fyrirheit voru gefin um á síðasta vori.

Minni hlutinn bendir á að gríðarleg vanskil eru í húsbréfakerfinu, en þar eru gjaldfallnar 700 millj. kr. í vöxtum og afborgunum af 15 milljarða kr. höfuðstól. Fram kom á fundi með forráðamönnum Húsnæðisstofnunar ríkisins að umsóknir um greiðsluerfiðleikalán hrannast upp í stofnuninni og hún hefur ekki mannafla til þess að fara yfir þær eða leysa úr þeim. Þá bendir minni hlutinn á þann vanda sem sveitarfélögin eiga við að glíma vegna félagslegra íbúða sem þau hafa þurft að leysa til sín en standa auðar vegna þess að ódýrara er að kaupa á almennum markaði. Þessi mál eru algjörlega óleyst og hljóta að koma til kasta fjárveitingavaldsins.

Minni hlutinn bendir einnig á að gert er ráð fyrir 200 millj. kr. lækkun tekjutryggingar lífeyrisþega í kjölfar upptöku húsaleigubóta, sbr. bls. 325 og 326. Virðist því ekki ætlunin að húsaleigubætur séu lífeyrisþegum til hagsbóta, heldur verði þeir einir húsaleigubótaþega að gjalda bótanna með rýrari tekjum að öðru leyti.

Alþingi, 8. des. 1994.

Jón Kristjánsson.
Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.
Guðrún J. Halldórsdóttir.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 19. október 1994, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarps sem er á málefnasviði hennar.

Nefndin fékk til viðræðna við sig frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra og Svanhvíti Jakobsdóttur skrifstofustjóra og skýrðu þau þá liði frumvarpsins er varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Þá kynnti nefndin sér sérstaklega málefni sjúkrahúsa og fékk á sinn fund í því skyni frá Ríkisspítölum Ásmund Brekkan, formann læknaráðs Landspítala, Ingólf Þórisson, framkvæmdastjóra tæknisviðs, Olgu Möller, forstöðumann áætlana- og hagdeildar, og Vigdísi Magnúsdóttur, hjúkrunarforstjóra á Landspítala; frá Borgarspítala Jóhannes M. Gunnarsson lækningaforstjóra, Jóhannes Pálmason framkvæmdastjóra og Sigríði Snæbjörnsdóttur hjúkrunarforstjóra; frá Landakotsspítala Loga Guðbrandsson framkvæmdastjóra og Ólaf Örn Arnarson yfirlækni; frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri Baldur Dýrfjörð stjórnarformann, Halldór Jónsson framkvæmdastjóra og Vigni Sveinsson aðstoðarframkvæmdastjóra og frá Sjúkrahúsi Akraness Ara Jóhannesson yfirlækni, Ríkharð Jónsson stjórnarformann, Sigurð Ólafsson framkvæmdastjóra og Steinunni Sigurðardóttur hjúkrunarforstjóra. Einnig komu á fund nefndarinnar Ásgerður Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, og Helgi Seljan, félagsmálafulltrúi sömu samtaka.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í máli framangreindra aðila:

Ríkisspítalar. Forsvarsmenn Ríkisspítala telja að með óbreyttu fjárlagafrumvarpi stefni í mikinn vanda í rekstri spítalanna. Í gögnum, sem þeir kynntu fyrir heilbrigðis- og trygginganefnd, kemur fram að gert er ráð fyrir að halli á rekstri Ríkisspítala, miðað við þær forsendur sem forsvarsmenn stofnunarinnar hafa gefið sér, nemi á næsta ári 412 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir nýrri innheimtu vegna ferliverka að fjárhæð 50 millj. kr.

Forsendur í rekstri Borgarspítala og Landakotsspítala hafa breyst síðan fulltrúar stofnananna komu fyrir heilbrigðis- og trygginganefnd þar sem spítalarnir hafa nú verið sameinaðir í eina stofnun, Sjúkrahús Reykjavíkur. Meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar vill lýsa ánægju sinni yfir þeirri lausn sem fundist hefur með þessari sameiningu. Meiri hluti nefndarinnar leitaði eftir afstöðu forsvarsmanna stofnananna eftir sameininguna. Þeir bentu á að samkvæmt hugmyndum um sameiningu sjúkrahúsanna ætti að útfæra 180 millj. kr. rekstrarhagræðingu.

Borgarspítali. Fulltrúar Borgarspítala bentu á að mikilvægt væri að liðkað yrði fyrir fjárstreymi til að sameining spítalanna gæti gengið eðlilega fyrir sig þegar í upphafi. Þeir telja að í því skyni sé nauðsynlegt að tryggt verði fé til flutnings barnadeildar, samtals að fjárhæð 130 millj. kr., sem þeir sundurliða á eftirfarandi hátt: 80 millj. kr. til innréttingar deildar B-7 (miðað við kostnað án búnaðar fyrir hjartadeild), 5 millj. kr. vegna flutnings barnadeildar í húsnæði hjartadeildar og 45 millj. kr. til endurnýjunar deilda 2A og 3B á Landakoti. Í því sambandi benda forsvarsmenn Borgarspítala á möguleika á fjár-

veitingu úr Framkvæmdasjóði aldraðra til framkvæmda á Landakoti og enn fremur til reksturs fyrsta árið. Loks benda forsvarsmenn Borgarspítala á að þar sem höfuðáhersla muni verða lögð á bráðaþjónustu í húsnæði Borgarspítalans þurfi að endurnýja tölvusneiðmyndatæki. Við kaup tækisins fyrir rúmum sex árum hafi verið gert ráð fyrir að það yrði endurnýjað að fimm árum liðnum eða í síðasta lagi árið 1993. Áætlaður kostnaður við kaup á nýju tæki er að mati forsvarsmanna Borgarspítala 60–90 millj. kr. Varðandi fé til tækjakaupa almennt benda forsvarsmenn Borgarspítala á að skynsamlegt sé að miða við að það nemi 3–5% af rekstrarfé eins og tíðkist víða og að afskriftareglur verði teknar upp þannig að endurnýjun tækja geti gengið sjálfkrafa og eðlilega fyrir sig.

Landakotsspítali. Fulltrúar Landakotsspítala telja að í kjölfar opnunar röntgengreiningarstofu í Domus Medica árið 1993 hafi Landakotsspítali tapað stórum hluta þeirra tekna sem hann hafi haft af rannsóknum á ferlisjúklingum. Þeir benda einnig á að röntgentaxtar hafi lækkað um 20–30% samkvæmt ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Forsvarsmenn Landakots gera því ráð fyrir að tekjur af röntgenrannsóknum á ferlisjúklingum lækki um 50–60 millj. kr. á yfirstandandi ári, eða um 60–70% frá því sem var á árinu 1993. Þeir telja að hvorki sé tekið tillit til þessa á fjárlögum þessa árs né í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 og að ef ekki verði að gert þýði það enn meiri samdrátt í starfsemi Landakots.

Nefndin kynnti sér einnig málefni heilsugæslustöðva og fékk á sinn fund frá Landssamtökum heilsugæslustöðva og samstarfsráði Heilsugæslunnar í Reykjavík Ingimar Sigurðsson og Valdimar K. Jónsson.

Þá fékk nefndin til viðræðna við sig Sverri Bergmann, formann Læknafélags Íslands, Gest Þorgeirsson, formann Læknafélags Reykjavíkur, Ólaf F. Magnússon frá Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna, Tómas Jónsson frá Sérfræðingafélagi íslenskra lækna, Guðmund I. Eyjólfsson, formann samninganefndar sérfræðinga, Víglund Þorsteinsson, fulltrúa í samninganefnd sérfræðinga, og Sigurbjörn Sveinsson og Ólaf Stefánsson frá Félagi íslenskra heimilislækna. Fram kom í máli meiri hluta framangreindra gesta að þeir teldu hæpið að sparnaður næðist með því að koma á svonefndu tilvísanakerfi. Þeir töldu að tilvísanakerfi fylgdi aukin skriffinska og tvöföldun á þjónustu.

Á fund nefndarinnar komu Ásgerður Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, og Helgi Seljan, félagsmálafulltrúi sömu samtaka. Þau gerðu grein fyrir sjónarmiðum Öryrkjabandalagsins varðandi eingreiðslur til lífeyrisþega og greiðslur húsaleigubóta.

Loks komu á fund nefndarinnar frá hjúkrunarheimilum aldraðra Sigurður Helgi Guðmundsson frá Skjóli og Eir og Ásgeir Jóhannesson og Jóhann Árnason frá Sunnuhlíð. Fram kom í máli þeirra að þeir teldu að ekki yrði gengið lengra í aðhaldsaðgerðum. Sigurður Helgi óskaði eftir því koma á framfæri að á síðustu fjórum árum hefðu framlög til Skjóls lækkað um 10% þrátt fyrir hækkun kostnaðar á tímabilinu. Hann taldi að þegar heimilið hefði farið á föst fjárlög hefði verið fellt niður 1% afskriftargjald sem væri hluti af daggjöldum og hefði getað staðið undir afborgunum af lánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sem næmu um 115 millj. kr.

Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar kemur hér með á framfæri þeim atriðum sem að framan hafa verið rakin til upplýsingar fyrir háttvirta fjárlaganefnd í frekari vinnu hennar.

Eins og venja er áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við síðari umræður um frumvarpið og flytja við það breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 6. des. 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 19. október 1994, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar.

Nefndin fékk til viðræðna við sig frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra og Svanhvíti Jakobsdóttur skrifstofustjóra, frá Ríkisspítölum Ásmund Brekkan, formann læknaráðs Landspítalans, Ingólf Þórisson, framkvæmdastjóra tæknisviðs, Olgu Möller, forstöðumann áætlana- og hagdeildar, og Vigdísi Magnúsdóttur hjúkrunarforstjóra, frá Borgarspítala Jóhannes M. Gunnarsson lækningaforstjóra, Jóhannes Pálmason framkvæmdastjóra og Sigríði Snæbjörnsdóttur hjúkrunarforstjóra, frá Landakotsspítala Loga Guðbrandsson framkvæmdastjóra og Ólaf Örn Arnarson yfirlækni, frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri Baldur Dýrfjörð stjórnarformann, Halldór Jónsson framkvæmdastjóra og Vigni Sveinsson aðstoðarframkvæmdastjóra, frá Sjúkrahúsi Akraness Ara Jóhannesson yfirlækni, Ríkharð Jónsson stjórnarformann, Sigurð Ólafsson framkvæmdastjóra og Steinunni Sigurðardóttur hjúkrunarforstjóra. Einnig komu til viðræðna við nefndina Sverrir Bergmann, formaður Læknafélags Íslands, Gestur Þorgeirsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, Tómas Jónsson, Sérfræðingafélagi íslenskra lækna, Guðmundur E. Jónsson, formaður samninganefndar sérfræðinga, Víglundur Þorsteinsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum, Sigurbjörn Sveinsson og Ólafur Stefánsson, Félagi íslenskra heimilislækna, og Ólafur F. Magnússon, Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna. Einnig komu á fund nefndarinnar þeir Sigurður Helgi Guðmundsson frá hjúkrunarheimilunum Skjóli og Eir og Ásgeir Jóhannesson og Jóhann Árnason frá hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi.

Minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar gerir fjárlaganefnd í áliti sínu grein fyrir því er fram kom við skoðun heilbrigðis- og trygginganefndar á fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1995.

1. Það var mat Páls Sigurðssonar, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, að 2.000 millj. kr. vantaði í málaflokknum 08 sem er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ef halda á óbreyttri starfsemi í rekstri ráðuneytisins og þeirra stofnana sem undir það heyra. Það er sá fyrirhugaði sparnaður sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu og lendir á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á árinu 1995. Talið er að útgjöld í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á árinu 1994 stefni í að verða 2.000 millj. kr. meiri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Þessar staðreyndir staðfesta áðurnefnt mat ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
2. Útgjöld lífeyristrygginga eru lækkuð í frumvarpinu um samtals 850 millj. kr. Spara á 600 millj. kr. með því að aftengja sjálfvirka hækkun bótagreiðslna lífeyristrygginga vegna ófyrirséðra launabreytinga og miða þær þess í stað við forsendur fjárlaga hverju sinni. Af hálfu ríkisstjórnarflokkanna er þetta yfirlýsing og um leið er það stefna stjórnarflokkanna að bótagreiðslur lífeyristrygginga á árinu 1995 verði ekki hækkaðar til samræmis við þær launahækkanir sem verða munu í kjölfar kjarasamninga. Með öðrum orðum eiga elli- og örorkulífeyrisþegar ekki að fá sömu kjarabætur og aðrir. Ef svo er ekki er 600 millj. kr. sparnaðurinn blekking til að sýna minni halla á fjárlögum en hann raunverulega mun verða á árinu 1995. Til viðbótar lækka útgjöld lífeyristrygginga um 250 millj. kr., þar af eru 200 millj. kr. vegna endurskoðunar á svokölluðum heimildarbótum í kjölfar upptöku húsaleigubóta og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á sjúkratryggingum vegna þeirra sem bera háan lyfja- og lækniskostnað. Engar skýringar hafa fengist á því hvernig á að spara þessar 200 millj. kr. Það er staðreynd að fjöldi einstaklinga á engan rétt á húsaleigubótum, þar sem þeir búa í eigin húsnæði, en bera engu að síður mikinn húsnæðiskostnað og fá þess vegna greidda uppbót frá Tryggingastofnun. Það blasir því við að langstærstur hluti þessara 200 millj. kr. er bein lækkun á bótum til elli- og örorkulífeyrisþega og þeirra sem búa við erfiðustu aðstæðurnar. Stefnt er að því að lækka lífeyristryggingar um 50 millj. kr. til viðbótar með almennri endurskoðun bótakerfisins. Engar skýringar hafa fengist á hvernig ná á fram þessum 50 millj. kr. í sparnað né hvað felst í almennri endurskoðun bótakerfisins. Ljóst er að þessi sparnaður mun leiða til aukinnar kjaraskerðingar hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.
3. Áætlaður sparnaður í sjúkratryggingum samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er 420 millj. kr. og skiptist þannig: Sparnaður í lyfjum 200 millj. kr., í sérfræðilæknishjálp 100 millj. kr., 70 millj. kr. hjá rannsóknarlæknum og 50 millj. kr. í sjúkraþjálfun. Sparnaði í lyfjakostnaði á að ná með því að flýta gildistöku á þeim ákvæðum lyfjalaganna, er snúa að verðlagningu, sölu og dreifingu. Það er mat minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar að það muni ekki leiða til sparnaðar heldur geti það þvert á móti leitt til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Hins vegar var það samkomulag stjórnar og stjórnarandstöðu á sínum tíma að fyrst skyldi reyna á EES-ákvæði lyfjalaganna áður en ákvæðin um verðlagningu, sölu og dreifingu lyfja tækju gildi. Það að flýta gildistöku á ákvæðunum væri því brot á áðurnefndu samkomulagi. Áætlað er að ná 100 millj. kr. sparnaði í sérfræðilæknishjálp með upptöku tilvísanakerfis. Það kom fram hjá fulltrúum heilsugæslustöðva og Læknafélags Íslands og Félags íslenskra heimilislækna að vafasamt væri, ef ekki útilokað, að ná slíkum sparnaði í sérfræðilæknishjálpinni og á sama tíma og áætlað er að spara í heilsugæslunni um 100 millj. kr., 50 millj. kr. með lækkun á rekstrarkostnaði og 50 millj. kr. með hagræðingu í sjúkraflutningum. Verði tekin upp tilvísanaskylda milli sérfræðinga og heim-

ilislækna mun það þýða aukin útgjöld í heilsugæslunni. Það er því vonlaust og algjörlega óraunhæft að ætla á sama tíma að spara í sérfræðilæknishjálp með tilvísanakerfi og að skera niður í rekstri heilsugæslustöðvanna. Hér er því enn ein blekkingin á ferðinni. Skiptar skoðanir voru um það milli heilsugæslulækna og sérfræðinga hvort taka ætti upp tilvísanaskyldu eða ekki. Slík spurning snýr ekki lengur að löggjafanum heldur fyrst og fremst að framkvæmdarvaldinu þar sem heimild til þess að koma á tilvísanakerfi er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Engar tillögur liggja fyrir um með hvaða hætti á að spara 70 millj. kr. hjá rannsóknarlæknum og 50 millj. kr. í sjúkraþjálfun.

4. Áætla má að á árinu 1994 stefni í að 1.000 millj. kr. vanti til reksturs sjúkrahúsanna í landinu.
   a. *Ríkisspítalar.* Í mikinn vanda stefnir í rekstri Ríkisspítalanna. Áætlað er að 441 millj. kr. vanti á fjárveitingar til Ríkisspítalanna árið 1994. Fyrirséð fjárvöntun samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á árinu 1995 er 412 millj. kr. miðað við þær forsendur sem forsvarsmenn stofnunarinnar gefa sér í rekstri árið 1995 og er þá gert ráð fyrir nýrri innheimtu fyrir ferliverk að upphæð 50 millj. kr. sem er með öllu óvíst hvort skilar sér. Á tveimur árum, þ.e. árið 1994 og 1995, stefnir því að óbreyttu í 853 millj. kr. halla á Ríkisspítölunum.
   b. *Borgarspítali.* Það er mat forsvarsmanna Borgarspítalans að uppsafnaður rekstrarhalli spítalans árið 1993 og 1994 sé a.m.k. 350 millj. kr. Í samningi þeim, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík hafa gert um sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala í Sjúkrahús Reykjavíkur, er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra muni beita sér fyrir fjárveitingum til Borgarspítalans í fjáraukalögum fyrir árið 1994 að upphæð 167 millj. kr. til viðbótar þeirri fjárhæð sem áætluð er til spítalans í frumvarpi til fjáraukalaga sem er 87 millj. kr. eða samtals 254 millj. kr. Samkvæmt þessu hefur því verið samið um að bæta ekki 100 millj. kr. af uppsöfnuðum rekstrarhalla spítalans árin 1993 og 1994. Það var mat forsvarsmanna Borgarspítalans að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 vanti 290 millj. kr. Í áðurnefndum samningi er gert ráð fyrir að á árinu 1995 muni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra beita sér fyrir 100 millj. kr. eingreiðslu til reksturs Sjúkrahúss Reykjavíkur í fjárlögum ársins 1995. Það er því ljóst að a.m.k. 190 millj. kr. vantar upp á í fjárlagafrumvarp fyrir árið 1995. Í áðurnefndum samningi er gert ráð fyrir að stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur grípi til aðgerða svo fljótt sem kostur er sem skila eiga 180 millj. kr. sparnaði á árinu 1995. Forsvarsmenn Borgarspítalans hafa hins vegar bent á að til þess að liðka fyrir sameiningu spítalanna sé nauðsynlegt að tryggja fé til flutnings barnadeildar af Landakotsspítala yfir á Borgarspítalann. Það mun kosta a.m.k. 130 millj. kr. Nauðsynlegt er að kaupa tækjabúnað til Borgarspítalans þar sem höfuðáhersla verði lögð á að Borgarspítalinn verði bráðaþjónustusjúkrahús. Áætlaður kostnaður við tækjakaup gæti verið tæplega 100 millj. kr. Það má því ætla að hið nýja Sjúkrahús Reykjavíkur, þ.e. Borgarspítali og Landakotsspítali, þurfi á árinu 1995 520 millj. kr. en af þeim 520 millj. kr. er áætlað að ná fram 180 millj. kr. sparnaði á árinu 1995.
   c. *Landakotsspítali.* Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu til Landakotsspítala upp á 100 millj. kr. Forsvarsmenn Landakots gera ráð fyrir að tekjur af röntgenrannsóknum spítalans lækki um 50–60 millj. kr. á árinu 1994. Ekki er tekið tillit til þessa í fjáraukalögum 1994 og ekki held-

ur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995. Því vanti upp á fjárveitingar til Landakots á árinu 1994 til viðbótar við þær 100 millj. kr. sem nú eru í fjáraukalögum 50–60 millj. kr. og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 50–60 millj. kr.

d. *Fjórðungssjúkrahús Akureyrar.* Það var mat forsvarsmanna sjúkrahússins þegar þeir komu til fundar við nefndina að það vantaði a.m.k. 36 millj. kr. í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1995 til að halda óbreyttum rekstri.

e. *Sjúkrahúsið á Akranesi.* Það var mat forsvarsmanna sjúkrahússins þegar þeir komu til fundar við nefndina að það vantaði a.m.k. 24 millj. kr. í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1995 til að halda óbreyttum rekstri.

Samkvæmt þessu má áætla að til reksturs sjúkrahúsa í landinu samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1995 vanti 1.000 millj. kr. eða sömu upphæð og vantaði í fjárlögin fyrir árið 1994. Það er því kominn tími til að menn horfist í augu við þetta vandamál.

5. Þeir fulltrúar hjúkrunarheimilanna sem komu til fundar við nefndina vildu taka það skýrt fram að ekki yrði gengið lengra í aðhaldsaðgerðum gagnvart þeim stofnunum sem þeir væru í forsvari fyrir. Þessir fulltrúar vöruðu við að gengið yrði lengra á þeirri braut að láta Framkvæmdasjóð aldraða fjármagna rekstur nýrra stofnananna, ekki síst í ljósi þess að mikillar uppbyggingar á hjúkrunarheimilum er þörf á höfuðborgarsvæðinu.

Alþingi, 5. des. 1994.

Ingibjörg Pálmadóttir.
Guðrún Halldórsdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.
Finnur Ingólfsson.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. þingskapa Alþingis og í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 19. október 1994 fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Kristmund Halldórsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu, og gerði hann grein fyrir iðnaðar- og orkumálakafla frumvarpsins og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Jakob Björnsson orkumálastjóri, Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntæknistofnunar, Kristján Jónsson, forstjóri Rarik, og Eiríkur Briem, fjármálastjóri Rarik.

Nefndin ítrekar þá afstöðu sem hún hefur sett fram í áliti sínu á undanförnum árum að nauðsynlegt sé að koma betri skipan á samskipti fjárlaganefndar og fagnefnda við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið. Í því sambandi þarf sérstaklega að skilgreina nánar hlutverk fagnefndanna í fjárlagavinnunni. Nefndin telur því brýnt að forseti Alþingis beiti sér fyrir því að fyrir lok þessa þings verði efnt til fundar með formönnum þingflokka og þingnefnda þar sem þáttur fagnefndanna í fjárlagavinnunni verði tekinn til umfjöllunar. Á þeim fundi verði lagt mat á hvernig til hafi tekist á kjörtímabilinu og jafnframt verði mótaðar tillögur um hvaða hlutverki fagnefndirnar eigi að gegna í fjárlagavinnunni á næsta kjörtímabili.

Hvað varðar einstaka þætti í fjárlagafrumvarpi ársins 1995 vill nefndin benda á eftirfarandi:

1. *Málefni Iðntæknistofnunar.* Nefndin fór rækilega yfir fjárlagamál Iðntæknistofnunar, en umfjöllun um hana er ekki að finna í greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Fram kom m.a. að stofnunina skortir fé til þess að vinna að faggildingu með þeim hætti sem óhjákvæmilegt er um þessar mundir. „Ætla má", segir forstjóri stofnunarinnar í bréfi til nefndarinnar, „að stofnunin þurfi að vinna að þessum undirbúningi fyrir um 3 millj. kr. ef fjármunir fást til þess." Vaxandi kröfur eru gerðar til stofnunarinnar á þessum sviðum vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Þess vegna leggur nefndin áherslu á að stofnuninni verði tryggt svigrúm til þess að standa undir þessum kostnaði. Í annan stað nefnir Iðntæknistofnun í erindi sínu sérstaklega þjónustuna við landsbyggðina. Fjárveitingar til stofnunarinnar hafa lækkað úr um 140 millj. kr. í um 96 millj. kr. á árinu 1994. Afleiðingin af þessum niðurskurði hefur m.a. orðið sú að dregin hafa verið skarpari skil milli þjónustuverkefna sem standa undir sér og þróunarverkefna sem kostuð eru með framlögum úr ríkissjóði. Til þess að geta sinnt landsbyggðinni með þeim hætti sem telja mætti viðunandi telur stofnunin að alls þyrfti um 2,5 millj. kr. á árinu 1995.
2. *Málefni Orkusjóðs.* Framlög til Orkusjóðs lækka verulega samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Framlög til lánagreiðslna lækka um 11,6 millj. kr. og framlög til dreifikerfis í sveitum lækka um 4,6 millj. kr. og loks er gert ráð fyrir að lækka lán til jarðhitaleitar. Af þessum ástæðum fékk nefndin orkumálastjóra á sinn fund. Hann gerði grein fyrir málinu og vísaði m.a. til vinnu nefndar sem er að athuga hvernig fjármögnun sjóðsins verði hagað í framtíðinni. Sú nefnd hafði ekki skilað niðurstöðum er þetta álit var skrifað en iðnaðarnefnd hvetur fjárlaganefnd til að fara vel yfir niðurstöður nefndarinnar þegar það liggur fyrir. Sömu nefnd er ætlað að fjalla um fjármál Rarik.
3. *Málefni Rafmagnsveitna ríkisins.* Í viðræðum við fulltrúa Rarik kom fram að nefnd sú sem er að fjalla um málefni fyrirtækisins hefur enn ekki lokið störfum og töldu forsvarsmenn Rarik vandséð að hún gæti komið með nokkrar lausnir á vandamálum fyrirtækisins. Þeir lögðu áherslu á að orkufyrirtækin þrjú, þ.e. Rarik, Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða, yrðu meðhöndluð með sambærilegum hætti í fjárlögum að því er varðar kröfur um arðgreiðslur í ríkissjóð. Nefndin ákvað að fara fram á sérstakar viðræður við forustu fjárlaganefndar um þetta mál. Er hér með óskað eftir slíkum viðræðum.
4. *Safnliðir.* Nefndin fór sérstaklega yfir safnliði ráðuneytisins og fékk svofelldar skýringar:

„Ráðuneytið vísar til fundar með iðnaðarnefnd Alþingis 26. október um fjárlagafrumvarp fyrir árið 1995. Í framhaldi þeirra umræðna sem áttu sér stað á fundinum vill ráðuneytið láta nefndinni eftirfarandi í té: Spurt var um verkefni og styrki sem veittir hafa verið af fjárlagaliðunum:

11-240 Iðnaðarrannsóknir.

11-299-114 Iðja og iðnaður—Iðnþróun og tækninýjungar.

11-299-140 Iðja og iðnaður—Smáiðnaður í dreifbýli.

11-299-150 Iðja og iðnaður—Nýsköpun og markaðsmál.

Við úthlutun á liðnum smáiðnaður í dreifbýli var hafður sá háttur á að auglýst var eftir umsóknum í fjölmiðlum í öllum landshlutum og tiltekinn umsóknarfrestur ákveðinn. Að því búnu var starfshópi skipuðum fulltrúum ráðuneytisins, Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar, falið að yfirfara umsóknirnar og gera tillögur um úthlutun. Ráðherra tók síðan endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja samkvæmt tillögu úthlutunarnefndar. Listi yfir hana fylgir hér með.

Styrkir hafa einnig verið veittir af öðrum liðum Iðnaðarrannsóknir og Iðja og iðnaður, en af þeim hefur einnig verið greiddur þar kostnaður vegna nefndarstarfa og fleiri verkefna sem unnið hefur verið að beint á vegum ráðuneytisins.

Ekki hefur verið um að ræða umsóknarfrest, en ákveðnar verklagsreglur hafa lengi verið viðhafðar í því sambandi. Verklagsreglur þessar hafa nú verið staðfestar.

Í flestum tilfellum hefur ráðuneytið óskað eftir skýrslu um ráðstöfun fjárins og árangur verkefnisins sé það þess eðlis.

Reglur þessar fylgja hér með ásamt listum yfir úthlutanir á þessu ári."

5. *Jöfnunaraðstoð.* Á þessu ári hefur iðnaðarráðuneytið veitt jöfnunaraðstoð til að halda skipasmíðaverkefnum hér á landi. Það er samdóma álit iðnaðarnefndar að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Ekki er gert ráð fyrir þessum fjármunum í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1995, en iðnaðarnefnd leggur áherslu á að þegar fyrir liggur á næstu dögum álit nefndar sem fjallar um áhrif jöfnunaraðstoðar verði vandlega kannað hvort ekki er full þörf á fjármunum í þessu skyni á næsta ári.

Sigríður Anna Þórðardóttir og Guðmundur Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1994.

Svavar Gestsson, form.
Gísli S. Einarsson.
Pálmi Jónsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.
Páll Pétursson.
Guðjón Guðmundsson.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Inngangur.

Nefndin hefur fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Á fundi nefndarinnar komu Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Karlsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti, Hrönn Pálsdóttir frá Þjóðhagsstofnun og frá Landssambandi fóðurbænda Magnús Finnbogason, Ólafur Eggertsson, Páll Ólafsson og Einar Baldursson. Auk þess höfðu eftirtaldir aðilar samband við formann nefndarinnar eða sendu nefndinni erindi: Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Magnús B. Jónsson, skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, Árni Ísaksson veiðimálastjóri og Jóhann Þórhallsson hjá Héraðsskógum.

Á undanförnum árum hefur landbúnaðarnefnd farið mjög ítarlega yfir þennan hluta fjárlagafrumvarpsins, rætt við forsvarsmenn hinna ýmsu stofnana eftir því sem við hefur átt hverju sinni og fengið í hendur skýringar og athugasemdir. Í álitum sínum til fjárlaganefndar Alþingis hefur nefndin jafnan lagt áherslu á að vissra breytinga væri þörf. Þótt við fjárlagagerð hafi jafnan verið komið að nokkrum leiðréttingum hefur það á engan hátt nægt til þess að rétta hlut landbúnaðarins.

Landbúnaðarnefnd vekur sérstaka athygli á að greiðslur til landbúnaðar hafa dregist mikið saman á kjörtímabilinu. Árið 1992 námu þær um 10,1 milljörðum kr., árið 1993 6,8 milljörðum kr., á þessu ári er áætlað að þær verði um 5,8 milljarðar kr. og í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár er lagt til að þessar greiðslur nemi 5,7 milljörðum kr. Hér er um að ræða meiri niðurskurð á fjárveitingum en gagnvart nokkrum öðrum þætti í fjárlögum undanfarinna ára. Því verða menn að hafa hugfast, ekki síst á breytingatímum eins og íslenskur landbúnaður gengur nú í gegnum, að ekki sé sótt af meira kappi en forsjá.

Óhætt er að fullyrða að sauðfjárrækt sé sú búgrein sem hvað verst stendur á Íslandi í dag. Á það hefur landbúnaðarnefnd verði rækilega minnt á í ferðum sínum um landið. Höfuðáherslu verður að leggja á að bregðast strax við þeirri vá ef ekki á enn verr að fara. Ekki er að efa að með skipulögðu markaðsstarfi erlendis, sérstaklega á sviði lífrænnar ræktunar, er unnt að ná árangri sem treysta mun framtíð sauðfjárræktar í landinu.

Í upphafi janúarmánuðar boðaði fjárlaganefnd Alþingis formenn fastanefnda þingsins á sinn fund. Þar var fjallað um samstarf nefnda þingsins við fjárlagagerð. Ákveðið var að annar fundur yrði haldinn í febrúarmánuði. Til hans hefur enn ekki verið boðað og er málið því að þessu leyti í sama horfi og við síðustu fjárlagagerð. Af framangreindum ástæðum hefur nefndin gert þær breytingar á störfum sínum frá því sem verið hefur að nú er fyrst og fremst fjallað um þau mál sem nefndinni hafa borist erindi um eða hún telur að eðlilegt sé að koma á framfæri við fjárlaganefnd.

2. Búvörusamningur.

Í bréfi dags. 9. nóvember 1993 fór landbúnaðarnefnd þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún kannaði hvort framkvæmd núgildandi búvörusamnings væri í samræmi við ákvæði hans. 16. desember 1993 barst nefndinni svarbréf Ríkisendurskoðunar við þessari fyrirspurn. Þar koma fram mikilvægar upplýsingar um framkvæmd búvörusamningsins sem m.a. eru lagðar til grundvallar þessu áliti. Í greinargerðinni kemur fram að ágreiningur er um ýmis atriði. **Rík áhersla er lögð á að aðilar að búvörusamningnum leysi þann ágreining.**

2.1. Uppgjör birgða.

Ágreiningur er milli Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðuneytisins um ákvæði samningsins um uppgjör birgða. Hann er til kominn vegna söluátaks í ágúst 1992 en af því leiddi að birgðir minnkuðu verulega sem dró úr skyldum ríkissjóðs samkvæmt búvörusamningnum við að koma birgðahaldi í eðlilegt horf.

2.2. Stuðningsaðgerðir samkvæmt viðauka II.

a. Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Framleiðnisjóður hefur aðeins varið 10–12% af ráðstöfunarfé sínu til atvinnusköpunar í sveitum. Nefndin telur að þetta sé ekki í samræmi við þær væntingar og þau áform sem lágu til grundvallar tilurð sjóðsins. Þess vegna leggur nefndin ríka áherslu á að fjárveitingar Framleiðnisjóðs taki í auknum mæli mið af þeirri miklu þörf sem fyrir hendi er í sveitum landsins til eflingar atvinnulífinu.

b. Jarðasjóður ríkisins.

Samkvæmt búvörusamningnum áttu fjárveitingar til Jarðasjóðs að vera 150 millj. kr. árin 1992 og 1993. Þær hafa hins vegar reynst miklu lægri eða aðeins 21 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum frá landbúnaðarráðuneytinu liggur fyrir að uppkaup bújarða á grundvelli búvörusamningsins hafa verið lítil sem engin. Landbúnaðarnefnd leitaði eftir því við landbúnaðarráðuneytið að það léti nefndinni í té greinargerð um málefni Jarðasjóðs. Nefndin mun fjalla um þá greinargerð þegar hún berst og hefur því málefni sjóðsins enn þá til athugunar.

c. Þáttur Byggðastofnunar.

Samkvæmt búvörusamningnum (viðauka II) er kveðið á um að „Byggðastofnun verði útvegað fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu". Í bréfi, sem nefndinni hefur borist frá Byggðastofnun, kemur fram að lántökuheimildir einar saman gagnast ekki til þessara verkefna. Því er óumflýjanlegt að aðilar að búvörusamningnum og Byggðastofnun komist að niðurstöðu um í hvaða formi framangreindar fjárveitingar verði til að árangur náist. Þá liggur enn fremur fyrir að einungis hafa verið veittar 20 millj. kr. til þessara verkefna og vantar því 230 millj. kr. til að við þetta ákvæði hafi verið staðið og að viðbættri fjárveitingu fyrir næsta ár nemur það sem á skortir 280 millj. kr.

Samkvæmt greinargerð frá Byggðastofnun hafa þau sauðfjárræktarsvæði verið skilgreind þar sem samdráttur í sauðfjárrækt er alvarlegastur (sjá mynd). Þar kemur greinilega fram að mikil vá er fyrir dyrum ef ekki verður úr bætt.



Byggðir í hættu eru táknaðar með svörtum lit á myndinni.

d. Lífeyrissjóður bænda.

Þann 1. janúar 1993 tók gildi ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að binda ríkisframlög í Lífeyrissjóð bænda við þær búgreinar einar sem falla undir búvörusamninginn, þ.e. mjólkur- og sauðfjárframleiðslu. Samtals námu iðgjöld úr þessum tveimur greinum 84% af heildariðgjöldum árið 1993. Hlutfallið árið 1994 verður svipað. Allar aðrar búgreinar greiða því innan við fimmtung af iðgjöldum til sjóðsins. Ekki er að furða að aðrar greinar streitist gegn því að greiða sinn hluta þegar ekki er von á neinu framlagi á móti frá ríkinu. Landbúnaðarnefnd telur eðlilegt að ríkið greiði framlög á móti iðgjöldum til allra búgreina en ekki aðeins þeirra er falla undir samninginn og vitnar í því sambandi til álits Ríkisendurskoðunar frá 16. desember 1993. Einungis þannig verður greitt úr þeirri miklu óreiðu sem verið hefur í málefnum lífeyrissjóðsins frá ársbyrjun 1993 sem m.a. hefur birst í deilum milli bænda og afurðastöðva. Á það ber einnig að líta að slík ríkisframlög falla undir styrki til félagslega kerfisins samkvæmt EES- og GATT-samningunum og teljast því ekki samkeppnishindrandi. Þannig er hægt að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra búgreina án brota á alþjóðlegum samningum. Reiknað er með að heildariðgjöld í lífeyrissjóðinn muni á næsta ári nema 120 millj. kr. Mótframlagið ætti þá með réttu að vera 1,5 sinnum hærra eða 180 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 155 millj. kr. og því vantar 25 millj. kr. upp á.

Landbúnaðarnefnd vill vekja athygli á því að fjárveitingar til framangreindra verkefna hafa ekki verið verðbættar eins og kveðið er á um í búvörusamningnum. Að því verða samningsaðilar að hyggja sérstaklega.

2.3. Landgræðsla og skógrækt.

Engin aukning hefur orðið á fjárveitingum til landgræðslu og skógræktarstarfa þrátt fyrir yfirlýsingu samningsins í þessu efni samkvæmt bókun VI. Þessi staðreynd gengur gegn þeirri stefnumörkun Alþingis sem staðfest var með þingsályktun á 113. löggjafarþingi og ríkisstjórnin byggir stefnu sína í landgræðslumálum á í starfsáætlun sinni. Fjárveitingar til þessa málaflokks eru ekki í neinu samræmi við þessar mikilvægu áherslur.

Af framansögðu má ljóst vera að framkvæmd búvörusamningsins er ekki í því horfi sem samrýmist markmiðum hans. Hins vegar er lögð á það áhersla að þótt svo væri yrði eftir sem áður fyrir hendi mikill vandi í sauðfjárbúskap. Nefndin hefur sérstaklega kynnt sér þessi mál með vettvangsferðum um þær byggðir sem þessi vandi brennur hvað heitast á og rætt þar við fjölda bænda, sveitarstjórnamenn og forsvarsmenn búnaðarsambanda og vinnslustöðva. Einnig hefur hún aflað sér mikilvægra gagna í þessum efnum.

Fyrir liggur að tekjur í sauðfjárbúskap fara stöðugt lækkandi og eignarýrnun eykst með ári hverju. Samdráttur í sölu kindakjöts nemur árlega um 2,5% og birgðir eru því ekki á neinn hátt í samræmi við markmið samningsins um að þær skulu eigi vera meiri en sem nemur 500 tonnum við lok hvers framleiðsluárs. Ekki liggur enn fyrir reglugerð skv. 73. gr. búvörulaganna um endurgreiðslur á unnar landbúnaðarvörur og enn á að leita eftir skerðingum á greiðslur vegna sauðfjárafurða að upphæð 70–80 millj. kr. Hér stefnir því í aukinn vanda í þessari búgrein ef ekki verður að gert.

Það sem hér er nærtækast að grípa til er að tekin verði upp fjárveiting til markaðsmála sem hamlaði gegn síaukinni birgðasöfnun og dregin verði til baka áformuð 5% skerðing útborgunarverðs sláturafurða til bænda.

3. Jarðræktarframlög.

Í áliti landbúnaðarnefndar á síðasta ári var lögð áhersla á að greidd yrðu framreiknuð jarðræktarframlög fyrir árið 1992 en framkvæmdir fyrir árið 1993 yrðu látnar bíða. Þrátt fyrir að hér hafi verið um réttmæta kröfu að ræða var ekki tekið tillit til hennar við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Vandinn hefur því að því leyti aukist að eins árs vanskil hafa nú bæst við. Því er gerð tillaga um að fjárveiting til jarðræktarframkvæmda ársins 1992, sem við endurskoðun nemur nú 67,3 millj. kr., verði greidd á fjáraukalögum þessa árs. Lagt er til að jarðræktarframkvæmdir ársins 1993, samtals að fjárhæð 70 millj. kr., verði greiddar samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 en að framkvæmdir þessa árs, sem ætla má að verði svipaðar, bíði fjárlagagerðar á næsta ári.

Stuðningur við korn- og fræakra lifði af breytingar sem gerðar voru á jarðræktarlögunum árið 1989. Þær breytingar fólu sem kunnugt er í sér mikinn samdrátt heimilda til greiðslu jarðræktarframlaga en á móti var lofað skilvísri greiðslu. Samkvæmt upplýsingum, sem landbúnaðarnefnd hefur aflað sér, er stuðningur við þessar greinar víða erlendis a.m.k. tvöfaldur á við það sem lög mæla fyrir um hér á landi. Aðflutningsgjöld á innflutt korn hafa verið stórlækkuð sem eykur enn á vanda þessarar nýju greinar í samkeppni við niðurgreiddan korninnflutning.

4. Málefni loðdýraræktarinnar.

Loðdýraræktin hefur enn ekki risið upp úr þeim áföllum sem hún varð fyrir í upphafi. Bjartari horfur virðast þó fram undan þar sem verð á skinnum hefur farið hækkandi síðasta ár og er enn að stíga. Ljóst er að meðan greinin er að komast yfir ákveðinn þröskuld eru ekki út frá samkeppnislegu sjónarmiði forsendur fyrir því að skerða fram-

lög til niðurfærslu á loðdýrafóðri. Nefndin leggur því til að sama upphæð verði veitt til þessarar niðurgreiðslu og á þessu ári.

5. Varnir gegn landbroti.

Enn eykst vandi við að hemja landbrot enda naumt skammtað fjármagn til þeirra verkefna á undanförnum árum. Við fjárlagagerð ársins 1993 var horfið að því ráði að veita fé til framkvæmda vegna landbrots við Markarfljót en þess þá enn fremur vænst að unnt yrði að veita fé til varnaraðgerða við Jökulsá á Dal og var áætlaður kostnaður af þeim framkvæmdum um 10 millj. kr. á verðlagi síðasta árs. Landbúnaðarnefnd lagði til í áliti sínu í fyrra að þeim kostnaði yrði skipt niður á tvö ár. Þessi vandi hefur nú enn aukist þar sem ekkert varð af framkvæmdum á þessu ári. Því verður nú ekki komist hjá að gera ráðstafanir til að stöðva landbrot við Jökulsá á Dal á næsta ári og að fjárveiting til þeirra verkefna verði 10 millj. kr. Í bréfi landgræðslustjóra til nefndarinnar er vakin athygli á nýjum hættum vegna aðsteðjandi landbrots við Markarfljót. Heildarkostnaður við nauðsynlegar varnaraðgerðir þar er áætlaður 32,6 millj. kr. Að mati Landgræðslu ríkisins og Vegagerðarinnar er allra brýnasta verkefnið við Stóru-Mörk og er áætluð fjárþörf til lausnar þeim vanda 6,1 millj. kr. en þarna er í hættu vegur inn í Þórsmörk og nálægur flugvöllur. Vegna aðsteðjandi vanda, er leitt hefur af vanrækslu í viðhaldi varnargarða, leitaði nefndin álits landgræðslustjóra um hver kostnaður að þessum viðhaldsverkefnum væri mikill. Í greinargerð landgræðslustjóra er kostnaður við þessi brýnu viðhaldsverkefni metinn um það bil helmingi hærri en nemur þeirri fjárveitingu sem áformuð er í fjárlagafrumvarpinu. Heildarfjárþörf þessa málaflokks er hins vegar a.m.k. þrefalt hærri en sú fjárhæð sem þar kemur fram.

6. Annað.

Nefndinni bárust einnig erindi frá Héraðsskógum, veiðimálastjóra og Bændaskólanum á Hvanneyri.

Í erindi frá Héraðsskógum er vakin athygli á því að fjárveitingar til skógræktarverkefnisins hafa ekki verið í samræmi við upphaflegar áætlanir og samninga sem gerðir voru við skógarbændur. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nemur það sem á vantar 11,7 millj. kr. fyrir árið 1995. Til að halda samningsbundnum framkvæmdum hafa skógarbændur gripið til þess ráðs að taka til ræktunar þau landsvæði sem best hafa hentað fyrir þessa ræktun. Þau lönd eru nú að ganga til þurrðar svo að ræktunarkostnaður eykst. Nauðsynlegt er að fjárveiting til þessara verkefna taki mið af þessum aðstæðum.

Á 117. löggjafarþingi voru afgreidd lög um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði sem m.a. kveða á um aukið veiðieftirlit með ólöglegum laxveiðum í sjó. Brýnt er að slíkt eftirlit sé virkt. Í lögunum er beinlínis mælt fyrir um að kostnaður við þetta veiðieftirlit greiðist úr ríkissjóði. Enn hefur ekkert verið greitt úr ríkissjóði til þessara mála þótt veiðimálastjóri hafi ítrekað óskað eftir 2,5 millj. kr. framlagi til eftirlits sl. sumar. Nauðsynlegt er að úr þessu verði bætt, t.d. með fjárveitingu í fjáraukalögum.

Í erindi Bændaskólans á Hvanneyri kemur fram að á síðasta 10 ára tímabili hafa fjárveitingar úr ríkissjóði til reksturs skólans stöðugt verið að minnka meðan sértekjur hafa verið að aukast. Skólanum virðist þannig meir og meir ætlað að standa undir rekstri með eigin tekjuöflun. Á sama tíma er talað um að efla þurfi starfsemi skólans. Þá er í erindi Bændaskólans óskað eftir því að veitt verði fjármagn til að setja upp nýja stöðu aðalkennara á landnýtingarsviði við búvísindadeild. Nefndin leggur til að þetta verði gert að forgangsverkefni og varar við þeirri þróun sem orðið hefur í fjárveitingum til skólans.

7. Lokaorð.

Eins og fram kom í inngangi að þessu áliti ákvað nefndin að fara þá leið að fjalla aðeins um þau mál sem nefndinni hafa borist erindi um eða hún telur eðlilegt að koma á framfæri við fjárlaganefnd. Ekki voru kallaðir til fulltrúar hinna ýmsu undirstofnana landbúnaðarráðuneytisins eins og venjan hefur verið. Enn geta því verið ýmis álitaefni í tengslum við þær stofnanir sem ekki er fjallað um í áliti þessu og er nefndin reiðubúin að taka það til athugunar ef fjárlaganefnd óskar eftir því.

Nefndin óskar eftir að fjárlaganefnd taki tillit til þeirra athugasemda er fram koma í áliti þessu við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið svo nefndinni gefist ráðrúm til að meta stöðu mála.

Alþingi, 2. des. 1994.

Egill Jónsson, form.
Gísli S. Einarsson.
Guðni Ágústsson.
Ragnar Arnalds.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Eggert Haukdal.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 19. október 1994, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar.

Til viðræðna við nefndina komu frá menntamálaráðuneyti Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri, Árni Gunnarsson skrifstofustjóri, Örlygur Geirsson skrifstofustjóri, Stefán Baldursson deildarstjóri og Ólafur Darri Andrason deildarsérfræðingur og frá fjármálaráðuneyti Ásdís Sigurjónsdóttur deildarsérfræðingur. Þá komu á fund nefndarinnar eftirtaldir: Frá Háskóla Íslands Sveinbjörn Björnsson rektor, Gunnlaugur H. Jónsson háskólaritari og Örn Helgason formaður fjármálanefndar, frá Lánasjóði íslenskra námsmanna Lárus Jónsson framkvæmdastjóri og Guðjón Viðar Valdimarsson fjármálastjóri og Gísli Fannberg deildarstjóri, frá Skólameistarafélagi Íslands Hjálmar Árnason, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, og Margrét Friðriksdóttir, rektor Menntaskólans í Kópavogi, frá Listskreytingasjóði ríkisins Þorgeir Ólafsson stjórnarformaður, frá Sinfóníuhljómsveit Íslands Runólfur Birgir Leifsson framkvæmdastjóri og Jón Þórarinsson

stjórnarformaður, frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni Einar Sigurðsson landsbókavörður og Egill Skúli Ingibergsson, Kristín Indriðadóttir og Vésteinn Ólason stjórnarmenn, frá Stúdentaráði Háskóla Íslands Dagur Eggertsson formaður og Brynhildur Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri og frá Félagi háskólakennara Andrea Jóhannsdóttir deildarstjóri og Logi Jónsson dósent.

Meiri hluti menntamálanefndar gerir ekki athugasemdir við einstaka liði þess þáttar fjárlagafrumvarps sem heyrir undir málefnasvið nefndarinnar en leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

Fyrir liggur að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn mun hefja starfsemi þann 1. desember nk. Meiri hluti menntamálanefndar telur að með því sé náð stórmerkum áfanga sem muni styrkja starfsemi Háskóla Íslands og annarra menntastofnana í framtíðinni. Mikilvægt er að safninu verði við upphaf starfseminnar veitt svigrúm til eðlilegrar uppbyggingar og fái þannig staðið undir þeim væntingum sem til þess eru gerðar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að vel búið bókasafn er einn mikilvægasti þáttur í starfsemi háskóla.

Fulltrúar Háskóla Íslands, sem komu á fund menntamálanefndar, lýstu yfir áhyggjum vegna fjárhagsstöðu skólans. Þeir vöktu athygli nefndarinnar á því að nú væri unnið að gerð reiknilíkans þar sem metinn er lágmarkskostnaður á hvern virkan nemanda og að það gæti orðið grundvöllur ákvarðana um fjárveitingar til Háskóla Íslands í framtíðinni. Meiri hluti nefndarinnar telur að þær hugmyndir verði athyglisvert framlag í umræðu um fjárveitingar til Háskóla Íslands og gætu orðið til þess að sátt næðist um þau mál í framtíðinni.

Menntamál verða í brennidepli á Alþingi í vetur og framkomin frumvörp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla gera ráð fyrir auknum framlögum til menntamála og eru skref fram á við. Meiri hlutinn vill að lokum leggja áherslu á að málaflokkurinn í heild verði efldur í ljósi þess að uppbygging menntamála er einn af grundvallarþáttum í efnahagslegri stöðu þjóða.

Alþingi, 10. nóv. 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Petrína Baldursdóttir.
Tómas Ingi Olrich.
María E. Ingvadóttir.
Elínbjörg Magnúsdóttir.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1995 sem snýr að menntamálaráðuneytinu. Minni hluti nefndarinnar gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið og lætur fylgja með samþykkt háskólaráðs frá 19. október sl., einróma samþykkt stúdentaráðs Háskóla Íslands frá 3. október 1994 og ályktun SHÍ og Félags háskólakennara. Þá fylgir einnig með áliti þessu bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. nóvember 1994.

Lækkun framlaga til menntamála.

Í upphafi þessa álits vill minni hlutinn vekja athygli fjárlaganefndar á því að fram kemur í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 að framlög til menntamála á föstu verðlagi hafa lækkað um 2,1 milljarð kr. frá árinu 1991 (sjá töflu á bls. 291 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995). Það er samdóma álit flestra þeirra sem fjallað hafa um framtíð þjóðarinnar að góð lífskjör og örugg framtíð byggist á öflugu menntakerfi, vísindum og rannsóknum. Sú stefna sem rekin hefur verið gagnvart menntakerfinu á þessu kjörtímabili hefur nú þegar stórskaðað það og nægir þar að minna á hörð mótmæli frá Háskóla Íslands. Ekki verður lengur unað við niðurskurð og fjársvelti í menntakerfinu. Menntun verður að fá þann forgang sem henni ber.

Háskóli Íslands.

Á undanförnum árum hafa framlög til Háskóla Íslands verið skert verulega. Skólinn hefur brugðist við með því að skera niður kennslu, fjölga í hópum, fækka stundakennurum og beita öllum hugsanlegum aðgerðum til sparnaðar. Á sama tíma hefur nemendum við skólann fjölgað jafnt og þétt, en það gefur auga leið að þjónusta við þá hefur versnað. Þess eru dæmi að nemendur hafa átt í erfiðleikum með að ljúka námi vegna lítils framboðs á námskeiðum. Stúdentar og kennarar við skólann hafa miklar áhyggjur af því ástandi sem skapast hefur og telja að orðstír skólans sé í mikilli hættu verði ekki brugðist skjótt við. Ef skólinn ætti að veita svipaða þjónustu og sambærilegir háskólar erlendis þyrfti að auka fjárframlög til hans um 300 millj. kr. en það er sama upphæð og sem nemur tekjutapi ríkisins verði hátekjuskatturinn lagður af. Háskóli Íslands fer fram á 70 millj. kr. hækkun á fjárveitingum fyrir næsta ár sem algjört lágmark og ljóst er að bregðast verður við fjárþörf skólans nú þegar til að koma í veg fyrir stórslys í skólamálum. Tekjur Háskóla Íslands af skólagjöldum nema 87,5 millj. kr. en það er ekki stefna Háskólans að hækka þau gjöld til að afla meiri sértekna. Minni hlutinn tekur undir þá stefnu og minnir á andstöðu sína við skólagjöld sem draga úr jafnrétti til náms.

Kennaraháskóli Íslands.

Fjárveitingar til Kennaraháskóla Íslands lækka hlutfallslega og eru þannig að skólanum er mjög þröngur stakkur skorinn. Nemendafjöldi er takmarkaður ár hvert, en á móti kemur að skólinn hefur boðið upp á réttindanám fyrir kennara með fjarkennslu sem ekki

síst kemur nemendum úti á landsbyggðinni til góða. Fjarnámið er í mikilli hættu ef ekki fást til þess auknar fjárveitingar. Þá eru húsnæðismál KHÍ í miklum ólestri þar sem skólinn rúmar hvergi nærri þá starfsemi sem þar fer fram, enda þrengsli mikil. Það er brýnt að hefja undirbúning að stækkun skólans eins og fyrirhugað var þegar núverandi húsnæði var byggt.

Framhaldsskólar.

Framhaldsskólar landsins hafa eins og aðrir skólar orðið fyrir niðurskurði þrátt fyrir stöðuga fjölgun nemenda. Segja má að framhaldsskólarnir séu í biðstöðu vegna hugmynda um að breyta framhaldsskólakerfinu, en þær kalla á mun meira fjármagn ef takast á að efla verk- og starfsnám, svo og til eftirlits og samræmdra prófa.

Grunnskólar.

Á undanförnum árum hafa fjárframlög til grunnskóla landsins verið skorin verulega niður, kennslustundum hefur fækkað og stöður kennara hafa verið lagðar niður. Á þessu ári var m.a. ætlunin að spara 100 millj. kr. með „hagræðingu" ofan á annan niðurskurð, en aukafjárlög fyrir árið 1994 bera með sér að sá sparnaður náðist aðeins til hálfs eða sem nemur 50 millj. kr. Það er búið að þrengja svo að grunnskólanum að lengra verður ekki gengið, enda hefur blaðinu nú verið snúið við og er fjölgun kennslustunda hafin að nýju. Að vísu er þar skammt gengið, en gert er ráð fyrir að kennslustundum fjölgi haustið 1995 þannig að það hafi í för með sér 60 millj. kr. kostnað. Gert er ráð fyrir að grunnskólinn borgi þessa hækkun í raun sjálfur því að miðað er við að niðurskurður á fjárveitingum til grunnskólans muni á næsta ári nema um 40 millj. kr. Það er rík ástæða til að kanna afleiðingar niðurskurðarins á skólastarfið og hvort nemendur hafi orðið fyrir tjóni, m.a. vegna fækkunar kennslustunda í íslensku og stærðfræði. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er ekki gert ráð fyrir flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna þrátt fyrir áform þar um. Minni hlutinn telur að mun lengri tíma þurfi til að undirbúa flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna og tekur undir athugasemdir sveitarfélaga þar um. Verði af flutningi kallar það á miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu sem minni hlutinn gerir kröfu um að fá að fylgjast með.

Menningarmál.

Að þessu sinni eru það menningarmálin sem verða fyrir mestum niðurskurði. Þar ber hæst að fjárframlög til Listskreytingasjóðs eru felld niður en honum voru ætlaðar 12 millj. kr. Kvikmyndasjóður er einnig skorinn við trog en kvikmyndagerð er einn helsti vaxtarbroddur íslenskrar menningar og á sinn hlut í að kynna Ísland á erlendri grund. Hér er því dæmi um ranga forgangsröð enda hefur ríkið talsverðar tekjur af kvikmyndum, innlendum sem erlendum. Þá búa söfn landsins við þröngan kost, hvort sem um er að ræða listasöfnin, Þjóðminjasafnið eða Þjóðskjalasafn Íslands. Nú þegar framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu er að ljúka hlýtur röðin að vera komin að menningarstofnunum á borð við Þjóðminjasafnið og Þjóðskjalasafnið sem þarfnast endurskipulagningar og frekari uppbyggingar.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn voru samþykkt síðasta vor með fögrum fyrirheitum. Þegar fjárlagafrumvarp ársins 1995 er skoðað kemur í ljós að bókasafninu er alls ekki tryggt það fjármagn sem það þarf til að halda uppi eðlilegri þjón-

ustu. Stúdentar við Háskóla Íslands hafa efnt til mikils þjóðarátaks í bókakaupum safninu til stuðnings, enda bókakostur rýr miðað við þá miklu þjónustu sem safnið á að veita landsmönnum. Verra er þó ef byrja þarf á því að skera reksturinn niður og t.d. að takmarka opnunartíma safnsins sem fer ekki saman við þarfir námsmanna sem ætlað er að nýta lestrarsali safnsins, m.a. til próflesturs. Það er óhjákvæmilegt að auka fjárveitingar til safnsins, enda væri það að bíta höfuðið af skömminni ef ekki yrði hægt að reka safnið almennilega þegar byggingu þess loksins lýkur 20 árum eftir að framkvæmdir hófust.

Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Sinfóníuhljómsveitin á við nokkurn rekstrarvanda að stríða sem stafar m.a. af því að hún hefur ekki fengið greidd lögbundin framlög úr Menningarsjóði útvarpsstöðva og nemur skuld sjóðsins við hljómsveitina nú 125 millj. kr. Ríkissjóður hefur hlaupið undir bagga og nemur skuld hljómsveitarinnar við ríkið 132 millj. kr. en hætt er við að ekki takist að innheimta það sem Menningarsjóðnum ber að greiða. Hljómsveitin hefur farið fram úr áætlunum í rekstri sínum, en henni eru lagðar margvíslegar skyldur á herðar, svo sem heimsóknir út á landsbyggðina, upptökur fyrir Ríkisútvarpið o.fl. Það er ljóst að hljómsveitin er í mikilli sókn og hefur gert garðinn frægan erlendis með geisladiskum og heimsóknum sem vakið hafa athygli. Bregðast verður við vanda hljómsveitarinnar með því að auka framlög og huga að frekari möguleikum til sértekna. Það kemur ekki til greina að minnka hljómsveitina enda mundi það rýra gæði hennar eftir margra ára uppbyggingu.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Innan Lánasjóðs íslenskra námsmanna er haldið áfram á sömu braut og gengin hefur verið á þessu kjörtímabili. Hlutur ríkisins minnkar stöðugt, en sjóðnum er vísað út á almennan lánamarkað. Í upplýsingum frá LÍN kemur fram að lánþegum í námi hérlendis hefur fækkað verulega meðan nemendum á háskólastigi hefur fjölgað. Nemendur kosta nám sitt sjálfir eða með aðstoð foreldra í mun ríkara mæli en áður tíðkaðist. Enn er ekki komið í ljós hvaða áhrif það hefur á námslengd, en það er dýrt fyrir skólana ef nemendur eru lengi að ljúka námi, hvort sem það er á framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Minni hlutinn vekur sérstaklega athygli á því sem fram kemur í greinargerð fjárlagafrumvarpsins þar sem boðuð er endurskoðun á vaxtakjörum og útlánareglum verði röskun á kostnaðarhlutfalli ríkissjóðs. Minni hlutanum þykir meira en nóg að gert í álögum á þá námsmenn sem taka námslán samkvæmt breyttum lögum og minnir á að margir eiga eftir að lenda í erfiðleikum með greiðslur á lánunum á þeim kjörum sem nú gilda, hvað þá ef kjörin þyngjast enn. Staða LÍN tengist þeirri menntastefnu sem rekin er í landinu en inntak hennar á að vera að tryggja jafnrétti til náms eftir því sem kostur er.

Alþingi, 6. des. 1994.

Kristín Ástgeirsdóttir.
Svavar Gestsson.
Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur Bjarnason.

Fskj. 1.

Samþykkt háskólaráðs.

(Á aukafundi 19. október 1994.)

Háskólaráð mótmælir harðlega þeirri stefnu sem kemur fram gagnvart Háskóla Íslands í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995. Fjárframlög til Háskólans hafa ekki verið í samræmi við aukin verkefni og nemendafjölda undanfarin ár. Háskólinn hefur verið ábyrgur í fjármálastjórn sinni og mætt fjárhagsvandanum, fyrst með hagræðingu og síðan niðurskurði í kennslu. Lengra verður ekki gengið á þessari braut og því er komið að alvarlegum tímamótum í starfsemi Háskólans. Yfirlýst mennta- og vísindastefna ríkisstjórnarinnar kemur ekki fram í fjárlagafrumvarpinu. Háskólaráð hlýtur því að spyrja þessara spurninga: Er það í reynd stefna stjórnvalda að gera Háskóla Íslands að annars flokks háskóla? Er það stefna stjórnvalda að flytja æðri menntun Íslendinga úr landi?

Háskólaráð bendir á eftirfarandi atriði:

1. Fjárveiting á nemanda í fullu námi hefur lækkað um þriðjung að raungildi á síðustu sjö árum.
2. Samanburður við aðra háskóla í Vestur-Evrópu sýnir að kennslumagn við Háskóla Íslands er um 75% af því sem erlendis telst viðunandi.
3. Afleiðingar niðurskurðar undanfarinna ára hafa m.a. birst í því að valnámskeið hafa verið felld niður, svo og umræðutímar og raunhæf verkefni, auk þess sem verkleg kennsla hefur dregist saman. Fjöldi nemenda, sem hver kennari verður að sinna, er svo mikill að ekki gefst tími til viðræðna og handleiðslu eins og þörf er. Framboð námsgreina verður of fábreytt, námsefni ekki endurnýjað og nýjar greinar ekki teknar upp.
4. Ljóst er af þessu að Háskóli Íslands hefur dregist aftur úr á síðustu árum. Erlendis eiga nemendur val milli háskóla og einn slakur háskóli ræður því ekki úrslitum um háskólamenntun viðkomandi lands. Þessu er ekki þannig varið hérlendis. Háskóli Íslands er eina miðstöð háskólamenntunar og grunnrannsókna hér á landi.
5. Háskólaráð bendir á að hnignun háskóla, sem er óhjákvæmileg afleiðing skertra fjárveitinga, tekur skamman tíma og það er síður en svo auðvelt að snúa þeirri þróun við. Endurreisn getur orðið mjög torveld því að uppbygging vísindastofnana tekur langan tíma.
6. Fjöldatakmarkanir munu ekki leysa bráðan fjárhagsvanda Háskólans.
7. Háskóli Íslands er ein stærsta stofnunin í samfélagi okkar. Þar vinna 5.500 nemendur og 500 starfsmenn auk stundakennara. Háskólinn er lykilþáttur í íslensku atvinnulífi og menningu. Viðskiptafræðingar, lögfræðingar og verkfræðingar stýra flestum stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins. Án kennslu og rannsókna við Háskólann væri ekki hægt að halda heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu gangandi.
8. Háskólaráð mótmælir því einnig að í fjárlagafrumvarpi er ekki séð fyrir nægjanlegu rekstrarfé til hins nýja Landsbókasafns. Bygging Þjóðarbókhlöðunnar hefur tekið yfir 20 ár og nú þegar henni er lokið vantar verulegan hluta nauðsynlegs rekstrarfjár. Þessi stefna er algerlega óviðunandi. Háskóli Íslands er í 19. sæti af 20 sambærilegum háskólum hvað varðar bóka- og tímaritakaup á árinu 1993. Hér ber enn að sama brunni. Ónógar fjárveitingar draga mátt úr stofnuninni og háskóli án öflugs bókasafns á erfitt um rannsóknir.

9. Háskóli Íslands hefur haft það orð á sér á síðustu áratugum að vera góð kennslustofnun og jafnframt hefur verið reynt af vanefnum að byggja upp rannsóknir í samræmi við alþjóðlegar kröfur. Nemendum hefur gengið vel að komast að í framhaldsnám við góða háskóla erlendis. Kennarar Háskólans eru flestir mjög vel menntaðir, m.a. með margvíslega framhaldsmenntun við þekkta háskóla. Aukin tengsl við erlenda háskóla og stofnanir gera sífellt meiri kröfur til Háskóla Íslands um gæði kennslu og rannsókna. Þess er ekki að vænta að Háskóla Íslands takist að halda góðum kennurum og fá nýja vísindamenn til starfa ef stefna stjórnvalda í fjárveitingum til hans breytist ekki. Háskóli Íslands er í alþjóðlegri samkeppni um góða starfsmenn.
10. Samkeppnishæfni þjóða á næstu öld í sífellt opnari þjóðfélögum mun fyrst og fremst ráðast af menntun þegnanna, ekki síst færni til nýsköpunar á grundvelli vísindalegrar þekkingar. Ef Háskóli Íslands verður ekki efldur á næstu árum mun það koma fram í verri lífskjörum landsmanna, brottflutningi hæfra kennara og nemenda og lakari kennslu og rannsóknum. Það getur orðið álitamál hve lengi erlendir háskólar taka prófgráður frá Háskóla Íslands gildar.

Íslendingar hafa verið stoltir af háskóla sínum og það með réttu. Þetta getur breyst og háskólaráð getur ekki staðið hjá aðgerðalaust þegar stefnir í verulega hnignun Háskólans vegna ónógra fjárveitinga. Háskólaráð styður aðgerðir Félags háskólakennara og samtaka stúdenta við að vekja máls á vandanum og berjast fyrir hagsmunum Háskólans.

Háskólaráð mun óska eftir fundi með forsætisráðherra, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra þar sem málefni Háskólans verða rædd. Þar verður lögð áhersla á að í fjárlögum næsta árs verði framlag til Háskólans aukið frá fjárlagafrumvarpi um a.m.k. 200 millj. kr. og að gerð verði áætlun til næstu ára um aukið fé til starfsemi Háskóla Íslands. Jafnframt leggur háskólaráð áherslu á að fullnægt verði þörfum Landsbókasafns – Háskólabókasafns fyrir rekstrarfé.

Fskj. 2.

Ályktun stúdentaráðs Háskóla Íslands.
(3. október 1994.)

Háskóli í úlfakreppu.

Niðurskurður til menntamála er alröng stefna í hörðu ári.

Kennsla við HÍ er í úlfakreppu sem brjótast þarf út úr. Rannsóknum þarf að skipa þann sess sem hæfir þjóð sem ekki ætlar að verða undir í alþjóðlegri samkeppni. Þjóðin hefur ekki efni á ónýtum háskóla. Frumvarp til fjárlaga þarf að taka breytingum í meðferð Alþingis Íslendinga.

Hefur þjóðin efni á annars flokks háskóla?

Stúdentaráð vekur athygli Alþingis á augljósum vanköntum frumvarps ríkisstjórnar Íslands til fjárlaga 1995, frumvarps sem sker niður framlög til rannsókna, vísinda og Háskóla Íslands.

Skilaboðin í framlögðu fjárlagafrumvarpi eru skýr. Í harðnandi samkeppni þjóðanna er enn hert að Háskóla Íslands, miðstöð rannsókna og æðri menntunar á Íslandi. Þeirri stefnu þarf að breyta. Menntamál á að setja í öndvegi.

Framlög til háskóla verða óbreytt að krónutölu fjórða árið í röð að óbreyttum fjárlögum.

Á sama tíma hefur nemendum við Háskólann fjölgað um 10%. Og fjölgar enn.

Afleiðingar. Undanfarin þrjú ár hafa verið ár stöðnunar í deildum Háskóla Íslands. Námskeið hefur miskunnarlaust þurft að fella niður. Valnámskeið hafa verið aflögð með öllu á sumum námsbrautum vegna fjárskorts. Vegna niðurskurðar er ókleift að halda uppi fullri kennslu í einstökum deildum.

Afleiðingar. Niðurstaðan fyrir Háskólann og stúdenta er ekki aðeins lakara nám en áður heldur einnig að stúdentum er fyrirmunað að mæta hörðum kröfum LÍN um námsframvindu ef þeir eiga ekki kost á fullu námi á hverju missiri.

Óbreytt framlög þýða ekkert annað en hnignun Háskóla Íslands.

Fyrir fjórum árum var 100 millj. kr. niðurskurður til HÍ. Sú fjárhæð samsvarar því að öll kennsla sé skorin niður í lögfræði, viðskiptafræði og hagfræði. Þessi niðurskurður hefur ekki verið bættur með auknum framlögum.

Afleiðingar. Háskóla Íslands er alls ókleift að sinna þeim skyldum sem lög og reglugerðir setja honum á herðar.

Afleiðingar. Háskóli Íslands dregst hratt aftur úr menntastofnunum þeirra landa sem Íslendingar vilja bera sig saman við.

Fjöldatakmarkanir spara ekkert — og leysa engan vanda.

Fjöldatakmarkanir leysa engan vanda.

Fjöldatakmarkanir eru það úrræði sem fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar vísar í til úrlausnar á vanda Háskólans. Þótt fjöldatakmarkanir yrðu settar á þegar í stað mundu þær ekki spara Háskólanum nein útgjöld á næsta ári.

Háskóli Íslands er þjóðskóli. Það er lögboðin skylda HÍ að allir sem tilskilinn undirbúning hafa hlotið eigi rétt til inngöngu í skólann. Það styður stúdentaráð HÍ. Ef Alþingi hyggst gefa rýmri heimildir til fjöldatakmarkana þannig að fjárskortur verði álitinn gild rök til að meina stúdentum setu í skólanum er það komið í hendur Alþingis að ákveða fjölda háskólastúdenta haust hvert við afgreiðslu fjárlaga. Finnst þingmönnum þeir í stakk búnir til að ákvarða fjölda stúdenta í hverri grein við Háskóla Íslands? Er rétt að Alþingi taki sér slíkt vald?

Fjöldatakmarkanir gera ekki annað gagn en að tefja námsfólk á fyrsta námsári þess. Numerus clausus er mjög ófullkomin leið til að velja einstaklinga úr stórum hópi til starfa á ákveðnum sviðum þjóðfélagsins. Clausus er þó eina leiðin sem Háskólinn getur farið við fjöldatakmarkanir. Slík aðferð er nú neyðarbrauð og aðeins notuð í deildum sem byggja á starfsnámi sem fer fram utan hins eiginlega háskóla.

Fjöldatakmarkanir við HÍ leiða ekki annað af sér en að fjárþörfin, sem auknum nemendafjölda fylgir, færist út fyrir veggi Háskólans. Aðrir skólar þyrftu að taka við nemendafjöldanum sem Háskólinn mundi úthýsa ef áfram á að veita öllum útskrifuðum stúdentum kost á framhaldsmenntun. Eftir stæðu þá fleiri en smærri starfseiningar, þeim væri aðeins dreift á fleiri skóla en nú er. Það leiddi augljóslega af sér kostnaðarauka en ekki sparnað.

Síðast en ekki síst, fjöldatakmarkanir munu ekki spara eina einustu krónu í útgjöldum Háskólans á allra næstu árum þótt þeim yrði þegar komið á. Fyrirhugaðar fjöldatakmarkanir breyta því engu um brýna þörf Háskólans fyrir auknar fjárveitingar til að bregðast við aðsteðjandi vanda.

Fskj. 3.

Stúdentaráð Háskóla Íslands,
Félag háskólakennara:

HÆKKUN FJÁRVEITINGA TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS
Forgangsverkefni í fjárveitingabeiðni Háskóla Íslands.

Aukin fjárframlög til kennslu. Beiðni: 95 millj. kr. aukning.

Kennsla við HÍ er í úlfakreppu sem brjótast verður úr. Niðurskurður síðustu ára hefur bitnað harðast á kennslunni. Kennsluhópa hefur þurft að stækka, námskeiðaframboð hefur stórminnkað. Í sumum greinum er ekki unnt að bjóða upp á fullt nám. Háskóli Íslands getur ekki fylgt erlendum skólum eftir í framþróun. Það er alvarlegt því að þjóðin hefur ekki efni á máttvana háskóla.

Aukið vægi rannsókna. Beiðni: 45 millj. kr. aukning.

Flestum er löngu orðið ljóst gildi rannsókna fyrir land og þjóð. Færa má gild rök fyrir því að koma hefði mátt í veg fyrir rangar ákvarðanir í veigamiklum málum og slys í fjárfestingu ef forsendur hefðu verið kannaðar ítarlega. Fiskeldi er oft nefnt sem augljóst dæmi um þetta.

Eitt mikilvægasta verkefnið í að styrkja stöðu rannsókna í landinu er að efla meistara- og doktorsstig náms við Háskóla Íslands. Mikið uppbyggingarstarf er þar fram undan. Jafnframt er mikilvægt að efla Rannsóknasjóð Háskólans og vinnumatskerfið.

Framlög til Landsbókasafns – Háskólabókasafns: Bókhlöðuskattur.

Rík áhersla er lögð á auknar fjárveitingar til bóka- og tímaritakaupa. Mikið skortir á að safnkostur núverandi Háskólabókasafns standi undir nafni sem nútímalegt rannsóknabókasafn. Fulltrúar stúdenta og háskólakennara skora á alþingismenn að styðja hugmyndir um að eignarskattsaukanum, svokölluðum þjóðarbókhlöðuskatti, verði öllum varið til Þjóðarbókhlöðunnar næstu tvö ár.

Sumarmissiri við Háskóla Íslands. Fjárþörf: 30 millj. kr.

Stúdentar við Háskólann hafa kynnt hugmyndir sínar um kennslu á sumarnámskeiðum við HÍ. Hafa þær hlotið brautargengi og stefnt er að því að sumarmissiri við HÍ næsta sumar. Háskólinn mun bera nokkurn kostnað vegna námskeiðanna. Til að hugmyndin verði að veruleika þurfa stúdentar þó að afla fjár til að mæta öllum öðrum kostnaði við tilraunina.

Fskj. 4.

Athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarp til fjárlaga 1995.
(10. nóvember 1994.)

Fjárlagaliður 222, 700–708 Grunnskólar.

Á þessum fjárlagalið er gert ráð fyrir að ná fram hagræðingu í rekstri grunnskóla sem nemur tæpu 1% af rekstri grunnskóla eða um 40 millj. kr. Engin rök eru færð fyrir því í frumvarpinu með hvaða hætti á að ná fram umræddri hagræðingu. Lækkun útgjalda ríkisins til rekstrar grunnskóla að undanförnu hefur í mörgum tilvikum leitt til kostnaðarauka hjá sveitarfélögunum. Á sama tíma og verið er að ræða um yfirtöku sveitarfélaga á öllum rekstrarkostnaði grunnskóla er mjög óeðlilegt að lækka rekstrarframlög til skólanna með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Lagt er til að horfið verði frá umræddri lækkun og fjárlagaliðurinn hækki um 40 millj. kr.

Fjárlagaliður 720 Grunnskólar, almennt.

Hér er gert ráð fyrir að óskipt fjárveiting til grunnskóla til að mæta auknum kostnaði vegna fjölgunar nemenda og breytinga á samsetningu bekkja og öðrum ófyrirséðum kostnaði lækki um 5,7 millj. kr. Ekki er nein útlistun á því í frumvarpinu hvers vegna umræddur fjárlagaliður er lækkaður frá því sem var á fyrra ári. Óeðlilegt er að slík breyting sé gerð á sama ári og ætlað er að færa allan rekstrarkostnað grunnskóla til sveitarfélaga.

Lagt er til að fjárlagaliðurinn hækki um 5,7 millj. kr. vegna þessa verkefnis.

Fjárlagaliður 750–799 Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar fyrir börn og unglinga.

Hér er gert ráð fyrir 15 millj. kr. lækkun á endurgreiðslum til sveitarfélaga vegna dagvistar fyrir fatlaða forskólanemendur. Slík kostnaðartilfærsla yfir á sveitarfélög hefur verið reynd áður en ekki náð fram að ganga, enda stangast hún á við gildandi lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Lagt er til að ákvæði laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði virt og umræddur fjárlagaliður hækki um 15 millj. kr.

Fjárlagaliður 980 Listskreytingasjóður.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi til Listskreytingasjóðs á árinu 1995. Í því sambandi er minnt á ákvæði laga um Listskreytingasjóð ríkisins frá árinu 1990. Þrátt fyrir að ákvæðum þeirra laga um framlög ríkisins í sjóðinn hafi ekki verið framfylgt til fullnustu hefur sjóðurinn þó stuðlað að listskreytingu opinberra bygginga í sveitarfélögum víða um land, sem almenningur fær notið. Það skýtur skökku við að einmitt á árinu 1995, sem er Norrænt myndlistarár, skuli framlög til sjóðsins felld niður.

Lagt er til að Listskreytingasjóður ríkisins fái á næsta ári eigi lægri fjárhæð til ráðstöfunar en á síðasta ári, þ.e. 12 millj. kr.

Virðingarfyllst,
Þórður Skúlason.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er varðar samgönguráðuneytið og stofnanir á þess vegum. Á fundi nefndarinnar komu frá samgönguráðuneyti Jón Birgir Jónsson ráðuneytisstjóri, Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri og Rúnar Guðjónsson deildarstjóri og gáfu þeir ýmsar upplýsingar og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum vegna samdráttar í framlögum til helstu framkvæmdaflokka samgöngumála í frumvarpinu, einkum í hafnamálum og flugmálum. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að á næsta ári og árunum þar á eftir verði efnt til nýs framkvæmdaátaks í vegamálum og til þess varið verulegum fjármunum umfram það sem tillögur eru um í fjárlagafrumvarpi. Í ljósi þessa lítur nefndin svo á að eðlilegt væri að hverfa frá því að taka 275 millj. kr. í ríkissjóð af því fé sem sérmerktir tekjustofnar til vegamála eru taldir gefa og lækka að sama skapi það nýja fé sem ríkisstjórnin hyggst útvega á næsta ári ella verði því varið til að lækka skuldir vegna fyrra framkvæmdaátaks í vegamálum.

Nefndin áskilur sér rétt til að skila síðar tillögum sínum til fjárlaganefndar um skiptingu á fé samkvæmt fjárlagaliðnum „Vetrarsamgöngur og vöruflutningar“.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Petrína Baldursdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 1994.

Pálmi Jónsson, form.
Jóhann Ársælsson.
Egill Jónsson.
Guðni Ágústsson.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.
Stefán Guðmundsson.
Sturla Böðvarsson, með fyrirvara.
Árni Johnsen, með fyrirvara.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Nefndin fékk á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra og Arndísi Steinþórsdóttur skrifstofustjóra. Þá komu Þórður Ásgeirsson fiskistofustjóri, Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði og frá Fiskifélagi Íslands Einar K. Guðfinnsson formaður og Bjarni Kr. Grímsson fiskimálastjóri.

Þeir fjárlagaliðir sem lúta að sjávarútvegsmálum voru ítarlega ræddir á fundum nefndarinnar. Erindi barst frá Fiskifélagi Íslands þar sem þess er farið á leit við sjávarútvegsnefnd að hún mæli með beiðni félagsins um 5 millj. kr. framlag til reksturs tæknideildar og 2 millj. kr. framlag til tækja- og hugbúnaðarkaupa vegna þeirra verkefna sem tæknideild er að vinna að. Nefndin tekur undir þessa beiðni Fiskifélagsins.

Fram kom hjá einstökum nefndarmönnum að þeir gerðu athugasemdir við ákveðna fjárlagaliði en nefndin gerir ekki tillögur til breytinga á þessu stigi umfjöllunar um fjárlagafrumvarpið. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og andmæla tilteknum atriðum sem varða sjávarútvegsmál þegar fjárlagafrumvarpið kemur til síðari umræðna og afgreiðslu.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson og Gunnlaugur Stefánsson. Með áliti þessu fylgir bréf Fiskifélags Íslands frá 16. nóv. 1994.

Alþingi, 16. nóv. 1994.

Matthías Bjarnason, form.
Guðmundur Hallvarðsson.
María E. Ingvadóttir.
Ragnar Þorgeirsson.
Stefán Guðmundsson.
Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 19. október 1994, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Á fund nefndarinnar komu frá umhverfisráðuneyti Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri og Þórður H. Ólafsson skrifstofustjóri og skýrðu þá liði frumvarpsins er varða ráðuneytið og stofnanir þess. Einnig fékk nefndin á sinn fund fulltrúa eftirtalinna stofnana: frá Hollustuvernd ríkisins Hermann Sveinbjörnsson forstöðumann og Jón Gíslason deildarstjóra, frá Landmælingum Íslands Ágúst Guðmundsson forstjóra og Kristján F. Guðjónsson fjármálastjóra, frá Náttúruverndarráði Arnþór Garðarsson formann, Aðalheiði Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra og Lárus Þór Svanlaugsson fjármálastjóra, frá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn Gísla Má Gíslason prófessor, stjórnarformann, og Árna Einarsson líffræðing, frá Félagi landvarða Árna Jónsson og Helgu Einarsdóttur, frá Náttúrufræðistofnun Íslands Jón Gunnar Ottósson forstjóra, frá Skipulagi ríkisins Stefán Thors skipulagsstjóra, frá Veðurstofu Íslands Magnús Jónsson veðurstofustjóra og Sigríði H. Ólafsdóttur fjármálastjóra og frá veiðistjóraembættinu Pál Hersteinsson veiðistjóra.

Umhverfisnefnd bendir á að æskilegt er að í greinargerð með fjárlagafrumvarpi verði framvegis gerð betri grein fyrir einstökum málaflokkum, m.a. umhverfismálum, með hliðsjón af stefnu og markmiðum stjórnvalda. Ekki er síst ástæða til að viðhafa slík málstök eftir þá breytingu sem gerð var á þingsköpum Alþingis árið 1991 þegar fastanefndir þingsins voru tengdar vinnu að fjárlagagerð.

Á fundum með framangreindum aðilum komu fram eftirfarandi atriði:

1. **Hollustuvernd ríkisins.** Forsvarsmenn Hollustuverndar ríkisins telja að fjárlagafrumvarpið feli í sér óverulega aukningu á ríkisframlagi, enda þótt grunnfjárveiting hækki. Fyrirsjáanlegt er að stofnunin verður rekin með 3–4 millj. kr. halla á þessu ári og miðað við fjárlagafrumvarp og óbreyttar forsendur í starfsemi Hollustuverndar eru horfur á 7–8 millj. kr. halla á næsta ári. Ástæðu þess segja forsvarsmenn Hollustuverndar m.a. þá að ekki séu líkur á að áform í fjárlagafrumvarpi um aukningu sértekna náist. Þeir segja að frá árinu 1991 hafi fjárveitingar til stofnunarinnar ekki haldið í við aukin verkefni og það hafi valdið vaxandi uppsöfnuðum vanda. Undirbúningur og framkvæmd EES-samningsins hefur og mun skapa stóraukið álag hjá Hollustuvernd. Auk vinnu við reglugerðir og tilskipanir felur samningurinn í sér umtalsverðar kvaðir svo sem umhverfisvöktun og opinbert eftirlit og uppbyggingu innra eftirlits á sviði framleiðslu og dreifingar matvæla. Undanfarið hefur alþjóðlegum skuldbindingum verið gefinn forgangur umfram innlend verkefni en forsvarsmenn stofnunarinnar telja að svo geti ekki gengið lengur og að nauðsynlegt sé að framlag til stofnunarinnar verði aukið um a.m.k. 15 millj. kr.
2. **Landmælingar Íslands.** Forsvarsmenn Landmælinga Íslands leggja nú, eins og á sl. ári, áherslu á mikilvægi þess að stofnuninni verði gert kleift að halda áfram vinnu við DMA-kortagerð sem unnin er samkvæmt samningi íslenska ríkisins við Land-

mælingastofnun varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Á fjárlögum 1994 voru veittar til verkefnisins 6 millj. kr. en óskað var eftir 14 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 er enn gert ráð fyrir 6 millj. kr. fjárveitingu til verksins en forsenda þess að Landmælingar geti haldið áfram að vinna við þetta þriggja ára verkefni er að til verksins verði veittar 16 millj. kr. til viðbótar. Fyrir liggur að Bandaríkjamenn eru komnir lengra á veg með sinn þátt en samningur ríkjanna gerir ráð fyrir.
Forsvarsmenn Landmælinga benda einnig á mikilvægi þess að veitt verði fé til uppbyggingar nýs landnets en það verk er unnið í samstarfi við mælingastofnun Þýskalands. Landmælingar hafa þegar hlotið verulegar fjárveitingar erlendis frá vegna þessa verkefnis en óska eindregið eftir að gert verði ráð fyrir 6 millj. kr. til þess í fjárlögum 1995.

Loks telja forsvarsmenn Landmælinga Íslands nauðsynlegt að fé fáist til byggingar mælistöðvar á Höfn í Hornafirði sem verður hluti af neti mælistöðva um allan heim sem skrá merki frá GPS-gervitunglum. Norðmenn munu styrkja byggingu hússins með 2 milljóna króna framlagi og tækjabúnaði. Hlutdeild Landmælinga í verkinu er 4 millj. kr.

3. **Náttúruverndarráð.** Forsvarsmenn Náttúruverndarráðs benda á að fjárveitingar til ráðsins hafa verið í lágmarki um margra ára skeið og fyrir liggur að án hækkunar frá fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 telja forsvarsmenn ráðsins að ekki verði unnt að sinna lögbundu hlutverki þess á fullnægjandi hátt. Landverðir sem komu á fund umhverfisnefndar bentu á að á sama tíma og hvatt væri til aukinna ferðalaga um landið væri dregið úr landvörslu. Bent var sérstaklega á að ferðafólki í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum fjölgaði um 102% á milli áranna 1993 og 1994. Í máli landvarða komu fram upplýsingar um alvarlegar skemmdir og ófullnægjandi umhirðu á viðkvæmum svæðum svo sem við Leirhnjúk og Dettifoss. Þá var bent á að engin landvarsla hefur verið á nokkrum friðlýstum svæðum á landinu svo sem á Lónsöræfum, í Vatnsfirði, í Húsafelli, í Dyrhólaey og á Búðum á Snæfellsnesi.
4. **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.** Forsvarsmenn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn bentu á að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að stöðin afli 2,5 millj. kr. sértekna sem þeir telja óraunhæft. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneyti er gert ráð fyrir að til Náttúrurannsóknastöðvarinnar renni 2,5 millj. kr. af námaleyfisgjaldi Kísiliðjunnar.
5. **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur verið efld með lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Forstjóri stofnunarinnar telur mikilvægt að henni verði með aukinni fjárveitingu gert kleift að sinna því lögbundna hlutverki að skrá kerfisbundið fyrirliggjandi upplýsingar um íslenska náttúru. Í stofnuninni liggja upplýsingar allt frá árinu 1889 um flesta þætti íslenskrar náttúru sem erfitt er að vinna með nema þeim verði komið í tölvutækt form. Áætlað er að fullbúið gagnanet kosti um 7 millj. kr.
6. **Náttúrustofa á Austurlandi.** Framlag til Náttúrustofu á Austurlandi nemur samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2,4 millj. kr., þar af er aðeins 0,1 millj. kr. til stofnkostnaðar. Fulltrúar umhverfisráðuneytis bentu á að þennan lið þyrfti að hækka þar eð koma á stofunni á fót frá og með næstu áramótum. Í erindi, sem stjórn stofnunarinnar sendi umhverfisnefnd, er lögð áhersla á sama atriði.

7. **Skipulagsstjóri ríkisins.** Embætti Skipulagsstjóra ríkisins hafa verið falin aukin verkefni með gildistöku laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Í máli skipulagsstjóra kom m.a. fram að óbreytt framlag til stofnunarinnar mundi bitna á vinnu við gerð svæðisskipulags á landsbyggðinni. Skipulag ríkisins hefur undanfarið hvatt sveitarfélög víða um land, þar sem ekki er fyrir hendi skipulag, til að hefja slíka vinnu. Skipulagsstjóri sagði að miðað við óbreytt fjárlagafrumvarp gæti sú staða komið upp að ekki yrði unnt að sinna óskum sveitarfélaga um mótframlög til þessara verkefna.
8. **Veðurstofa Íslands.** Forsvarsmenn Veðurstofu Íslands telja að 10–20 millj. kr. halli verði á rekstri Veðurstofu Íslands á þessu ári en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að framlög til stofnunarinnar lækki um 1% að raungildi frá gildandi fjárlögum. Rekstrarvandi stofnunarinnar byggist einkum á 18 millj. kr. aukningu á launaútgjöldum vegna kjarasamninga. Forsvarsmenn Veðurstofunnar telja að óbreytt fjárlög leiði til samdráttar á sviði veðurþjónustu og öðrum þáttum í starfsemi stofnunarinnar. Þeir telja að fresta verði nauðsynlegri aðlögun að skipan hjá veðurstofum nágrannalandanna og slík aðlögun yrði þá að mati veðurstofustjóra mun dýrari og óhagkvæmari en ella. Veðurstofustjóri telur að viðvarandi fjárskortur komi í veg fyrir þá uppbyggingu sem er forsenda fyrir öflun sértekna sem þó er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Þá bendir hann á nauðsyn þess að almenn veðurþjónusta verði skilgreind þannig að ekki leiki vafi á fyrir hvers konar þjónustu sé eðlilegt og löglegt að taka gjald. Veðurstofustjóri telur að komi ekki til hækkun um 20 milljónir króna frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi sé fyrirsjáanlegt að draga þurfi saman starfsemi og segja upp starfsfólki.

Meiri hluti umhverfisnefndar leggur ekki til við fjárlaganefnd að gerðar verði neinar breytingar á þeim þætti fjárlagafrumvarps sem fellur undir málefnasvið nefndarinnar.

Minni hlutinn, fulltrúar Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Kvennalista, taka undir athugasemdir forsvarsmanna þeirra stofnana sem getið er í áliti þessu og hvetur fjárlaganefnd til þess að taka þær til ítarlegrar athugunar. Minni hlutinn vill benda á mikilvægi þess að fjárveitingar til umhverfismála verði auknar en ekki haldið í lágmarki eins og nú er þannig að það bitni á náttúru landsins og þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér um málaflokkinn í heild. Minni hlutinn leggur áherslu á að áframhaldandi vanræksla á sviði umhverfismála getur haft óbætanlegt tjón í för með sér.

Alþingi, 11. nóv. 1994.

Kristín Einarsdóttir, form.
Petrína Baldursdóttir.
Tómas Ingi Olrich.
Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Hjörleifur Guttormsson.
Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur, skv. 2. mgr. 25. gr. þingskapa Alþingis og í samræmi við bréf fjárlaganefndar dags. 19. október 1994, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Róbert T. Árnason, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, og Benedikt Jónsson, skrifstofustjóra í sama ráðuneyti, og gerðu þeir grein fyrir utanríkismálakafla frumvarpsins og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna. Í framhaldi af þeim viðræðum lagði ráðuneytið fram, að ósk nefndarmanna, gögn um ýmsa þætti er varða utanríkismálakafla frumvarpsins. Þá fjallaði nefndin einnig sérstaklega um málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og framlög Íslands til þróunarmála. Í því sambandi komu á fund nefndarinnar Pétur Guðmundsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, Logi Úlfarsson, framkvæmdastjóri Íslensks markaðar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Steinþór Skúlason, stjórnarmaður í sama fyrirtæki, og Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum í sambandi við þá umræðu sem varð um utanríkismálakafla fjárlagafrumvarpsins.

1. Í viðræðum við nefndina lögðu fulltrúar utanríkisráðuneytisins áherslu á að þegar hafi verið fulllangt gengið í lækkun rekstrargjalda ráðuneytisins, einkum vegna hækkunar skylduframlaga til verkefna á vegum fjölþjóðastofnana sem Ísland er aðili að. Það er mat ráðuneytisins að hætta sé á að núverandi fjárveitingar nægi tæplega lengur til að sinna brýnustu hagsmunum Íslands í samskiptum við aðrar þjóðir.
2. Nefndarmenn benda á að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum vegna aukins kostnaðar af þátttöku Íslands í EES við inngöngu fjögurra EFTA-ríkja í ESB.
3. Nefndarmenn ítreka mikilvægi þess að Ísland styðji friðargæslustörf Sameinuðu þjóðanna. Í því sambandi er minnt á eindreginn stuðning nefndarinnar á síðasta ári við þátttöku Íslands í norrænu friðargæslusveitinni í Júgóslavíu, en í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að samstarf Íslands og Noregs haldi áfram á því sviði
4. Nefndarmenn eru almennt sammála um að tímabært sé orðið að endurskoða lög nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, og lýsa áhuga á því að eiga samstarf við ráðuneytið um slíka endurskoðun.
5. Nefndarmenn ítreka mikilvægi þess að Ísland gæti sem best með virkum hætti hagsmuna sinna hjá þeim helstu fjölþjóðastofnunum sem landið á aðild að, sbr. álit nefndarinnar á síðasta þingi. Nefndarmenn lýsa í því sambandi ánægju með áherslu utanríkisráðuneytisins á bætt tengsl við ýmsar fjölþjóðastofnanir, m.a. Evrópuráðið.

6. Nefndarmenn minna á að vorið 1985 samþykkti Alþingi þingsályktun þess efnis að Íslendingar skyldu á næstu sjö árum þar á eftir ná því marki að verja 0,7% af vergri landsframleiðslu til þróunaraðstoðar á hverju ári. Árið 1994 er þetta hlutfall um 0,12%.
7. Nefndarmönnum voru kynntar hugmyndir samstarfshóps á vegum Íslensks markaðar, Flugleiða, Samtaka iðnaðarins og fleiri aðila um hugsanlega stofnun félags á vegum einkaaðila er tæki yfir allan rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þá voru einnig kynntar hugmyndir um að fríhöfnin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar tæki yfir allan verslunarrekstur í flugstöðinni. Nefndarmenn leggja áherslu á að rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríksssonar verði skipulagður með þeim hætti að tryggt sé að flugstöðin verði ekki fjárhagslegur baggi á ríkissjóði.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1994.

Björn Bjarnason, form.
Páll Pétursson.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Geir H. Haarde.
Halldór Ásgrímsson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um utanríkisráðuneytið. Minni hluti nefndarinnar hefur nokkrar athugasemdir fram að færa um fjárlagatillögur fyrir árið 1995.

1. Framlög til þróunarmála eru fjarri því marki sem Íslendingar samþykktu að stefna að með þingsályktunartillögu sem samþykkt var 28. maí 1985. Þau nema nú 0,12% af vergri landsframleiðslu. Inni í þessari upphæð eru m.a. lögbundin framlög til alþjóðastofnana sem óvíst er hvort flokka megi sem virka þróunaraðstoð, svo og framlög til uppbyggingar á svæðum Palestínumanna. Séu þessi framlög dregin frá lækkar hlutfallið enn.

Ekki er ljóst á þessari stundu hvernig þeim framlögum, sem ætluð eru til uppbyggingar í á svæðum Palestínumanna, verður varið. Ákvörðun um ráðstöfun þess fjár hefur verið færð frá Þróunarsamvinnustofnun til ríkisstjórnarinnar.

Kvennalistinn leggur áherslu á að framlög til UNIFEM verði í samræmi við þörf, en þau hafa verið tekin af óskiptum safnlið.

2. Kvennalistinn hefur frá upphafi gagnrýnt mjög það gífurlega fjárstreymi sem hefur verið úr ríkissjóði vegna byggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkissonar. Lán að upphæð 2,4 milljarðar kr. falla í gjalddaga á næsta ári og verða endurfjármögnuð að stórum hluta með nýjum lánum. Ljóst er að þrátt fyrir ýmsar hugmyndir um skipulagsbreytingar í Leifsstöð þá hillir ekki undir að þessum kostnaði verði mætt með tekjum af stöðinni.
3. Kostnaður við uppbyggingu sendiráða í Kína og Berlín er áhyggjuefni. Kvennalistinn styður að opnað verði sendiráð í Austur-Asíu en telur að staðsetning þess í Kína sé umdeilanleg vegna þeirra mannréttindabrota sem stjórnvöld þar bera ábyrgð á. Kostnaður við húsnæði sendiráðsins er enn fremur mjög mikill og bendir til þess að ekki hafi verið reynt til þrautar að finna ódýrari lausnir. Eins er ljóst að húsnæði undir sendiráð í Berlín verður afar dýrt og því beinir minni hlutinn því til fjárlaganefndar hvort ekki sé rétt að endurskoða ákvörðun um það og leita betri leiða til að koma upp sendiráði í Berlín.

Alþingi, 21. nóv. 1994.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

354. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, ÁJ, GunnS, EKG, ÁMM).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi.	
a. Við 101 Alþingiskostnaður.	
Fyrir „255.500“ kemur	261.000
b. Við 102 Aðalskrifstofa.	
Fyrir „50.400“ kemur	51.600
c. Við 103 Þingmálaskrifstofa.	
Fyrir „112.900“ kemur	115.300
d. Við 104 Rekstrarskrifstofa.	
Fyrir „159.300“ kemur	162.600
e. Við 105 Alþjóðasamstarf þingmanna.	
Fyrir „24.900“ kemur	25.400
f. Við 106 Norðurlandaráð.	
Fyrir „48.800“ kemur	48.900
g. Við 520 Fasteignir.	
Fyrir „14.000“ kemur	34.000
2. Við 4. gr. 00-610 Umboðsmaður Alþingis.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „22.400“ kemur	26.600
b. Nýr liður:	
601 Tæki og búnaður	3.800
3. Við 4. gr. 00-620 101 Ríkisendurskoðun.	
Fyrir „150.900“ kemur	155.400
4. Við 4. gr. 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „60.100“ kemur	61.300
5. Við 4. gr. 01-231 Norræna ráðherranefndin. Nýr liður:	
191 Þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 1995	7.100
6. Við 4. gr. 01-241 101 Umboðsmaður barna.	
Fyrir „6.000“ kemur	7.500
7. Við 4. gr. 02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „236.800“ kemur	240.000
8. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „106.500“ kemur	108.500
b. Við 106 Kennslu- og vísindadeildir.	
Fyrir „983.500“ kemur	990.800
9. Við 4. gr. 02-210 Háskólinn á Akureyri. 102 Rannsóknastarfsemi.	
Fyrir „7.100“ kemur	11.100
10. Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands.	
a. Við 102 Rannsóknastarfsemi.	
Fyrir „16.900“ kemur	22.900

Þús. kr.

b. Við 105 Kennsla.
Fyrir „142.900“ kemur 146.900

11. Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Nýr liður:
161 Norræna eldfjallastöðin 5.000

12. Við 4. gr. 02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.
a. Við 590 Viðhald.
Fyrir „158.000“ kemur 165.000
b. Við 690 Byggingarframkvæmdir.
Fyrir „530.000“ kemur 546.000
c. Sundurliðun viðfangsefna 590 Viðhald og 690 Byggingarframkvæmdir kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	8.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	8.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	5.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	5.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	10.000	
6. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðhald og endurbætur	15.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	12.000	
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	6.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, viðhald	3.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald ...	2.000	
11. Sjómannaskólinn í Reykjavík	15.000	
12. Skóli í Borgarholti, nýbygging	125.281	
		214.281
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
viðhald	4.000	
nýbygging	49.906	
búnaður	15.000	
2. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	5.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	35.000	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	48.153	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	3.000	
6. Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði, viðhald	1.000	
		166.059

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	10.000	
heimavist	2.000	
		15.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða,		
verknámshús	10.000	
viðhald	4.000	
		14.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
byggingarframkvæmdir	29.387	
byggingarframkvæmdir, heimavist	8.150	
heimavist, stækkun	2.000	
		39.537
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	3.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir VMA og MA	50.000	
3. Framhaldsskólinn á Húsavík,		
byggingarframkvæmdir	15.400	
heimavist	2.000	
4. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir, sundlaug	3.000	
		79.400
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum,		
viðhald	7.000	
íþróttahús	2.000	
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	21.138	
verknámsbygging	2.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, viðhald	1.000	
4. Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, viðhald	1.000	
		35.138

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	42.585	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
byggingarframkvæmdir	20.000	
búnaður	3.000	
3. Skólar á Laugarvatni, byggingarframkvæmdir	50.000	
		117.585
Héraðsskólar, viðhald		18.000
Óskipt, viðhald		12.000
		711.000
13. Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar, almennt. Nýr liður:		
135 Myndlistarskólinn í Kópavogi		500
14. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands. 102 Annað en kennsla.		
Fyrir „11.400“ kemur		12.400
15. Við 4. gr. 02-580 Samvinnuskólinn. 101 Kennsla.		
Fyrir „18.000“ kemur		20.000
16. Við 4. gr. 02-725 101 Námsgagnastofnun.		
Fyrir „269.500“ kemur		286.500
17. Við 4. gr. 02-884 101 Jöfnun á námskostnaði.		
Fyrir „86.500“ kemur		96.500
18. Við 4. gr. 02-902 101 Þjóðminjasafn Íslands.		
Fyrir „76.700“ kemur		79.700
19. Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands. Nýr liður:		
111 Héraðsskjalasöfn		3.000
20. Við 4. gr. 02-974 101 Sinfóníuhljómsveit Íslands.		
Fyrir „102.000“ kemur		108.000
21. Við 4. gr. 02-981 101 Kvikmyndasjóður.		
Fyrir „78.500“ kemur		100.000
22. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál. Nýr liður:		
116 Íþróttafélög, styrkir		14.500
23. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.		
Fyrir „192.200“ kemur		200.700
24. Við 4. gr. 03-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:		
121 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi		800
25. Við 4. gr. 03-390 101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.		
Fyrir „156.500“ kemur		160.600
26. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. 110 Háskóli Sameinuðu þjóðanna.		
Fyrir „29.100“ kemur		32.000
27. Við 4. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir. 175 Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE.		
Fyrir „7.000“ kemur		8.800

	Þús. kr.
28. Við 4. gr. 04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „69.300“ kemur	70.300
29. Við 4. gr. 04-190 Ýmis verkefni. 151 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO.	
Fyrir „4.500“ kemur	5.400
30. Við 4. gr. 04-261 101 Bændaskólinn á Hvanneyri.	
Fyrir „135.100“ kemur	137.600
31. Við 4. gr. 04-271 Bændaskólinn á Hólum. 620 Fasteignir og lóðir.	
Fyrir „5.000“ kemur	15.000
32. Við 4. gr. 05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „70.100“ kemur	71.800
33. Við 4. gr. Nýr liður:	
05-201 Fiskifélag Íslands.	
101 Almennur rekstur	5.000
34. Við 4. gr. 06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „96.600“ kemur	97.500
35. Við 4. gr. 06-701 Biskup Íslands.	
a. Nýr liður:	
115 Kirkjumiðstöð Austurlands	1.600
b. Við 121 Prestar og prófastar.	
Fyrir „360.600“ kemur	364.600
c. Við 622 Hallgrímskirkja.	
Fyrir „4.000“ kemur	6.000
d. Við 624 Snorrastofa.	
Fyrir „1.000“ kemur	2.000
36. Við 4. gr. 07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „80.300“ kemur	81.200
37. Við 4. gr. 08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „120.400“ kemur	121.700
38. Við 4. gr. 08-301 Landlæknir. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „34.400“ kemur	39.400
39. Við 4. gr. 08-353 101 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði.	
Fyrir „223.700“ kemur	236.700
40. Við 4. gr. 08-358 101 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.	
Fyrir „1.260.500“ kemur	1.275.500
41. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
a. Við 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
Fyrir „242.700“ kemur	268.200
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	20.500	
2. Grundarfjörður, H1	15.000	
3. Stykkishólmur, sjúkrahús	7.200	
4. Stykkishólmur, H2	4.800	
5. Þingeyri, H1	7.200	
6. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	30.000	
7. Hvammstangi, sjúkrahús	9.000	
8. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
9. Akureyri, H2	7.000	
10. Húsavík, sjúkrahús og H2	4.000	
11. Vopnafjörður	4.500	
12. Eskifjörður, H2	12.000	
13. Laugarás, H2	15.000	
14. Keflavík, sjúkrahús, D-álma	20.000	
15. Kópavogur, H2	20.000	
16. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	25.000	
		213.200
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Höfn í Hornafirði	14.000	
2. Hjúkrunarheimili Eskifirði	3.000	
3. Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði	15.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
5. Hella	7.000	
6. Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	10.000	
		55.000
42. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.		
a. Við 137 Hjartavernd.		
Fyrir „8.300“ kemur		10.300
b. Nýr liður:		
159 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili.		12.000
43. Við 4. gr. 08-400 101 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.		
Fyrir „249.200“ kemur		260.200
44. Við 4. gr. 08-401 101 St. Fransiskusspítali Stykkishólmi.		
Fyrir „108.000“ kemur		114.000
45. Við 4. gr. 08-422 101 Hlaðgerðarkot.		
Fyrir „35.800“ kemur		37.800
46. Við 4. gr. 08-553 101 Heilsugæslustöðin Akureyri.		
Fyrir „109.400“ kemur		110.100
47. Við 4. gr. 08-601 101 Ljósmæðraskóli Íslands.		
Liðurinn fellur brott.		
48. Við 4. gr. 08-950 190 Rekstrarhagræðing.		
Fyrir „58.800“ kemur		82.300

Þús. kr.

49. Við 4. gr. 08-350 til 08-585. Breyting á launalið sjúkrastofnana, sbr. sundurliðun á fjárlagaliði í sérstöku yfirliti 6.200

Yfirlit um breytingar á launalið sjúkrastofnana (08-350 til 08-585):

			Þús. kr.	Þús. kr.
350		Sjúkrahúsið Akranesi	700	
352		Sjúkrahúsið Patreksfirði	– 800	
353		Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	– 2.200	
356		Sjúkrahúsið Sauðárkróki	– 2.400	
357		Sjúkrahúsið Siglufirði	– 800	
358		Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	5.800	
359		Sjúkrahúsið Húsavík	– 1.600	
360		Sjúkrahúsið Seyðisfirði	– 700	
361		Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	– 1.800	
363		Sjúkrahúsið Egilsstöðum	– 400	
365		Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	–2.100	
366		Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	500	
367	1.01	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	– 500	
367	1.10	Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	– 400	
368		Sólvangur, Hafnarfirði	– 800	
400		St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	200	
401		St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	– 100	
402		Sjúkrahús Hvammstanga	– 200	
407		Sundabúð II, Vopnafirði	– 100	
408		Sunnuhlíð, Kópavogi	1.400	
409		Hjúkrunarheimilið Skjól	2.100	
410		Hjúkrunarheimilið Eir	2.000	
420		Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	700	
430		Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	–500	
510		Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	800	
511	1.10	Heilsugæslustöðin Árbæ	– 100	
511	1.20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	200	
512	1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	– 100	
512	1.10	Heilsugæslustöðin Mjódd	– 300	
513	1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	100	
522		Heilsugæslustöðin Borgarnesi	200	
524		Heilsugæslustöðin Ólafsvík	200	
526		Heilsugæslustöðin Búðardal	200	
552		Heilsugæslustöðin Dalvík	100	
553		Heilsugæslustöðin Akureyri	1.200	
555		Heilsugæslustöðin Kópaskeri	200	
556		Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	400	
557		Heilsugæslustöðin Þórshöfn	200	
561		Heilsugæslustöðin Vopnafirði	200	
565		Heilsugæslustöðin Eskifirði	200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	200	
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	100	
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	100	
575	Heilsugæslustöðin Hellu	100	
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	200	
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	100	
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	200	
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	1.100	
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	200	
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	1.000	
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1.200	
			6.200

50. Við 4. gr. 09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „263.500“ kemur 266.900
51. Við 4. gr. 09-103 101 Ríkisbókhald.
Fyrir „89.700“ kemur 90.800
52. Við 4. gr. 09-104 101 Ríkisfjárhirsla.
Fyrir „30.200“ kemur 30.400
53. Við 4. gr. 09-105 101 Ríkislögmaður.
Fyrir „20.500“ kemur 20.600
54. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt. 110 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið.
Fyrir „72.900“ kemur 42.800
55. Við 4. gr. 10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „81.600“ kemur 82.400
56. Við 4. gr. 10-330 Vita- og hafnamálastofnun.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „188.500“ kemur 198.800
b. Við 110 Hafnarannsóknir og mælingar.
Liðurinn fellur brott.
c. Við 670 Hafnamannvirki.
Fyrir „441.000“ kemur 580.800
d. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnamannvirki (10-330 670).

	Þús. kr.	
Vesturland:		
1. Akranes	13.300	
2. Snæfellsbær	7.300	
3. Grundarfjörður	12.400	
4. Stykkishólmur	14.700	
		47.700

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	3.000	
2. Tálknafjörður	12.700	
3. Þingeyri	13.100	
4. Flateyri	100	
5. Suðureyri	8.200	
6. Bolungarvík	9.600	
7. Ísafjörður	34.400	
8. Súðavík	4.500	
9. Norðurfjörður	5.000	
10. Drangsnes	1.200	
		91.800
Norðurland vestra:		
1. Blönduós	11.000	
2. Skagaströnd	9.000	
3. Sauðárkrókur	3.000	
4. Siglufjörður	32.900	
		55.900
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	26.000	
2. Hrísey	1.700	
3. Akureyri	43.000	
4. Grenivík	14.800	
5. Grímsey	5.200	
6. Húsavík	14.700	
7. Kópasker	1.300	
8. Raufarhöfn	8.100	
9. Þórshöfn	18.000	
		132.800
Austurland:		
1. Vopnafjörður	7.300	
2. Seyðisfjörður	10.400	
3. Neskaupstaður	18.000	
4. Eskifjörður	3.300	
5. Fáskrúðsfjörður	18.700	
6. Stöðvarfjörður	1.300	
7. Djúpivogur	12.700	
8. Höfn í Hornafirði	19.500	
		91.200
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	16.200	
2. Þorlákshöfn	45.000	
		61.200

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Grindavík	9.700	
2. Sandgerði	45.900	
3. Keflavík, Njarðvík, Hafnir	36.900	
4. Hafnarfjörður	7.600	
5. Garðabær	100	
		100.200
		580.800

57. Við 4. gr. 10-330 672 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði
Fyrir „21.000“ kemur 19.600

58. Við 4. gr. 10-330 Vita- og hafnamálastofnun.
a. Við 680 Sjóvarnargarðar.
Fyrir „120.000“ kemur 77.000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-330 680).

1. Akranes	5.000	
2. Flateyri	5.000	
3. Skagaströnd	2.500	
4. Hrísey	200	
5. Höfn	50.000	
6. Stokkseyri	3.400	
7. Sandgerði	2.300	
8. Herdísarvík	2.000	
9. Gerðahreppur	2.300	
10. Vatnsleysustrandarhreppur	1.000	
11. Bessastaðahreppur	2.000	
12. Hafnarfjörður	500	
		76.200
Óskipt		800
		77.000

c. Við 690 Hafnabótasjóður.
Fyrir „128.000“ kemur 40.600
d. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „202.800“ kemur 189.200

59. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „29.400“ kemur 24.400
b. Nýir liðir:
111 Ferðamálasamtök landshluta 5.000
191 Landkynning í tengslum við HM í handknattleik á Íslandi ... 20.000

	Þús. kr.
60. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „45.900“ kemur	46.900
61. Við 4. gr. 11-102 101 Einkaleyfastofan.	
Fyrir „29.400“ kemur	29.700
62. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög.	
a. Við 119 Staðlaráð.	
Fyrir „2.600“ kemur	3.800
b. Við 130 Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf.	
Fyrir „10.100“ kemur	5.000
c. Nýr liður:	
155 Viðskiptafulltrúi í Moskvu	5.000
63. Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „65.800“ kemur	66.800
64. Við 4. gr. 12-190 Ýmis verkefni. 110 Neytendasamtökin.	
Fyrir „2.800“ kemur	3.500
65. Við 4. gr. 13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „114.100“ kemur	116.300
66. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „66.300“ kemur	67.500
67. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni. 153 Undirbúningur náttúrustofa.	
Fyrir „1.000“ kemur	2.300
68. Við 4. gr. 14-201 Náttúruverndarráð.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „25.700“ kemur	26.200
b. Við 110 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.	
Fyrir „30.200“ kemur	32.200
69. Við 4. gr. 14-210 101 Veiðistjóri.	
Fyrir „39.600“ kemur	41.100
70. Við 4. gr. 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands. 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „1.000“ kemur	3.500
71. Við 4. gr. 14-403 110 Náttúrustofur.	
Fyrir „2.500“ kemur	3.900
72. Við 4. gr. 14-410 Veðurstofa Íslands. Nýr liður:	
520 Viðhald fasteigna.	5.000

355. Frumvarp til laga [283. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Námsmaður, sem byrjar í námi, á ekki rétt á láni fyrr en að loknu einu missiri enda hafi hann skilað fullnægjandi námsárangri miðað við þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir.

Námsmaður, sem lokið hefur námi í eitt missiri skv. 1. mgr., fær lán fyrir liðið missiri og svo áfram mánaðarlega og jafnóðum meðan hann stundar nám samkvæmt ákvæðum laga þessara.

b. 7. mgr. um lántökugjöld fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt, en hér er gert ráð fyrir því að námslán verði á ný samtímalán. Er frumvarpið var lagt fram fylgdi því svofelld greinargerð:

Um greinargerð og fylgiskjöl með frumvarpinu vísast til samhljóða greinargerðar og fylgiskjala með frumvarpi sama efnis á þskj. 17, 17. mál 116. löggjafarþings, bls. 575–578 í A-deild Alþt. 1992–93.

LEIÐRÉTTING:

Þau mistök urðu við útgáfu A-deildar Alþt. að röng efnisskrá fylgdi 3. hefti 1994–95. Rétt efnisskrá er látin fylgja þessu hefti ef bót mætti af verða.

EFNI

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, 69. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 69.
Aðstaða nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, 86. mál, fsp. GHall, þskj. 86.
Ársreikningar, 73. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 73.
Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, 87. mál, frv. FI o.fl., þskj. 87.
Bókhald (heildarlög), 72. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 72.
Dreifing pósts og skeyta á landsbyggðinni, 94. mál, fsp. GÁ, þskj. 96.
Eingreiðslur til atvinnulausra, 79. mál, fsp. SJS, þskj. 79.
Eingreiðslur til lífeyrisþega, 80. mál, fsp. SJS, þskj. 80.
Einkahlutafélög, 97. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 100.
Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 98. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 101.
Framkvæmd búvörusamningsins, 95. mál, beiðni RA o.fl. um skýrslu, þskj. 97.
Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 93. mál, fsp. JóhS, þskj. 95.
Hlutafélög (aðlögun að ákvæðum EES-samnings), 96. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 99.
Íþróttakennaraskóli Íslands að Laugarvatni, 90. mál, fsp. GHall, þskj. 90.
Kennsla í iðjuþjálfun, 91. mál, þáltill. KE o.fl., þskj. 93.
Lánsfjáraukalög 1994 (lántaka ríkissjóðs og húsbréfadeildar), 74. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 74, nál. 91 frá minni hl. efh.- og viðskn., 92 frá meiri hl. efh.- og viðskn., lög 98.
Málflytjendur (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging), 89. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 89.
Mengun af völdum erlendra skipa, 81. mál, fsp. PBald, þskj. 81.
Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, 76. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 76.
Miðstöð fyrir nám í matvælagreinum, 84. mál, fsp. RG, þskj. 84.
Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, 70. mál, frv. KÁ o.fl., þskj. 70.
Ofbeldisverk barna og unglinga, 100. mál, beiðni VS o.fl. um skýrslu, þskj. 103.
Olíumengun á sjó, 82. mál, fsp. PBald, þskj. 82.
Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar (EES-reglur), 99. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 102.
Samningsveð (heildarlög), 88. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 88.
Skattsvik, 75. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 75.
Skráning nafna í þjóðskrá, 78. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 78.
Staða Íslands gagnvart Montreal-bókun um ósoneyðandi efni, 92. mál, fsp. HG, þskj. 94.
Sumarmissiri við Háskóla Íslands, 83. mál, fsp. PBald, þskj. 83.
Tekjuskattur einstaklinga, 71. mál, fsp. IBA, þskj. 71.
Tvísköttun af lífeyrisgreiðslum, 101. mál, fsp. HG og SvG, þskj. 104.
Útboð Vegagerðar ríkisins, 102. mál, fsp. GE, þskj. 105.
Útflutningur á vikri, 85. mál, fsp. GHall, þskj. 85.
Vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, 77. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 77.

356. Fyrirspurn [284. mál]

til fjármálaráðherra um Fasteignamat ríkisins.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Verður þjónusta Fasteignamats ríkisins við Vestfirðinga flutt frá Reykjavík?
2. Ef svo er, verður þá orðið við ítrekuðum óskum Vestfirðinga og starfsemin flutt til Vestfjarða?

357. Fyrirspurn [285. mál]

til félagsmálaráðherra um samþykktir Sambands húsnæðisnefnda.

Frá Svavari Gestssyni.

Hver er afstaða ráðherra til samþykkta ársfundar Sambands húsnæðisnefnda sem haldinn var 12. nóvember sl.?

358. Fyrirspurn [286. mál]

til menntamálaráðherra um bókmenntakynningarsjóð.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve mikið fé var veitt til bókmenntakynningarsjóðs á árunum 1993 og 1994 og hverjar eru áætlanirnar um framlög úr sjóðnum árið 1995?
2. Hve mörg verkefni fengu stuðning úr sjóðnum 1993 og 1994?
3. Hvaða verkefni fengu stuðning úr sjóðnum 1993 og 1994?
4. Hverjir skipa stjórn sjóðsins?
5. Eru uppi áform um að breyta reglum um sjóðinn og binda starfsemi hans í lög? Ef svo er, hver eru þau áform? Hvaða áhrif gætu þessi áform haft á fjárhagsstöðu sjóðsins? Hverjir vinna að tillögum um breytingar á stöðu sjóðsins?

Skriflegt svar óskast.

359. Fyrirspurn [287. mál]

til menntamálaráðherra um aðstöðu fatlaðra nemenda í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvernig var leyst úr vanda þeirra fötluðu nemenda sem sóttu um skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð sl. haust en var vísað frá vegna óviðunandi aðstöðu í skólanum? Hafa þeir fengið skólavist annars staðar?
2. Hvaða hugmyndir hefur menntamálaráðuneytið um að bæta aðstöðu í Menntaskólanum við Hamrahlíð þannig að skólinn geti í framtíðinni sinnt því hlutverki að taka við fötluðum nemendum og um leið bæta þjónustuna við þá sem fyrir eru?

360. Fyrirspurn [288. mál]

til félagsmálaráðherra um samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvaða samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur Ísland ekki fullgilt en hafa fengið fullgildingu einhvers annars norræns ríkis? Hvers eðlis eru þær samþykktir?
2. Hver var afstaða fulltrúa félagsmálaráðuneytis, Vinnuveitendasambandsins og ASÍ sem setið hafa þing ILO þegar atkvæði voru greidd um áðurgreindar samþykktir?

Skriflegt svar óskast.

361. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur í umfjöllun sinni fyrir 2. umr. fjallað um gjaldahlið frumvarpsins. Nokkur mál, svo sem B-hlutastofnanir, sjúkrahúsin í Reykjavík, sjúkratryggingar, Háskóli Íslands og 6. gr. ásamt safnliðum bíða 3. umr., svo og umfjöllun um tekjuhliðina.

Þjóðhagshorfur.

Þegar vinna fjárlaganefndar við frumvarpið hófst á sl. hausti komu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir þjóðhagshorfum á næsta ári. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,4%, verðbólga verði 2,5% og launaþróun í takt við almennar breytingar þjóðartekna 2,5–3,5%. Atvinnuleysi er áætlað 4,9%.

Fram kom að mikil óvissa er í þessari spá. Hún er byggð á þeim forsendum að afli á fjarlægum miðum haldist og veitt sé úr minnkandi þorskstofni. Á móti hefur verð á sjávarafurðum farið hækkandi.

Minni hlutinn telur að forsendur fjárlagafrumvarpsins séu veikar. Samningar eru lausir og hörð átök eru nú þegar á vinnumarkaði. Markmiðið að koma atvinnuleysi í 4,9% er einnig hæpið í ljósi þess að fjárfestingar eru hér minni en í öðrum OECD-ríkjum. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir verulegum samdrætti í opinberum fjárfestingum. Fjárhagsstaða sveitarfélaga hefur versnað og niðurskurður er í félagslega húsnæðiskerfinu. Ekki er við því að búast að fyrirtæki fjárfesti í stórum stíl eftir hallarekstur liðinna ára. Auk þess hefur haustvertíð á loðnu brugðist og óvissa er um Smuguveiðar vegna samningaviðræðna um þau mál.

Síðustu daga hefur ríkisstjórnin kynnt ýmsar ráðstafanir sem hafa veruleg áhrif á tekjuhlið fjárlaga og auka halla ríkissjóðs. Því mun minni hlutinn fjalla nánar um áhrif þeirra á ríkisfjármálin í framhaldsnefndaráliti fyrir 3. umr. málsins.

Menntamál.

Þrátt fyrir nokkrar leiðréttingar á fjárlagafrumvarpinu í meðförum fjárlaganefndar telur minni hlutinn að sú afgreiðsla sem frumvarpið felur í sér á mennta- og menningarmálum samrýmist ekki framsækinni stefnu í þessum málaflokkum. Meðan framtíð þjóðarinnar í vaxandi alþjóðasamskiptum og samkeppni erlendis sem innan lands byggist á menntun og rannsóknum er dregið úr fjármagni til þessara málaflokka.

Framlög til grunnskóla hafa verið skorin niður á undanförnum árum og kennslustundum fækkað. Á næsta ári er áformað að færa rekstur grunnskóla að fullu til sveitarfélaga og nýtt grunnskólafrumvarp liggur fyrir Alþingi. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem nú hefur verið lagt fram, eru ákvæði um að fresta gildistöku ákvæða gildandi grunnskólalaga um skólamáltíðir og einsetna skóla.

Sú hækkun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, vegna grunnskólans er eingöngu vegna nemendafjölgunar og fjölgun viðmiðunarstunda á ný. Framlag til fræðsluumdæmanna hækkar um 233,3 millj. kr. 60 millj. kr. af hækkun kennsluliðar skýrast af fjölgun viðmiðunarstunda, en geta má þess að grunnskólanum er ætlað að spara 40 millj. kr. vegna almennrar hagræðingar.

Það er því ljóst að frumvarpið tekur engan veginn á vanda grunnskólanna eftir niðurskurð liðinna ára og ekkert liggur fyrir um það hvort sveitarfélögin í landinu muni sætta sig við að taka við þessu verkefni með þeim fjármunum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Því er ljóst að málaflokkurinn mun koma til frekari umræðu á næsta ári og þær upphæðir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, geta engan veginn talist marktækar sé alvara í þeim áformum að flutningurinn eigi sér stað á árinu 1995.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að hækkun framlaga til reksturs skóla á framhaldsskólastigi verði 82,4 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1994. Þessi hækkun er eingöngu vegna nemendafjölgunar. Erindi hafa borist fjárlaganefnd um framlög vegna tækja og búnaðar til nokkurra skóla sem verða að teljast forsenda fyrir nútímalegum kennsluháttum. Má í þessu sambandi nefna Stýrimannaskólann í Reykjavík, Sjómannaskólann og Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólann. Þessum erindum er nær öllum hafnað þrátt fyrir að þessir skólar þjóni undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Málefni Fiskvinnsluskólans eru í algjörri sjálfheldu og verður ekki kennsla þar á vormissiri sökum óvissu um framtíð skólans en málefni hans eru til meðferðar í nefnd. Beiðnum um 2 millj. kr. fjárframlag til þess að halda úti námskeiðum á biðtímanum er hafnað af meiri hlutanum.

Í meðförum fjárlaganefndar var komið til móts við óskir Kennaraháskóla Íslands um framlög vegna vinnumatssjóðs og vegna fjarkennslu. Rekstrarfé til skólans lækkar hins vegar frá síðasta ári og húsnæðismál hans eru óleyst. Byggingarframkvæmdum var frestað fyrir 10 árum og beiðnum um framlag til undirbúnings og hönnunar framkvæmda var hafnað af meiri hlutanum.

Málefnum Háskóla Íslands og Tækniskóla Íslands er frestað til 3. umr. Tækniskólinn sækir um áframhaldandi framlög til tækjabúnaðar, enda er hann forsenda árangursríkrar kennslu. Gögn liggja fyrir frá Háskóla Íslands um að stofnunin sé að dragast aftur úr háskólum nágrannalandanna í gæðum náms. Minni hlutinn mun fjalla nánar um þessi mál í framhaldsnefndaráliti við 3. umr. í trausti þess að fjallað verði um þau í nefndinni milli umræðna.

Yfirlit barst til fjárlaganefndar um fjármál Námsgagnastofnunar þar sem kemur fram að fjármagn til stofnunarinnar hefur rýrnað um 171 millj. kr. frá árinu 1991. Þar kemur einnig fram að stofnuninni er ætlað að greiða virðisaukaskatt upp á 27,5 millj. kr. á næsta ári. Lagt er til að fjárveitingar til Námsgagnastofnunar hækki um 17 millj. kr. til þess að mæta þessum vanda, en ljóst er að þrátt fyrir það er geta hennar til þess að sinna verkefnum sínum ekki í neinu samræmi við þarfirnar. Það kemur m.a. niður á samfelldu útgáfustarfi sem er undirstaða nútímalegra kennslugagna, einnig kaupum og gerð fræðslumynda og útgáfu kennsluforrita.

Þjóðarbókhlaða hefur nú verið tekin í notkun og Háskólabókasafn og Landsbókasafn sameinuð. Bent er á að þeir rekstrarfjármunir sem safninu eru ætlaðir í frumvarpinu nægja ekki til þess að halda uppi því þjónustustigi sem Háskólabókasafn veitti nemendum sínum.

Bent er á að liðurinn Verndun gamalla húsa, undir Þjóðminjasafni, lækkar um helming eða í 15 millj. kr. Jafnframt er haldið áfram á þeirri braut að skerða framlag ríkissjóðs til húsafriðunarsjóðs. Framlög hafa verið skert um 123,6 millj. kr. sl. fimm ár.

Áhugi hefur aukist mjög á verndun gamalla bygginga og á árinu 1994 voru umsóknir um styrki í þessu skyni 236 talsins. Ástæðurnar eru hvort tveggja í senn menningarsögulegar og atvinnulegar þar sem það hefur sýnt sig að sá arfur sem haldið er til haga í húsbyggingum laðar að sér ferðamenn. Meginþunginn í fjármögnun sjóðsins hefur hvílt á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Minni hlutinn bendir á að framlög til Kvikmyndasjóðs eru skert þótt leiðrétting hafi verið gerð í meðförum fjárlaganefndar frá því sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir. Framlag til Listskreytingasjóðs er fellt niður og hefur ekki fengist leiðrétting á því. Minni hlutinn telur að endurskoðun laga um sjóðinn gefi á engan hátt tilefni til þess að klippa á þessa starfsemi nú.

Landbúnaður.

Greiðslur til landbúnaðar hafa dregist mjög mikið saman í tíð núverandi ríkisstjórnar, meira en til nokkurs annars málaflokks. Fullyrða má að nánast allur sá sparnaður í ríkisútgjöldum, sem ríkisstjórnin hælir sér af, sé niðurskurður til landbúnaðarmála.

Niðurskurður þessi hefur að verulegu leyti byggst á ákvæðum búvörusamningsins frá 1991 en á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin vikið sér undan því að standa við fyrirheit sem gefin voru um aðstoð við nýja atvinnuuppbyggingu í svokölluðum „viðaukum“ með samningnum.

Samkvæmt búvörusamningnum (viðauka II) er kveðið á um að „Byggðastofnun verði útvegað fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu". Í bréfi, sem nefndinni hefur borist frá Byggðastofnun, kemur fram að lántökuheimildir einar saman gagnast ekki til þessara verkefna. Því er óumflýjanlegt að aðilar að búvörusamningnum og Byggðastofnun komist að niðurstöðu um í hvaða formi framangreindar fjárveitingar verði til að árangur náist. Þá liggur enn fremur fyrir að einungis hafa verið veittar 20 millj. kr. til þessara verkefna og vantar því 230 millj. kr. til að við þetta ákvæði hafi verið staðið og að viðbættri fjárveitingu fyrir næsta ár nemur það sem á skortir 280 millj. kr.

Í bréfinu er greint frá þeim hugmyndum Byggðastofnunar um ráðstöfun þessa fjár ef staðið væri við fyrirheitin. Þær aðgerðir, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir á hinum svokölluðu sauðfjársvæðum, eru eftirfarandi:

1. Veittir verði styrkir til nýjunga í atvinnulífi sauðfjársvæðanna. Hér er átt við hvers kyns nýjungar í atvinnulífi viðkomandi svæða, hvort sem er til sjávar eða sveita, vegna þess að samkvæmt skilningi Byggðastofnunar á hlutverki sínu í þessu efni er það hvers kyns efling atvinnulífs sem bætt getur stöðu þessara byggðarlaga.
2. Í samráði við heimamenn verði kannað hvort gagn mætti verða af fræðslustarfi til að aðstoða bændur í þeirri aðlögun sem þeir eru að ganga í gegnum. Hér er átt við endurmenntun bænda sem hafa hug á að taka upp önnur störf, annaðhvort með námskeiðahaldi eða með lengra námi eða þjálfun. Þá er einnig átt við fræðslustarfsemi sem snýr að upplýsingum um aðra möguleika til vinnu en búskap og þær breytingar sem fylgja því að hætta að vera sjálfstætt starfandi og að verða launþegi.
3. Efnt verði til sérstakra átaksverkefna á hverju sauðfjársvæði sem hafi það markmið að efla frumkvæði til nýjunga í atvinnulífi. Þessi átaksverkefni verði með líku sniði og þar sem þau hafa verið unnin annars staðar. Þátttaka Byggðastofnunar í kostnaði verði allt að ¾ á móti framlögum heimaaðila. Framkvæmd slíkra verkefna byggist því á því að sveitarstjórnir, búnaðarfélög og aðrir aðilar í héraði hafi áhuga og trú á slíkum vinnuaðferðum.
4. Veitt verði framlag í afskriftareikning útlána hjá Byggðastofnun til að gera henni kleift að veita aðilum á sauðfjársvæðunum lán til ýmiss konar framkvæmda.

Óhætt mun að fullyrða að sauðfjárrækt sé sú búgrein sem hvað verst stendur á Íslandi nú og brýnt að grípa þegar til varnaraðgerða.

Ýmislegt fleira má nefna af stuðningsaðgerðum við landbúnaðinn vegna breyttra aðstæðna sem ekki hefur verið staðið við af hálfu ríkisvaldsins. Má þar nefna ráðstöfun fjár Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til atvinnusköpunar, framlög til Lífeyrissjóðs bænda, framlög til landgræðslu og skógræktar og fjárveitingar til Jarðasjóðs ríkisins. Samkvæmt búvörusamningnum áttu fjárveitingar til sjóðsins að vera 150 millj. kr. árin 1992 og 1993 en hafa aðeins orðið 21 millj. kr.

Frá öllu þessu er ítarlega greint í áliti landbúnaðarnefndar til fjárlaganefndar sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti meiri hlutans. Þar segir m.a.:

„Af framansögðu má ljóst vera að framkvæmd búvörusamningsins er ekki í því horfi sem samrýmist markmiðum hans. Hins vegar er lögð á það áhersla að þótt svo væri yrði eftir sem áður fyrir hendi mikill vandi í sauðfjárbúskap. Nefndin hefur sérstaklega kynnt sér þessi mál með vettvangsferðum um þær byggðir sem þessi vandi brennur hvað heitast á og rætt þar við fjölda bænda, sveitarstjórnamenn og forsvarsmenn búnaðarsambanda og vinnslustöðva. Einnig hefur hún aflað sér mikilvægra gagna í þessum efnum.

Fyrir liggur að tekjur í sauðfjárbúskap fara stöðugt lækkandi og eignarýrnun eykst með ári hverju. Samdráttur í sölu kindakjöts nemur árlega um 2,5% og birgðir eru því ekki á neinn hátt í samræmi við markmið samningsins um að þær skulu eigi vera meiri en sem nemur 500 tonnum við lok hvers framaleiðsluárs. Ekki liggur enn fyrir reglugerð skv. 73. gr. búvörulaganna um endurgreiðslur á unnar landbúnaðarvörur og enn á að leita eftir skerðingu á greiðslur vegna sauðfjárafurða að upphæð 70–80 millj. kr. Hér stefnir því í aukinn vanda í þessari búgrein ef ekki verður að gert.

Það sem hér er nærtækast að grípa til er að tekin verði upp fjárveiting til markaðsmála sem hamlaði gegn síaukinni birgðasöfnun og dregin verði til baka áformuð 5% skerðing útborgunarverðs sláturafurða til bænda".

Minni hlutinn telur ekki ástæðu til að fara um þennan málaflokk öllu fleiri orðum en vísar til ítarlegs álits landbúnaðarnefndar. Þó er rétt að geta þess að enn hlaðast upp vanskil ríkisvaldsins við bændur vegna óuppgerðra jarðræktarframlaga undangenginna ára. Óuppgerðar, réttmætar kröfur frá árinu 1992 nema 67,3 millj. kr. og vegna ársins 1993 milli 70 og 80 millj. kr. Er þá enn ótalin skuld sem kann að hafa myndast vegna framkvæmda í ár. Ekkert bólar á því að ríkisstjórnin hugsi sér að gera þetta upp með fjárveitingum á fjáraukalögum fyrir árið 1994 eða við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár en enn er þó möguleiki að lagfæra þetta ranglæti með breytingartillögum við 3. umr. um þessi frumvörp.

Sjávarútvegsmál.

Enn er því haldið fram að útgjöld fari lækkandi vegna Fiskistofu. Lækkunin skýrist þó fyrst og fremst af því að nú eru greiðslur til Fiskifélagsins ekki í lið Fiskistofu heldur undir Ýmis verkefni. Sá liður hækkar um 50 millj. kr. milli ára og af því fara 30 millj. kr. til Fiskifélagsins og 15 millj. kr. til skiptaverðsnefndar sem sett var á fót í tengslum við verkfall sjómanna á sl. vetri.

Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi fá aðeins 500 þús. kr. hækkun í frumvarpinu. Liðurinn var skorinn niður um helming fyrir tveimur árum og enn hefur ekki verið bætt úr því.

Dóms- og kirkjumál.

Varðandi fjárframlög til dóms- og kirkjumála minnir minni hlutinn á tvö atriði sem standa upp úr.

Í fyrsta lagi má nefna málefni Landhelgisgæslu Íslands þar sem ekki er gert ráð fyrir rekstrarkostnaði nýrrar björgunarþyrlu en stofnuninni gert að skera niður aðra starfsemi sem honum nemur um 10 millj. kr. mánaðarlega. Þetta mun nema 60 millj. kr. á árinu 1995 þar sem gert er ráð fyrir að þyrlan komist í notkun á miðju ári. Ljóst er að stofnunin má ekki við því að draga saman skipaútgerð sína sem þessu nemur ef hún á að sinna hlutverki sínu.

Í öðru lagi hafa fjárlaganefnd borist fjölmörg erindi um ófullnægjandi löggæslu frá ýmsum byggðarlögum. Þessum erindum hefur ekki verið sinnt.

Heilbrigðis- og tryggingamál.

Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir margvíslegum sparnaði í þessum mikilvæga en kostnaðarsama málaflokki. Má þar minna á tillögur um lækkun lyfjakostnaðar, endurskoðun á greiðslum til lækna, greiðslum fyrir röntgenmyndatökur og rannsóknir, útboð á tannlækningum og hjálpartækjum, lækkun á erlendum sjúkrakostnaði, sjúkradagpeningum og greiðslum fyrir sjúkraþjálfun.

Fulltrúar minni hlutans töldu að hér væri um vanhugsaðar og illa undirbúnar tillögur að ræða og gerðu ítarlega grein fyrir skoðun sinni í nefndaráliti og umræðum um frumvarpið. Auk þess var bent á að fjárveitingar til stóru sjúkrahúsanna væru stórlega vanáætlaðar og óraunhæft að ætla að reka sjúkrahúsin með þeim fjármunum.

Skemmst er frá að segja að allt hefur þetta farið eins og minni hlutinn taldi og er það staðfest með þeim tillögum sem nú liggja fyrir í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til fjáraukalaga fyrir árið 1994. Þar er óskað eftir „800 millj. kr. vegna ýmissa sparnaðaráforma og aðhaldsaðgerða sem ekki hafa gengið eftir í sjúkratryggingum“ svo orðrétt sé vitnað í greinargerð frumvarpsins. Auk þess þarf að hækka fjárveitingar til sjúkrahúsanna um mörg hundruð milljónir króna.

Af þessu er ljóst að lítið hefur orðið úr þeim sparnaðaraðgerðum sem boðaðar voru.

Nú bregður svo við í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár að enn eru boðaðar hliðstæðar aðgerðir þeim sem mistókust hrapallega á yfirstandandi ári. Spara á í lyfjaútgjöldum, greiðslum til lækna, rannsóknum og kostnaði við sjúkraþjálfun sem svarar 420 millj. kr. Er líklegt að þessar aðgerðir nái fram að ganga á næsta ári eða er hér um hreinan blekkingarleik að ræða? Minni hlutinn telur gott ef hægt er að ná fram sparnaði í þessum málaflokki án þess að draga úr þjónustunni eða auka útgjöld sjúkra og aldraðra með hækkuðum þjónustugjöldum og hærri greiðslum fyrir lyf. Því miður hefur það reynst megininntakið í svokölluðum „sparnaðaraðgerðum“ ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og í greinargerð frumvarpsins er m.a. þessa setningu að finna:

„Þá er gert ráð fyrir því hér að þeir sem njóta þjónustunnar taki meiri þátt í kostnaði henni samfara.“

Því má álykta að enn eigi að höggva í sama knérunn til að ná fram áætluðum sparnaði. Sérstaklega varar minni hlutinn við afleiðingum fyrirhugaðs sparnaðar við sjúkraþjálfun og bendir í því sambandi á bréf Félags íslenskra sjúkraþjálfara til fjárlaganefndar Alþingis. Þar segir m.a.:

„Það er ljóst að endurhæfing á göngudeild er mun ódýrari en innlögn á sjúkrahús. Meðferð á göngudeild heldur mörgum sjúklingum frá innlögn í lengri eða skemmri tíma. Endurhæfing getur verulega stytt veikindaforföll vegna slysa og sjúkdóma frá hreyfi- og stoðkerfi.

Á niðurskurðartímum hafa nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum aukið útgjöld til endurhæfingar en ekki dregið úr þeim eins og hér stendur til að gera. Þar hefur verið sýnt fram á að með markvissum aðgerðum í endurhæfingu er hægt að gera fólk vinnufært mun fyrr eftir slys og erfið veikindi með markvissri þjálfun.“

Hjá sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og öðrum stofnunum ráðuneytisins er ráðgert að spara rúmar 400 millj. kr. Þar er um að ræða 100 millj. kr. auknar sértekjur sjúkrahúsanna og hagræðingu í rekstri sem spara á 100 millj. kr. á sjúkrahúsum, 50 millj. kr. í heilsugæslu, 50 millj. kr. í sjúkraflutningum og 80 millj. kr. hjá öðrum stofnunum ráðuneytisins.

Nú hafa þegar verið boðaðar tillögur um viðbótarfjárveitingar til sjúkrahúsanna við 3. umr. og verður því umfjöllun um þær í framhaldsnefndaráliti minni hlutans. Einnig hefur verið látið að því liggja að áætlanir um auknar sértekjur verði lagðar til hliðar. Þá er í greinargerð frumvarpsins sagt að tillögur um sparnað á heilsugæslustöðvum að upphæð 50 millj. kr. verði lagðar fyrir fjárlaganefnd fyrir afgreiðslu fjárlaga en ekkert hefur heyrst af því enn né heldur hvernig eigi að spara 80 millj. kr. á öðrum stofnunum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Minni hlutinn telur því vafasamt að boðaður sparnaður náist og verði ekki gerð nánari grein fyrir því hvernig standa eigi að málum sé hér um vanáætlun á fjárlagatillögum að ræða svo hundruðum milljónum króna skipti.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir að leggja niður embætti starfandi héraðslækna í Reykjavík og á Akureyri. Embættum þessum var ætlað að taka við verkefnum frá ráðuneyti og landlæknisembætti. Með boðaðri breytingu er hins vegar stefnt að því að færa verkefnin aftur inn í ráðuneytið og auka með því miðstýringuna. Minni hlutinn er andvígur þessum áformum og væntir þess að fyrir 3. umr. náist samkomulag um að starfrækja þessi embætti áfram óbreytt.

Að lokum vill minni hlutinn vara við hugmyndum um að lækka heimildarbætur almannatrygginga um 200 millj. kr. svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir en þessara bóta njóta fyrst og fremst þeir einstaklingar í þjóðfélaginu sem allra verst eru settir.

Að öðru leyti vísar minni hlutinn til álits minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar til fjárlaganefndar um þann kafla frumvarpsins sem er á málasviði hennar.

Samgöngumál.

Veruleg lækkun er á heildarframlögum til samgöngumála eða um rúman einn milljarð kr. Lækkun er á framlagi til vegagerðar samkvæmt frumvarpinu. Þó hefur verið tilkynnt um nýjar framkvæmdir fyrir 3,5 milljarða á næstu fimm árum. Af því á að framkvæma fyrir 1.250 millj. kr. á næsta ári. Nú þegar hefur bensíngjald verið hækkað og er það liður í fjáröflun vegna þess átaks. Ekkert liggur fyrir um þetta í frumvarpinu og engar breytingartillögur um vegamál liggja enn fyrir. Það er orðin viðtekin venja hjá ríkisstjórninni að ganga fram hjá hefðbundnum verklagsreglum um skiptingu vegafjár. Nú er boðað að skipta eigi vegafé samkvæmt íbúatölu kjördæma án þess að nokkur umræða hafi farið fram um það á Alþingi.

Þá lækkar framkvæmdafé til vegagerðar einnig í raun um 569 millj. kr. þar sem rekstur ferja og flóabáta er nú alfarið fjármagnaður af vegafé. Skerðing á mörkuðum tekjustofnum vegagerðar af bensíngjaldi og þungaskatti er um 275 millj. samkvæmt frumvarpinu og þannig er skerðing á framkvæmdafé orðin 844 millj. kr. samtals. Á sama tíma hælir ríkisstjórnin sér af að hún hafi ákveðið að viðbótarfé, sem nemur 1.250 millj. kr., komi í sérstöku framkvæmdaátaki.

Þannig er ríkisstjórnin að skerða það vegafé sem Alþingi ákveður skiptingu á en hyggst ákveða að eigin geðþótta hvernig verja á milljörðum króna í aðrar vegaframkvæmdir.

Framlög til siglingamála lækka um 20% frá fjárlögum í ár. Til hafnarframkvæmda er verulega dregið úr fjármagni. Á yfirstandandi ári voru 728 millj. kr. veittar til hafnamannvirkja en nú 441 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu. Síðan koma breytingartillögur meiri hlutans þar sem áætlað er að lækka framlag til Hafnabótasjóðs og færa það á hafnamannvirki. Þar með er gengið fram hjá nýsettum hafnalögum en samkvæmt þeim á sérstakt vörugjald á vöruflutninga að fara í Hafnabótasjóð. Það er ekki fyrr búið að setja lög

um markaða tekjustofna en ríkisstjórnin leggur til skerðingar á þeim.

Lögð er til sú breyting á flugmálaáætlun að skerða framkvæmdafé til flugvalla um 70 millj. kr. og fjármagna rekstur þeirra af mörkuðum tekjustofnum flugmálaáætlunar. Hér er um stefnubreytingu að ræða sem mun skerða verulega framkvæmdafé til flugvallagerðar á næstu árum ef samþykkt verður.

Til ferðamála er enn einu sinni skert lögbundið framlag sem bundið er tekjum Fríhafnarinnar. Þessi skerðing til ferðamálaráðs er þeim mun óskiljanlegri þar sem ferðaþjónustan er nú orðin annar stærsti aðili í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Þar er einn helsti vaxtarbroddur nýrrar atvinnustarfsemi. Þetta virðist stjórnvöldum ekki vera ljóst því þau hafa auk skerðingarinnar aukið álögur á þessa atvinnugrein með virðisaukaskatti.

Umhverfismál.

Stefnumörkun virðist vanta í umhverfismálum. Nú á að lækka framlög til átaks í sorphirðumálum þó að öll sveitarfélög hafi skorað á ráðuneytið að beita sér fyrir auknum framlögum á því sviði. Þar er mikil þörf á úrbótum sem eru svo kostnaðarsamar að fá sveitarfélög ráða við það. Þó að lokið sé úttekt á þessum málum sem ráðuneytið hefur unnið að í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga er það ekki nóg þegar ekki er hægt að fjármagna nauðsynlegar úrbætur.

Óvíst er hvort ákvörðun um að færa veiðistjóraembættið til Akureyrar muni leiða til sparnaðar fyrir umhverfisráðuneyti. Nú þegar hefur verið bætt við stöðugildum fyrir þá starfsmenn sem ekki ætla að flytja með embættinu, öðru í Náttúrufræðistofnun og hinu í Háskóla Íslands.

Lokaorð.

Fjárlög hljóta að markast af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er.

Minni hlutinn getur ekki tekið ábyrgð á efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar og mun því sitja hjá við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 12. des. 1994.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Jón Kristjánsson. Guðrún Helgadóttir.

362. Skýrsla [289. mál]

félagsmálaráðherra um málefni fatlaðra.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Á undanförnum árum hafa málefni fatlaðra verið talsvert til umræðu í þjóðfélaginu og hugmyndir manna um þjónustu við fatlaða hafa tekið miklum breytingum. Í stað þjónustu á stofnunum eins og áður tíðkaðist er megináherslan nú lögð á að byggja upp stoðþjónustu sem geri fötluðum kleift að lifa eðlilegu lífi í þjóðfélaginu og skapa þannig skilyrði að þeir geti orðið virkir þátttakendur í samfélaginu. Við síðustu endurskoðun laga um málefni fatlaðra, sem tóku gildi 1. september 1992, var þetta sjónarmið lagt til grundvallar og í samræmi við það komu inn í lögin mörg nýmæli sem fela í sér að við framkvæmd laganna skuli stefnt að aukinni einstaklingsaðstoð í samræmi við þarfir hvers og eins.

Segja má að mikilvægur áfangi þeirrar þróunar, sem hefur orðið í málefnum fatlaðra, hefjist með lögum um aðstoð við þroskahefta sem gengu í gildi 1980. Þá var komið á laggirnar sérstakri stjórnarnefnd með fulltrúum þriggja ráðuneyta ásamt fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðra. Enn fremur var landinu skipt í átta þjónustusvæði með sérstakri svæðisstjórn á hverju svæði. Það fyrirkomulag hélst óbreytt í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, sem gengu í gildi 1. janúar 1984. Þau lög voru í gildi þangað til 1. september 1992 þegar núgildandi lög um málefni fatlaðra leystu þau af hólmi.

Hin mikla uppbygging á þjónustu við fatlaða, sem hófst með gildistöku laga um málefni fatlaðra frá 1984, hefur grundvallast á hugmyndafræði um jafnrétti og að skapa fötluðum skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í þjóðfélaginu þar sem þeim vegnar best. Þessi þróun á uppbyggingu hefur haldið áfram sleitulaust síðan.

Leitast hefur verið við að framfylgja þeirri stefnu að koma á fót fjölbreyttri þjónustu við fatlaða og aðstandendur þeirra í heimabyggð eins og frekast er kostur. Má í þessu sambandi nefna húsnæðismál, atvinnumál, ráðgjöf og margvíslega þjónustu við fötluð börn og aðstandendur þeirra.

Við endurskoðun laganna frá 1983 kom fram að helstu ágallar þeirra væru m.a. þeir að ekki þótti nægilega kveðið á um rétt fatlaðra til almennrar þjónustu samfélagsins né heldur um ábyrgð og skyldur sveitarfélaganna í þessum efnum. Einnig þótti ástæða til að gera verulegar breytingar á stjórnsýslu málaflokksins frá því sem áður var. Þá eru í núgildandi lögum ýmis nýmæli, m.a. varðandi búsetumál, atvinnumál og réttindagæslu fatlaðra.

Í eftirfarandi greinargerð verður fjallað um helstu breytingar og nýmæli í lögum um málefni fatlaðra og framkvæmd á lögunum ásamt þeirri þjónustu sem fatlaðir eiga rétt á í samræmi við lögin. Einnig verður fjallað um stefnumótun í málefnum fatlaðra.

STJÓRNSÝSLA MÁLEFNA FATLAÐRA.

Eins og fyrr var nefnt urðu verulegar breytingar á stjórnsýslu málaflokks fatlaðra með núgildandi lögum frá því sem áður var og má þar einkum nefna tvennt.

Í fyrsta lagi heyrir málaflokkurinn nú óskiptur undir félagsmálaráðuneytið en heyrði áður undir þrjú ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Þessi breyting þótti eðlileg í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið undanfarinn áratug í menntamálum fatlaðra og heilbrigðismálum, svo og þeirrar áherslu sem lögð er á að fatlaðir njóti þjónustu samkvæmt almennum lögum, svo sem lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um grunn- og framhaldsskóla. Af þessu leiðir að núgildandi lög um málefni fatlaðra kveða fyrst og fremst á um félagslega þjónustu.

Í samræmi við þessa breytingu á yfirstjórn málaflokksins breyttist skipan á stjórnarnefnd málefna fatlaðra þannig að fulltrúum var fækkað um tvo, þ.e. fulltrúum menntamála- og heilbrigðisráðuneytis, og eiga þeir ekki lengur sæti í stjórnarnefnd.

Í öðru lagi heyra svæðisstjórnir sögunni til, en í stað þeirra komu ákvæði um svæðisráð sem gegna m.a. réttindagæslu og eftirlitshlutverki með framkvæmd laganna.

STJÓRNARNEFND.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaða er nú skipuð fimm fulltrúum, sbr. 4. gr. laganna. Hlutverk hennar er að vera félagsmálaráðuneytinu til ráðgjafar og gera tillögur um sérhæfða þjónustu á landsvísu og enn fremur er hlutverk stjórnarnefndar að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra og gera tillögur til félagsmálaráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

Nýtt ákvæði var sett í núgildandi lög sem kveður á um að fulltrúi, tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis, skuli taka sæti í stjórnarnefndinni þegar fjallað er um málefni Framkvæmdasjóðsins. Þannig hefur formaður fjárlaganefndar gegnt þessu hlutverki og setið fundi stjórnarnefndar þegar fjallað er um Framkvæmdasjóðinn.

Reglugerð um stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra var gefin út í apríl 1994.

STARFSSVÆÐI.

Landinu er skipt í átta starfssvæði og fer svæðaskipting eftir kjördæmaskipan. Heimilt er samkvæmt lögunum að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði sem geta miðast við einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðasamlög sveitarfélaga og er þetta breyting frá eldri lögum. Ekki hefur reynt á þetta ákvæði enn þá.

SVÆÐISRÁÐ.

Svæðisráð eru starfandi á hverju hinna átta starfssvæða. Svæðisráðin eru skipuð sjö fulltrúum skv. 6. gr. laganna. Hlutverk svæðisráða er m.a. að hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með þjónustu, starfsemi og rekstri þeirra stofnana sem sinna málefnum fatlaðra. Svæðisráðum er einnig ætlað að gera tillögur til svæðisskrifstofu fyrir þjónustu og stuðla að samræmingu. Enn fremur er hlutverk svæðisráða að sinna réttindagæslu fatlaðra sem er nýmæli í lögunum. Verður nánar fjallað um það síðar.

Reglugerð um svæðisráð var gefin út af félagsmálaráðuneytinu í mars 1993. Svæðisráðin halda reglulega fundi og hafa samvinnu við svæðisskrifstofur og aðra aðila sem tengjast þessum málum.

SVÆÐISSKRIFSTOFUR.

Svæðisskrifstofur eru átta, þ.e. ein á hverju starfssvæði.

Svæðisskrifstofum er ætlað að annast rekstur stofnana ríkisins sem falla undir lög um málefni fatlaðra. Þær bera ábyrgð á framkvæmdum sem fé er veitt til úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og ekki eru á vegum sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana. Þær skulu samkvæmt

lögunum safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu, annast gerð svæðisáætlana og leita eftir upplýsingum frá sveitarfélögum, félagasamtökum fatlaðra og sjálfseignarstofnunum um fyrirhugaðar framkvæmdir og taka afstöðu til þeirra við gerð svæðisáætlana.

Svæðisskrifstofurnar eru undir stjórn framkvæmdastjóra sem eru ráðnir af félagsmálaráðuneytinu og starfa samkvæmt erindisbréfi frá félagsmálaráðherra. Er þetta breyting frá eldri lögum þegar framkvæmdastjórar voru ráðnir af svæðisstjórnum.

Framkvæmdastjórar sjá einnig um ráðningu starfsmanna á svæðisskrifstofur og starfsfólk sambýla og annarra heimila á vegum ríkisins, svo og þjónustustofnana fatlaðra.

Eins og fyrr var nefnt er í lögunum lögð rík áhersla á að fatlaðir eigi rétt á almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga, og meðal verkefna svæðisskrifstofa er því að eiga samstarf við sveitarfélög vegna félagsþjónustu og ferlimála og stuðla þannig að því að fatlaðir fái notið þessa réttar.

Reglugerð um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra var gefin út af ráðuneytinu í júní 1993.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FATLAÐRA.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur frá upphafi fjármagnað stofnkostnað þjónustustofnana og heimila fatlaðra sem eru á vegum ríkisins. Enn fremur hafa ár hvert verið veittir styrkir úr sjóðnum til fjölmargra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfrækja þjónustu við fatlaða. Má í því sambandi nefna sambýli, vinnustaði, sumardvalarheimili o.fl.

Í samræmi við nýjar áherslur í búsetumálum fatlaðra heimila lögin að framkvæmdaraðilum félagslegra leiguíbúða og kaupleiguíbúða í leigu sé veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til greiðslu framlags sem þeim ber að leggja fram samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Styrkurinn getur numið helmingi af framlagi framkvæmdaraðila þegar sveitarfélög eiga í hlut en má ná til alls framlagsins þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða. Verður vikið nánar að því síðar.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að veita fjármagni úr Framkvæmdasjóðnum til meiri háttar viðhaldsframkvæmda á heimilum og þjónustustofnunum fatlaðra. Skv. 40. gr. laganna er heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til slíkra verkefna. Á árinu 1993 voru þannig veittar rúmlega 54 millj. kr. til viðhaldsframkvæmda.

FRAMKVÆMD Á LÖGUM UM MÁLEFNI FATLAÐRA.

Hér á eftir verður gerð ítarleg grein fyrir þeirri þjónustu sem veitt er í samræmi við lögin um málefni fatlaða á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Annars vegar verður greint á milli þjónustu við fötluð börn og aðstandendur þeirra og hins vegar þjónustu við fullorðna.

ÞJÓNUSTA VIÐ FÖTLUÐ BÖRN (0–16 ÁRA) OG AÐSTANDENDUR ÞEIRRA.

Hlutverk og þjónusta Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins starfar skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra og eru hlutverk og starfshættir stöðvarinnar skilgreind í þeirri grein. Af hálfu Greiningarstöðvarinnar er unnið að markmiði laganna á eftirfarandi hátt:

Aðalhlutverk Greiningarstöðvar er rannsókn og greining á fötluðum og ráðgjöf til skjólstæðinga, aðstandenda þeirra og meðferðaraðila. Að öðru jöfnu sitja þeir einstaklingar í fyrirrúmi sem búa við flóknari eða alvarlegri fatlanir, svo og yngri einstaklingar.

Starfsvettvangur stöðvarinnar er allt landið. Lögð er áhersla á skyldur Greiningarstöðvar við landið í heild og nána samvinnu við aðra þjónustuaðila, svo sem svæðisskrifstofur, barnadeildir sjúkrahúsanna, heilsugæslustöðvar, leikskóla, grunnskóla o.fl.

Greiningarstöðin sinnir einnig meðferðarhlutverki og langtímaeftirliti varðandi skjólstæðinga sína, enn fremur rannsóknarvinnu, kennslu, símenntun starfsfólks, skráningu og varðveislu upplýsinga um fötlun einstaklinga í samvinnu við félagsmála-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.

Greiningar- og meðferðarvinnan fer fram á fjórum starfsdeildum, göngudeild yngri barna, almennri göngudeild, athugunardeild og sérhæfðum móttökum.

Greiningarstöðin starfrækir leikfangasafn í samræmi við lög um málefni fatlaðra.

Hlutverk leikfangasafnsins er m.a. að veita þjónustu og ráðgjöf við afmarkaðan hóp forskólabarna á Reykjavíkursvæðinu. Enn fremur fer fram þjálfun og ráðgjöf fyrir starfsfólk sem leitar til Greiningarstöðvarinnar vegna uppbyggingar annarra leikfangasafna á hinum ýmsu svæðum landsins. Greiningarstöðin hefur átt samskipti og samvinnu við hliðstæð söfn erlendis.

Greiningarstöðin stendur fyrir sérstökum foreldranámskeiðum nokkrum sinnum á ári og einnig árlegum vornámskeiðum fyrir fagfólk sem hafa notið vaxandi vinsælda. Þannig tóku um 600 manns þátt í síðasta námskeiði.

Meðal fræðilegra rannsókna, sem eru unnar á Greiningarstöðinni, má nefna: afleiðingar höfuðáverka, tíðni fatlana og eðli málhamlana hjá börnum.

Í samræmi við lagaskyldur stofnunarinnar hefur og verið unnið að skráningu fatlaðra í samvinnu við svæðisskrifstofur.

Á árinu 1993 var 115 börnum og ungmennum vísað til athugunar og rannsóknar á Greiningarstöðinni (nýjar tilvísanir), en alls sinnti stofnunin rúmlega 300 börnum og ungmennum það ár.

Vegna mjög mikillar eftirspurnar eftir þjónustu Greiningarstöðvarinnar hefur verið bið eftir aðstoð. Biðtíminn er mislangur eftir aldri barns og umfangi fötlunar, auk annarrar þjónustu sem kann að standa barninu til boða á biðtímanum. Fyrir yngstu börnin er leitast við að stytta biðtímann eins og kostur er.

Að undanförnu hefur farið fram úttekt á starfsemi Greiningarstöðvarinnar í því skyni að auka skilvirkni og stytta biðtíma. Er árangur úttektarinnar þegar farinn að skila sér í betra skipulagi.

Stöðugildi Greiningarstöðvarinnar eru tæplega 30, en alls starfa 34 við stofnunina, læknar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfar, fóstrur, sjúkraþjálfar, iðjuþjálfar og fleira fagfólk.

Sú breyting varð með núgildandi lögum að stjórnarnefnd málefna fatlaðra fer ekki lengur með stjórn Greiningarstöðvarinnar heldur skal skipa sérstaka fimm manna stjórn stofnunarinnar og var hún skipuð í mars 1994.

LEIKFANGASÖFN OG UPPELDISLEG RÁÐGJÖF.

Á undanförnum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að koma upp leikfangasöfnun ásamt ráðgjöf á öllum átta þjónustusvæðum landsins og færa þannig þjónustuna nær fjölskyldum fatlaðra barna.

Þannig eru nú starfandi 16 leikfangasöfn á landinu auk safnsins á Greiningarstöðinni, og eru þau dreifð á öll þjónustusvæðin og sums staðar allt að þrjú á sama svæði. Má í þessu sambandi nefna Norðurland vestra en þar eru leikfangasöfn á Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði.

Leikfangasöfnin gegna ákaflega mikilvægu hlutverki í uppeldislegu tilliti, en þar fá foreldrar ráðgjöf og leiðbeiningar um uppeldi og þjálfun fatlaðra barna. Í leikfangasöfnum fer fram útlán á sérhæfðum leikföngum til að þjálfa börn. Þetta getur átt við skynhreyfiþjálfun, málþjálfun, fínhreyfingar og samhæfingu hreyfinga og félagslegra samskipta. Leikfangasöfn veita þjónustu börnum með hvers kyns fatlanir, jafnt andlegar sem líkam-

legar. Í flestum tilvikum er um að ræða tilvísun frá ýmsum aðilum, svo sem barnalæknum, dagvistarheimilum, heilsugæslustöðvum, skólum o.fl. Einnig geta aðstandendur snúið sér beint til leikfangasafns.

Öll þjónusta leikfangasafna er foreldrum að kostnaðarlausu.

STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR.

Í 21. gr laga um málefni fatlaðra er ákvæði þess efnis að fjölskyldur fatlaðra skuli eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur. Reglugerð um stuðningsfjölskyldur var gefin út árið 1985 og hefur verið óbreytt í gildi síðan. Nú er unnið að endurskoðun reglugerðarinnar.

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í sólarhringsvistun í skamman tíma og er miðað við 3–5 sólarhringa í mánuði. Þess er ekki krafist að stuðningsfjölskyldan veiti barninu þjálfun eða hæfingu, heldur er þessi þjónusta hugsuð til að létta álagi af foreldrum.

Starfsfólk svæðisskrifstofa sér um að útvega stuðningsfjölskyldur í samvinnu við foreldra. Oft er um að ræða ættingja eða vandamenn sem taka að sér að vera stuðningsfjölskyldur, en í öðrum tilvikum getur verið um vandalausar fjölskyldur að ræða. Svæðisskrifstofur sjá um að gera skriflega samninga við hlutaðeigandi aðila.

Ríkið greiðir laun stuðningsfjölskyldna samkvæmt ákveðnum reglum í samningnum og er þessi þjónusta foreldrum að kostnaðarlausu.

Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir og virðist henta vel í mörgum tilvikum. Hins vegar getur reynst erfitt að fá stuðningsfjöldur fyrir börn með alvarlegustu fatlanirnar.

Árið 1992 nutu 168 börn og unglingar þjónustu stuðningsfjölskyldu en samningar eru að jafnaði gerðir fyrir 6–12 mánuði í senn.

SKAMMTÍMAVISTUN.

Tilgangur skammtímavistunar er nokkuð hliðstæður við aðstoð stuðningsfjölskyldna að því leyti að hann er að létta álagi af foreldrum og forráðamönnum fatlaðra. Enn fremur er um að ræða að veita fötluðum tímabundna dvöl vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem skyndilegra veikinda eða annars álags. Algengt er einnig að foreldrar og aðstandendur nýti sér skammtímavistun á meðan þeir dvelja í sumarleyfi.

Skammtímavistun svipar því til þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskyldur láta í té. Þó er þar nokkur munur á.

Í fyrsta lagi er veitt þar þjálfun og fagleg umönnun auk tómstundaiðkunar og henta því skammtímavistanir betur til að sinna mikið fötluðum einstaklingum en stuðningsfjölskyldur.

Í öðru lagi geta skammtímavistanir boðið upp á lengri og samfelldari vistanir en stuðningsfjölskyldur.

Skammtímavistun er til staðar á öllum þjónustusvæðum landsins, annaðhvort í tengslum við aðra starfsemi eða starfrækt sem sjálfstæð stofnun. Dvöl í skammtímavistun getur verið breytileg og varað frá einni helgi til nokkurra vikna.

Þessi þjónusta er greidd af ríkinu og er foreldrum og forráðamönnum að kostnaðarlausu. Þeir geta snúið sér beint til skammtímavistunar með umsóknir, án milligöngu svæðisskrifstofa.

Ekki liggur fyrir hversu mörg börn hafa notið skammtímavistunar á síðustu árum en samkvæmt upplýsingum frá svæðisskrifstofum er mikil eftirspurn eftir þessari þjónustu og sums staðar meiri en hægt er að sinna. Þetta á þó sérstaklega við um Reykjavíkursvæðið og Reykjanessvæðið.

SUMARDVÖL.

Í 23. gr. laga um málefni fatlaðra er hvatt til þess að fötluðum börnum sé gefinn kostur á sumardvöl.

Almennt er miðað við að sveitarfélög sinni þessu verkefni, enda eru á vegum félagsmálanefnda margra sveitarfélaga skipulagðar sumardvalir fyrir börn.

Æskilegt er að fötluð börn njóti sömu tækifæra í þessum efnum og ófötluð börn og blandist í hóp þeirra. Engu að síður er talið nauðsynlegt að starfrækja sérstök sumardvalarheimili fyrir fötluð börn og eru slík heimili víða starfrækt af félagasamtökum fatlaðra með styrk frá félagsmálaráðuneytinu. Má í því sambandi t.d. nefna Þroskahjálp á Vesturlandi og Þroskahjálp á Suðurnesjum. Enn fremur er starfrækt sumardvalarheimili á Norðurlandi eystra.

LIÐVEISLA.

Samkvæmt 24. gr. laga um málefni fatlaðra eru sveitarfélög hvött til að gefa fötluðum kost á liðveislu. Er þá átt við persónulegan stuðning og liðveislu sem er einkum ætlað að rjúfa félagslega einangrun fatlaðra.

Hér getur verið um að ræða fylgd og aðstoð við fatlaða á skemmtanir, í kvikmyndahús og leikhús og gera þeim þannig fært að taka þátt í menningar- og tómstundalífi.

Ekki hefur farið fram athugun á því hversu mörg sveitarfélög láta í té liðveislu við fatlaða í einhverjum mæli en þau ákveða sjálf hversu miklum fjármunum er árlega varið í þetta viðfangsefni. Mörg stærstu sveitarfélögin hafa veitt fötluðum ungmennum liðveislu á undanförnum árum.

HEIMILI FYRIR FÖTLUÐ BÖRN (LANGTÍMAVISTUN).

Þrátt fyrir umfangsmikla og margvíslega stoðþjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra sem að framan er rakin og miðast við að fötluð börn geti alist upp hjá fjölskyldu sinni hefur reynst nauðsynlegt að koma á fót heimilum fyrir börn þar sem vistun þeirra er til langframa að ósk aðstandenda.

Nokkrum slíkum heimilum hefur verið komið á fót á undanförnum árum, einkum fyrir einhverf börn og fjölfötluð börn, þar sem veitt er sérhæfð þjálfun og umönnun miðað við þarfir þeirra. Slík heimili eru til staðar í Reykjavík, á Reykjanesi og á Suðurlandi.

Nýjasta heimilið af þessum toga var tekið í notkun í byrjun júní á þessu ári í Reykjavík, en þar er rými fyrir langtímavistun fyrir fimm fjölfötluð börn. Samtals eru 13 börn á þessum þremur heimilum.

FJÁRHAGSLEG AÐSTOÐ.

Í eldri lögum um málefni fatlaðra voru ákvæði um rétt framfærenda til fjárhagslegrar aðstoðar vegna fatlaðra barna sem fengu takmarkaða þjónustu utan heimilis. Samkvæmt reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið gaf út 1989, voru greiðslur mismunandi háar og fóru eftir hversu alvarleg fötlunin var, svo og þeirri þjónustu sem í boði var utan heimilis fyrir barnið.

Þessi ákvæði um fjárhagslega aðstoð voru felld niður úr lögum um málefni fatlaðra og lögfest í lögum um almannatryggingar frá 1. janúar 1991. Rökin fyrir þessari breytingu eru m.a. þau að eðlilegt sé að lagaákvæði af þessu tagi sé að finna í lögum um almannatryggingar vegna samræmingar á bótagreiðslum og þau eigi ekki heima í sérlögum um málefni fatlaðra sem eru fyrst og fremst þjónustulög. Á hinn bóginn sé eðlilegt að sveðisskrifstofum í málefnum fatlaðra sé falið að meta umönnunarþörf sem bæturnar byggjast á, enda tengist sú umönnunarþörf þeirri þjónustu sem barn fær á vegum sveðisskrifstofu.

Breyting varð á þessu fyrirkomulagi með nýjum lögum, nr. 118/1993, um félagslega aðstoð en þau tóku gildi eins og kunnugt er 1. janúar 1994. Þar er aðeins heimilt að greiða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi um stundarsakir, styrk, allt að 9.247 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.912 kr., á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Réttur aðstandenda er ekki lengur fyrir hendi til þessara bóta heldur er nú um heimildarákvæði að ræða.

Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta að fengnum tillögum svæðisskrifstofa ef um fatlað barn er að ræða.

Tryggingastofnun annast mat á greiðslum til sjúkra barna.

Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta við 40–175 klst. þjónustu á mánuði. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur.

Lög þessi heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og er lagagreinin tekin nánast óbreytt úr lögum um almannatryggingar að öðru leyti en því að nú eru umönnunarbæturnar eingöngu greiddar þeim sem lögheimili eiga hér á landi.

Svæðisskrifstofur meta umönnunarþörf fatlaðra barna með tilliti til fjárhagsaðstoðar samkvæmt reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur sett.

Árið 1993 fengu 941 einstaklingur umönnunarbætur og 348 fengu umönnunarstyrk í samræmi við framangreind ákvæði.

Samtals námu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1993 rúmlega 270 millj. kr. til þessara bóta.

ÞJÓNUSTA VIÐ FULLORÐNA (16–67 ÁRA).

Búsetuúrræði.

Í samræmi við 10. gr. laga um málefni fatlaðra skulu fatlaðir eiga kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Hér getur verið um mismunandi valkosti að ræða sem eru eftirfarandi: Félagslegar íbúðir, verndaðar íbúðir, sambýli, vistheimili og áfangastaðir.

Á síðustu árum hefur búseta fatlaðra þróast í þá átt að nýta í auknum mæli félagslega húsnæðiskerfið og hafa sveitarfélög, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir fengið lán til bygginga eða kaupa á íbúðum í samræmi við þær reglur sem gilda um lánveitingar í félagslega íbúðakerfinu. Íbúðirnar eru síðan leigðar fötluðum.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur veitt framkvæmdaraðilum styrk fyrir framlagi þeirra að hálfu þegar sveitarfélög eiga í hlut en að öllu leyti þegar um aðra framkvæmdaraðila er ræða. Hefur þetta fyrirkomulag örvað byggingu leiguíbúða fyrir fatlaða innan félagslega kerfisins.

Samkvæmt núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nemur framlag framkvæmdaraðila 10% af kostnaðarverði íbúðar.

Töluverð reynsla er komin á þetta fyrirkomulag sem virðist lofa góðu, en 105 félagslegar íbúðir hafa nú verið teknar í notkun fyrir fatlaða og búa í þeim 146 fatlaðir einstaklingar. Hér er fyrst og fremst átt við íbúðir þar sem íbúar tengjast þjónustu svæðisskrifstofa á einn eða annan hátt. Ekki eru meðtaldar íbúðir sveitarfélaga ellegar íbúðir á vegum Öryrkjabandalags Íslands þar sem fatlaðir búa en tengjast ekki svæðisskrifstofum.

Nauðsynlegt er að veita stoðþjónustu í samræmi við þarfir íbúanna, svo sem heimaþjónustu sem er á vegum sveitarfélaga, heimahjúkrun samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og frekari liðveislu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Verður síðar fjallað um hið síðastnefnda.

SAMBÝLI.

Margra ára reynsla er komin á starfrækslu sambýla og eru þau til staðar á öllum svæðum landsins nema Vestfjörðum. Samtals eru sambýlin í landinu orðin um 60 sem eru rekin í samræmi við lög um málefni fatlaðra.

Um 290 manns búa á sambýlum og langir biðlistar eru eftir búsetu á sambýlum á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu.

Á þessu ári er gert ráð fyrir 500 millj. kr. til reksturs sambýlanna. Hér er nær eingöngu um að ræða launagreiðslur til starfsmanna. Íbúar sambýla standa sjálfir undir sameiginlegum kostnaði af heimilisrekstri, svo sem fæði, rafmagni, hita, síma o.fl. sem þeir greiða af tryggingabótum.

Ekki er heimilt samkvæmt reglugerð um sambýli að taka meira en 75% af tryggingabótum í sameiginlegan rekstur. Flestir íbúar á sambýlum eiga kost á vinnu á vernduðum vinnustöðum eða þeir dvelja á dagvistarstofnunum eða hæfingarstöðvum daglangt eða hluta úr degi.

Íbúafjöldi á sambýlum er að jafnaði 4–6 manns og fer starfsmannafjöldi eftir fötlun og þjónustuþörf íbúa.

ÁFANGASTAÐIR.

Í núgildandi lögum um málefni fatlaðra kom inn það nýmæli að gera ráð fyrir áfangastöðum sem búsetuúrræði fyrir fatlaða. Hér eru einkum hafðir í huga geðfatlaðir sem eiga nú rétt á þjónustu samkvæmt lögunum.

Áfangastaðir eiga að auðvelda geðfötluðum að aðlagast samfélaginu á þann hátt að þar geti þeir dvalist í öryggi á meðan þeir ná fótfestu á vinnumarkaði og afla sér varanlegs húsnæðis.

Í ágúst á þessu ári var tekinn í notkun nýr áfangastaður í Reykjavík þar sem gert er ráð fyrir að 10 geðfatlaðir íbúar geti átt heimili og er þetta liður í átaki á vegum félagsmálaráðuneytisins til að efla þjónustu við geðfatlaða. Félagsmálaráðuneytið gerði samning við félagasamtökin Geðhjálp um að sjá um rekstur áfangastaðarins, en samvinna er við svæðisskrifstofu Reykjavíkur um inntöku í áfangastaðinn. Þjónusta við geðsjúka hefur lengst af verið á vegum heilbrigðisþjónustunnar, sveitarfélaga eða félagasamtaka og fallið utan laga um málefni fatlaðra þangað til á síðustu árum.

Í núgildandi lögum um málefni fatlaðra voru tekin af öll tvímæli um rétt geðfatlaðra til þjónustu og kemur það fram í 2. gr. laganna.

VISTHEIMILI.

Hér er átt við sólarhringsstofnanir eins og Skálatún og Tjaldanes í Mosfellsbæ, Bræðratungu á Ísafirði, Sólborg á Akureyri, Vonarland á Egilsstöðum, Sólheima í Grímsnesi og Kópavogshæli. Samtals eru um 260 íbúar á fyrrnefndum vistheimilum.

Enda þótt vistheimili séu talin með í lögunum sem búsetuúrræði fyrir fatlaða er ekki gert ráð fyrir aukningu slíkra úrræða varðandi búsetu þar sem fyrirkomulag þeirra þykir ekki samrýmast nægilega vel nútímahugmyndafræði um búsetu. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um að leggja þau af nema vistheimilið Sólborg á Akureyri, en stefnt er að lokun stofnunarinnar á fyrri hluta næsta árs og er unnið markvisst að þeim framkvæmdum í samræmi við þar til gerðar áætlanir af hálfu ráðuneytis og svæðisskrifstofu Norðurlands eystra. Einungis 15 vistmenn á eftir að útskrifa af Sólborg og er gert ráð fyrir að flestir verði fluttir í annað og betra húsnæði á miðju næsta ári. Einnig er verið að gera breytingar á vistheimilinu Vonarlandi og breyta því í tvö sambýli.

Þá má einnig geta þess að frá áramótum 1994 fluttist rekstur Tjaldanessheimilisins í Mosfellsbæ til félagsmálaráðuneytisins og svæðisskrifstofu Reykjaness en það tilheyrði

áður heilbrigðisráðuneyti og stjórnarnefnd ríkisspítala. Gert er ráð fyrir breytingum á stofnuninni á næstu árum, en endanlegar ákvarðanir hafa þó ekki verið teknar enn sem komið er þar að lútandi.

Eins og kunnugt er heyrir fyrrum Kópavogshæli ekki undir félagsmálaráðuneytið, heldur stjórnarnefnd ríkisspítala og heilbrigðisráðuneyti. Heilbrigðisráðuneyti hefur ákveðið að Kópavogshæli verði endurhæfingar- og hæfingardeild Landspítalans í Kópavogi. Í nóvember 1992 skipaði stjórnarnefnd Ríkisspítala fimm manna nefnd til að vinna að skipulagningu nýrrar endurhæfingardeildar Landspítalans. Félagsmálaráðuneytið átti ekki fulltrúa í þeirri nefnd. Nefndin skilaði til stjórnarnefndar Ríkisspítala greinargerð og áætlun um útskriftir vistmanna í mars 1994.

Ekki hefur verið unnt að framfylgja þeirri áætlun um útskriftir þar sem rekstrarfjármagn hefur ekki fylgt vistmönnum út í sambýli eða aðra búsetu. Félagsmálaráðuneytið hefur þó falið framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Reykjaness að kanna möguleika á því að koma á fót einu sambýli á næsta ári fyrir íbúa Kópavogshælis, svo framarlega sem stöðugildi fylgja með af stofnuninni.

Á þeim tíma, sem frumvarp til laga um málefni fatlaðra var samþykkt á Alþingi, kom fram hjá meiri hluta félagsmálanefndar að hann teldi mikilvægt vegna þeirrar óskýru réttarstöðu sem íbúar Kópavogshælis búa við að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beitti sér þegar fyrir skipan fimm manna nefndar sem hefði það verkefni að gera tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælis. Meiri hluti nefndarinnar taldi eðlilegt að félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra tilnefndu sinn fulltrúa hver og að jafnframt skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra formann án tilnefningar. Nokkrir fundir hafa átt sér stað með fulltrúum frá félags- og heilbrigðisráðuneyti og stjórnarnefnd Ríkisspítalanna.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá gildistöku laganna, hafa ekki hafist útskriftir frá Kópavogshæli á sambýli og er ástæðan einkum skortur á stöðuheimildum. Í frumvarpi, sem lagt hefur verið fram um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, kemur fram að verja megi allt að 40% af ráðstöfunarfé framkvæmdasjóðs til nánar tilgreindra verkefna, þar á meðal til greiðslu rekstrarkostnaðar á sambýlum sem hafinn verður rekstur á eftir 1. janúar 1995. Gert er ráð fyrir að hér sé um að ræða sambýli sem komið er á fót til að greiða fyrir útskrift af Kópavogshæli.

Ákveðið hefur verið að skipa hóp til að vinna að því að tryggja réttarstöðu íbúa Kópavogshælis í samræmi við lög um málefni fatlaðra og hefur félagsmálaráðuneytið óskað eftir tilnefningu frá þeim aðilum sem fjalla um málefni Kópavogshælis. Þess er vænst að unnt verði að finna nýjar leiðir er bæti aðstöðu íbúanna.

ATVINNUMÁL.

Í lögum um málefni fatlaða er lögð áhersla á að finna leiðir til að auka möguleika fatlaðra til starfa á almennum vinnumarkaði. Jafnframt hefur verið dregið úr starfrækslu verndaðra vinnustaða.

Á það er bent í þessu sambandi að verndaðir vinnustaðir eru mjög fjármagnsfrekir og talið er að þeim fjármunum væri betur varið með því að stuðla að vinnu fatlaðra á almennum vinnumarkaði með ákveðnum stuðningsaðgerðum.

Í þessu skyni gera lögin ráð fyrir ýmiss konar aðstoð og má þar nefna t.d. atvinnuleit, starfsráðgjöf, starfsþjálfun, sérstaka vinnumiðlun, sérstaka liðveislu á vinnustað, fræðslu og leiðbeiningar til starfsmanna á vinnustöðum, starfssamninga o.fl.

ATVINNULEIT.

Atvinnuleit fyrir fatlaða var komið á samkvæmt eldri lögum, nr. 41/1983, um málefni fatlaðra og var það nýjung á þeim tíma. Það er því komin margra ára reynsla á þetta fyrirkomulag og hefur það gefist vel. Hefur þetta dregið úr þörf fyrir að koma á fót sérstökum vinnustöðum.

Svæðisskrifstofur hafa nýtt sér heimildir til að ráða sérstaka starfsmenn varðandi atvinnuleit með það að markmiði að afla fötluðum vinnu við sitt hæfi á almennum vinnumarkaði eða verndaðum vinnustöðum þar sem þeir eru fyrir hendi.

Enda þótt atvinnuleit fatlaðra sé á vegum svæðisskrifstofa er víðast hvar um að ræða samvinnu við sveitarfélög í tengslum við vinnumiðlanir sveitarfélaga þar sem þær eru til staðar. Má í því sambandi nefna Reykjavík, Akureyri, Kópavog og fleiri sveitarfélög.

Samkvæmt skýrslu vinnumiðlunar fyrir fatlaða í Reykjavík fyrir árið 1993 kemur fram að 349 einstaklingar leituðu til vinnumiðlunarinnar á árinu og er það óveruleg lækkun frá árinu 1992 en þá leituðu 357 fatlaðir til stofnunarinnar.

Af umsækjendum árið 1993 voru 285 einstaklingar með 75% örorkumat. Einstaklingar með greindarskerðingu og geðræn vandamál voru samtals 210 manns. Af heildarfjölda umsækjenda voru 199 karlar og 150 konur. „Eins og jafnan fyrr var fjölmennasti aldursflokkurinn 26–45 ára eða 154 einstaklingar af 349“ segir í skýrslunni.

Ráðningar á almennan vinnumarkað voru í heild 107 á árinu, þar af 96 í störf á vegum Reykjavíkurborgar í garðyrkju, skógrækt og vinnuskólaverkefni að sumrinu til. Ráðningar á verndaða vinnustaði voru samtals 91 sem er ívið færri en árið áður eða 95 árið 1992. Á skrá í árslok 1993 hjá Vinnumiðlun fatlaðra í Reykjavík voru 62 einstaklingar, en auk þess voru 23 fatlaðir á skrá hjá almennri deild Ráðningarstofunnar sem áttu rétt á atvinnuleysisbótum og voru jafnframt í tengslum við Vinnumiðlun fatlaðra.

Í febrúarlok 1994 voru umsóknir hjá Vinnumiðlun fatlaðra um eitt hundrað. Af þeim óskuðu 65 eftir vinnu á verndaðum vinnustöðum en 35 óskuðu eftir vinnu á almennum vinnumarkaði. Hér er um athyglisverðar tölur að ræða og hljóta þær að vekja spurningar með hliðsjón af þeim áherslubreytingum í lögunum sem eru þar eins og fyrr segir til að draga úr starfsemi verndaðra vinnustaða.

VERNDAÐIR VINNUSTAÐIR OG HÆFINGARSTÖÐVAR.

Eins og drepið var á hér að framan er gert ráð fyrir að draga úr vægi verndaðra vinnustaða og kemur sú stefnubreyting skýrt fram í núgildandi lögum um málefni fatlaðra frá því sem áður gilti í eldri lögum.

Þannig er ekki lengur gert ráð fyrir skyldum hins opinbera að koma á fót og starfrækja verndaða vinnustaði, heldur er einungis um að ræða heimildarákvæði í 30. gr. laganna varðandi starfsrækslu verndaðra vinnustaða fyrir fatlaða. Þar segir einnig um markmið þessara stofnana að verndaðir vinnustaðir skuli annars vegar veita fötluðum launaða starfsþjálfun svo að þeir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skuli þeir veita fötluðum launuð föst störf.

Verndaðir vinnustaðir eru alls fimmtán í landinu á sex þjónustusvæðum af átta, undanskilin eru Vestfjarðasvæði og Norðurland vestra sem ekki hafa sett fram sérstakar beiðnir um að koma slíkum stofnunum á fót. Af þessum fimmtán vinnustöðum eru átta starfræktir af ríkinu/svæðisskrifstofum (Ríkisspítalar), aðrir eru stofnaðir af félagasamtökum fatlaðra og reknir af þeim. Verndaðir vinnustaðir fjármagna starfsemi sína með tekjum af seldum vörum og þjónustu, en auk þess fá flestir staðanna nokkurt fjárframlag frá ríkinu. (Sjá fylgiskjal IV um framlög til atvinnumála fatlaðra árin 1990–1993.)

Meiri hluta verndaðra vinnustaða var komið á fót á sl. áratug en aðrir eiga sér lengri starfstíma.

Margir vinnustaðanna sinna blönduðum hópi fatlaðra, en aðrir eru starfræktir fyrir sérstaka hópa, t.d. blinda, þroskahefta og geðfatlaða.

Samkvæmt skýrslu, sem var gefin út af Sambandi verndaðra vinnustaða 1992, um verndaða vinnustaði á Íslandi kemur m.a. fram að fjöldi fatlaðra starfsmanna á vernduðum vinnustöðum var 364 og meðaltalsfjöldi starfsmanna á hverjum stað var 22,7. Um 70% þeirra sem njóta þjónustu vinnustaðanna eru andlega fatlaðir, greindarskertir og geðfatlaðir.

Fjöldi á biðlistum eftir plássi á vernduðum vinnustað var 127 manns. Þessar tölur eru miðaðar við apríl 1992. Í sömu skýrslu koma fram upplýsingar um ráðningar fatlaðra á almennan vinnumarkað og annað gegnumstreymi að lokinni þjálfun á vernduðum vinnustað. „Árið 1991 fengu 21 einstaklingur vinnu á almennum vinnumarkaði eða um 5,8% sé miðað við fjölda fatlaðra starfsmanna á vernduðum vinnustöðum í apríl 1992. Á Norðurlöndum þykir gott að þetta hlutfall sé 3–6%, þannig að árangur íslensku staðanna er viðunandi miðað við það."

Möguleikar fatlaðra til starfa á almennum vinnumarkaði eru að sjálfsögðu háðir því atvinnuástandi sem ríkir á hverjum tíma og hverjum stað. Því miður sýnir reynslan bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar að fatlaðir eiga erfitt uppdráttar á almennum vinnumarkaði þegar samdráttur verður í atvinnulífi og almennt atvinnuleysi eykst. Þessa hefur og gætt hér á landi síðustu tvö ár samkvæmt umsögnum forstöðumanna verndaðra vinnustaða og atvinnuleitar.

Á allra síðustu árum hefur verið komið á fót svonefndum hæfingarstöðvum og er hlutverk þeirra að veita fötluðum alhliða hæfingu/þjálfun til starfa á almennum vinnumarkaði eftir því sem unnt er.

Hæfingarstöðvar eru fyrir hendi í Reykjavík, á Reykjanesi og á Norðurlandi eystra.

STARFSÞJÁLFUN FATLAÐRA.

Í samræmi við markmið laganna hefur verið leitast við að efla starfsþjálfun fatlaðra með það að markmiði að gera þá hæfari til starfa á almennum vinnumarkaði.

Í því skyni hefur verið starfrækt sérstök stofnun, Starfsþjálfun fatlaðra, að Hátúni 10, Reykjavík, sem er rekin sameiginlega af félagsmálaráðuneytinu og Öryrkjabandalagi Íslands. Markmiðið er að búa fatlaða undir störf á almennum vinnumarkaði eða frekara nám í framhaldsskólum.

Megináherslan er lögð á námsgreinar, svo sem almenna tölvunotkun, bókfærslu, verslunarreikning, íslensku, ensku, samfélagsfræði og margt fleira. Auk þess er í boði náms- og starfsráðgjöf, starfskynning og námskeið í að sækja um vinnu.

Starfsþjálfun fatlaðra er einkum ætluð fólki frá 18 ára aldri sem hefur fatlast vegna slysa eða sjúkdóma og tekur námið yfir þrjár annir, eitt og hálft ár. Skólagjöld eru engin og öll helstu námsgögn eru lögð til nemendum að kostnaðarlausu. Auk almenna námsins eru haldin nokkur tveggja vikna tölvunámskeið vor og haust sem ávallt hafa verið fullskipuð.

Á undanförnum sex árum hafa á þriðja hundrað fatlaðir nemendur nýtt sér almenna námið og tölvunámskeiðin í Starfsþjálfun fatlaðra.

Í framhaldi af því hafa um 70% haslað sér völl á almennum vinnumarkaði eða farið í framhaldsnám innan hins almenna skólakerfis, fjölbrautaskóla, iðnskóla o.fl. Um þriðjungur nemenda hefur leitað eftir störfum á vernduðum vinnustöðum eða hefur ekki tekist að fá atvinnu.

Aðsókn að Starfsþjálfun fatlaðra hefur verið langtum meiri en unnt er að verða við vegna þrengsla í núverandi húsnæði. Einungis hefur verið unnt að veita inngöngu um 30% umsækjenda. Hefur aðsóknin farið vaxandi með hverju ári að undanförnu. Af þeim sökum

er nú hafinn undirbúningur að nýju húsi sem verður byggt á lóð Öryrkjabandalagsins að Hátúni 10, Reykjavík. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur lagt fram fjármagn til byggingarinnar og er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin í lok næsta árs, 1995. Auk Starfsþjálfunarinnar verður rými fyrir Tölvumiðstöð fatlaðra í hinu nýja húsi.

NEFND UM ATVINNUMÁL FATLAÐRA.

Í nóvember 1992 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd sem fékk það hlutverk að útfæra tillögur í atvinnumálum fatlaðra á almennum vinnumarkaði og í verndaðu starfsumhverfi, ekki síst með hliðsjón af nýjum lögum um málefni fatlaðra.

Nefndin hefur skilað tveimur áfangaskýrslum en hefur ekki endanlega lokið störfum.

Í fyrri áfangaskýrslunni er fjallað um eftirfarandi þætti: Almenna stefnumótun, atvinnu og menntun, vinnumiðlun/starfsráðgjöf, viðhorf til fatlaðra á almennum vinnumarkaði, tengsl atvinnu og bóta og sértæk úrræði.

Í síðari áfangaskýrslunni er fjallað um skilgreiningar á sértækum úrræðum í atvinnumálum fatlaðra. Má þar nefna hæfingu/starfshæfingu, iðju, verndaða vinnu, vinnu á almennum vinnumarkaði, verkstjórn, liðveislu og starfsþjálfun.

Nefndin vinnur að lokaskýrslu þar sem hún mun leggja fram endanlegar tillögur sínar, en þær fjalla m.a. um:

* að yfirstjórn atvinnumála fatlaðra heyri undir Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis,
* að settar verði á fót svæðisbundnar vinnumiðlanir sem veiti sérfræðiráðgjöf um atvinnumál fatlaðra en eftir sem áður verði skráning og vinnumiðlun fatlaðra sem ófatlaðra í hverju sveitarfélagi,
* að kannaðir verði kostir þess að flytja örorkulífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs félagsmálaráðuneytis,
* að stofnaður verði rannsókna- og tilraunasjóður í atvinnumálum fatlaðra; tilgangur sjóðsins sé að stuðla að tilraunum og rannsóknum í atvinnumálum sem beinast á einn eða annan hátt að aukinni þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði, tækninýjungum sem auðvelda fötluðum störf og aðgerðum í vinnuvernd og slysavörnum til að koma í veg fyrir fötlun,
* að samið verði við eitt eða fleiri ríkisfyrirtæki í tilraunaskyni til að rannsaka möguleika vinnumarkaðarins á að hagræða störfum til að auðvelda fötluðum að fá vinnu,
* að auka þurfi fjölbreytni í verkefnavali í verndaðri vinnu og að leggja þurfi aukna áherslu á hvers kyns þjónustustarfsemi við almenning,
* að þegar verði skipuð samninganefnd sem semji um laun, réttindi og skyldur starfsmanna í verndaðri vinnu; félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, hagsmunasamtök fatlaðra og aðilar vinnumarkaðarins eigi fulltrúa í nefndinni.

Nefndin hefur auk þess unnið að tillögum um leiðir til að auðvelda atvinnuþátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði, svo sem með starfsþjálfun fatlaðra og liðveislu. Einnig hefur verið unnið að tillögum sem lúta að tengslum atvinnulífs og skóla. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi menntunar fyrir atvinnuþátttöku fatlaðra. Tillögur um þessi framangreindu atriði verða lögð fram í lokaskýrslu.

Nefndin mun efna til kynningar og umræðu um tillögur í skýrslum nefndarinnar.

FERLI- OG AÐGENGISMÁL.

Í 14. kafla laga um málefni fatlaðra er að finna ákvæði um ferlimál og ferðaþjónustu. Þar er sú skylda lögð á sveitarfélög að sinna ferlimálum með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð, svo og skipulagslögum.

Þá er einnig lögð áhersla á að svæðisskrifstofur hafi forgöngu um að koma á samskiptum við byggingarnefndir sveitarfélaga á svæðinu og að upplýsingar um nauðsynlegar úrbætur berist til byggingarnefnda á viðkomandi svæði.

Í lögunum er einnig að finna hvatningu til sveitarstjórna til að skipa sérstakar ferlinefndir en slíkar nefndir hafa verið starfandi í nokkrum sveitarfélögum undanfarin ár.

Í nóvember 1991 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra ferlinefnd ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að fjalla um hönnun bygginga með tilliti til aðgengis fatlaðra. Enn fremur er hlutverk nefndarinnar að gera tillögur varðandi breytingar á opinberum byggingum með aðgengi fatlaðra í huga í tengslum við endurbætur og endurbyggingu þeirra.

Nefndin hefur í starfi sínu m.a. bent á nauðsyn þess að í reglugerð, sem sett verður með lögum um málefni fatlaðra, verði skýrt kveðið á um umsagnarrétt svæðisskrifstofu (og ferlinefnda þar sem þær eru starfandi) varðandi byggingarnefndir, sbr. 34. gr. laganna.

Tillaga ferlinefndar er sú að svipaður háttur verði viðhafður í framtíðinni hjá byggingarnefndum og nú á sér stað hjá nefndunum um heilbrigðiseftirlit og eldvarnaeftirlit. Aðilar frá báðum þessum sviðum þurfa að yfirfara uppdrætti og gefa umsögn um að þeir standist í einu og öllu viðkomandi lög og reglugerðir áður en byggingarnefnd veitir sitt endanlega samþykki.

Ferlinefnd félagsmálaráðuneytisins gæti í þeim tilvikum þar sem erfitt er fyrir svæðisskrifstofur að gefa slíka umsögn veitt aðstoð og gefið umsagnir.

Ljóst er að núverandi ákvæði í skipulags- og byggingarlögum varðandi aðgengi fatlaðra tryggja ekki svo óyggjandi sé nauðsynlegt aðgengi. Það er því að nokkru leyti háð þekkingu, skilningi og velvilja hönnuða og yfirvalda hvort fullnægjandi lausnir fást fram. Þá ber einnig að geta þess að nákvæm hönnun margra svæða, svo sem gatna og margra útisvæða, er ekki háð samþykki skipulags- og byggingarnefnda eins og nú háttar til. Því er nauðsynlegt að setja um þau mál skýr ákvæði í lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Varðandi aðgengismál komu nýjar áherslur inn í lögin um fatlaðra þar sem m.a. er heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga, en þó aldrei meira en sem nemur helmingi af kostnaði við hverja einstaka framkvæmd.

Á árinu 1993 var þannig úthlutað úr sjóðnum rúmlega 12 millj. kr. til að bæta aðgengi fyrir fatlaða. Má þar t.d. nefna lyftur í skóla og aðgengi utan húss að ýmsum þjónustustofnunum, sundlaugar o.fl.

Á yfirstandandi ári hefur verið veittar 7,3 millj. kr. í ýmsar framkvæmdir til að betrumbæta aðgengi fyrir fatlaða.

Ferðaþjónusta fatlaðra fluttist frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 1993 og hafa þau sinnt þeirri skyldu síðan og sett sér reglur um rekstur ferðaþjónustunnar. Markmiðið er að gera fötluðum, sem ekki geta nýtt sér almenn farartæki, kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda.

Skyldur sveitarfélaga í þessum efnum taka til allrar almennrar ferðaþjónustu. Eina undantekningin í þessum efnum er akstur fyrir íbúa á vistheimilum.

FREKARI LIÐVEISLA.

Eitt þeirra nýmæla, sem er að finna í lögum um málefni fatlaðra og flokkast undir stoðþjónustu, er ákvæði um frekari liðveislu við fatlaða (25. gr.). Slík liðveisla felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun og er ætluð mikið fötluðum einstaklingum. Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta komi til viðbótar heimaþjónustu sveitarfélaganna.

Svæðisskrifstofur taka ákvörðun um frekari liðveislu samkvæmt heimildum fjárlaga hverju sinni að fenginni umsögn svæðisráða.

Á árinu 1993 var varið 26 millj. kr. til frekari liðveislu og var fjöldi einstaklinga sem hennar nutu 120. Eftirspurn eftir þessari þjónustu hefur aukist verulega hin síðustu ár.

Með lagabreytingu, sem samþykkt var á Alþingi í desember 1993, er heimilt að verja alltað 25% úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að standa undir kostnaði við frekari liðveislu ásamt útgjöldum vegna 27. gr. laga um málefni fatlaða.

Á yfirstandandi ári hefur verið samþykkt að veita rúmlega 50 millj. kr. úr sjóðnum til að standa straum af kostnaði vegna frekari liðveislu, en samtals er gert ráð fyrir að verja um 60 millj. kr. á árinu til greiðslu kostnaðar við frekari liðveislu við fatlaða.

Samkvæmt 27. gr. laga um málefni fatlaðra er heimilt að veita fötluðum styrk til verkfæra- og tækjakaupa vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni. Enn fremur er heimilt að veita styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Þessi ákvæði eru nokkurn veginn samhljóða ákvæðum fyrri laga og hafa lítið breyst.

Á árinu 1993 voru rúmlega 7 millj. kr. á fjárlögum til að veita í fyrrnefnda styrki, en alls voru veittir um 120 styrkir til fatlaðra í samræmi við þetta heimildarákvæði. Á yfirstandandi ári er búið að úthluta 10 millj. kr. úr Framkvæmdasjóðnum til styrkja til að greiða atvinnu- og námskostnað fatlaðra.

RÉTTINDAGÆSLA.

Nýtt ákvæði um réttindagæslu er að finna í 36. og 37. gr. laganna. Með réttindagæslu er átt við að fylgst sé með því að fatlaðir njóti lagalegs réttar síns og að ljóst sé hvernig með skuli fara leiki grunur á að brotinn sé réttur á hinum fatlaða og að hann fái þá notið aðstoðar til að leita réttar síns.

Svæðisráðum er ætlað að standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu. Svæðisráðum er heimilt að ráða sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði sem fylgist með högum hinna fötluðu og að réttur þeirra sé ekki fyrir borð borinn.

Í maí á síðasta ári, 1993, var öllum svæðisráðum tilkynnt að þeim væri heimilt að ráða trúnaðarmenn til að sinna réttindagæslu fyrir fatlaða og hafa sjö svæðisráð af átta nýtt sér þessa heimild og ráðið sér trúnaðarmenn, en þau eru Reykjavíkursvæði, Reykjanessvæði, Suðurland, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Austurland og Vesturland.

Á árinu 1993 hafði trúnaðarmaður fatlaðra í Reykjavík afskipti af 25 málum af margvíslegum toga. Má þar nefna fjármál, forræðismál, grun um kynferðisafbrot, húsnæðismál, vistunarúrræði o.fl.

Á Suðurlandi, svo dæmi sé tekið af landsbyggðinni, hafði trúnaðarmaður á árinu 1993 afskipti af 18 málum af svipuðum toga og koma fyrir í Reykjavík. Á öðrum svæðum hafa trúnaðarmenn haft afskipti af færri málum.

STARFSMENNTUN Í ATVINNULÍFINU.

Námskeið fyrir meðferðar-og uppeldisfulltrúa.

Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytisins var skipuð í byrjun mars 1993 og fékk það hlutverk að hafa umsjón með fræðslumálum starfsfólks sem sinnir málefnum fatlaðra, enn fremur að sjá um gerð námsefnis og skipulagningu námskeiða og annarrar fræðslu. Áður en nefndin var skipuð höfðu ráðuneytinu borist eindregnar óskir frá starfsmönnum ýmissa stofnana og félagasamtökum um að koma á laggirnar starfsnámi í þeim tilgangi að efla færni og þekkingu þeirra sem vinna við umönnun og meðferð fatlaðra.

Nokkur undirbúningsvinna hafði raunar átt sér stað að frumkvæði nokkurra stofnana sem bæði sinntu málefnum fatlaðra og málefnum barna og unglinga (Unglingaheimili ríkisins og barna- og unglingageðdeild). Samkvæmt ósk þessara aðila ákvað fræðslunefndin að fella saman í eina heild grunnnámskeið fyrir starfsfólk í þessum þjónustugreinum.

Fyrsta gunnnámskeiðið hófst í Reykjavík í byrjun nóvember 1993 og spannaði yfir 160 kennslustundir. Því lauk í lok marsmánuðar 1994. Umsækjendur voru rúmlega 70 en hægt var að veita 30 manns inngöngu og luku 28 fullnaðarnámi. Nemendur komu frá Reykjavíkursvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi.

Kennslan fór fram í húsnæði BSRB, Grettisgötu 90, og voru kennslugreinar m.a. almenn stjórnsýsla, lög um málefni fatlaðra, lög um barnavernd, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, siðfræði, uppeldisfræði, þroskasálfræði, erfðafræði, félagssálfræði, næringarfræði, tómstundastarf og fleira.

Fræðslunefndin fékk úthlutað 1,4 millj. kr. úr Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að standa straum af kostnaðinum við þetta fyrsta námskeið og þurftu nemendur því ekki að greiða námskeiðsgjöld.

Námskeiðið var metið til hækkunar tveggja launaflokka.

Fræðslunefndin hefur síðan fengið fjárframlög sem gerði henni kleift að hleypa af stokkunum fyrri hluta grunnnámskeiðs í byrjun apríl á þessu ári, síðari hlutinn hófst í september og lauk um miðjan nóvember sl.

Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytisins stóð í samvinnu við Farskóla á Norðurlandi vestra og svæðisskrifstofu málefna fatlaðra fyrir fyrri hluta námskeiðs á Sauðárkróki í september og október sl. Var þannig hægt að koma til móts við óskir frá landsbyggðinni um aukið fræðslustarf á þessum vettvangi. Þátttakendur voru 31 og komu víðs vegar frá Norðurlandi vestra. Síðari hluti námskeiðsins hefst í mars á næsta ári.

Auk grunnnámskeiða hefur fræðslunefndin unnið að námsskrá fyrir framhaldsnámskeið og er nú unnið að skipulagningu slíks námskeiðs haustið 1995. Auk þess er áformað að halda tvö grunnnámskeið á næsta ári, annað í Reykjavík og hitt á Vesturlandi. Þá hafa fræðslunefndinni borist óskir um að skipuleggja styttri og afmarkaðri námskeið fyrir starfsfólk sem vinnur við mjög sérhæfða meðferð og umönnun.

Augljóst er að mikið starf er fram undan á vettvangi starfsmenntunar og fræðslu af því tagi sem hér hefur verið lýst og er þetta einungis byrjun á viðamiklu verkefni sem þarf að ná til alls landsins. Góð starfsmenntun er grundvöllur fyrir betri þjónustu.

ÞRÓUN ÚTGJALDA Í MÁLAFLOKKI FATLAÐRA.

Á árinu 1984, sem markaði upphaf framkvæmdar á fyrstu heildarlöggjöf um málefni fatlaðra, voru framlög til málefna fatlaðra um 195 millj. kr. sem svarar til 737 millj. kr. á verðlagi ársins 1993.

Framlög ríkisins á árinu 1993, sem var fyrsta ár nýrrar löggjafar, voru 2.074 millj. kr. og hafa þau þannig aukist um rúmar 1.300 millj. kr. að raungildi sem svarar til 181% hækkunar á þessu 10 ára tímabili. Sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs til velferðarmála hafa útgjöld til málefna fatlaðra aukist úr 3,1% í 5% á þessum áratug.

Allt frá árinu 1987 hefur þjóðin gengið í gegnum samdrátt í atvinnu- og efnahagsmálum sem m.a. hefur kallað á niðurskurð ríkisútgjalda. Ljóst er að í okkar miklu efnahagsþrengingum og niðurskurði útgjalda, m.a. til velferðarmála, hefur málefnum fatlaðra ekki eingöngu verið hlíft, heldur hefur orðið veruleg aukning fjárveitinga til málaflokksins eða um 52% að raungildi á samdráttarskeiðinu frá 1987–1994.

STEFNUMÓTUN TIL FRAMTÍÐAR.

Með hliðsjón af hinni geysimiklu uppbyggingu á þjónustu við fatlaða undanfarinn áratug má gera ráð fyrir að á næstu árum verði dregið úr stofnanauppbyggingu í þágu fatlaðra af hálfu ríkisins.

Stjórnvöld hafa markað þá stefnu að flytja í auknum mæli verkefni frá ríki til sveitarfélaga á næstu árum og þar á meðal eru málefni fatlaðra. Út frá slíkri stefnumótun hljóta

því að fara í hönd viðræður við sveitarfélög, einkum reynslusveitarfélög, um burði þeirra og vilja til að taka við jafnviðamiklu verkefni og málefnum fatlaðra.

Það hlýtur að teljast eðlilegt út frá sjónarmiði hugmyndafræði um hæfingu fatlaðra að þjóðfélaginu að sveitarfélög sinni allri félagslegri þjónustu við þegna sína, bæði fatlaða og ófatlaða.

Hagsmunasamtök fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, hafa margoft lýst eindregnum stuðningi sínum við framangreinda stefnu og telja að með flutningi til sveitarfélaga fáist betri þjónusta þegar heimamenn bera ábyrgð á henni fjárhagslega og faglega. Fullvíst má telja að með flutningi málaflokksins til sveitarfélaga fáist betri nýting á fjármagni, meiri hagræðing og öflugra eftirlit með ýmsum framkvæmdum.

Á undanförnum áratug hefur orðið til mikil þekking og reynsla, bæði stjórnsýsluleg og fagleg, í málefnum fatlaðra.

Mikilvægt er að sú þekking fari ekki forgörðum heldur verði reynt að nýta hana við tilflutning verkefna og stuðla að því að sveitarfélögin njóti í framtíðinni starfskrafta sem búa yfir sérfræðikunnáttu á þessu sviði.

Sú mikla þróun, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum í málefnum fatlaðra, hefur beinst í æ ríkari mæli frá stofnanaþjónustu til einstaklingsaðstoðar. Má í því sambandi benda á nýjar áherslur í búsetumálum fatlaðra sem eru að færast í auknum mæli til félagslega íbúðakerfisins. Líklegt er, ef svo fer fram sem horfir, að í framtíðinni megi gera ráð fyrir að rekstur sambýla muni dragast saman en þess í stað verði húsnæðisþörf fatlaðra leyst að mestu innan félagslega húsnæðiskerfisins og með húsnæði á vegum sveitarfélaga, en einnig má vænta þess að öflug félagasamtök eins og Öryrkjabandalag Íslands haldi áfram að vera mikilvirk varðandi húsnæðismál fatlaðra hér eftir sem hingað til.

Jafnhliða slíkri búsetuþróun liggur í hlutarins eðli að efla verður heimahjúkrun, heimaþjónustu og frekari liðveislu sem felur í sér margháttaða aðstoð og ráðgjöf. Það hlýtur að verða teljast ótvíræður kostur fyrir hinn fatlaða ef slík þjónusta verður samræmd á þann hátt að ábyrgðin sé á hendi sama stjórnvalds, þ.e. sveitarfélagsins í stað þriggja aðila eins og fyrirkomulagið er nú.

Varðandi framtíðarstefnu í atvinnumálum fatlaðra koma fram nýjar áherslur í lögunum eins og áður hefur verið fjallað um í þessari skýrslu. Þar er megináherslan lögð á atvinnuþátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði í stað sértækra úrræða. Með auknum möguleikum fatlaðra til framhaldsnáms og sérmenntunar ættu jafnframt opnast auknir möguleikar fatlaðra til að hasla sér völl á almennum vinnumarkaði í framtíðinni. Mikilvægt er að efla starfsþjálfun, hæfingu og starfsráðgjöf ásamt liðveislu og eftirfylgd á almennum vinnumarkaði.

Í þessu sambandi er eðlilegt að undirstrika þann athyglisverða árangur sem hefur náðst í Starfsþjálfun fatlaðra og áður hefur verið fjallað um í þessari skýrslu. Er þess að vænta að í framtíðinni verði hægt að veita fleirum aðgang að Starfsþjálfuninni með tilkomu hins nýja húsnæðis sem er í byggingu.

Í tillögum nefndar um atvinnumál, sem greint er frá í skýrslunni, er bent á ýmsar leiðir til að auðvelda fötluðum þátttöku á almennum vinnumarkaði. Þar er m.a. bent á mikilvægi samstarfs þeirra aðila sem tengjast á einn eða annan hátt vinnumarkaðs- og atvinnumálum fatlaðra. Leggja þarf aukna áherslu á þennan þátt þegar horft er til framtíðar, svo og að auka tengsl skóla og atvinnulífs.

Í aðgengis- og ferlimálum fatlaðra hefur vissulega þokast í rétta átt þótt enn sé mikið óunnið í þeim efnum. Má í því sambandi nefna starf ferlinefnda sveitarfélaga sem hafa beitt sér fyrir að bæta aðgengi opinberra stofnana í sínu sveitarfélagi og enn fremur hafa eftirlit með að nýbyggingar séu þannig úr garði gerðar að reglum um aðgengi sé fullnægt.

Einnig hafa umtalsverðir fjármunir verið veittir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að bæta aðgengi ýmissa stofnana og hefur umsóknum fjölgað hin síðustu ár hvað þetta varðar.

Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra hafa beitt sér fyrir bættu aðgengi í samstarfi við sveitarfélög og fulltrúa þeirra.

Ferlinefnd félagsmálaráðuneytisins og starf hennar, sem fjallað er um í þessari skýrslu, hefur haft starfsmann í hlutastarfi til að sinna aðgengismálum og veita ráðgjöf þegar þess er óskað.

Þá má geta þess að snemma á næsta ári er að vænta handbókar um ferlimál fatlaðra sem er samstarfsverkefni Arkitektafélags Íslands og fjölmargra félaga fatlaðra og samtaka heilbrigðisstétta. Er hér um að ræða uppsláttarrit fyrir arkilekta og aðra hönnuði og einnig mun handbókin nýtast almenningi varðandi aðgengilegt húsnæði.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins mun kosta prentun bókarinnar og annast dreifingu. Veittur var styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í þetta verkefni.

Framtíðarstefna í ferli- og aðgengismálum fatlaðra hlýtur að byggjast á víðtæku samstarfi milli þeirra aðila sem bera ábyrgð á skipulagi umhverfis, hönnun og eftirliti bygginga og upplýsingum og ábendingum frá félögum fatlaðra sem gerst þekkja hvar úrbóta er þörf. Ríki og sveitarfélög þurfa að taka höndum saman og vinna skipulega að úttekt á aðgengi og í framhaldi af því leggja fram fjármagn til að standa straum af breytingum. Framtíðarsýnin hlýtur að vera gott aðgengi fyrir alla.

Fylgiskjöl:

I. Yfirlit um reglugerðir.

II. Fjárveitingar til svæða samkvæmt fjárlögum 1984–1993.

III. Sambýli, tölfræðilegt yfirlit.

IV. Framlög til atvinnumála fatlaðra.

V. Úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra 1993.

VI. Þróun útgjalda í málaflokki fatlaðra 1983–1993.

Fylgiskjal I.

Reglugerðir um málefni fatlaðra.

Nefnd, skipuð af félagsmálaráðherra, vinnur að reglugerðum samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Verkefnið var skipulagt þannig að samdar skyldu nokkrar reglugerðir, hver um eitt málefnasvið. Ákveðið var að hefja verkið með reglugerðum sem snúa að skipan málaflokksins.

Fyrst leit dagsins ljós *reglugerð um svæðisráð* málefna fatlaðra, nr. 142 30. mars 1993. Svæðisráð skulu hafa eftirlit með því að þjónusta við fatlaða sé í samræmi við lögin, auk hins miklvæga verkefnis að hafa á hendi almenna réttindagæslu fyrir fatlaða og ráða sérstakan trúnaðarmann fyrir þá fötluðu sem búa á stofnunum eða sérstökum heimilum fyrir fatlaða. Einnig er svæðisráðunum falið það þýðingarmikla hlutverk að beita sér fyrir samningum við sveitarfélögin um að þau yfirtaki málaflokkinn að hluta til eða öllu leyti. Ekki verða verkefni svæðisráðs þó tæmandi talin hér.

Reglugerð um *svæðisskrifstofur* málefna fatlaðra var næst í röðinni, nr. 273 28. júní 1993. Svæðisskrifstofur fara með umfangsmikil verkefni, framkvæmd alls málaflokksins á sínu svæði, svo sem áætlanagerðir, rekstur sem og faglega þjónustu sem of langt mál er að rekja hér.

Um *stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra* var sett reglugerð, nr. 204 15. apríl 1994. Sem fyrr er eitt meginverkefni stjórnarnefndar að hafa á hendi stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra, auk þess sem stjórnarnefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra. *Framkvæmdasjóður fatlaðra* hefur nú fjölþættara hlutverk en áður þar sem sjóðnum er, auk þess að standa undir stofnkostnaði stofnana og heimila fatlaðra, ætlað að veita fé til félagslegra íbúða, aðgengismála, viðhalds o.fl. Auk þess er Framkvæmdasjóði fatlaðra nú falið með tímabundnum lögum að rísa undir kostnaði við frekari liðveislu og félagslega hæfingu (styrkir vegna námskostnaðar og til verkfæra- og tækjakaupa).

Ákveðið var að semja reglugerð um *búsetu fatlaðra* í stað reglugerðar um sambýli. Reglugerðin er frá 11. október, nr. 555/1994. Bæði þykir hagkvæmt að á einum stað sé kveðið á um alla möguleika fatlaðra í húsnæðismálum, svo og að sambýlin skipa ekki lengur þann yfirgnæfandi sess sem áður var, heldur leita fatlaðir í vaxandi mæli eftir því að búa sjálfstætt í félagslegum íbúðum eins og og reglugerðin ber með sér. Hvað sambýlin varðar er í lögð áhersla á að hver og einn íbúi eigi kost á einkarými, ásamt snyrtiaðstöðu ef kostur er, í stað sérherbergis. Auk sambýla og félagslegra íbúða er í reglugerðinni kveðið á um önnur úrræði og skal hér einkum bent á áfangastaði sem henta vel geðfötluðum, en þjónustu við geðfatlaða er ætlaður sérstakur forgangur í núgildandi lögum um málefni fatlaðra.

Í reglugerð um *styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa*, frá 21. september, nr. 550/1994, er eitt mikilverðasta nýmælið að svæðisskrifstofur sjái að öllu leyti um þennan málaflokk í stað þess að slík einstaklingsmál séu á vegum ráðuneytisins. Var hér haft til hliðsjónar að á sínum tíma var umsjón með þjónustu stuðningsfjölskyldna færð frá ráðuneyti til svæðisskrifstofa og þykir vel hafa tekist til.

Nefndin taldi ekki tímabært að semja reglugerð um *frekari liðveislu* fyrr en meiri reynsla væri fengin af þessari nýju þjónustu. Með frekari liðveislu er í grófum dráttum átt við margháttaða aðstoð við mikið fatlað fólk sem býr sjálfstætt. Þessi nýja tegund þjónustu hefur þegar sannað gildi sitt og gert fötluðum kleift að búa í íbúðum sem ella þyrftu að dvelast á stofnun. Í stað reglugerðar var að svo stöddu brugðið á það ráð að semja leiðbeiningarreglur, ætlaðar svæðisskrifstofum, og voru þær reglur fullbúnar í júní-

mánuði 1994. Þar er þjónustan skilgreind og tilgreindir ýmsir möguleikar við framkvæmdina. Ætlunin er að endurskoða reglur þessar á næsta ári og verður þá væntanlega samin reglugerð um málefnið.

Þegar þetta er ritað (desember 1994) er í vinnslu reglugerð um *þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra,* stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun og leikfangasöfn. Heildstæð reglugerð um þetta efni hefur ekki áður verið samin.

Fram undan eru tvær reglugerðir um *atvinnumál fatlaðra* og síðast en ekki síst um *samninga milli ríkis og sveitarfélaga* um það að sveitarfélögin taki á sig aukna ábyrgð í málefnum fatlaðra, en tilfærsla málaflokksins til sveitarfélaga er nú í brennidepli eins og kunnugt er.

Fylgiskjal II.

Tafla V.5. Fjárveitingar til svæða skv. fjárlögum 1984-1993

	84	85	86	87	88	89	90	91	92	93
Málefni fatlaðra	42.658	20.498	62.495	54.471	92.408	153.352	143.156	182.240	243.100	111.600
Reykjavík	25.972	58.903	84.311	111.589	181.667	218.747	304.715	370.645	409.200	458.900
Reykjanes	33.760	62.799	89.372	110.798	166.179	189.574	235.115	256.600	271.100	315.700
Vesturland	0	6.320	10.024	13.567	18.492	22.037	32.737	41.830	47.800	51.300
Vestfirðir	0	8.564	14.761	18.336	24.469	28.815	35.858	39.210	40.100	42.500
N. vestra	0	5.856	8.234	10.706	17.548	21.719	30.413	38.870	42.800	59.900
N. eystra	34.348	52.974	74.975	93.990	138.485	154.212	189.248	209.380	206.200	225.000
Austurland	0	11.459	19.783	23.922	34.888	40.338	48.727	53.510	57.300	64.000
Suðurland	13.653	26.954	41.628	53.239	90.417	109.081	139.652	164.085	181.300	198.700
Greiningarstöð ríkisins	4.582	6.741	12.945	19.110	31.886	39.822	55.327	59.010	62.000	66.500
Framkvæmdasjóður	40.000	40.000	80.000	130.000	180.000	201.000	201.000	225.000	320.000	350.000

	84	85	86	87	88	89	90	91	92	Feb. 93
Framfærsluvísitala	107	142	172	205	257	311	357	381	395	405

	84	85	86	87	88	89	90	91	92	93
Málefni fatlaðra	161.150	58.513	147.109	107.969	146.033	200.072	162.637	193.850	249.593	111.600
Reykjavík	98.115	168.143	198.463	221.185	287.089	285.390	346.181	394.258	420.129	458.900
Reykjanes	127.536	179.264	210.376	219.618	262.614	247.329	267.110	272.947	278.341	315.700
Vesturland	0	18.041	23.596	26.892	29.223	28.751	37.192	44.495	49.077	51.300
Vestfirðir	0	24.447	34.747	36.345	38.669	37.594	40.738	41.708	41.171	42.500
N. vestra	0	16.716	19.382	21.221	27.731	28.336	34.552	41.346	43.943	59.900
N. eystra	129.757	151.218	176.487	186.302	218.849	201.194	215.001	222.719	211.707	225.000
Austurland	0	32.710	46.568	47.417	55.134	52.627	55.358	56.919	58.830	64.000
Suðurland	51.577	76.942	97.990	105.527	142.887	142.313	158.656	174.538	186.142	198.700
Greiningarstöð ríkisins	17.309	19.243	30.472	37.879	50.390	51.954	62.856	62.769	63.656	66.500
Framkvæmdasjóður	151.108	114.183	188.315	257.679	284.455	262.236	228.353	239.334	328.547	350.000

Fylgiskjal III.

Tafla V.6. Sambýli - tölfræðilegt yfirlit

Meðalkostnaður á íbúa	Meðaltal	Minnsti	Mesti	Miðgildi	Fj. mörk 1	Fj. mörk 3
Reykjavík	1.855.855	944.615	2.583.522	1.931.802	1.457.853	2.268.739
Reykjanes	1.656.809	1.092.404	2.341.798	1.694.417	1.415.994	1.739.430
Vesturland	2.116.229	2.116.229	2.116.229	2.116.229	2.116.229	2.116.229
N. vestra	1.696.703	1.696.703	1.696.703	1.696.703	1.696.703	1.696.703
N. eystra	1.210.707	782.800	2.367.000	1.326.697	997.650	1.709.125
N. eystra, eldra fyrirkomulag	1.176.105	684.949	1.861.695			
Austurland	1.298.145	1.298.145	1.298.145	1.298.145	1.298.145	1.298.145
Suðurland	1.458.037	1.010.000	2.146.895	1.369.074	1.232.063	1.540.883
Styrktarfélag vangefinna	1.379.173	1.053.650	1.680.156	1.329.607	1.240.022	1.633.751
	1.579.632	684.949	2.583.522			
	(skv. eldra fyrirkomulagi á N. eystra)					
Meðalkostnaður á ársverk						
Reykjavík	1.326.888	1.240.659	1.425.312	1.302.138	1.273.577	1.408.884
Reykjanes	1.265.529	1.238.491	1.293.494	1.252.938	1.252.757	1.289.963
Vesturland	1.196.143	1.196.143	1.196.143	1.196.143	1.196.143	1.196.143
N. vestra	1.258.279	1.258.279	1.258.279	1.258.279	1.258.279	1.258.279
N. eystra	1.962.028	985.117	2.376.911	1.796.364	1.666.522	1.972.783
N. eystra, eldra fyrirkomulag	1.338.236	1.284.116	1.531.088			
Austurland	1.330.569	1.330.569	1.330.569	1.330.569	1.330.569	1.330.569
Suðurland	1.336.410	1.203.603	1.532.506	1.382.227	1.330.582	1.426.786
Styrktarfélag vangefinna	1.319.483	1.073.066	1.626.538	1.324.433	1.290.348	1.404.204
	1.296.442	1.073.066	1.626.538			
	(skv. eldra fyrirkomulagi á N. eystra)					

Fylgiskjal IV.

Framlög til avinnumála fatlaðra

Upphæðir á verðlagi 1993. (þús. kr.)

	1990	1991	1992	1993
Verndaðir vinnustaðir	99.550	93.600	92.326	80.327
Hæfingarstöðvar / Starfsþjálfun	57.811	61.776	63.131	70.969
Atvinnuleit / verkstjórn	11.887	16.298	18.563	19.516
	169.248	171.674	174.021	170.812

Fylgiskjal V.

Úthlutun
úr Framkvæmdasjóði fatlaðra
1993


Viðfangsefni:			Þús. kr.
1. Til viðhalds á stofnunum fatlaðra			54.100
2. Leikfangasöfn			3.500
3. Svæðisskrifstofur, öryggisbúnaður, brunavarnir			8.000
4. Atvinnumál fatlaðra			2.500
5. Styrkur vegna félagslegra íbúða			5.045
	Fáskrúðsfjörður	545	
	Sólheimar	4.500	
6. Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins			750
7. Til kannana og áætlana			4.500
	Upplýsinga- og fræðslumál	1.000	
	Hagræðingarstarf	1.500	
	Starfsmaður	2.000	
8. Til hönnunar á húsi f. Starfsþjálfun fatlaðra			1.500
9. Kostnaður vegna aðgengismála			13.060
Eftirfarandi verkefni verða styrkt, að hámarki eins og hér segir:	Njarðvíkurkaupstaður	2.700	
	Sunnuhlíðarsamtökin	2.400	
	Brekkubæjarskóli	2.800	
	Grunnskólinn Varmahlíð	1.900	
	Fjölbrautaskóli Sauðárskróks	1.700	
	Héraðssjúkrahúsið Blönduósi	360	
	Nesskóli Neskaupstað	1.200	
10. Byggingar (sambýli og vinnustofa) Hólabergi 86			11.000
11. Bygging heimilis f. fjölfötluð börn Árlandi			25.000
12. Styrkur t MS- félagsins vegna byggingar dagstofnunar			5.000
13. Styrkur Blindrafélagsins v/viðbyggingar Hamrahlíð			6.000
14. Stofnko aður vegna sambýla Fannafold og Tindasels			4.000
15. Hæfingarstöð Keflavík			7.000
16. Kaup á sambýli Kópavogi			18.000
17. Verndaður vinnustaður Akranesi			1.320
18. Verndaður vinnustaður Borgarnesi			170
19. Bygging heimilis fyrir fjölfatlaða Sauðárkróki			28.000
20. Sambýli Blönduósi-útskrift af Sólborgu			15.500
21. Sambýli Húsavík-útskrift af Sólborgu			15.500
22. Bygging sambýlis fyrir fjölfatlaða á Akureyri			28.000
23. Bygging vistheimilis fyrir börn Selfossi			16.500
24. Heimili og vinnustaður fyrir geðfatlaða Skaftholti			20.000
25. Kaup á húsnæði fyrir svæðisskrifstofu Suðurlands			9.420
26. Þroskahjálp Suðurnesjum-styrkur v/Lyngsels og til brunavarna			1.263
27. Sólborg-sérdeild fyrir atferlistruflaða			2.900
28. Óráðstafað- félagslegar íbúðir, sambýli, (Þroskahjálp-geðfatlaðir)			62.540
	Samtals:		**370.068**

Framkvæmdasjóður fatlaðra - afgreiðsla vegna endurúthlutunar 1993

	Afgreiðsla stj.nefndar 02.12.1993.	Skýringar
Svæðisskrifstofa Reykjavíkur		
1. Vesturbrún 17, Reykjavík.	100.000	Uppþvottavél.
2. Skammtímavistun Álfalandi 6.	216.000	Viðhald húsnæðis.
Styrktarfélag vangefinna		
3. Sigluvogur 5	1.000.000	Endurbygging renna og viðgerð á þaki.
4. Lyngás, Safamýri	7.000.000	Endurnýjun og stækkun eldhúss.
Svæðisskrifstofa Reykjaness		
5. Kaup á húsnæði fyrir Hæfingarstöð	6.440.000	140 m2 húsnæði.
6. Bæjarhraun 2, Hafnarfirði.	338.790	Skilrúm
7. Hrauntunga 54, Kópavogi.	451.000	Herbergi.
8. Steinahlíð 1, Hafnarfirði.	1.031.000	Húsbúnaður
9. Skammtímavistun Lyngseli, Sandgerði.	227.312	Húsbúnaður.
10. Hnotuberg 19, Hafnarfirði.	100.000	Þvottavél.
11. Klettahraun 17, Hafnarfirði.	200.000	Þvottavél.
Svæðisskrifstofa Vestfjarða		
12. Könnun á fjölda fatlaðra.	525.000	
13. Skrifstofa á Patreksfirði og Reykhólum.	500.000	Stofnkostnaður vegna skrifstofa.
Svæðisskrifstofa Norðurlands-vestra		
14. Varmahlíðarskóli.	485.000	10% af upphaflegri áætlun/heildarúthlutun 50%.
Svæðisskrifstofa Norðurlands-eystra		
15. Kaup á leiguíbúð - Akureyrarbær.	400.000	5% framlag
16. Félagsstofnun stúdenta Akureyri.	550.000	10% framlag.
17. Iðjulundur.	265.000	Sláttuvél.
18. Iðjulundur.	300.000	Breytingar að kröfu Eldvarnareftirlits.
Svæðisskrifstofa Austurlands		
19. Vonarland A- hús, Egilsstöðum.	200.000	Breyta A- húsi í sambýli fyrir 4 íbúa.
Svæðisskrifstofa Suðurlands		
20. Vallholt 12-14, Selfossi.	241.000	Skilrúm
21. Árvegur 8, Selfossi.	425.000	Málning / viðgerð á útidyrahurð.
Öryrkjabandalag Íslands		
22. Styrkur til vinnustofu.	2.930.000	Tækjakaup
Geðverndarfélag Íslands		
23. Álfaland 15, Reykjavík.	175.000	Viðhald húsnæðis
Tjaldanes, Mosfellsbæ.		
24. Viðhald húsnæðis.	1.066.827	
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra		
25. Kanna þjónustuþörf daufblindra.	500.000	
Hlín hf.		
26. Saumastofa.	760.000	Kaup á saumavélum.
27. Áfangastaður fyrir geðfatlaða.	20.000.000	Til að kaupa húseignina Bárugötu 19.
Þroskahjálp		
28. Melgerði 7, Kópavogi (Gistiheimili).	1.700.000	Viðhald húsnæðis
29. Félagsleg íbúð-Eiðismýri.	730.000	10% framlag
30. Félagsleg íbúð-Eiðismýri.	790.000	10% framlag
31. Félagslegar íbúðir-Selvogsbraut 1, Þorláksh.	4.000.000	10% framlag
Félagslegar íbúðir		
32. Reykjavíkurborg-Reynimel.	235.000	5% framlag
33. Reykjavíkurborg-Hólmgarður 11.	350.000	5% framlag
34. Reykjavíkurborg-Hólmgarður 2.	370.000	5% framlag
Heildarfjárhæð úthlutunar:	**54.601.929**	

Fylgiskjal VI.

Mynd 3.2. Þróun útgjalda ríkissjóðs í félags- og velferðarmálum (1984=100) *



* Útgjöld í A- og B-hluta ríkissjóðs skv. töfluviðauka í frumvarpi til fjárlaga 1993. Tölur eru uppfærðar miðað við framfærsluvísitölu í mars 1993.

363. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Á eftir orðunum „slíkar gjafir“ í lok 3. málsl. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur: svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. kemur nýr töluliður er verður 3. tölul. og orðast svo: Útgjöld í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra að hámarki móttekna staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.
b. 3. tölul. A-liðar 1. mgr. verður 4. tölul.
c. Við A-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Frá tekjum manna sem eru 70 ára eða eldri má draga 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum sem hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis samkvæmt lögum nr. 55/1980.
d. Við B-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu á árinu í innlendum atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 80% fjárhæðarinnar þó að hámarki 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum.

   Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

   Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

   Ákvæði þessa töluliðar skulu einnig eiga við um samvinnuhlutabréf.

   Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu.

e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er honum heimilt í stað frádráttar skv. 2. eða 3. mgr. að draga allt að 80% frá þeim tekjum, þó eigi hærri fjárhæð en 25.000 kr. fyrir hvern mánuð sem húsnæði er í leigu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Ef eigi hefur verið fullnægt skyldu til að afhenda skattstjóra upplýsingar um launa- og/eða verktakagreiðslur vegna vinnu, sbr. 92. gr., skal ekki heimilaður frádráttur vegna þeirra greiðslna eða hlunninda.

b. Við 7. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.

4. gr.

Á eftir orðinu „myndast“ í 1. málsl. 2. mgr. 31. gr. A laganna kemur: eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

5. gr.

1. tölul. 52. gr. laganna orðast svo: Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu, til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.

6. gr.

Orðin „sem myndað hefur fjárfestingarsjóð skv. 11. tölul. 31. gr., sbr. 54. gr.“ í 1. mgr. 57. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tölul. A-liðar“ í 2. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar.

b. 9. mgr. B-liðar orðast svo:
Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu, sbr. X. kafla, og greiðist þá til framfæranda barns að teknu tilliti til skuldajöfnunar skv. 10. mgr.

c. Orðin „þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993“, í 1. mgr. C-liðar falla brott.

d. Lokamálsliður 2. mgr. C-liðar fellur brott.

e. Í stað 1. og 2. málsl. 3. mgr. C-liðar koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Þannig

ákveðin vaxtagjöld skulu skerðast um vaxtatekjur skv. 8. gr.

f. Í stað orðsins „grein“ í 3. málsl. 3. mgr. C-liðar, sem verður 4. málsl., kemur: málsgrein.
g. Í stað „3. tölul.“ í 1. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 4. tölul.
h. Lagatilvísunin „1. mgr. 78. gr.“ í 3. málsl. 4. mgr. C-liðar verður: 1. mgr. 76. gr.

8. gr.

Lokamálsliður 83. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 84. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þó skal eignarskattur dánarbúa, sbr. 5. tölul. 2. gr., reiknast af eignarskattsstofni í lok andlátsárs þannig: Af fyrstu 3.514.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.514.000 kr. greiðist 1,2%.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Skýrslu lögaðila og einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um bókhald eða eftir atvikum laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
b. 5. og 6. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skattframtölin skulu undirrituð af þeim sem framtalsskyldan hvílir á. Skattframtal bókhaldsskylds aðila skal undirritað af þeim sem bera ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald sé fullnægt.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er verður 2. málsl. er orðast svo: Sama gildir um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
b. Orðin „greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu“ í 5. mgr. falla brott.

12. gr.

1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun.

13. gr.

Í stað orðanna „og 100. gr. laganna“ í 4. mgr. 106. gr. laganna kemur: gr. laganna og ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

14. gr.

2. málsl. 1. mgr. 108. gr. laganna orðast svo: Um meðferð mála hjá nefndinni fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

15. gr.

120. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn að vinninga í tilteknum happdrættum megi draga frá skattskyldum tekjum, sbr. 4. tölul. A-liðar 30. gr., enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

16. gr.

122. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 3. mgr. 17. gr., 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. og 4. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr., 83. gr. og 84. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1993.

17. gr.

Ákvæði laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1995. Ákvæði b-liðar 2. gr., 6., 10., 11., 13., 14., 15. og 16. gr. koma til framkvæmda frá og með þeim tíma. Ákvæði 1., 3., 4., 5., a-, b-, e-, f-, g- og h-liða 7. gr., 8., 9. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna og gjalda á árinu 1994 og eigna og skulda í lok þess árs og ákvörðun bóta á árinu 1995. Ákvæði a-, c-, d- og e-liða 2. gr. og c- og d-liða 7. gr. koma til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og staðgreiðslu á því ári.

Frá og með 1. janúar 1995 falla úr gildi ákvæði til bráðabirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992 og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 9/1984, með síðari breytingum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

18. gr.

Við lögin bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Flýtifyrningar.

a. Rekstraraðilum, sem fjárfesta í fyrnanlegum eignum á árunum 1994 og 1995, er heimilt að fyrna þær sérstakri flýtifyrningu eftir því sem nánar greinir í ákvæði þessu.

Fyrningin tekur einungis til þeirra eigna sem fjárfest hefur verið í á árunum 1994 og 1995 og færist á framtöl gjaldáranna 1995, 1996, 1997 og ef við á ársins 1998 vegna rekstrar á árunum 1994, 1995, 1996 og 1997.

Stofn til sérstakrar flýtifyrningar skal vera fyrnanlegt lausafé, mannvirki og eyðanleg náttúruauðæfi og aðrar þær eignir sem greinir í 1., 2. og 3. tölul. 32. gr. Ekki er þó heimilt að fyrna fólksbifreiðar samkvæmt ákvæði þessu.

Einungis er heimilt að fyrna þann hluta fjárfestingar í umræddum eignum sem eignfærður hefur verið á árunum 1994 og 1995, en ekki á öðrum árum þó að fjárfest hafi verið í eignunum fyrir það tímamark.

Hundraðshluti fyrningar hverrar eignar samkvæmt ákvæði þessu skal árlega vera að hámarki sá sami og greinir í 38. gr. Heimilt er að fyrna samkvæmt ákvæði þessu í þrjú ár. Færist þannig reiknuð fyrning til viðbótar öðrum fyrningum umræddra eigna og til lækkunar stofnverði þeirra, sbr. þó 45. gr. um niðurlagsverð.

b. Fyrna má sérstakri fyrirframfyrningu þær eignir sem greinir í 3. mgr. a-liðar en ekki hafa verið teknar í notkun í lok reikningsáranna 1994 og 1995. Sömu fyrningarhlutföll og sami fyrningartími og þar greinir á við um þessar eignir.

c. Ekki má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt ákvæði þessu og ekki má nota þær til þess að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

II.

Um varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt skattalögum.

Tekjufæra skal að vali skattaðila á árunum 1994 til og með 1998 varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt skattalögum og enn kann að vera fyrir hendi hjá lögaðilum. Á móti tekjufærslu varasjóðs á hverju ári samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna tekjufærðum varasjóði á árinu. Einnig er heimilt að fyrna um fjárhæð jafna tekjufærðum varasjóði á árinu sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en hafa ekki verið teknir í notkun í lok viðkomandi reikningsárs.

III.

Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna, eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lögum þessum, skal á árinu 1996 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.700.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 5.400.000 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.700.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé annað hjóna hins vegar undir 2.700.000 kr. í tekjuskattsstofni reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á álagningarárinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

IV.

Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1996 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1995. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1995 vegna tekna á árinu 1994 umfram 2.700.000 kr. hjá einstaklingi og 5.400.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á árinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. eða 2. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há og skal mismunurinn taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Breytingarnar eru af ýmsu tagi. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnar frá í vor um húsaleigutekjur, flýtifyrningar og fjárfestingu manna í atvinnurekstri. Í öðru lagi eru breytingar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. desember sl. varðandi lækkun eignarskatta, skattalega meðferð lífeyrisgreiðslna, framlengingu sérstaks tekjuskatts o.fl. Auk þess eru lagðar til ýmsar tæknilegar lagfæringar á lögunum. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar er lúta að skattfrjálsri jöfnunarhlutabréfaútgáfu, skattalegri meðferð á arði, ákvæðum um söluhagnað og sölutap af hlutabréfum eða öðrum ákvæðum laganna er lúta að skattlagningu eignarhluta í félögum. Eðlilegt þykir að taka til heildarendurskoðunar ákvæði laganna er lúta að skattalegri meðferð á eignarhlutum í félögum. Unnið er að þessari endurskoðun, en ekki er gert ráð fyrir að henni verði lokið svo tímanlega að unnt verði að leggja fram frumvarp þar að lútandi á þessu þingi. Við samningu frumvarpsins var tekið til athugunar hvort rétt væri að leggja til breytingar á 30. gr. laganna í þá veru að taka upp sérreglu fyrir starfsmenn sem sækja lengra til vinnu en almennt gerist. Var það m.a. gert í tilefni af tilmælum frá VSÍ í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að ókeypis flutning starfsmanna til vinnu skyldi meta til hlunninda. Sú ákvörðun ríkisskattstjóra var m.a. byggð á athugasemd frá umboðsmanni Alþingis sem taldi það fyrirkomulag sem áður ríkti ekki tryggja nauðsynlegt jafnræði. Að athuguðu máli er ekki talið ráðlegt að taka upp sérstakar frádráttarreglur fyrir þá sem sækja vinnu langt að eða njóta ókeypis flutnings til vinnu. Flutningur til vinnu er tvímælalaust hlunnindi sem telja ber til skattskyldra tekna svo gætt sé samræmis við allan fjölda starfsmanna sem bera þann kostnað sjálfir. Frádráttur vegna langrar vegalengdar til vinnu þekkist í nágrannalöndunum, svo sem í Danmörku og í Svíþjóð. Forsendur til skattalegs frádráttar eru hins vegar aðrar þar en hér á landi. Persónufrádráttur er þar lægri en hér en meira er um sérgreinda frádráttarliði en hér er. Í skattabreytingunum 1988 voru sérgreindir frádráttarliðir nær alveg felldir niður. Sú ákvörðun hafði í för með sér einföldun í framkvæmd og aukið jafnræði í skattkerfinu. Erfitt er að finna skattaleg rök fyrir því að heimila frádrátt eins og kostnað af ferðum til vinnu, jafnvel þótt í takmörkuðum tilvikum sé, fremur en t.d. verkfærapeninga, kostnað vegna vinnufatnaðar, hljóðfærapeninga o.s.frv. sem einnig er mjög mismunandi eftir störfum og vinnustöðum. Þau rök hafa komið fram að með slíkum frádrætti yrði stuðlað að stækkun atvinnusvæða sem m.a. væri mikilvægt með tilliti til atvinnuleysis. Þessi rök eiga vissulega rétt á sér. Á hinn bógin orkar það tvímælis að hagkvæmni verði látin ráðast af skattalegum atriðum en ekki rekstrarlegum og eins er

ljóst að sérreglur af þessu tagi eru torveldar í framkvæmd, kalla á aukna skriffinnsku og verða uppspretta ágreiningsmála. Að öllu metnu er því ekki lagt til að taka upp sérreglu í þessu efni og skapa þannig vafasamt fordæmi. Hér verður stiklað á stóru um helstu breytingar en að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

„Ekknaskattur" felldur niður.

Í tengslum við upptöku fjármagnstekjuskatts hefur verið rætt um að fella niður eignarskatt (ekknaskatt) sem tekinn var upp árið 1989 og var hugsaður sem fyrsti áfangi í skattlagningu fjármagnstekna, en hún var þá í undirbúningi. Þessi skattlagning sætti strax mikilli gagnrýni enda bitnar álagningin fyrst og fremst á þeim sem eiga fasteignir og skulda lítið, en uppistaðan í þeim hópi er eldra fólk og lífeyrisþegar. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að leggja til að þessi skattur verði felldur niður strax á næsta ári. Þessi breyting skerðir tekjur ríkissjóðs um 120 m.kr.

Afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna.

Við gildistöku staðgreiðslukerfisins árið 1988 voru allir frádráttarliðir sem giltu í eldra tekjuskattskerfinu felldir niður. Einn þessara frádráttarliða var iðgjaldagreiðsla launafólks í lífeyrissjóð. Það var frá upphafi ljóst að þar sem greiðslur úr lífeyrissjóðum eru jafnframt skattlagðar gat falist í þessu ákveðin tvísköttun. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til að gerðar verði breytingar á skattlagningu greiðslna úr lífeyrissjóðum. Til að tryggja að þessi ákvörðun komi lífeyrisþegum strax til góða verður jafngildi lífeyrisframlags þeirra, eða sem nemur 15% af útborguðum lífeyri, undanþegið skatti þegar á næsta ári. Áætlað er að þessi ákvörðun skerði skatttekjur ríkissjóðs um 250 m.kr.

Sérstakur tekjuskattur framlengdur.

Til þess að fjármagna skattfrelsi hluta af lífeyrisgreiðslum og niðurfellingu sérstaks eignarskatts verður sérstakur tekjuskattur framlengdur í eitt ár þar til fjármagnstekjuskattur leysir hann af hólmi. Þessi skattur var upphaflega hugsaður og kynntur sem tímabundinn skattur til tveggja ára eða þar til fjármagnstekjuskattur kæmi til framkvæmda. Í ljósi þess að gildistaka fjármagnstekjuskatts hefur frestast þykir þessi framlenging réttlætanleg. Hins vegar verða viðmiðunarmörkin hækkuð úr 200.000 kr. fyrir einstaklinga og 400.000 kr. fyrir hjón í 225.000 kr. og 450.000 kr. á verðlagi ársins 1992. Þessi ákvörðun skilar um 300 m.kr. á næsta ári í tekjur.

Hækkun skattleysismarka.

Undanfarin ár hefur ákvörðun um persónuafslátt fremur tekið mið af launaþróun en verðlagsþróun. Þetta hefur leitt til þess að persónuafsláttur hefur hækkað minna en ella. Á næsta ári er í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir að laun hækki meira en nemur almennum verðlagsbreytingum og kaupmáttur aukist. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að persónuafsláttur taki áfram mið af fyrirhugaðri launaþróun fremur en verðlagsþróun og hækki því meira en ella hefði orðið. Samkvæmt þessu hækkar persónuafsláttur um áramótin og aftur um mitt næsta ár um sem jafngildir 2.150 kr. hækkun á skattleysismörkum einstaklings, eða úr 57.228 kr. í rúmlega 59.300 kr.

Skattfrelsi húsaleigutekna.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að heimilaður verði sérstakur frádráttur á móti húsaleigutekjum og getur frádráttur þessi orðið allt að 300.000 kr. á ári vegna útleigu

íbúðarhúsnæðis. Breyting þessi er gerð á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 6. maí 1994 sem gefin var í framhaldi af samþykkt laga um húsaleigubætur. Lagt er til að í stað frádráttar vegna beins kostnaðar skv. 2. mgr. 30. gr. laganna eða vegna greiddrar húsaleigu skv. 3. mgr. 30. gr. laganna verði heimilt að færa til frádráttar á móti húsaleigutekjum fjárhæð sem nemi allt að 80% leiguteknanna. Sett eru ákveðin takmörk á frádráttinn þannig að hann getur mestur orðið 300.000 kr. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að tryggja að framkvæmd laganna um húsaleigubætur komi ekki til með að valda hækkun á húsaleigu.

Flýtifyrningar.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 19. maí sl. er því lýst yfir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að fjárfestingar fyrirtækja á árunum 1994 og 1995 njóti sérstakrar flýtifyrningar til skatts í þeim tilgangi að örva fjárfestingar í atvinnulífinu. Með hliðsjón af þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lagt til að bætt verði við lögin bráðabirgðaákvæði um flýtifyrningar.

Meginregla skattalaganna er og á að vera sú að afskriftir á hverjum tíma samsvari raunverulegri verðmætarýrnun eigna. Aðeins með þeim hætti er mat á tekjum raunhæft. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að fyrningar eru hluti af rekstrarkostnaðarhugtaki laganna. Ljóst er að lögbundnar skattalegar afskriftareglur geta ekki uppfyllt það skilyrði að vera nákvæmt mat á verðmætarýrnun. Engu að síður er hægt og á að vera keppikefli að ná verulegri nálgun. Flýtifyrningar eru frávik frá þeirri grundvallarreglu að fyrningar endurspegli raunverulega verðmætarýrnun þar sem ákvæði af því tagi gera beinlínis ráð fyrir að eignir séu afskrifaðar hraðar en eðlileg rýrnun gefur tilefni til. Flýtifyrningar með sama hætti og of rúmar afskriftaheimildir fela í sér vaxtalaus lán hins opinbera til fyrirtækja. Þrátt fyrir það geta flýtifyrningar átt rétt á sér tímabundið í tilvikum sem þessum, þ.e. ef tilgangurinn er sá að koma hjólum atvinnulífsins til að snúast eftir samdráttarskeið. Þetta er einmitt markmiðið með ákvæðum frumvarpsins um flýtifyrningar, þ.e. að setja í skattalög tímabundinn hvata til að örva fjárfestingar í atvinnulífinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimild til flýtifyrninga nái til fjárfestinga á árunum 1994 og 1995 og heimild til að flýtifyrna þær fjárfestingar á næstu þremur árum. Hér er því um sérstaka tímabundna aðgerð að ræða vegna þess ástands sem nú er í þessum málum en ekki varanlega breytingu að þessu leyti á skattalögum. Þessi tímaafmörkun felur í sér að frestun skattgreiðslnanna takmarkast við þá fjárfestingu sem fram fer á þessum árum sem skiptir verulegu máli fyrir ríkissjóð og hagræðið af frestuninni fellur í skaut þeim fyrirtækjum sem fjárfesta á þessum árum en öðrum ekki.

Eftirstöðvar rekstrartapa.

Í b-lið 3. gr. er lögð til breyting á 7. tölul. 31. gr., en í þeirri grein er kveðið á um heimild til að draga frá tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum.

Í gildandi ákvæðum laganna eru reistar ákveðnar skorður við nýtingu taps. Þannig er einungis heimilt að nota eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári. Þá eru í 57. gr. A reistar skorður við nýtingu rekstrartapa eftir sameiningu félaga skv. 56. og 57. gr. laganna. Í stuttu máli eru þau skilyrði sett að það félag sem tekur við réttindum og skyldum eftir sameiningu hafi verið í skyldum rekstri og það félag sem slitið er við sameiningu. Þá flyst tap ekki við sameiningu ef það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum. Enn fremur er það skilyrði sett að sameining verði að vera gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi og

að hið yfirfærða rekstrartap þarf að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem slitið var hafði með höndum. Af þessu má sjá að lögin reisa verulegar skorður við því að skattalegt tap, sem myndast hefur af rekstri fyrri ára, geti nýst á móti hagnaði síðar. Í reynd gera lögin ráð fyrir því að tap geti því aðeins nýst í rekstri þess aðila sem tapið myndaðist hjá, en ekki í rekstri annarra aðila. Frávik frá þessu er það þegar félög sameinast í eðlilegum rekstrartilgangi, en með því er átt við að tilgangur sameiningar sé annar en sá að nýta skattalegt hagræði sem kann að nást með sameiningunni.

Á þeim árum, sem reglur þessar hafa verið í lögum, hefur komið í ljós að ýmsir veikleikar eru á ákvæðum laganna hvað þetta varðar. Hafa verið nokkur brögð að því í framkvæmd að rekstraraðilar hafi reynt að sniðganga reglu 57. gr. A í þeim tilgangi að komast yfir skattalegt tap. Aðferðirnar við það eru með ýmsum hætti og hefur töluverður fjöldi deilumála risið um gerninga af þessu tagi. Má í því skyni nefna að farin hefur verið sú leið að sameina ekki fyrirtæki heldur kaupa eigendur fyrirtækis A, sem rekið er með hagnaði, meiri hluta hlutabréfa í fyrirtæki B sem á mikið ónotað rekstrartap frá fyrri árum. Í framhaldi af þessu kaupir fyrirtæki B eignir A og yfirtekur skuldir þess. Fyrirtæki A er síðan lagt niður. Tilgangi B er síðan breytt og jafnvel nafni til samræmis við nafn það sem A hafði og rekstur A þannig í reynd fluttur yfir í B án þess að eiginleg sameining hafi átt sér stað. Í ljósi þessa eru lagðar til breytingar á 7. tölul. 31. gr. þar sem settar eru skýrari reglur um þær skorður sem reistar eru við nýtingu rekstrartapa og samræmdar reglur settar um nýtingu tapa.

Þess skal og getið að þessar tillögur eru í samræmi við það sem hefur verið að gerast í norrænni skattalöggjöf að undanförnu. Má í því sambandi benda á að það kom fram hjá forsætisráðherra Dana í stefnuræðu hans 4. október sl. þegar danska þjóðþingið kom saman að danska ríkisstjórnin hygðist flytja frumvarp þar sem ætlunin væri að stemma stigu fyrir viðskiptum með tapsfyrirtæki, en fyrir hendi eru þó allstrangar takmarkanir þar að lútandi í danskri löggjöf.

Um frádrátt vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum laga um frádrátt vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, á frádráttur vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri að fara lækkandi frá árinu 1994 þar til hann fellur alveg niður eftir árslok 1997.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 19. maí 1994 kemur fram vilji til að kanna hvort unnt sé að örva fjárfestingu í atvinnulífinu með ívilnun til einstaklinga er leggja fé í nýja fjárfestingu.

Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að þrepa frádráttinn niður og festa til frambúðar í lög þá reglu sem samkvæmt téðu bráðabirgðaákvæði á að gilda vegna fjárfestingar á árunum 1994 og 1995, þ.e. að heimilt sé að draga frá tekjum 80% af fjárfestingunni. Þá er orðalag varðandi heimildir til að færa frádráttarheimild á milli ára þannig að ekki skipti máli hvort fjárfest hefur verið í nýjum bréfum eða gömlum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á 7. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því að verðlitlir vinningar í happdrættum eða keppnum teljist eigi til skattskyldra tekna. Er þessi breyting gerð með hliðsjón af því að undanfarið hefur farið mjög í vöxt að m.a. ýmsir fjölmiðlar hafa ver-

ið með getraunir á sínum vegum þar sem veitt hafa verið ýmis smáleg verðlaun, svo sem húfur, bolir, pítsur, bíómiðar og geisladiskar svo fátt eitt sé talið. Samkvæmt gildandi lögum bæri að gefa slík verðlaun upp sem skattskyldar tekjur, en mikið óhagræði væri af slíkri framkvæmd í reynd og er því þessi breyting lögð til, en hér er um óverulega hagsmuni fyrir ríkissjóð að ræða. Með almennum happdrættum og keppnum er átt við að um sé að ræða happdrætti eða keppni sem ætlaðar eru ótilgreindum hópi ótengdra aðila, svo sem þegar um er að ræða getraunir ýmissa fjölmiðla.

Um 2. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 30. gr. er fjallar um frádrátt frá tekjum manna utan atvinnurekstrar.

Í a-lið er annars vegar breytt orðalagi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir misskilning. Hins vegar er lögð til breyting á ákvæði um frádrátt vegna staðaruppbóta starfsmanna í utanríkisþjónustunni. Er því slegið föstu að frádrátturinn miðist við sérstakan kostnað sem staðaruppbótunum er ætlað að mæta. Er í því sambandi gert ráð fyrir að frádráttur þessi komi inn í skattamat með hliðstæðum hætti og er um aðra sambærilega liði. Er það nauðsynlegt til að tryggja eðlilegt samræmi og jafnræði.

Í c-lið er lagt til að tiltekinn hluti af greiðslum úr lífeyrissjóðum verði skattfrjáls. Sú leið er farin að heimila mönnum sem eru 70 ára og eldri að færa til frádráttar 15% af greiddum lífeyri, en það samsvarar áætluðu vægi iðgjaldagreiðslu launþega í útborguðum lífeyri. Uppsafnaður hluti framlags atvinnurekenda er áætlaður 22–23% og vaxtatekjur 62–63%. Frádráttur þessi kemur fyrst til framkvæmda á því tekjuári sem rétthafi lífeyris nær 70 ára aldri. Um frekari skýringar vísast til almennra athugasemda.

Í d-lið er lagt til að hætt verði við niðurþrepun reglunnar um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. En með lögum nr. 111/1992 var sams konar ákvæði sett í bráðabirgðaákvæði og var þar kveðið á um að reglan mundi falla niður í þrepum á nokkrum árum. Um skýringar að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Að lokum er í e-lið greinarinnar lagt til að heimilt verði í stað frádráttar á beinum kostnaði skv. 2. mgr. 30. gr. eða frádráttar vegna greiddrar húsaleigu skv. 3. mgr. 30. gr. að draga frá fjárhæð allt að 300.000 kr. á móti húsaleigutekjum. Breyting þessi er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 6. maí 1994. Varðandi áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs skal tekið fram að mikil vanhöld virðast á því að húseigendur gefi upp tekjur vegna útleigu á húsnæði. Samkvæmt skattframtölum ársins 1993 námu skattskyldar tekjur af fasteignum o.fl. 615 m. kr. og voru framteljendur tæplega 4.000. Meðalfjárhæðin var þannig rúmlega 150 þús. kr. á ári. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hve stór hluti þessara tekna er vegna leigu á íbúðarhúsnæði, en talið er að sú fjárhæð sé 450–500 m.kr. Sé miðað við það að tekjuskattsstofninn lækki sem þessari fjárhæð nemur skerðir það tekjur ríkissjóð um 130–140 m.kr. á ári, auk þess sem útsvar sveitarfélaga lækkar um allt að 40 m.kr.

Um 3. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 31. gr. laganna er fjallar um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi.

Annars vegar er í a-lið gert ráð fyrir því að skattstjóra verði heimilt að synja um frádrátt ef eigi hafa verið gefnar upplýsingar um greiðslu fyrir vinnu, hvort heldur um er að ræða greiðslur til launamanna eða verktaka. Þessi breyting treystir í sessi sambærilegt ákvæði í reglugerð nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Áður en það reglugerðarákvæði var sett hafði skattstjóri þá leið ef tilskildum launamiðum hafði ekki verið skilað að hlutast til um að málið yrði sent í sektarmeðferð til yfirskattanefndar. Sú meðferð er afartafsöm og er hér því verið að stuðla að eðlilegri og fljótvirkari framkvæmd að þessu leyti. En bæði sú regla sem hér er lögð til og sektarmeðferðin eiga að stuðla að sama markmiði, þ.e. að aðilar skili til skattstjóra tilskildum gögnum, svo sem eins og upplýsingum um laun. Tekið skal fram að synjun frádráttar samkvæmt þessu ákvæði er að sjálfsögðu háð því að skattyfirvöld gæti ákvæða 96. gr. hvað málsmeðferð varðar.

Hins vegar er í b-lið lögð til breyting á 7. tölul. greinarinnar sem fjallar um frádrátt vegna rekstrartapa. Lagt er til að samræmdar skorður verði lagðar við nýtingu rekstrartapa, þannig að sams konar reglur gildi almennt og gilda samkvæmt gildandi lögum um nýtingu rekstrartapa við sameiningu. Þetta hefur það í för með sér að sett eru almenn skilyrði um nýtingu eftirstöðva rekstrartapa. Þannig er sett það skilyrði að ekki hafi átt sér stað veruleg breyting á þeim rekstri sem um er að ræða og í því sambandi nefnt í dæmaskyni að ekki hafi verið breytt um rekstrartilgang eða ekki hafi átt sér stað breyting á eignarhaldi að lögaðila, nema sýnt þyki að þær breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Það þýðir t.d. að ef um er að ræða rekstur sem er í járnum og nýir hluthafar koma inn í reksturinn með nýtt hlutafé geta þeir nýtt tapið ef tilgangurinn er sá að halda áfram sams konar rekstri. Ef hins vegar er um að ræða að nýir aðilar koma inn og breytt er um rekstur, þ.e. tilgangi er breytt, verður eigi heimilt að nýta eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í fyrri rekstri. Að öðru leyti vísast um nánari skýringar til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 31. gr. A er fjallar um niðurfærslu. Verið er að breyta orðalagi til þess að skerpa línur en orðalag greinarinnar hefur orkað tvímælis, þ.e. að eigi megi færa niður á fimm árum þær eignir sem um ræðir í a- og b-liðum 2. mgr. greinarinnar.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er lögð til breyting á 52. gr. laganna. Lagt er til að verðlitlar tækifærisgjafir í fríðu til starfsmanna eða sambærilegar gjafir til viðskiptamanna verði heimilaðar til frádráttar í atvinnurekstri. Með tækifærisgjöf í þessu sambandi er átt við jólagjafir til starfsmanna, gjöf í tilefni af stórafmæli starfsmanns eða meiri háttar starfsafmælis. Með orðalaginu að verðmæti gjafar skuli eigi vera meira en gerist um gjafir almennt eru í reynd sett ákveðin takmörk fyrir því hversu verðmæt gjöf má vera. Orðalagið gerir ráð fyrir því að lagður sé almennur hlutlægur mælikvarði á gjöfina sem þýðir að sami mælikvarði er lagður á allar gjafir burt séð frá umfangi starfsemi eða stöðu gjafþega í starfsemi gefanda. Gjöf sem undir þetta ákvæði mundi falla væri t.d. heföbundin bók til jólagjafar. Sams konar mælikvarði á við um gjafir til viðskiptamanna.

Um 6. gr.

Lagt er til að felld verði niður nokkur orð í 54. gr. sem ekki eiga lengur við eftir að ákvæði um fjárfestingarsjóð voru felld brott.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til tæknilegar lagfæringar á bótaákvæðum laganna.

Fyrir það fyrsta er í a- og b-liðum lagt til að samræmdar verði annars vegar tekjutengingar á milli barnabótaaukakerfisins og vaxtabótakerfisins og hins vegar að sams konar reglur gildi um skuldajöfnun einstakra bóta samkvæmt greininni, jafnframt sem tekið er tillit til þeirra breytinga sem lagðar eru til í b-lið 2. gr. frumvarpsins.

Þegar breytingar voru gerðar á vaxtabótagreininni á síðasta þingi, með lögum nr. 122/1993, urðu mistök við framsetning á frumvarpstextanum þannig að 7% skerðing vegna skulda var látin koma á eftir skerðingu vaxtatekna. Hér er lögð til lagfæring á því. Jafnframt er lögð til lagfæring á lagatilvísun þar sem í núgildandi ákvæði er vísað í rangt lagaákvæði þegar vísa á í skuldaákvæði laganna við ákvörðun á eignarskerðingarstofni. Þá er og lagt til að aðilar að Búseta séu teknir út úr vaxtabótakerfinu þar sem ella er girt fyrir rétt þeirra til húsaleigubóta.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að efra þrep eignarskatts verði fellt niður. Um nánari skýringar vísast til almennra athugasemda.

Um 9. gr.

Með 1. gr. laga nr. 68/1990 var gerð breyting á 1. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þannig að sú regla var lögfest að veita skyldi eftirlifandi maka rétt til að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka sem hjón í níu mánuði án tillits til andlátsmánaðar þannig að þessi regla fluttist yfir á næsta ár ef ekki næðust níu mánuðir á andlátsárinu og var persónuafsláttur í samræmi við það. Með 2. gr. fyrrgreindra laga, nr. 68/1990, var einnig gerð breyting á 2. mgr. 81. gr. tekjuskattslaga, þannig að lögfest var að eignarskattsálagningu eftirlifandi maka skyldi hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða, þ.e. að skipta eignarskattsstofni í tvennt og reikna skatt á hvorn helming um sig. Það lækkar eignarskatt eftirlifandi maka frá fyrri framkvæmd um a.m.k. 1,2% af lágmarksstofni einstaklings eða um 42.168 kr. á árinu 1994.

Þegar ekki er um eftirlifandi maka að ræða og ekki tekst að skipta búinu fyrir áramót, m.a. vegna þess að andlátið bar að það seint á árinu, ber að skattleggja eignarskattsstofn dánarbúsins án lágmarks eignarskattsfrelsis um 1,45% í stað 1,2% (+ 0,25% sérstakan eignarskatt þegar hann á við) og nemur eignarskattur af þessari lágmarksfjárhæð 50.953 kr. á árinu 1994. „Óréttlætið" liggur í því að fyrir erfingja manns, sem deyr á fyrri hluta ársins, er möguleiki á að gera upp búið það tímanlega fyrir áramót að dreifa megi eignum dánarbúsins til erfingja sem geta notið skattfrelsismarkanna á meðan aðrir eru svo „óheppnir" að arfláti andaðist svo seint á árinu að slík búskipti verða óframkvæmanleg. Þar sem arfþegar hafa 12 mánuði til að að ganga frá skiptum væri á sama hátt „réttlætanlegt", sbr. skattlagningu hjá eftirlifandi maka, að við fyrstu álagningu eignarskatts eftir andlát væri heimilað skattfrelsismark einstaklings.

Um 10. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 91. gr. laganna. Breytingarnar eru m.a. gerðar með hliðsjón af ákvæðum frumvarps til laga um bókhald og frumvarps til laga um ársreikninga sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Í greininni er að finna það nýmæli að gert er ráð fyrir að lögaðilar skili sérstakri greinargerð um skattstofna.

Um 11. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 92. gr. er fjallar um launaskýrslur. Lagt er til að kveðið verði með ótvíræðari hætti á um skyldu til skila á verktaka- og launamiðum. Um nánari skýringar má vísa til skýringa við 4. gr.

Um 12. gr.

Í þessu ákvæði er lögð til breyting á 99. gr. er lýtur að lengingu kærufrests um einn dag. Er þessi breyting gerð til að sami frestur sé samkvæmt tekjuskattslögum og er samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þar sem algengt er að mál einstakra gjaldenda séu rekin samhliða að því varðar báða skattana og er því verið að samræma reglur að þessu leyti.

Um 13. og 14. gr.

Lagatilvísanir eru lagaðar að breyttum lögum. Í gildandi lögum er vísað til 100. gr. sem hvarf úr lögum þegar sérstök lög voru sett um yfirskattanefnd. Í þessum greinum er verið að breyta lagatilvísunum til samræmis við það.

Um 15. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á 120. gr. laganna þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra geti ákveðið skattfrelsi happdrættisvinninga þegar ágóða er varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Með þeirri breytingu á orðalagi sem hér er lögð til er orðalag 120. gr. samræmt ákvæði 3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna (sem verður 4. tölul. sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins) sem kveður á um að draga megi frá tekjum m.a. vinninga sem undanþegnar eru skatti samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra.

Um 16. gr.

Lagðar eru til breytingar á ákvæðum laganna um skattvísitölu, þannig að fjárhæð sú sem lögð er til hvað varðar húsaleigu taki breytingum í samræmi við skattvísitölu.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í þessari grein er að finna fjögur ákvæði til bráðabirgða. Bráðabirgðaákvæði I fjallar um sérstakar tímabundnar flýtifyrningar vegna fjárfestinga á árunum 1994 og 1995. Tilurð þessa ákvæðis er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá í vor þess efnis að sett skyldi í lög ákvæði um flýtifyrningar vegna fjárfestinga á þessum árum. Um nánari forsendur vísast til almennra athugasemda.

Vegna skorts á upplýsingum er erfitt að áætla með nákvæmum hætti áhrif ákvæðanna um flýtifyrningar á tekjur ríkissjóðs og þá ekki síður hvaða áhrif þau komi til með að hafa á fjárfestingar fyrirtækja. Líkur eru taldar á að fyrirtæki muni fremur ráðast í fjárfestingu á lausafjármunum með tiltölulega hátt fyrningarhlutfall, en síður í mannvirkjum þar sem fjárfesting fellur jafnan til á lengri tíma. Benda má á að skrifstofuáhöld og -tæki, t.d. tölvukerfi, má fyrna um 20% á ári. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun er fjárfesting atvinnuveganna talin verða 31,5 milljarðar kr. á þessu ári og 34 milljarðar kr. á því næsta. Hluti af þessum fjárfestingum tilheyrir hins vegar opinberum fyrirtækjum sem ekki greiða tekjuskatt. Hér er gengið út frá því að um það bil þriðjungur, eða kringum 10 milljarðar kr. hvort ár, sé líklegur fyrningargrunnur og helmingur, þ.e. 5 milljarðar kr., séu fjárfestingar fyrirtækja sem rekin eru með hagnaði. Miðað við þessar forsendur væri stofn til flýtifyrninga og áætlað „tekjutap" ríkissjóðs miðað við 10% meðalhlutfall þeirra eftirfarandi fjárhæðir næstu fjögur árin:

1995: 5 milljarðar kr. — áætlað „tekjutap" 165 m. kr.
1996: 10 milljarðar kr. — áætlað „tekjutap" 330 m. kr.
1997: 10 milljarðar kr. — áætlað „tekjutap" 330 m. kr.
1998: 5 milljarðar kr. — áætlað „tekjutap" 165 m. kr.

Tekið skal fram að þessi áætlun er háð mikilli óvissu og jafnframt að hér er ekki um tekjutap ríkissjóðs að ræða í eiginlegum skilningi heldur tekjutilfærslu án þess þó hægt sé að segja um það fyrir fram hvort og þá hvenær þær tekjur skili sér í ríkissjóð.

Bráðabirgðaákvæði II kveður á um að leysa skuli upp varasjóði sem myndaðir hafa verið samkvæmt eldri skattalögum og kunna enn að vera til staðar í einstökum tilfellum. Með lögum nr. 8/1984 var tekið upp það nýmæli að menn og lögaðilar, sem höfðu skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, máttu draga frá tiltekið hlutfall frá þeim tekjum og mynda fjárfestingarsjóð. Þrátt fyrir að ákvæði þetta kæmi í stað eldra ákvæðis um myndun varasjóðs var það valkvætt fyrir lögaðila til og með rekstrarársins 1986 að draga frá tekjum tillög í varasjóð í stað fjárfestingarsjóðs. Engin ákvæði voru um upplausn varasjóðs en í ákvæðum til bráðabirgða var tekið fram að öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skyldu gilda varðandi varasjóðstillög uns varasjóði hefði verið ráðstafað að fullu. Samkvæmt ákvæðum í þágildandi 54. og 55. gr. laganna ber að ráðstafa varasjóði til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi og sé varasjóði ráðstafað á annan hátt skuli telja þá fjárhæð, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna að viðbættu 25% álagi. Með brottfalli heimildar til að draga frá tekjum fjárfestingarsjóðstillag frá og með rekstrarárinu 1992 samkvæmt lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, og með vísan til 10. gr. laga nr. 8/1984, þar sem breytt var 54. gr. laga nr. 75/1981, ber að færa til tekna óráðstöfuð fjárfestingartillög ársins 1991 á tekjuárinu 1998, skattframtal 1999. Þar með hverfur fjárfestingarsjóður úr bókum aðila. Eftir geta staðið óráðstöfuð varasjóðstillög eldri ára um ókomna tíð. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um hvað stóran hóp gjaldenda er að ræða eða fjárhæð varasjóða, en varasjóðir, sem myndaðir hafa verið samkvæmt skattalögum, eru ekki verðbættir með endurmati og hafa því rýrnað allmjög á undanförnum árum og því ólíklegt að um verulegar fjárhæðir sé að ræða. Lagt er til að fjárhæð tekjufærslu verði valkvæð á árunum 1994–1998 og heimilað verði að fyrna viðbótarfyrningu sem ekki er heimilt samkvæmt gildandi ákvæðum laganna.

Í bráðabirgðaákvæði III er lagt til að lagður verði sérstakur 5% tekjuskattur á tekjur manna umfram ákveðin mörk. Ákvæðið er sambærilegt við gildandi ákvæði hér að lútandi, en þó eru fjárhæðarmörk lítillega hækkuð.

Í bráðabirgðaákvæði IV er kveðið á um fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts samkvæmt bráðabirgðaákvæði III.

364. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Einarsdóttur og Kristínu Sigurðardóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 170 Atvinnumál kvenna.	
Fyrir „20.000“ kemur	200.000

365. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 03-390 101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	
Fyrir „156.500“ kemur	180.000

366. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Jóhanni Ársælssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 11-371 621 Styrking dreifikerfis í sveitum.	
Fyrir „14.600“ kemur	25.000
Varatillaga:	
Fyrir „14.600“ kemur	19.200

367. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 10-330 Vita- og hafnamálastofnun. Nýr liður: 681 Til undirbúnings styrkingu Kolbeinseyjar	5.000
2. Við 4. gr. 10-472 680 Flugvellir, framkvæmdir. Fyrir „323.000“ kemur	393.000
3. Við 4. gr. 10-651 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985. Fyrir „68.000“ kemur	90.000

368. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Svavari Gestssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Pétri Bjarnasyni og Valgerði Sverrisdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-905 101 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Fyrir „117.800“ kemur	197.800

369. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Svavari Gestssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Pétri Bjarnasyni og Valgerði Sverrisdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 106 Kennslu- og vísindadeildir. Fyrir „983.500“ kemur	1.183.500

370. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Svavari Gestssyni og Pétri Bjarnasyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-799 Heyrnleysingjaskólinn. 102 Annað en kennsla.	
Fyrir „12.600“ kemur	16.400

371. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Ragnari Arnalds.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-884 101 Jöfnun á námskostnaði.	
Fyrir „86.500“ kemur	130.000
2. Við 4. gr. 02-981 Kvikmyndasjóður.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „78.500“ kemur	118.000
b. Við 102 Kvikmyndasafn Íslands.	
Fyrir „1.600“ kemur	3.000

372. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 11-399 115 Niðurgreiðsla á rafhitun.	
Fyrir „397.000“ kemur	497.000

373. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

5.6 Að endurgreiða kostnað af endurteknum kosningum um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningum sem leitt hefur eða mun leiða af mistökum við undirbúning að kosningum um sameiningu sveitarfélaga á síðastliðnum tveimur árum.

374. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
109 Kvennarannsóknir	10.000

375. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 03-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
112 Styrkir til kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking	5.000

376. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. málsl. 3. efnismgr. 1. gr. orðist svo: Framleiðsluráð skal skipað árlega við lok hvers reglulegs búnaðarþings.

377. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-720 190 Grunnskólar, óskipt.	
Fyrir „26.200“ kemur	76.200
2. Við 4. gr. Nýr liður:	
02-980 Listskreytingasjóður.	
101 Almennur rekstur	12.000
3. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög. Nýr liður:	
160 Jöfnunaraðstoð við skipasmíðar	70.000

378. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um hópuppsagnir, nr. 95/1992.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Vélstjórafélagi Íslands, Eyþingi, Alþýðusambandi Íslands, Samiðn, Bandalagi háskólamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálasambandinu, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Sjómannasambandi Íslands og komu ekki fram athugasemdir um efni frumvarpsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Gísli S. Einarsson, Eggert Haukdal, Jón Helgason og Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi, 13. des. 1994.

Guðrún J. Halldórsdóttir, varaform., frsm. Jón Kristjánsson. Guðjón Guðmundsson.

Kristinn H. Gunnarsson. Einar K. Guðfinnsson.

379. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Svavari Gestssyni, Valgerði Sverrisdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
110 Sumarmissiri	30.000

380. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

	Þús. kr.
Við 3. gr. Nýr liður:	
07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	
601 Stofnkostnaður	85.000

381. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 06-395 190 Landhelgisgæsla Íslands.	
Fyrir „608.900“ kemur	683.900

Greinargerð.

Lögð er til hækkun á framlagi til Landhelgisgæslunnar til að reka hina nýju björgunarþyrlu. Gert er ráð fyrir því að a.m.k. 60 millj. kr. þurfi til að halda þyrlunni úti með eðlilegum hætti án þess að það komi niður á öðrum þáttum í starfi gæslunnar. Ekki er gert ráð fyrir framlögum í þessu skyni í frumvarpinu. Þá er einnig lögð til 15 millj. kr. hækkun til að unnt verði að halda úti varðskipi við gæslustörf á Barentshafi á næsta ári.

382. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]

um endurskoðun á lánskjaravísitölu.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga hvort ekki sé rétt að gera þá breytingu á lánskjaravísitölu að hún verði samsett að hálfu úr vísitölu verðlags á Íslandi og að hálfu úr gengisvísitölu ECU-gjaldmiðilsins. Alþingi verði gerð grein fyrir niðurstöðu athugunarinnar.

Greinargerð.

Í þriðja skipti á liðlega áratug standa stjórnvöld frammi fyrir vanda sem skapast hefur í tengslum við lánskjaravísitölu. Í framhaldi af setningu svokallaðra Ólafslaga 1979 var ákveðið að verðtryggja fjárskuldbindingar og innstæður eftir vísitölu sem miðaðist við framfærslu- og byggingarkostnað. Í þeim lögum var gert ráð fyrir að kaupgjald yrði

einnig vísitölubundið á grundvelli lánskjara og viðskiptakjara. Fljótlega kom í ljós að í sveiflukenndu efnahagslífi á Íslandi var útilokað að þessi skipan gæti haldið. Upphófst mikill „eltingarleikur" þar sem launin eltu lánskjaravísitöluna sem hækkaði síðan verðlagið sem aftur hækkaði lánskjaravísitöluna og launin og síðan koll af kolli. Í þessum hrunadansi dansaði síðan ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens allt til ársins 1983 er hún hneig niður þegar verðbólguhitamælirinn sýndi 130 stig. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem síðan tók við, beitti sér fyrir afnámi á vísitölutengingu launa en hélt lánskjaravísitölunni óbreyttri. Færð hafa verið fyrir því rök að sú ákvörðun hafi leitt yfir hluta þjóðarinnar einhverja mestu efnahagsörðugleika sem dæmi eru um á lýðveldistímanum.

Í framhaldi af mikilli gagnrýni á lánskjaravísitöluna var stjórnskipaðri nefnd árið 1988 falið að kanna möguleika á breytingu á grundvelli hennar. Komst nefndin að því að engar lagalegar hindranir væru fyrir breytingu á þeim þáttum sem notaðir væru í grunn vísitölunnar enda væru breytingarnar ekki afturvirkar. Einnig mætti nota aðrar viðmiðanir en þá voru í vísitölunni. Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu átti sæti í fyrrnefndri nefnd og þrátt fyrir stuðning við meginniðurstöðu nefndarinnar skilaði hann séráliti og taldi verðlags- og launatengingu vera ónothæfa vegna verðbólguáhrifa sjálfrar vísitölunnar, ekki síst vegna þess að þá voru margir framleiðendur og seljendur þjónustu, bæði opinberar stofnanir og fyrirtæki, farnir að miða verðlagningu sína við lánskjaravísitölu með sjálfvirkum hætti. Og þegar fjármagnskostnaður (verðbætur og vextir) var einnig settur inn í lánskjaravísitöluna var kominn sjálfvirkur hitagjafi á hitamælinn.

Á þessum tíma var fyrirsjáanlegt að stjórnvöld stefndu að opnun íslensks fjármagnsmarkaðar og var í fyrrnefndu séráliti lagt til að tekin yrði upp gengisviðmiðun í stað verðlagsviðmiðunar. Þess í stað ákváðu stjórnvöld hins vegar, m.a. að kröfu verkalýðshreyfingarinnar, að breyta vísitölugrunninum þannig að launavísitölu var bætt við vísitölu framfærslu- og byggingarkostnaðar. Vógu laun þá beint og óbeint a.m.k. 60–70% í lánskjaravísitölunni. Má segja að þar hafi gráu verið bætt ofan á svart, enda verið að festa í sessi lök lífskjör þeirra kynslóða sem hafa verið að koma sér þaki yfir höfuðið síðustu 15 árin eða svo.

Nú, eftir sjö ára efnahagsþrengingar, eru vísbendingar um betri tíð og aukinn kaupmátt. Með núverandi fyrirkomulagi er ljóst að hin skuldugu heimili munu ekki njóta góðs af því vegna þeirra mistaka sem gerð voru með breytingu á lánskjaravísitölunni árið 1989. Í ljósi þess að íslenskur fjármagnsmarkaður verður opinn og frjáls um næstu áramót er augljóst að ekki er lengur þörf á sérstakri verndun sparifjár vegna verðbólgu hér á landi. Vextir og gengi gjaldmiðla munu ráða ákvörðunum manna um ráðstöfun sparifjár hér sem annars staðar. Þessi vegna ætti að vera óþarfi að nota lánskjaravísitölu á almennum sparifjármarkaði eftir 1. janúar 1995. Hins vegar verður að hafa í huga að gríðarlegir fjármunir eru nú bundnir lánskjaravísitölu. Einkum er þar um að ræða fé sem lífeyrissjóðir hafa lánað til mjög langs tíma til húsnæðisöflunar, bæði beint og í gegnum opinbera húsnæðislánasjóði. Þess vegna verður lánskjaravísitala ekki afnumin með einu pennastriki.

Í ljósi framanritaðs er með þessari þingsályktunartillögu lagt til að ríkisstjórninni verði falið að athuga hvort ekki sé rétt að laga grundvöll lánskjaravísitölu að breyttu efnahagslegu umhverfi þjóðarinnar. Til greina kemur að miða hana alfarið við ECU en hér er lagt til að skoðað verði sérstaklega hvort ekki sé eðlilegt að halda verðlagsviðmiðuninni að hálfu á móti gjaldeyrisviðmiðuninni. Þess er óskað að athuguninni verði hraðað eins og unnt er og Alþingi gerð grein fyrir niðurstöðunni.

383. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1995.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	M.kr.	M.kr.
Tekjur		**109.413,0**
Beinir skattar	22.530,0	
Óbeinir skattar	79.418,0	
Vaxtatekjur	4.500,0	
Aðrar tekjur	2.965,0	
Gjöld		**116.311,9**
Samneysla	48.636,3	
Rekstrargjöld	45.170,0	
Viðhald	3.466,3	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	45.536,8	
Vaxtagreiðslur	12.000,0	
Fjárfesting	10.138,8	
Stofnkostnaður	6.647,8	
Fjármagnstilfærslur	3.491,0	
Gjöld umfram tekjur		**6.898,9**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1.190,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	8.540,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-7.350,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		500,0
Viðskiptareikningar		500,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**9.088,9**
Afborganir af teknum lánum		12.500,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**21.588,9**
Lántökur		21.250,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-338,9**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1994 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.286,7**
	Embætti forseta Íslands	48,2	
	Alþingi og stofnanir þess	1.030,4	
	Ríkisstjórn	68,6	
	Annað	139,5	
01	**Forsætisráðuneyti**		**483,8**
	Ráðuneyti	97,7	
	Annað	386,1	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.805,8**
	Ráðuneyti	261,0	
	Háskólar og rannsóknir	2.832,4	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.679,7	
	Grunnskólar og sérskólar	5.500,8	
	Námsaðstoð	1.610,2	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.199,4	
	Annað	722,3	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.760,5**
	Ráðuneyti	371,4	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	138,0	
	Sendiráð og fastanefndir	635,3	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir	615,8	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.927,4**
	Ráðuneyti	108,2	
	Landbúnaðarstofnanir	496,3	
	Skógrækt og landgræðsla	405,1	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.319,0	
	Ýmis framlög	598,8	
	Flutt		27.264,2

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1994 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.450,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.630,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
4111	Eignarskattur félaga	1.140,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	220,0	
4118	Erfðafjárskattur	310,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**18.600,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	15.000,0	
4126	Tekjuskattur félaga	3.600,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**480,0**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	480,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.475,0**
4200	Tollar	1.475,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**334,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	10,0	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	46,0	
42154	Kartöflugjald	137,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35,0	
4217	Jöfnunartollur	106,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**120,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	120,0	
	Flutt		24.459,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		27.264,2
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**1.095,4**
	Ráðuneyti	202,0	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	893,4	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.694,0**
	Ráðuneyti	151,6	
	Dómsmál	560,7	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	2.084,1	
	Sýslumenn	2.021,9	
	Fangelsismál	431,0	
	Kirkjumál	444,7	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**8.899,1**
	Ráðuneyti	95,5	
	Húsnæðismál	1.008,0	
	Stjórnsýslustofnanir	150,7	
	Málefni barna og ungmenna	261,8	
	Málefni fatlaðra	1.893,3	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.947,0	
	Vinnumál	3.388,4	
	Rekstrarhagræðing	20,0	
	Annað	134,4	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**45.496,8**
	Ráðuneyti	128,5	
	Tryggingamál	26.659,6	
	Sjúkrastofnanir	16.491,1	
	Heilsugæsla	1.615,1	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	181,8	
	Rekstrarhagræðing	82,3	
	Annað	338,4	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**17.953,9**
	Ráðuneyti	408,5	
	Skatta- og tollamál	1.558,3	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2.465,0	
	Vextir	12.000,0	
	Rekstrarhagræðing	3,1	
	Annað	1.519,0	
	Flutt		106.403,4

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		24.459,0
423	**Vörugjöld**		**10.858,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.120,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.570,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.375,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	2.655,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	138,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**40.850,0**
4250	Virðisaukaskattur	40.850,0	
426	**Skattar af orku**		**88,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	88,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.873,0**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.865,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**77,0**
42801	Skemmtanaskattur	67,5	
42802	Miðagjald	9,5	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**984,0**
4290	Aukatekjur	975,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**10.900,0**
43001	Tryggingagjald	10.900,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**6.859,0**
4310	Þinglýsingar	112,0	
4311	Stimpilgjald	2.300,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.490,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	585,0	
43131	Bifreiðagjald	1.840,0	
43142	Vitagjald	58,0	
43143	Skipaskoðunargjald	64,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	350,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	60,0	
	Flutt		101.948,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		106.403,4
10	**Samgönguráðuneyti**		**7.886,7**
	Ráðuneyti	239,4	
	Vegamál	6.175,0	
	Siglingamál	877,5	
	Flugmál	477,4	
	Ferðamál	117,4	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.006,8**
	Ráðuneyti	56,7	
	Iðnaðarmál	230,5	
	Orkumál	719,6	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**174,3**
	Ráðuneyti	79,2	
	Viðskiptamál	95,1	
13	**Hagstofa Íslands**		**148,6**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**692,1**
	Ráðuneyti	134,5	
	Náttúruvernd	175,1	
	Skipulagsmál	102,7	
	Rannsóknir	279,8	
	Gjöld samtals		116.311,9

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		101.948,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**100,0**
4719	Sala eigna	100,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.500,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	2.000,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.500,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.540,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	580,0	
48206	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.000,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	100,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**325,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	225,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		109.413,0
	Gjöld umfram tekjur		6.898,9
	Samtals		116.311,9

Eftirtaldir liðir 4. gr. breytast og hljóða svo:

00–201 Alþingi	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		708 200
1 01 Alþingiskostnaður	261 000	
1 02 Aðalskrifstofa	51 600	
1 03 Þingmálaskrifstofa	115 300	
1 04 Rekstrarskrifstofa	162 600	
1 05 Alþjóðasamstarf þingmanna	25 400	
1 06 Norðurlandaráð	48 900	
1 07 Hús Jóns Sigurðssonar	6 200	
1 08 Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	36 700	
Viðhaldsverkefni:		34 000
5 20 Fasteignir	34 000	
Stofnkostnaður:		12 000
6 01 Tæki og búnaður	12 000	
Gjöld samtals		754 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	377 900	
52–58 Önnur gjöld	334 300	
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	38 000	
5918 Til erlendra aðila	4 000	
5 Gjöld samtals	754 200	
4 Sértekjur	7 100	
Mismunur		**747 100**

00–610 Umboðsmaður Alþingis		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		26 600
1 01 Umboðsmaður Alþingis	26 600	
Stofnkostnaður:		3 800
6 01 Tæki og búnaður	3 800	
Gjöld samtals		30 400
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	15 100	
52–58 Önnur gjöld	15 300	
5 Gjöld samtals		**30 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			155 400
1 01	Ríkisendurskoðun	155 400	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		157 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 000	
52–58	Önnur gjöld	49 400	
5	Gjöld samtals	157 400	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**152 900**
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 100
1 01	Yfirstjórn	61 300	
1 20	Stjórnarráðshús	9 800	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 20	Stjórnarráðshús	3 000	
	Gjöld samtals		74 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	38 500	
5	Gjöld samtals		**74 100**
01–231 Norræna ráðherranefndin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 500
1 01	Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	18 200	
1 61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	78 200	
1 91	Þing Norðurlandsaráðs í Reykjavík	7 100	
	Gjöld samtals		103 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	15 700	
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	78 200	
5	Gjöld samtals	103 500	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**102 200**

01–241 Umboðsmaður barna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 500
1 01	Umboðsmaður barna	7 500	
	Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	2 300	
5	Gjöld samtals		**7 500**

02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			240 000
1 01	Yfirstjórn	240 000	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		243 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	144 000	
52–58	Önnur gjöld	99 000	
5	Gjöld samtals		**243 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 691 500
1 01	Yfirstjórn	108 500	
1 02	Sameiginleg útgjöld	289 600	
1 03	Rekstur fasteigna	180 600	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	112 100	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	990 800	
1 07	Alþjóðaskrifstofa	8 100	
1 08	Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ	1 800	
Viðhaldsverkefni:			90 000
5 50	Fasteignir	90 000	
Stofnkostnaður:			150 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	150 000	
	Gjöld samtals		1 931 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 287 000	
52–58	Önnur gjöld	644 500	
5	Gjöld samtals	1 931 500	
4	Sértekjur	423 500	
	Mismunur		**1 508 000**
02–210 Háskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 700
1 01	Háskólinn á Akureyri	165 600	
1 02	Rannsóknastarfsemi	11 100	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Fasteignir	5 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		191 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 900	
52–58	Önnur gjöld	55 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 100	
5	Gjöld samtals	191 700	
4	Sértekjur	9 800	
	Mismunur		**181 900**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			288 500
1 01	Yfirstjórn	32 100	
1 02	Rannsóknastarfsemi	22 900	
1 03	Rekstur fasteigna	40 800	
1 04	Stoðþjónusta	25 500	
1 05	Kennsla	146 900	
1 20	Endurmenntun	20 300	
Viðhaldsverkefni:			35 000
5 01	Fasteign	25 000	
5 10	Varmaland	10 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		333 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	208 600	
52–58	Önnur gjöld	95 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	29 200	
5	Gjöld samtals	333 500	
4	Sértekjur	14 000	
	Mismunur		**319 500**

02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 900
1 15	Nýsköpunarsjóður	10 000	
1 61	Norræna eldfjallastöðin	5 000	
1 90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	28 900	
	Gjöld samtals		43 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	38 900	
5	Gjöld samtals		**43 900**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			174 000
5 80	Viðhald herma	9 000	
5 90	Viðhald	165 000	
Stofnkostnaður:			565 000
6 40	Tæki og búnaður	9 000	
6 50	Tölvubúnaður	10 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	546 000	
	Gjöld samtals		739 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	203 000	
52–58	Önnur gjöld	536 000	
5	Gjöld samtals		**739 000**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			262 000
1 11	Sameiginleg þjónusta	4 900	
1 12	Orlof kennara	24 000	
1 13	Forfallakennsla	23 100	
1 14	Sérkennsla	37 000	
1 15	Prófkostnaður	23 100	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	13 500	
1 17	Námsskrárgerð	25 000	
1 18	Námsefnisgerð	10 000	
1 19	Kennslueftirlit	8 000	
1 20	Framhaldsdeildir	15 400	
1 21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna	14 300	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	5 000	
1 30	Endurmenntun	16 300	
1 33	Myndlistarskólinn Akureyri	8 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 35	Myndlistarskólinn í Kópavogi	500	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	29 900	
	Gjöld samtals		262 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	192 100	
52–58	Önnur gjöld	11 700	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 500	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	14 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 400	
5	Gjöld samtals		**262 000**

02–506 Vélskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 300
1 01	Kennsla í dagskóla	33 900	
1 02	Annað en kennsla	12 400	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		51 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 500	
52–58	Önnur gjöld	11 800	
5	Gjöld samtals	51 300	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**49 900**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 000
1 01	Kennsla	20 000	
1 02	Annað en kennsla	21 000	
	Gjöld samtals		41 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	18 200	
5	Gjöld samtals	41 000	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**39 200**

02–725 Námsgagnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			286 500
1 01	Námsgagnastofnun	286 500	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 20	Brautarholt 6	5 000	
	Gjöld samtals		291 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 000	
52–58	Önnur gjöld	230 500	
5	Gjöld samtals	291 500	
4	Sértekjur	40 300	
	Mismunur		**251 200**

02–884 Jöfnun á námskostnaði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 200
1 01	Jöfnun á námskostnaði	96 500	
1 10	Skólaakstur	13 700	
	Gjöld samtals		110 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	110 200	
5	Gjöld samtals		**110 200**

02–902 Þjóðminjasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 700
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	79 700	
1 10	Byggða- og minjasöfn	13 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 90	Verndun gamalla húsa	15 000	
Stofnkostnaður:			36 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 03	Nesstofa	5 000	
6 10	Byggða- og minjasöfn	10 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu	19 000	
	Gjöld samtals		143 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 100	
52–58	Önnur gjöld	66 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 000	
5	Gjöld samtals	143 700	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**139 500**

02–903 Þjóðskjalasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 700
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	48 700	
1 11	Héraðsskjalasöfn	3 000	
Viðhaldsverkefni:			19 000
5 01	Fasteignir	19 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		72 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 300	
52–58	Önnur gjöld	32 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 000	
5	Gjöld samtals	72 700	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**71 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	108 000	
	Gjöld samtals		108 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	108 000	
5	Gjöld samtals		**108 000**
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 600
1 01	Kvikmyndasjóður	100 000	
1 02	Kvikmyndasafn Íslands	1 600	
	Gjöld samtals		101 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	89 500	
5	Gjöld samtals		**101 600**
02–989 Ýmis íþróttamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 500
1 10	Íþróttasamband Íslands	24 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	3 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 500	
1 14	Íþróttasamband fatlaðra	8 500	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	14 500	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	1 300	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	6 500	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 90	Ýmis íþróttamál	10 700	
Stofnkostnaður:			5 000
6 11	Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		77 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	71 000	
5	Gjöld samtals		**77 500**

03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			326 300
1 01	Yfirstjórn	200 700	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	18 000	
1 23	Ráðstefna ræðismanna	20 000	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	7 600	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	67 500	
1 51	Útflutningsráð Íslands	2 000	
1 53	Þýðingamiðstöð	10 500	
Stofnkostnaður:			4 800
6 01	Tæki og búnaður	4 800	
	Gjöld samtals		331 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	107 100	
52–58	Önnur gjöld	219 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals	331 100	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**329 100**

03–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 300
1 11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	1 500	
1 21	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	800	
	Gjöld samtals		2 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800	
	5918 Til erlendra aðila	1 500	
5	Gjöld samtals		**2 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			160 600
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	160 600	
	Gjöld samtals		160 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	160 600	
5	Gjöld samtals		**160 600**
03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 200
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	32 000	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	7 700	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	19 800	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	9 700	
1 14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	33 900	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	14 100	
	Gjöld samtals		117 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	117 200	
5	Gjöld samtals		**117 200**
03–401 Alþjóðastofnanir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			338 000
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	21 500	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	7 100	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	5 900	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	3 300	
1 39	Evrópuráðið	15 200	
1 40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	15 300	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	42 400	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	2 800	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	600	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	500	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	400	
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	23 500	
1 59	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAMIR	1 900	
1 62	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL	600	
1 63	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	500	
1 64	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM	18 700	
1 66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ	6 700	
1 67	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Úganda, UNOMUR	1 900	
1 68	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL	1 100	
1 69	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Sahara, MINURSO	800	
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	32 500	
1 71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	23 500	
1 72	EFTA-dómstóllinn	16 200	
1 73	Þróunarsjóður EFTA	85 500	
1 75	Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE	8 800	
	Gjöld samtals		338 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	338 000	
5	Gjöld samtals		**338 000**

04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 300
1 01	Yfirstjórn	70 300	
	Gjöld samtals		70 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	34 700	
5	Gjöld samtals	70 300	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**67 300**

04–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 000
1 11	Framkvæmd búvörusamnings	10 100	
1 12	Mat á búvörum	8 100	
1 15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6 800	
1 21	Landþurrkun	500	
1 31	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
1 35	Landgræðslusjóður	3 000	
1 40	Landgræðsluáætlanir	3 100	
1 51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5 400	
1 61	Endurmenntun	2 000	
1 90	Ýmis verkefni	1 000	
	Gjöld samtals		43 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 600	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
	5918 Til erlendra aðila	5 400	
5	Gjöld samtals	43 000	
4	Sértekjur	8 100	
	Mismunur		**34 900**

04–261 Bændaskólinn á Hvanneyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 600
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	137 600	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Viðhaldsfé	4 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	6 000	
	Gjöld samtals		151 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	85 100	
52–58	Önnur gjöld	66 700	
5	Gjöld samtals	151 800	
4	Sértekjur	72 900	
	Mismunur		**78 900**

04–271 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 000
1 01	Bændaskólinn á Hólum	81 000	
Viðhaldsverkefni:			4 300
5 01	Viðhaldsfé	4 300	
Stofnkostnaður:			17 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	15 000	
	Gjöld samtals		102 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 600	
52–58	Önnur gjöld	51 700	
5	Gjöld samtals	102 300	
4	Sértekjur	28 000	
	Mismunur		**74 300**

05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 800
1 01	Yfirstjórn	71 800	
	Gjöld samtals		71 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 900	
52–58	Önnur gjöld	26 900	
5	Gjöld samtals		**71 800**

05–201 Fiskifélag Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Fiskifélag Íslands	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 500
1 01	Yfirstjórn	97 500	
	Gjöld samtals		97 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 600	
52–58	Önnur gjöld	30 900	
5	Gjöld samtals		**97 500**

06–701 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			439 200
1 01	Yfirstjórn	42 000	
1 11	Vígslubiskup Skálholti	3 300	
1 13	Vígslubiskup Hólum	3 300	
1 15	Kirkjumiðstöð Austurlands	1 600	
1 21	Prestar og prófastar	364 600	
1 31	Kristnisjóður	18 300	
1 91	Skálholtsstaður	6 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			16 500
6 21	Skálholtsstaður	6 500	
6 22	Hallgrímskirkja	6 000	
6 23	Hóladómkirkja	2 000	
6 24	Snorrastofa	2 000	
	Gjöld samtals		455 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	336 700	
52–58	Önnur gjöld	99 100	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	18 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 600	
5	Gjöld samtals	455 700	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**444 700**

07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 600
1 01	Yfirstjórn	81 200	
1 90	Reynslusveitarfélög	7 400	
1 99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	2 000	
	Gjöld samtals		90 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 100	
52–58	Önnur gjöld	39 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 200	
5	Gjöld samtals	90 600	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**90 500**

08–101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 700
1 01	Yfirstjórn	121 700	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		124 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 400	
52–58	Önnur gjöld	55 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	124 700	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**120 500**

08–301 Landlæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 000
1 01	Yfirstjórn	39 400	
1 10	Læknaráð	1 900	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		42 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 800	
52–58	Önnur gjöld	14 200	
5	Gjöld samtals		**42 000**

08–350 Sjúkrahúsið Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			448 900
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	448 900	
	Gjöld samtals		448 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	318 100	
52–58	Önnur gjöld	130 800	
5	Gjöld samtals	448 900	
4	Sértekjur	43 700	
	Mismunur		**405 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 300
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	73 300	
	Gjöld samtals		73 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 400	
52–58	Önnur gjöld	23 900	
5	Gjöld samtals	73 300	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**70 300**
08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 500
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	234 500	
	Gjöld samtals		234 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	164 500	
52–58	Önnur gjöld	70 000	
5	Gjöld samtals	234 500	
4	Sértekjur	32 700	
	Mismunur		**201 800**
08–355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			122 400
1 01	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	122 400	
	Gjöld samtals		122 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 800	
52–58	Önnur gjöld	29 600	
5	Gjöld samtals	122 400	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**115 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			276 800
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	276 800	
	Gjöld samtals		276 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	204 200	
52–58	Önnur gjöld	72 600	
5	Gjöld samtals	276 800	
4	Sértekjur	18 800	
	Mismunur		**258 000**
08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 100
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	133 100	
	Gjöld samtals		133 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 200	
52–58	Önnur gjöld	42 900	
5	Gjöld samtals	133 100	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**124 700**
08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 281 300
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 281 300	
Viðhaldsverkefni:			20 800
5 01	Fasteign	20 800	
Stofnkostnaður:			50 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	40 000	
	Gjöld samtals		1 352 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	872 100	
52–58	Önnur gjöld	480 000	
5	Gjöld samtals	1 352 100	
4	Sértekjur	162 000	
	Mismunur		**1 190 100**

08–359 Sjúkrahúsið Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			249 900
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	249 900	
	Gjöld samtals		249 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	176 400	
52–58	Önnur gjöld	73 500	
5	Gjöld samtals	249 900	
4	Sértekjur	25 900	
	Mismunur		**224 000**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 500
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	91 500	
	Gjöld samtals		91 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 300	
52–58	Önnur gjöld	37 200	
5	Gjöld samtals	91 500	
4	Sértekjur	4 900	
	Mismunur		**86 600**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 500
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	177 500	
	Gjöld samtals		177 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 700	
52–58	Önnur gjöld	48 800	
5	Gjöld samtals	177 500	
4	Sértekjur	20 000	
	Mismunur		**157 500**

08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 900
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	100 900	
	Gjöld samtals		100 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 600	
52–58	Önnur gjöld	26 300	
5	Gjöld samtals	100 900	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**95 900**

08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			239 100
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	239 100	
	Gjöld samtals		239 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	172 200	
52–58	Önnur gjöld	66 900	
5	Gjöld samtals	239 100	
4	Sértekjur	31 200	
	Mismunur		**207 900**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 300
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	192 300	
	Gjöld samtals		192 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	136 200	
52–58	Önnur gjöld	56 100	
5	Gjöld samtals	192 300	
4	Sértekjur	21 300	
	Mismunur		**171 000**

08–367 Sjúkrahúsið Suðurnesjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			283 700
1 01	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	223 500	
1 10	Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	60 200	
	Gjöld samtals		283 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	193 000	
52–58	Önnur gjöld	90 700	
5	Gjöld samtals	283 700	
4	Sértekjur	51 500	
	Mismunur		**232 200**

08–368 Sólvangur, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			225 200
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	225 200	
	Gjöld samtals		225 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 000	
52–58	Önnur gjöld	48 200	
5	Gjöld samtals	225 200	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**216 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	2 500	
Stofnkostnaður:			80 000
6 50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	80 000	
	Gjöld samtals		82 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
52–58	Önnur gjöld	80 500	
5	Gjöld samtals		**82 500**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 844 900
1 01	Ríkisspítalar	6 844 900	
Viðhaldsverkefni:			74 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	74 000	
Stofnkostnaður:			239 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	95 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	144 000	
	Gjöld samtals		7 157 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 435 900	
52–58	Önnur gjöld	2 722 000	
5	Gjöld samtals	7 157 900	
4	Sértekjur	795 000	
	Mismunur		**6 362 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–372 Borgarspítalinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 261 400
1 01	Borgarspítalinn	3 261 400	
Viðhaldsverkefni:			40 000
5 01	Fasteign	40 000	
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
	Gjöld samtals		3 326 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 207 400	
52–58	Önnur gjöld	1 119 000	
5	Gjöld samtals	3 326 400	
4	Sértekjur	445 700	
	Mismunur		**2 880 700**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			907 000
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	907 000	
Viðhaldsverkefni:			6 600
5 01	Viðhald	6 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		923 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	600 100	
52–58	Önnur gjöld	323 500	
5	Gjöld samtals	923 600	
4	Sértekjur	172 600	
	Mismunur		**751 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–378 Læknishéraðasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			25 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	25 000	
Stofnkostnaður:			285 600
6 60	Tækjakaup, óskipt	17 400	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	268 200	
	Gjöld samtals		310 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	310 600	
5	Gjöld samtals		**310 600**
08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			251 000
1 01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	251 000	
Stofnkostnaður:			229 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	229 000	
	Gjöld samtals		480 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	480 000	
5	Gjöld samtals		**480 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–393 Lyfjamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 500
1 31	Lyfsölusjóður	1 900	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	4 000	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	300	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	300	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	1 000	
	Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	7 500	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**6 600**
08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 100
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	15 100	
	Gjöld samtals		15 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	15 100	
4	Sértekjur	15 100	
	Mismunur		
08–396 Lyfjanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 700
1 01	Lyfjanefnd	14 700	
	Gjöld samtals		14 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 400	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals	14 700	
4	Sértekjur	14 700	
	Mismunur		

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 200
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	100 500	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 500	
1 37	Hjartavernd	10 300	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	45 300	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	8 900	
1 59	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	12 000	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 300	
1 81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	7 900	
1 90	Ýmis framlög	8 000	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 500	
	Gjöld samtals		234 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	38 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	177 500	
	5918 Til erlendra aðila	14 200	
5	Gjöld samtals		**234 200**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			260 400
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	260 400	
	Gjöld samtals		260 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	179 900	
52–58	Önnur gjöld	80 500	
5	Gjöld samtals	260 400	
4	Sértekjur	49 500	
	Mismunur		**210 900**

08–401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 900
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	113 900	
	Gjöld samtals		113 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 400	
52–58	Önnur gjöld	31 500	
5	Gjöld samtals	113 900	
4	Sértekjur	8 900	
	Mismunur		**105 000**

08–402 Sjúkrahús Hvammstanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 300
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	89 300	
	Gjöld samtals		89 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 800	
52–58	Önnur gjöld	25 500	
5	Gjöld samtals	89 300	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**87 100**

08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 300
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	43 300	
	Gjöld samtals		43 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 100	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals	43 300	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**42 500**

08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 900
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	25 900	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 900	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	25 900	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**25 500**

08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	12 300	
	Gjöld samtals		12 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	12 300	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**12 200**

08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	12 300	
	Gjöld samtals		12 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	12 300	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**12 200**

08–407 Sundabúð II, Vopnafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 400
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	28 400	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	28 400	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**26 000**

08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			135 300
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	135 300	
	Gjöld samtals		135 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	97 700	
52–58	Önnur gjöld	37 600	
5	Gjöld samtals	135 300	
4	Sértekjur	14 500	
	Mismunur		**120 800**

08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			274 900
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	274 900	
	Gjöld samtals		274 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	192 200	
52–58	Önnur gjöld	82 700	
5	Gjöld samtals	274 900	
4	Sértekjur	10 000	
	Mismunur		**264 900**

08–410 Hjúkrunarheimilið Eir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 600
1 01	Hjúkrunarheimilið Eir	139 600	
	Gjöld samtals		139 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	99 800	
52–58	Önnur gjöld	39 800	
5	Gjöld samtals	139 600	
4	Sértekjur	12 000	
	Mismunur		**127 600**

08–411 Garðvangur, Garði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 000
1 01	Garðvangur, Garði	99 000	
	Gjöld samtals		99 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 800	
52–58	Önnur gjöld	30 200	
5	Gjöld samtals	99 000	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**97 300**

08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 100
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	209 100	
	Gjöld samtals		209 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	126 300	
52–58	Önnur gjöld	82 800	
5	Gjöld samtals	209 100	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**201 900**

08–421 Víðines

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 000
1 01	Víðines	74 000	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 600	
52–58	Önnur gjöld	31 400	
5	Gjöld samtals	74 000	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**66 900**

08–422 Hlaðgerðarkot

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 800
1 01	Hlaðgerðarkot	37 800	
	Gjöld samtals		37 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 300	
52–58	Önnur gjöld	14 500	
5	Gjöld samtals		**37 800**

08–430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 300
1 01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	190 300	
	Gjöld samtals		190 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 400	
52–58	Önnur gjöld	54 900	
5	Gjöld samtals	190 300	
4	Sértekjur	24 100	
	Mismunur		**166 200**

08–431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 000
1 01	Endurhæfingardeild	56 600	
1 10	Heilsuhælisdeild	135 400	
	Gjöld samtals		192 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 700	
52–58	Önnur gjöld	18 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	135 400	
5	Gjöld samtals		**192 000**

08–490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 000
1 01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	70 000	
	Gjöld samtals		70 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 200	
52–58	Önnur gjöld	24 800	
5	Gjöld samtals	70 000	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**69 600**

08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 600
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	161 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			45 000
5 01	Viðhald, óskipt	25 000	
5 80	Viðhald starfsmannaíbúða	20 000	
Stofnkostnaður:			36 300
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
6 10	Heyrnarmælingaklefar	5 300	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		242 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 800	
52–58	Önnur gjöld	123 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	74 600	
5	Gjöld samtals	242 900	
4	Sértekjur	20 000	
	Mismunur		**222 900**

08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			281 800
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	281 800	
	Gjöld samtals		281 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	170 000	
52–58	Önnur gjöld	109 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 300	
5	Gjöld samtals	281 800	
4	Sértekjur	17 800	
	Mismunur		**264 000**

08–511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 500
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	34 200	
1 20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	22 300	
	Gjöld samtals		56 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 600	
52–58	Önnur gjöld	18 900	
5	Gjöld samtals	56 500	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**47 400**

08–512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 000
1 10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	41 600	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	32 400	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 300	
52–58	Önnur gjöld	21 700	
5	Gjöld samtals	74 000	
4	Sértekjur	15 000	
	Mismunur		**59 000**

08–513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 300
1 10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	27 300	
	Gjöld samtals		27 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 300	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	27 300	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**23 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 700
1 10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	25 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	30 400	
	Gjöld samtals		55 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 800	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals	55 700	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**46 600**
08–515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 200
1 01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	38 200	
	Gjöld samtals		38 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 200	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals	38 200	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**31 000**
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 500
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	31 500	
	Gjöld samtals		31 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 800	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	31 500	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**28 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 200
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	30 200	
	Gjöld samtals		30 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	30 200	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**21 100**
08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	15 800	
	Gjöld samtals		15 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	15 800	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**13 400**
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 600
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	23 600	
	Gjöld samtals		23 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 200	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	23 600	
4	Sértekjur	9 200	
	Mismunur		**14 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 500
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	11 500	
	Gjöld samtals		11 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	11 500	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**9 000**
08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 500	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	19 000	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**16 300**
08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 600
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	21 600	
	Gjöld samtals		21 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 200	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	21 600	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**16 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 100
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	42 100	
	Gjöld samtals		42 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 600	
52–58	Önnur gjöld	18 500	
5	Gjöld samtals	42 100	
4	Sértekjur	5 500	
	Mismunur		**36 600**
08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 400	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	8 000	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**7 300**
08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 700
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	8 700	
	Gjöld samtals		8 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	8 700	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**7 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 200
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	11 200	
	Gjöld samtals		11 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	11 200	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**9 400**
08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 200
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	11 200	
	Gjöld samtals		11 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	11 200	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**9 700**
08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	15 800	
	Gjöld samtals		15 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 800	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals	15 800	
4	Sértekjur	6 700	
	Mismunur		**9 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 000
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	24 000	
	Gjöld samtals		24 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals	24 000	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**18 000**
08–543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 100
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	28 100	
	Gjöld samtals		28 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 600	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	28 100	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**24 300**
08–544 Heilsugæslustöðin Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	15 600	
	Gjöld samtals		15 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	15 600	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**13 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**10 000**
08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 100
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	19 100	
	Gjöld samtals		19 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 100	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	19 100	
4	Sértekjur	5 800	
	Mismunur		**13 300**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 300
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	111 300	
	Gjöld samtals		111 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 500	
52–58	Önnur gjöld	28 800	
5	Gjöld samtals	111 300	
4	Sértekjur	21 500	
	Mismunur		**89 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 500
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	30 500	
	Gjöld samtals		30 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 800	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals	30 500	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**26 200**
08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	9 400	
	Gjöld samtals		9 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 300	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals	9 400	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**7 800**
08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 300
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	10 300	
	Gjöld samtals		10 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	10 300	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**9 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 300	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	11 000	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**10 000**
08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 500
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	15 500	
	Gjöld samtals		15 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals	15 500	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**13 100**
08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 400
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	37 400	
	Gjöld samtals		37 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	37 400	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**26 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 900
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	9 900	
	Gjöld samtals		9 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	9 900	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 900**
08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 900
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	14 900	
	Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 900	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	14 900	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**12 700**
08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 800
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	21 800	
	Gjöld samtals		21 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 600	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	21 800	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**18 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 600	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	12 100	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**10 500**
08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	14 000	
	Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	14 000	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**13 100**
08–568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	23 000	
	Gjöld samtals		23 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	23 000	
4	Sértekjur	4 800	
	Mismunur		**18 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 700
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	10 700	
	Gjöld samtals		10 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	10 700	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**9 600**
08–572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 700
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	9 700	
	Gjöld samtals		9 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 600	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals	9 700	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 700**
08–573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 300
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	30 300	
	Gjöld samtals		30 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	30 300	
4	Sértekjur	9 700	
	Mismunur		**20 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	10 900	
	Gjöld samtals		10 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 300	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	10 900	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**8 700**
08–575 Heilsugæslustöðin Hellu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 300
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	13 300	
	Gjöld samtals		13 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals	13 300	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**10 000**
08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 700
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	17 700	
	Gjöld samtals		17 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals	17 700	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**13 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 800
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	34 800	
	Gjöld samtals		34 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	11 600	
5	Gjöld samtals	34 800	
4	Sértekjur	9 300	
	Mismunur		**25 500**
08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**8 800**
08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	11 100	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**9 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 400
1 01	Heilsugæslustöð Suðurnesja	79 400	
	Gjöld samtals		79 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 800	
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals	79 400	
4	Sértekjur	17 300	
	Mismunur		**62 100**
08–582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 200
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	75 200	
	Gjöld samtals		75 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 200	
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals	75 200	
4	Sértekjur	18 700	
	Mismunur		**56 500**
08–583 Heilsugæslustöðin Garðabæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 600
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	27 600	
	Gjöld samtals		27 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	27 600	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**22 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 300
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	69 300	
	Gjöld samtals		69 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 900	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
5	Gjöld samtals	69 300	
4	Sértekjur	15 700	
	Mismunur		**53 600**
08–585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 500
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	58 500	
	Gjöld samtals		58 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 800	
52–58	Önnur gjöld	13 700	
5	Gjöld samtals	58 500	
4	Sértekjur	10 800	
	Mismunur		**47 700**
08–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 300
1 90	Rekstrarhagræðing	82 300	
	Gjöld samtals		82 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 500	
52–58	Önnur gjöld	58 800	
5	Gjöld samtals		**82 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			266 900
1 01	Yfirstjórn	266 900	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		271 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 000	
52–58	Önnur gjöld	97 900	
5	Gjöld samtals	271 900	
4	Sértekjur	10 000	
	Mismunur		**261 900**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 800
1 01	Ríkisbókhald	90 800	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		91 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 100	
52–58	Önnur gjöld	23 700	
5	Gjöld samtals	91 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**90 800**
09–104 Ríkisfjárhirsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 400
1 01	Ríkisfjárhirsla	30 400	
	Gjöld samtals		30 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 600	
52–58	Önnur gjöld	14 800	
5	Gjöld samtals		**30 400**

09–105 Ríkislögmaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 01	Ríkislögmaður	20 600	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	20 600	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**19 400**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			404 200
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	42 800	
1 13	Kjarasamningar	18 000	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19 900	
1 15	Kjararannsóknir	5 200	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	14 000	
1 18	Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	98 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	20 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	143 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 000	
1 50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1 700	
1 60	Dómkröfur	16 800	
1 65	Kjaradómur og kjaranefnd	4 500	
1 90	Óviss útgjöld	17 300	
Stofnkostnaður:			20 000
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	5 000	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15 000	
	Gjöld samtals		424 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	110 900	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	261 000	
	5918 Til erlendra aðila	1 700	
5	Gjöld samtals		**424 200**

10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 400
1 01	Yfirstjórn	82 400	
	Gjöld samtals		82 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 000	
52–58	Önnur gjöld	31 400	
5	Gjöld samtals		**82 400**

10–330 Vita- og hafnamálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			198 800
1 01	Yfirstjórn	198 800	
Stofnkostnaður:			774 000
6 01	Tæki og búnaður	13 500	
6 60	Vitabyggingar	13 500	
6 70	Hafnamannvirki	580 800	
6 72	Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	19 600	
6 74	Lendingarbætur	5 000	
6 76	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	24 000	
6 80	Sjóvarnargarðar	77 000	
6 90	Hafnabótasjóður, framlag	40 600	
	Gjöld samtals		972 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	121 400	
52–58	Önnur gjöld	104 400	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	40 600	
	5912 Til sveitarfélaga	706 400	
5	Gjöld samtals	972 800	
4	Sértekjur	189 200	
	Mismunur		**783 600**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 400
1 01	Ferðamálaráð	24 400	
1 11	Ferðamálasamtök landshluta	5 000	
1 91	Landkynning í tengslum við HM í handknattleik á Íslandi	20 000	
Stofnkostnaður:			68 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	68 000	
	Gjöld samtals		117 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 300	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	5 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	88 000	
5	Gjöld samtals		**117 400**

11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 900
1 01	Yfirstjórn	46 900	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		48 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 100	
52–58	Önnur gjöld	21 300	
5	Gjöld samtals		**48 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–102 Einkaleyfastofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 700
1 01	Einkaleyfastofan	29 700	
Stofnkostnaður:			1 300
6 01	Tæki og búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 400	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	31 000	
4	Sértekjur	30 700	
	Mismunur		**300**
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 200
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	9 900	
1 15	Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	15 700	
1 16	Verkstjórnarfræðsla	1 500	
1 17	Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar	1 400	
1 19	Staðlaráð	3 800	
1 21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	5 500	
1 30	Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf	5 000	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	11 000	
1 50	Nýsköpun og markaðsmál	7 400	
1 55	Viðskiptafulltrúi í Moskvu	5 000	
	Gjöld samtals		66 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 600	
52–58	Önnur gjöld	26 400	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	5 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	20 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 500	
	5918 Til erlendra aðila	1 400	
5	Gjöld samtals		**66 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 800
1 01	Yfirstjórn	66 800	
	Gjöld samtals		66 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 300	
52–58	Önnur gjöld	32 500	
5	Gjöld samtals	66 800	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**66 100**
12–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 100
1 10	Neytendasamtökin	3 500	
1 11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	800	
1 20	Icepro-nefnd	1 500	
1 90	Ýmis viðskipta- og bankamál	4 300	
	Gjöld samtals		10 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**10 100**
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 500
1 01	Yfirstjórn	116 300	
1 02	Sérstakar kannanir	11 000	
1 03	Manntal	4 200	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		137 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 000	
52–58	Önnur gjöld	65 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 800	
5	Gjöld samtals	137 000	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**128 000**

14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 500
1 01	Yfirstjórn	67 500	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		70 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 500	
52–58	Önnur gjöld	31 500	
5	Gjöld samtals		**70 000**

14–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 800
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	1 000	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	1 000	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	10 000	
1 26	Átak í frárennslismálum	5 000	
1 28	Átak í sorphirðumálum	2 500	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 500	
1 34	Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	2 000	
1 35	Umhverfisvöktun	20 000	
1 37	Gróðurkortagerð	1 000	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	8 500	
1 53	Undirbúningur náttúrustofa	2 300	
1 54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	500	
	Gjöld samtals		60 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	41 500	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	8 500	
	5912 Til sveitarfélaga	2 300	
	5918 Til erlendra aðila	8 500	
5	Gjöld samtals		**60 800**

14–201 Náttúruverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 400
1 01	Yfirstjórn	26 200	
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	32 200	
Viðhaldsverkefni:			6 500
5 01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	6 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		69 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 500	
52–58	Önnur gjöld	34 400	
5	Gjöld samtals	69 900	
4	Sértekjur	22 000	
	Mismunur		**47 900**

14–210 Veiðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 100
1 01	Veiðistjóri	41 100	
	Gjöld samtals		41 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	27 000	
5	Gjöld samtals	41 100	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**39 600**

14–401 Náttúrufræðistofnun Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 300
1 01	Yfirstjórn	7 500	
1 02	Setur í Reykjavík	40 700	
1 03	Setur á Akureyri	16 100	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		67 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 000	
52–58	Önnur gjöld	25 800	
5	Gjöld samtals	67 800	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**62 800**

14–403 Náttúrustofur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 900
1 10	Náttúrustofur	3 900	
	Gjöld samtals		3 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 400	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**3 900**

14–410 Veðurstofa Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			293 700
1 01	Almenn starfsemi	213 000	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	80 700	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 20	Viðhald fasteigna	5 000	
Stofnkostnaður:			13 200
6 01	Tæki og búnaður	13 200	
	Gjöld samtals		311 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	195 900	
52–58	Önnur gjöld	116 000	
5	Gjöld samtals	311 900	
4	Sértekjur	98 800	
	Mismunur		**213 100**

5. gr.

Samhljóða 5. gr. á þskj. 1.

6. gr.

Samhljóða 6. gr. á þskj. 1.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	8.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	8.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	5.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	5.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	10.000	
6. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðhald og endurbætur	15.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	12.000	
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	6.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, viðhald	3.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald	2.000	
11. Sjómannaskólinn í Reykjavík	15.000	
12. Skóli í Borgarholti, nýbygging	125.281	
		214.281
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
viðhald	4.000	
nýbygging	49.906	
búnaður	15.000	
2. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	5.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	35.000	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	48.153	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	3.000	
6. Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði, viðhald	1.000	
		166.059
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	10.000	
heimavist	2.000	
		15.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða,		
verknámshús	10.000	
viðhald	4.000	
		14.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
byggingarframkvæmdir	29.387	
byggingarframkvæmdir, heimavist	8.150	
heimavist, stækkun	2.000	
		39.537
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	3.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir VMA og MA	50.000	
3. Framhaldsskólinn á Húsavík,		
byggingarframkvæmdir	15.400	
heimavist	2.000	
4. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir, sundlaug	3.000	
		79.400
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum,		
viðhald	7.000	
íþróttahús	2.000	
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	21.138	
verknámsbygging	2.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, viðhald	1.000	
4. Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, viðhald	1.000	
		35.138
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	42.585	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
byggingarframkvæmdir	20.000	
búnaður	3.000	
3. Skólar á Laugarvatni, byggingarframkvæmdir	50.000	
		117.585
Héraðsskólar, viðhald		18.000
Óskipt, viðhald		12.000
		711.000

2. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	20.500	
2. Grundarfjörður, H1	15.000	
3. Stykkishólmur, sjúkrahús	7.200	
4. Stykkishólmur, H2	4.800	
5. Þingeyri, H1	7.200	
6. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	30.000	
7. Hvammstangi, sjúkrahús	9.000	
8. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
9. Akureyri, H2	7.000	
10. Húsavík, sjúkrahús og H2	4.000	
11. Vopnafjörður	4.500	
12. Eskifjörður, H2	12.000	
13. Laugarás, H2	15.000	
14. Keflavík, sjúkrahús, D-álma	20.000	
15. Kópavogur, H2	20.000	
16. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	25.000	
		213.200
b. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Höfn í Hornafirði	14.000	
2. Hjúkrunarheimili Eskifirði	3.000	
3. Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði	15.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
5. Hella	7.000	
6. Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	10.000	
		55.000

3. Hafnamannvirki (10-330 670).

Vesturland:		
1. Akranes	13.300	
2. Snæfellsbær	7.300	
3. Grundarfjörður	12.400	
4. Stykkishólmur	14.700	
		47.700
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	3.000	
2. Tálknafjörður	12.700	
3. Þingeyri	13.100	
4. Flateyri	100	
5. Suðureyri	8.200	
6. Bolungarvík	9.600	
7. Ísafjörður	34.400	
8. Súðavík	4.500	

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Norðurfjörður	5.000	
10. Drangsnes	1.200	
		91.800
Norðurland vestra:		
1. Blönduós	11.000	
2. Skagaströnd	9.000	
3. Sauðárkrókur	3.000	
4. Siglufjörður	32.900	
		55.900
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	26.000	
2. Hrísey	1.700	
3. Akureyri	43.000	
4. Grenivík	14.800	
5. Grímsey	5.200	
6. Húsavík	14.700	
7. Kópasker	1.300	
8. Raufarhöfn	8.100	
9. Þórshöfn	18.000	
		132.800
Austurland:		
1. Vopnafjörður	7.300	
2. Seyðisfjörður	10.400	
3. Neskaupstaður	18.000	
4. Eskifjörður	3.300	
5. Fáskrúðsfjörður	18.700	
6. Stöðvarfjörður	1.300	
7. Djúpivogur	12.700	
8. Höfn í Hornafirði	19.500	
		91.200
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	16.200	
2. Þorlákshöfn	45.000	
		61.200
Reykjanes:		
1. Grindavík	9.700	
2. Sandgerði	45.900	
3. Keflavík, Njarðvík, Hafnir	36.900	
4. Hafnarfjörður	7.600	
5. Garðabær	100	
		100.200
		580.800

4. Sjóvarnargarðar (10-330 680).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	5.000	
2. Flateyri	5.000	
3. Skagaströnd	2.500	
4. Hrísey	200	
5. Höfn	50.000	
6. Stokkseyri	3.400	
7. Sandgerði	2.300	
8. Herdísarvík	2.000	
9. Gerðahreppur	2.300	
10. Vatnsleysustrandarhreppur	1.000	
11. Bessastaðahreppur	2.000	
12. Hafnarfjörður	500	
		76.200
Óskipt		800
		77.000

384. Frumvarp til laga [292. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Á hverju fiskveiðiári skulu aflaheimildir af botnfiski, er nema 22 þúsundum þorskígildum í lestum talið, vera til ráðstöfunar til að mæta áföllum sem orðið hafa eða eru fyrirsjáanleg vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Úthluta skal þessum viðbótaraflaheimildum til skipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra í viðkomandi tegundum og með tilliti til skerðinga í aflaheimildum á síðustu þremur fiskveiðiárum.

2. gr.

Við lögin bætast eftirfarandi bráðabirgðaákvæði:

I.

Bátum minni en 6 brl., sem hafa leyfi til veiða með aflamarki, skal gefast kostur á að stunda veiðar með línu og handfærum, sbr. ákvæði 6. gr. Skulu þeir sem þann kost velja sækja um slíkt leyfi til sjávarútvegsráðuneytisins fyrir 1. ágúst 1995. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að aflahlutdeild viðkomandi báts sé ekki minni en hún var á árinu 1990.

Aflahlutdeild þeirra báta, sem þannig bætast við hóp þeirra báta sem stunda veiðar með línu og handfærum, skal bætast við hinn sameiginlega heildarafla hópsins.

II.

Engum skipum má veita ný leyfi til fullvinnslu sjávarafla innan íslenskrar efnahagslögsögu, sbr. lög nr. 54/1992, frá gildistöku laga þessara til sama tíma að tveimur árum liðnum nema þinglýstir samningar um kaup eða smíði hafi legið fyrir við gildistöku þessara laga.

III.

Ráðherra skal með útgáfu reglugerðar heimila löndun á fiski utan kvóta og ákveða verð sem fyrir hann skal greiða. Skal við það miðað að útgerðir geti ekki hagnast á að gera sérstaklega út á slíkar veiðar en skaðist þó ekki á því að koma með aflann að landi.

Fiskur, sem landað er samkvæmt þessari heimild, skal seldur hæstbjóðanda og mismunur þess verðs sem útgerðin fær til sín og þess verðs sem fæst fyrir fiskinn skal renna í Þyrlukaupasjóð Landhelgisgæslunnar.

Verði það upplýst að afla sé fleygt fyrir borð skal útgerð viðkomandi skips sæta refsingu, sbr. ákvæði 19. gr., en missi veiðiheimilda ef um ítrekað brot er að ræða.

IV.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að framkvæma heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, lögum um Þróunarsjóð og öðrum lögum sem varða sjávarútveginn. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar tilnefndir af öllum þingflokkum og fulltrúar frá land-

samböndum útvegsmanna, samtökum fiskframleiðenda, samtökum sjómanna, samtökum sveitarfélaga og landssamböndum launafólks. Nefndin skal hafa náið samstarf við sjávarútvegsráðuneytið og Fiskistofu. Nefndin skal gefa hagsmunasamtökum, sem láta sig málið varða, tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og fjalla um slíkar hugmyndir með faglegum hætti.

Nefndin skal í starfi sínu vinna að því markmiði að skapa heildstæða sjávarútvegsstefnu sem víðtæk sátt geti orðið um og tryggi atvinnuöryggi og kjör verkafólks og sjómanna betur en nú og taki auk þess í ríkari mæli en nú er gert mið af áhrifum nýtingarinnar á lífríkið. Þá skal nefndin gera tillögur um hæfilega aðlögun að þeim breytingum sem verða á fiskveiðistefnunni.

Nefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. september 1995 og skal sjávarútvegsráðherra leggja niðurstöðurnar fyrir Alþingi í byrjun þings haustið 1995.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum er nú ljóst að hin svokallaða endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða, sem staðið hefur yfir á þessu kjörtímabili, hefur algjörlega mistekist. Engin heildstæð stefna er fyrir hendi í málefnum sjávarútvegsins af hálfu ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir fögur fyrirheit í stjórnarsáttmála. Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að hrinda beri af stað alvöruendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Til að slík endurskoðun geti borið árangur verður að kalla til fulltrúa allra þeirra aðila í þjóðfélaginu sem mestra hagsmuna eiga að gæta og láta sig málið varða.

Lagt er til að nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipi, hafi forgöngu um málið í samráði við sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofu, sem og samtök hagsmunaaðila. Þær tillögur, sem fram eru bornar í þessu frumvarpi til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða, eru einungis neyðarráðstafanir sem geta lítillega dregið úr ýmsum vanköntum kvótakerfisins, en helstu gallar kerfisins eru áfram til staðar.

Til að draga úr vanda bátaútgerðarinnar, sem á nú í gífurlegum erfiðleikum, eru lagðar til nokkrar ráðstafanir.

Fyrir báta 6 brl. og stærri, sem hafa orðið fyrir mestum skerðingum vegna samdráttar í þorskveiðum, er lagt til að úthlutað verði til jöfnunar 22 þúsund þorskígildislestum, þ.e. 10 þúsund þorskígildislestum meira en nú er gert. Skal úthluta öllum þessum viðbótaraflarétti til skipanna í samræmi við aflaheimildir þeirra í viðkomandi tegundum. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að mörgum útgerðarmönnum hefur ekki nýst úthlutun á tegundum sem bátar þeirra stunda ekki veiðar á. Skal við mat á bótunum taka tillit til skerðinga veiðiheimilda á undanförnum þremur fiskveiðiárum.

Lagt er til að bátum, sem eru minni en 6 brl. og hafa stundað veiðar á aflamarki, gefist kostur á að velja þann kost að stunda veiðar með línu og handfærum. Þessir útgerðarmenn eru í þeim hópi sem hvað verst hefur farið út úr hinum miklu skerðingum á aflaheimildum til veiða á þorski á undanförnum árum. Bent skal á að einmitt þessir útgerðarmenn höfðu umtalsverða aflareynslu þegar kvótakerfið var sett á og völdu þess vegna aflamarkið. Það er þess vegna fráleitt að þeir hafi mun verri kost nú til útgerðar en hinir sem enga aflareynslu höfðu. Það verður út frá almennum réttlætissjónarmiðum ekki við annað unað en að útgerðarmönnum í sama útgerðarflokki sé gefinn kostur á svipuðum möguleikum til að fiska.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að látið verði staðar numið í fjölgun svokallaðra fullvinnsluskipa og er lagt til að bannað verði um tveggja ára skeið að veita fleiri slíkum skipum veiðileyfi. Það er skoðun flutningsmanna að rétt sé að hafa rúman tíma til endurskoðunar á þessu atriði. Brýn nauðsyn er á að hér verði tekin upp stefna sem leggur áherslu á að fiskurinn verði unninn sem mest áður en hann er fluttur úr landi. Það er ekki gæfuleg þróun að á sama tíma og atvinnu vantar í landinu skuli vera fjárfest í vinnsluskipum sem grófvinna aflann úti á sjó.

Það er rík ástæða til að taka það til alvarlegrar athugunar hvort þróunin sé í rétta átt hvað varðar fiskiskipaflotann, stærð og samsetningu. Þær gífurlegu fjárfestingar sem verið hafa í stórum skipum á sama tíma og lagðir eru milljarðar króna í úreldingu bátaflotans virðast ekki skynsamlegar hvorki út frá atvinnusjónarmiðum né með tilliti til nýtingar fiskimiðanna.

Aldrei hafa heyrst glannalegri sögur af því hve miklum fiski sé hent í sjóinn en nú síðustu mánuði og missiri. Fiskistofa er nú farin að viðurkenna að um alvarlegt vandamál sé að ræða og jafnvel er sjávarútvegsráðherra sjálfur farinn að láta að því liggja að þarna sé líklega um vandamál að ræða.

Lagt er til að heimiluð verði löndun á fiski utan kvóta sem annars vegar ætti að geta komið í veg fyrir þann ósóma að fleygja fiski í sjóinn og hins vegar tryggja að réttar upplýsingar fáist um það magn af fiski sem raunverulega er drepið. Það sýnist sitt hverjum um hve miklu af fiski er fleygt fyrir borð en sú tilhögun, sem hér er lagt til að verði tekin upp, ætti að geta leitt í ljós svo óyggjandi sé hversu mikill vandinn hefur verið á undanförnum árum. Algjör nauðsyn er að tekið verði á áhrifaríkan hátt á þessu máli. Það verður aldrei borin nein virðing fyrir stjórnkerfi í fiskveiðum sem veldur þeirri meðferð auðlindarinnar sem nú viðgengst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari breytingu er verið að auka verulega það aflamagn sem nota má til jöfnunar vegna samdráttar í aflaheimildum eða um tíu þúsund þorskígildistonn. Miðað er við að sá samdráttur í aflaheimildum sem orðið hefur á síðustu þremur árum verði lagður til grundvallar. Ástæða þess er hinn mikli þorskaflasamdráttur á þessu tímabili sem einungis hefur verið mætt að hluta með úthlutun Hagræðingarsjóðsaflaheimildanna og þeim 12 þúsund tonnum sem eru til ráðstöfunar samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða. Með því að úthluta öllu magninu í samræmi við aflahlutdeild skipa í viðkomandi tegundum verður sú breyting að úthlutunin nýtist að fullu sem uppbætur til skipanna, en mikið hefur borið á því við fyrri úthlutanir að skip hafa fengið í sinn hlut aflaheimildir í tegundum sem viðkomandi skip stundar ekki veiðar á.

Um 2. gr.

Bráðabirgðaákvæði I.

Núverandi ástand felur í sér hróplegt misrétti innbyrðis í þessum stærðarflokki báta. Þeir útgerðarmenn, sem best höfðu fiskað fyrir daga krókakerfisins og völdu aflamark, hafa mun minni aflamöguleika en félagar þeirra hafa nú orðið með krókaleyfi en þeir höfðu sumir hverjir enga aflareynslu. Með þeirri tilhögun, sem hér er lagt til að verði tekin upp, er öllum gefinn kostur á að sitja við sama borð í þessum flokki báta.

Bráðabirgðaákvæði II.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Bráðabirgðaákvæði III.

Í reglugerð þeirri, sem hér er kveðið á um að ráðherra skuli setja, er nauðsynlegt að útfærður verði allur framgangur málsins, þ.e. hverjir skuli annast sölu aflans, reikningsskil og eftirlit.

Bráðabirgðaákvæði IV.

Með þjóðinni er mikil samstaða um að standa vörð um fiskstofnana og lífríkið í sjónum, það er sú auðlind sem verið hefur burðarásinn í atvinnulífi landsmanna. Hin mikla samstaða landsmanna í baráttunni fyrir yfirráðum Íslendinga yfir fiskimiðunum í kringum landið ber þess gleggstan vott. Árhundruðum saman höfðu erlendir fiskimenn haft aðgang að miðunum við landið og full yfirráð Íslendinga yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni var stórsigur í lífi þjóðarinnar. Þess vegna er eðlilegt að flestir landsmenn líti svo á að þessi auðlind, þ.e. fiskstofnarnir og lífríkið í sjónum, sé og eigi að vera um alla framtíð sameign allrar þjóðarinnar.

Allt frá því að lög nr. 82 28. desember 1983, um breytingar á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fyrstu lögin um kvótakerfið, voru sett hefur verið mikill ágreiningur um þau og framkvæmd þeirra. Mestur hefur ágreiningurinn verið um það ígildi eignarréttar á fiskstofnunum sem felst í því að einstakar útgerðir eigi rétt á að nýta ákveðinn hluta fiskstofna og hafi leyfi til að kaupa og selja þann rétt. Í reynd hefur rétturinn til aflahlutdeildar úr einstökum fiskstofnum og frjálst framsal aflaheimilda orðið í framkvæmd ígildi eignarréttar á viðkomandi fiskstofni.

Framkvæmd laganna er því í andstöðu við það meginmarkmið um sameign þjóðarinnar á nytjastofnunum á Íslandsmiðum sem þó var sett í 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða.

Fjölmargir aðrir annmarkar hafa komið í ljós við framkvæmd þessara laga og skulu hér rakin fáein dæmi:

— Tilflutningur veiðiheimilda hefur valdið byggðaröskun og af þeim ástæðum hafa mörg sveitarfélög orðið að leggja mikla fjármuni í kaup á veiðiheimildum eða ábyrgðir tengdar slíkum kaupum.
— Kvótakerfið virðist ætla að neyða þeirri stefnu upp á sveitarstjórnir að til lengri tíma litið verði þær að hafa tök á að halda veiðiheimildunum í byggðarlaginu. Verði kerfið fest endanlega í sessi munu þau byggðarlög, sem mjög eru háð fiskveiðum, verða að bregðast við með því að reyna enn frekar að ná tangarhaldi á þeim kvóta sem verður til sölu.
— Þróunin hefur einnig sýnt mjög skýrt að aflaheimildir safnast á stærstu aðilana í útgerð og færast þar með úr bátaútgerð til togskipaútgerða.
— Sannað er að afla er kastað í sjóinn vegna kerfisins, t.d. lélegum fiski úr netum, smáum fiski, verðlitlum fiski og síðast en ekki síst meðafla, þ.e. vegna þess að kvóti er ekki til staðar í tegund sem veiðist með annarri (þorskur sem kemur með við veiðar á ýsu).
— Afla hefur verið landað fram hjá vigt.
— Tegundir afla hafa verið rangt skráðar.
— Gangi lítill fiskur á miðin hefur reynslan sýnt að sókn eykst verulega því að miklu meira en áður er kostað til að sækja þann kvóta sem viðkomandi útgerð hefur eign-

arrétt á. Nái viðkomandi útgerð ekki að veiða sinn hlut getur hún fengið önnur skip til veiðanna og geymt hluta hans til næsta árs. Þannig verður ásókn á miðin mest þegar fiskstofnarnir eru veikastir.

— Þrátt fyrir að aðalmarkmið kvótakerfisins hafi verið að byggja upp fiskstofnana hefur ekkert miðað í þá átt. Í stað þess að vera fyrst og fremst til verndunar fiskstofnunum hefur aðalhlutverk kerfisins orðið að skipta með mjög flóknum og umdeilanlegum hætti réttinum til að nýta fiskstofnana milli einstaklinga og fyrirtækja.

Höfuðtilgangur með þeirri endurskoðun, sem hér er lagt til að fari fram, er að koma á kerfi við stjórn fiskveiða sem fullnægir betur en núgildandi kerfi þeim kröfum sem gera verður um umgengni og nýtingu þeirrar auðlindar sem þjóðin byggir tilveru sína á.

Helstu markmið endurskoðunarinnar eiga að mati flutningsmanna að vera eftirfarandi:

1. Að tryggja til frambúðar óumdeilanlegan eignarrétt og fullan ráðstöfunarrétt þjóðarinnar á auðlindum íslenska hafsvæðisins.
2. Að við nýtingu auðlindarinnar verði gætt réttlætis gagnvart byggðarlögum, sjómönnum og fiskvinnslufólki til jafns við útgerðaraðilana.

   Sjávarútvegsbyggðirnar urðu til vegna nálægra fiskimiða og fiskvinnslufólk hefur sest að og fjárfest í íbúðum og sameiginlegum eignum sveitarfélagsins vegna þeirrar útgerðar og fiskvinnslu sem starfrækt hefur verið í byggðinni. Sama á við um sjálfa fiskvinnsluna. Með því að skilja á milli eignarréttar á skipunum og réttarins til að draga fisk úr sjó hefur því jafnvægi verið raskað sem fyrir var.
3. Að með stjórnkerfi fiskveiða verði stuðlað að bættri meðferð afla, verndun smáfisks og því að verja lífríkið í sjónum fyrir óheppilegum áhrifum veiðarfæra og veiðiaðferða.

   Þessu markmiði verður ekki náð nema með því að allir möguleikar, sem stjórnunaraðilar hafa yfir að ráða, verði látnir vinna saman í þessu augnamiði, þ.e. að allar ákvarðanir um hinar ýmsu takmarkanir verði teknar með þessi markmið í huga.

   Til að unnt sé að ná árangri eru margvíslegar rannsóknir og eftirlit nauðsynlegt.

   Þær rannsóknir eru að hluta til fyrir hendi en mjög skortir á að vitneskja sé fyrir hendi, t.d. um áhrif veiðiaðferða og veiðarfæra.
4. Að í stjórnkerfinu verði fólginn hvati til nýsköpunar og hagræðingar í greininni og tryggðir eðlilegir möguleikar á aðgangi nýrra aðila að atvinnurekstri í sjávarútvegi. Þetta markmið næst ekki nema með því að gefa vel rekinni útgerð með góð skip og góða áhöfn tækifæri til að njóta árangursins af því að fiska vel, með því að nýjungar í veiðarfærum og veiðiaðferðum fái að koma fram í auknum afla og með því að úrelda þau skip sem skila minnstum þjóðhagslegum arði.

   Ein aðalröksemdin fyrir kvótakerfinu hefur verið sú að frjálst framsal aflaheimilda tryggði hagræðingu í útgerð og minnkun veiðiflotans. Hvorugt markmiðið hefur náðst með kvótakerfinu. Eðlilegt markmið er að fækka skipum í þeim útgerðarflokkum sem ekki teljast hafa nægileg verkefni til lengri tíma litið.

   Að beina sameiginlegu átaki við úreldingu skipa að þeim skipum sem minnstum þjóðhagslegum arði skila og láta þær útgerðir, sem eftir standa í viðkomandi útgerðarflokki, njóta aukinna veiðimöguleika jafnóðum án þess að einstakar útgerðir þurfi að íþyngja sér með stórátaki í kaupum á skipi til úreldingar eða rándýrum kvótakaupum.

   Því að losa þjóðina við þessi vandamál hefur fylgt ígildi eignarréttar á aflaheimildum. Hins vegar hefur það gjörsamlega ruglað alla verðmætamyndun í útgerð. Verð

á aflakvóta hefur í reynd tekið mið af jaðarkostnaði þeirra útgerða sem best hafa staðið og hafa í raun verið að nýta sér möguleika á að spara sér skattgreiðslur með kvótakaupum og nú í vaxandi mæli möguleika stóru kvótaeigendanna til að keyra niður hráefnisverð í viðskiptum við kvótalitlar útgerðir.

Í upphafi var því haldið fram að kvótaverð mundi með tímanum ráðast af kostnaðarverði nýs skips og ávöxtunarkröfunni á peningamarkaði. Þetta hefur gjörsamlega brugðist. Nauðsynlegt er að verðmæti útgerða fari aftur að ráðast af ástandi skipsins og veiðimöguleikum. Nýir aðilar þurfa að hafa möguleika á að kaupa skip með veiðileyfi. Verð skips sem útgerðareiningar á ef eðlilegt ástand ríkir að fara eftir þeim arði sem hægt er að hafa af rekstri þess en ekki eftir jaðarkostnaði veiðiheimilda eins og nú.

5. Að rannsóknir á sviði sjávarútvegs verði stórauknar. Til að mögulegt verði að ná þeim markmiðum, sem eðlilegt er að setja til að tryggja hámarksafrakstur af þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar, er í raun algjör forsenda að hægt verði að stjórna nýtingu auðlindarinnar skynsamlega með langtímahagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Sú stjórnunaraðferð, sem upp verður tekin, þarf að taka fyrst og fremst mið af hagsmunum þjóðarheildarinnar þegar til lengri tíma er litið. Ekki er vafi á að skynsamleg verndun lífríkisins er óhjákvæmilegur hluti slíkra markmiða. Til að góður árangur náist við nýtingu auðlindarinnar verða að vera fyrir hendi umfangsmiklar rannsóknir og upplýsingar um áhrif nýtingaraðferða og umgengni um lífríkið í sjónum.

Með frumvarpi þessu eru ýmis fylgiskjöl, þar á meðal nýjustu ályktanir allra helstu hagsmunaaðila og sýna þær svo að ekki verður um villst að engin ánægja eða sátt ríkir um núverandi ástand í málefnum sjávarútvegsins. Mikil þörf er því á endurskoðun af því tagi sem hér er gert ráð fyrir.

Frumvarpinu fylgdu 15 fylgiskjöl. Á fskj. I var birt grein Hafsteins Guðfinnssonar úr Sjómannadagsblaði Vestmannaeyja 1994, *Áhrif friðunar á fiskgengd við Vestmannaeyjar*; á fskj. II töflur teknar saman af LÍÚ í ársbyrjun 1994 um þróun aflaheimilda Hamars SH 224 í kvótakerfi; á fskj. III töflur frá Kvótamarkaðinum frá 2. desember 1994 yfir verð á aflaheimildum; á fskj. IV súlurit yfir 20 stærstu kvótahafa landsins; á fskj. V 31. gr. úr frumvarpi til laga um samningsveð á þskj. 88, 88. mál 118. löggjafarþings, bls. 738 í A-deild Alþt. 1994–95; á fskj. VI línurit úr skýrslu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins yfir þróun vinnslu um borð í frystiskipum; á fskj. VII kort yfir ýmsar núgildandi sóknartakmarkanir á fiskimiðunum umhverfis landið; á fskj. VIII tafla frá Fiskifélagi Íslands um afla Íslendinga á helstu fisktegundum; á fskj. IX nokkrar ályktanir 53. fiskiþings sem haldið var 19.–21. október 1994; á fskj. X ályktanir formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um stjórn fiskveiða sem haldin var 21.–22. nóvember 1994; á fskj. XI ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva frá 23. september 1994; á fskj. XII nokkrar ályktanir aðalfundar LÍÚ; á fskj. XIII *Tillögur um úrræði gegn útkasti fisks og löndun fram hjá vigt*, áfangaskýrsla til sjávarútvegsráðherra, desember 1994, frá samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar; á fskj. XIV erindi Þórðar Ásgeirssonar um veiðieftirlit Fiskistofu, flutt á aðalfundi LÍÚ 28. október 1994;

á fskj. XV ályktanir 10. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda. Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

385. Frumvarp til laga [293. mál]

um breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

6.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði og skal svæðisnefnd starfa á hverju svæði. Heilbrigðisnefndir starfa á heilbrigðiseftirlitssvæðum og skulu þær kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Umhverfisráðherra setur reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög þar sem nánar er kveðið á um kosningar og skipan nefnda.

6.2. Eftirlitssvæðin eru: Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Vesturlandssvæði, Vestfjarðasvæði, Norðurlandssvæði vestra, Eyjafjarðarsvæði, Norðurlandssvæði eystra, Austurlandssvæði, Suðurlandssvæði, Suðurnesjasvæði, Hafnarfjarðarsvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði. Umhverfisráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða í reglugerð.

6.3. Þau sveitarfélög, sem ekki eiga fulltrúa í heilbrigðisnefnd, eiga rétt til setu á fundum nefndarinnar með tillögurétt og málfrelsi þegar fjallað er um málefni er þau varða.

6.4. Heilbrigðisfulltrúi (framkvæmdastjóri) skal sitja fundi heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann getur krafist þess að fundir verði haldnir og að tekin verði þar fyrir tiltekin mál. Nefndin getur einnig leitað annarrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila sem hún telur þörf á.

2. gr.

1. tölul. 11. gr. laganna orðast svo:

11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 6. gr., skal starfa svæðisnefnd, skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Suðurnesjasvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fara heilbrigðisnefndir, auk héraðslæknis sem er formaður, með störf svæðisnefndar.

3. gr.

7. tölul., 10. tölul. og 11. tölul. 13. gr. laganna falla niður og aðrir töluliðir 13. gr. færast til sem því nemur.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

14.1. Umhverfisráðherra skipar Hollustuvernd ríkisins sérstaka stjórn sem í eiga sæti þrír menn. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar, þar af annar formaður, og einn

samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stjórnin situr í fjögur ár. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

14.2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri. Stjórn og rekstur stofnunarinnar er að öðru leyti í höndum forstjóra sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

14.3. Stofnuninni skal skipt í verkefnasvið samkvæmt ákvörðun stjórnar að fengnu samþykki umhverfisráðherra. Forstöðumaður skal starfa yfir hverju sviði. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun, sérþekkingu og starfsreynslu á viðkomandi sviði. Þeir skulu ráðnir af stjórn stofnunarinnar að fenginni umsögn forstjóra. Stjórnin skal að fenginni tillögu forstjóra skipa einn forstöðumanna staðgengil forstjóra. Leggi stjórn til breytta skipan sviða skal hún leita umsagnar forstjóra og forstöðumanna.

14.4. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar í samráði við viðkomandi forstöðumenn þar sem við á.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

15.1. Á vegum Hollustuverndar skal unnið að útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis og skal stofnunin beita sér fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fræðslufundum til að upplýsa og fræða þá aðila er starfa að hollustuvernd og mengunarvörnum. Þá skal stofnunin gefa árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand mála með hliðsjón af markmiði laganna.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

16.1. Stofnunin hefur umsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og mengunarvarnareglugerðar, sem og annarra reglugerða sem settar eru samkvæmt lögunum.

16.2. Stofnunin annast vöruskráningu og eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neysluvara og eiturefna og hættulegra efna í nauðsynjavörum. Stofnunin annast skráningu innlendra vörutegunda á sviði matvæla og neysluvara samkvæmt tilkynningu frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.

16.3. Stofnunin annast framkvæmd laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og reglugerða samkvæmt þeim. Stofnunin annast eftirlit með framkvæmd alþjóðasamþykkta og samninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.

16.4. Stofnunin gerir tillögur að starfsleyfi og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.

16.5. Stofnunin gefur út starfsleyfi vegna mengandi starfsemi eftir því sem ráðherra ákveður í mengunarvarnareglugerð.

7. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

17.1. Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar, sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast. Þá get-

ur stofnunin tekið að sér verkefni, bæði rannsóknir og ráðgjöf, að fengnum tillögum stjórnar og samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

8. gr.

18., 19., 20. og 21. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

9. gr.

23. gr., 2. tölul. 24. gr. og 25. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

10. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

31.1. Þegar öðrum en heilbrigðisnefnd er með sérlögum falið eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli nefndarinnar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð umhverfisráðherra. Þetta gildir þó ekki þegar um er að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, og lögum nr. 77/1981, um dýralækna, svo og eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum í skipum.

31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits sem fallið getur undir framangreind lög skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd sem í eiga sæti forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, fiskistofustjóri, yfirdýralæknir og siglingamálastjóri. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd hollustu- og umhverfiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker umhverfisráðherra úr málum. Samstarfsnefndin skal gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um verkaskiptingu og samstarf hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið og hagkvæmt þykir.

31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara, eða reglna settra samkvæmt þeim, skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

1. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skulu stjórn og forstjóri Hollustuverndar ríkisins skipuð frá og með 1. janúar 1995.
2. Þar til reglugerð um skipan heilbrigðisnefnda á heilbrigðiseftirlitssvæðum hefur verið sett skulu heilbrigðisnefndir starfa samkvæmt lögum nr. 81/1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingum á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem samþykkt voru sem lög nr. 54/1994 og öðluðust gildi 1. júní sl., var yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits færð frá heilbrigðisráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Unnið hefur verið frumvarp til laga um hollustuvernd og mengunarvarnir á vegum stjórnskipaðrar nefndar sem skipuð var 20. desember 1991 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Sighvati Björgvinssyni í samráði við þáverandi umhverfisráðherra Eið Guðnason. Nefndinni var falið að endurskoða lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nefndin hóf störf í lok febrúar 1992 og lauk störfum 29. janúar 1993 er hún skilaði frumvarpi til breyttra laga. Nefndin var skipuð Ingimar Sigurðssyni forstjóra sem var formaður nefndarinnar, Jóni Gíslasyni forstöðumanni sem var ritari nefndarinnar, Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra og Hermanni Sveinbjörnssyni, stjórnarformanni Hollustuverndar ríkisins.

Í áðurnefndu frumvarpi nefndarinnar er um að ræða mjög viðamiklar breytingar og er ekki talin ástæða til að leggja það fram að svo stöddu nema hvað snertir yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins. Enn fremur er hér lögð fram breyting á lögunum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, í samræmi við yfirfærslu á yfirstjórn málaflokksins, sbr. áðurnefnd lög nr. 54/1994, og vegna tilflutnings mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins en um það er samkomulag milli umhverfisráðherra og samgönguráðherra. Eftirlit með mengunarvarnabúnaði skipa verður áfram hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Því eru tekin inn þau ákvæði sem snerta sérstaklega framangreinda þætti en heildarendurskoðun laganna mun bíða betri tíma. Vegna flutnings mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins til Hollustuverndar ríkisins og þess að eftirlit með mengunarvarnabúnaði skipa verður áfram hjá Siglingamálastofnun þarf að breyta þrennum lögum, þ.e. lögum nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, lögum nr. 14/1979, um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og er frumvarp þar að lútandi lagt fram samhliða frumvarpi þessu. Vegna sameiningar sveitarfélaga undanfarið og þar sem fyrirsjáanleg er enn frekari sameining er skipting heilbrigðisnefnda og eftirlits í tiltekin umdæmi tekin út úr lögunum og gerð tillaga um að sett verði reglugerð um skiptingu þeirra niður á eftirlitssvæði í samráði við sveitarfélögin. Með frumvarpi þessu fylgir tillaga að slíkri reglugerð. Í ákvæði til bráðabirgða er hins vegar gert ráð fyrir að núverandi skipan haldist þar til reglugerð hefur verið sett.

Efnislegar breytingar frá gildandi lögum eru því ekki miklar og varða stjórnskipulag Hollustuverndar ríkisins og yfirfærslu þess málaflokks er varðar mengun sjávar frá Siglingamálastofnun ríkisins til Hollustuverndar ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerðar eru orðalagsbreytingar á 6. gr. laganna. Meginbreytingin er sú að ekki er gert ráð fyrir að ákvæði um kosningar og skipan heilbrigðisnefnda verði í lögunum heldur að ráðherra setji reglugerð í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög þar sem nánar er kveðið á um þá þætti. Þetta er m.a. gert með tilliti til sameiningar sveitarfélaga að undanförnu og að fyrirsjáanleg er frekari sameining þeirra. Einnig er ekki fyrirskipað í lögunum hversu margar heilbrigðisnefndir eigi að starfa í landinu. Að öðru leyti er greinin í samræmi við 6. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt efnislega nema ekki er gert ráð fyrir „borgarlækni í Reykjavík“ þar sem þetta tiltekna embætti heitir nú „héraðslæknir“ um allt land.

Um 3. gr.

Vísað er til athugasemda við 5. gr.

Um 4. gr.

1. mgr. greinarinnar er byggð á 1. tölul. 14. gr. gildandi laga, en hér er gerð sú breyting að stjórnarmönnum er fækkað úr sjö í þrjá og að umhverfisráðherra skipi stjórnina, sbr. lög nr. 54/1994. Breyting þessi er m.a. gerð með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengin er af störfum þriggja manna framkvæmdastjórnar, sbr. 3. tölul. 14. gr. laganna. Rekstur stofnunarinnar hefur á undanförnum árum að mestu verið í höndum framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra og hafa með þessu skapast nánari tengsl milli stjórnar og stofnunar, auk þess sem einfaldara og árangursríkara er að starfa á grundvelli stjórnskipulags sem ekki er of stórt í sniðum. Samsetning stjórnarinnar þar sem ráðuneytið á tvo fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa ætti einnig að tryggja að gætt sé hagsmuna þeirra sem fara með yfirstjórn mála og framkvæmd eftirlits.

2. mgr. greinarinnar er byggð á 2. og 3. tölul. 14. gr. og 15. gr. gildandi laga. Með þessari grein er gerð sú breyting að lagt er til að forstjóri komi í stað framkvæmdastjóra og fari bæði með stjórn og rekstur stofnunarinnar. Kröfum um menntun og þekkingu er einnig breytt og er ekki gert ráð fyrir að þær séu eingöngu bundnar við menntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði. Með þessum breytingum er ekki ætlunin að gera mikla breytingu á sjálfstæði fagsviða stofnunarinnar, en hins vegar er gert ráð fyrir að forstjóri móti starf þeirra í samvinnu við forstöðumenn og taki ákvarðanir í veigamiklum málum samkvæmt stefnu stjórnar stofnunarinnar.

3. mgr. greinarinnar er byggð á 1.–5. tölul. 17. gr. og 19. gr. gildandi laga. Lagt er til að lögbundin skipting og skilgreining fagsviða Hollustuverndar verði felld brott, en stjórn stofnunarinnar ákveði þess í stað skiptingu fagsviða og verksvið þeirra, að fengnu samþykki ráðherra. Menntunarkröfur til forstöðumanna verða í raun með sama hætti og áður, en gert er ráð fyrir ráðningu þeirra með gagnkvæmum uppsagnarfresti í stað sex ára ráðningar og ráðning verður í höndum stjórnar í stað ráðherra. Í þeim tilgangi að skapa meiri festu í stjórn og rekstri stofnunarinnar er jafnframt lagt til að einn forstöðumanna verði skipaður staðgengill forstjóra.

Lögbundin skipting fagsviða Hollustuverndar á sér fáar hliðstæður í stjórnskipulagi stofnana og tók á sínum tíma að verulegu leyti mið af því að stofnunin var byggð á starfsemi stofnana sem störfuðu á grundvelli sérlaga. Nú er talið eðlilegra að stofnunin hafi ásamt ráðherra meira sjálfræði í skipan fagsviða og ráðningarform forstöðumanna tekur einnig mið af þessu. Með slíku fyrirkomulagi er hægt að bregðast við breyttum áherslum í starfsemi og þeim verkefnum sem mikilvægust teljast hverju sinni, auk þess sem sérþekkingu starfsmanna má nýta betur en nú er gert.

4. mgr. greinarinnar er byggð á 20. gr. og síðustu setningu 1. tölul. 21. gr. gildandi laga. Sú breyting er gerð að allt starfsfólk stofnunarinnar, annað en forstjóri og forstöðumenn, er ráðið af forstjóra, en nú er ráðning ýmist í höndum stjórnar, framkvæmdastjóra eða forstöðumanna. Áður hefur þess verið getið að greinin gerir ekki ráð fyrir því að sérfræðingar verði ráðnir til tiltekinna fagsviða, en eðli máls samkvæmt verður þeim falið

að vinna að tilteknum verkefnum á sínu fagsviði í samræmi við menntun og starfsreynslu.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. og 10. tölul. 13. gr. og 1. tölul. 16. gr. gildandi laga. Um er að ræða breytingu varðandi uppsetningu og orðalag sem ekki þarfnast skýringar. Hins vegar ber að geta þess að ákvæði 2. tölul. 16. gr. gildandi laga um bókasafn Hollustuverndar eru felld brott við gerð frumvarpsins þar sem ekki er talin þörf á slíkum lagaákvæðum. Það sama gildir um ákvæði 11. tölul. 13. gr., þar sem fjallað er um skyldur Hollustuverndar vegna upplýsinga og tilkynninga stofnunarinnar til fjölmiðla, en nefndin telur að á þessum þáttum eigi að taka með góðu stjórnskipulagi, auk þess sem vísa má til ákvæða laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga en tekur mið af breytingu á sérstökum verkefnum Hollustuverndar ríkisins. Vegna tilflutnings mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins er bætt við sem verkefni hennar að annast framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar og reglugerða samkvæmt þeim.

1. mgr. kveður á um að stofnunin hafi umsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar og annarra reglugerða sem settar eru samkvæmt lögum sem stofnunin starfar eftir. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga, en þó sérstaklega 2. og 4. tölul. þeirrar greinar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stofnunin annist vöruskráningu tiltekinna vara og eru þetta sömu ákvæði og fram koma í 2. og 5. tölul. 17. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. eru þau nýmæli að stofnuninni er falin framkvæmd laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og reglugerða samkvæmt þeim, svo og í samræmi við alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að. Gert er ráð fyrir að Siglingamálastofnun ríkisins annist eftirlit með mengunarvarnabúnaði skipa samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur. Þetta er hliðstætt fyrirkomulag og við eftirlit með mengunarvarnabúnaði bifreiða. Byggist það jafnt á faglegum sem hagkvæmnisástæðum. Gert er ráð fyrir að framkvæmd málaflokksins verði færð til Hollustuverndar ríkisins. Með frumvarpi þessu fylgir listi yfir gildandi lög og reglugerðir, svo og alþjóðasamþykktir og samninga á þessu sviði.

Í 4. mgr. er fjallað um starfsleyfi vegna mengandi starfsemi og úrvinnslu gagna er varða mengunarvarnir og er hún efnislega samhljóða 4. tölul. 17. gr. gildandi laga.

Loks er í 5. mgr. kveðið á um að stofnunin gefi út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi eftir því sem ráðherra ákveður í mengunarvarnareglugerð.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. og 7. tölul. 17. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Lagt er til að 18.–21. gr. í gildandi lögum verði felldar brott.

Um 9. gr.

Lagt er til að 23. gr. í gildandi lögum verði felld brott.

Enn fremur er lagt til að felld verði brott ákvæði gildandi laga um að eftirlit sveitarfélaga skuli starfrækt frá heilsugæslustöð ef hún er þar sem eftirlitsmenn hafa aðsetur. Ein ástæða fyrir núgildandi ákvæði er sú að áður ráku sveitarfélög heilsugæsluna, en ríkið gerir það í dag þannig að forsendur hafa breyst. Þá hefur komið fram af hálfu eftirlitsmanna að ekki séu síður rök fyrir því að starfrækja eftirlit í tengslum við tæknimenn sveitarfélaga og eftirlitið geti því eins vel verið staðsett þar sem slík starfsemi fer fram. Þar sem möguleikar á staðsetningu eru samkvæmt þessu á fleiri en einum stað er ekki talið rétt að halda gildandi ákvæðum hvað aðsetur eftirlits varðar, en í frumvarpinu er svæðisnefnd falið að ákvarða hvar aðsetur þess skuli vera.

Loks er lagt til að 25. gr. gildandi laga verði felld brott en ákvæði þessarar greinar hefur verið fært í 6. gr., sjá nánar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

1. mgr. greinarinnar er byggð á 1. tölul. 31. gr. gildandi laga og 2. mgr. á 2. tölul. sömu greinar. Í 2. mgr. eru gerðar minni háttar breytingar á skipan samstarfsnefndar, auk þess sem henni er falið að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta varðandi framkvæmd eftirlits. Talið er eðlilegt að samstarfsnefnd skipti með sér verkum og að formennska í nefndinni færist milli nefndarmanna þannig að þeir gegni henni ekki lengur en eitt ár í senn og sjái þá um að kalla nefndina saman þegar óskað er eftir eða þurfa þykir. Vegna flutnings mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins er ekki ástæða til þess að siglingamálastjóri eigi sæti í samstarfsnefndinni vegna þeirra mála heldur vegna eftirlits með aðbúnaði og hollustuháttum í skipum en þau verkefni kunna að skarast við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Aðild að nefndinni yrði því óbreytt þótt verkefni hafi færst til. Forstjóri Hollustuverndar ríkisins á sæti í nefndinni og mun hér eftir einnig fjalla um málefni er snerta mengun sjávar samkvæmt lögum nr. 32/1986.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Drög að reglugerð um skipan heilbrigðisnefnda á heilbrigðiseftirlitssvæðum.

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

Reglugerð þessi nær til kosningar og skipanar heilbrigðisnefnda á heilbrigðiseftirlitssvæðum í samræmi við svæðaskiptingu samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Reglugerðin nær einnig til breytinga á skiptingu landsins í eftirlitssvæði.

II. KAFLI
Skipan nefnda og svæða.
2. gr.

Landinu er skipt í heilbrigðiseftirlitssvæði og þar starfa eftirtaldar heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar:

1. Reykjavíkursvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn. Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

2. Akranessvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. Vesturlandssvæði:
Þar starfa fjórar nefndir:

3.1. Borgarnesbyggð: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Borgarbyggð, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur. Borgarbyggð skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

3.2. Snæfellsbær: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Snæfellsbær. Skal skipaður þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

3.3. Stykkishólmur: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Stykkishólmsbær, Skógarstrandarhreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur og Eyrarsveit. Stykkishólmur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn en hinir hrepparnir einn hver, kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3.4. Dalasvæði: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Dalabyggð og Saurbæjarhreppur. Dalabyggð skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn og Saurbæjarhreppur einn kosinn af sveitarstjórn.

4. Vestfjarðasvæði:

Þar starfa sex nefndir:

4.1. Austur-Barðastrandarsýsla: þrír fulltrúar kosnir af hreppsnefnd. Starfssvæði: Reykhólahreppur.

4.2. Vesturbyggð: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur. Vesturbyggð skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn, kosna af sveitarstjórnum.

4.3. Vestur-Ísafjarðarsýsla: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrarhreppur einn og Suðureyrarhreppur einn, kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4.4. Bolungarvík: þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.

4.5. Ísafjörður: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur og Reykjarfjarðarhreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa og Súðavíkurhreppur einn, kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

4.6. Hólmavík: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur og Broddaneshreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa, kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

5. Norðurlandssvæði vestra:

Þar starfa fjórar nefndir:

5.1. Hvammstangi: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um tvo.

5.2. Blönduós: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduós, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduós skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn, kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

5.3. Sauðárkrókur: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

5.4. Siglufjörður: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður og Fljótahreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Fljótahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.

6. Eyjafjarðarsvæði:

Þar starfa þrjár nefndir:

6.1. Ólafsfjörður: þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.

6.2. Dalvík: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa, kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

6.3. Akureyri: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga þrjá fulltrúa, kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

7. Norðurlandssvæði eystra:

Þar starfa fjórar nefndir:

7.1. Húsavík: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur og Skútustaðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa, kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

7.2. Kópasker: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Kelduneshreppur og Öxarfjarðarhreppur. Öxarfjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Kelduneshreppur einn, kosna af sveitarstjórn.

7.3. Raufarhöfn: þrír fulltrúar, kosnir af sveitarstjórn. Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

7.4. Þórshöfn: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Svalbarðshreppur einn, kosna af sveitarstjórn.

8. Austurlandssvæði:

Þar starfa níu nefndir:

8.1. Vopnafjörður: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn, kosna af sveitarstjórnum.

8.2. Seyðisfjörður: þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður.

8.3. Egilsstaðabær: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðabær skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

8.4. Neskaupstaður: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur. Bæjarstjórn Neskaupstaðar kýs alla fulltrúana.

8.5. Eskifjörður: þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður.

8.6. Reyðarfjörður: þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn. Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.

8.7. Fáskrúðsfjörður: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

8.8. Djúpivogur: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Djúpavogshreppur og Breiðdalshreppur. Djúpavogshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Breiðdalshreppur einn, kosna af sveitarstjórnum.

8.9. Hornafjarðarsvæði: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Hornafjarðarbær, Bæjarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hornafjarðarbær skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

9. Suðurlandssvæði:

Þar starfa níu nefndir:

9.1. Kirkjubæjarklaustur: þrír fulltrúar kosnir af hreppsnefnd. Starfssvæði: Skaftárhreppur.

9.2. Vík í Mýrdal: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Mýrdalshreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Mýrdalshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Austur-Eyjafjallahreppur einn, kosna af hreppsnefndum.

9.3. Hvolsvöllur: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

9.4. Hella: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

9.5. Laugarás: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.

9.6. Selfoss: fimm fulltrúar. Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur einn sameiginlegan fulltrúa kosinn af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

9.7. Hveragerði: þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn. Starfssvæði: Hveragerði.

9.8. Þorlákshöfn: þrír fulltrúar kosnir af hreppsnefnd. Starfssvæði: Ölfushreppur.

9.9. Vestmannaeyjar: þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

10. Suðurnesjasvæði:

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Suðurnesjabær, Sandgerði, Gerðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Suðurnesjabær kýs tvo fulltrúa og Grindavík einn. Sandgerði kýs einn fulltrúa og hinir komi sér saman um einn.

11. Hafnarfjarðarsvæði:

Þar starfa tvær nefndir:

11.1. Hafnarfjörður: fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.

11.2. Garðabær: þrír fulltrúar. Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur. Garðakaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

12. Kópavogssvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn. Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

13. Innnes:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellsbær tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

3. gr.

Umhverfisráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins gert breytingu á framangreindri skipan eftirlitssvæða og á kosningum og skipan í heilbrigðisnefndir á þessum svæðum.

III. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Fylgiskjal II.

Listi yfir lög, reglugerðir og alþjóðasamninga sem eru á verksviði mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins og færast undir Hollustuvernd ríkisins.

I. Lög.
1. Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.
2. Lög nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

II. Reglugerðir.
1. Reglur nr. 56/1984 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum.
2. Reglur nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
3. Reglugerð nr. 516/1994 um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsenefnasambönd og lífræn efnasambönd tins (tríbútýltin).
4. Reglugerð nr. 198/1991 um Mengunarvarnasjóð.

III. Alþjóðasamningar.
1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.
2. Alþjóðasamningur frá 1. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningurinn).
3. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn).

4. Samningur frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum (Parísarsamningurinn).
5. Alþjóðasamningurinn frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, með breytingum frá 1978 (MARPOL 73/78).
6. OPRC-samningurinn sem fullgiltur var 7. maí 1993 og fjallar um sameiginleg viðbrögð við olíumengunaróhöppum (OPRC 1990).

386. Frumvarp til laga [294. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, lögum nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/1979.

1. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 4. gr. laganna kemur: Hollustuvernd ríkisins.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 20/1986.

2. gr.

7. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að annast eftirlit með mengunarvarnabúnaði skipa samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 32/1986.

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við þá ákvörðun að flytja starfsemi mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins og að Siglingamálastofnun ríkisins annist eftirlit með mengunarvarnabúnaði skipa.

387. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um endurskoðun laga um tjáningarfrelsi.

Flm.: Svavar Gestsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason,
Kristinn H. Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða endurskoðun þeirra ákvæða hegningarlaganna sem fjalla um meiðyrði. Þá samþykkir Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta semja sérstakt lagafrumvarp um prentfrelsi og um framkvæmd á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem eiga að tryggja prentfrelsi. Höfð verði hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem tryggja eiga prentfrelsi og tjáningarfrelsi í grannlöndum okkar, en þess verði einnig gætt að taka mið af nýrri tækni í fjölmiðlun þannig að ný lög verði í samræmi við þá tækniþróun sem orðið hefur á sviði fjölmiðlunar.

Ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir þessari endurskoðun og tillögum sínum í upphafi næsta þings.

Greinargerð.

Ákvæði almennra hegningarlaga um meiðyrði eru löngu úrelt. Um það er full samstaða meðal flestra þeirra er að málum þessum hafa komið.

Hér er flutt tillaga um að

a. hraðað verði endurskoðun þeirra ákvæða hegningarlaga sem á einhvern hátt snerta tjáningarfrelsi og geta orðið til þess við óvarlega notkun að hefta málfrelsi,
b. kannað verði hvort setja eigi sérstök lög um prentfrelsi og tjáningarfrelsi til þess að fylla betur út í þann ramma sem stjórnarskráin kveður á um og
c. höfð verði hliðsjón af reynslu grannþjóða okkar í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir því að ríkisstjórninni verði falið að vinna að þessum verkefnum og gefa Alþingi skýrslu um gang málsins með haustinu.

Á Alþingi hafa verið flutt fjölmörg þingmál um þetta efni á seinni árum en þau hafa ekki náð fram að ganga, m.a. vegna þess að endurskoðun almennra hegningarlaga hefur staðið yfir. Á síðustu þingum hafa verið flutt mál er kveða á um að fella brott úr hegningarlögum 108. gr. þeirra sem kveður á um sérstaka vernd fyrir opinbera starfsmenn. Hefur Kristinn H. Gunnarsson flutt þingmál þetta ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Töldu flutningsmenn að Hæstiréttur hefði túlkað þessi lagaákvæði of rúmt og því væri óhjákvæmilegt að breyta lögunum. Nú hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið upp þann úrskurð að þessir dómar Hæstaréttar séu í raun brot á mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Kveikjan að þingmáli þessu voru dómar þeir sem kveðnir voru upp gegn Þorgeiri Þorgeirssyni og Halli Magnússyni. Dómsmálaráðuneytið hefur haft þessi mál til athugunar um skeið. Mun niðurstaða athugunarinnar vera sú að ekki sé ástæða til að breyta þeim lagaákvæðum sem í gildi eru og verður það mál því væntanlega til meðferðar á ný á Alþingi í vetur.

Þær áherslur, sem hafa ber í huga við breytingar á lögum í þessu sambandi, eru að mati flutningsmanna þessar: Meiðyrðalöggjöfin er úrelt eins og nú háttar fjölmiðlun og boðkerfum í landinu. Engu að síður þarf að vera til löggjöf sem ver fólk eins og kostur er fyrir meiðyrðum og ósönnum áburði. Þess vegna er nauðsynlegt að sett verði lög um prentfrelsið sem hluta af tjáningarfrelsinu í heild.

Meiðyrðamál þau sem höfðuð hafa verið eru af misjöfnum toga. Í fylgiskjali er birt yfirlit yfir síðustu dóma í ærumeiðingarmálum.

Fylgiskjal.

Nýjustu dómar í ærumeiðingarmálum.

1. Héraðsdómur Reykjavíkur 21. júlí 1994.
Skipatækni hf. gegn Sigurði Ingvasyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 12 af 12. (Sums staðar voru ómerkt einstök orð úr viðtölum en annað látið standa.) Refsisekt í ríkissjóð: 50.000 kr. Miskabætur: 250.000 kr. Dæmdur birtingarkostnaður: 100.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 200.000 kr. auk vsk. Skaðabótakröfu hafnað. Krafa stefnanda: 15 millj. kr. í skaðabætur.

2. * Héraðsdómur Reykjavíkur 8. apríl 1994.
Níels Adolf Ársælsson gegn Sigurjóni M. Egilssyni og fleirum. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 1 af 1. Refsisekt í ríkissjóð 15.000 kr. Dæmdar miskabætur: 30.000 kr. Dæmdur birtingarkostnaður: 30.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 100.000 kr. Fjárkröfur stefnanda voru 4.600.000 kr. í miskabætur. Áfrýjað til Hæstaréttar.

3. * Héraðsdómur Reykjavíkur 14. mars 1994.
Már Pétursson gegn Gunnari Smára Egilssyni og Blaði hf: Ummæli dæmd dauð og ómerk: 11 af 11. Miskabætur: 250.000 kr. með vöxtum frá 28. maí 1992. Gunnar Smári greiði 25.000 kr. sekt í ríkissjóð. Dæmdur birtingarkostnaður: 150.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 200.000 kr. Stefndi greiði samtals 625.000 kr. Áfrýjað til Hæstaréttar.

4. * Héraðsdómur Reykjavíkur 10. febrúar 1994.
Hrafn Gunnlaugsson gegn Sigurði Á. Friðþjófssyni og fleirum. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 18 af 21. Skaðabótakröfu hafnað. Refsikröfu hafnað. Dæmdur birtingarkostnaður: 150.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 321.500 kr. Stefndi greiði samtals 471.500 kr.

5. * Héraðsdómur Vestfjarða 7. febrúar 1994.
Níels Adolf Ársælsson gegn Sigurjóni J. Sigurðssyni og Halldóri Sveinbjörnssyni og H-Prenti hf. Ummælin dæmd dauð og ómerk. Skaðabótakröfu hafnað. Refsikröfu hafnað. Málskostnaður felldur niður. Kröfur stefnanda 2.800.000 kr., auk kostnaðar.

6. * Héraðsdómur Norðurlands eystra 22. nóvember 1993.
I. Valbjörn Jónsson og fleiri gegn Pétri Péturssyni lækni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Stefndi sýknaður af öllum fjárkröfum stefnanda. Skilorðsbundin refsing. Málskostnaður felldur niður. Upphaflegar kröfur stefnanda: 7.827.637 kr. II. Ólafur Sigurgeirsson gegn Pétri Péturssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Dæmdar miskabætur: 20.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 30.000 kr. Til birtingar dóms: 10.000 kr. Áfrýjað til Hæstaréttar.

7. Héraðsdómur Vestfjarða 5. nóvember 1993.
Halldór Þórðarson og fleiri gegn Indriða Aðalsteinssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 23 af 23. Stefndi sýknaður af bótakröfum og kröfum um að standa straum af opinberri birtingu dómsins. Dæmdur málskostnaður: 300.000 kr. Upphaflegar kröfur stefnenda: 600.000 kr., auk kostnaðar.

8. * Héraðsdómur Reykjavíkur 11. júní 1993.
Ástþór Bjarni Sigurðsson gegn Haraldi Jónssyni og Sigurði Má Jónssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 2 af 6. Fébóta- og refsikröfum hafnað. Kveðið á um birtingu dóms í Pressunni. Dæmdur málskostnaður: 90.000 kr. Upphaflegar kröfur stefnanda: 1.650.000 kr., auk kostnaðar. Áfrýjað til Hæstaréttar.

9. * Héraðsdómur Reykjavíkur 19. maí 1993.
Werner I. Rasmusson gegn Sigurjóni M. Egilssyni og Blaði hf. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 3 af 6. Refsi- og bótakröfu hafnað. Kveðið á um birtingu dóms í Pressunni. Dæmdur málskostnaður: 100.000 kr. Upphaflegar kröfur stefnanda: 500.000 kr.

10. Héraðsdómur Reykjaness 14. apríl 1992.
Pétur Einarsson gegn Ólafi Björnssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Dæmt vegna brota á 234. gr. og 236. gr. hgl. Miskabætur 60.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 150.000 kr. Samtals dæmdur málskostnaður: 210.000 kr.

11. * Héraðsdómur Reykjavíkur 12. mars 1992.
Gallerí Borg hf. og Úlfar Þormóðsson gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur o.fl. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 11 af 13. Dæmdar miskabætur: 80.000 kr. með vöxtum frá 6. desember 1990. Dæmdar skaðabætur: 300.000 kr. Refsing dæmd skv. 235. gr. alm. hgl. 50.000 kr. (25.000 kr. hvort um sig). Kveðið á um birtingu í Pressunni. Dæmdur birtingarkostnaður: 150.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 170.000 kr. Stefndi greiði samtals 750.000 kr. án vaxta. Áfrýjað til Hæstaréttar.

12. * Hæstiréttur 25. nóvember 1993.
Úlfar Nathanaelsson gegn Blaði hf. og Sigurði Má Jónssyni. Málinu vísað frá Hæstarétti þar sem málatilbúnaði stefnanda var svo áfátt að ekki var hægt að leggja efnisdóm á málið. Úlfar dæmdur til að greiða 40.000 kr. í málskostnað.

13. Hæstiréttur 24. júní 1993.
Gísli G. Ísleifsson gegn Bertu Kristinsdóttur. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Dæmdar miskabætur: 30.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 140.000 kr. Stefndi greiði samtals 170.000 kr. Sératkvæði Péturs Kr. Hafstein. Sýkna.

14. Hæstiréttur 19. mars 1993.
Skarphéðinn Ólafsson gegn Heiðari Guðbrandssyni. Sýknað af kröfum stefnanda, m.a. með vísan til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Málskostnaður felldur niður. Í undirrétti var Skarphéðni gert að greiða 50.000 kr. í miskabætur og 90.000 kr. í málskostnað.

15. * Hæstiréttur árið 1992, bls. 401.
Ákæruvaldið gegn Halli Magnússyni. Dæmd 60.000 kr. sekt skv. 108. gr. hgl. Dómurinn fer á sakaskrá Halls. Ummælin ómerkt. Miskabætur dæmdar: 150.000 kr. Saksóknaralaun: 150.000 kr. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda: 260.000 kr. Samtals greiðir ákærði 610.000 kr. án vaxta. Sératkvæði Hrafns Bragasonar.

16. * Hæstiréttur árið 1989, bls. 1586.
Útgáfufélag Þjóðviljans, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson gegn Guðmundi G. Þórarinssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Ummæli varða við 235. gr. alm. hgl. Refsing felld niður í Hæstarétti með vísan til 8. tölul. 74. gr. Sératkvæði Bjarna K. Bjarnasonar og Arnljóts Björnssonar sem ekki vildu beita 74. gr. hegningarlaga. Dæmdar 100.000 kr. í miskabætur. Kveðið á um birtingu dómsorðs skv. 22. gr. laga nr. 57/1956. Dæmdur birtingarkostnaður 50.000 kr., sbr. 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. Dæmdur málskostnaður: 150.000 kr. Samtals greiða stefndu 300.000 kr. án vaxta.

17. Hæstiréttur árið 1987, bls. 1280.
Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Refsing dæmd skv. 108. gr. alm. hgl., 10.000 kr. í sekt. Saksóknaralaun: 20.000 kr. Laun skipaðs verjanda: 40.000 kr. Samtals greiðir ákærði 70.000 kr. án vaxta. Sératkvæði Gauks Jörundssonar er vildi sýkna. Samtals greiddi stefndi 140.000 kr. Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg sýknaði 22. júní 1992.

Mál sem bíður dóms gegn blaðamönnum:
Hrafn Gunnlaugsson gegn Vikublaðinu.

Nokkur meiðyrðamál sem lokið hefur með sátt eftir stefnu:
Björn Friðfinnsson gegn Frjálsri verslun.
Jóhann Jónas Ingólfsson gegn Blaði hf.
Þórarinn Eldjárn gegn Blaði hf.
Sverrir Örn gegn Guðna Ágústssyni, fyrrverandi bankaráðsformanni Búnaðarbankans.

* merkir mál blaðamanna.

388. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um viðmiðun lágmarkslauna við reiknaðan lágmarksframfærslukostnað.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að enginn launþegi í fullu starfi þurfi að sæta launakjörum undir því marki sem reiknaður lágmarksframfærslukostnaður gefur. Markmiði þessu verði náð með lagasetningu, samningum eða öðrum ráðum og verkefninu lokið innan tveggja ára.

Greinargerð.

Lægstu laun í landinu hafa um langt árabil verið svo lág að þau duga engan veginn fólki á lægstu launatöxtum. Miðað við þær kröfur og aðstæður, sem eru í samfélagi okkar, getur það ekki framfært sig, hýst, fætt og klætt. Afkoma fólks á lægstu launum byggist þá yfirleitt á því að viðkomandi er á framfæri annarra, lifir við stórkostlegan skort og fátækt eða safnar skuldum. Stundum á allt þetta við. Þessu verður að breyta.

Það er óþolandi ástand að atvinnurekendum líðist að nýta sér fulla starfskrafta fólks án þess að greiða því laun sem duga til eðlilegrar framfærslu. Slíku má jafna við þrælahald. Það er misskilningur að halda að það sé styrkur fyrir hagkerfið að halda stórum hópum á smánarlaunum. Þvert á móti veikir það hagkerfið. Það veikir raunar þjóðfélagið allt, spillir heilsufari fólks og lamar efnahagslega hóp sem ætti að standa undir verulegri veltu með neyslu sinni.

Reyndar er ekki við atvinnurekendur eina að sakast varðandi þetta ástand. Allir þekkja hinn óformlega launastiga verkalýðshreyfingarinnar þar sem flestir hópar miða við ákveðið bil milli sín og annarra hópa, bæði þeirra sem hafa hærri laun og hinna sem hafa lægri. Menn reyna er að koma í veg fyrir að hinir lægra launuðu nálgist um of og leitast við að fylgja hækkunum hinna hærra launuðu fast eftir. Þessi viðhorf hafa m.a. komið í veg fyrir varanlegar leiðréttingar lægstu launa.

Flutningsmenn hafna þeim nauðhyggjurökum að þessu ástandi verði ekki breytt.

Kvennalistakonur hafa ítrekað flutt frumvarp um lögbindingu lægstu launa við eðlilegan framfærslukostnað. Hér er enn sótt að sama marki.

Ýmsar leiðir eru færar til þess að meta lágmarksframfærslu, t.d. kannanir á högum láglaunafólks, gerð lágmarksviðmiða og útreikningar á þeim eða „módelútreikningur". Félagsmálastjórar landsins hafa orðið að reikna sig að einhverri slíkri viðmiðun, sömuleiðis námsmenn. Skattstjórar hafa einnig orðið að finna svokallaða „lífeyristölu" til að meta hvort skattgreiðendur geta framfært sig af þeim tekjum sem þeir telja fram og með hliðsjón af breytingum eigna og skulda. Flutningsmenn vilja þó benda sérstaklega á athugun sem þegar hefur verið unnin og er því líklega nánast tilbúin.

Þingsályktun um athugun á lágmarksframfærslukostnaði var samþykkt á Alþingi 20. desember 1990. Flutningsmaður var Stefán Valgeirsson. Ályktunin hljóðaði svo eftir afgreiðslu þingsins:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis. Nefndin kanni meðal annars hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.

Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991."

Það á því þegar að vera til staðar viðmiðun til að vinna út frá og þessa niðurstöðu þarf aðeins að framreikna.

Grundvallarkrafa í mannúðlegu samfélagi er að fullvinnandi manneskja geti framfært sig. Niðurstöður misfrjálsra samninga hafa þó leitt til þess að stór hluti launþega fer afskiptur frá samningaborðinu og býður því líf undir fátæktarmörkum. Tilgangur þessarar tillögu er að hindra slíka nauðasamninga.

389. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [297. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Sigbjörn Gunnarsson,
Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

63. gr. verður svohljóðandi:

Landsmenn eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.

2. gr.

64. gr. verður svohljóðandi:

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.

3. gr.

65. gr., sem verður upphafsgrein VII. kafla, verður svohljóðandi:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

4. gr.

66. gr. verður svohljóðandi:

Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

5. gr.

67. gr. verður svohljóðandi:

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarð-

haldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.

6. gr.

68. gr. verður svohljóðandi:

Engan má beita ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

7. gr.

69. gr. verður svohljóðandi:

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð á þeim tíma samkvæmt lögum eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

8. gr.

70. gr. verður svohljóðandi:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

9. gr.

71. gr. verður svohljóðandi:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef það er nauðsynlegt vegna réttinda annarra.

10. gr.

72. gr. verður svohljóðandi:

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt annarra en íslenskra ríkisborgara til að eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.

11. gr.

73. gr. verður svohljóðandi:

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Framangreind ákvæði standa ekki í vegi því að með lögum má setja tjáningarfrelsi skorður í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra.

12. gr.

74. gr. verður svohljóðandi:

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

13. gr.

75. gr. verður svohljóðandi:

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Rétti manna varðandi vinnu og orlof skal skipað með lögum.

14. gr.

76. gr. verður svohljóðandi:

Allir, sem þess þurfa, skulu eiga rétt á aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis og sambærilegra atvika eftir því sem er nánar ákveðið í lögum.

Allir skulu eiga rétt á að hljóta almenna menntun og fræðslu við sitt hæfi eftir því sem er nánar ákveðið í lögum.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

15. gr.

77. gr. verður svohljóðandi:

Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

16. gr.

78. gr. verður svohljóðandi:

Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með eftirliti ríkisins skal skipað með lögum.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í apríl 1994 sendi stjórnarskrárnefnd formönnum þingflokka tillögur um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Með ályktun Alþingis 17. júní 1994 í tilefni 50 ára lýðveldis á Íslandi var samþykkt að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun alls VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar. Við endurskoðunina skyldi höfð hliðsjón af áðurgreindum tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994 en einnig skyldi fjalla um önnur ákvæði kaflans, svo sem um skipan skattamála, ríkisborgararétt og stöðu sveitarfélaga. Á síðara stigi var enn fremur ákveðið að taka til endurskoðunar ákvæðin um trúfrelsi í VI. kafla.

Frumvarpið, sem hér liggur fyrir, er í mörgum atriðum sambærilegt við tillögur stjórnarskrárnefndar að því er varðar mannréttindaákvæðin. Þó hafa þær sætt nokkrum breytingum frá upprunalegri mynd því að formenn þingflokka ákváðu síðla sl. sumar að taka þær til frekari athugunar og fengu til liðs við sig virta lögfræðinga og sérfræðinga á sviði mannréttinda og stjórnskipunar. Tillögurnar hafa enn tekið nokkrum breytingum eftir viðræður formanna þingflokka um málið og umræður í þingflokkum að undanförnu.

Í greinargerð með þingsályktuninni frá 17. júní 1994 eru færðar fram þrenns konar ástæður fyrir því að breytinga sé þörf á VII. kafla stjórnarskrárinnar sem venjulega er nefndur mannréttindakafli hennar. Í fyrsta lagi þurfi að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin þannig að þau gegni betur en nú því hlutverki sínu að vera vörn almennings í samskiptum við þá sem fara með ríkisvald. Í öðru lagi sé þörf á því að færa ýmis ákvæði kaflans til nútímalegra horfs, enda séu þau óbreytt frá því að fyrsta stjórnarskrá Íslands var sett árið 1874. Loks er í þriðja lagi bent á að tímabært sé að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar með tilliti til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með því að gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af þessum atriðum og reynt að ná þeim markmiðum sem þar koma fram.

I. Sögulegt yfirlit.

Mannréttindaákvæði eru mikilvægur hluti stjórnarskráa í vestrænum ríkjum og eru óumdeilanlega álitin ein af undirstöðum hvers lýðræðisþjóðfélags. Allt frá því Íslendingum var fyrst sett stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 hafa mannréttindi verið stjórnarskrárbundin réttindi borgaranna hér á landi. Mannréttindaákvæðin birtust annars vegar í V. kafla stjórnarskrárinnar sem fjallaði um skipan kirkjunnar og trúfrelsi og hins vegar í VI. kafla hennar sem fjallaði um ýmis réttindi borgaranna. Fyrirmynd mannréttindaákvæðanna í stjórnarskránni frá 1874 voru nánast samhljóða ákvæði í grundvallarlögum Dana frá árinu 1849. Réttindum, sem vernduð voru í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar frá 1874, má lýsa í stórum dráttum með eftirfarandi upptalningu:

— Trúfrelsi (46. og 47. gr.).
— Réttur handtekins manns og skilyrði gæsluvarðhalds (48. gr.).
— Friðhelgi heimilisins (49. gr.).
— Friðhelgi eignarréttarins (50. gr.).
— Atvinnufrelsi (51. gr.).
— Réttur til framfærslustyrks (52. gr.).
— Réttur til menntunar (53. gr.).
— Prentfrelsi (54. gr.).
— Félagafrelsi (55. gr.).
— Fundafrelsi (56. gr.).
— Skylda vopnfærra manna til að taka þátt í vörn landsins (57. gr.).
— Réttindi sveitarfélaga (58. gr.).
— Skylda til þess að skipa skattamálum með lögum (59. gr.).
— Afnám laga sem binda sérréttindi við aðal, nafnbætur eða tign (60. gr.).

Með stjórnskipunarlögum, nr. 12 19. júní 1915, voru nokkrar breytingar gerðar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar frá 1874. Í fyrsta lagi var málsgrein bætt við 45. gr. hennar, þ.e. 2. mgr., þar sem kveðið var á um að breyta mætti með lögum 1. mgr. ákvæðisins um að hin evangelíska lúterska kirkja skyldi vera þjóðkirkja á Íslandi. Í öðru lagi var þremur málsgreinum bætt við 47. gr., í stórum dráttum þess efnis að engan mætti skylda til að inna af hendi persónuleg gjöld til annarrar guðsdýrkunar en hann sjálfur aðhylltist og að þeir sem stæðu utan trúfélaga skyldu greiða gjöld til Háskóla Íslands, en loks var tekið fram að þessu mætti breyta með lögum. Í þriðja lagi var endurskrifuð 48. gr. stjórnarskrárinnar um rétt handtekins manns, en eina efnisbreytingin fólst í því að setja sólarhringsfrest fyrir dómara til að úrskurða um hvort handtekinn maður skuli settur í gæsluvarðhald í stað þriggja daga frests sem áður gilti. Í fjórða lagi var með breytingalögunum umorðuð 60. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að í stað þess að mæla fyrir um afnám laga sem binda sérréttindi við aðal, nafnbætur eða tign kom inn orðalag um að slík sérréttindi megi ekki taka í lög.

Mannréttindaákvæðin í stjórnarskránni frá 1874 stóðu að öðru leyti óbreytt allt þar til Íslendingum var sett ný stjórnarskrá, en það var stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9 18. maí 1920. Smávægilegar orðalagsbreytingar voru þá gerðar á mannréttindaákvæðunum og greinarnúmer þeirra breyttust, en efnisbreytingar á þeim urðu engar. Einu ákvæði, 64. gr., var bætt inn í mannréttindakaflann, en í því var mælt fyrir um að enginn útlendingur geti fengið ríkisborgararétt nema með lögum og að um rétt útlendinga til að eiga fasteign hér á landi skuli fara eftir því sem lög ákveða. Eftir sem áður stóðu ákvæði stjórnarskrárinnar um trúfrelsi í V. kafla um skipan þjóðkirkjunnar (59. og 60. gr.), en önnur réttindi voru talin í VI. kafla (61.–75. gr.).

Við setningu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, var ekki hróflað við mannréttindaákvæðunum að öðru leyti en því að breytingar urðu á kafla- og greinarnúmerum. Þannig standa óbreytt í VI. kafla, þar sem eru reglur um skipan þjóðkirkjunnar, ákvæði 63. og 64. gr. um trúfrelsi og í VII. kafla eru síðan talin önnur réttindi í 65.–78. gr. í sömu röð og lýst er hér að framan, en gæta ber að því að við þá upptalningu hefur bæst núgildandi 68. gr. þar sem er kveðið á um að enginn útlendingur geti fengið ríkisborgararétt nema með lögum og að um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi skuli skipað með lögum. Af þessu má sjá að núgildandi stjórnarskrárákvæði um mannréttindi eru nánast þau sömu og voru sett í fyrstu íslensku stjórnarskránni frá 1874.

Á síðasta áratug urðu nokkrar umræður um hvort breyta þyrfti mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá 11. janúar 1983 voru gerðar tillögur um ýmsar breytingar á núgildandi mannréttindaákvæðum. Þær voru kynntar á Alþingi snemma árs 1983, en fengu ekki frekari meðferð í það sinn.

II. Uppruni mannréttindaákvæða í öðrum ríkjum.

Uppruna stjórnarskrárákvæða um mannréttindi á Íslandi og í öðrum ríkjum á Norðurlöndum má rekja til mikillar vakningar um þessi málefni á meginlandi Evrópu á síðari hluta átjándu aldar og fyrri hluta nítjándu aldar. Hugmyndir um mannréttindi og frelsishugsjónir áttu ekki síst rætur sínar í frelsisbaráttu nýlendubúa í fylkjum Norður-Ameríku sem lýstu yfir sjálfstæði sínu árið 1776. Bandaríkjamenn settu sér stjórnarskrá árið 1787 og í sérstökum viðauka við hana, sem tók gildi árið 1791, var sett mannréttindaskrá þar sem talin voru helstu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi borgaranna. Frelsishugsjónir Bandaríkjamanna, sem birtust í sjálfstæðisyfirlýsingunni og stjórnarskrám sem einstök fylki settu sér um svipað leyti, þar sem tryggð voru réttindi borgaranna, höfðu mikil áhrif á meginlandi Evrópu. Í umróti frönsku stjórnarbyltingarinnar varð til franska réttindayfirlýsingin frá 1789 þar sem var skýrlega lýst yfir að ákveðin réttindi væru náttúrleg og óafsalanleg réttindi mannsins. Þar voru síðan talin helstu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindin sem enn í dag eru kjarninn í mannréttindaákvæðum flestra stjórnarskráa í lýðræðisþjóðfélögum þótt ýmis önnur réttindi hafi síðan bæst við. Á meðal réttinda, sem talin eru í frönsku mannréttindayfirlýsingunni, er grundvallarreglan um að allir menn séu fæddir jafnir og frjálsir, jafnræði fyrir lögunum, réttur til að þurfa ekki að þola handtöku nema samkvæmt lagaheimild, að menn séu álitnir saklausir í refsimáli þar til sekt er sönnuð, vernd gegn afturvirkni refsilaga, skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi og friðhelgi eignarréttar.

Franska réttindayfirlýsingin varð fyrirmynd margra stjórnarskráa sem gerðar voru í Evrópuríkjum á fyrri hluta nítjándu aldar, þar á meðal á Norðurlöndum. Þegar Danir settu sér grundvallarlög árið 1849 sóttu þeir fyrirmyndina að mannréttindaákvæðum sínum einkum til belgísku stjórnarskrárinnar frá 1831 sem var aftur byggð á fyrirmynd í frönsku réttindayfirlýsingunni. Þannig birtast áhrif frönsku mannréttindayfirlýsingarinnar óbeint en þó ótvírætt í ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar frá 1874 þar sem þau voru nánast samhljóða mannréttindaákvæðum dönsku grundvallarlaganna.

Núgildandi dönsk mannréttindaákvæði standa lítið breytt frá setningu grundvallarlaganna árið 1849. Þannig eru, líkt og í íslensku stjórnarskránni, ákvæði um trúfrelsi í sérstökum kafla um skipan þjóðkirkjunnar (VII. kafla) og síðan eru önnur mannréttindaákvæði í sérstökum kafla þar á eftir (VIII. kafla). Þau eru þannig í flestum atriðum mjög sambærileg núgildandi íslenskum mannréttindaákvæðum, en þó hafa sum dönsku ákvæðanna verið gerð nokkru ítarlegri, svo sem 71. gr. dönsku grundvallarlaganna um skilyrði frelsissviptingar, 73. gr. þar sem eru settar fram nánari reglur um framkvæmd eignarnáms og 78. gr. um skilyrði þess að félag verði leyst upp með stjórnarráðstöfun.

Mannréttindaákvæði í norsku grundvallarlögunum frá 1814, sem einnig eru skýrlega undir áhrifum frá frönsku réttindayfirlýsingunni, standa að stofni til enn, en ýmis ný réttindi hafa þó bæst við síðan. Mannréttindaákvæðin eru í 92.–110. gr. norsku grundvallarlaganna.

Nokkuð öðru máli gegnir um núgildandi mannréttindaákvæði í sænskum stjórnarskipunarlögum. Svíar settu sér ný stjórnarskipunarlög árið 1974 og er 2. kafli þeirra helgaður grundvallarréttindum borgaranna. Í kaflanum eru tuttugu greinar þar sem þessum

réttindum er lýst í mjög ítarlegu máli og jafnframt eru þar ákvæði um nokkur réttindi sem ekki eru í norsku, dönsku eða íslensku stjórnarskránni. Sænsku mannréttindaákvæðin bera einnig þess merki í slíkum samanburði að vera í öllu nútímalegra horfi sem tekur frekar mið af tæknivæddu þjóðfélagi en stjórnarskrár áðurnefndra norrænna ríkja.

III. Flokkun mannréttinda.

Að framan hefur verið lýst helstu réttindum sem talin voru í frönsku réttindayfirlýsingunni og hvernig þau hafa breiðst út til annarra Evrópuríkja. Þessi réttindi hafa verið kölluð borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Þau einkennast af því markmiði að vernda einstaklinginn fyrir afskiptum eða ágangi ríkisins og bera þess skýrlega merki að hafa mótast í baráttu einstaklinganna við ofurvald ríkisins. Þannig er eitt helsta einkenni þessara réttinda sem oft eru kölluð neikvæð réttindi að ríki verði að sýna af sér athafnaleysi, þ.e. aðhafist ekkert sem brýtur gegn þessum réttindum, og einstaklingarnir njóti þannig óskoraðs frelsis.

Annar helsti flokkur þess sem nú eru kölluð mannréttindi eru svokölluð efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, en segja má að áhugi og áhersla á þessum réttindum séu síðar komin til en kröfur um að njóta lágmarks borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda. Meðal þessara réttinda má telja réttindi í sambandi við vinnu, rétt til almannatrygginga, rétt til viðunandi lífsafkomu, þar með talið til viðunandi fæðis, klæðis og húsnæðis, rétt til heilsugæslu og rétt til menntunar. Auknar kröfur um að borgurunum séu einnig tryggð þessi réttindi byggjast fyrst og fremst á því að einstaklingnum sé ekki nægilegt að vera frjáls, heldur verði að tryggja að hann geti lifað mannsæmandi lífi í þjóðfélaginu og það sé undirstaða þess að hann geti notið frelsis síns. Sá grundvallareðlismunur er á efnahagslegum og félagslegum réttindum annars vegar og borgaralegum og stjórnmálalegum réttindum hins vegar að þau fyrrnefndu, a.m.k. flest þeirra, krefjast mikillar íhlutunar af hálfu ríkisins til að verða virk í raun. Þannig eru þessi réttindi gjarnan kölluð jákvæð réttindi með vísan til þess að þau kalla á að ríki grípi til ákveðinna og oft kostnaðarsamra aðgerða til þess að tryggja þau þegnum sínum. Samkvæmt þessu er ríki t.d. skylt að bjóða þegnum sínum heilsugæslu og ókeypis menntun og koma á laggirnar almannatryggingakerfi. Þótt enginn ágreiningur sé um mikilvægi þess markmiðs að tryggja öllum áðurgreind efnahagsleg og félagsleg réttindi er í reynd umdeilt hvort þau beri að telja til grundvallarmannréttinda eða hvort þau séu eins konar viðbótarréttindi sem hafa komið til með batnandi lífskjörum í nútímaþjóðfélögum. Af þessum sökum eru skiptar skoðanir um hvort eða að hve miklu leyti eigi að stjórnarskrárbinda þessi réttindi. Helstu rök með nauðsyn þess að binda slík réttindi í stjórnarskipunarlög eru að sjálfsögðu mikilvægi þess að menn geti í raun lifað mannsæmandi lífi í þjóðfélaginu. Mótrökin hafa á hinn bóginn verið þau að í raun geti verið óframkvæmanlegt að fylgja þessum réttindum eftir þar sem þau kalli á tiltekið efnahagsástand ríkis. Þótt mikilvægt sé að hvert ríki hafi efst á stefnuskrá sinni að tryggja þegnum sínum mannsæmandi líf og þeirri stefnu verði fylgt eins og kostur er þá sé varasamt að binda slíkar stefnuyfirlýsingar í stjórnarskipunarlög. Með því geti rýrnað gildi annarra mannréttindaákvæða sem felast í afskiptaleysi ríkisins og orðið þannig öllu framkvæmanlegri.

Líkt og í frönsku mannréttindayfirlýsingunni er stofninn í mannréttindaákvæðum stjórnarskráa í flestum Evrópuríkjum, þar á meðal á Norðurlöndum, eingöngu af meiði borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda. Þó er athyglisvert að í nokkrum núgildandi mannréttindaákvæðum í íslensku stjórnarskránni, sem standa nánast óbreytt frá 1874, er líkt og í dönsku stjórnarskránni mælt fyrir um dæmigerð efnahagsleg og félagsleg rétt-

indi. Þetta á einkanlega við um 70. gr. þar sem kemur fram að maður skuli eiga rétt á styrk úr almennum sjóði ef hann fær ekki séð fyrir sér og sínum og 71. gr. þar sem segir að hafi foreldrar ekki efni á að fræða sjálf börn sín eða séu þau munaðarlaus og öreigar sé skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu af almannafé. Hins vegar hefur lítið sem ekkert reynt á þessi ákvæði fyrir íslenskum dómstólum.

Því hefur verið lýst hér í stórum dráttum að grundvallarmunur á borgaralegum og stjórnmálalegum réttindum annars vegar og efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum hins vegar er að þau fyrrnefndu krefjast einvörðungu athafnaleysis af hálfu ríkisins en þau síðarnefndu krefjast athafna af þess hálfu. Hafa verður þó í huga að þetta er í raun nokkur einföldun á skilgreiningu réttindanna því að þetta kennimark þeirra er ekki einhlítt. Þannig má t.d. nefna að augljóslega er ekki nægilegt að ríki stjórnarskrárbindi þau grundvallarréttindi að heimilið sé friðheilagt án þess að grípa til frekari aðgerða til að tryggja þann rétt, svo sem með setningu löggjafar þar sem húsbrot eru lýst refsiverð. Á síðustu áratugum hefur þörfin aukist á því að ríki grípi til lagasetningar á vettvangi borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda til verndar einstaklingunum í innbyrðis samskiptum þeirra. Að þessu leyti hefur því breyst eða rýmkast nokkuð upprunalegt markmið þess að stjórnarskrárbinda borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi einstaklinga, en það var fyrst og fremst að vernda þá gegn ofurvaldi og afskiptum ríkisins.

IV. Alþjóðasamningar um mannréttindi og gildi þeirra að landsrétti.

Mannréttindi á alþjóðlegum vettvangi og bindandi þjóðréttarsamningar um mannréttindi eru tiltölulega nýtt viðfangsefni í samanburði við forsögu mannréttindaákvæða í stjórnarskipunarlögum einstakra ríkja. Þótt hægt sé að benda á alþjóðasamvinnu fyrr á öldum um bann við þrælahaldi, setningu mannúðarreglna á stríðstímum og reglur um vernd minnihlutahópa hafa mikilvægustu þjóðréttarsamningarnir um mannréttindi verið gerðir um og eftir miðbik 20. aldar. Ein helsta ástæða þess að mannréttindi komu lítt til skoðunar í alþjóðasamvinnu fyrr en á síðustu áratugum er að lengi vel var litið á þau sem innanríkismál hvers ríkis og þung áhersla var lögð á þá grunnreglu að ríki skyldu virða fullveldisrétt hvert annars án afskipta af innanríkismálum. Þetta viðhorf hefur verið mjög lífseigt og skýtur enn upp kollinum á vettvangi alþjóðasamvinnu um að tryggja mannréttindi, ekki síst af hálfu ríkja sem tilheyra öðrum menningarsvæðum en hinum vestræna heimi. Þau líta þá gjarnan svo á að mannréttindi séu sprottin af vestrænu gildismati sem verið er að þvinga upp á aðra menningarheima án tillits til menningararfleifðar, gildismats eða trúarbragða. Í stuttu máli má segja að þessi tvö atriði, þ.e. mismunandi gildismat ólíkra menningarsvæða í heiminum og sú viðleitni sumra ríkja að líta á mannréttindamál sem innanríkismálefni sem önnur ríki hafi engan rétt til að skipta sér af, hafi frá upphafi verið og sé enn í dag stærsti dragbítur í alþjóðlegri samvinnu um mannréttindamál.

Eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari urðu straumhvörf í alþjóðasamvinnu um mannréttindavernd. Mönnum urðu þá ljós hrikaleg mannréttindabrot sem framin voru meðan á styrjöldinni stóð og að knýjandi nauðsyn væri á að ná samstöðu um vernd mannréttinda á alþjóðlegum vettvangi. Þetta var því eitt helsta markmiðið með stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945 eins og kemur skýrlega fram í stofnskrá samtakanna. Hins vegar náðist ekki samstaða um hvaða mannréttindi ætti að vernda með alþjóðlegu samstarfi fyrr en með mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna árið 1948. Í yfirlýsingunni er talinn upp fjöldi réttinda, mestmegnis borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en þó einnig þau helstu af meiði efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Jafnframt er

því lýst yfir að það sé markmið aðildarríkja að virða og efla þessi réttindi. Þótt mannréttindayfirlýsingin sé ekki bindandi þjóðréttarsamningur var hún gríðarstórt skref í alþjóðlegri mannréttindasamvinnu. Hún lagði grunninn að eftirfarandi samvinnu um alþjóðlega mannréttindasamninga, ekki aðeins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna heldur einnig í svæðabundinni samvinnu þjóða um mannréttindi, svo sem á vegum Evrópuráðsins við gerð mannréttindasáttmála Evrópu.

Fjöldi alþjóðasamninga um mannréttindi, auk margvíslegra yfirlýsinga, ályktana og samþykkta, hefur verið gerður á vegum Sameinuðu þjóðanna á undanförnum áratugum. Hinir mikilvægustu í þessum efnum eru alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, báðir frá árinu 1966. Flestir samningar sem gerðir hafa verið síðan eru með nánari reglum um réttindi sem upprunalega eru sett fram í öðrum hvorum þessara samninga. Í þessu sambandi má nefna sérstaklega nokkra samninga sem Ísland hefur staðfest, auk áðurgreindra tveggja samninga, en það eru alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis (1965), alþjóðasamningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1979) og samningur um réttindi barnsins (1989). Íslenska ríkið hefur staðfest sérstaklega valfrjálsa bókun um kæruleið til handa einstaklingum í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og kæruleið skv. 14. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis.

Margvísleg alþjóðasamvinna um mannréttindi hefur átt sér stað á vettvangi Evrópuráðsins frá því það var stofnað árið 1949 með það markmið helst að viðhalda friði og efla vernd mannréttinda í álfunni. Mikilvægasti alþjóðasamningurinn á vegum Evrópuráðsins er mannréttindasáttmáli Evrópu frá árinu 1950, þar sem eru talin helstu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi sem aðildarríki eru skuldbundin til að tryggja þegnum sínum. Ellefu viðaukar hafa síðar verið gerðir við mannréttindasáttmálann og í fjórum þeirra er bætt við nýjum efnisréttindum. Ísland hefur staðfest mannréttindasáttmálann og átta af viðaukum hans, þar með talið alla þá sem bæta við efnisréttindum, og viðurkennt lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu. Annar mikilvægur þáttur í starfsemi Evrópuráðsins tengist vernd efnahagslegra og félagslegra réttinda, en þessi réttindi eru talin í félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1961 og er Ísland aðili að honum. Loks má nefna í tengslum við margþætt mannréttindastarf Evrópuráðsins Evrópusamning frá 1987 um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem Ísland hefur staðfest.

Líkt og félagsmálasáttmáli Evrópu á sér samsvörun í ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1966 eru ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um margt hliðstæð ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna frá 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þótt skilgreining réttindanna sé ekki alltaf með sama hætti. Í nokkrum atriðum gengur samningur Sameinuðu þjóðanna lengra og eru m.a. talin þar nokkur réttindi sem er ekki að finna í mannréttindasáttmálanum. Má sem dæmi um slíkt nefna almenna reglu um jafnræði allra fyrir lögunum. Á hinn bóginn finnast einnig dæmi um réttindi í mannréttindasáttmálanum sem eru ekki talin í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og má í því sambandi nefna vernd eignarréttarins. Báðir samningarnir eiga þó sameiginlegt að þar er að finna talningu á mun fleiri borgaralegum og stjórnmálalegum réttindum en eru nú í mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Þetta má sjá betur með því að bera réttindi, sem tryggð eru í íslensku stjórnarskránni samkvæmt listanum í I. hluta hér að framan, saman við réttindin sem eru tryggð í þessum tveimur alþjóðlegu samningum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hér verða fyrst talin í stórum dráttum réttindi sem eru tryggð með mannréttindasáttmála

Evrópu og viðaukum við hann:
— Réttur til lífs.
— Bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð.
— Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.
— Réttur til frelsis og mannhelgi.
— Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.
— Bann við afturvirkni refsilaga.
— Friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.
— Réttur til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar.
— Skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi.
— Fundafrelsi.
— Félagafrelsi.
— Réttur til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu.
— Raunhæf leið til að ná fram rétti ef brotið er á réttindum samkvæmt samningnum.
— Vernd eignarréttar.
— Réttur foreldra til að menntun barna þeirra samræmist trúar- og lífsskoðunum þeirra.
— Réttur til frjálsra kosninga.
— Bann við skuldafangelsi.
— Ferðafrelsi og réttur til að velja sér dvalarstað.
— Bann við að vísa eigin þegn úr landi eða meina honum komu til landsins.
— Bann við hópbrottvísunum útlendinga úr landi.
— Bann við dauðarefsingu.
— Bann við að vísa útlendingi úr landi, nema eftir ákvörðun sem er tekin í samræmi við lög.
— Réttur til að áfrýja refsimálum.
— Réttur til bóta vegna rangrar sakfellingar.
— Bann við að dæma mann tvisvar vegna sama brots.
— Jafnrétti hjóna innan hjónabands og í tengslum þeirra við börn sín.

Við þennan lista má síðan bæta réttindum sem eru að auki talin í samningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en það eru:
— Réttur frelsissviptra manna til mannúðlegrar meðferðar.
— Réttur allra til að vera viðurkenndur sem aðili að lögum.
— Jafnræði allra fyrir lögunum og bann við mismunun á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða eða annarra skoðana, uppruna, ætternis og annarrar sambærilegrar stöðu.
— Bann við stríðsáróðri.
— Sérstök réttindi barna, svo sem réttur til skráningar þegar eftir fæðingu, réttur til nafns og til að öðlast ríkisfang.

Eins og sjá má er þessi talning borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda mun ítarlegri en í núgildandi íslenskum stjórnarskrárákvæðum. Þótt sum þessara alþjóðlegu ákvæða um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eigi eðli sínu samkvæmt vart heima í mannréttindaákvæðum stjórnarskrár og önnur þeirra komi fram í öðrum köflum íslensku stjórnarskrárinnar veita áðurgreindir alþjóðasamningar víðtækari mannréttindavernd en núgildandi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar.

Það leiðir af þeim viðhorfum sem lögð eru til grundvallar hér á landi um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar að þjóðréttarsamningar teljast ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti. Ákvæðum þeirra verður því ekki beitt af íslenskum dómstólum nema þau hafi verið sérstaklega leidd í lög. Sú lögskýringarregla gildir þó að landslög skuli túlka með hliðsjón af alþjóðalögum, en séu þau ósamrýmanleg ganga hin fyrrnefndu almennt framar. Á síðustu árum hafa þó íslenskir dómstólar í auknum mæli tekið tillit til og vitnað í alþjóðasamninga um mannréttindi við túlkun íslenskra laga. Sambærileg viðhorf um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar gilda á Norðurlöndum, að Finnlandi frátöldu, og sama er að segja um Bretland, Írland og Möltu þegar litið er til annarra Vestur-Evrópuríkja. Íslenska ríkið hefur litið svo á að íslensk lög séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um vernd mannréttinda nema sérstakir fyrirvarar hafi verið gerðir um annað. Hér á landi hefur að auki almennt verið leitast við að laga íslenskan landsrétt ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasamninga. Þó hefur ekki verið gerð heildarúttekt á íslenskri löggjöf í tengslum við hvern og einn þeirra, annars vegar með því markmiði hvort þar er að finna lagaákvæði sem berum orðum brjóta gegn ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasamninga og hins vegar hvort íslensk löggjöf gengur nægilega langt í að tryggja mönnum þau réttindi sem fram koma í alþjóðlegum mannréttindasamningum.

Þótt íslensk lagaákvæði væru talin vera í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu við fullgildingu hans 1953 og hann hafi eftir það verið hafður til hliðsjónar við skýringu og túlkun dómstóla á íslenskum lögum óx þeirri skoðun fylgi á síðustu árum að íslensk löggjöf tryggði ekki nægilega réttindi samkvæmt sáttmálanum. Þetta leiddi til þess að mannréttindasáttmáli Evrópu var lögtekinn í heild með lögum nr. 62/1994. Sambærileg lögfesting mannréttindasáttmálans hefur einnig átt sér stað á síðustu árum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Helstu röksemdir fyrir því að lögfesta ákvæði mannréttindasáttmálans hér á landi voru að með því mundi aukast vernd réttinda einstaklinga og réttaröryggi. Hins vegar njóta ákvæði sáttmálans ekki stöðu stjórnarskipunarlaga og því breyta þau í engu mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Í athugasemdum við frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu er lýst þeirri skoðun að lögfestingin hafi allt að einu þau óbeinu áhrif að ríkari tilhneiging verði en áður til að beita rúmri skýringu á stjórnarskránni til samræmis við sáttmálann þar sem það gæti átt við, en ákvæði stjórnarskrárinnar séu fáorð og komin mjög til ára sinna. Jafnframt kemur fram í athugasemdunum að lögfesting mannréttindasáttmálans sé ekki framtíðarlausn. Lýst er þeirri skoðun nefndarinnar sem undirbjó frumvarpið að nauðsynlegt sé að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, ekki síst með hliðsjón af mannréttindasáttmálanum.

Á undanförnum árum hafa alþjóðlegar nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem starfa samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, gagnrýnt að viðkomandi samningar hafi ekki lagagildi hér á landi. Í þessu sambandi má nefna sérstaklega athugasemdir nefndar sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og nefndar sem starfar samkvæmt samningnum um afnám kynþáttamisréttis. Í þessum athugasemdum hefur einnig verið lýst þeirri skoðun að ekki virðist sem ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar gangi nægilega langt til þess að vernda þau réttindi sem talin eru í samningunum.

V. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

Eins og lýst var hér í upphafi eru markmið sem höfð eru að leiðarljósi við endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar einkum þríþætt. Þau eru í fyrsta lagi að efla og samræma ákvæðin, þannig að þau gegni betur en nú því hlutverki sínu að vera

vörn almennings í samskiptum við þá sem fara með ríkisvald. Í öðru lagi að reynt verði að færa ýmis ákvæði til nútímalegra horfs. Í þriðja lagi að taka mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur gengist undir með aðild sinni að alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.

Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir stórfelldri uppstokkun á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þannig er gengið út frá að sú skipan haldist að ákvæði sem varða trúfrelsi standi áfram í VI. kafla stjórnarskrárinnar þar sem er fjallað um þjóðkirkjuna, en þó eru gerðar tillögur um orðalagsbreytingar á þeim ákvæðum. Í VII. kafla er sem fyrr safnað saman öðrum mannréttindaákvæðum. Er lagt til að bæta ýmsum nýjum réttindum við þau sem fyrir voru og gera orðalag sumra eldri ákvæða ítarlegra, auk þess að fella fyrirmæli í tveimur núgildandi ákvæðum kaflans með öllu brott.

Við ákvörðun um hvaða réttindum skyldi bæta við núgildandi ákvæði VII. kafla var sú stefna tekin að leggja fyrst og fremst áherslu á borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Var því ákveðið að bæta ekki við í neinum teljandi mæli efnahagslegum og félagslegum réttindum, heldur færa til nútímahorfs ákvæðin í 70. og 71. gr., en þau réttindi sem þar eru talin má álíta meðal þeirra mikilvægustu af þessum meiði. Í sambandi við þetta verður þó að vekja athygli á 2. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins þar sem eru gerðar tillögur um algerlega nýjar reglur varðandi efnahagsleg og félagsleg réttindi. Þegar metið var hvaða borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi skyldu bætast við komu einkum til skoðunar þau sem er að finna í mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en þau eru talin í einu lagi í kaflanum hér á undan. Ekki þykir þó ráðlegt að reyna að taka upp í stjórnarskrána með tæmandi hætti og í ítarlegu máli öll réttindin sem koma fram þar, enda getur það leitt til hættu á að gagnályktað yrði af ákvæðunum. Er þess í stað ráðgert í frumvarpinu að bæta ákveðnum mikilvægum grundvallarréttindum við núgildandi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Er þá ekki leitast við að skrá og skilgreina öll óskráð réttindi sem óumdeilanlega hafa verið og yrðu áfram talin sjálfsagðar undirstöðureglur í íslenskri stjórnskipan þótt nokkrum slíkum réttindum sé bætt við samkvæmt frumvarpinu. Þannig er t.d. ekki sett fram hér almenn stefnuyfirlýsing um að allir menn eigi rétt til lífs eða skuli njóta mannhelgi. Að vissu leyti er þannig haldið við stefnu núgildandi mannréttindaákvæða sem einkennast af knöppum og kjarnyrtum stíl og framsetningu grundvallarreglna. Nánari útfærslu er sleppt, en ætlast er til að hún birtist í almennri löggjöf sem er byggð á þessum grundvallarreglum. Í mörgum tilvikum, þar sem er lagt til að bæta við nýjum mannréttindaákvæðum, eru fyrir ákvæði í almennri löggjöf þar sem þessi réttindi eru vernduð. Þykir þó vera tryggara í ljósi mikilvægis þeirra að orða kjarna þeirra sérstaklega í stjórnarskipunarlögum ásamt öðrum grundvallarréttindum. Í nokkrum tilvikum hefur jafnframt þótt vera tilefni til að skilgreina ítarlega réttindi sem þegar njóta stjórnarskrárverndar.

Í stuttu máli máli verður nú lýst tillögum um helstu breytingar á ákvæðum og talin ný réttindi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ítarlegri skýringar á þessum tillögum er að finna í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Í 1. og 2. gr. frumvarpins eru gerðar tillögur um orðalagsbreytingar á núgildandi 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar sem eru í VI. kafla hennar. Ekki er þó ætlast til að efnislegar breytingar verði á viðteknum skýringum á ákvæðunum.

Í 3. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um nýja 65. gr. stjórnarskrárinnar. Í henni er sett fram almenn jafnræðisregla þar sem er kveðið á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum. Þrátt fyrir að þessi regla hafi fram til þessa verið talin til óskráðra undirstöðuréttinda í íslenskri stjórnskipan hefur það ekki verið talið veita nægilega skýra vernd hvað varðar bann við mismunun.

Í 4. gr. frumvarpsins eru nokkur nýmæli í tillögu um nýja 66. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. eru nýjar reglur um skilyrði þess að maður missi íslenskan ríkisborgararétt, en reglan um að útlendingi verði aðeins veittur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum, sem þar er tekin upp, er nú í 68. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 66. gr. um hvenær mönnum verður meinað að koma til og fara frá landinu og um brottvísun úr landi, svo og almennt ferðafrelsi og frelsi til að ráða dvalarstað sínum innan lands, hafa ekki áður verið bundin í stjórnarskrá.

Í 5. gr. frumvarpsins, þar sem eru tillögur um nýja 67. gr., eru ýmis nýmæli sem tengjast reglum um frelsissviptingu. Hingað til hafa þessi atriði að mestu leyti komið fram í ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, en ástæða þykir til að árétta mikilvægi nokkurra reglna um réttarstöðu frelsissviptra manna með því að stjórnarskrárbinda þær. Núgildandi reglur um rétt handtekins manns eru í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Nýmæli í 5. gr. frumvarpsins felast aðallega í því að í fyrsta lagi er mælt fyrir í 1. mgr. ákvæðisins um að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Í öðru lagi kemur skýrlega fram sú regla í 2. mgr. að hver sá sem er sviptur frelsi eigi rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Í 3. mgr. kemur fram regla sem er sambærileg við 65. gr. stjórnarskrárinnar, en lítils háttar breytingar eru á orðalagi. Í þriðja lagi er það nýmæli í 4. mgr. að skýrlega er kveðið á um rétt manns, sem hefur verið sviptur frelsi af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsiverða háttsemi, til að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Loks er í fjórða lagi skýrlega orðaður réttur manns til skaðabóta hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju.

Í 6. gr. frumvarpsins, sem er gert ráð fyrir að verði ný 68. gr. stjórnarskrárinnar, er gerð tillaga í 1. mgr. um að sú grundvallarregla verði skráð að engan megi beita ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og að engum verði gert að leysa af hendi nauðungarvinnu. Sambærilega reglu er hvorki að finna í núgildandi stjórnarskrárákvæðum né heldur í almennri löggjöf. Þótt þessi regla hafi fram til þessa verið álitin sjálfsögð þykir tryggara að hún komi hér fram með skýrum hætti.

Í 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um efni nýrrar 69. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er mælt fyrir um bann við afturvirkni refsilaga og bann við að heimila í lögum dauðarefsingu. Þar er um að ræða nýmæli meðal mannréttindaákvæða í stjórnarskránni, en um bann við afturvirkni refsilaga eru nú fyrirmæli í almennum hegningarlögum.

Í 8. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um efni nýrrar 70. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er fjallað um lágmarksskilyrði þess að maður geti talist njóta réttlátrar málsmeðferðar í einkamálum og opinberum málum fyrir dómstólum. Sambærileg regla er ekki í núgildandi stjórnarskrárákvæðum, en atriðin sem talin eru í þessari grein koma öll fram með einum eða öðrum hætti í gildandi réttarfarslöggjöf um meðferð einkamála og opinberra mála.

Í 9. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um efni nýrrar 71. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er ráðgert að verði reglur um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar er aðeins mælt fyrir um friðhelgi einkalífs sem reglur eru um í 66. gr. Þrátt fyrir þetta leiðir ákvæði 9. gr. ekki til teljandi efnisbreytinga ef tekið er tillit til viðurkenndra óskráðra grunnreglna samhliða núgildandi 66. gr. Ákvæðin í 9. gr. eru

þó að ýmsu leyti ítarlegri um friðhelgi heimilisins en núgildandi reglur, t.d. um hvers konar þvingunaraðgerða megi grípa til eftir dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild.

Í 10. gr. frumvarpsins er tillaga um nýja 72. gr. stjórnarskrárinnar. Engin teljandi nýmæli eru í þessu ákvæði þar sem reglan í 1. mgr. um friðhelgi eignarréttarins er samhljóða núgildandi 67. gr. og 2. mgr. er um margt sama efnis og 2. málsl. núgildandi 68. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins, sem yrði 73. gr. stjórnarskrárinnar, eru ráðgerðar margvíslegar orðalagsbreytingar á núgildandi 72. gr. þar sem er fjallað um prentfrelsi, en orðalag þess ákvæðis ber mjög merki þess að vera komið til ára sinna. Er lagt hér til að mælt verði fyrir um skoðana- og tjáningarfrelsi í víðara samhengi, auk þess að mæla skýrlega fyrir um hvenær takmarkanir á þessum réttindum eru heimilar, en um það er ekki fjallað í núgildandi ákvæði.

Í 12. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um efni nýrrar 74. gr. stjórnarskrárinnar sem er ætlað að ná til félagafrelsis og fundafrelsis, en þessi réttindi njóta verndar í núgildandi 73. og 74. gr. stjórnarskrárinnar. Ráðgert er að efni og orðalag nýrrar 74. gr. verði í stórum dráttum það sama. Þó er gerð tillaga um mikilvægt nýmæli í 2. mgr. ákvæðisins þar sem er beinlínis kveðið á um rétt manna til að standa utan félaga.

Í 13. gr. frumvarpsins er ráðgert að ný 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar fjalli um atvinnufrelsi, en núgildandi ákvæði um það efni eru í 71. gr. hennar. Tillaga er gerð um nokkuð breytt orðalag, en réttindin, sem ætlað er að vernda, eru efnislega þau sömu. Í 2. mgr. 13. gr. eru á hinn bóginn lögð til nýmæli þar sem eru fyrirmæli um að réttindum manna varðandi vinnu og orlof skuli skipað með lögum. Er með þessu gert ráð fyrir að auka við fyrirmæli stjórnarskrárinnar um efnahagsleg og félagsleg réttindi að þessu leyti.

Í 14. gr. frumvarpsins eru tillögur um efni nýrrar 76. gr. stjórnarskrárinnar. Er ráðgert að þar verði mælt fyrir í 1. og 2. mgr. um félagsleg réttindi sem svara að nokkru leyti til þeirra sem reglur eru nú um í 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar. Í 3. mgr. eru á hinn bóginn nýmæli sem er ætlað að tryggja börnum sérstaka vernd.

Í 15. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um nýja 77. gr. þar sem líkt og nú yrðu reglur um skattamálefni. Upphaf 15. gr. er samhljóða núgildandi 77. gr. Síðari hluti 1. mgr. 15. gr. um bann við að stjórnvöld ákveði um álagningu, breytingu eða afnám skatts er á hinn bóginn nýmæli í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, en að nokkru eru reglur svipaðs efnis nú í 40. gr. hennar og er ekki gerð tillaga hér um að hreyfa við þeim. Þá eru einnig nýmæli í 2. mgr. 15. gr. þar sem mælt er fyrir um bann við afturvirkni skattalaga.

Í 16. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um nýja 78. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er fjallað um réttindi sveitarfélaga með sama hætti og er gert í núgildandi 76. gr. Nýmæli er þó í 2. mgr. ákvæðisins um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum.

Að lokum má geta þess að með frumvarpinu er ráðgert að tvö núgildandi ákvæði í VII. kafla stjórnarskrárinnar verði felld niður. Annars vegar er lagt til að fella niður 75. gr. um varnarskyldu, en telja má að ákvæðið hafi ekki raunhæft gildi, auk þess að þörf er ekki á að mæla fyrir í stjórnarskrá um skyldu manna til að hlýðnast almennri herkvaðningu. Má því ekki líta þannig á að brottfall reglunnar komi í veg fyrir að sett yrðu ef þörf krefði almenn lög þar sem yrði mælt fyrir um skyldu til að verða við herkvaðningu og taka til vopna. Hins vegar er gert ráð fyrir að núgildandi 78. gr. falli niður, en í henni er kveðið á um að sérréttindi, sem bundin eru við aðal, nafnbætur og lögtign, megi ekki taka í lög. Er gengið út frá að tvímælalaust sé að almenna jafnræðisreglan, sem er í 3. gr. frumvarpsins, feli m.a. þessa sömu reglu í sér.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í fyrstu tveimur greinum frumvarpsins eru gerðar tillögur um efni 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar. Tillögurnar fela fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar á tveimur af þremur ákvæðum VI. kafla stjórnarskrárinnar sem fjallar um skipan þjóðkirkjunnar og trúfrelsi. Ákvæði um trúfrelsi hafa frá upphafi verið í sérstökum kafla í íslensku stjórnarskránni ásamt reglum um skyldur ríkisins gagnvart þjóðkirkjunni. Þótt trúfrelsi sé ekki talið meðal almennra mannréttinda í VII. kafla stjórnarskrárinnar telst það vera meðal allra mikilvægustu borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda og hefur efnisskipan þess hér í sérstakan kafla engin áhrif þar á.

Þær orðalagsbreytingar sem ráðgerðar eru á 63. og 64. gr. miða ekki að efnisbreytingum á inntaki ákvæðanna eins og það hefur verið skýrt fram á þennan dag. Á hinn bóginn er verið að rýmka orðalagið frá því sem nú er, en það ber um margt merki þess að vera komið til ára sinna. Breytingar á ákvæðunum felast nánar tiltekið í eftirtöldum atriðum.

Í fyrsta lagi er stefnt að því að eyða þeim blæ í ákvæðunum að trúfrelsið, sem þau eiga að tryggja, sé eingöngu til að velja á milli þjóðkirkjunnar og annarra kristinna safnaða eða safnaða guðsdýrkenda. Þannig er lögð til breyting á upphafsorðum núgildandi 63. gr. um að landsmenn eigi rétt á að „þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins“ en í staðinn er gerð tillaga um almennara orðalag þar sem segir að landsmenn eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.

Í öðru lagi má benda á tillögu um breytingu á fremur óljósu orðalagi í 1. mgr. núgildandi 64. gr. þar sem er mælt fyrir um að enginn megi fyrir sakir trúarbragða sinna skorast undan „almennri félagsskyldu“. Þetta orðalag er til þess fallið að valda misskilningi miðað við þann skilning sem nú er lagður í hugtakið félagsskylda. Upprunaleg merking þess í ákvæðinu er að menn geti ekki skorast undan þegnskyldu, svo sem skyldu til að sitja í kjörstjórn, gegna störfum meðdómsmanna og sinna öðrum sambærilegum almennum borgaraskyldum. Er því gerð tillaga um þá orðalagsbreytingu þessu til samræmis að rætt verði í þessu sambandi um þegnskyldu í stað almennrar félagsskyldu.

Í þriðja lagi skal nefnt að í núgildandi 2. mgr. 64. gr. er áskilið að manni verði ekki gert að greiða persónuleg gjöld til „annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist“. Í frumvarpinu er hins vegar gerð tillaga um að orðalagi verði hagað þannig að engum sé skylt að greiða persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að. Gjaldskyldan er með þessum hætti tengd við aðild að trúfélagi, en ekki við trúarlega skoðun manns. Í sambandi við þessa reglu má einnig benda á að þegar rætt er um „persónuleg gjöld“ er átt við beina skatta sem eru lagðir á til að afla fjár sem rennur beint til trúfélaga. Reglan girðir hins vegar ekki fyrir að tekjuskattur, virðisaukaskattur og önnur sambærileg gjöld verði lögð á menn án tillits til stöðu þeirra í trúfélögum eða utan þeirra þótt hluti af tekjum ríkissjóðs kunni að renna beint eða óbeint til trúfélaga á grundvelli fjárlaga.

Í fjórða lagi má benda á þá breytingu sem ráðgerð er í 2. gr. frumvarpsins að núgildandi 3. og 4. mgr. 64. gr. verði sameinaðar í eina málsgrein sem verði sú þriðja í greininni. Þetta er gert til að taka af öll tvímæli um að núgildandi regla í 4. mgr. 64. gr., þar sem segir „breyta má þessu með lögum“, skírskoti aðeins til reglunnar um ráðstöfun gjalda manna utan trúfélaga í núverandi 3. mgr., en ekki til efnisreglnanna í 1. og 2. mgr. Er þetta ótvírætt í samræmi við upprunalegt markmið 3. og 4. mgr. þegar þeim var bætt

samtímis við 64. gr. með stjórnarskipunarlögum, nr. 12/1915.

Þess má geta að ekki er hróflað við þeirri skipan sem kemur fram í núgildandi 62. gr. stjórnarskrárinnar að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og að hún njóti þannig verndar og stuðnings frá ríkinu. Slíkt fyrirkomulag hefur ekki verið talið brjóta gegn trúfrelsi svo lengi sem það skerðir ekki rétt manna utan þjóðkirkju til þess að aðhyllast aðra trú, stofna trúfélög eða standa utan trúfélaga og þeim er ekki mismunað af þeirri ástæðu. Þessi sjónarmið hafa komið fram í tengslum við túlkun alþjóðasamninga um mannréttindi sem hafa að geyma ítarleg ákvæði um trúfrelsi og Ísland er aðili að. Í því sambandi má benda sérstaklega á mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Meðal annars hefur nefnd, sem starfar samkvæmt síðarnefnda samningnum, lýst þessari skýringu sinni í almennri umsögn nr. 22(48) um trúfrelsi skv. 18. gr. samningsins frá 20. júlí 1993.

Að endingu má vekja hér athygli á að mælt er fyrir um bann við mismunun á grundvelli trúarbragða í almennu jafnræðisreglunni í 3. gr. frumvarpsins, en þeirri reglu er lýst nánar í athugasemdum við þá grein.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gerð tillaga um upphafsákvæði VII. kafla stjórnarskrárinnar sem er hinn eiginlegi mannréttindakafli og er ætlast til að hefjist sem fyrr á 65. gr., en í þessu upphafsákvæði er að finna reglu sem hefur ekki áður verið bundin í stjórnarskipunarlög með skýrum hætti. Jafnræðisreglan, sem hér er orðuð, hefur þó engu að síður verið álitin ein helsta undirstaðan í íslenskri stjórnskipan og almennt í íslenskum rétti. Segja má að í jafnræðisreglunni séu ekki beinlínis fólgin ákveðin efnisréttindi. Mikilvægi hennar felst ofar öllu í því að vera almenn leiðbeiningarregla um bann við mismunun sem ber ávallt að hafa að leiðarljósi. Það á ekki einvörðungu við í tengslum við lagasetningu, heldur einnig við skýringu laga, þar á meðal annarra stjórnarskrárbundinna mannréttindaákvæða. Jafnræðisreglan getur þó að sjálfsögðu haft bein og ótvíræð áhrif ef t.d. ákvæði í almennum lögum felur í sér mismunun sem brýtur í bága við regluna. Kann þá ákvæðinu að verða vikið til hliðar vegna hennar.

Full ástæða þykir til að orða jafnræðisregluna skýrlega meðal annarra mannréttindareglna í stjórnarskránni þótt fram til þessa hafi verið talið nægilegt að vísa til hennar sem óskráðrar grundvallarreglu íslenskra laga. Þetta er í samræmi við þá tilhneigingu að binda jafnræðisregluna í lög á ákveðnum sviðum almennrar löggjafar. Í því sambandi má minna sérstaklega á 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar sem er mælt fyrir um bann við að mismuna aðilum við úrlausn mála í stjórnsýslunni vegna sambærilegra atriða og eru talin í þessu ákvæði frumvarpsins. Þá má benda á að jafnræðisreglan er skýrlega orðuð í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að og er því til eðlilegrar samræmingar að festa hana í stjórnarskrána. Þannig er hún afdráttarlaust orðuð í 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Þess má geta í þessu sambandi að ýmsir sérsamningar á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa það markmið að útfæra jafnræðisregluna með ítarlegri hætti en er gert í fyrrnefndum samningi og þá í tengslum við ákveðna hópa manna sem sérstök hætta þykir á að geti sætt mismunun. Sem dæmi um slíkt má einkum benda á samning um afnám alls kynþáttamisréttis frá 1965 og samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979, en Ísland hefur staðfest báða þessa samninga. Tekið skal fram að í mannréttindasáttmála Evrópu er ekki að finna jafnafdráttarlausa jafnræðisreglu og þá sem felst í 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Í 14. gr. mannréttindasáttmálans er regla um að réttindi

sem lýst er í samningnum skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits vegna atriða sem þar eru talin nánar, en eins og ráða má af þessu er þessi jafnræðisregla bundin við réttindi samkvæmt sáttmálanum og getur hún aðeins komið til umfjöllunar samkvæmt sáttmálanum í tengslum við brot á efnisréttindum hans.

Í 3. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að jafnræðisreglan fái verulega rýmra gildissvið en reglur á borð við fyrrnefnda 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu því í reglu frumvarpsins er ekki aðeins skírskotað til þess að allir skuli njóta mannréttinda án mismununar, heldur er henni ætlað að gilda á öllum sviðum löggjafar og veita öllum jafna lagavernd. Í þessu ákvæði frumvarpsins eru talin sérstaklega nokkur atriði sem yrði óheimilt að byggja mismunun á. Þessi talning tekur að miklu leyti mið af orðalagi áðurnefndrar 26. gr. alþjóðasamningsins um borgarleg og stjórnmálaleg réttindi og 14. gr. mannréttindasáttmálans. Þess má þó geta að ekki er samræmi á milli samninganna tveggja í íslenskri þýðingu þar sem í þýðingu á 26. gr. alþjóðasamningsins er rætt um „þjóðernisuppruna“ en í 14. gr. mannréttindasáttmálans er rætt um „þjóðerni“. Hins vegar er í upprunalegum texta beggja samninganna á ensku notast við orðalagið „national origin“ sem verður að telja réttara að þýða sem „þjóðernisuppruna“ og er það hugtak notað í þessu ákvæði frumvarpsins. Aðgreining á þessu tvennu, þjóðerni og þjóðernisuppruna, getur haft nokkra þýðingu því að hafa ber í huga að útlendingar eru ekki í öllu tilliti jafnir íslenskum ríkisborgurum fyrir lögum. Í því sambandi má strax benda á 4. gr. frumvarpsins um heimildir til að vísa útlendingum úr landi, svo og 2. mgr. 10. gr. um heimildir til að takmarka rétt útlendinga til að eignast fasteign eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. Rétt er að taka fram að umrætt bann við mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna beinist þannig að því að óheimilt væri að mismuna íslenskum ríkisborgurum eftir þjóðernisuppruna þeirra.

Eins og áður hefur verið vikið að er jafnræðisreglan, sem hér er gerð tillaga um, orðuð mjög rúmt. Ekki má líta á atriðin, sem þar eru talin sem óheimill grundvöllur mismununar, sem tæmandi talningu, enda lýkur 3. gr. frumvarpsins með því að lagt er bann við að mismuna mönnum eftir stöðu þeirra að öðru leyti. Geta fallið undir þessi niðurlagsorð fjölbreytileg atriði sem ekki er getið sérstaklega um í reglunni, svo sem heilsufar manna eða líkamlegt ástand sem þar með væri óheimilt að láta varða mismunun. Hins vegar verður að hafa í huga að reglan er öðrum þræði stefnuyfirlýsing sem varasamt er að taka of bókstaflega án tillits til aðstæðna sem geta réttlætt eðlileg frávik frá þessu jafnræði fyrir lögunum. Þannig má t.d. nefna að skilyrðið um að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum án tillits til efnahags kemur ekki í veg fyrir að til séu skattleysismörk fyrir þá sem eru lakast settir fjárhagslega og skattar geti síðan verið stighækkandi eftir því sem efnahagur manna er betri. Þá felst ekki í reglunni að ríkið þurfi að tryggja öllum sömu aðstöðu án tillits til efnahags því nauðsynlegt er að þeir sem búa við rýran hag fái frekar efnahagslegan stuðning frá ríkinu en hinir sem hafa aðstæðna sinna vegna ekki þörf fyrir slíkan stuðning. Dæmum eins og þessum er ætlað að sýna fram á að réttlætanlegt getur verið að gera ákveðnum hópum hærra undir höfði í löggjöf í viðleitni til að rétta skertan hlut þeirra til jafnvægis við aðra þjóðfélagshópa. Markmið jafnræðisreglunnar er framar öllu að koma í veg fyrir manngreinarálit á grundvelli atriðanna sem eru talin í henni. Það er hins vegar ekki markmið hennar að útiloka að lögákveðin skilyrði fyrir réttindum eða skyldum geti tekið mið af þessum atriðum ef þau byggjast á málefnalegum forsendum.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um efni nýrrar 66. gr. stjórnarskrárinnar. Þar eru ráðgerð nýmæli í flestum öðrum atriðum en þeim að í lokamálslið 1. mgr. er regla um hvernig útlendingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur sem svarar að miklu leyti til núgildandi 68. gr. stjórnarskrárinnar. Þótt ákvæði hafi ekki verið til þessa í stjórnarskránni um önnur réttindi sem mælt er fyrir um í 4. gr. frumvarpsins má vekja athygli á að þau hafa í öllum meginatriðum verið tryggð í alþjóðlegum samningum um mannréttindi sem Ísland er aðili að. Þannig tekur efni greinarinnar nokkurt mið af 2.–4. gr. 2. samningsviðauka og 1. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu og 12. og 13. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Kjarni þessara ákvæða lýtur að reglum um ferðafrelsi og rétt til að velja sér dvalarstað, frelsi til að fara úr landi, bann við að vísa eigin ríkisborgurum úr landi og skilyrði um lögmæltar reglur varðandi brottvísun útlendinga úr landi.

Við nánari athugun á efnisatriðum 4. gr. koma fyrst til skoðunar reglur í 1. mgr. um veitingu og missi íslensks ríkisborgararéttar. Með 1. málsl. 1. mgr. er girt fyrir að maður verði sviptur íslenskum ríkisborgararétti, hvort heldur með löggjöf eða stjórnvaldsákvörðun. Á eftir fylgir þó regla í 2. málsl. um að heimilt sé að ákveða með lögum að maður missi íslenskan ríkisborgararétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisborgararétt í öðru ríki. Í vissum skilningi er unnt að ræða um að með þessu sé ekki gerð undantekning frá reglunni í 1. málsl. málsgreinarinnar um að menn verði ekki sviptir ríkisborgararétti gegn vilja sínum, enda er í þessum tilvikum um að ræða afleiðingu þess að menn verða sjálfviljugir ríkisborgarar í öðru ríki. Af þeirri ástæðu má ræða um að maður sé ekki „sviptur“ íslenskum ríkisborgararétti í eiginlegum skilningi við þessar kringumstæður, heldur býr sú hugsun að baki að hann fyrirgeri þeim rétti með því að taka við erlendum ríkisborgararétti með sínu eigin samþykki. Leggja verður áherslu á skilyrðið í þessari reglu um að maður verði sjálfur að hafa samþykkt að öðlast ríkisborgararétt í öðru ríki. Þess vegna er ekki nægilegt til að glata íslenskum ríkisborgararétti að maður verði sjálfkrafa ríkisborgari annars ríkis án nokkurrar viljayfirlýsingar í þá átt, t.d. með því einu að ganga í hjúskap við þarlendan ríkisborgara. Álitaefni getur þó verið í þessu sambandi hvernig ætti að beita þessu skilyrði ef lög viðkomandi ríkis, þar sem Íslendingur öðlast ríkisborgararétt, mæla fyrir um að börn hans undir ákveðnum aldri hljóti samtímis þann rétt. Ætla verður að vafasamt sé hvort foreldri með íslenskan ríkisborgararétt, sem öðlast á þennan hátt ríkisborgararétt í öðru ríki, geti fyrirgert rétti barns síns til íslensks ríkisborgararéttar, enda liggur þá ekki fyrir samþykki þess í þá átt. Benda má á að ákvæðið í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins um missi íslensks ríkisborgararéttar felur aðeins í sér heimild handa löggjafanum til að setja reglur þess efnis, en ekki skyldu. Reglur af þessum toga er nú að finna í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, en skilyrðin, sem hér eru sett fram fyrir missi íslensks ríkisborgararéttar, eru í raun það ströng að ætla má að viss ákvæði í lögunum um það efni geti ekki samrýmst fyrirmælunum í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Í því sambandi má einkum benda á 2. og 3. tölul. 7. gr. og 8. gr. laga nr. 100/1952.

Í 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er regla sem er um margt sambærileg núgildandi 68. gr. stjórnarskrárinnar um hvernig útlendingur öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Tillaga er þó gerð um þá breytingu að í stað þess að mæla fyrir um að útlendingi verði aðeins veittur ríkisborgararéttur „með“ lögum, eins og nú er gert 68. gr. stjórnarskrárinnar, er rætt í þessu ákvæði frumvarpsins um að útlendingi verði veittur ríkisborgararéttur „samkvæmt“ lögum. Með þessu er lagt til að löggjafanum verði veitt svigrúm til

að setja almenn lög um veitingu ríkisborgararéttar þar sem mætti setja almenn skilyrði fyrir að öðlast íslenskt ríkisfang og fela stjórnvöldum að annast veitingu ríkisborgararéttar, í stað þess að setja sérstök lög um að veita tilteknum einstaklingum ríkisborgararétt eins og nú er gert. Eftir þessu orðalagi hefði löggjafinn val um hvor leiðin yrði farin til að veita íslenskan ríkisborgararétt eða gæti jafnvel ákveðið að báðum aðferðum verði beitt.

Í fyrri málslið 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um fortakslaust bann við því að meina íslenskum ríkisborgara að koma til landsins og bann við brottvísun hans úr landi. Sambærilegar reglur er að finna í 1. mgr. 3. gr. 4. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu og 4. mgr. 12. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, að því frátöldu þó að í síðarnefnda samningnum er ekki kveðið á um að óheimilt sé að vísa eigin þegn úr landi. Þetta ákvæði frumvarpsins felur í raun í sér einn helsta kjarna þeirra réttinda sem fylgja því að gerast ríkisborgari ákveðins ríkis. Þótt regla þessa efnis hafi ekki áður verið bundin í íslensku stjórnarskrána má telja vafalaust að hún hafi skipað flokk með óskráðum grundvallarreglum sem íslensk stjórnskipun byggist á.

Í síðari málslið 2. mgr. 4. gr. er regla um að skipa skuli rétti útlendinga til að koma og fara frá landinu með lögum. Með þessu er fyrst og fremst lögð skylda á löggjafann til að setja lög til að girða fyrir að framkvæmdarvaldið hafi ákvörðunarvald um þessi efni án skýrra lögákveðinna skilyrða. Löggjafinn hefur á hinn bóginn frjálsar hendur um efni slíkra skilyrða innan þeirra marka sem leiðir af almennum jafnræðisreglum og þjóðréttarlegum skuldbindingum. Sem dæmi um slíkar skuldbindingar, sem yrði að líta til við lagasetningu um þetta, má benda á reglur um málsmeðferð í tengslum við brottvísun útlendinga í 1. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu og 13. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Reglur um þessi atriði eru nú í lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, en þeim var í ýmsum atriðum breytt með lögum nr. 133/1993 og má telja þær samrýmast orðið umræddum mannréttindasamningum. Þess má loks geta að ákvæðin í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem hér um ræðir, kæmu ekki í veg fyrir að útlendingar njóti misjafnrar stöðu í þessu tilliti, t.d. vegna sérstakra réttinda sem sumir þeirra njóta samkvæmt alþjóðasamningum á borð við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða samninga á milli norrænna ríkja um atriði af þessum meiði.

Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um reglu þess efnis að engum verði meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara, en henni er ætlað að eiga jafnt við um íslenska ríkisborgara og erlenda. Sambærileg regla kemur fram í 2. mgr. 2. gr. 4. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu og 2. mgr. 12. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Reglan í 3. mgr. 4. gr. er þó ekki án undantekninga og er tveggja þeirra getið í ákvæðinu. Annars vegar er gengið þar út frá að dómari geti lagt farbann á mann. Ákvörðun um slíkt farbann yrði að styðjast við bein lagafyrirmæli, en sem dæmi um fyrirmæli þess efnis í gildandi lögum má benda á 110. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og 83. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Hins vegar kemur fram í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins að stöðva megi för manns úr landi með lögmætri handtöku. Þykir nauðsynlegt að taka fram slíka undantekningu til að taka af tvímæli um að maður getur ekki borið fyrir sig stjórnarskrárverndaðan rétt til að fara úr landi, t.d. rakleitt eftir að hafa drýgt refsivert brot á útgönguleið sinni, eingöngu í skjóli þess að hann hafi ekki enn verið leiddur fyrir dómara vegna brots síns. Í sambandi við þetta er rétt að taka fram að þótt þessi heimild sé ráðgerð til að stöðva för manns úr landi leiðir af 5. gr. frumvarpsins að tálmun við brottför gæti aðeins staðið í skamman tíma á þessum grundvelli því skylt væri að leiða þann handtekna án undandráttar fyrir

dómara sem gæti þá eftir atvikum tekið ákvörðun um farbann. Að öðru leyti verður að vekja hér athygli á því að ekki er ætlast til að orðalagið í 3. mgr. 4. gr. verði skilið á þann hátt að ákvæðið útiloki að sett verði, í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar reglur, skilyrði í lögum fyrir brottför úr landi, svo sem um að framvísað sé gildu vegabréfi.

Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um almenna reglu um ferðafrelsi innan lands og rétt til að ráða búsetu sinni, en til þessa hefur verið gengið út frá að óskráðar grundvallarreglur gildi um þetta og má telja að þær séu sama efnis og þetta ákvæði frumvarpsins. Sambærilegar reglur eru í 1. mgr. 2. gr. 4. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu og 1. mgr. 12. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Af einstökum atriðum í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er öðru fremur rétt að benda á að þar er gert ráð fyrir að þau réttindi, sem ákvæðið nær til, geti sætt takmörkunum í lögum, en ekki er tekið nánar fram hvers konar takmarkanir mætti setja eða af hvaða tilefni. Sem dæmi um rök og réttmætan tilgang fyrir slíkum takmörkunum má þó nefna tillit til öryggis ríkisins, sem getur réttlætt skerðingu á frelsi til ferða við hernaðarmannvirki, tillit til almannaheilla, sem getur búið að baki skerðingu ferðafrelsis á viðkvæmum gróðursvæðum, í varplöndum sjaldgæfra fugla eða í hættulegu landslagi og tillit til allsherjarreglu eða löggæsluþarfa sem getur réttlætt að takmarka ferðafrelsi manns með því að leggja fyrir hann að halda sér tímabundið innan ákveðins svæðis vegna rannsóknar opinbers máls. Síðast en ekki síst verður að telja sjálfgefið að ferðafrelsi manna sé takmarkað með tilliti til eignarréttinda annarra, t.d. að landi sem eigandinn gæti meinað öðrum að fara um. Þess má geta að sambærilegar almennar takmarkanir á ferðafrelsi, eins og þær sem hér hafa verið nefndar, koma fram í ákvæðunum um ferðafrelsi og rétt til að ráða búsetu sinni í báðum áðurgreindum alþjóðasamningum.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins eru tillögur um nýja 67. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er gert ráð fyrir að verði reglur um hvenær menn verði að þola að vera sviptir frelsi sínu, um réttarstöðu þeirra meðan frelsisskerðing varir og um rétt til bóta ef í ljós kemur að ekki hafi verið réttmætt tilefni til hennar. Ákvæðið svarar að sumu leyti til núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar, en það er þó mun fyllra, auk þess sem það nær í ýmsum atriðum einnig til réttarstöðu manna sem eru sviptir frelsi af öðrum ástæðum en í tengslum við rannsókn opinbers máls, en núgildandi 65. gr. tekur ekki til þeirra aðstæðna. Þannig eru fyrirmæli í 1., 2. og 5. mgr. 5. gr. sem er ætlast til að nái jöfnum höndum til þeirra sem eru handteknir vegna opinbers máls og þeirra sem eru sviptir frelsi af öðrum ástæðum. Í 3. mgr. eru hins vegar sérreglur um stöðu manns sem er handtekinn vegna opinbers máls og í 4. mgr. eru sérreglur um þá aðstöðu að maður hafi verið sviptur frelsi af öðrum ástæðum. Í núgildandi 65. gr. er í raun aðeins fjallað um þau atriði sem ákvæði 3. mgr. 5. gr. ná til og má því telja önnur fyrirmæli í þessari grein frumvarpsins til nýmæla á þessum vettvangi. Í tengslum við þetta verður þó að minnast þess að um nánast öll atriði, sem reglurnar í 5. gr. um réttarstöðu handtekins manns í tengslum við rannsókn opinbers máls ná til, hafa löngum verið reglur í lögum um meðferð opinberra mála, sbr. nú lög nr. 19/1991. Vegna mikilvægis þeirra þykir engu að síður þörf á að stjórnarskrárbinda þau með afdráttarlausum hætti, enda er með frelsissviptingu gengið á ein mikilvægustu grundvallarmannréttindi einstaklinga og því verða heimildir til þess að vera sérstaklega skýrar, líkt og reglurnar um meðferð þeirra sem verða að þola frelsissviptingu.

Í 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og í 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eru ítarlegar reglur um skilyrði þess að svipta megi menn frelsi og

um réttarstöðu frelsissviptra manna. Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi gengur nokkru lengra en mannréttindasáttmálinn í viðleitni til að vernda rétt frelsissviptra manna þar sem sérstakt ákvæði í samningnum, 10. gr. hans, fjallar einnig um meðferð þeirra, en um þetta eru ekki reglur í mannréttindasáttmálanum. Flest atriðin í 5. gr. frumvarpsins koma með einum eða öðrum hætti fram í 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 9. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í upphafi þessarar greinar frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að engan megi svipta frelsi nema fyrir því sé heimild í lögum. Þessi undirstöðuregla 1. mgr. 5. gr. er hvorki orðuð í núgildandi stjórnarskrárákvæðum né almennri löggjöf, en allt að einu hefur verið byggt á henni í framkvæmd. Ákvæðið í 1. mgr. á ákveðna samsvörun í 1. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en í síðarnefndu reglunni er þó gengið öllu lengra að því leyti að í síðari hluta hennar eru talin upp þau tilvik þar sem mæla má fyrir um frelsissviptingu í lögum. Slíka upptalningu er hins vegar ekki að finna í 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er ekki heldur greint frá því um hvers konar tilvik lagaheimildirnar megi vera þar sem frelsissvipting er heimiluð, en ganga verður út frá að tilvikin yrðu talin samsvarandi þeim sem eru talin í 1. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmálans. Sem dæmi um lagaheimildir af þessum toga má fyrst og fremst vísa til reglna um frelsissviptingu í tengslum við rannsókn opinbers máls sem eru í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, einkum XII. kafla laganna um handtöku, svo og reglna um afplánun refsidóma og reglna þar sem frelsissvipting er heimiluð með tilliti til heilsufars eða velferðar þess sem þarf að þola hana, en slíkar reglur eru í lögræðislögum, nr. 68/1984, og sóttvarnarlögum, nr. 34/1954. Einnig má í þessu sambandi benda á ákvæði í lögum um heimildir til frelsissviptingar til að framfylgja valdboði ríkisins, svo sem vegna vitnaskyldu í dómsmáli, sbr. 55. gr. laga um meðferð einakamála, nr. 91/1991, eða skyldu gerðarþola til að mæta við aðför, sbr. 29. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur fram fortakslaus regla um að sá sem hefur verið sviptur frelsi eigi rétt á að fá tafarlaust vitneskju um ástæður þess. Reglan er nýmæli í íslenskum stjórnarskrárákvæðum, en er þegar lögfest hvað varðar frelsissviptingu vegna opinbers máls í 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Réttinum til að fá tafarlaust vitneskju um ástæður frelsissviptingar er hér ætlað að gilda jöfnum höndum, hvort sem um ræðir frelsissviptingu vegna opinbers máls eða annarra ástæðna. Í orðalaginu um að maður eigi rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður frelsissviptingar felst ekki afdráttarlaus krafa um að sá sem framkvæmir frelsissviptingu tjái þeim frelsissvipta að eigin frumkvæði um ástæðuna, heldur að sá frelsissvipti eigi skýlausan rétt á að fá svar ef hann spyr um ástæður. Þótt þeim frelsissvipta yrði líklega samt sem áður yfirleitt tjáð þetta að fyrra bragði væri það ekki andstætt markmiði ákvæðisins þótt það væri ekki gert við mann sem er t.d. rænulítill eða augljóslega staðinn að refsiverðum verknaði.

Efni 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins svarar að miklu leyti til efnis núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar. Í ýmsum atriðum eru þó lagðar til orðalagsbreytingar og einnig eru fáeinar efnisbreytingar gerðar. Er rétt að víkja mun nánar að nokkrum atriðum í þessu ákvæði og bera það nokkuð saman við núgildandi reglur til frekari skýringar.

Í því sambandi má í fyrsta lagi vekja athygli á að í upphafi 3. mgr. er vísað til þeirrar aðstöðu að maður sé handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi, en í núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar er tekið þannig til orða að reglan nái til manns sem er tekinn fastur. Þótt síðarnefnda orðalagið kynni við fyrstu sýn að virðast ná til víðtækari að-

stæðna en það sem er í frumvarpsákvæðinu er í raun aðeins um blæbrigðamun að ræða í orðalaginu. Verður þannig að ganga út frá að merkingin sé sú sama í báðum tilvikum.

Í öðru lagi verður að benda á að gengið er út frá að það orðalag í núgildandi 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar standi óbreytt að handtekinn mann skuli án undandráttar leiða fyrir dómara. Ætlast er til að reglunni verði beitt á sama hátt og þeirri sem nú gildir, þannig að orðin án undandráttar verði talin fela í sér samkvæmt langvarandi venju að leiða verði mann fyrir dómara ekki síðar en innan sólarhrings frá því hann var sviptur frelsi nema algerlega óyfirstíganleg hindrun sé þar í vegi vegna sérstakra staðhátta eða aðstæðna. Þrátt fyrir þennan viðtekna skilning á ákvæðinu ber að sjálfsögðu að hafa þetta tímabil svo stutt sem auðið er í hverju tilviki. Þess má geta að í sambærilegu ákvæði dönsku grundvallarlaganna, 3. mgr. 71. gr., er orðuð afdráttarlaus regla um frest í einn sólarhring í þessu skyni. Hins vegar þykir ekki ástæða til að breyta íslenska ákvæðinu að þessu leyti, enda gæti slík breyting jafnvel haft óæskilegar afleiðingar í þá átt að í framkvæmd yrði að ástæðulausu beðið fram að lokum hámarkstímans þótt í raun væri auðið að leiða mann fyrr fyrir dómara.

Í þriðja lagi verður á hinn bóginn að gefa því gætur að í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli um frest ákveðinnar lengdar til annarra þarfa en var getið hér að framan. Þar kemur fram að dómari verður, áður en sólarhringur er liðinn frá því maður er leiddur fyrir hann, að ákveða með rökstuddum úrskurði hvort viðkomandi skuli sæta gæsluvarðhaldi. Líkt og í núgildandi 1. mgr. 65. gr. er þá miðað við að þessi frestur byrji að líða á þeim tíma sem maður er leiddur fyrir dómara. Í sambandi við þetta má geta þess að upphaflega var mælt fyrir í 48. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 um þriggja sólarhringa frest í þessu skyni, líkt og í dönsku grundvallarlögunum, en hann var styttur í einn sólarhring með breytingum sem urðu á stjórnarskránni með lögum nr. 12/1915. Hins vegar stendur þriggja sólarhringa fresturinn óbreyttur í 3. mgr. 71. gr. dönsku grundvallarlaganna.

Í fjórða lagi eru ráðgerðar þær orðalagsbreytingar með 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins að rætt er þar um gæsluvarðhald í sambandi við frelsissviptingu samkvæmt úrskurði dómara, en í núgildandi 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar er rætt um varðhald í þessu sambandi. Er þessi breyting lögð til svo tekin verði af tvímæli um að hér sé ekki átt við varðhald í þeim skilningi að það sé ákveðin tegund viðurlaga við broti, heldur gæsluvarðhald eins og um ræðir í XIII. kafla laganna um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í fimmta lagi má svo geta hér í einu lagi nokkurra atriða til viðbótar varðandi 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Minni háttar orðalagsbreyting er ráðgerð í ákvæðinu þar sem er rætt um að gæsluvarðhaldi megi aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald, en í núgildandi 3. mgr. 65. gr. segir að engan megi setja í gæsluvarðhald fyrir sök sem varðar aðeins fésekt eða einföldu fangelsi. Blæbrigðamunur er að þessu leyti á orðalaginu, en tæplega verður rætt um efnislega breytingu í því sambandi. Einnig má nefna að í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur fram sú regla að tryggja verði með lögum rétt þess sem er gert að sæta gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Efnislega er sams konar regla nú í 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, en orðalag hennar er orðið úrelt vegna breytinga á reglum um málskot. Í tengslum við þetta atriði í ákvæðinu má vekja athygli á að skýlausar heimildir eru í 142. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, til að kæra úrskurð héraðsdómara um gæsluvarðhald til Hæstaréttar. Þess verður jafnframt að geta að í lokamálslið 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins er tekið fram að maður skuli aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en þörf krefur, en sams konar regla er ekki í núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessu er sett fram viss leið-

beiningarregla og er hún í samræmi við dómvenju um beitingu heimilda til gæsluvarðhalds sem eru nú taldar í 103. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Loks skal nefnt í sambandi við 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins að í lok ákvæðisins er gert ráð fyrir heimild til að láta sakborning lausan gegn tryggingu í stað þess að hann sæti gæsluvarðhaldi, en sambærileg efnisregla er í niðurlagi núgildandi 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Ákvæði 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins eru nýmæli sem snúa sérstaklega að aðstöðu þar sem maður er sviptur frelsi af öðrum ástæðum en með handtöku vegna gruns um refsiverða háttsemi. Undir þetta geta t.d. átt tilvik þar sem frelsissvipting er studd við heimild í lögræðislögum, nr. 68/1984. Á reglunum um stöðu manns sem er handtekinn og ákvæði 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins eiga að ná til og þess sem hefur verið sviptur frelsi í tilviki sem á undir 4. mgr. er einna helst sá munur að í fyrrnefnda tilvikinu er fortakslaus skylda að leiða alltaf mann fyrir dómara ef hann er ekki látinn laus í kjölfar handtöku. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins gildir þetta á hinn bóginn ekki um stöðu þess sem er sviptur frelsi af öðrum ástæðum, heldur er ráðgert að hann skuli alltaf eiga kost á að bera lögmæti frelsissviptingarinnar undir dómstóla ef hann óskar eftir því. Ástæðan fyrir þessum mun er einkum sú að í tilvikum sem falla undir 4. mgr. er frelsissvipting að öðru jöfnu reist á stjórnsýsluákvörðun sem fer eftir reglum um málsmeðferð í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Aðgangur að dómara í þeim tilvikum þjónar því einkum tilgangi málskots til endurskoðunar á stjórnvaldsákvörðun. Vert er að benda á að reglan í 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins getur falið í sér sjálfstæðan rétt til að fá máli um frelsissviptingu skotið til dómstóla þótt ekki sé kveðið á um slíkan rétt í sérlögunum sem geyma heimild til frelsissviptingarinnar. Þá er ástæða til að vekja athygli á að í 4. mgr. 5. gr. er ekki mælt fyrir um að frelsissviptur maður eigi rétt á að fá úrlausn dómstóls um mál sitt innan ákveðinna tímamarka, heldur er sagt að þetta verði að gerast svo fljótt sem verða má. Þessi orð getur þurft að skýra með hliðsjón af eðli frelsissviptingar hverju sinni, en ætla má að kröfur yrðu að öðru jöfnu gerðar til þess að ekki yrði farið í þessum efnum fram úr viðmiðunarmörkunum skv. 3. mgr. 5. gr. sem rædd voru að framan nema viðhlítandi ástæður þættu réttlæta það. Um 4. mgr. 5. gr. má að endingu vekja athygli á að í síðari málslið ákvæðisins er ráðgert að maður skuli látinn laus ef dómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að frelsissvipting sé ólögmæt og bæri að fylgja slíkri ákvörðun þegar í stað.

Í lokamálsgrein 5. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um reglu um bætur fyrir frelsissviptingu að ósekju. Reglan á sér ekki hliðstæðu í núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar, en á sér hins vegar langa sögu á sviði opinbers réttarfars þar sem fyrirmæli eru nú um þetta efni í XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Þá eru reglur um þetta efni í 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 5. mgr. 9. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Reglunni í 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins er ætlað að gilda jöfnum höndum um bótarétt vegna frelsissviptingar í tengslum við opinbert mál og frelsissviptingu af öðrum ástæðum. Mikilvægasta skýringaratriðið í reglunni lýtur væntanlega að því að mælt er fyrir um bótarétt þess sem hefur verið sviptur frelsi að ósekju. Í síðastnefndu orðin er unnt að leggja þann almenna skilning að þau vísa til þess að maður hafi verið sviptur frelsi saklaus eða að ástæðulausu. Með orðalagi ákvæðisins er ætlunin að mönnum verði tryggður bótaréttur ef þeim hefur verið gert að sæta frelsissviptingu án þess að hafa til þess unnið. Ræðst þá bótarétturinn af því sem komið er fram þegar unnt er orðið að meta öll atvik máls. Bótaréttur getur þó fallið brott ef maður telst sjálfur hafa átt sök á því að gripið hafi verið til sviptingar frels-

is hans eða frelsissvipting hafi orðið svo löng sem raun ber vitni. Í 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins er ætlast til að nánari reglur um bótarétt manns vegna frelsissviptingar komi fram í almennum lögum, en þar yrði að taka öllu nánari afstöðu til atriða varðandi m.a. skilyrði fyrir bótaréttinum. Slíkar reglur yrðu þó að sjálfsögðu að samrýmast grunnreglunum sem tillögur eru gerðar um í 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur um nýja 68. gr. stjórnarskrárinnar. Greinin felur í sér nýmæli meðal skráðra mannréttindaákvæða í stjórnarskránni, en reglurnar, sem þar koma fram, hafa til þessa verið taldar meðal mikilvægustu óskráðra grundvallarreglna. Efni greinarinnar er í raun tvíþætt. Annars vegar lýtur það að fortakslausu banni gegn ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð og hins vegar kemur fram í ákvæðinu bann við nauðungarvinnu.

Skýr ákvæði eru í alþjóðlegum mannréttindasamningum, sem Ísland hefur fullgilt, um bann við pyndingum, ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð og refsingu, svo og bann við þrælkun og nauðungarvinnu. Eru þessi réttindi aðgreind þar og sett fram með nokkru ítarlegri hætti en tillaga er gerð um hér. Fortakslaust bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð og refsingu er að finna í 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og er sambærileg regla í 7. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Í báðum samningunum eru þessi réttindi talin sérstaklega meðal ófrávíkjanlegra réttinda sem neyðarástand eða styrjaldartímar geta aldrei réttlætt að verði vikið frá, sbr. 2. mgr. 15. gr. mannréttindasáttmálans og 2. mgr. 4. gr. alþjóðasamningsins. Bæði á vettvangi Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna hafa verið gerðir sérsamningar um bann við pyndingum. Það eru Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð frá 1987 sem Ísland hefur fullgilt og samningur Sameinuðu þjóðanna sama efnis frá 1984. Þess má geta að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa einnig verið gerðir ýmsir sérsamningar um bann við þrælahaldi og nauðungarvinnu. Ísland hefur fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu og skyldu-vinnu frá 1930 og samning um afnám þrælahalds og þrælasölu frá 1956.

Þegar litið er til efnis 1. mgr. ákvæðisins sem tillaga er gerð um hér má sjá að ekki er sérstaklega tiltekið bann við pyndingum. Engu að síður felur ákvæðið óumdeilanlega í sér slíkt bann, enda teldust pyndingar án nokkurs vafa til ómannúðlegrar meðferðar. Banni við ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð er einkum ætlað að skírskota til aðstæðna þar sem maður hefur verið sviptur frelsi, enda getur orðið meiri hætta en endranær á að maður sæti ómannúðlegri meðferð þegar honum er haldið gegn vilja sínum. Þannig kemur sérstaklega til álita meðferð handtekinna manna og gæslufanga, manna sem hafa verið sviptir frelsi vegna andlegrar vanheilsu og er haldið nauðugum á sjúkrahúsi, svo og ósakhæfra ungmenna sem er haldið á unglingaheimili. Þótt dæmi um tilvik, sem talin eru hér að framan, komi einkum til álita í tengslum við ómannúðlega og vanvirðandi meðferð er það alls ekki einhlítt að frelsissvipting tengist henni. Þannig getur ómannúðleg og vanvirðandi meðferð birst á margvíslegum öðrum sviðum sem ógerlegt er að telja með tæmandi hætti. Má í því sambandi sérstaklega nefna aðstæður þar sem einstaklingur er háður boðvaldi annarra eða settur undir yfirburðastöðu annars einstaklings. Sem dæmi má nefna meðferð barns í skóla eða á öðrum stofnunum þar sem annast er um börn, en ákvæðið getur jafnvel einnig skírskotað til meðferðar foreldra á börnum. Þá felst í ákvæðinu bann við læknisfræðilegum og vísindalegum tilraunum án samþykkis hlutaðeiganda, en slík vernd er sérstaklega orðuð í síðari málsl. 7. gr. alþjóðasamningsins um borgara-

leg og stjórnmálaleg réttindi. Má líta svo á að ákvæðið feli almennt í sér bann við læknisaðgerðum án samþykkis hlutaðeiganda ef líf er ekki í brýnni hættu, en sem dæmi um aðgerðir, sem hér geta átt undir, má nefna ófrjósemisaðgerðir og aðrar aðgerðir sem geta haft varanleg áhrif á líf manns.

Ekki er alltaf auðvelt að setja skýr mörk á milli þess sem telst vera ómannúðleg meðferð annars vegar og vanvirðandi meðferð hins vegar. Þó má helst lýsa inntaki vanvirðandi meðferðar með því að þar sé átt við athafnir eða athafnaleysi sem hafa það markmið að niðurlægja eða auðmýkja mann eða má almennt líta á sem auðmýkjandi. Í því sambandi má t.d. nefna persónulegar þvinganir sem frelsissviptum manni er gert að sæta, svo sem skyldu til að ganga í ákveðnum klæðnaði, t.d. fangabúningi, að hann sé krúnurakaður gegn vilja sínum eða að honum sé nauðugum stillt upp til sýnis fyrir aðra. Réttur manns til þess að þurfa ekki að þola vanvirðandi meðferð getur að vissu leyti skarast við rétt hans til friðhelgi einkalífs, en ekki er ástæða til að skilgreina hér nánar hvar mörkin þar á milli liggja nákvæmlega.

Fyrirmælin í 1. mgr. 6. gr. um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi refsingu skírskotar sérstaklega til meðferðar á föngum sem afplána refsingu. Þau dæmi, sem tekin hafa verið að framan um hvað telst vera ómannúðleg og vanvirðandi meðferð, gilda þannig með sama hætti þegar rætt er um refsingu. Í tengslum við fyrirmælin í ákvæðinu um refsingar kemur þó einnig til skoðunar hvort tiltekin tegund viðurlaga geti á einhvern hátt hlutlægt séð talist ómannúðleg eða vanvirðandi. Hægt er að ályktа afdráttarlaust af ákvæðinu að það feli í sér bann við hvers konar líkamlegum refsingum.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um bann við að mönnum verði gert að leysa af hendi nauðungarvinnu. Af þessu má m.a. ályktа að bann sé lagt hér við þrældómi og þrælkunarvinnu þótt þau atriði séu ekki tiltekin sérstaklega, enda er augljóst að þau ganga mun lengra en nauðungarvinna. Bann við þrældómi og þrælkun er meðal ófrávíkjanlegra ákvæða skv. 2. mgr. 15. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 2. mgr. 4. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Orðalagið í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins um að engum „skuli gert“ að leysa af hendi nauðungarvinnu hefur einkum tvíþættan tilgang. Í þessu felst þannig annars vegar bann við nauðungarvinnu sem viðurlagategund og hins vegar bann við að manni verði gert að sæta henni til að vinna af sér skuldir. Það fyrrnefnda, að maður sé dæmdur til nauðungarvinnu til refsingar, er löngu afnumið í íslenskri löggjöf. Síðustu menjar nauðungarvinnu vegna skulda eru á hinn bóginn nýlega horfnar að fullu úr íslenskri löggjöf. Var það gert með lögum nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem felldu niður 4. tölul. 4. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, en þar hafði verið kveðið á um heimild til að maður yrði úrskurðaður til vistunar á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Eftir þessa lagabreytingu var felldur niður fyrirvari Íslands við a-lið 3. mgr. 8. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í 3. mgr. 4. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eru talin upp atriði sem falla utan þvingunar- eða nauðungarvinnu í skilningi 2. mgr. þess ákvæðis. Slík upptalning er ekki í 6. gr. frumvarpsins, en ganga má þó út frá að sömu atriðin og eru talin sérstaklega upp í fyrrnefndu ákvæði mannréttindasáttmálans yrðu talin falla utan við gildissvið þessa ákvæðis frumvarpsins. Má þannig byggja á því að utan bannsins við nauðungarvinnu falli venjuleg vinna fanga, samfélagsþjónusta sem refsitegund, herþjónusta eða þegnskylduvinna í hennar stað, þjónusta sem krafist er vegna hættu- eða neyðarástands og vinna eða þjónusta sem er þáttur í venjulegum lögbundnum borgaraskyldum. Sem dæmi um borg-

araskyldur í þessum skilningi má nefna skyldu til að sitja í kjörstjórn samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, skyldu til að vera meðdómsmaður skv. 2. mgr. 3. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, skyldu til að taka að sér starf verjanda í opinberu máli skv. 2. mgr. 39. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og skyldu lögmanna til að flytja opinber mál skv. 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga um málflytjendur, nr. 61/1942.

Af banninu við nauðungarvinnu má leiða þá reglu að ekki er heimilt að neyða menn til að vinna verk, en í þessu felst að einungis er unnt að bregðast við broti á verk- eða vinnusamningum með því að kveða á um fébætur fyrir það. Eru ákvæði 77. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, í samræmi við þessa grundvallarreglu, en þar segir að mæli aðfararheimild fyrir um skyldu gerðarþola til að leysa af hendi verk sem hann fæst ekki til að vinna geti sýslumaður heimilað gerðarbeiðanda að fá aðra til að vinna það eftir reikningi. Verði sú leið ekki farin getur gerðarbeiðandi fengið hagsmuni sína metna til fjár og má fullnægja kröfu hans með peningagreiðslu eftir almennum reglum um aðför.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um nýja 69. gr. stjórnarskrárinnar sem er ætlað að fjalla um bann við afturvirkni refsilaga og bann við að mæla fyrir um dauðarefsingu í lögum. Hvort tveggja er nýmæli meðal mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, en ákvæði um bann við afturvirkni refsilaga er þegar í 1. og 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ákvæði um slíkt bann eru einnig í 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og í 1. mgr. 15. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Samkvæmt báðum samningunum eru þessi ákvæði ófrávíkjanleg, sbr. 2. mgr. 15. gr. mannréttindasáttmálans og 2. mgr. 4. gr. alþjóðasamningsins.

Bann við afturvirkni refsilaga er ein mikilvægasta grundvallarregla íslenskrar refsilöggjafar eins og kemur skýrlega fram í 1. og 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sambærilegt upphafsákvæði var í 1. gr. almennra hegningarlaga frá 1869, en þó var ekki tekið þar sérstaklega fram að viðurlög mættu ekki vera þyngri en heimiluð voru í lögum þegar háttsemin átti sér stað. Líkt og í núgildandi hegningarlögum felur 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins bæði í sér bann við refsingu fyrir háttsemi sem var ekki refsiverð þegar hún átti sér stað og bann við að viðurlög verði þyngri en heimiluð voru í lögum þegar háttsemin átti sér stað. Með því síðarnefnda er bæði skírskotað til þess að viðurlög sömu tegundar verði ekki þyngri og ekki verði beitt þyngri viðurlagategund en heimiluð var. Er þessu ákvæði ekki ætlað að breyta í neinu gildandi túlkun á 1. og 2. gr. almennra hegningarlaga, en nauðsynlegt þykir að árétta mikilvægi reglunnar með því að stjórnarskrárbinda hana meðal mannréttindaákvæða.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um fortakslausa reglu þess efnis að í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Heimild til dauðarefsingar var með öllu numin úr íslenskum lögum árið 1928 og hafði þá ekki verið beitt um margra áratuga skeið. Engin álitaefni hafa vaknað síðan um að taka aftur upp dauðarefsingar hér á landi, hvorki í tengslum við stríðstíma né aðrar aðstæður. Reglan sem hér er ráðgerð gengur mun lengra og er afdráttarlausari en ákvæði um dauðarefsingar í alþjóðlegum mannréttindasamningum. Þannig má benda á að í 1. mgr. 2. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er mælt fyrir um þá undantekningu frá rétti manns til lífs að fullnægja megi refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum. Í 1. gr. 6. samningsviðauka við mannréttindasáttmálann segir að dauðarefsing skuli afnumin og að engan skuli dæma til slíkrar refsingar eða lífláts. Þó er bannið ekki fortakslaust þar sem 2. gr. við-

aukans heimilar ríkjum að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar stríðshætta vofir yfir. Í 2. mgr. 6. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi birtist sú undantekning frá réttinum til lífs að í ríkjum, sem hafa ekki afnumið dauðarefsingu, megi kveða upp dauðadóm fyrir alvarlegustu glæpi. Þótt ekki hafi náðst alþjóðleg samstaða um algert afnám dauðarefsinga þykir eðlilegt og í samræmi við íslenska réttarvitund að fortakslaust bann við dauðarefsingum sé meðal mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar.

Um 8. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru tillögur um efni nýrrar 70. gr. stjórnarskrárinnar þar sem eru talin nokkur grundvallaratriði varðandi réttarfar og málsmeðferð fyrir dómstólum. Eru þessi atriði kjarninn í rétti manna til dómstólaverndar, en í henni felst einkum að tryggja verði aðgang manna að dómstólum og rétt þeirra til að fá þar úrlausn um hagsmuni sína, hvort sem er í einkamálum eða sakamálum. Ákvæðið er nýmæli í stjórnarskrárákvæðum, en réttindin sem þar eru talin eru þegar skýrlega vernduð með ákvæðum íslenskra réttarfarslaga. Í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, 2., 3. og 4. gr. í 7. samningsviðauka við hann, og 14. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eru grunnreglur um dómstólavernd settar fram í ítarlegu máli og er þar lögð sérstök áhersla á réttindi sakaðs manns í refsimáli þótt ákvæðin nái einnig til einkamála. Ekki þykir ástæða til að telja í 8. gr. frumvarpsins öll atriðin sem tryggð eru í alþjóðasamningum um mannréttindi varðandi málsmeðferð fyrir dómstólum og eru ástæður þess einkum tvíþættar. Í fyrsta lagi má benda á að sérstakur kafli stjórnarskrárinnar, V. kafli, fjallar um skipan dómsvaldsins og er honum ætlað að tryggja sjálfstæði dómstólanna. Er því ekki þörf á að endurtaka þær reglur í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, en fyrrnefnd ákvæði alþjóðasamninga snúa að ýmsu leyti að þessu efni. Í öðru lagi er sú stefna höfð að leiðarljósi í þessu ákvæði, eins og öðrum ákvæðum frumvarpsins, að taka þar aðeins upp grundvallarreglur og sleppa útfærsluatriðum sem eiga við þessar aðstæður eðli sínu samkvæmt aðeins heima í réttarfarslöggjöf.

Við skýringu á helstu efnisatriðum 8. gr. ber fyrst að nefna reglu sem kemur fram í upphafsorðum 1. mgr. um að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi fyrir dómstólum. Felst í þessu sjálfstæð regla um að menn skuli almennt eiga rétt á að bera mál sín undir dómstóla. Benda verður þó á að það yrði ekki talið brjóta gegn þessari grunnreglu að reglur séu settar í réttarfarslöggjöf um t.d. lögsögu dómstóla eða skilyrði um að maður þurfi sjálfur að hafa hagsmuni af því að fá leyst úr máli til að geta lagt það fyrir dómstóla, en slíkar reglur fela vissulega í sér ákveðnar hindranir á aðgangi að dómstólum. Þessi fyrirmæli í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins mundu á hinn bóginn girða almennt fyrir að unnt yrði að taka úrlausnarvald um ákveðna málaflokka undan dómstólum og færa það t.d. í hendur stjórnvalda. Þannig mundu þessi fyrirmæli koma í veg fyrir að stjórnvöldum yrði veitt úrskurðarvald um hvort maður hefur gerst sekur um refsiverða háttsemi og um ákvörðun viðurlaga. Skiptir ekki máli í því tilliti þó að refsing geti ekki komist upp úr vægum mörkum, t.d. lágri fjársekt. Yrði því óheimilt samkvæmt ákvæðinu að setja skilyrði um t.d. lágmarksfjárhæð sektar fyrir því að maður verði saksóttur fyrir dómstólum eftir almennum reglum. Í tengslum við þetta verður þó að benda á að ýmis dæmi eru í gildandi lögum um að stjórnvöldum sé falið vald til að ákveða sektagreiðslur, svo sem úrskurðarvald yfirskattanefndar samkvæmt lögum nr. 30/1992, en eftir 3. mgr. 2. gr. laganna úrskurðar nefndin um sektir fyrir skattalagabrot. Er þar um að ræða frávik frá almennu regl-

unni að mál verði ekki lagt fyrir aðra en dómstóla til að ákveða viðurlög við refsiverðri háttsemi, en þess ber þó sérstaklega að gæta að það skilyrði er sett fyrir að yfirskattanefnd mæli fyrir um viðurlög fyrir skattalagabrot, að viðkomandi maður samþykki þá leið til að ljúka máli í stað þess að það sæti ákæru og meðferð fyrir dómi eftir almennum reglum. Þá er einnig rétt að benda á að þótt ákvörðun yfirskattanefndar sé fullnaðarúrskurður innan stjórnsýslunnar kemur það ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast ógildingar hennar fyrir dómstólum eins og annarra stjórnvaldsákvarðana, en að þessu verður nánar vikið síðar. Um rétt manns til að fá úrlausn dómstóla um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi er að öðru leyti vert að nefna að reglan í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins felur ekki í sér að maður eigi heimtingu á að ákæra verði gefin út á hendur honum í því markmiði einu að hann fái sýknudóm og er reglunni þannig ekki ætlað að takmarka forræði handhafa ákæruvalds á ákvörðun um hvort opinbert mál verði höfðað.

Regluna í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins um aðgang að dómstólum má ekki skilja svo bókstaflega að hún girði almennt fyrir að ákveðnir málaflokkar lúti málsmeðferð innan stjórnsýslunnar. Þess verður þó krafist samkvæmt reglunni að unnt sé að bera lokaákvörðun innan stjórnsýslunnar undir dómstóla, þannig að dómstóll geti a.m.k. metið hvort stjórnvald hafi gætt réttra reglna um málsmeðferð, hvort lögmæt sjónarmið liggja ákvörðuninni til grundvallar og hvort form hennar er lögmætt. Má einnig leiða þennan rétt af núgildandi 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður einnig að benda á að reglan um aðgang að dómstólum útilokar ekki að menn geti samið sig undan lögsögu dómstóla með t.d. samningi um að leggja mál fyrir gerðardóm. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að hægt er að krefjast ógildingar á úrlausn gerðardóms fyrir almennum dómstólum skv. 12. gr. laga um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989, og er því ekki unnt að ræða um að gerðardómur geti átt óskert og endanlegt úrskurðarvald í máli.

Ákvæðið í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins um að menn eigi rétt á að fá leyst úr máli fyrir dómstólum innan hæfilegs tíma á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum, en þessu er ætlað að gilda bæði um einkamál og sakamál. Gengur ákvæðið að þessu leyti jafnlangt og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en í 14. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er þetta á hinn bóginn ekki áskilið nema í opinberum málum. Eitt helsta markmið þessarar reglu er að vera til aðhalds og leiðbeininga, enda er ekki hægt að setja almenna reglu um hvað teljist vera hæfilegur tími eða hámarkstími sem leyfilegur væri samkvæmt ákvæðinu. Veltur mat á því hvað telst hæfilegur tími þannig mjög á atvikum hvers máls, en unnt er að hafa nokkur atriði til hliðsjónar þegar metið er hvort ástæður séu fyrir seinagangi í rekstri dómsmáls sem verði taldar réttlætanlegar. Í fyrsta lagi getur komið þar til álita hvort mál er sérstaklega umfangsmikið og flókið og hvort sönnunargagna er þörf sem erfitt getur reynst að ná til, t.d. ef þörf er verulegs fjölda vitna. Í öðru lagi getur skipt máli hverjum er um að kenna að rekstur dómsmáls dregst úr hófi. Ef augljóst er að aðili einkamáls eða sakborningur í refsimáli hefur spillt fyrir framgangi málsins og þannig valdið töfum getur hann ekki haldið því fram að ákvæði þetta hafi verið brotið. Loks má benda á í þriðja lagi að ef telja má að úrlausn máls sé sérstaklega mikilvæg fyrir þann mann sem á í hlut yrði að gera meiri kröfur til að mál gangi hratt fyrir sig en ef um ræðir minni háttar hagsmuni. Ætla má að þetta skilyrði um mikilvægi komi sérstaklega til álita þegar maður á t.d. fangelsisrefsingu yfir höfði sér.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að dómstólar skuli vera óháðir og óhlutdrægir. Þetta er einn mikilvægasti áskilnaðurinn í ákvæðinu og undirstaða þess að maður geti talist njóta réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólunum. Þegar tekið er fram að dómstólar skuli vera óháðir er einkanlega skírskotað til þess að dómstólar eigi að vera sjálfstæðir og ekki háðir öðrum þáttum ríkisvaldsins. Er sjálfstæði þeirra gagnvart framkvæmdarvaldinu sérstaklega mikilvægt, bæði hvað varðar skipunarvald framkvæmdarvaldsins yfir þeim, kjör sem dómendum eru tryggð og að dómendum verði ekki vikið úr starfi með stjórnvaldsákvörðun. Eins og lýst var í upphafi umfjöllunar um þetta ákvæði frumvarpsins eru skýrar reglur um skipan dómsvaldsins í V. kafla stjórnarskrárinnar, en þær hafa m.a. það markmið að tryggja sjálfstæði dómenda, auk almennu reglunnar um þrískiptingu ríkisvaldsins í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þótt sjálfstæði dómsvaldsins birtist þannig í öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar þykir rétt að árétta þetta frumskilyrði í þessu ákvæði. Skilyrðið um óhlutdrægan dómstól felur í sér áskilnað um að dómari í máli þurfi að vera hlutlaus og að aðilar njóti jafnræðis að því leyti. Ákvæðið leggur þá skyldu á löggjafann að setja skýrar reglur um hvenær dómari verður talinn vanhæfur í máli, en ítarlegar reglur þessa efnis eru nú í 5. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og 6. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Reglan um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, sem er ráðgerð í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins, hefur um langt skeið verið ein af undirstöðureglum íslensks réttarfars og er opinber málsmeðferð tryggð bæði í lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð opinberra mála. Markmið reglunnar er að veita borgurunum rétt til að fylgjast með því hvort dómarar starfi í raun eftir lögunum, en þetta er ekki unnt ef leynd hvílir yfir því sem fer fram í dómsölum. Þannig er reglunni öðrum þræði ætlað að veita dómendum aðhald í störfum sínum þegar þeir kveða á um réttindi og skyldur borgaranna. Í nútímaþjóðfélagi felst gildi reglunnar að vissu leyti einnig í því að veita fjölmiðlum tækifæri til að miðla upplýsingum til almennings um rekstur dómsmála og dómsniðurstöður, en slík upplýsingamiðlun er í reynd helsta uppspretta vitneskju sem almenningur hefur um störf dómstóla í landinu. Reglan um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði er þó háð undantekningum skv. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins því þar er ráðgert að dómari geti ákveðið lögum samkvæmt að halda dómþing fyrir luktum dyrum til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Mikilvægt er að dómara sé veitt þessi heimild og er það í samræmi við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem einnig heimila slík frávik frá meginreglunni um opin þinghöld. Markmið slíkra undantekninga skýrir sig að mestu leyti sjálft, en ljóst er að hagsmunir, sem taldir eru upp í ákvæðinu, geta orðið yfirsterkari hagsmunum borgaranna af opinberri málsmeðferð. Er sérstaklega mikilvægt að málsaðilum sé sýnd tillitssemi að þessu leyti ef mál eru þeim viðkvæm og óheftur aðgangur almennings og fjölmiðla að máli þeirra gæti valdið þeim umtalsverðum óþægindum. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins yrði heimild dómara til að ákveða að dómþing skuli háð fyrir luktum dyrum háð því skilyrði að um hana sé mælt fyrir í lögum. Eru skýrar lagareglur nú um þá heimild í 8. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og 8. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Með 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er ráðgert að fest verði í stjórnarskrána ein helsta undirstöðureglan á sviði opinbers réttarfars í öllum réttarríkjum. Þetta er réttur manns, sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi, til að teljast saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Reglan er afdráttarlaust orðuð í 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 2. mgr. 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hún kemur hins vegar ekki fram berum orðum í íslenskri löggjöf um opinbert réttarfar þótt á

henni hafi tvímælalaust verið byggt í framkvæmd. Í 45. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er þó ákvæði sem snýr mjög að þessu, en þar er mælt fyrir um að sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik sem telja má honum í óhag hvíli á ákæruvaldinu. Þessi regla, *in dubio pro reo*, lýtur hins vegar samkvæmt orðanna hljóðan aðeins að því hver ber sönnunarbyrði um sektina, en ekki berum orðum að því að maður teljist saklaus af refsiverðri háttsemi þar til sekt hans er sönnuð. Þykir eðlilegt að í frumvarpinu sé gerð tillaga um að mæla skýrlega fyrir um síðarnefndu regluna með tilliti til mikilvægis hennar.

Um 9. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru settar fram reglur um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu sem ráðgert er að verði í 71. gr. stjórnarskrárinnar. Núgildandi reglur stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífsins eru í 66. gr. hennar. Eins og sjá má af samanburði á þessum tveimur ákvæðum er hér gerð tillaga um að víkka verulega út gildissvið þeirrar reglu. Þegar litið er til núgildandi 66. gr. má sjá að efni hennar er þrengra en það sem tillaga er gerð um í frumvarpinu, enda er þar aðeins berum orðum tekið fram að heimilið sé friðheilagt án þess að vikið sé sérstaklega að friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Þrátt fyrir það hefur verið litið svo á að einkalíf og fjölskylda njóti friðhelgi samkvæmt óskráðum grunnreglum íslenskrar löggjafar. Engu að síður þykir eðlilegt að orða þessi réttindi skýrlega meðal mannréttindaákvæða og skipa þeim saman í ákvæðinu með friðhelgi heimilisins, enda er um að ræða réttindi af sama toga og tengjast þau innbyrðis. Er það einnig í samræmi við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga um efnið eins og má sjá í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem er kveðið á um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Í alþjóðasamningnum eru þessi réttindi þó sett fram með nokkuð öðrum hætti en í mannréttindasáttmálanum og fleiri atriði eru talin beinlínis þar, svo sem heiður og mannorð manns.

Í 1. mgr. 9. gr. er talið upp til hvers friðhelgin nái og þar fyrst talið einkalíf. Hugtakið einkalíf er víðtækt, enda er það eins konar yfirhugtak og felast í reynd í því bæði atriðin sem talin eru á eftir, þ.e. heimilis- og fjölskyldulíf. Við skilgreiningu á því hvað felst í ákvæðinu verður þó að greina að umfjöllun um hvert þessara atriða. Verður í fyrstu vikið sérstaklega að því hvað fellur innan ramma einkalífs, heimilis og fjölskyldu, en í kjölfarið verður lýst heimilum takmörkunum á friðhelginni.

Í friðhelgi einkalífsins felst fyrst og fremst réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Jafnframt er litið svo á að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Mjög raunhæft dæmi um svið, þar sem álitaefni vaknar um hvort brotið er gegn friðhelgi einkalífs, er skráning persónuupplýsinga um einstaklinga, en í því sambandi reynir á hve langt megi ganga í skipulagðri skráningu á lífsháttum manns og högum og meðferð slíkra upplýsinga. Ekki er þó sjálfgefið að öll skráning upplýsinga um einstaklinga falli innan ramma einkalífs þeirra. Þannig mundi ákvæðið í 1. mgr. 9. gr. t.d. ekki girða fyrir opinbera skráningu um menn í þjóðskrá, en þess má geta að í 2. mgr. 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er það talið til réttinda hvers barns að vera skráð strax eftir fæðingu sem tryggir m.a. að það geti síðar leitað gagna um fæðingu sína og uppruna. Eins verður að telja að ýmsar aðrar almennar skrár af opinberum toga falli utan verndar ákvæðisins, svo sem kjörskrár og skattskrár. Með því að setja fram beina reglu um friðhelgi einkalífsins í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skylda

hvíli á ríkinu til að forðast afskipti af einkalífi manna og persónulegum högum. Þetta er þó ekki nægilegt til þess að menn fái í reynd notið friðhelgi einkalífs því hættan á að slík friðhelgi sé rofin stafar ekki eingöngu frá ríkinu, heldur einnig frá öðrum einstaklingum og einkaaðilum. Af þessum sökum felur krafan um friðhelgi einkalífs ekki eingöngu í sér að ríkið gangi ekki á þennan rétt, heldur einnig að því sé skylt að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingunum í innbyrðis samskiptum þeirra. Á það einkanlega við um skyldu til að þessum réttindum einstaklinganna sé að vissu marki veitt vernd með ákvæðum refsilaga sem gera brot annarra einstaklinga á þessum réttindum refsiverð. Skyldur ríkisins í þessum efnum eru þó ekki bundnar við að veita refsivernd, heldur má einnig nefna í þessu sambandi skyldur ríkisins til að binda í löggjöf skýrar reglur um öflun, skráningu og meðferð persónuupplýsinga hvort sem um er að ræða meðferð stjórnvalda eða einkaaðila á upplýsingunum og að einstaklingur eigi rétt til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig. Má segja að þörf á ákveðnum reglum um þetta svið hafi aukist mjög á undanförnum áratugum samhliða ört vaxandi tækni við öflun og meðferð persónuupplýsinga. Við þessu hefur verið brugðist í íslenskri löggjöf með setningu laga um meðferð og skráningu persónuupplýsinga, nr. 121/1989, þar sem skýrar reglur koma fram um þessi efni og eftirlit með framkvæmd laganna er falið sérstakri nefnd, tölvunefnd. Fleiri atriði falla tvímælalaust undir vernd einkalífs þótt þau séu ekki sérstaklega orðuð í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, svo sem réttur manna til trúnaðarsamskipta við aðra. Á þetta fyrst og fremst við um margs konar tjáskipti milli manna sem ekki er gerlegt að telja hér með tæmandi hætti, en nærtækustu dæmin eru þó bréfaskipti og tjáskipti augliti til auglitis eða í síma, svo og orðaskipti í símskeytum, skjölum sem fara um myndsendi og önnur slík fjarskipti.

Á eftir friðhelgi einkalífs er í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins talin friðhelgi heimilisins. Er ekki ætlast til að skýring á inntaki í friðhelgi heimilisins breytist frá þeirri sem er viðtekin í núgildandi 66. gr. stjórnarskrárinnar. Við skýringu á þessu ákvæði geta vaknað álitaefni um hvað teljist falla undir hugtakið heimili, en það hefur verið skýrt öllu rýmra en orðalagið sjálft gefur tilefni til. Þótt það eigi fyrst og fremst við vistarverur og dvalarstað manns getur það einnig náð til vinnustaðar hans. Þá þarf heimili ekki að vera bundið við tiltekið hús, heldur getur bifreið, húsvagn eða jafnvel tjald fallið undir þetta hugtak ef raunverulegur dvalarstaður manns er á einhverjum slíkum stað. Þýðing þess að heimilið sé lýst friðheilagt er einkum tvíþætt. Annars vegar verður ekki gerð húsleit á heimili án sérstakrar lagaheimildar eins og nánar verður lýst hér á eftir í umfjöllun um 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins og hins vegar verður maður ekki án slíkrar heimildar skyldaður til að fara af heimili sínu. Réttur manna til að dveljast á heimilisstað sínum takmarkast þó af almennum reglum um eignarrétt eða leigurétt, þannig að hægt er að skylda þá sem hafa misst slíkan rétt til að flytja heimili sitt.

Fjölskyldan er þriðja atriðið sem ráðgert er að njóti friðhelgi skv. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Með hugtakinu fjölskylda er átt við fjölskyldutengsl í víðtækum skilningi, svo sem samband barns og foreldris sem fer ekki með forsjá þess. Við skilnað foreldra og sambúðarslit nýtur þannig gagnkvæmur umgengnisréttur barns og þess foreldris, sem ekki fer með forsjá, verndar ákvæðisins. Er ætlast til að undir þetta ákvæði falli einnig vernd réttarins til þess að stofna fjölskyldu. Þá er sá þáttur mikilvægur í vernd fjölskyldulífs skv. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins að ætlast er til að sú skylda hvíli á ríkinu að veita fjölskyldunni lagavernd gagnvart afskiptum einkaaðila. Í því sambandi má einnig nefna að tryggja verður með lögum rétt manna til að njóta fjölskyldulífs, t.d. með reglum um umgengnisrétt milli barns og foreldris sem ekki fer með forsjá þess. Á hinn bóginn verður

að vekja athygli á að þótt fjölskyldan eigi að njóta friðhelgi skv. 1. mgr. 9. gr. verður að ganga út frá að þessum réttindum séu settar vissar skorður, þannig að ríkinu verði játaður réttur með lögum til afskipta af fjölskyldulífi. Að þessu verður vikið nánar í tengslum við 3. mgr. greinarinnar hér á eftir.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins eru ráðgerðar ýmsar takmarkanir á þeim réttindum sem talin eru í 1. mgr. og fjallað hefur verið um hér að framan. Er hér einkanlega um að ræða þvingunaraðgerðir sem eru nauðsynlegar í þágu rannsóknar opinbers máls. Þess ber þó að gæta að ekki er algilt að aðgerðirnar komi til vegna opinbers máls. Einnig ber að hafa í huga að tegundir hugsanlegra aðgerða, sem hér geta komið til sögunnar, eru ekki tæmandi taldar, þar sem í niðurlagi ákvæðisins er rætt um „sambærilega skerðingu á einkalífi manns“. Undir sambærilega skerðingu á einkalífi manns falla t.d. símahleranir og önnur inngrip í tjáskipti manna. Allar aðgerðir, sem beinast að því að takmarka rétt manns skv. 1. mgr., eiga það þó sammerkt að krefjast verður dómsúrskurðar eða sérstakrar lagaheimildar til að þær megi fara fram.

Um skilyrði fyrir líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum í þágu rannsóknar opinbers máls eru ítarleg ákvæði í X. og XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í 92. gr. laganna er skýrt hvað falli undir leit og líkamsrannsókn á manni. Með leit á manni er fyrst og fremst átt við þá athöfn að leitað sé að áþreifanlegum munum á manni, hvort heldur í klæðnaði hans, innan klæða eða innvortis og er í síðastnefnda tilvikinu heimilt að framkvæma leit að fengnu áliti læknis. Líkamsrannsókn felst á hinn bóginn frekar í sýnatöku af manni sem gefur vísbendingu um líkamlegt ástand hans, svo sem blóðsýni eða þvagsýni, en einnig falla þar undir atriði sem varða auðkenni eða sérkenni einstaklings, svo sem að taka fingraför og ljósmyndir af honum. Um heimild til húsleitar er fjallað í 1. mgr. 89. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Við mat á því hvað átt er við í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins með húsakynnum og munum manns er hægt að hafa til hliðsjónar þau atriði sem voru nefnd í umfjöllun um hugtakið heimili þegar rætt var um friðhelgi þess hér að framan. Hins vegar er 1. mgr. 89. gr. laganna um meðferð opinberra mála víðtækari að þessu leyti þar sem undir ákvæðið falla ekki aðeins húsakynni sakbornings, heldur einnig skip og önnur farartæki. Það skilyrði er sett í 90. og 93. gr. laganna um meðferð opinberra mála að leit og líkamsrannsókn á manni og húsleit geta aðeins farið fram samkvæmt dómsúrskurði ef sá sem í hlut á samþykkir ekki aðgerðirnar. Beinar lagaheimildir eru hins vegar veittar til að leggja hald á muni, þar með talin skjöl, í 78. gr. laganna um meðferð opinberra mála, en þótt ekki þurfi dómsúrskurð fyrir slíkum aðgerðum getur sá sem í hlut á borið lögmæti slíkra aðgerða undir dóm. Að öðru leyti má ætla að heimild til rannsóknar á skjölum felist í heimild til húsleitar sem veitt hefur verið með dómsúrskurði. Varðandi póstsendingar er regla í 80. gr. laganna um meðferð opinberra mála þar sem er heimilað að hald verði lagt á bréf, símskeyti og aðrar sendingar í vörslum Pósts og síma, en þó aðeins ef dómsúrskurður liggur fyrir. Loks er að finna í 86.–88. gr. laganna ítarlegar reglur sem setja ströng skilyrði fyrir símhlerunum og öðrum afskiptum af fjarskiptum manns, svo og skilyrði þess að teknar verði ljósmyndir eða kvikmyndir af mönnum án vitneskju þeirra í þágu opinberrar rannsóknar. Til þessara aðgerða þarf úrskurð dómara nema samþykki hlutaðeigandi komi til.

Ætla má að þvingunaraðgerðir, sem taldar eru í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins, komi helst til á grundvelli áðurgreindra heimilda í lögum um meðferð opinberra mála. Þó ber að hafa í huga að til eru sérákvæði í öðrum lögum þar sem er heimiluð húsleit, líkamsleit og líkamsrannsókn. Í þessu sambandi má nefna 23. og 24. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, og 2. mgr. 42. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins kemur fram að í undantekningartilvikum megi takmarka með sérstakri lagaheimild friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef það er nauðsynlegt vegna réttinda annarra. Tilgangurinn með þessari takmörkun beinist hvað helst að tilvikum þar sem afskipti af heimili og fjölskyldulífi eru nauðsynleg til að vernda hagsmuni barna. Þannig getur þörf fyrir að tryggja velferð barna kallað á ýmiss konar takmarkanir á réttindum skv. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins þar sem hagsmunir barna geta orðið þeim réttindum yfirsterkari. Er þetta einnig í samræmi við 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins þar sem er kveðið á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í ákvæðum barnalaga, nr. 20/1992, og laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, eru reglur sem helgast af þessum markmiðum, en óhjákvæmilega geta afskipti, sem heimiluð eru með þessum lögum til að tryggja velferð barna, raskað heimilis- og fjölskyldulífi. Undir ákvæði 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins falla einnig heimildir í löggjöf um fullnustugerðir, t.d. í tengslum við framkvæmd fjárnáms, nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipta, en þessar aðgerðir geta leitt til röskunar á réttindunum sem talin eru í 1. mgr. greinarinnar.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins, sem er lagt til að verði 72. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignarréttindi.

Í 1. mgr. er kveðið á um friðhelgi eignarréttarins ásamt heimild löggjafans til að mæla fyrir um eignarnám í lögum. Fyrir þeirri heimild eru sett þau skilyrði að almenningsþörf krefjist að gripið sé til eignarnáms og að sá sem er sviptur á þann hátt eignarrétti fái fullt verð fyrir eign sína. Þetta ákvæði er orðrétt eins og núgildandi regla um sama efni í 67. gr. stjórnarskrárinnar og eru því að engu leyti lagðar til efnislegar breytingar frá henni. Á þá reglu stjórnarskrárinnar hefur að líkindum reynt í ríkara mæli í dómaframkvæmd en nokkur önnur ákvæði mannréttindakafla hennar og mætti beita dómsúrlausnum, sem hafa gengið um regluna, við skýringu á 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins ef það nær fram að ganga. Má því telja að þetta ákvæði þarfnist ekki nánari skýringa.

Í 2. mgr. eru gerðar tillögur um ákvæði sem er ætlað að taka af skarið um að reglan um friðhelgi eignarréttar og aðrar grunnreglur um eignarréttindi skerði ekki heimild löggjafans til að takmarka rétt erlendra ríkisborgara til að eignast tvær tegundir eigna hér á landi, en það eru fasteignir og hlutdeild í íslenskum atvinnufyrirtækjum. Í tengslum við þessa reglu er ástæða til að benda á að svipað ákvæði er um fasteignarréttindi í síðari málslið núgildandi 68. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á að um heimild útlendinga til að eiga slík réttindi skuli skipað með lögum, en ekki er vikið þar að hlut í atvinnufyrirtækjum. Heimildir erlendra ríkisborgara til að eignast fasteignarréttindi sæta takmörkunum samkvæmt lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, sem eru þannig settar eftir ráðagerð í 68. gr. stjórnarskrárinnar og eins hafa verið gerðar takmarkanir á heimildum útlendinga til fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi, sbr. lög nr.

34/1991. Með 2. mgr. 10. gr. á aðeins að koma í veg fyrir vafa um heimildir til lagasetningar af þessum toga, en benda verður sérstaklega á að með ákvæðinu er á engan hátt tekin afstaða til þess hvort nýta eigi heimildir sem þessar. Er því ákvörðunarvald um það að öllu leyti í höndum löggjafans.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um 73. gr. stjórnarskrárinnar sem hefur það markmið að vernda skoðana- og tjáningarfrelsi. Skoðana- og tjáningarfrelsið eru í flokki elstu og mikilvægustu réttinda þegnanna og eru óumdeilanlega ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags. Engu að síður er tjáningarfrelsið meðal vandmeðförnustu mannréttindanna, enda er ekki hægt að njóta þess án ábyrgðar og getur því verið nauðsynlegt að setja þessu frelsi ýmsar skorður vegna tillits til hagsmuna annarra einstaklinga. Í núgildandi stjórnarskrárákvæðum skortir almennt ákvæði um vernd tjáningar í hvaða formi sem hún birtist. Kjarni tjáningarfrelsisins er þó í núgildandi 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er fjallað um prentfrelsi. Orðalag ákvæðisins ber þess merki að vera komið til ára sinna, enda hefur það staðið óbreytt frá því það kom fyrst fram í 54. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874. Það er því ekki óeðlilegt miðað við aldur ákvæðisins að þar sé eingöngu tekið mið af því að vernda rétt manns til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti. Hins vegar virðist skjóta skökku við í nútímaþjóðfélagi að vernd tjáningarfrelsis sé einskorðuð við þetta þegar margir aðrir valkostir eru um miðla þar sem menn geta tjáð skoðanir sínar. Í því sambandi koma einkum til álita ljósvakamiðlar og fleiri miðlar sem komið hafa til með örri tækniþróun á þessari öld.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er sú grundvallarregla að allir menn séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Samkvæmt þessu ákvæði njóta menn frelsis um lífsskoðanir sínar og á það einnig við um trúarlega sannfæringu þeirra. Trúarskoðunum manna er þó veitt sérstaklega rík vernd eins og kemur fram í 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. og 2. gr. frumvarpsins. Þá er réttarins til frjálsrar sannfæringar getið í 1. mgr. 11. gr. til áréttingar, enda þarf hann ekki endilega að varða trúarsannfæringu. Gert er ráð fyrir að óheimilt verði að mæla fyrir um nokkrar takmarkanir á þeim réttindum sem talin eru í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Í fljótu bragði má ætla að gildi yfirlýsingar um skoðanafrelsi liggi aðallega í því að vera stefnuyfirlýsing, enda er vart mögulegt að leggja í raun takmarkanir við skoðunum manns á meðan hann tjáir þær ekki, en eins og lýst verður síðar er hægt að setja tjáningu manna skorður vegna tillits til hagsmuna annarra. Getur reyndar stundum verið erfitt að draga ákveðin mörk á milli skoðanafrelsis og tjáningarfrelsis, en í því sambandi má nefna að frelsi til tjáningar í víðtækustu merkingu felur t.d. í sér réttinn til að tjá sig ekki og neita þannig að gera uppskátt um skoðanir sínar. Skoðanafrelsið getur þó að vissu leyti haft sjálfstætt gildi. Af því leiðir m.a. að maður verður ekki þvingaður til þess að aðhyllast ákveðna skoðun, t.d. stjórnmálaskoðun, án þess að tjáningar hans sé þörf í þá átt. Einnig má vísa til almennu jafnræðisreglunnar sem ráðgerð er í 3. gr. frumvarpsins, en í henni er kveðið á um jafnræði allra fyrir lögunum án tillits til skoðana og verður mönnum því ekki mismunað á grundvelli skoðana sinna. Í reglunni um að menn séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar felst einnig réttur foreldra til þess að menntun og fræðsla barna þeirra sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra. Er þetta í samræmi við 2. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu og 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í 2. og 3. mgr. 11. gr. eru fyrirmæli varðandi tjáningarfrelsi sem eiga eins og fyrr segir vissa samsvörun í núgildandi 72. gr. stjórnarskrárinnar. Á ákvæðum frumvarpsins og núgildandi reglu er þó einkum sá munur að í frumvarpinu er mælt fyrir um tjáningarfrelsi, en í gildandi reglu er aðeins mælt beinlínis fyrir um prentfrelsi sem má telja að sé aðeins einn angi af tjáningarfrelsinu. Felur frumvarpið þannig í sér ráðagerð um talsverða útvíkkun á stjórnskipulegri vernd tjáningarfrelsis í samanburði við núverandi skipan ef tekið er mið af orðanna hljóðan. Þó er ekki afdráttarlaust að munurinn sé í reynd svo mikill sem samanburður á orðalagi ákvæðanna gefur til kynna, enda hefur núgildandi regla yfirleitt verið skilin á öllu víðtækari veg en orð hennar benda til.

Grunnreglan um tjáningarfrelsi kemur fram í upphafi 2. mgr. 11. gr. þar sem er mælt fyrir um að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Þetta orðalag er það sama og kemur fram í upphafi núgildandi 72. gr. stjórnarskrárinnar ef frá er talið að þar er tekið fram að þessi réttur til að láta í ljós hugsanir sínar eigi við að það sé gert á prenti. Með orðalagi grunnreglunnar í frumvarpinu er þannig ekki aðeins ætlast til að frelsi til að tjá sig nái til prentaðs máls í bókstaflegum skilningi, heldur einnig til annars ritmáls, t.d. í rafrænu formi, og jafnframt mælts máls, hvort sem er í sjónvarpi eða útvarpi, á fundum eða annars á almannafæri. Þetta frelsi væri þó ekki unnt að binda við tjáningu í rituðu eða mæltu máli, heldur næði það allt eins til tjáningar án orða, t.d. í formi listrænnar tjáningar eða látbragðs.

Þegar hugað er að orðalagi grunnreglunnar í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins má sjá að þar er aðeins mælt fyrir um rétt manns til að tjá hugsanir sínar, en ekki er minnst berum orðum á hvort ákvæðið verndi einnig rétt hans til að taka við tjáningu frá öðrum og miðla skoðunum þeirra áfram ef þær verða ekki taldar hugsanir hans sjálfs í bókstaflegum skilningi. Við athugun á ákvæðum um tjáningarfrelsi í mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi má sjá nokkuð annan blæ á orðalaginu að þessu leyti. Þannig segir í upphafi 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans að sérhver maður eigi rétt til tjáningarfrelsis, en tekið er síðan fram að sá réttur nái m.a. einnig til frelsis til að taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum. Í 2. mgr. 19. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi segir í byrjun að allir skuli eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, en í kjölfarið er tekið fram að í þessum rétti felist frelsi til að leita, taka við og miðla vitneskju og hugmyndum. Þegar að er gáð má þó sjá að í raun er ekki svo stórfelldur munur á 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins og þessum ákvæðum því samkvæmt þeim telst réttur manna til að taka við upplýsingum, vitneskju eða hugmyndum frá öðrum og miðla slíku síðan áfram aðeins vera hluti af tjáningarfrelsinu. Má ganga út frá að þessir nánar skilgreindu þættir tjáningarfrelsis felist einnig í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins þótt þeir séu ekki taldir þar upp með sambærilegum hætti og í áðurnefndum ákvæðum alþjóðasamninga, enda er almennt ekki gengið jafnlangt í greinum frumvarpsins og gert er í samningunum í viðleitni til að skilgreina til hlítar einstök hugtök.

Í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins er gengið út frá að grunnreglan um rétt manna til að tjá sig í þeim skilningi, sem um ræðir að framan, geti sætt ýmiss konar undantekningum. Í síðari málsl. 2. mgr. 11. gr. er þó tekið af skarið um að undantekningarnar megi ekki vera af þeim toga að þær feli í sér ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi. Með banni við ritskoðun og öðrum sambærilegum tálmunum er hér nánar tiltekið átt við

að ekki megi lögfesta reglur sem feli í sér að maður verði knúinn til að leita opinbers leyfis fyrir fram til að mega tjá skoðun sína við aðra. Er þannig gengið út frá að almennt verði þær takmarkanir á tjáningarfrelsi sem geti talist heimilar eftir 11. gr. frumvarpsins að koma fram á þann hátt að þeim verði fyrst og fremst beitt eftir að tjáning hefur átt sér stað, líkt og gerist við málsókn til að koma fram viðurlögum vegna meiðyrða sem felist í þegar föllnum ummælum. Eftir atvikum eiga þær þó við áður en tjáningin á sér stað ef komið er fram að hún vofi yfir eins og getur t.d. gerst þegar leitað er lögbanns til að koma í veg fyrir útgáfu rits sem geymir ærumeiðandi ummæli um mann. Með þessu er þó ekki fyllilega unnt að útiloka að tjáningarfrelsi geti sætt takmörkunum sem standi ekki fjarri mörkum ritskoðunar í fyrrnefndum skilningi. Þannig má benda á að í núgildandi lögum er mælt fyrir um að leyfi stjórnvalda þurfi til að hafa með höndum útsendingar í útvarpi eða sjónvarpi, en með áskilnaði í lögum um slíkt leyfi er á vissan hátt gert ráð fyrir að maður verði knúinn til að afla sér fyrir fram opinberrar heimildar til að mega tjá sig. Með réttu er þó ekki unnt að fella þetta undir tálmun á tjáningarfrelsi, sambærilega við ritskoðun, enda er ekki ætlast til að viðkomandi afli fyrir fram heimildar stjórnvalda til að mega láta tiltekin orð falla. Hins vegar er komið öllu nær mörkum ritskoðunar ef tekið er sem dæmi að eftir 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins er unnt að skerða tjáningarfrelsi til að vernda siðgæði manna. Af þessum fyrirmælum geta helgast lagareglur sem áskilja að réttur til að bjóða almenningi að sjá myndefni verði háður undanfarandi skoðun, svo sem hjá opinberu kvikmyndaeftirliti, sem geti mælt fyrir um almenna takmörkun á heimiluðum áhorfendahópi. Undir þessum kringumstæðum er hægt að ræða um að rétturinn til tjáningar sé á vissan hátt háður því að fyrir fram sé fengið opinbert leyfi fyrir henni. Sýnir þetta dæmi að sum tilvik, þar sem ríkar ástæður geta talist vera til að skerða tjáningarfrelsi, kunna að standa nærri ritskoðun í þeim skilningi sem um ræðir í síðari málslið 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Í niðurlagi fyrri málsl. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er látið í ljós með sama hætti og nú er gert í 72. gr. stjórnarskrárinnar að þótt menn njóti réttar til að tjá hugsanir sínar verði þeir að ábyrgjast þær eftir á fyrir dómi. Í núgildandi 72. gr. er ekki tekið nánar fram undir hvaða kringumstæðum geti reynt á slíka ábyrgð og ekki er heldur minnst þar á hvort og þá hvenær geti komið á annan hátt til álita að takmarka rétt manns til að tjá hugsanir sínar. Að því leyti eru ákvæði 11. gr. frumvarpsins öðru marki brennd því í 3. mgr. er tekið beinlínis fram að með lögum sé unnt að setja tjáningarfrelsi skorður vegna allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Benda verður þó á að ekki er ætlast til að unnt yrði að beita heimildunum til að skerða tjáningarfrelsi í 3. mgr. til að réttlæta frávik frá reglunni í 2. mgr. 11. gr. um bann við ritskoðun. Að öðru leyti skal þess getið að telja má að upptalningin í 3. mgr. 11. gr. á ástæðum, sem geti réttlætt að meginreglunni um tjáningarfrelsi verði vikið til hliðar með lögum, endurspegli að mestu leyti óskráðar reglur um þetta efni sem hefur verið gengið út frá í núgildandi rétti. Má um leið vekja athygli á að í 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eru talin upp atriði sem geta með sama hætti leitt til að víkja megi frá meginreglu greinarinnar um tjáningarfrelsi og er að ýmsu leyti gert ráð fyrir rýmri heimildum þar til frávika en koma fram í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um félagafrelsi og fundafrelsi sem er gert ráð fyrir að verði sameinuð í 74. gr. stjórnarskrárinnar, en núgildandi reglur um þetta eru skildar að í tvær greinar, eða í 73. og 74. gr. Fyrirmyndin að því að steypa reglunum hér saman í eina

grein er m.a. sótt í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Reglurnar í 12. gr. frumvarpsins er þó hægt að greina öllu nánar að en hér um ræðir því efnislega taka þær til þriggja sviða og er hvert þeirra umfjöllunarefnið í sinni málsgrein eins og nú verður vikið nánar að.

Í 1. mgr. 12. gr. eru ákvæði um rétt manna til að stofna félög og takmarkanir á heimild ríkisins til að hlutast til um slit á félagi, en um sama efni eru fyrirmæli í núgildandi 73. gr. stjórnarskrárinnar. Litlar breytingar eru lagðar hér til frá núgildandi reglu og beinast þær flestar aðeins að orðalagi. Þannig má benda á að í upphafi 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er regla um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að afla til þess leyfis, en sama regla er nánast orðrétt í upphafi núgildandi 73. gr. Þá er mælt fyrir í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins um að félag megi ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds, en efnislega felst sama regla í þeim orðum 2. málsl. 73. gr. stjórnarskrárinnar að ekkert félag megi leysa upp með stjórnarráðstöfun. Bætt er hins vegar lítillega við efni reglunnar í 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins sem er annars tekin upp úr 3. málsl. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í núgildandi reglu felst nánar tiltekið að þótt ekki megi leysa félag upp með ráðstöfun stjórnvalds megi banna félag um sinn, en tekið er fram að höfða verði þá mál gegn félaginu til að það verði leyst upp. Í frumvarpinu er regla um þetta sett þannig fram að banna megi um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verði þá mál gegn því án ástæðulausrar tafar til að fá því slitið með dómi. Reglan í frumvarpinu er þannig mun ítarlegri eftir orðanna hljóðan því m.a. er tekið fram að heimild ríkisins til að stöðva starfsemi félags sé háð því að tilgangur þess sé talinn ólöglegur og verði síðan án ástæðulauss dráttar að höfða mál til að fá félaginu slitið. Á hinn bóginn verður að ætla að núgildandi regla verði skýrð þannig að hún feli það sama í sér og verður því tæplega rætt um að hér séu lagðar til efnislegar breytingar frá henni.

Varðandi 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er ástæða til að vekja athygli á að eftir hljóðan ákvæðisins er réttur manna til að stofna félag háður þeim eina áskilnaði að tilgangur þess sé löglegur. Hafa verður þó í huga að þessi fyrirmæli má ekki skilja alveg svo bókstaflega sem tilefni gæti virst til frekar en gengið hefur verið út frá í sambandi við núgildandi reglu um sama efni. Þannig verður að benda á að ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar hafa ekki talist standa í vegi fyrir því að í lögum megi mæla fyrir um að fullnægja þurfi tilteknum skilyrðum til að stofna félög í ákveðnu formi. Sem dæmi um þetta má vísa til þess að í löggjöf um hlutafélög er m.a. áskilið að fjöldi stofnenda slíks félags þurfi að ná ákveðinni lágmarkstölu og verði þeir að leggja fram ákveðna lágmarksupphæð í hlutafé. Hafa ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi því ekki verið skilin þannig að þau girði fyrir að skilyrði eins og þessi verði sett fyrir stofnun tiltekinna tegunda félaga. Í tengslum við það er rétt að benda á að engin slík skilyrði eru sett fyrir stofnun almennra félaga, en til þeirra geta m.a. talist stjórnmálafélög og stéttarfélög. Þá er einnig ástæða til að nefna að þótt heimild ríkisins til að hlutast til um upplausn eða slit á félagi verði að teljast háð því samkvæmt núgildandi 73. gr. stjórnarskrárinnar að félagið hafi ólöglegan tilgang og höfða verði dómsmál til að koma fram félagsslitum, þá hefur sú regla ekki girt fyrir að fyrirmæli hafi verið sett í löggjöf um einstakar tegundir félaga um að ríkið geti eða verði að hlutast til um að fá félagi slitið ef ekki er gætt að ákveðnum formlegum skilyrðum í tengslum við starfrækslu þess. Gætir reglna af þessum meiði einkum á sviði hlutafélaga, en ganga verður út frá að þær teldust samrýmanlegar ákvæðum 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins eins og núgildandi ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Í tengslum við 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er að öðru leyti rétt að nefna að þargreindur réttur til að stofna félög er háður talsvert þrengri undantekningum en er ráðgert að geti verið heimilar í 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 2. mgr. 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í 2. mgr. 12. gr. eru nýmæli því þar eru lagðar til reglur um rétt manna til að standa utan félaga, en um þetta eru engin bein fyrirmæli í núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar. Í því sambandi verður sérstaklega að vekja athygli á að með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 15. desember 1988 var komist að þeirri niðurstöðu að réttur til að standa utan félaga felist ekki efnislega í ákvæðum núgildandi 73. gr. stjórnarskrárinnar og taldist sá réttur ekki heldur á annan hátt vera stjórnskipulega varinn þannig að ekki mætti skylda menn til aðildar að félagi með lögum. Er því lagt til með þessu ákvæði að efnisleg breyting verði beinlínis gerð að þessu leyti frá núgildandi reglum eins og dómstólar hafa skilgreint inntak þeirra, en fyrir því má færa margvísleg rök. Meðal þeirra má benda á að án takmarkana á kosti löggjafans til að mæla fyrir um skyldu manna til að ganga í félag getur sú staða komið upp að manni verði gert að eiga aðild að félagi sem starfar að málefnum gagnstætt sannfæringu hans eða skoðunum og greiða jafnvel framlög til þess. Halda má fram með gildum rökum að þetta fengi ekki staðist ákvæði 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins sem verndar skoðanafrelsi manna. Þá má benda á að með skyldu til aðildar að félagi kann að vera vegið að rétti manns til að stofna annað félag í samsvarandi tilgangi, t.d. ef girt er fyrir í samþykktum félagsins sem skylda er til að ganga í að sami maður geti um leið verið í öðru félagi með sambærilegu markmiði. Einnig má nefna að þeim rökum hefur verið haldið fram að réttur til að standa utan félaga hljóti að vera eins konar spegilmynd af réttinum til að stofna félög og geti þannig ekki staðist að skylda manns til að ganga í félag geti orðið víðtækari en bann við því að hann stofni félag. Síðast en ekki síst verður að vekja athygli á þeirri röksemd fyrir að taka hér beinlínis upp reglu um rétt manna til að standa utan félaga að með dómi Mannréttindadómstóls Evrópu, uppkveðnum 30. júní 1993 í máli á hendur íslenska ríkinu, var slegið föstu að það hafi brotið gegn skyldum sínum skv. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu með því að hafa gert leigubifreiðastjórum með lögum nr. 77/1989 að vera félagsmenn í stéttarfélögum í sínum starfsgreinum. Þótti þetta stangast á við grundvallarréttindi til að mega standa utan félaga, en þau réttindi voru talin helgast af umræddri 11. gr. þótt þar sé ekki mælt beinlínis fyrir um þau. Er ástæða til að benda á að ef ákvæði núgildandi 73. gr. stjórnarskrárinnar yrðu tekin upp efnislega óbreytt í nýjum mannréttindakafla hennar án reglu á borð við 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins gæti verið unnt að bera því við að vegna fyrrnefnds dóms Hæstaréttar frá árinu 1988, sem byggðist á efnislega sömu reglu, yrði enn að líta svo á að réttur til að standa utan félaga væri á engan hátt verndaður hér á landi. Yrði að vonum erfitt að samræma slíka niðurstöðu við þá úrlausn mannréttindadómstólsins sem áður er getið.

Í 2. mgr. 12. gr. er lagt til að ákvæðið um rétt manna til að standa utan félaga verði sett fram með þeim hætti að í byrjun sé mælt fyrir um þá meginreglu að engan megi skylda til aðildar að félagi, en í kjölfarið verði nefndar tvenns konar undantekningar frá meginreglunni. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins yrði heimildin til undantekninga í báðum tilvikum háð þeim skilyrðum að um hana yrði að vera mælt í lögum og skyldan til félagsaðildar yrði að vera nauðsynleg til að viðkomandi félag gæti sinnt hlutverki sem því væri ákveðið með lögum. Að fullnægðum þessum almennu skilyrðum mætti annars vegar skylda mann til aðildar að félagi vegna almannahagsmuna. Viðmiðunin um almannahagsmuni getur óneitanlega virst vera nokkuð teygjanleg. Ástæða er þó til að taka sér-

staklega fram að ætlast er til að litið verði á þetta hugtak sem nokkurs konar samnefnara hér fyrir þau atriði sem eru talin upp í 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og geta heimilað að vikið verði frá meginreglu þeirrar greinar um félagafrelsi. Hins vegar er ráðgert að skylda til félagsaðildar geti að fullnægðum fyrrnefndum skilyrðum verið felld á menn vegna réttinda annarra. Með þessu er einkum haft í huga að við ákveðnar aðstæður geta tengsl á milli hagsmuna manna orðið svo náin að nauðsynlegt þyki að leggja skyldu á þá til að virða hagsmuni hvor eða hver annars með því að standa að sameiginlegu félagi í því skyni. Dæmi um þetta má m.a. finna þegar litið er til húsfélaga og veiðifélaga þar sem eigendum fasteignar eða veiðiréttar er gert að standa að sameiginlegu félagi vegna þeirra nánu tengsla sem eru á milli hagsmuna þeirra. Er niðurlagsorðum 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins einmitt beint að aðstæðum eins og þessum.

Vekja verður athygli á að með orðum 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er tekin afstaða til þess hvernig fari um heimild löggjafans til að leggja skyldu á menn til að eiga aðild að félögum. Ekki er vikið að þeirri aðstöðu hvort t.d. tveir menn geti með samningi sín á milli skyldað þriðja mann með óbeinum hætti til að ganga í félag eða beitt hann á annan hátt þrýstingi til þess.

Lagt er til að í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði ákvæði um fundafrelsi sem er nánast í öllum atriðum á sama veg og núgildandi regla um það efni í 74. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig er í 1. málsl. 3. mgr. 12. gr. mælt fyrir um rétt manna til að safnast saman vopnlausir og er reglan þar orðrétt sú sama og í 1. málsl. núgildandi 74. gr. Í 2. málsl. beggja ákvæða er mælt fyrir um þá sömu efnisreglu að fundafrelsið sé þó háð þeirri almennu takmörkun að lögreglan megi vera við almennar samkomur, en lítils háttar orðalagsmunur er á ákvæðunum. Loks kemur fram í 3. málsl. beggja ákvæðanna heimild til að skerða frelsið til að efna til fundar undir berum himni ef hætta þykir á að óspektir geti leitt af fundinum. Er aftur lítils háttar munur á orðalagi ákvæðanna, en ætlast er til að þau verði talin efnislega samhljóða. Í tengslum við þetta ákvæði frumvarpsins er að öðru leyti rétt að benda á að reglur eru um fundafrelsi í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 21. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Í báðum samningunum er gert ráð fyrir að setja megi þessu frelsi öllu víðtækari skorður en eru ráðgerðar í frumvarpinu og núgildandi 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 13. gr.

Í 13. gr. frumvarpsins eru tillögur um efni 75. gr. stjórnarskrárinnar og er ráðgert að þar verði fjallað annars vegar um atvinnufrelsi sem rætt er um í 1. mgr. og réttindi varðandi vinnu sem ákvæði 2. mgr. taka til.

Í 1. mgr. 13. gr. er lögð til regla um atvinnufrelsi sem er orðuð með nokkuð öðrum hætti en núgildandi regla um sama efni í 69. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji og þurfi lagaboð til. Ákvæðinu í 1. mgr. 13. gr. er í megindráttum ætlað að vera efnislega það sama og eldri reglan ef tekið er mið af hljóðan hennar. Með breyttu orðalagi er þó leitast við að leggja ríkari áherslu á þá meginreglu sem er sett fram í fyrri málslið málsgreinarinnar að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa sjálfir. Að sama skapi er í síðari málsliðnum reynt að draga mun betur fram en í núgildandi reglu að skorður við atvinnufrelsi, sem þurfi að ákveða með lögum, eigi að heyra til undantekninga og verði að helgast af nauðsyn vegna almannahagsmuna. Með því að breyta orðalagi á þennan hátt frá núgildandi reglu er ætlunin að leggja öllu ríkari áherslu á að löggjafinn verði að meta sérstaklega hvort almannahagsmunir krefjist í raun að meginreglunni um atvinnufrelsi verði

vikið til hliðar á afmörkuðu sviði með lagasetningu. Má þá hafa í huga að talsvert hefur færst í vöxt á síðari árum að setja atvinnufrelsi skorður, einkum með löggjöf sem felur með einum eða öðrum hætti í sér einkarétt manna með ákveðna menntun eða starfsreynslu til að leggja stund á tiltekna atvinnu. Ástæða er einnig til að minnast þess að löggjöf af öðrum meiði getur einnig talist leiða til takmörkunar á atvinnufrelsi, t.d. þegar ákveðið er í lögum að opinbert leyfi þurfi til að starfa í tiltekinni atvinnugrein, svo sem á við um verslunarleyfi, eða heimild er veitt í lögum til að svipta mann rétti til að stunda ákveðna atvinnu eða banna honum það. Í sambandi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. er að öðru leyti rétt að vekja athygli á að í þeim alþjóðasamningum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem Ísland hefur gerst aðili að, er ekki vikið að atvinnufrelsi. Í alþjóðlegri samvinnu um mannréttindavernd er atvinnufrelsi talið meðal grundvallarréttinda í flokki efnahagslegra og félagslegra réttinda og er Ísland aðili að tveimur helstu alþjóðasamningum á þessum sviði. Annars vegar er hér átt við félagsmálasáttmála Evrópu frá 1961, en í 1. gr. hans er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að honum að þeim beri að vernda á raunhæfan hátt rétt verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér. Sambærilegt ákvæði um atvinnufrelsi kemur fram í 6. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá árinu 1966.

Í 2. mgr. 13. gr. er almenn regla um að skipa eigi með lögum rétti manna varðandi vinnu og orlof. Með þessari reglu, sem á sér ekki hliðstæðu í núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar, er þannig lagt til að skylda verði lögð á löggjafann til að tryggja að réttindum á þessu sviði verði markaður ákveðinn rammi með lögum, en ekki er þó nánar mælt fyrir um hvaða atriða þurfi að taka afstöðu til á þennan hátt með lagasetningu. Að teknu tilliti til orðalags þessa ákvæðis og með hliðsjón af alþjóðasamningum sem Ísland hefur gerst aðili að, einkum félagsmálasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, má hins vegar telja sýnt að ákvæðið feli m.a. í sér að í lögum eigi að vera fyrirmæli um rétt til orlofs, lágmarkshvíldartíma frá vinnu, nauðsynlegt öryggi og hollustuhætti á vinnustað, sanngjarnan uppsagnarfrest á vinnusambandi, rétt til að semja um laun og vinnuskilyrði og hvernig beita megi verkfalli og verkbanni í vinnudeilum.

Um 14. gr.

Í þessari grein frumvarpsins, sem er ráðgert að yrði 76. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um þrenns konar efnahagsleg og félagsleg réttindi og er fjallað um eina tegund þeirra í hverri málsgrein greinarinnar. Verða því ákvæði hverrar málsgreinar fyrir sig tekin til nánari skoðunar.

Í 1. mgr. 14. gr. er boðið að þeir sem þess þurfi eigi að njóta réttar til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis og sambærilegra atvika eftir því sem nánar sé ákveðið í lögum. Ákvæði þetta svarar að nokkru til núgildandi reglu í 70. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er mælt fyrir um rétt þess sem getur ekki séð fyrir sér og sínum og aðrir eru ekki framfærsluskyldir við til styrks úr almennum sjóðum. Er frumvarpsákvæðið mun ítarlegra því tekið er nánar fram en nú er gert hvers konar ástæður geti orðið til að maður þarfnist opinberrar aðstoðar af þessum toga. Með 1. mgr. 14. gr. er hins vegar ekki lögð til breyting frá gildandi reglu að því leyti að ekki er ráðgert að sá sem geti séð nægilega fyrir sér sjálfur þurfi að njóta réttar til slíkrar aðstoðar, en þann rétt væri þó fyllilega heimilt að veita honum ef löggjafinn kysi svo. Þá verður einnig að vekja athygli á að í ákvæðinu er gengið út frá að nánari reglur um félagslega aðstoð af þessum meiði verði settar með lögum, en með ákvæðinu er markaður sá rammi að til þurfi að vera regl-

ur sem tryggi þessa aðstoð. Benda má á að í félagsmálasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi eru ýmsar reglur af sama toga og hér um ræðir. Í því sambandi má vekja sérstaka athygli á 12. og 13. gr. félagsmálasáttmálans þar sem eru fyrirmæli um réttinn til félagslegs öryggis, félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar og 11. og 12. gr. alþjóðasamningsins um áþekk atriði.

Í 2. mgr. 14. gr. er mælt fyrir um að allir skuli eiga rétt til að hljóta almenna menntun og fræðslu við sitt hæfi, en gengið er út frá að þessum rétti verði skipað nánar með lögum. Ákvæðinu er ætlað að tryggja aðgang allra að almennri menntun. Með því orðalagi er rétturinn í þessum efnum bundinn við aðra menntun en sérnám, en með því er m.a. átt við nám á háskólastigi og annað sérhæft framhaldsnám svo dæmi séu tekin af sviðum sem mundu falla utan marka reglunnar. Tryggingin, sem er ætlast til að þessi regla veiti, er einkum sú að ekki megi útiloka neinn frá almennri menntun með reglum um fjöldatakmarkanir eða samsvarandi hindranir við námi, auk þess að engan mætti útiloka frá almennri menntun með því að áskilja greiðslu skólagjalda fyrir hana. Réttur til menntunar er að nokkru leyti tryggður með núgildandi 71. gr. stjórnarskrárinnar. Sá réttur gengur þó miklum mun skemur en ráðgert er í þessu ákvæði frumvarpsins því þar er aðeins kveðið á um skyldu til að sjá börnum fyrir menntun af almannafé ef foreldrar þeirra hafa ekki efni á að veita þeim hana eða þau eru munaðarlaus og öreigar. Í tengslum við þetta ákvæði frumvarpsins er að öðru leyti ástæða til að vekja athygli á fyrirmæli um rétt til menntunar í 13. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og í 27. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá árinu 1989.

Í 3. mgr. 14. gr. er ákvæði sem á sér ekki hliðstæðu í núgildandi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, en í því er mælt fyrir um að með lögum beri að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Með þessu ákvæði, sem felur í sér vissa stefnuyfirlýsingu og sækir m.a. fyrirmynd í 3. gr. samningsins um réttindi barna og að nokkru einnig í 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, er einkum gert ráð fyrir að leggja skyldu á löggjafann til að setja lög til að veita börnum fyrrnefnda tryggingu. Þetta ákvæði getur þó einnig falið í sér öllu veigameiri efnisreglu því unnt gæti verið að sækja stoð eða áréttingu til þess fyrir heimild til undantekninga frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar ef slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til verndar börnum. Sem dæmi um þetta má benda á að í skjóli 3. mgr. 14. gr. væri væntanlega unnt að skýra undantekningarákvæðin í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins á þann veg að heimilt sé að lögfesta reglur um að banna börnum aðgang að kvikmyndum og öðru myndefni sem sýni ofbeldi þótt tjáningarfrelsi væru settar skorður á þann hátt.

Um 15. gr.

Í 15. gr., þar sem eru tillögur um 77. gr. stjórnarskrárinnar, eru öllu ítarlegri reglur um skattamál en eru nú í sömu grein. Nánar tiltekið er í núgildandi 77. gr. eingöngu mælt fyrir um að skattamálum skuli skipa með lögum, en í þessu ákvæði frumvarpsins, sem hefst með sömu reglu, er bætt við reglum um tvennt sem ekki er vikið að í núverandi ákvæði.

Annars vegar er lagt til með síðari málslið 1. mgr. að beinlínis verði tekið fram að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort skattur verði lagður á, honum verði breytt eða hann verði afnuminn. Efnislega er þessi regla nokkuð skyld þeirri sem kemur fram í upphafsmálslið 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er mælt fyrir um að engan skatt megi á leggja, breyta né af taka nema með lögum. Dómstólar hafa orðið að leysa úr því í allnokkrum málum, hvort eða hvernig þau fyrirmæli útiloki eða takmarki heim-

ildir löggjafans til að framselja með lögum ákvörðunarvald um þessi atriði til stjórnvalda. Með orðalaginu í þessu ákvæði frumvarpsins er leitast við að taka af skarið með miklu ákveðnari hætti en er gert í 40. gr. stjórnarskrárinnar um að löggjafinn megi ekki framselja til framkvæmdarvaldsins ákvörðunarrétt um fyrrnefnd atriði, heldur verði að taka afstöðu til þeirra í settum lögum.

Hins vegar er lagt til í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins að tekin verði upp regla sem felur í sér almennt bann við afturvirkni skattalaga, en um þetta hafa ekki gilt settar reglur til þessa. Á undanförnum áratugum hefur þess gætt í nokkrum mæli að íþyngjandi reglur um skatta hafi verið lögfestar eftir lok gjaldatímabils áður en skattálagning hefur farið fram, en í tilvikum, þar sem hefur reynt á slíkar reglur fyrir dómstólum, hefur ekki verið talið að brotið hafi verið gegn óskráðum grunnreglum með setningu þeirra. Svigrúm til að breyta reglum um skatta til íþyngingar, eins og hér um ræðir, er af ýmsum sökum óviðunandi gagnvart skattgreiðendum. Sem dæmi um þetta má benda á að skattgreiðendur hafa ekki getað gengið út frá því með vissu að tekjuskattur verði lagður á þá samkvæmt reglunum sem gilda þegar þeir vinna fyrir tekjum sínum. Með þessu getur skattgreiðandi ekki treyst fyllilega á að reglur, sem gilda á meðan skatttímabil stendur enn yfir og hann kann að byggja einhverja ákvörðun sína á, verði lagðar til grundvallar þegar kemur að álagningu skatta. Má m.a. af þessum ástæðum telja réttmætt að leggja bann við setningu afturvirkra reglna um skatta og tryggja þannig stöðu almennings í þessum efnum gagnvart ríkinu og sveitarfélögum, en um leið getur þetta stuðlað að því að staðið verði á markvissari hátt að lagasetningu á þessu sviði.

Í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er regla um bann við afturvirkni skattalaga orðuð á þann hátt að enginn skattur verði lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Til nánari skýringa á reglunni skal í fyrsta lagi nefnt að með þessu er ekki aðeins girt fyrir að sett verði afturvirk lög um nýja tegund skatta eða gjalda, heldur yrði einnig bannað að kveða á um hærri skatta eða gjöld með lagabreytingu sem yrði gerð eftir á, en einu gildir hvort slík hækkun stafi t.d. af breytingu á gjaldstofni eða gjaldahlutfalli. Í öðru lagi verður að geta þess að hugtakið skattur er ekki aðeins notað í þessu sambandi um gjöld sem eru bókstaflega nefnd skattar í lögum eins og á t.d. við um tekjuskatt, eignarskatt og virðisaukaskatt, heldur nær það einnig til gjalda sem hafa sömu einkenni, svo sem útsvar, sóknargjald og tollar. Verður í því sambandi að taka mið af viðteknum skilgreiningum á þessu hugtaki eins og það hefur verið markað með dómsúrlausnum og í fræðikenningum. Í þriðja lagi verður að vekja athygli á að í orðalagi 2. mgr. 15. gr. felst að löggjöf um skatta mundi teljast afturvirk ef hún er sett eftir það tímamark sem skattskyldan eða skatthæðin á að taka mið af. Til að skýra þetta frekar með dæmi má benda á að ef lög yrðu sett 1. nóvember um hækkun á skatthlutfalli tekjuskatts eða útsvars væri óheimilt samkvæmt reglunni í 2. mgr. 15. gr. að beita nýja skatthlutfallinu á tekjur sem hefur verið sannanlega unnið til í októbermánuði, en það gagnstæða ætti við um tekjur næsta mánaðar. Eins má benda á að á meðan gengið er út frá að eignarskattur sé lagður á miðað við þær eignir sem tilheyrðu gjaldanda við áramót væri unnt gagnvart þessu ákvæði frumvarpsins að breyta stofni eða hlutfalli þess skatts allt til síðasta dags ársins, en breytingar, sem kynnu að vera gerðar eftir það, yrðu taldar afturvirkar í þeim skilningi sem er byggt á í ákvæðinu. Loks verður að nefna í fjórða lagi að fyrst hér er lagt til bann við afturvirkni skattalaga til að tryggja stöðu gjaldenda má telja sjálfgefið að bannið eigi aðeins að ná til lagasetningar sem er

þeim til íþyngingar, en ekki til ívilnandi breytinga á lögum. Verður þannig að skýra 2. mgr. 15. gr. á þann veg að í ákvæðinu felist ekki hindrun við því að lögum sé breytt til að koma við afturvirkri lækkun skatta.

Um 16. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gerð tillaga um efni 78. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er ráðgert að verði fyrirmæli um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Núgildandi regla um þetta í 76. gr. stjórnarskrárinnar stendur utan við eiginleg mannréttindaákvæði hennar og er því í raun komið út fyrir viðfangsefnið í þessu frumvarpi að gera tillögur um breytingu á henni. Er aðeins ætlast til að reglan verði færð til og tekin upp á nýjum stað í nær óbreyttri mynd.

Til nánari skýringa skal vakin athygli á því að í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að skipa eigi með lögum rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með eftirliti ríkisins. Efnislega er þetta ákvæði í alla staði samhljóða núgildandi reglu 76. gr. stjórnarskrárinnar. Í 2. mgr. er hins vegar lögð til regla sem á sér ekki hliðstæðu í umræddri grein, en þar er mælt fyrir um að ákveða skuli tekjustofna sveitarfélaga með lögum. Með þessu er aðeins ætlast til að tekið verði af skarið um að ákvörðun um tekjustofna sveitarfélaga eigi undir löggjafarvaldið og þar með ekki undir framkvæmdarvaldið. Á hinn bóginn er ekki kveðið hér frekar á um hverjir þessir tekjustofnar skuli vera eða við hvað eigi að miða þegar tekin er ákvörðun um umfang þeirra og er því eins og hingað til gengið út frá að það eigi undir Alþingi að ráða slíku til lykta.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

390. Frumvarp til laga [298. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1994“ í síðari málsgrein 100. gr. laganna kemur: 1. júlí 1995.

2. gr.

Á eftir ártalinu „1994“ í 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: og 1995.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er gert ráð fyrir að ákvæði eldri laga um vátryggingastarfsemi og reglugerða á grundvelli þeirra skuli gilda um ársuppgjör vátryggingafélaga fyrir reikningsárið 1994. Nýjar reglur um reikningsskil og ársuppgjör skuli á hinn bóginn koma til framkvæmda fyrir reikn-

ingsárið 1995. Í 100. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að 34. og 35. gr. laga nr. 60/1994, sem kveða á um nýjar reglur um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld, skuli gilda frá 1. júlí 1994.

Fyrir liggur að ekki reynist unnt að ljúka smíði reglugerða um reikningsskil vátryggingafélaga, þannig að þær öðlist gildi 1. janúar 1995 eins og stefnt var að, þar sem verkið hefur reynst umfangsmeira en í fyrstu var talið. Þá er óvíst hvenær sett verða ný lög um bókhald og ársreikninga fyrirtækja sem taka verður tillit til við samningu reglnanna. Auk þess má nefna að Samband íslenskra tryggingafélaga telur nauðsynlegt að vátryggingafélög fái nokkurn aðlögunartíma áður en nýjar reglur ganga í gildi. Í ljósi þess hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið farið þess á leit við heilbrigðis- og trygginganefnd að nefndin hafi forgöngu um gerð breytinga á lögum nr. 60/1994 í samræmi við breyttar forsendur og er það gert með frumvarpi þessu. Nefndin bendir á að Norðmenn og Svíar, sem þurfa að gera sambærilegar breytingar á sinni löggjöf, hafa ákveðið að fresta gildistöku þeirra til 1. janúar 1996.

Breytingar þær, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru tvíþættar: Annars vegar er lagt til að nýjar reglur 34. og 35. gr., sem fjalla um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld, öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 1995. Hins vegar er lagt til að gerð verði breyting á 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða þannig að ákvæði laga um vátryggingastarfsemi, nr. 50/1978, og reglugerða á grundvelli þeirra skuli gilda eftir því sem við getur átt um reikningsskil og ársuppgjör vátryggingafélaga fyrir árið 1995, auk ársins 1994 eins og bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir.

391. Fyrirspurn [299. mál]

til samgönguráðherra um radíóvita sem þjóni flugi til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar.

Frá Birni Inga Bjarnasyni.

Er fyrirhugað að setja upp radíóvita (hringvita) sem gæti þjónað vel flugi til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar í stað vita sem var á Galtarvita?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í allmörg ár var radíóviti (hringviti) á Galtarvita sem þjónaði mjög vel flugi til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Í Önundarfirði eru flugvellir í Holti og á Ingjaldssandi og í Súgandafirði á Suðureyri. Á þessu ári, þegar vitavarsla var aflögð á Galtarvita, var radíóvitinn fluttur í Selárdal í Arnarfirði þar sem hann nýtist illa flugi í Önundarfjörð og Súgandafjörð. Að áliti reynslumestu flugmanna á þessu svæði, sem íbúarnir horfa til með virðingu, öryggiskennd og þakklæti, liggur fyrir að við þessa breytingu mun flug á þetta svæði falla niður í nokkrum tilfellum. Bent hefur verið á að radíóviti á Sæbóli á Ingjaldssandi gæti þjónað þessu svæði eins og radíóvitinn á Galtarvita gerði áður.

392. Fyrirspurn [300. mál]

til fjármálaráðherra um launaflokka og yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Hver var dreifing í launaflokka hjá starfsmönnum ríkisins innan BSRB og BHMR 1. janúar 1994?
2. Hvernig var þessi dreifing hjá helstu stofnunum ríkisins (með 30 starfsmenn eða fleiri), hverri fyrir sig?
3. Hvert var hlutfall yfirvinnu starfsmanna innan BSRB og BHMR hjá hverri stofnun á grundvelli tímamælingar?
4. Hver var föst, ómæld yfirvinna (í klst.) hjá hverri stofnun, skipt eftir aðild að BSRB og BHMR?

Skriflegt svar óskast.

393. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Lokamálsliður 2. gr. orðist svo: Skal nýskipað Framleiðsluráð taka þegar til starfa og fellur þá jafnframt niður umboð þeirra manna sem nú skipa ráðið.

394. Tillaga til þingsályktunar [301. mál]

um dreifingu sjónvarps og útvarps.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Guðni Ágústsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson, Pétur Bjarnason, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá svo um að á næstu tveimur árum verði fjármagn tryggt svo að standa megi við afdráttarlausa viljayfirlýsingu Alþingis frá 11. maí 1988 um að komið verði upp þeim búnaði sem þörf er á svo að allar útsendingar útvarps og sjónvarps náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Greinargerð.

Árið 1987 flutti fyrsti flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu svohljóðandi tillögu um sama efni:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að á næstu þrem árum (1988, 1989 og 1990) verði nægjanlegt fjármagn tryggt svo að koma megi upp þeim búnaði sem þarf til þess að allar útsendingar Ríkisútvarpsins frá stöðvum þess í Reykjavík náist hvar sem er á landinu.

Í framhaldi af því samþykkti Alþingi 11. maí 1988 svofellda ályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991.

Engum vafa er undiropið að vilji Alþingis var sá með samþykkt ályktunarinnar að efni tillögunnar yrði framkvæmt, þ.e. að búið yrði þannig að dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps að sendingar næðust á öllu landinu og á helstu fiskimiðum við landið. Vilji Alþingis á ekki að koma á óvart, fremur hitt hvað veldur því að ekki hefur verið framfylgt því sem segir í útvarpslögum: „Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Sú staðreynd blasir við að enn hefur ekki tekist að dreifa hljóðvarps- og sjónvarpssendingum til allra landsmanna. Víða stendur svo á að fólk, sem býr á ákveðnum svæðum, fær ekki notið sjónvarps og nýtur mjög lélegra hlustunarskilyrða hljóðvarps. Enn verra er þetta ástand hvað varðar móttökuskilyrði á miðunum umhverfis landið.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu hafa upplýsingar um að um 50 bæir hafa óviðunandi myndgæði sjónvarps og um 30 slæm gæði myndar. Þetta ástand er ekki viðunandi enda í andstöðu við markaða stefnu í útvarpsmálum. Sú stefna hlýtur að gilda um allar aðalsendingar á vegum Ríkisútvarpsins, hvort heldur um hljóðvarpið er að ræða með sínar tvær rásir eða sjónvarpið.

Ríkisútvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu enda standa landsmenn allir undir kostnaði við rekstur þess, beint eða óbeint. Ríkisútvarpið er samkvæmt tilgangi sínum sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar og aðalfréttamiðill sem ætlað er að ná til alls landsins. Því er ekki hægt að segja að Ríkisútvarpið standi fyllilega undir nafni meðan dreifikerfið er eins og raun ber vitni. Í rauninni þarf Ríkisútvarpið að sinna landsbyggðinni því betur sem þessi samkeppni í útvarpsrekstri á sér fyrst og fremst stað í þéttbýli. Ríkisútvarpið verður að skera sig úr að þessu leyti, miðað við aðrar útvarpsstöðvar, leggja áherslu á að senda út efni sem ætlað er öllum landsmönnum og vinna ötullega að uppbyggingu dreifikerfisins.

Með skipulegum áætlunum og viðeigandi áherslum við röð framkvæmda hjá Ríkisútvarpinu og auknu framkvæmdafé ætti að vera unnt að ná því takmarki sem þessi þingsályktunartillaga stefnir að.

395. Fyrirspurn [302. mál]

til menntamálaráðherra um flutning tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

1. Er hafinn undirbúningur að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 6. maí 1994 um flutning tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi?
2. Telur ráðherra mögulegt að hægt verði að framfylgja þeirri ályktun fyrir árið 1996 þegar 30 ár verða liðin frá fyrstu útsendingu íslenska sjónvarpsins?

396. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera 2% af tekjum umfram það lágmark sem tilgreint er í 2. mgr. 67. gr. sömu laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna á árinu 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að tekjuskattur verði ekki lagður á launatekjur barna og ungmenna undir 75.000 kr. á ári. Eðlilegt þykir að sams konar undanþága verði á útsvarsgreiðslum barna og ungmenna vegna launa undir ofangreindum tekjumörkum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með fyrrnefndu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er tekið fram að börn og ungmenni, sbr. 2. og 3. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, þurfi ekki að greiða útsvar af tekjum sem eru innan við það lágmark sem tilgreint er í 2. mgr. 67. gr. sömu laga. Áfram verður hins vegar að greiða 2% útsvar af tekjum umfram tilgreint lágmark.

Um 2. gr.

Lagt er til að hin breytta skattlagning barna og ungmenna komi til framkvæmda vegna tekna á árinu 1995.

397. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunatryggingar, nr. 48/1994.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðtals frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Dögg Pálsdóttur skrifstofustjóra, frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga Axel Gíslason formann og Sigmar Ármannsson framkvæmdastjóra, frá Húsatryggingum Reykjavíkur Eyþór Fannberg forstöðumann og Hjörleif Kvaran, borgarlögmann Reykjavíkurborgar, frá Fasteignamati ríkisins Magnús Ólafsson forstjóra og Elís Ragnarsson, forstöðumann rekstrarsviðs, Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóra í Vátryggingaeftirlitinu, Magnús Axelsson, formann Húseigendafélagsins, Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson formann og Þórð H. Skúlason framkvæmdastjóra, Ágúst H. Elíasson, framkvæmdastjóra Samtaka fiskvinnslustöðva, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda, Jónas Fr. Jónsson, lögfræðing Verslunarráðs Íslands, og Ingvar Sveinbjörnsson, lögfræðing hjá Vátryggingafélagi Íslands. Þá studdist nefndin við skriflegar umsagnir frá borgarlögmanni Reykjavíkurborgar, Fasteignamati ríkisins, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stéttarsambandi bænda og Vátryggingafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir lokamálslið 2. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Rísi ágreiningur um bótafjárhæð skal málinu skotið til gerðardóms sem ráðherra setur nánari ákvæði um í reglugerð, sbr. 5. gr. laga þessara.

Hér er lagt til að kveðið verði kveðið á um að ef vátryggjanda og vátryggingataka greinir á um bótafjárhæð í þeim tilvikum sem vátryggjandi telur brunabótamat greinilega hærra en markaðsverð húseignar þá verði málinu skotið til gerðardóms. Á grundvelli 5. gr. laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sett reglugerð nr. 484/1994, um lögboðna brunatryggingu húseigna. Kveðið er á um gerðardóm í 4. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar sem hljóðar svo: „Rísi ágreiningur um brunabótamat eða bótafjárhæð má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum sem héraðsdómur í umdæmi því sem húseign er í tilnefnir hverju sinni. Skal annar þeirra fullnægja skilyrðum til að gegna starfi héraðsdómara. Fyrir kostnað vegna gerðardóms skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra vátryggingamála setur. Kostnað við gerðardóm ber að jafnaði sá sem gerð gengur á móti.“ Nefndin vill leggja áherslu á að regla 2. gr. frumvarpsins er undantekningarregla og þau tilvik sem fallið gætu undir hana hafa að jafnaði verið tvö til þrjú á ári samkvæmt upplýsingum frá Vátryggingafélagi Íslands. Reglur um brunatryggingar húseigna byggja á þeirri meginreglu að eign sé endurbyggð og að húseigandi fái fullar bætur byggðar á brunabótamati. Undantekningarreglan kemur einungis til greina ef vátryggingartaki ákveður að endurbyggja ekki heldur fá andvirði húseignar sinnar greitt. Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt að í lögum sé regla sem heimilar frávik frá brunabótamatsviðmiðun og bendir á að reglur um

brunatryggingar húseigna hafa að ýmsu leyti sérstöðu innan vátryggingasviðsins. Í því sambandi má m.a. nefna að um er að ræða lögbundnar vátryggingar og grundvöllurinn, brunabótamatið, er metið af þriðja aðila. Þá bendir nefndin á að regla 2. gr. frumvarpsins er í samræmi við meginreglur vátryggingarsamningalaga, nr. 20/1954, sem fela í sér að vátryggður fái raunvirði hlutar bætt miðað við þann tíma sem tjón verður.

Þá vill nefndin taka fram að með tilkomu umsýslugjalds Fasteignamats ríkisins, sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins, mun stofnunin hætta að innheimta gjöld vegna afhendingar vottorða. Auk þess er stefnt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini Fasteignamats ríkisins og endurbæta skráningarkerfi fasteigna. Nefndin leggur áherslu á að framangreind atriði eru forsenda fyrir álagningu umsýslugjaldsins.

Talsverð umræða varð um það í nefndinni hvort orðin „að jafnaði“ í a-lið 1. gr. frumvarpsins ættu rétt á sér og fram kom það sjónarmið að orðalagið væri óskýrt. Nefndin leggur ekki til breytingu á ákvæðinu þar sem talið er nauðsynlegt að lögin geri ráð fyrir svigrúmi þannig að unnt verði í vissum tilvikum að fela dómkvöddum matsmönnum að annast fyrstu virðingu. Á það ekki síst við í hinum dreifðu byggðum landsins. Á hinn bóginn telur nefndin rétt að meginreglan verði sú að Fasteignamat ríkisins annist fyrstu virðingu þannig að samræmd vinnubrögð mótist á þessu sviði.

Alþingi, 16. des. 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.

398. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir um ríkisborgararétt sem borist hafa nefndinni til að kanna hvort þær uppfylla þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi.

Við afgreiðslu á þessu frumvarpi um veitingu ríkisborgararéttar, sem er væntanlega hið fyrra á þessu löggjafarþingi, hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur um veitingu ríkisfangs. Umsóknir, sem ekki hljóta afgreiðslu nú, bíða þar til síðara frumvarpið verður afgreitt á vorþingi, en þá koma allar óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Björn Bjarnason.

Alþingi, 16. des. 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Ey. Kon. Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Pétur Bjarnason.		Kristín Sigurðardóttir.

399. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aclipen, Berglind Frances, starfsmaður í Reykjavík, f. 26. nóvember 1977 í Reykjavík.
2. Alcayde, Gorgonia, saumakona í Reykjavík, f. 9. desember 1969 á Filippseyjum.
3. Andreasen, Margrethe Thaagaard, meðferðarfulltrúi á Selfossi, f. 13. maí 1968 í Danmörku.
4. Á Mýrini, Hergeir Jóanes Sonny, trésmiður í Hafnarfirði, f. 18. júní 1944 í Færeyjum.
5. Baquiano, Hazel Ganada, húsmóðir í Kópavogi, f. 21. september 1973 á Filippseyjum.
6. Basalan, Bonifacia T., húsmóðir í Hveragerði, f. 6. desember 1965 á Filippseyjum.
7. Bellamine, Thami, fiskvinnslumaður í Reykjavík, f. 20. mars 1960 í Marokkó.
8. Berglind Ellen Pétursdóttir, nemi í Kópavogi, f. 10. janúar 1979 í Reykjavík.
9. Bjarni Bjarnason, nemi í Reykjavík, f. 15. apríl 1981 í Guatemala.
10. Cambray, Jean Vivien, hjúkrunarfræðingur á Akureyri, f. 13. maí 1956 í Englandi.
11. Chaophonkrang, Tim, fiskvinnslukona í Sandgerði, f. 15. janúar 1958 í Tælandi.
12. Charapova, Evguenia Midkhatovna, nemi í Reykjavík, f. 16. maí 1971 í Rússlandi.
13. Chimjaroen, Jarin, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. janúar 1950 í Tælandi.
14. Cuizon, Emelia Tagam Basalan, þerna í Reykjavík, f. 28. maí 1948 á Filippseyjum.
15. Daoud, Bassam, verkamaður í Reykjavík, f. 15. nóvember 1957 í Sýrlandi.
16. Dawe, Adrianne Gwennyth, ritari á Fáskrúðsfirði, f. 22. febrúar 1956 á Nýja-Sjálandi.
17. De Smidt, Angela Kirsten, leiðbeinandi í Hveragerði, f. 11. apríl 1962 í Suður-Afríku.
18. Duffield, Kirk Pétur, iðnnemi í Reykjavík, f. 30. mars 1962 í Englandi.
19. El-Mayass, Hanan Bassam, líffræðingur á Hvolsvelli, f. 16. desember 1960 í Líbanon.
20. Enos, James Paul, líffræðingur í Reykjavík, f. 12. febrúar 1964 í Bandaríkjunum.

21. Ferrer, Carlos Aristides, sóknarprestur á Kolfreyjustað, f. 2. mars 1961 í Þýskalandi.
22. Gerber, Nicola Inga, starfsmaður í Reykjavík, f. 20. október 1972 í Skotlandi.
23. Gray, Ian William, fiskvinnslumaður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1970 í Skotlandi.
24. Guido, Beatrice Margret, baðvörður í Reykjavík, f. 19. október 1957 í Frakklandi.
25. Guiver, Gareth Samuel James, verkamaður í Bolungarvík, f. 25. september 1972 í Englandi.
26. Hall, Steven Leo, verkamaður í Reykjavík, f. 22. desember 1952 í Bandaríkjunum.
27. Hampshire, Judith Ann, ritari í Garðabæ, f. 16. mars 1941 í Englandi.
28. Hansen, Inge Miriam, sjúkraliði á Akureyri, f. 12. maí 1949 í Danmörku.
29. Hansen, Jóhanna Björg, verkfræðingur í Mosfellsbæ, f. 12. nóvember 1966 í Reykjavík.
30. Hansen, Sigurður Böðvar, nemi í Mosfellsbæ, f. 8. október 1969 í Reykjavík.
31. Herrera de Ólafsson, Elvira, ekkja í Reykjavík, f. 23. janúar 1923 í Kólumbíu.
32. Higuerey, Maria Eugenia, nemi í Reykjavík, f. 26. nóvember 1969 í Venesúela.
33. Holm, Jónína Daniella, húsmóðir í Garði, f. 9. desember 1961 í Reykjavík.
34. Huiphimai, Lanthom, verkakona í Reykjavík, f. 25. nóvember 1964 í Tælandi.
35. Hulda Dagmar Þórðardóttir Kentta, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. október 1912 í Hafnarfirði.
36. Hurrin, Lynette Gréta, nemi í Reykjavík, f. 8. janúar 1976 í Bandaríkjunum.
37. Huynh, Thien Kien, nemi í Reykjavík, f. 3. mars 1976 í Víetnam.
38. Jakob Jónsson, sölumaður á Ísafirði, f. 20. ágúst 1964 á Akureyri.
39. Jessen, Greta, nemi í Reykjavík, f. 30. ágúst 1973 í Kaupmannahöfn.
40. Jórunn Bjarnadóttir, nemi í Reykjavík, f. 2. október 1979 í Guatemala.
41. Lemke, Manfred, kennari í Ljósavatnshreppi, f. 31. desember 1959 í Sviss.
42. Lisowska, Jadwiga, verkakona í Reykjavík, f. 29. janúar 1952 í Póllandi.
43. Madrazo, Lea Mendoza, verslunarmaður í Þorlákshöfn, f. 17. september 1964 á Filippseyjum.
44. Malana, Chona G., húsmóðir í Reykjavík, f. 17. apríl 1964 á Filippseyjum.
45. Mangubat, Nora Valeriano, verkakona í Vogum, f. 17. febrúar 1953 á Filippseyjum.
46. Mía Björk Jónsdóttir, barn í Reykjavík, f. 10. febrúar 1985 í Danmörku.
47. Niddam, Daniel, sölumaður í Reykjavík, f. 13. febrúar 1964 í Marokkó.
48. Ocampo, Nenette Mabitad, verkakona á Dalvík, f. 15. maí 1966 á Filippseyjum.
49. Pedersen, Violet Estrada, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. apríl 1939 í Bandaríkjunum.
50. Porter, Kristín Birna, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. janúar 1962 í Reykjavík.
51. Ricart, Philippe René Paul Noel, handverksmaður á Akranesi, f. 24. desember 1952 í Alsír.
52. Rosento, María Nieves Chavez, starfsmaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1959 á Filippseyjum.
53. Róbertsson, Paola Daziani, kennari á Selfossi, f. 19. júlí 1963 á Ítalíu.
54. Scime, Dean Julian, verkamaður á Vopnafirði, f. 16. janúar 1961 í Englandi.
55. Seedom, Sinthu, verkakona á Ísafirði, f. 10. júní 1964 í Tælandi.
56. Sepulveda Benner, Chyntia Viviana, verslunarmaður á Hellu, f. 31. janúar 1968 í Chile.
57. Shamsudin, Ashiqhusein Najmudin, vélstjóri í Reykjavík, f. 9. nóvember 1974 í Tansaníu.

58. Shamsudin, Husnabanu Ashiqhusein Najmudin, verkakona í Reykjavík, f. 13. febrúar 1952 í Tansaníu.
59. Shamsudin, Salim Ashiqhusein Najmudin, verkamaður í Reykjavík, f. 15. apríl 1972 í Tansaníu.
60. Shedan Sanchez, Nina Veronica, sjúkraliðanemi í Kópavogi, f. 24. febrúar 1959 í Perú.
61. Sigurður Smári Hergeirsson, nemi í Hafnarfirði, f. 22. maí 1969 í Reykjavík.
62. Sirimekha, Malee, gangastúlka í Hafnarfirði, f. 10. júní 1965 í Tælandi.
63. Sleight, Þórunn Patricia, kennari á Skógum, f. 31. júlí 1954 í Bandaríkjunum.
64. Smart, Sarra, nemi í Reykjavík, f. 3. febrúar 1974 á Englandi.
65. Sonnentag, Irmgard Martha, verslunarmaður í Reykjavík, f. 9. desember 1940 í Þýskalandi.
66. Spyratou, Despina-Depy, verslunarmaður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1953 í Kenýa.
67. Stissi, Anthony John, verkamaður í Sandgerði, f. 13. júlí 1971 í Bandaríkjunum.
68. Svanhvít Egilsdóttir, söngkennari í Hafnarfirði, f. 10. ágúst 1914 í Hafnarfirði.
69. Tangolamos, Catalina, saumakona í Reykjavík, f. 25. nóvember 1964 á Filippseyjum.
70. Tangolamos, Elsie C., verkakona í Reykjavík, f. 27. janúar 1952 á Filippseyjum.
71. Turin, Bozena Teresa, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 29. maí 1971 í Póllandi.
72. Valiente, Rodita Rufina Ganeda, verkakona í Keflavík, f. 28. júní 1946 á Filippseyjum.
73. Van Schalkwyk, Hilda Charlotte, rithöfundur í Eyjafirði, f. 9. maí 1968 í Suður-Afríku.
74. Vokes, Atli Marel, verkamaður á Selfossi, f. 1. október 1975 á Selfossi.
75. Zardovic, Snezana, húsmóðir í Mývatnssveit, f. 2. janúar 1970 í Júgóslavíu.
76. Þóra Vikar Guðmundsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1976 í Suður-Kóreu.

400. Nefndarálit [96. og 97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, og frv. til l. um einkahlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málin og fékk Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Jónas Fr. Jónsson, lögfræðing hjá Verslunarráði Íslands, á fundi til sín. Þá bárust nefndinni umsagnir um málin frá ASÍ, Árna Vilhjálmssyni prófessor, BHMR, Guðmundi Guðbjarnasyni, formanni nefndar er vann að frumvörpum til laga um bókhald og ársreikninga, Íslenskri verslun, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins, Vinnumálasambandinu og loks mjög ítarleg umsögn frá Verslunarráði og VSÍ sameiginlega.

Þar sem málin eru mjög skyld hefur nefndin kosið að leggja fram eitt nefndarálit um þau bæði. Nefndin mælir með samþykkt beggja frumvarpanna með breytingum sem lagðar eru til á sérstökum þingskjölum.

Flestar breytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði á frumvörpunum, fela í sér samræmingu við fyrirliggjandi frumvarp til laga um ársreikninga sem gert er ráð fyrir að

verði samþykkt samhliða. Hingað til hafa ekki verið til almenn lög um ársreikninga heldur hafa ákvæði þar um verið í einstökum lögum, svo sem lögum um bókhald, lögum um hlutafélög og fleiri lögum. Með tilkomu nýrra ársreikningalaga er eðlilegt að ákvæði sérlaga um þessi mál falli brott nema sérstaklega standi á. Fyrir utan tillögur nefndarinnar um brottfall þessara ákvæða í frumvörpunum skal bent á að í breytingartillögunum er víða talað um að orðið „skoðunarmenn“ bætist við þar sem rætt er um endurskoðendur og að í stað orðsins „ársskýrsla“ verði talað um skýrslu stjórnar og er þetta í samræmi við breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um ársreikninga.

Aðrar breytingar, sem nefndin leggur til, eru einnig að flestu leyti samsvarandi í frumvörpunum. Þær eru þessar helstar:

1. Lagt er til að í stað orðanna „öðrum viðskiptaskjölum“, sbr. 1. gr. í báðum frumvörpunum, komi „pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum“. Nefndin telur að ákvæðið, eins og það er í frumvarpinu, sé óþarflega íþyngjandi. Eftir breytinguna er greinin í samræmi við 25. gr. reglugerðar um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög sem gert er ráð fyrir að verði lögfest hér á landi.
2. Lagt er til að felld verði brott tillaga um að lækka skilyrði fyrir því að félag geti ekki lagt hömlur á viðskipti með hlutabréf, úr því að hluthafar þurfi að vera 200 eða fleiri í 100 eða fleiri, sbr. 17. gr. í 96. máli. Breytingin á ekki við um 97. mál. Nefndinni þykir frumvarpið gera ráð fyrir of mikilli íhlutun löggjafans í mál félaga í þessu tilliti. Til samræmis er einnig lögð til breyting á d-lið 51. gr. í sama frumvarpi.
3. Lögð er til breyting á kosningaákvæðum frumvarpanna (c-liður 51. gr. í 96. máli og 39. gr. í 97. máli) sem felur í sér að tekið er meira mið af lausn sérstakra vandamála sem komið hafa upp við framkvæmd kosninga í hlutafélögum. Þannig verður t.d. í sambandi við margfeldiskosningu í almennum hlutafélögum aðeins heimilt að kjósa milli einstaklinga en ekki að viðhafa blandaða kosningu eins og það frumvarp gerir ráð fyrir.
4. Lagt er til að við 52. gr. frumvarpsins bætist ákvæði sem heimilar hluthafafundi að víkja stjórnarmönnum frá ef hann kýs svo. Í raun er aðeins verið að taka af öll tvímæli um reglu sem talin er gilda í framkvæmd.
5. Lagt er til að ákvæði frumvarpanna um réttindasviptingu í tengslum við ítrekuð gjaldþrot, sbr. 1. mgr. 54. gr. 96. máls og 1. mgr. 42. gr. 97. máls, verði felld brott en í stað þess verði viðurlögin tengd við dóm fyrir refsiverða háttsemi í tengslum við atvinnurekstur. Nefndin telur að þessi ákvæði frumvarpsins hafi verið of íþyngjandi og getað dregið úr vilja hæfra einstaklinga til að setjast í stjórnir eða taka að sér framkvæmdastjórn hlutafélaga þegar illa árar hjá félögum.
6. Lagt er til að talað verði um að misnota aðstöðu í stað þess að tala um spákaupmennsku, sbr. 55. gr. 96. máls og 2. mgr. 43. gr. 97. máls. Nefndarmenn líta svo á að orðið spákaupmennska hafi aðra og vægari merkingu í almennu máli en gengið er út frá í frumvarpinu.
7. Lagt er til felld verði brott 59. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um að 55. gr. laganna verði hert þannig að enga ákvörðun megi taka á stjórnarfundi nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um hana sé þess kostur. Nefndin telur eðlilegra að slík krafa nái aðeins til mikilvægra ákvarðana eins og gildandi lög gera ráð fyrir.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og lýsir sig samþykka áliti þessu nema breytingu á þeim ákvæðum frumvarpanna er fjalla um réttindasviptingu vegna ítrekaðra gjaldþrota sem hún telur eðlilegra að standi óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Guðjón Guðmundsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.

401. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum“ í upphafi efnismgr. b-liðar komi: Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 2. mgr. komi: skýrslu stjórnar.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „lagaákvæði um ársreikninga“ í 3. málsl. 2. efnismgr. komi: ákvæði laga um ársreikninga.
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 6. tölul. kemur: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
   b. Við bætist nýr töluliður, 13. tölul., er orðast svo: Ákvæði um fjölda framkvæmdastjóra séu þeir fleiri en þrír.
5. Við 17. gr. Orðin „og 100 eða fleiri, í staðinn fyrir „200 eða fleiri““ í niðurlagi b-liðar falli brott.
6. Við 28. gr. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í d-lið komi: skýrslu stjórnar.
7. Á eftir 32. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í 1. mgr. 37. gr. laganna koma orðin: endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga, í staðinn fyrir „endurmatsreikning skv. 4. mgr. 97. gr.“
8. Við 51. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni.
   a. C-liður orðist svo: Í stað 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:
      Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.
      Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.

Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

a. *Meirihlutakosning.* Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi sem fær flest atkvæði sína menn kjörna.
b. *Hlutfallskosning.* Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum sem hann sjálfur kýs á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.
c. *Margfeldiskosning.* Kosið skal á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

b. D-liður orðist svo: 4. mgr. verður 7. mgr.

9. Við 52. gr. Við a-lið bætist nýr málsliður er orðist svo: Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.
10. Við 54. gr.

1. efnismgr. orðist svo:

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm vegna atvinnurekstrar fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

11. Við 55. gr. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

12. Við 59. gr. Greinin falli brott.
13. Við 63. gr. A-liður orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
    a. Í stað orðsins „níu“ í 1. málsl. kemur: átta.
    b. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 2. málsl. kemur: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
    c. Við bætist nýr málsliður er orðast svo: Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.

14. Við 64. gr. Við 2. málsl. a-liðar bætist: og: endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi, í staðinn fyrir „endurskoðandi eða hluthafi“.
15. Við 65. gr. Við b-lið bætist eftirfarandi málsliður: Í 4. mgr. falla niður orðin „ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda“ en í staðinn kemur: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna.
16. Við 69.–72. gr. Greinarnar falli brott.
17. Við 73. gr. Greinin orðist svo:
    Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:
    a. Í 1. og 3. mgr. kemur alls staðar „hlutafélagaskrár“ í staðinn fyrir „ráðherra“ og „hún“ í staðinn fyrir „hann“.
    b. 2. mgr. verður svohljóðandi:
    Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.
18. Við 74.–79. gr. Greinarnar falli brott.
19. Við 82. gr. Í stað orðsins „eignarhlutafélag“ í 2. efnismgr. komi: einkahlutafélag.
20. Við 85. gr. Í stað orðanna „4. málsl. 1. mgr. 105. gr.“ í niðurlagi c-liðar komi: ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.
21. Við 86. gr. Í stað orðanna „félagið er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda“ í 1. efnismgr. komi: félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns.
22. Við 93. gr. Í stað orðsins „eignarhlutafélag“ komi: einkahlutafélag.
23. Við 94. gr. Í 2. efnismgr. komi á tveimur stöðum orðið „einkahlutafélag“ í staðinn fyrir „eignarhlutafélag“.
24. Við 96. gr. Í stað orðanna „Lagaákvæði um ársreikninga“ í 2. málsl. 2. efnismgr. komi: Ákvæði laga um ársreikninga.
25. Við 102. gr. Í 5. efnismgr. standi á tveimur stöðum: endurskoðendur eða skoðunarmenn, í staðinn fyrir „endurskoðendur“.
26. Við 112. gr. Í stað orðsins „endurskoðendur“ í a-lið komi: endurskoðendur og skoðunarmenn.
27. Við 114. gr. Við greinina bætist við nýr stafliður, c-liður, er orðist svo: Í c-lið 1. mgr. standi í upphafi: Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum, í staðinn fyrir „Gegn endurskoðendum“.
28. Við 125. gr. Síðari málsliður efnismálsgreinar b-liðar orðist svo: Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum og aðgang að þeim.
29. Við 126. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í a-lið komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
    b. Aftan við c-lið bætist nýr málsliður er orðist svo: Jafnframt falla niður í 3. tölul. 3. mgr. orðin „endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr.“ en í staðinn komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga.
30. Við 127. gr. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í b-lið komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
31. Við 130. gr. Aftan við greinina bætist: Í staðinn fyrir „endurskoðendur“ kemur: endurskoðendur eða skoðunarmenn.

32. Við 132. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma þá til framkvæmda nema að því leyti sem segir í ákvæðum til bráðabirgða.
Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi 80.–91. gr. laga þessara eins og þeim hefur verið breytt. Fyrirsögn XI. kafla verður: **Sérstakar rannsóknir**. Þá fellur einnig úr gildi XII. kafli laganna eins og honum hefur verið breytt.
33. Við bætist ný grein, svohljóðandi:
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og laga nr. 69/1989, 12/1990, 21/1991, 90/1991, 23/1991 og 92/1991, allra um breytingu á lögum um hlutafélög, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

402. Breytingartillögur [97. mál]

við frv. til l. um einkahlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum.
2. Við 4. gr. 2. málsl. 4. tölul. verði 2. mgr. og í stað orðsins „ársskýrslu“ í upphafi þeirrar málsgreinar komi: skýrslu stjórnar.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „Reikninginn skal setja upp í samræmi við lagaákvæði um ársreikninga“ í upphafi 2. málsl. 2. mgr. komi: Reikninginn skal semja í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.
4. Við 7. gr. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 6. tölul. 2. mgr. komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
5. Við 8. gr. í stað orðsins „endurskoðendur“ í 2. mgr. komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
6. Við 23. gr. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í c-lið 2. mgr. komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
7. Við 25. gr. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 4. mgr. komi: skýrslu stjórnar með ársreikningi.
8. Við 29. gr. Í stað orðanna „endurmatsreikning skv. 4. mgr. 89. gr.“ í 1. mgr. komi: endurmatsreikning samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga.
9. Við 39. gr. Í stað 3. og 4. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu eða hlutfallskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.
Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.
Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.
Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

a. *Meirihlutakosning.* Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi sem fær flest atkvæði sína menn kjörna.
b. *Hlutfallskosning.* Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum sem hann sjálfur kýs á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

10. Við 40. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.
11. Við 42. gr. 1. mgr. orðist svo:
Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
12. Við 43. gr. 2. mgr. orðist svo:
Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.
13. Við 47. gr. Í stað orðsins „Ákvörðun“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Mikilvæga ákvörðun.
14. Við 59. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr. greinarinnar:
a. Í stað orðsins „níu“ í 1. málsl. komi: átta.
b. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 2. málsl. komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
15. Við 62. gr. Í stað orðanna „endurskoðandi eða hluthafi“ í 2. mgr. komi: endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi.
16. Við 63. gr. Í stað orðanna „skýrsla endurskoðanda“ í 4. mgr. komi: skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna.
17. Við 72.–83. gr. Greinarnar falli brott.
18. Fyrirsögn XI. kafla verði: **Sérstakar rannsóknir.**
19. Við 84. gr. 2. mgr. orðist svo:
Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.
20. XII. kafli falli brott.

21. Við 107. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar:
    a. Orðin „þeirra einkahlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum“ falla brott.
    b. Í stað orðanna „3. málsl. 1. mgr. 97. gr.“ komi: ákvæði laga um ársreikninga varðandi skil á ársreikningum.
22. Við 108. gr. Í stað orðanna „eða endurskoðanda“ í 1. mgr. komi: endurskoðanda eða skoðunarmanns.
23. Við 120. gr. Í stað orðanna „framkvæmdastjórar og endurskoðendur“ í 8. tölul. komi: framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn.
24. Við 121. gr. Í stað orðanna „Lagaákvæði um ársreikninga“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Ákvæði laga um ársreikninga.
25. Við 122. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „endurskoðandi“ í 1. málsl. 1. mgr. og sama orðs í 4. mgr. komi: endurskoðandi eða skoðunarmaður.
    b. Í staðinn orðsins „endurskoðendur“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
26. Við 123. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 1. mgr. komi: endurskoðanda eða skoðunarmanns.
    b. Í stað orðsins „endurskoðandi“ í 2. mgr. komi: endurskoðandi eða skoðunarmaður.
27. Við 124. gr. Í stað orðsins „endurskoðanda“ í 4. mgr. og sama orðs í 5. tölul. 5. mgr. komi: endurskoðanda eða skoðunarmanns.
28. Við 126. gr. Í stað orðsins „endurskoðandi“ í 1. mgr. komi: endurskoðandi eða skoðunarmaður.
29. Við 127. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 5. mgr. greinarinnar:
    a. Í stað orðsins „endurskoðanda“ í komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
    b. Í stað orðsins „endurskoðanda“ í niðurlagi málsgreinarinnar komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
30. Við 129. gr. Í stað orðsins „endurskoðendur“ í 3. mgr. komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
31. Við 133. gr. Í stað orðanna „framkvæmdastjórar og endurskoðendur“ í 1. mgr. komi: framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn.
32. Við 135. gr. Í stað orðsins „endurskoðendum“ í c-lið 1. mgr. komi: endurskoðendum eða skoðunarmönnum.
33. Við 141. gr. 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
34. Við 146. gr. Í stað orðanna „ákvæði 97. gr.“ í 2. mgr. komi: ákvæði laga um ársreikninga.
35. Við 147. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
    b. Í stað orðanna „endurskoðendur þau skilyrði er getur í 73. gr.“ í 3. tölul. 3. mgr. komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga.
36. Við 148. gr. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 2. mgr. komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
37. Við 151. gr. Í stað orðsins „endurskoðendur“ í 1. málsl. komi: endurskoðendur, skoðunarmenn.

38. Við 157. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.
39. Við 158. gr. Í stað orðanna „aðeins rekið starfsemi sem hlutafélög“ í lok 2. mgr. komi: ekki rekið starfsemi sem einkahlutafélög.

403. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund til sín Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá BHMR, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands og VSÍ.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. mgr. 2. gr. falli brott.

Alþingi, 17. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Finnur Ingólfsson.

404. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um bókhald.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Guðmund Guðbjarnason, formann nefndarinnar er samdi frumvarpið, Braga Gunnarsson, lögfræðing í fjármálaráðuneyti, og Jónatan Þórmundsson prófessor, Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Snorra Olsen, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti. Þeir þrír síðastnefndu kynntu fyrir nefndinni tillögur að viðurlagaákvæðum við frumvarpið sem óskað var eftir að nefndin felldi inn í breytingartillögur sínar. Þar sem um viðamiklar breytingar er að ræða og skammt er eftir af haustþingi treystir nefndin sér ekki til að taka þær breytingar inn í frumvarpið að svo stöddu. Nefndin hefur hins vegar þegar sent tillögurnar út til umsagnar og stefnir að því að fara yfir málið aftur með hliðsjón af innsendum umsögnum strax í janúar þegar þing kemur saman aftur.

Umsagnir um málið bárust frá BHMR, Félagi löggiltra endurskoðenda, Íslenskri verslun, Neytendasamtökunum, ríkisskattsjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að tekin verði af tvímæli um að þeir sem undanþegnir eru að færa tvíhliða bókhald skuli færa í stað þess þær bækur sem upp eru taldar í 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins.
2. Lagt er til að hugtakið „innra eftirlit“ verði skilgreint í frumvarpinu og að efnisatriði 3. og 4. mgr. 7. gr. verði sameinuð í eina málsgrein.
3. Í 10. gr. er lögð til leiðrétting á tilvísun.
4. Lagt er til að ákvæði 14. gr. verði víkkað út þannig að það nái einnig til þess þegar verið er að stemma af aðra greiðslureikninga en sjóðreikning við færslur í sundurliðunarbók. Þetta er gert með tilliti til þess að algengast er að reikningar séu greiddir með öðru greiðslufyrirkomulagi en peningum.
5. Lagt er til að orðinu „heiti“, þ.e. vöruheiti, verði skotið inn í upptalningu 16. gr.
6. Lagt er til að taka hugtakið „innri strimill“ inn í stað orðsins „sjóðvélastrimill“ í 20. gr. til samræmis við notkun þess orðs í reglugerð um tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
7. Lögð er til breyting á 24. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um að ekki megi sýna nettóútkomu á einstökum liðum með því að draga tekjur frá gjöldum og skuldir frá eignum eða öfugt. Nefndin telur að núverandi orðalag 2. mgr. geti skapað hættu á misskilningi, m.a. vegna skilgreiningar á svokallaðri „jöfnunarreglu“ í nýútkominni greinargerð reikningsskilaráðs. Er því lagt til að nota heldur orðasambandið „að fella saman“ í stað „að jafna saman“.
8. Lögð er til breyting á orðalagi 25. gr.
9. Lagt er til að 28. gr. verði breytt þannig að ákvæði 3. mgr. verði samræmt ákvæði 1. mgr. 27. gr. frumvarps til laga um ársreikninga, sem gert er ráð fyrir að verði samþykkt samhliða, varðandi mat vörubirgða.
10. Lögð er til orðalagsbreyting á 32. gr.
11. Loks er lagt til að heiti III. kafla breytist þannig að í stað heitisins „Ársreikningur og skýringar“ standi aðeins „Ársreikningur“.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.	Ingi Björn Albertsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

405. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til l. um bókhald.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þeir bókhaldsskyldir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkvæmt þessari grein, skulu færa þær bækur sem greinir í 5. mgr. 10. gr.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað 3. og 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Bókhaldið skal þannig skipulagt að auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings. Jafnframt skal skipulag og stjórnun bókhaldsins við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og eðlilegt innra eftirlit. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og haft er að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljótist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.
3. Við 10. gr. Í stað tilvísunar til 5. mgr. í 2. tölul. 2. mgr. komi tilvísun í 6. mgr.
4. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „færslur í sjóðbók“ 3. málsl. 1. mgr. komi: hreyfingar á handbæru fé.
   b. Í stað orðanna „útistandandi reikninga og ógreiddra krafna“ komi: útistandandi krafna og ógreiddra reikninga.
5. Við 16. gr. Á undan orðinu „magn“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: heiti.
6. Við 20. gr. Í stað orðsins „sjóðvélastrimla“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: innri strimla.
7. Við 24. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.
8. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur skulu að jafnaði færðar í rekstrarreikning þess árs þegar til þeirra er unnið og gjöld þegar til þeirra er stofnað.
9. Við 28. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð.
10. Við 32. gr. Orðið „löggiltan“ í 3. mgr. falli brott.
11. Fyrirsögn III. kafla verði: **Ársreikningur**.

406. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um ársreikninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Guðmund Guðbjarnason, formann nefndarinnar er samdi frumvarpið, Braga Gunnarsson, lögfræðing í fjármálaráðuneyti, og Jónatan Þórmundsson prófessor, Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Snorra Olsen, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti. Þeir þrír síðastnefndu kynntu fyrir nefndinni tillögur að viðurlagaákvæðum við frumvarpið sem óskað var eftir að nefndin felldi inn í breytingartillögur sínar. Þar sem um viðamiklar breytingar er að ræða og skammt er eftir af haustþingi treystir nefndin sér ekki til að taka þær breytingar inn í frumvarpið að svo stöddu. Nefndin hefur hins vegar þegar sent tillögurnar út til umsagnar og stefnir að því að fara yfir málið aftur með hliðsjón af innsendum umsögnum strax í janúar þegar þing kemur saman aftur.

Umsagnir um málið bárust frá BHMR, Félagi löggiltra endurskoðenda, Íslenskri verslun, Neytendasamtökunum, ríkisskattsjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. til að gera ákvæðið skýrara.
2. Lagt er til að orðið „láta“ í 3. gr. falli brott til samræmis við orðalag 1. mgr. 22. gr. laga um bókhald sem gert er ráð fyrir að verði samþykkt samhliða.
3. Lögð er til breyting á orðalagi 7. gr.
4. Lögð er til breyting á 12. gr. sem tekur af skarið um að ekki megi sýna nettóútkomu á einstökum liðum með því að draga tekjur frá gjöldum og skuldir frá eignum og öfugt. Nefndin telur að núverandi orðalag 12. gr. geti skapað hættu á misskilningi, m.a. vegna skilgreiningar á svokallaðri „jöfnunarreglu“ í nýútkominni greinargerð reikningsskilaráðs, þótt sú regla fjalli um óskylda hluti. Er því lagt til að nota heldur orðasambandið „að fella saman“ í stað „að jafna saman“.
5. Lagt er til að breyta heimildarákvæði 16. gr. „Heimilt er að færa“ í skylduákvæði „Færa skal“ til að koma í veg fyrir misskilning. Meginreglan er að færa til gjalda og til skuldar áfallnar fjárhæðir í samræmi við lotunarákvæði 14. gr. Hér er verið að ræða um lotun áætlaðra gjalda skýrt skilgreindra skuldbindinga en eru þó óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu eins og t.d. ábyrgðarskuldbindingar og eftirlaunaskuldbindingar. Það skal áréttað að hér er verið að ræða um reikningsskilareglu sem hefur ekkert með skattuppgjör að gera.
6. Lagt er til að orðalag 1. málsl. 3. mgr. 22. gr. verði lagfært þannig að ótvírætt sé að til framleiðslukostnaðar varanlegra rekstrarfjármuna við eignfærslu teljist vinnuafl og sá kostnaður sem rekja má beint eða óbeint til framleiðslu fjármunanna. Þá er lagt til að bætt verið við nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að eignarleigusamingar, sem gerðir eru og nema verulegum fjárhæðum, skulu í samræmi við ákvæði samninganna vera eignfærðir og þar af leiðandi skuldbindingar vegna hans skuldfærðar. Er þessi breyting í tengslum við 3. mgr. 42. gr.
7. Lögð er til leiðrétting á tilvísun í 24. gr.

8. Lagt er til að í 32. gr. verði bætt inn sambærilegu ákvæði um meðferð affalla af keyptum verðbréfum og eru varðandi seld verðbréf.
9. Lagðar eru til tvær breytingar á 42. gr. Annars vegar að útvíkka orðalag greinarinnar þannig að hún nái yfir öll viðskiptabréf en ekki einungis víxla. Hins vegar er ákvæði um eignarleigusamninga fært úr þessari grein yfir í 5. mgr. 22. gr. sem fjallar um eign- og skuldfærslu slíkra samninga.
10. Í 57. gr. er annars vegar lagt til að orðið „löggilta" falli brott til samræmis við notkun á orðinu endurskoðandi almennt í frumvarpinu. Þá er einnig lagt til að lagt sé að jöfnu hvort kosnir séu endurskoðendur, einn eða fleiri, eða félag endurskoðenda.
11. Nefndin gerir tillögu um nýja uppröðun á 58. gr. þannig að í 1. mgr. verði eingöngu fjallað um búsetuskilyrði endurskoðenda eða skoðunarmanna, 2. mgr. verði felld brott þar sem efnisinnihald hennar leiðir af öðrum ákvæðum frumvarpsins og í 3. mgr. verði mennturkröfur og starfsskyldur skoðunarmanna skilgreindar. Gengið er út frá því að endurskoðendur samkvæmt frumvarpinu og frumvarpi til laga um bókhald, sem stefnt er að því að afgreiða samhliða, geti aðeins verið þeir sem fengið hafa löggildingu til starfans samkvæmt lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, og starfi samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Því er ekki talin þörf á að kveða sérstaklega á um hæfisskilyrði þeirra í frumvarpinu.
12. Lögð er til sú breyting á 63. gr. að skilgreint verði hlutverk félagskjörinna skoðunarmanna þar sem jafnframt eru kosnir endurskoðendur eða skoðunarmenn. Hlutverk þessara manna hefur verið óljóst eftir að almennt varð að stærri fyrirtæki og félög réðu til sín endurskoðendur eða bókhaldsfróða aðila til að annast reikningsskil. Áritun þeirra er oft og tíðum einungis gerð með tilvísun til áritunar endurskoðandans. Með þessari breytingu verður hlutverk félagskjörins skoðunarmanns nánast það sama og greinir í 34. gr. frumvarps til laga um bókhald.
13. Lagt er tilvísun til 82. gr. til 2. gr. verði breytt með hliðsjón af þeirri breytingu á 2. gr. sem rakin er í fyrsta liðnum hér að framan.
14. Loks eru lagt til að ákvæði um ársreikninga og endurskoðun í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, verði felld brott og þau lög að öðru leyti samræmd frumvarpi þessu.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Finnur Ingólfsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Guðjón Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Guðmundur Árni Stefánsson.

407. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um ársreikninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Lög þessi gilda um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr.
      Enn fremur gilda lög þessi um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:
      1. eignir nema samtals a.m.k. 200.000.000 kr.;
      2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
      3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.
   b. Á eftir orðinu félag í 2. mgr. (er verði 3. mgr.) komi tilvísunin: skv. 2. mgr.
   c. Orðin „og eru að öllu leyti í eigu félaga sem talin eru í 1. gr.“ í 3. mgr. (er verði 4. mgr.) falli brott.
2. Við 3. gr. Orðið „láta“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „Láti félag“ komi: Ef félag.
   b. Í stað orðanna „samt semja“ komi: semur samt.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.
5. Við 16. gr. Í stað orðanna „Heimilt er að færa“ í 1. mgr. komi: Færa skal.
6. Við 22. gr.
   a. Í stað orðanna „að viðbættum kostnaði sem beinlínis“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: svo og vinnuafls að viðbættum kostnaðarauka sem beint eða óbeint.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Eignarleigusamningar skulu í samræmi við samningsákvæði og góða reikningsskilavenju færðir í efnahagsreikning ef þeir nema verulegum fjárhæðum.
7. Við 24. gr. Í stað tilvísunar í 1.–3. mgr. í 1. málsl. 3. mgr. komi tilvísun í 1.–2. mgr.
8. Við 32. gr.
   a. Í stað orðsins „skuldaviðurkenningum“ í 1. mgr. komi: eða keyptum verðbréfum.
   b. Á eftir orðinu „gjalda“ í 2. mgr. komi: eða til tekna.
9. Við 42. gr.
   a. Í stað orðanna „selda víxla“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: seld viðskiptabréf.
   b. Í stað orðanna „leigu- eða eignarleigusamninga“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: leigusamninga.
10. Við 57. gr.
    a. Orðið „löggilta“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
    b. Við 1. og 2. málsl. 1. mgr. bætist: eða félag endurskoðenda.
    c. Á eftir orðunum „kjósa skal endurskoðendur“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: félag endurskoðenda.

11. Við 58. gr.
    a. 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
    b. 2. mgr. falli brott.
    c. 2. og 3. málsl. 1. mgr. verði 1. og 2. málsl. 3. mgr. (er verði 2. mgr.).
12. Við 63. gr. 4. mgr. orðist svo:
    Ef kosinn er endurskoðandi eða endurskoðunarfélag jafnframt félagskjörnum skoðunarmönnum skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að endurskoðandinn annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við 1. mgr. en skoðunarmenn skulu fylgjast með því að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu.
13. Við 82. gr. Í stað tilvísunar í 1. mgr. 2. gr. í 2. mgr. komi tilvísun í 2. mgr. 2. gr.
14. Við 85. gr. Greinin orðist svo:
    Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög.
    a. Í stað orðsins „endurskoðendur“ í lok 6. gr. kemur: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
    b. Í stað orðanna „skoðunarmanna (og endurskoðanda)“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.
    c. 55.–76. gr. falla brott.
    d. 2. mgr. 77. gr. orðast svo:
        Ákvæði laga um ársreikninga, hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

408. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Í tengslum við þetta mál fékk nefndin á fund til sín Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 17. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðjón Guðmundsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Finnur Ingólfsson.

409. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]

um fullgildingu samnings um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna sem áritaður var í Genf 13. desember 1994.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samhliða samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gerðu EFTA-ríkin samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna og samning um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Þeir samningar tóku gildi á sama tíma og EES-samningurinn eða 1. janúar 1994.

Vegna aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu, væntanlega frá og með 1. janúar 1995, hafa Ísland og Noregur gert samning um breytingu á áðurgreindum þremur EFTA-samningum. Samningurinn var undirritaður 13. desember 1994. Helstu breytingarnar varða fjölda eftirlitsfulltrúa í eftirlitsstofnun EFTA, fjölda dómara í EFTA-dómstólnum og hversu marga fulltrúa Ísland og Noregur hafa rétt á að tilnefna í þingmannanefnd EES. Aðrar breytingar eru tæknilegs eðlis eins og t.d. hvað hugtakið EFTA-ríki þýði í þessum samningum.

Samkvæmt 7. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls skal eftirlitsstofnun EFTA vera skipuð fimm eftirlitsfulltrúum og skv. 28. gr. samningsins skipa fimm dómarar EFTA-dómstólinn. Þær breytingar eru gerðar á 7. gr. að eftirlitsfulltrúar verði þrír og á 28. gr. að dómarar verði þrír. Í 11. gr. eru bráðabirgðaákvæði þess efnis að þangað til Liechtenstein gerist aðili að samningnum skuli þriðji eftirlitsfulltrúinn skipaður tímabundið. Hvað dómstólinn varðar verða skipaðir tveir dómarar og þeir skulu velja þriðja dómarann fyrir hvert einstakt mál eins og segir nánar í 12. gr. Þegar Liechtenstein gerist aðili verður þriðji dómarinn skipaður með venjulegum hætti.

Samkvæmt 95. gr. EES-samningsins skal vera starfandi þingmannanefnd EES. Samkvæmt bókun 36 við EES-samninginn er nefndin skipuð 66 þingmönnum, 33 frá Evrópuþinginu og 33 frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Þessi ákvæði verða óbreytt. Samningurinn um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna gerir ráð fyrir að Alþingi eigi rétt á að tilnefna ellefu þimgmenn, tíu ef Liechtenstein gerist aðili, norska Stórþingið tuttugu og tvo en tuttugu ef Liechtenstein gerist aðili og Liechtenstein fær þrjá ef það gerist aðili.

Samningurinn öðlast gildi á sama degi og aðildarsáttmáli Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar tekur gildi. Hafi samningurinn ekki verið undirritaður fyrir þann dag skal hann ganga í gildi á undirskriftardegi.

Samninginn á íslensku og ensku er að finna í fylgiskjölum.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR UM BREYTINGU Á TILTEKNUM SAMNINGUM EFTA-RÍKJANNA

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND OG
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR HAFA,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, einkum 50. gr.,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, hér á eftir nefndur samningurinn um fastanefndina, einkum 12. gr.,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna hér á eftir nefndur samningurinn um þingmannanefndina, einkum 15. gr.,

og

ÞAR EÐ sáttmálinn um aðild Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu, hér á eftir nefndur aðildarsáttmálinn, var undirritaður á Korfú þann 24. júní 1994,

ÞAR EÐ ljóst er að Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland og Konungsríkið Svíþjóð gerast aðilar að Evrópusambandinu en Konungsríkið Noregur hefur ekki tök á að fullgilda aðildarsáttmálann og verður því ekki aðili að Evrópusambandinu,

ÞAÐ EÐ nauðsynlegt er að gera tilteknar breytingar á framangreindum samningum milli EFTA-ríkjanna í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu,

ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

I. KAFLI
UM SAMNINGINN UM EFTIRLITSSTOFNUNINA OG DÓMSTÓLINN

Breytingar á samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

1. gr.

Samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn skal breytt í samræmi við 2.–10. gr. þessa samnings.

2. gr.

Í inngangsorðum skal fella niður vísanir til Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar sem samningsaðila.

3. gr.

Í stað b-liðar 1. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn komi eftirfarandi:

„hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg og, samkvæmt skilmálunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, Furstadæmið Liechtenstein.“

4. gr.

Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skulu skipa þrír eftirlitsfulltrúar sem skulu valdir á grundvelli hæfni sinnar og vera sannanlega óháðir.

Að undanskildum þeim aðstæðum sem tilgreindar eru í 3. mgr. 9. gr. skulu minnst tveir þessara þriggja fulltrúa vera ríkisborgarar EFTA-ríkjanna.“

5. gr.

Eftirfarandi ný 3. mgr. bætist við 9. gr.:

„Í því tilviki að einn fulltrúi, að áliti hinna tveggja fulltrúanna, er vanhæfur til að beita sér í tilteknu máli skulu hinir tveir fulltrúarnir koma sér saman um staðgengil hans sem valinn skal af lista sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna hafa komið sér saman um. Komist þeir ekki að samkomulagi skal forseti EFTA-dómstólsins velja þennan einstakling af listanum með hlutkesti. Að því er varðar fulltrúa sem valinn er með þessum hætti skulu reglurnar sem gilda um fastafulltrúa gilda að breyttu breytanda. Hvað sem öðru líður skal 2. mgr. 8. gr. og 10. gr. ekki gilda.

6. gr.

Eftirfarandi falli niður í 1. mgr. 15. gr.:

„Falli atkvæði jafnt hefur forseti hennar oddaatkvæði.“

7. gr.

Í stað 28. gr. komi eftirfarandi:

„28. gr.

EFTA-dómstólinn skipa þrír dómarar.“

8. gr.

Í stað 29. gr. komi eftirfarandi:

„29. gr.

Úrskurðir dómstólsins teljast einungis gildir ef allir dómarar hans taka þátt í umfjöllun.“

9. gr.

Í stað 2., 3. og 4. mgr. 30. gr. komi eftirfarandi:

„Dómara, sem láta eiga af störfum, má endurskipa.

Dómararnir skulu kjósa forseta EFTA-dómstólsins úr eigin hópi til þriggja ára. Hann má endurskjósa.

Í því tilviki að einn dómaranna, að áliti hinna tveggja dómaranna, er vanhæfur til að dæma í tilteknu máli skulu hinir tveir dómararnir koma sér saman um staðgengil hans sem valinn skal af lista sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna hafa komið sér saman um. Komist þeir ekki að samkomulagi skal forseti dómstólsins velja þennan einstakling af listanum með hlutkesti. Að því er varðar dómara sem valinn er með þessum hætti skulu reglurnar sem gilda um fasta dómara gilda að breyttu breytanda. Hvað sem öðru líður skal 2. mgr. 4. gr. og 13. gr. bókunar 5 ekki gilda.“

10. gr.

Í bókun 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins skulu eftirfarandi breytingar gerðar:

1. 3. gr. falli niður.
2. Í stað 3. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„Skorið skal úr um þau vafamál sem upp koma við beitingu þessarar greinar samkvæmt 4. mgr. 30. gr. þessa samnings.“

Bráðabirgðaákvæði.

11. gr.

Þar til samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn öðlast gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein eða við lok sex mánaða tímabils frá gildistöku þessa samnings, eftir því hvor dagsetningin er á undan, skal einn fulltrúa eftirlitsstofnunar EFTA skipaður tímabundið með samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

12. gr.

Þar til samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn öðlast gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein gildir eftirfarandi um EFTA-dómstólinn:

a) Fastadómararnir tveir skulu skipa þriðja dómarann fyrir hvert mál og hann skal valinn af lista sem er tekinn saman með samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna. Komist þeir ekki að samkomulagi skal forseti velja þennan einstakling af listanum með hlutkesti. Valið skal fara fram strax og umsókn um upphafsmálsmeðferð hefur verið lögð fram.

b) Að því er varðar dómara, sem skipaður er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í málsgreininni hér að framan, skulu viðeigandi ákvæði bókunar 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins gilda að breyttu breytanda. Hvað sem öðru líður skal 2. mgr. 4. gr. og 13. gr. bókunar 5 ekki gilda um hann.

c) Þrátt fyrir 3. mgr. 30. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn skal forseti valinn með hlutkesti úr hópi dómaranna sem eru ekki skipaðir samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI
UM SAMNINGINN UM FASTANEFNDINA

13. gr.

Samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna skal breytt í samræmi við 14. og 15. gr. þessa samnings.

14. gr.

Í inngangsorðum skal fella niður vísanir til Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar sem samningsaðila.

15. gr.

Í stað b-liðar 2. mgr. 1. gr. samningsins um fastanefndina komi eftirfarandi:

„hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg og, samkvæmt skilmálunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um fastanefnd EFTA-ríkjanna, Furstadæmið Liechtenstein.“

III. KAFLI
UM SAMNINGINN UM ÞINGMANNANEFNDINA

16. gr.

Samningnum um þingmannanefndina skal breytt í samræmi við 17. og 18. gr. þessa samnings.

17. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þjóðþing EFTA-ríkjanna skulu hvert um sig tilnefna fulltrúa úr eigin röðum þingmanna til að sitja í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni sem kveðið er á um í 95. gr. EES-samningsins, í samræmi við eftirfarandi:

— frá Stórþingi Noregs 22 þingmenn; og

— frá Alþingi Íslendinga 11 þingmenn.

Þegar samningurinn um þingmannanefndina öðlast gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal fjöldi tilnefndra fulltrúa hvers þjóðþings vera:

— frá Stórþingi Noregs 20 þingmenn;

— frá Alþingi Íslendinga 10 þingmenn; og

— frá þjóðþingi Liechtenstein 3 þingmenn.“

18. gr.

Eftirfarandi málsliður bætist við 12. gr.:

„Verði aðeins tvö EFTA-ríki aðilar að þessum samningi skal málsmeðferð ákveðin með samhljóða samþykki samningsaðilanna.“

IV. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

19. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal gera þær breytingar á starfsreglum sínum sem teljast nauðsynlegar samkvæmt þessum samningi.

20. gr.

EFTA-dómstóllinn skal gera þær breytingar á starfsreglum sínum sem teljast nauðsynlegar samkvæmt þessum samningi. Nauðsynlegt er að breyttar starfsreglur hljóti samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

21. gr.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á ensku, íslensku og norsku og er hver þessara texta jafngildur.

Áður en samningarnir, sem þessi samningur breytir, ganga í gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skulu þær breytingar, sem á þeim verða gerðar, vera fullgiltar á þýsku.

22. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á sama degi og aðildarsáttmálinn tekur gildi. Hafi samningurinn ekki verið undirritaður fyrir þann dag skal hann ganga í gildi á undirskriftardegi.

Samningnum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Gjört í

Á fskj. II var birt ensk útgáfa samningsins um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna. Um hana er vísað til þingskjalsins (lausaskjalsins).

410. Lög [124. mál]

um breyting á lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 129.

411. Lög [175. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

1. gr.

5. gr. laganna hljóðar svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skal stjórn heildarsamtaka bænda skipa fjórtán menn í ráðið, þar af fjóra án tilnefningar og tíu sem eftirgreindir aðilar tilnefna: Landssamband kúabænda, sem tilnefnir tvo menn í ráðið, og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Landssamtök sláturleyfishafa, Félag eggjaframleiðenda, Félag hrossabænda, Félag kjúklingabænda, Landssamtök sauðfjárbænda, Samband garðyrkjubænda og Svínaræktarfélag Íslands, sem tilnefna hver um sig einn mann. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn mann í ráðið. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

Framleiðsluráð skal skipað árlega við lok hvers reglulegs búnaðarþings. Ráðið kýs sér formann og varaformann til sama tíma. Þegar rætt er um málefni er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost á að sitja fund ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur ráðið falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

H.

Skipa skal í nýtt Framleiðsluráð skv. 5. gr. laganna að afstöðnu fyrsta þingi nýrra heildarsamtaka bænda. Skal nýskipað Framleiðsluráð taka þegar til starfa og fellur þá jafnframt niður umboð þeirra manna sem nú skipa ráðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

412. Lög [280. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 110/1992 og lög nr. 128/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 347.

413. Frumvarp til laga [128. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aclipen, Berglind Frances, starfsmaður í Reykjavík, f. 26. nóvember 1977 í Reykjavík.
2. Alcayde, Gorgonia, saumakona í Reykjavík, f. 9. desember 1969 á Filippseyjum.
3. Andreasen, Margrethe Thaagaard, meðferðarfulltrúi á Selfossi, f. 13. maí 1968 í Danmörku.
4. Á Mýrini, Hergeir Jóanes Sonny, trésmiður í Hafnarfirði, f. 18. júní 1944 í Færeyjum.
5. Baquiano, Hazel Ganada, húsmóðir í Kópavogi, f. 21. september 1973 á Filippseyjum.
6. Basalan, Bonifacia T., húsmóðir í Hveragerði, f. 6. desember 1965 á Filippseyjum.
7. Bellamine, Thami, fiskvinnslumaður í Reykjavík, f. 20. mars 1960 í Marokkó.
8. Berglind Ellen Pétursdóttir, nemi í Kópavogi, f. 10. janúar 1979 í Reykjavík.
9. Bjarni Bjarnason, nemi í Reykjavík, f. 15. apríl 1981 í Guatemala.
10. Cambray, Jean Vivien, hjúkrunarfræðingur á Akureyri, f. 13. maí 1956 í Englandi.
11. Chaophonkrang, Tim, fiskvinnslukona í Sandgerði, f. 15. janúar 1958 í Tælandi.
12. Charapova, Evguenia Midkhatovna, nemi í Reykjavík, f. 16. maí 1971 í Rússlandi.

13. Chimjaroen, Jarin, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. janúar 1950 í Tælandi.
14. Cuizon, Emelia Tagam Basalan, þerna í Reykjavík, f. 28. maí 1948 á Filippseyjum.
15. Daoud, Bassam, verkamaður í Reykjavík, f. 15. nóvember 1957 í Sýrlandi.
16. Dawe, Adrianne Gwennyth, ritari á Fáskrúðsfirði, f. 22. febrúar 1956 á Nýja-Sjálandi.
17. De Smidt, Angela Kirsten, leiðbeinandi í Hveragerði, f. 11. apríl 1962 í Suður-Afríku.
18. Duffield, Kirk Pétur, iðnnemi í Reykjavík, f. 30. mars 1962 í Englandi.
19. El-Mayass, Hanan Bassam, líffræðingur á Hvolsvelli, f. 16. desember 1960 í Líbanon.
20. Enos, James Paul, líffræðingur í Reykjavík, f. 12. febrúar 1964 í Bandaríkjunum.
21. Ferrer, Carlos Aristides, sóknarprestur á Kolfreyjustað, f. 2. mars 1961 í Þýskalandi.
22. Gerber, Nicola Inga, starfsmaður í Reykjavík, f. 20. október 1972 í Skotlandi.
23. Gray, Ian William, fiskvinnslumaður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1970 í Skotlandi.
24. Guido, Beatrice Margret, baðvörður í Reykjavík, f. 19. október 1957 í Frakklandi.
25. Guiver, Gareth Samuel James, verkamaður í Bolungarvík, f. 25. september 1972 í Englandi.
26. Hall, Steven Leo, verkamaður í Reykjavík, f. 22. desember 1952 í Bandaríkjunum.
27. Hampshire, Judith Ann, ritari í Garðabæ, f. 16. mars 1941 í Englandi.
28. Hansen, Inge Miriam, sjúkraliði á Akureyri, f. 12. maí 1949 í Danmörku.
29. Hansen, Jóhanna Björg, verkfræðingur í Mosfellsbæ, f. 12. nóvember 1966 í Reykjavík.
30. Hansen, Sigurður Böðvar, nemi í Mosfellsbæ, f. 8. október 1969 í Reykjavík.
31. Herrera de Ólafsson, Elvira, ekkja í Reykjavík, f. 23. janúar 1923 í Kólumbíu.
32. Higuerey, Maria Eugenia, nemi í Reykjavík, f. 26. nóvember 1969 í Venesúela.
33. Holm, Jónína Daniella, húsmóðir í Garði, f. 9. desember 1961 í Reykjavík.
34. Huiphimai, Lanthom, verkakona í Reykjavík, f. 25. nóvember 1964 í Tælandi.
35. Hulda Dagmar Þórðardóttir Kentta, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. október 1912 í Hafnarfirði.
36. Hurrin, Lynette Gréta, nemi í Reykjavík, f. 8. janúar 1976 í Bandaríkjunum.
37. Huynh, Thien Kien, nemi í Reykjavík, f. 3. mars 1976 í Víetnam.
38. Jakob Jónsson, sölumaður á Ísafirði, f. 20. ágúst 1964 á Akureyri.
39. Jessen, Greta, nemi í Reykjavík, f. 30. ágúst 1973 í Kaupmannahöfn.
40. Jórunn Bjarnadóttir, nemi í Reykjavík, f. 2. október 1979 í Guatemala.
41. Lemke, Manfred, kennari í Ljósavatnshreppi, f. 31. desember 1959 í Sviss.
42. Lisowska, Jadwiga, verkakona í Reykjavík, f. 29. janúar 1952 í Póllandi.
43. Madrazo, Lea Mendoza, verslunarmaður í Þorlákshöfn, f. 17. september 1964 á Filippseyjum.
44. Malana, Chona G., húsmóðir í Reykjavík, f. 17. apríl 1964 á Filippseyjum.
45. Mangubat, Nora Valeriano, verkakona í Vogum, f. 17. febrúar 1953 á Filippseyjum.
46. Mía Björk Jónsdóttir, barn í Reykjavík, f. 10. febrúar 1985 í Danmörku.
47. Niddam, Daniel, sölumaður í Reykjavík, f. 13. febrúar 1964 í Marokkó.
48. Ocampo, Nenette Mabitad, verkakona á Dalvík, f. 15. maí 1966 á Filippseyjum.
49. Pedersen, Violet Estrada, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. apríl 1939 í Bandaríkjunum.
50. Porter, Kristín Birna, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. janúar 1962 í Reykjavík.

51. Ricart, Philippe René Paul Noel, handverksmaður á Akranesi, f. 24. desember 1952 í Alsír.
52. Rosento, María Nieves Chavez, starfsmaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1959 á Filippseyjum.
53. Róbertsson, Paola Daziani, kennari á Selfossi, f. 19. júlí 1963 á Ítalíu.
54. Scime, Dean Julian, verkamaður á Vopnafirði, f. 16. janúar 1961 í Englandi.
55. Seedom, Sinthu, verkakona á Ísafirði, f. 10. júní 1964 í Tælandi.
56. Sepulveda Benner, Chyntia Viviana, verslunarmaður á Hellu, f. 31. janúar 1968 í Chile.
57. Shamsudin, Ashiqhusein Najmudin, vélstjóri í Reykjavík, f. 9. nóvember 1974 í Tansaníu.
58. Shamsudin, Husnabanu Ashiqhusein Najmudin, verkakona í Reykjavík, f. 13. febrúar 1952 í Tansaníu.
59. Shamsudin, Salim Ashiqhusein Najmudin, verkamaður í Reykjavík, f. 15. apríl 1972 í Tansaníu.
60. Shedan Sanchez, Nina Veronica, sjúkraliðanemi í Kópavogi, f. 24. febrúar 1959 í Perú.
61. Sigurður Smári Hergeirsson, nemi í Hafnarfirði, f. 22. maí 1969 í Reykjavík.
62. Sirimekha, Malee, gangastúlka í Hafnarfirði, f. 10. júní 1965 í Tælandi.
63. Sleight, Þórunn Patricia, kennari á Skógum, f. 31. júlí 1954 í Bandaríkjunum.
64. Smart, Sarra, nemi í Reykjavík, f. 3. febrúar 1974 á Englandi.
65. Sonnentag, Irmgard Martha, verslunarmaður í Reykjavík, f. 9. desember 1940 í Þýskalandi.
66. Spyratou, Despina-Depy, verslunarmaður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1953 í Kenýa.
67. Stissi, Anthony John, verkamaður í Sandgerði, f. 13. júlí 1971 í Bandaríkjunum.
68. Svanhvít Egilsdóttir, söngkennari í Hafnarfirði, f. 10. ágúst 1914 í Hafnarfirði.
69. Tangolamos, Catalina, saumakona í Reykjavík, f. 25. nóvember 1964 á Filippseyjum.
70. Tangolamos, Elsie C., verkakona í Reykjavík, f. 27. janúar 1952 á Filippseyjum.
71. Turin, Bozena Teresa, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 29. maí 1971 í Póllandi.
72. Valiente, Rodita Rufina Ganeda, verkakona í Keflavík, f. 28. júní 1946 á Filippseyjum.
73. Van Schalkwyk, Hilda Charlotte, rithöfundur í Eyjafirði, f. 9. maí 1968 í Suður-Afríku.
74. Vokes, Atli Marel, verkamaður á Selfossi, f. 1. október 1975 á Selfossi.
75. Zardovic, Snezana, húsmóðir í Mývatnssveit, f. 2. janúar 1970 í Júgóslavíu.
76. Þóra Vikar Guðmundsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1976 í Suður-Kóreu.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

414. Fyrirspurn [305. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd reglna er lúta að siglingamálum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað líður framkvæmd eftirtalinna reglna og samþykkta:
   a. reglna um lyfjakistur í íslenskum fiskiskipum og þjálfun skipstjórnarmanna þar að lútandi (ESB 92/29),
   b. reglna um aðbúnað og hollustuhætti í vistarverum íslenskra fiskiskipa (með tilliti til ESB-reglna),
   c. svokallaðrar STCW-samþykktar sem lýtur að öryggi sæfarenda, sbr. lög nr. 47/1987,
   d. samþykktar um hafnareftirlit (Port State),
   e. reglna eða reglugerða um viðurkenningu á starfsemi alþjóðaflokkunarfélaga hér á landi?
2. Í hvaða farvegi er sá hluti EES-samningsins er varðar skip og siglingar? Er af hálfu samgönguráðuneytis fylgst með framvindu væntanlegra tilskipana er lúta að siglingamálum með það í huga að tryggja eftir föngum íslenska hagsmuni?

Skriflegt svar óskast.

415. Frumvarp til laga [73. mál]

um ársreikninga.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu. Enn fremur gilda lögin um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, sbr. 2. gr. Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda geri þau jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar en lög þessi.

Í lögum þessum merkir:

1. *félag*: fyrirtæki skv. 1. mgr. sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt lögum þessum;
2. *félagsaðili*: hluthafa í hlutafélagi og eiganda eignarhluta í öðru félagi sem lög þessi taka til;
3. *eignarhluti*: hlutdeild félagsaðila í eigin fé félags sem lög þessi taka til;

4. *hlutdeildarfélag*: félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á; félag er talið hafa veruleg áhrif ef það og dótturfélög þess fara með 20% eða meira af atkvæðum í hlutdeildarfélaginu;
5. *móðurfélag*: félag sem á beinan eða óbeinan hátt á svo mikinn hluta eigin fjár í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í því eða það hefur vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess;
6. *dótturfélag*: félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 5. tölul.;
7. *félagasamstæða*: móðurfélag og dótturfélög þess;
8. *samstæðureikningur*: reikningsskil þar sem reikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt;
9. *félagaskrá*: hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra.

Þegar talið er saman atkvæðamagn félags í öðru félagi skal bæði telja atkvæði sem félagið sjálft fer með og atkvæði dótturfélaga þess hlutfallslega.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, skulu ekki taldir með þegar talin eru saman atkvæði félags í dóttur- eða hlutdeildarfélögum.

2. gr.

Lög þessi gilda um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr.

Enn fremur gilda lög þessi um sameignarfélög, og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:

1. eignir nema samtals a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Ef félag skv. 2. mgr., sem uppfyllt hefur ofangreind skilyrði, gerir það ekki lengur tvö ár í röð er því ekki skylt að fara að ákvæðum laga þessara.

Sameignarfélögum og samlagsfélögum, sem um ræðir í 1. mgr., er ekki skylt að semja ársreikninga ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðilanna.

Gerð ársreikninga.

3. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu á hverju reikningsári semja ársreikning og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Í félögum, sem hafa ekki formlega stjórn, hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Í móðurfélögum skal enn fremur semja samstæðureikning er skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og eftir atvikum samstæðureikninginn. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal lagður fram í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

4. gr.

Hafi verðbréf félags ekki verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-ríki) þarf félagið ekki að semja samstæðureikning ef:

1. það er dótturfélag;
2. ársreikningur þess og allra dótturfélaga þess er hluti af samstæðureikningi móðurfélags sem lýtur löggjöf EES-ríkis;
3. stjórn félagsins hefur ekki sex mánuðum fyrir lok reikningsárs borist krafa frá félagsaðilum, sem eiga a.m.k. 10% af eigin fé félagsins, um að láta semja samstæðureikning;
4. félagið sendir félagaskrá ársreikning sinn ásamt samstæðureikningi, sbr. 2. tölul., svo og upplýsingar sem greinir í 1. málsl. 2. mgr. og
5. félagið gerir grein fyrir því í skýringum í ársreikningi að með stoð í þessari grein hafi það ekki samið samstæðureikning og skýrir frá nafni og lögheimili móðurfélagsins, sbr. 2. tölul.

Félagaskrá getur krafist þess að látnar verði í té sams konar upplýsingar um samstæðureikninga sem tilgreindir eru í 2. tölul. 1. mgr. og hefðu átt að fylgja samstæðureikningi félagsins sjálfs samkvæmt lögum þessum. Félagaskrá getur enn fremur krafist íslenskrar þýðingar á samstæðureikningnum.

5. gr.

Halda má dótturfélagi utan samstæðureiknings ef:

1. það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag félagasamstæðunnar vegna smæðar þess;
2. stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hindranir eru á að félag geti nýtt eignarhluta sinn í dótturfélaginu eða haft áhrif á stjórnun þess;
3. ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar; eða
4. eignarhluti í því er eingöngu ætlaður til endursölu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. skulu félög, sem hvert um sig hafa óverulega þýðingu, innifalin í samstæðureikningi ef þau hafa verulega þýðingu samanlagt.

Ef starfsemi dótturfélags er svo ólík starfsemi móðurfélags að það gæfi villandi mynd af félagasamstæðunni að innifela það í samstæðureikningi skal halda því utan við hann. Eignarhluti móðurfélagsins í dótturfélaginu skal þá færður til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Sé dótturfélagi haldið utan samstæðureiknings skv. 1. eða 3. mgr. skal gerð grein fyrir því í skýringum.

6. gr.

Móðurfélag þarf ekki að semja samstæðureikning ef hvorki verðbréf þess né dótturfélaga þess hafa verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki og félagasamstæðan fer ekki fram úr tveimur af eftirfarandi stærðum á reikningsskiladegi:

1. eignir nema a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 50.

Heimildin til að beita ákvæði 1. mgr. breytist því aðeins að félagasamstæðan hafi farið fram úr eða fari ekki lengur fram úr tveimur af stærðunum þremur tvö reikningsár í röð.

7. gr.

Ef félag, sem skv. 4. eða 6. gr. þarf ekki að semja samstæðureikning, semur samt slíkan reikning skal það gert samkvæmt ákvæðum laga þessara um samstæðureikninga að undanskilinni 69. gr.

8. gr.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

9. gr.

Ársreikningar og samstæðureikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess.

Ef ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja nægja ekki til að gefa glögga mynd af rekstrarafkomu og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

10. gr.

Efnahagsreikning og rekstrarreikning skal setja upp með kerfisbundnum hætti. Fjármálaráðherra setur reglur um uppsetningu efnahagsreikninga og rekstrarreikninga.

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

Víkja má frá ákvæðum laga þessara um uppsetningu efnahagsreiknings eða rekstrarreiknings ef þau leiða til þess að ársreikningur eða samstæðureikningur gefur villandi eða óskýra mynd af rekstrarafkomu eða efnahag félags eða félagasamstæðu.

11. gr.

Í ársreikningum og samstæðureikningum, sem samdir eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

Ef getið er tölulegra upplýsinga í ársreikningum eða samstæðureikningum í annarri mynt en hinni upphaflegu skal það gert á því gengi sem við átti á reikningsskiladegi. Tilgreina skal það gengi sem við er miðað.

12. gr.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

II. KAFLI
Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur.

13. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir. Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

14. gr.

Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddan kostnað. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, skal færa til eignar í efnahagsreikningi. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

15. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

16. gr.

Færa skal til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga sem varða reikningsárið eða fyrri ár, og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu.

Skuldbindingum skv. 1. mgr. má eigi jafna á móti eignum og skulu þær ekki nema hærri fjárhæðum en nauðsynlegt er talið.

17. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningi eða skýringum með honum.

18. gr.

Hrein velta samanstendur af tekjum af sölu á vörum og þjónustu í reglulegri starfsemi, að frádregnum afslætti og sköttum sem tengjast sölunni beint.

19. gr.

Tekjur og gjöld, sem tengjast ekki reglulegri starfsemi, skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi og greina frá eðli þeirra í skýringum nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Sama á við um tekjur og gjöld sem varða önnur reikningsár.

III. KAFLI
Matsreglur.

20. gr.

Eftirfarandi almennar reglur eiga við um einstaka liði ársreiknings:

1. Gera skal ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram.
2. Matsaðferðum skal beitt með hliðstæðum hætti frá ári til árs.
3. Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a:
   a. aðeins tekjufæra hagnað sem áunninn er fyrir lok reikningsárs;
   b. taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og tapa sem myndast kunna á reikningsárinu eða vegna fyrri reikningsára, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn og
   c. gjaldfæra alla verðmætisrýrnun hvort heldur sem hagnaður eða tap er á rekstrinum.
4. Tekjur og gjöld, sem varða reikningsárið, skal færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er.
5. Einstaka þætti eigna- og skuldaliða skal meta til verðs hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum 1. mgr. Skal þá geta um frávikin í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður þeirra, svo og mat á áhrifum þeirra á eignir og skuldir, tekjur og gjöld.

21. gr.

Ef vikið er frá 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal hinni nýju aðferð beitt við allt það reikningsár þegar breytingin var gerð. Í skýringum skal geta um heildaráhrif breytingarinnar á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins ef breytingin er veruleg.

22. gr.

Fastafjármuni skal eigi meta til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Framleiðslukostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kostnaðarverði hráefnis og hjálparefna, svo og vinnuafls að viðbættum kostnaðarauka sem beint eða óbeint leiðir af framleiðslu fjármunanna. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem óbeint tengjast framleiðslunni enda hafi þau fallið til á framleiðslutímanum.

Til kostnaðarverðs má enn fremur telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagna kaup eða framleiðslu varanlegra rekstrarfjármuna á framleiðslutímanum. Ef fjármagnskostnaður er talinn til kostnaðarverðs skal greint frá því í skýringum.

Eignarleigusamningar skulu í samræmi við samningsákvæði og góða reikningsskilavenju færðir í efnahagsreikning ef þeir nema verulegum fjárhæðum.

23. gr.

Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef þessir fjármunir eru endurmetnir samkvæmt ákvæðum 25. gr. ber að reikna afskriftir af framreiknuðu kostnaðarverði þeirra eins og það er á hverjum tíma.

24. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 22. eða 23. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Niðurfærslur samkvæmt þessari grein skulu færðar í rekstrarreikning. Ef eignir hafa verið færðar niður skv. 1. eða 2. mgr. og ástæður verðlækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs.

Matsbreytingar skv. 1.–2. mgr. skal færa í rekstrarreikning. Ef þær eru ekki sérgreindar í rekstrarreikningnum skal gera grein fyrir þeim í skýringum, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.

25. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag félaga með eftirtöldum aðferðum:

a. Heimilt er að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu. Slíkar leiðréttingar skulu bæði taka til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings.
b. Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Endurmatsreikningi, sem myndaður er skv. a-lið 1. mgr., má aðeins ráðstafa með eftirfarandi hætti:

a. til hækkunar á hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa;
b. til að verðbæta lögbundinn varasjóð, að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarbréfum;
c. til að verðbæta annað eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar;
d. nú nemur endurmatsreikningur hærri eða lægri fjárhæð en framreikningi á innborguðu eigin fé í samræmi við almennar verðlagsbreytingar og er þá heimilt að færa mismuninn á annað eigið fé;
e. nú er endurmatsreikningur neikvæður í lok reikningsárs og er þá heimilt að jafna hann á móti öðru eigin fé.

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. b-lið 1. mgr., má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

26. gr.

Veltufjármuni skal ekki færa til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra.

Kostnaðarverð veltufjármuna samanstendur af kaupverði og þeim kostnaði sem tengist beint öflun þeirra. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem tengjast öfluninni óbeint enda hafi útgjöldin fallið til á sama tímabili og eignanna var aflað eða þær voru framleiddar.

27. gr.

Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð. Vörubirgðir skulu þó aldrei metnar við hærra verði en dagverði.

Ef vörubirgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum.

Um framleiðslukostnaðarverð vörubirgða gilda hliðstæðar reglur og getur í 3. mgr. 22. gr. Dreifingarkostnað má ekki telja til framleiðslukostnaðar vörubirgða.

28. gr.

Skammtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að þær muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Ákvæði 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 24. gr. gilda um þetta eftir því sem við á.

29. gr.

Verðbréf, sem eru ekki ætluð til varanlegrar eignar og skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, er heimilt meta við síðasta skráða kaupgengi þrátt fyrir ákvæði 26. gr.

Tilgreina skal í skýringum ef þessu ákvæði er beitt.

30. gr.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun hlutafjár má ekki færa til eignar.

31. gr.

Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda, rannsókna eða þróunar er ekki gjaldfærður strax skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á tilteknu tímabili, þó ekki á lengri tíma en fimm árum.

Afskriftatímann má þó lengja fram yfir fimm ár enda sé hann ekki lengri en nýtingartími viðkomandi eignar. Gera skal grein fyrir ástæðum þessa í skýringum.

32. gr.

Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum má færa í efnahagsreikning og skal þá gerð grein fyrir þeim þar eða í skýringum.

Afföllin skulu færð til gjalda eða til tekna með reglubundnum hætti á lánstímanum.

33. gr.

Óverulegar birgðir af rekstrarvörum, hráefnum eða hjálparefnum má eignfæra með fastri fjárhæð enda breytist þær ekki umtalsvert að magni, samsetningu eða verðgildi.

34. gr.

Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.

35. gr.

Í stað þess að færa eignarhluta sinn í dótturfélagi til eignar við kostnaðarverði í samræmi við ákvæði þessa kafla getur móðurfélag fært eignarhlutann samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé dótturfélagsins. Mismunur á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeildar í eigin fé dótturfélagsins á kaupdegi hins vegar skal enn fremur hafa áhrif á bókfært verð fjárfestingar í dótturfélaginu.

Einnig er heimilt að beita hlutdeildaraðferð við eignfærslu á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum.

IV. KAFLI
Skýringar.

36. gr.

Í skýringum í ársreikningi eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings, skal a.m.k. veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 37.–51. gr., auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

37. gr.

Veita skal upplýsingar um mat á einstökum liðum ársreiknings, þar á meðal þær aðferðir sem beitt er við endurmat og afskriftir fastafjármuna. Ef fjárhæðir í ársreikningi eru byggðar á erlendum gjaldmiðli á reikningsskiladegi skal tilgreina það gengi sem við er miðað.

38. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarfélaga. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra fyrir sig og eigin fjár þeirra samtals, svo og rekstrarárangurs síðasta reikningsárs. Ekki er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu eða þær geta valdið félaginu verulegu tjóni enda sé ástæðunnar getið.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um upplýsingar um eigið fé og rekstrarárangur dóttur- og hlutdeildarfélaga ef:

1. hlutdeildarfélag birtir ekki ársreikning sinn og hlutur félagsins í eigin fé þess er minni en 50%;
2. reikningsskil dótturfélags eru hluti af samstæðureikningi félagsins eða
3. félagið metur eignarhluta sína samkvæmt hlutdeildaraðferð, sbr. 35. gr.

39. gr.

Í skýringum skal tilgreina nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð sem félagið er aðili að. Ekki þarf að gefa þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. gilda einnig eftir því sem við á.

40. gr.

Ef eignarhlutum í félagi er skipt í flokka skal sérgreina þá og tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra eða bókfært verð ef nafnverð er ekki fyrir hendi. Í hlutafélögum skal ávallt tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra.

41. gr.

Hafi félagið tekið skuldabréfalán er veitir lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns, skiptihlutfall og frest þann sem veittur hefur verið til breytingar í hluti.

Hafi skuldabréfalán með rétti til vaxta verið tekið og vaxtakjörin ráðast að nokkru eða öllu leyti af rekstrarárangri félagsins skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns og hina umsömdu ávöxtun.

Sams konar upplýsingar skal veita um hlutdeildarskírteini og önnur sambærileg réttindi eftir því sem við á, m.a. um fjölda þeirra.

42. gr.

Veita skal upplýsingar um þann hluta skulda sem fellur árlega til greiðslu á næstu fimm árum frá lokum reikningsárs annars vegar og hins vegar vegna þess hluta sem fellur til greiðslu síðar.

Hafi félag sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna, sundurliðað eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu félagasamstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.

Veita skal upplýsingar um heildarfjárhæðir lífeyris-, ábyrgðar- og tryggingarskuldbindinga, seld viðskiptabréf og aðrar fjárskuldbindingar sem eru ekki tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi félagið gert leigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega. Skuldbindingar gagnvart móðurfélagi og dótturfélögum þess skal tilgreina sérstaklega.

43. gr.

Tilgreina skal fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við gagnvart einstaklingum, nátengdum þeim sem þar eru taldir.

44. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat. Sama á við um vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

45. gr.

Ef hluti af áætluðum hagnaði af langtímaverkefni er innleystur áður en því er að fullu lokið skal þess getið í skýringum og gerð grein fyrir matsreglum. Ef hagnaður af slíku verkefni er ekki tekjufærður fyrr en við verklok skal gera grein fyrir því í skýringum.

46. gr.

Upplýsa skal um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum ef þessir þættir og svæði hafa veruleg áhrif í rekstri félagsins.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um félög sem falla undir 1. mgr. 77. gr. Þá má sleppa þessum upplýsingum ef þær geta valdið viðkomandi félagi verulegu tjóni enda sé þess getið í skýringum.

47. gr.

Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á árinu og eigna í lok þess.

Upplýsa skal um skattaleg áhrif af óreglulegum rekstrarliðum.

Upplýsa skal um frestaða skattskuldbindingu vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar og þeim sköttum sem álagðir eru vegna sömu ára hins vegar nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu. Einnig má tilfæra fjárhæðina sem sérstakan skuldalið í efnahagsreikningi.

Leiði sala á eignum félags við bókfærðu verði til skattlagningar umfram þá fjárhæð sem tilgreind er í 3. mgr. skal greina frá því ef fjárhæðin er veruleg.

Upplýsingar skv. 3. og 4. mgr. skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir.

48. gr.

Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir.

49. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skal veita um eign félags á eigin hlutum:

1. fjölda og nafnverð eigin hluta, svo og hlutfall þeirra af heildarhlutum;
2. fjölda og nafnverð eigin hluta sem hafa verið keyptir eða seldir á reikningsárinu, svo og kaup- og söluverð þeirra og
3. ástæður þess að félagið eignaðist eigin hluti á reikningsárinu.

Sömu upplýsingarnar og taldar eru í 1. mgr. skal veita ef tekið hefur verið veð í eigin hlutum.

Sömu upplýsingar og getið er í 1. og 2. mgr. skal veita um hluti í félagi sem dótturfélag þess hefur eignast eða látið af hendi á reikningsárinu.

50. gr.

Sundurliða skal breytingar á eigin fé félags á reikningsárinu.

51. gr.

Ef félag er dótturfélag skal greina frá nafni og heimili móðurfélags þess og enn fremur hvar afla má samstæðureiknings félaganna.

V. KAFLI
Skýrsla stjórnar.

52. gr.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið. Ef veruleg óvissa ríkir um einstaka liði í ársreikningi eða ársreikninginn í heild skal veita upplýsingar um slíkt.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.

Í félögum, sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, skal enn fremur gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega, ásamt skýringum á helstu frávikum.

Í hlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár félagsins í lok ársins. Ef atkvæðagildi hluta er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 10% allra atkvæða í félaginu. Við útreikning þennan telst félagasamstæða einn aðili.

Í samvinnufélögum, sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um fjölda félagsaðila í upphafi og lok reikningsárs og fjölda eigenda að B-hluta stofnsjóðs ef stofnsjóður samvinnufélaga er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er mismunandi skal það skýrt.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um félagasamstæðuna í heild.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur fjallað um eftir því sem við á:

1. mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins;
2. framtíðarhorfur félagsins;
3. rannsóknar- og þróunarstarfsemi og
4. útibú félagsins erlendis ef einhver eru.

VI. KAFLI
Samstæðureikningar.

53. gr.

Í samstæðureikningi skal gera grein fyrir samanlögðum eignum og skuldum, tekjum og gjöldum félagasamstæðu í heild. Við gerð reikningsins skulu eftirfarandi liðir falla niður:

1. kröfur og skuldir félaga innan samstæðunnar gagnvart öðrum félögum innan hennar;
2. tekjur og gjöld af gagnkvæmum viðskiptum félaga innan samstæðunnar og
3. óinnleystur hagnaður eða tap af þeim viðskiptum.

54. gr.

Samstæðureikning skal setja upp á skýran hátt í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Samstæðureikningur skal settur þannig fram að samkynja tekjur og gjöld, eignir og skuldir séu lagðar saman.

Í samstæðureikningi skal fella niður fjárfestingu móðurfélags í dótturfélögum á móti hlutfallslegri eign móðurfélagsins í eigin fé þeirra. Hlutdeild eigenda minni hluta í eigin fé dótturfélaga skal birta sem sérstakan lið meðal skulda samstæðunnar nema fjárhæðin sé óveruleg.

55. gr.

Í samstæðureikningi skal mat á sambærilegum eignum og skuldum vera með samræmdum hætti.

Í samstæðureikningi skal meta eignarhluta samstæðunnar í hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð nema eignarhlutarnir hafi óverulega þýðingu.

56. gr.

Nú rekur félag innan samstæðu starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og er þá heimilt að innifela hlutdeild samstæðunnar í samrekstrinum í samstæðureikningi. Eignir og skuldir, tekjur og gjöld hins sameiginlega rekstrar skulu þá tekin inn í samstæðureikninginn í hlutfalli við aðild samstæðunnar að rekstrinum.

VII. KAFLI
Endurskoðun.

57. gr.

Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins eða félag endurskoðenda. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur, skoðunarmenn eða félag endurskoðenda.

Þegar félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á aðalfundi þar sem kjósa skal endurskoðendur, félag endurskoðenda eða skoðunarmenn, krefjast þess skal stjórn félagsins beina þeim tilmælum til viðkomandi félagaskrár að hún tilnefni endurskoðanda til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með þeim sem kjörnir eru fram til næsta aðalfundar. Telji félagaskráin ástæðu til að verða við þessari ósk skal hún tilnefna endurskoðanda til starfans. Þóknun til hans skal félagið greiða.

58. gr.

Af þeim aðilum, sem kosnir eru til endurskoðunarstarfa, skal a.m.k. einn vera heimilisfastur hér á landi. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki.

Skoðunarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

59. gr.

Í félögum, þar sem bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið eigið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur á ári eru a.m.k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ársmenn) eru fleiri en 50, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda. Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma. Annars skal við það miðað að skuld-

ir og bundið eigið fé hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningum tveggja síðastliðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 50 tvö síðastliðin reikningsár.

Félög, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Í félögum, þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Samvinnufélög, er hafa B-deild stofnsjóðs, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á fundi þar sem kjósa skal endurskoðendur eða skoðunarmenn, geta á fundinum krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi.

60. gr.

Kjósa skal a.m.k. einn af endurskoðendum eða skoðunarmönnum móðurfélags til að gegna sams konar starfa fyrir dótturfélag ef þess er nokkur kostur.

Ekki má kjósa neinn þann til endurskoðunarstarfa fyrir dótturfélag sem væri ekki hæfur til að gegna sama starfi fyrir móðurfélag.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður má hvorki vera skuldugur félaginu eða félögum innan sömu félagasamstæðu né njóta ábyrgða af hálfu þeirra.

61. gr.

Í samþykktum félaga skal kveða á um starfstíma endurskoðenda eða skoðunarmanna. Starfi þeirra lýkur við lok þess aðalfundar þegar kjósa skal þá að nýju. Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður verið kosinn til ótiltekins tíma lýkur starfi hans þegar annar hefur verið kosinn í hans stað. Nú lýkur starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns og skal þá tilkynna félagaskrá hvenær hann lætur af starfi. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þegar í stað senda tilkynningu um starfslok endurskoðanda til verðbréfaþingsins.

Endurskoðendur og skoðunarmenn geta hvenær sem er sagt af sér störfum. Þeir sem kusu þá geta einnig leyst þá frá störfum þótt starfstíma þeirra sé ekki lokið.

Ljúki starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns áður en kjörtímabili hans lýkur eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er í hans stað skal stjórn félagsins hlutast til um að nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður verði þegar í stað valinn. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal boða til fundar innan viku frá því að endurskoðandi sagði starfi sínu lausu eða var leystur frá störfum þar sem kjósa skal annan endurskoðanda.

Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður sagt starfi sínu lausu eða verið leystur frá störfum skal hann veita þeim er kosinn er í hans stað upplýsingar um hverjar hann telur vera ástæður starfslokanna.

62. gr.

Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður er ekki valinn, kjör hans brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins eða hann uppfyllir ekki lengur hæfisskilyrði laganna skal félagaskrá tilnefna endurskoðanda eða skoðunarmann að ósk stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða félagsaðila.

Hafi félagsfundur ekki orðið við kröfu um að kjósa endurskoðanda skv. 4. mgr. 59. gr. tilnefnir félagaskrá endurskoðanda að ósk félagsmanns. Tilmælin skulu borin fram innan mánaðar frá því að félagsfundur var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda eða skoðunarmanns samkvæmt þessari grein gildir uns endurskoðandi eða skoðunarmaður hefur verið kosinn.

63. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Í móðurfélögum skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn verða þess varir að stjórnendur félags hafi í störfum sínum fyrir það ekki farið að lögum, þannig að það geti haft í för með sér ábyrgð fyrir þá eða félagið, eða brotið gegn félagssamþykktum skulu þeir gera aðalfundi grein fyrir því.

Ef kosinn er endurskoðandi eða endurskoðunarfélag jafnframt félagskjörnum skoðunarmönnum skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að endurskoðandinn annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við 1. mgr. en skoðunarmenn skulu fylgjast með því að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal verða við tilmælum félagsfundar um endurskoðunina ef þau eru ekki andstæð lögum, félagssamþykktum eða góðri endurskoðunarvenju.

64. gr.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu koma á framfæri við endurskoðendur eða skoðunarmenn þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu vegna endurskoðunarinnar. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum og skoðunarmönnum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðendur eða skoðunarmenn telja nauðsynlega vegna starfa síns. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

65. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og enn fremur samstæðureikning ef hann er saminn og skal áritunin fylgja ársreikningnum.

Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit endurskoðenda eða skoðunarmanna á því hvort ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga, samþykkta félagsins og góða reikningsskilavenju, svo og greinargerð um niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn telja að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem þar ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikninginn skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn vekja athygli á því í áritun sinni.

66. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur eða skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin skal varðveita gögn þessi á öruggan hátt.

67. gr.

Endurskoðendur og skoðunarmenn eiga rétt á að sitja félagsfundi. Þá skulu þeir sitja fundi ef félagsstjórn eða framkvæmdastjóri, einstakir stjórnarmenn eða félagsaðilar fara þess á leit. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu endurskoðendur sitja aðalfundi.

Á aðalfundi skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn svara fyrirspurnum um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað.

Enn fremur eiga endurskoðendur og skoðunarmenn rétt á að sitja stjórnarfundi þegar fjallað er um reikningsskil sem þeir hafa áritað. Þá skulu þeir sitja stjórnarfundi ef a.m.k. einn stjórnarmaður fer þess á leit.

68. gr.

Endurskoðendum, skoðunarmönnum og samstarfsmönnum þeirra er óheimilt að veita einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

VIII. KAFLI
Birting ársreiknings.

69. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Ársreikninga félaga, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þó senda þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal enn fremur senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 1. mgr. 6. gr., heimilt að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi og heldur ekki til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

70. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr., skal senda félagaskrá með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

71. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem tilgreind eru í 2. gr., skulu senda félagaskrá til-

kynningu um nafn, heimilisfang, félagsform og atvinnugrein sína samtímis því að þau senda henni í fyrsta sinn birtingarskyld gögn skv. 69. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem nýta sér undanþáguheimildir 75. eða 76. gr., skulu veita upplýsingar um nöfn og heimilisföng þeirra félaga sem semja ársreikninga þeirra eða innifela þá í samstæðureikningum sínum ef eftir því er leitað.

72. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Ef áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna er ekki fyrirvaralaus skal vakin athygli á því og ástæður þess tilgreindar.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild og skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritunin var ekki fyrirvaralaus og ástæður þess tilgreindar.

73. gr.

Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hjá félagaskrá, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til félagaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.

Reikningar, sem sendir eru félagaskrá skv. 1. mgr., skulu vera í sama formi og ber að birta þá samkvæmt gildandi reglum í heimaríki félagsins.

Ársreikninga fyrir erlent félag, sem lýtur löggjöf EES-ríkis, má senda félagaskrá óendurskoðaða ef slíkt samræmist löggjöf í heimaríki félagsins.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

74. gr.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikning sinn getur erlent dótturfélag, sem rekur útibú hér á landi og lýtur löggjöf annars EES-ríkis, sent félagaskrá samstæðureikning móðurfélags síns ef:

1. móðurfélagið lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. allir félagsaðilar hafa samþykkt þessa aðferð;
3. móðurfélagið ábyrgist skuldbindingar félagsins;
4. reikningar félagsins og dótturfélaga þess eru teknir með í samstæðureikningi móðurfélagsins í samræmi við ákvæði laga þessara um samstæðureikninga;
5. getið er um reikningsskilaaðferðir við gerð samstæðureikningsins og
6. samstæðureikningurinn ásamt skýrslu stjórnar og áritun endurskoðenda er sendur félagaskrá ásamt staðfestingu á því sem tilgreint eru í 2. og 3. tölul.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikninga sína geta önnur erlend félög sent henni samstæðureikning móðurfélaga sinna ef það samræmist þeirri löggjöf sem um þau gildir og

1. skilyrði 2., 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. eru uppfyllt og
2. félagaskrá telur að samstæðureikningarnir séu gerðir í samræmi við ákvæði laga þessara.

Tilkynning skv. 2. tölul. 1. mgr. skal send fyrir hvert reikningsár. Yfirlýsing um efni 3. tölul. 1. mgr. gildir uns hún hefur verið afturkölluð.

75. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef a.m.k. einn af félagsaðilum þess er heimilisfastur hér á landi, semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann og senda skránni ásamt sínum eigin ársreikningi.

Félag, sem um ræðir í 1. mgr. þar sem enginn félagsaðili er heimilisfastur hér á landi, þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef einhver félagsaðili þess:

1. lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar og
3. sendir félagaskrá ársreikninginn innan þeirra tímamarka, sem greinir í 1. mgr. 69. gr., ásamt sínum eigin ársreikningi eða opinbera staðfestingu á að ársreikningar félagsins hafi verið birtir í samræmi við löggjöfina sem nefnd er í 1. tölul.

Félagsaðili getur haft ársreikning skv. 1. mgr. sem hluta af eigin ársskýrslu.

76. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef hann er hluti af samstæðureikningi félagsaðila sem saminn er og endurskoðaður í samræmi við ákvæði laga þessara og sendur félagaskrá.

Ákvæði 1. mgr. eiga enn fremur við ef ársreikningur félags er hluti af samstæðureikningi móðurfélags þess félagsaðila sem ekki er skylt að senda félagaskrá samstæðureikning sinn, sbr. 4. gr.

Í samstæðureikningum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. skal geta þess í skýringum ef félag skv. 2. gr. sendir félagaskrá ekki ársreikning sinn.

Innan tímamarka 1. mgr. 69. gr. skal senda félagaskrá samstæðureikninga skv. 1. og 2. mgr. eða staðfestingu opinbers aðila á að ársreikningur hafi verið saminn og birtur í samræmi við ákvæði 1. mgr.

77. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög, sem á reikningsskiladegi fara ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent félagaskrá samandreginn rekstrarreikning, samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur:

1. eignir nema samtals 500 milljónum kr.;
2. rekstrartekjur nema samtals 1.000 milljónum kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

Heimildinni til þess að beita ákvæði 1. mgr. má aðeins breyta ef félag hefur á reikningsskiladegi farið fram úr eða fer ekki lengur fram úr tvennum af þeim mörkum, sem nefnd eru í 1. mgr., tvö reikningsár í röð.

78. gr.

Félagaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

IX. KAFLI
Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja.

79. gr.

Ráðherra skal skipa fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, annar af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, þriðji af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

80. gr.

Reikningsskilaráð skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað telst góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Reikningskilaráð skal árlega auglýsa í Lögbirtingablaðinu skrá yfir útgefnar reglur og álit.

Ráðið skal starfa í nánu samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

81. gr.

Ráðherra ákveður skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

82. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga, óstyttra og samandreginna, svo og um skil á þeim og birtingu þeirra.

Viðmiðunarmörkin í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. tölul. 6. gr., svo og 59. gr. og 77. gr., eru grunnfjárhæðir sem miðast við gengi í ECU 1. janúar 1995. Ráðherra er heimilt að breyta þessum fjárhæðum til samræmis við breytingar á 4. tilskipun ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi ECU.

83. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

84. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

85. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög:

a. Í stað orðsins „endurskoðendur“ í lok 6. gr. kemur: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
b. Í stað orðanna „skoðunarmanna (og endurskoðanda)“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.
c. 55.–76. gr. falla brott.
d. 2. mgr. 77. gr. orðast svo:

Ákvæði laga um ársreikninga, hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

416. Frumvarp til laga [72. mál]

um bókhald.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI
Bókhaldsskylda.

1. gr.

Eftirtaldir aðilar eru bókhaldsskyldir:

1. hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila;
2. samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu;
3. sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna;
4. bankar, sparisjóðir, verðbréfasjóðir og -fyrirtæki sem falla ekki undir aðra töluliði þessarar greinar;
5. hvers konar fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem stunda atvinnurekstur;
6. þrotabú og önnur bú sem eru undir skiptum ef þau stunda atvinnurekstur;
7. hvers konar önnur félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu;
8. hver sá einstaklingur sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Þegar tveir eða fleiri aðilar standa saman að afmörkuðum rekstri í tengslum við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að færa sameiginlegt bókhald um samreksturinn. Niðurstöður sameiginlega bókhaldsins skulu færðar sundurliðaðar á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers samrekstraraðila að réttri tiltölu svo oft sem þurfa þykir.

2. gr.

Þeir sem skyldir eru að færa bókhald skv. 1. gr. skulu halda tvíhliða bókhald, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafl við starfsemi sína en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði og stunda eftirtalda starfsemi:

1. útgerð á bátum undir 10 rúmlestum;
2. verkun sjávarafla ef meiri hluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
3. búrekstur ef meiri hluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
4. akstur leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstur vinnuvéla;
5. iðnað, þar með talda viðgerðarstarfsemi;
6. þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

Undanþegin skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru enn fremur félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 7. tölul. 1. gr., sem stunda ekki atvinnurekstur ef tekjur þeirra eru eingöngu framlög sem innheimt eru hjá félagsaðilum og ganga til greiðslu á sameiginlegum útgjöldum, þar með töldu aðkeyptu vinnuafli sem svarar til allt að einum starfsmanni að jafnaði.

Ef aðili er skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar skal það eiga við um allan atvinnurekstur hans.

Þeir bókhaldsskyldir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkvæmt þessari grein, skulu færa þær bækur sem greinir í 5. mgr. 10. gr.

4. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikninga í samræmi við lög, reglugerðir og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

5. gr.

Stjórnendur þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeir sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

II. KAFLI
Bókhald.
Almenn ákvæði um bókhald.

6. gr.

Bókhaldi skal haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir.

Bókhaldið skal með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfseminnar vera í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju eins og hún er á hverjum tíma, svo og ákvæði laga og reglugerða.

7. gr.

Tvíhliða bókhald skal skipuleggja með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfsemi.

Skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfis skal liggja fyrir og m.a. veita upplýsingar um tölvukerfi og tölvubúnað, tengsl við aðrar tölvur og hlutverk þeirra. Ef sjálfvirkri tölvuúrvinnslu er beitt í bókhaldi skal á sama hátt liggja fyrir lýsing á henni á þann hátt að unnt sé án erfiðleika að fylgja eftir og hafa eftirlit með meðferð hvers liðar. Reikningar bókhaldsins skulu sérstaklega tilgreindir og notkun þeirra greinilega afmörkuð, svo og lýsing á tekjuskráningu.

Bókhaldið skal þannig skipulagt að auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings. Jafnframt skal skipulag og stjórnun bókhaldsins við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og eðlilegt innra eftirlit. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og haft

er að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljótist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Ráðherra getur sett reglur um lágmarkskröfur sem gerðar eru til bókhaldskerfa fyrir tölvur og mælt fyrir um að þau skuli hljóta opinbera viðurkenningu áður en notkun þeirra er heimiluð.

8. gr.

Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, gíróseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.

Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, gíróseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.

Ávallt skal vera unnt að kalla fram og prenta þau skjöl sem liggja til grundvallar færslum í bókhaldi þegar um er að ræða sendingar milli tölva.

9. gr.

Í bókhaldi skal skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skulu skráð svo fljótt sem unnt er eftir að þau eiga sér stað.

Færslur, sem eingöngu byggjast á skjölum sem flutt eru milli tölvukerfa, skulu skráðar í bókhaldið jafntryggilega og aðrar færslur.

Færslur í bókhaldi skulu vera í skipulegri númeraröð, endurspegla að jafnaði rétta tímaröð viðskipta og annarra færslutilefna og gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa.

Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna og geyma skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu.

Bókhaldsbækur og reikningaskipan.

10. gr.

Bókhaldsbækur skulu færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, lausblaða- eða tölvukerfi.

Bókhald þeirra aðila, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, skal samanstanda af:

1. dagbók þar sem allar færslur koma fram í færsluröð;
2. hreyfingalista þar sem allar færslur dagbókar hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga, sbr. þó 6. mgr.;
3. aðalbók þar sem fram kemur staða hvers einstaks bókhaldsreiknings, sbr. 12. gr.;

4. ársreikningi, sbr. 22. gr.

Bækur skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. nefnast einu nafni fjárhagsbókhald.

Í bókhaldi aðila skv. 2. mgr. skulu vera eftir því sem við á:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. viðskiptamannabókhald, sbr. 15. gr.

Í bókhaldi þeirra aðila, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skv. 3. gr., skulu vera:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. sundurliðunarbók, sbr. 14. gr.;
3. ársreikningur, sbr. 22. gr.

Í handfærðu bókhaldi eru kröfur skv. 2. tölul. 2. mgr. uppfylltar með færslu á viðeigandi bókhaldsreikninga í dagbók, sbr. 1. tölul. 2. mgr. Heimilt er að sameina sjóðbók og dagbók sem nefnist þá sjóðsdagbók. Sjóðbók og sjóðsdagbók skulu vera fyrir fram innbundnar og blaðsíðurnar tölusettar en færi aðili bæði sjóðbók og sjóðsdagbók má hin síðarnefnda vera lausblaðabók. Í handfærðu bókhaldi skal aðalbók vera fyrir fram innbundin og blaðsíðurnar tölusettar og færa má ársreikninginn í aðalbókina.

Bókhaldsbækurnar skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

11. gr.

Að jafnaði skal haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Færa skal þá reikninga í bókhaldinu sem nauðsynlegt er til að eðlileg sundurliðun náist með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Í stað sundurliðunar á skylda reikninga er heimilt að halda einn eða fáa reikninga í fjárhagsbókhaldinu en sundurliða þá í sérstöku undirkerfi. Slík undirkerfi skulu tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran og öruggan hátt um tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi. Færslur, sem eiga uppruna sinn í slíkum undirkerfum, skulu færast í sérstaka dagbók og berast til fjárhagsbókhalds með reglubundnum og öruggum hætti. Við færslu í undirkerfi skal ætíð vísað til grunngagna.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal haga reikningaskipan þannig að nægilegt innra eftirlit skapist.

12. gr.

Í aðalbók skal koma fram staða hvers einstaks bókhaldsreiknings í lok hvers bókhaldstímabils í samræmi við hreyfingalista eða dagbók í handfærðu bókhaldi. Samtölur aðalbókar skulu hverju sinni innifela allar færslur sem fram að því hafa verið gerðar á reikningsárinu.

13. gr.

Í sjóðbók skal færa allar innborganir í sjóð og útborganir úr honum á þann hátt að auðvelt sé að bera saman sjóðseign og niðurstöðu sjóðbókar í lok starfsdags eða vinnulotu, allt eftir tegund starfsemi.

Hver greiðsla færist sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og færslu sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina og skal í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslum. Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

Falla má frá færslu í sjóðbók þegar fyrir liggur annað jafnöruggt skráningarkerfi innborgana og útborgana.

14. gr.

Þeir sem eru undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða viðskipti sín í sérstaka bók, sundurliðunarbók, þar sem hreyfingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum eru flokkaðar eftir tegundum. Heimilt er að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbóka bókhaldsins, þar með taldar samanlagðar niðurstöður af útgefnum reikningum á bókhaldstímabilinu. Í lok hvers bókhaldstímabils skal stemma hreyfingar á handbæru fé á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi krafna og ógreiddra reikninga við upphaf og lok bókhaldstímabilsins.

Niðurstöður sundurliðunarbókar skal vera unnt að rekja til ársreiknings.

15. gr.

Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Þó er heimilt að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga.

Ef notað er sérstakt viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhalds skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Viðskiptamannabókhald skal tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran hátt um sérstaka tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi.
2. Í viðskiptamannabókhaldi skal á hverjum tíma vera unnt að kalla fram stöðu viðskiptamannareikninga hvers um sig og í heild. Samtöluna skal vera unnt að rekja til tiltekinna reikninga í fjárhagsbókhaldi, sbr. 1. tölul.
3. Færslur á viðskiptamannareikninga skulu berast milli fjárhagsbókhalds og viðskiptamannabókhalds með reglulegum og öruggum hætti.
4. Þegar færslur eiga uppruna sinn í viðskiptamannabókhaldi skal færð dagbók um þær færslur með sama hætti og í fjárhagsbókhaldi.
5. Við færslur í viðskiptamannabókhald skal ætíð vísað til grunngagna.

16. gr.

Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram heiti, magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hverrar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu. Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita.

Þeir sem nota stöðugt birgðabókhald eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti.

Ef birgðir eru verðlagðar á söluverði skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvernig kostnaðarverð er reiknað.

17. gr.

Tekjuskráning bókhaldsskyldra aðila skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Öruggt kerfi í þessu sambandi teljast m.a. reikningar, afreikningar og gíróseðlar, enda séu þessi gögn í öruggu skipulegu númerakerfi, og sjóðvélar sem notaðar eru við sölu á vörum og þjónustu í smásölu, svo og önnur sambærileg og örugg kerfi til tekjuskráningar, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í öðrum lögum.

18. gr.

Sjóðbók, sjóðsdagbók og dagbók í handfærðu bókhaldi skal lokað reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Niðurstöður einstakra reikninga skulu þá færðar í aðalbók. Færslu í aðalbók skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers bókhaldstímabils.

Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða færslur sínar í sundurliðunarbók eftir því sem þörf er á og eigi sjaldnar en í lok reikningsárs.

Við gerð ársreikninga skal fara fram nákvæm og fullkomin lokun á öllum bókhaldsbókum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningi og í aðalbókinni.

Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna.

19. gr.

Fylgiskjöl með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bækurnar. Þau skulu geymd í samfelldri töluröð.

Hverjum bókhaldsskyldum aðila er skylt að geyma með skipulögðum hætti öll bréf, myndrit og skeyti er honum berast og hafa þýðingu í rekstri hans. Enn fremur skal halda eftir samritum af öllum þeim bréfum, myndritum og skeytum er hann sendir öðrum og hafa þýðingu í rekstri hans.

20. gr.

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveittar hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að prenta gögnin í upprunalegu formi eða yfirfæra á nýjan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár.

21. gr.

Allt, sem fært er í bækur eða á reikninga, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu letri. Eigi má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði læsileg að leiðréttingu lokinni.

Leiðrétting á rangri færslu skal gerð með sérstöku fylgiskjali þar sem fram komi hvaða færslu er verið að leiðrétta og hvers vegna.

III. KAFLI
Ársreikningur.

Reikningsár og undirritun.

22. gr.

Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar strangari kröfur í öðrum lögum. Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal undirritaður af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum skal hann undirrita reikninginn með árituðum fyrirvara. Koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Efnahagsreikningar og rekstrarreikningar.

23. gr.

Í efnahagsreikningi skal á kerfisbundinn hátt tilgreina eignir, skuldir og eigið fé hluthafa í lok reikningsársins. Reikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við góða reikningsskilavenju.

24. gr.

Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

Í ársreikningi skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

25. gr.

Tekjur skulu að jafnaði færðar í rekstrarreikning þess árs þegar til þeirra er unnið og gjöld þegar til þeirra er stofnað.

26. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað.

27. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningnum eða skýringum.

Mat eigna.

28. gr.

Í efnahagsreikningi ber að tilgreina peningalegar eignir og skuldir með þeirri fjárhæð er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Varanlegir rekstrarfjármunir skulu að jafnaði tilgreindir á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum. Sé frá þessu vikið skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði, sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim, fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Vörubirgðir má eigi telja til eignar á hærra verði en kostnaðarverði eða dagverði ef það er lægra. Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð.

Ef gerðar eru verulegar breytingar á mati eigna eða skulda frá síðasta efnahagsreikningi skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

29. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

Matsbreytingar samkvæmt þessari grein skal færa í rekstrarreikning.

30. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag starfseminnar í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

Skýringar.

31. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum á árinu;
2. opinbert mat á eignunum ef það liggur fyrir;
3. nafnverð eignarhluta í félögum;
4. hreyfingar á eiginfjárreikningum;
5. veðsetningu eigna og ábyrgðir;
6. önnur þau atriði sem máli skipta við mat á rekstri og efnahag og ekki koma annars staðar fram.

Skoðun reikninga.

32. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar, sem falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga, geta á aðalfundi eða félagsfundi kosið einn eða fleiri skoðunarmenn ársreikninga og varamenn þeirra. Skoðunarmenn geta verið úr hópi félagsmanna en mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

Skoðunarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Uppfylli skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ef félag kýs endurskoðanda í stað skoðunarmanns skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans.

33. gr.

Skoðunarmenn skulu hvenær sem er hafa aðgang að bókhaldi til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skal stjórn sjá til þess að skoðunarmenn fái þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem þeir álíta nauðsynleg.

34. gr.

Með áritun sinni á ársreikning skulu skoðunarmenn staðfesta að þeir hafi yfirfarið hann. Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum. Telji skoðunarmaður að svo hafi ekki verið skal hann árita ársreikninginn með viðeigandi athugasemdum.

Ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun skoðunarmanns telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

35. gr.

Skoðunarmenn eiga rétt á að sitja fundi þar sem fjallað er um ársreikninga.

Skoðunarmönnum er óheimilt að gefa einstökum félagsaðilum eða öðrum upplýsingar um hag félags.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um bókhaldsskyldu, undanþágu frá færslu tvíhliða bókhalds, skipulag bókhalds, bókhaldsgögn og notkun tölva við færslu bókhalds og geymslu gagna.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 51/1968, um bókhald, með síðari breytingum. Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

417. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera fjórar milljónir króna. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ECU). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal að jafnaði öðlast gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum hlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti hlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í 1. og 3. mgr. falla niður orðin „í öðru hlutafélagi“ en í staðinn komi: í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „í öðru félagi“ en í staðinn komi: í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi.
c. 4. mgr. orðast svo:

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá).
b. 2. mgr. orðast svo:

Stofnendur hlutafélags skulu vera tveir hið fæsta. Meiri hluti stofnenda skal hafa heimilisfesti hér á landi, eða helmingur sé tala stofnenda jöfn, nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

c. Við 3. mgr. bætast nýir málsliðir er verða 2.–4. málsl. og orðast svo: Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrrgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.
d. 4. mgr. orðast svo:

Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Í stofnsamningi skal ávallt greina:

1. Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda.
2. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
3. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
4. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda, svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr. að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
5. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað.

Í fyrstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 5. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 3. tölul. 1. mgr. fellur niður.
b. 4. tölul. verður 3. tölul.

c. A-liður 2. mgr. fellur niður en 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Í því sambandi skal m.a. greina nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir.
d. B-liður 2. mgr. fellur niður.
e. C-liður 2. mgr. fellur niður.
f. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu. Kröfur á hendur stofnendum eða þeim sem hafa skráð sig fyrir hlutum geta talist greiðsla.
g. 3. mgr. fellur niður.
h. Í stað orðanna „Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja“ í upphafi 4. mgr. kemur: Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði.

6. gr.

Á eftir 5. gr. laganna bætist við ný grein, 5. gr. a, er orðast svo:

Eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frá stofnendum eða öðrum skal sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi. Skýrslan skal geyma:

1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.
3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess ef það er síðar. Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess sem félagið yfirtekur hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Teljast reikningar þessir hluti sérfræðiskýrslunnar og skulu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Skýrslan skal gerð rétt fyrir stofnfund.

7. gr.

Á eftir 5. gr. a laganna bætist við ný grein, 5. gr. b, er orðast svo:

Sérfræðiskýrslan skal unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lagaákvæði um löggilta endurskoðendur gilda um sérfræðinga þá er skýrsluna semja eftir því sem við á.

Sérfræðingarnir hafa rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og geta krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.

8. gr.

Á eftir 5. gr. b laganna bætist við ný grein, 5. gr. c, er orðast svo:

Nú aflar félagið annarra fjárhagsverðmæta en þeirra sem greinir í 5. gr. a frá stofnanda eða hluthafa og þarf þá samþykki hluthafafundar ef:

1. Öflun verðmætanna fer fram á tímabilinu frá stofnsamningsdegi þar til liðið er eitt ár frá skráningu félagsins.
2. Endurgjaldið nemur a.m.k. 1/10 hlutafjárins.

Til afnota fyrir hluthafafund skal útbúin sérfræðiskýrsla í samræmi við ákvæði 5. gr. a. Stjórnin skal einnig láta taka saman skriflega greinargerð um öflun verðmætanna.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.

Greinargerðina um öflun verðmætanna og sérfræðiskýrsluna skal leggja fram og senda hluthöfum samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 71. gr. Skjölin skal einnig leggja fram á hluthafafundinum.

Eigi síðar en einum mánuði eftir að hluthafafundurinn hefur samþykkt öflun verðmætanna skal senda hlutafélagaskrá sérfræðiskýrsluna með áritun fundarstjóra á hluthafafundinum um það hvenær ráðstöfunin var samþykkt.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 6. tölul. kemur: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
b. Við bætist nýr töluliður, 13. tölul., er orðast svo: Ákvæði um fjölda framkvæmdastjóra séu þeir fleiri en þrír.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Gögn þau, sem um ræðir í 5. gr. a, skulu einnig fylgja áskriftarskrá.
b. Í stað „ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá.

11. gr.

Í stað orðanna „sem um ræðir í stofnsamningi“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem fylgja stofnsamningi.

12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. standi: er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili“.
b. Í 3. málsl. 2. mgr. standi: beinni aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar, í staðinn fyrir „aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar“.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá því að félagið var skráð.
b. Í stað „ráðherra“ í 2. og 3. málsl. kemur: hlutafélagaskrá.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár.
b. Í 2. og 3. málsl. standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í lok 1. mgr. standi: 115. gr., í staðinn fyrir „114. gr.“
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka, m.a. flokk án atkvæðisréttar.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í 2. málsl. standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf“.
b. Í 3. málsl. standi: almenna hluti, í staðinn fyrir „almenn hlutabréf“, milli aðila, í staðinn fyrir „milli íslenskra aðila“.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. 1. mgr. koma orðin: eigendaskipti að hlut, í staðinn fyrir „eigendaskipti að hlutabréfi“.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er það ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

19. gr.

20. gr. a laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

20. gr.

20. gr. b laganna orðast svo:

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 20. gr. a skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf fyrri eiganda ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

21. gr.

20. gr. c laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en 1/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 20. gr. a gilda eftir því sem við á.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. tölul. 3. mgr. orðast svo:
   1. Nafn, kennitölu og heimilisfang félags.
b. Í 4. mgr. bætist við nýr töluliður, 5. tölul., er orðast svo:
   5. Heimild til að ógilda hlutabréf án dóms.
c. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Nöfn má rita með vélrænum hætti.
d. Á eftir 6. mgr. bætist við ný málsgrein, 7. mgr., er orðast svo:
   Í hlutabréfunum skal vera fyrirvari um að eftir útgáfu bréfanna megi taka ákvarðanir um atriði sem greinir í 3.–5. mgr. og breyta réttarstöðu hluthafans. Verði slíkar breytingar gerðar skal stjórn félags, eftir því sem unnt er, sjá um að áritun um breytingarnar verði færð á hlutabréfin eða skipt verði á þeim og nýjum hlutabréfum.
e. Á eftir 7. mgr. kemur síðan ný málsgrein er verður 8. mgr. og orðast svo:
   Glatist hlutabréf, sem gefið hefur verið út, getur stjórn félags stefnt handhafa þess til sín með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal tvisvar í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu. Skal stjórn félagsins þá að ósk upphaflegs eiganda bréfsins gefa út nýtt bréf honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila. Skal nýja bréfið vera með sömu skilmálum og hið fyrra. Gefi réttur eigandi sig fram síðar skal ágreiningur úrskurðaður með dómi. Sömu reglur og um hlutabréf gilda um bráðabirgðaskírteini og áskriftarvottorð eftir því sem við á.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar hlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.

b. Í 2. mgr. koma í stað orðanna „nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer“ orðin: nafn eiganda, kennitölu og heimilisfang.

c. 5. mgr. orðast svo:

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 19. og 20. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og færir sönnur á þau. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.

24. gr.

Í 1. málsl. 25. gr. laganna standi: hlut, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

25. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.**

26. gr.

2. málsl. 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum, svo og rökstyðja tillögur um áskriftargengi.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í 2. málsl. 1. mgr. koma: hlutabréf milli aðila, í staðinn fyrir „hlutabréf milli íslenskra aðila“, svo og: öðrum aðilum, í staðinn fyrir „öðrum íslenskum aðilum“.

b. 2. mgr. fellur niður.

c. 3. mgr. verður 2. mgr. og orðast svo:

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er mismunandi er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

d. 4. mgr. verður 3. mgr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár, sbr. 2. mgr. 32. gr.

b. Í 6. tölul. 1. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.

c. Í lok 1. mgr. kemur nýr töluliður er verður 7. tölul. og orðast svo:
7. Áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.
d. Ný málsgrein bætist við er verður 4. mgr. og orðast svo:
Í næstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina, sbr. 7. tölul. 1. mgr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:
a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ákvæði 5. gr. og 5. gr. a–c skulu gilda um þetta eftir því sem við á.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna hlutafélaga skv. XV. kafla.

30. gr.

Í 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi".

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:
a. Í 2. mgr. falla niður orðin: að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, en í staðinn kemur: að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Ef áskrift hluta er gerð á grundvelli verðbréfa sem gefa rétt til áskriftar að hlutum (áskriftarréttindi), frestur til áskriftarinnar samkvæmt áskriftarskrá er lengri en eitt ár, áskrift hefur fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárhækkunarinnar og minnst fjórðungur hennar verið greiddur, að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð, skal félagsstjórn innan mánaðar frá lokum hvers reikningsárs tilkynna hlutafélagaskrá hversu mikil hlutafjárhækkun hefur farið fram á árinu. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan mánaðar frá lokum áskriftarfrests eða skráningar er synjað eiga reglur 1. mgr. við eftir því sem við á. Stjórnin getur gert nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna hlutafjárhækkunarinnar. Þegar skráning hefur farið fram telst hlutaféð hækkað sem samsvarar innborguðu hlutafé.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
a. Í 3. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi".
b. Í 3. mgr. fellur niður „sbr. 4.–6. tölul. 1. mgr. 30. gr.", en í staðinn kemur: sbr. 4.–7. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. 30. gr.

33. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. laganna koma orðin: endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga, í staðinn fyrir „endurmatsreikning skv. 4. mgr. 97. gr."

34. gr.

Í 38. gr. laganna koma í stað orðanna „getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði“: getur stjórnin selt bréfin fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf.

35. gr.

Á eftir 38. gr. laganna bætist við ný grein, 38. gr. a, er orðast svo:

Hluthafafundur getur ákveðið útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 27.–31. gr. nauðsynlega hlutafjárhækkun.

Í ákvörðun hluthafafundar skal setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttindanna, m.a. ákveða hámark þeirrar hlutafjárhækkunar sem skrifa má sig fyrir á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Enn fremur skal tekið fram í ákvörðun hluthafafundarins hvernig háttað sé nýtingu áskriftarréttindanna og hver staða rétthafa sé ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út breytanleg skuldabréf eða ný áskriftarréttindi eða félagsslit verða, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en unnt er að neyta áskriftarréttarins. Að því er varðar ákvörðun um útgáfu áskriftarréttinda og rétt til áskriftar að þeim gilda ákvæði 27. og 28. gr., fyrri hluti 3. tölul. og 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., auk 32. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til áskriftar að hlutafjárhækkun er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

36. gr.

Á eftir 38. gr. a laganna kemur ný grein, 38. gr. b, er orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að ákveða útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagsins.

Í samþykktunum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra. Þar eð ákvæði 28. gr. gilda eftir því sem við á skal enn fremur greina frá ákvörðun hluthafafundar um hugsanleg frávik frá rétti eldri hluthafa til að skrifa sig fyrir áskriftarréttindum.

Ef félagsstjórn notar heimild sína skal hún setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttinda, m.a. ákveða hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Að því er varðar ákvörðun félagsstjórnar um útgáfu áskriftarréttinda gilda ákvæði 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., 32. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 38. gr. a eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félags. Getur stjórnin gert þær breytingar á samþykktunum sem nauðsynlegar eru skv. 3. mgr.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en kröfunni er breytt í hluti.
c. Í 3. málsl. 2. mgr. falla niður orðin „og 31. gr.“ en í staðinn kemur: og 31.–32. gr.
d. 2. málsl. 3. mgr. fellur niður, en í staðinn kemur 2.–3. málsl. er orðast svo: Samþykkt hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

38. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er verður 39. gr. a og orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að taka skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagins.

Í samþykktum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámarksfjárhæð lánsins og með hliðsjón af beitingu 30. gr. eftir því sem við á hugsanleg frávik frá forgangsrétti fyrri hluthafa til áskriftar vegna lánsins. Sé unnt að greiða lán með öðrum hætti en í reiðufé skal taka það fram í samþykktunum.

Um samþykkt félagsstjórnar til töku lánsins gilda ákvæði 1.–5. tölul. 1. mgr., svo og 2.–3. mgr. 30. gr., 31.–32. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 39. gr., eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félagsins og getur stjórnin breytt þeim.

Um breytingu skuldabréfs í hluti gildir 4. mgr. 39. gr. eftir því sem við á.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. fellur niður „39. gr.“, en í staðinn kemur: 39. gr. og 39. gr. a.
b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

40. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimild til handa félagsstjórn má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. standi: eftir reglum 45. gr., í staðinn fyrir „eftir reglum 16. og 45. gr.“

b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár.
d. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 147. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Í 3. málsl. 1. mgr. standi: Hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra".
b. 2. mgr. orðast svo:

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

43. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Í samþykktir félags má taka ákvæði um lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum. Slíka lækkun getur félagsstjórn framkvæmt að því er snertir hluti sem áskrift hefur fengist að eftir að ákvæðin um lækkun voru tekin í samþykktirnar. Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktunum af þessu tilefni.

Að lokinni hlutafjárlækkun skal vera fyrir hendi fjármagn er svari a.m.k. til hlutafjárins og þess fjár er lagt hefur verið í lögmælta varasjóði.

Lækkun hlutafjár getur átt sér stað án innköllunar skv. 44. gr. ef:

1. Lækkunin á sér stað með ógildingu hluta sem eru að fullu greiddir.
2. Hlutanna hefur verið aflað án greiðslu eða með greiðslu sem nemur eigi hærri fjárhæð en svo að ráðstafa megi henni sem arði.
3. Fjárhæð, sem svarar til nafnverðs ógiltra hluta, er lögð í sérstakan varasjóð.

Ákvæði 5. mgr. 42. gr. og 3.–4. mgr. 44. gr. gilda um þessa innlausn hluta eftir því sem við á.

44. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður **Eigin hlutir**, og 46. gr. þeirra orðast svo:

Hlutafélag má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins.

Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en átján mánaða.

Í heimildinni skal greina hámark hluta á nafnverði sem félagið má eignast og lægstu og hæstu fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir hlutina.

Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna.

Aðeins má afla þeirra hluta sem eru að fullu greiddir.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda eftir því sem við á þegar dótturfélag eignast eða tekur að veði hluti í móðurfélagi gegn endurgjaldi.

45. gr.

46. gr. a laganna orðast svo:

Hlutafélag getur eignast eigin hluti skv. 46. gr. án heimildar hluthafafundar ef slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu.

Í slíku tilviki skal stjórn greina næsta hluthafafundi frá:

1. Ástæðunum fyrir og markmiðum með öflun hlutanna.
2. Fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið eignaðist.
3. Hlutfalli hlutanna af hlutafénu.
4. Endurgjaldi fyrir hlutina sem félagið eignaðist.

46. gr.

46. gr. b laganna orðast svo:

Ákvæði 46. gr. standa því ekki í vegi að hlutafélag geti eignast eigin hluti:

1. Sem þátt í að lækka hlutafé skv. VII. kafla.
2. Á grundvelli lagaskyldu eða dómsúrskurðar til að vernda minni hluta hluthafa.
3. Til að uppfylla lögmælta innlausnarskyldu sem hvílir á félaginu.
4. Við kaup á nauðungarsölu á hlutum, sem eru að fullu greiddir, til að fullnægja kröfu sem félagið á.

47. gr.

46. gr. c laganna orðast svo:

Hlutafélag má því aðeins eignast eigin hluti án endurgjalds að þeir séu að fullu greiddir.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um hluti sem dótturfélag eignast án endurgjalds í móðurfélaginu.

48. gr.

46. gr. d laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast í samræmi við reglur 2.–4. tölul. 46. gr. b eða 46. gr. c, skal það láta af hendi þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið og í síðasta lagi þremur árum eftir öflun þeirra nema samanlagt nafnverð félagsins og dótturfélaga þess á hlutum í félaginu fari ekki yfir 10% af hlutafénu.

49. gr.

46. gr. e laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast andstætt ákvæðum 46. gr.–46. gr. c, skal það láta af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá. Hafi félagið með sama hætti tekið hlutina að veði skal veðsetningunni aflétt innan loka sama frests.

50. gr.

46. gr. f laganna orðast svo:

Ef hlutir eru ekki látnir af hendi á réttum tíma skv. 46. gr. d og e ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

51. gr.

46. gr. g laganna orðast svo:

Hlutafélag má ekki skrá sig fyrir eigin hlutum.

Hlutir, sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir í eigin nafni en fyrir reikning félagsins, teljast skráðir fyrir reikning áskriftaraðilans.

Þar sem áskrift er andstæð 1. mgr. teljast stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutum fyrir eigin reikning og skulu þeir bera óskipta ábyrgð á kaupverðinu. Sama á við um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þegar um hækkun hlutafjár er að ræða. Ákvæði 1. og 2. málsl. gilda þó ekki um stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem sýna fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita að áskriftin að hlutunum var ólögleg.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um áskrift dótturfélags að hlutum í móðurfélaginu. Stjórn og framkvæmdastjórar dótturfélagsins teljast hafa skráð sig fyrir umræddum hlutum á sama hátt og greinir í 3. mgr.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn.

b. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 4. málsl. og orðast svo: Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

c. Í stað 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

   Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.

   Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.

   Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

   Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

   a. *Meirihlutakosning.* Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, sína menn kjörna.

   b. *Hlutfallskosning.* Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skrifa atkvæðatölur listanna, hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og

hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

c. *Margfeldiskosning.* Kosið skal á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

d. 4. mgr. verður 7. mgr.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í lok 1. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 4. málsl. og orðast svo: Gæta verður þó ákvæða 3.–7. mgr. 47. gr. ef hlutfalls- eða margfeldiskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en ¼ atkvæða í þriggja manna stjórn, meira en ⅕ í fjögurra manna stjórn, meira en ⅙ í fimm manna stjórn, meira en ⅐ í sex manna stjórn, meira en ⅛ í sjö manna stjórn, meira en ⅑ í átta manna stjórn, meira en 1/10 í níu manna stjórn o.s.frv. Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

b. Í lok 1. málsl. 2. mgr. standi í staðinn fyrir „efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri“: efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri, eða óska eftir tilnefningu.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

54. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Stjórn skal ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

55. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm vegna atvinnurekstrar fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu frá því. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:
a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.
b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

58. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélagið máli. Tilkynna skal stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

59. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–7. mgr. 47. gr. um hlutfalls- og margfeldiskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra.
c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:
Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

60. gr.

61. gr. laganna orðast svo:
Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 58.–59. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:
1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum,

2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 149. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

61. gr.

Á eftir 61. gr. laganna kemur ný grein er verður 61. gr. a og orðast svo:

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 149. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

62. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.
b. 3. mgr. fellur niður og tala eftirfarandi málsgreina breytist samkvæmt því.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
   a. Í stað orðsins „níu“ í 1. málsl. kemur: átta.
   b. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 2. málsl. kemur: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
   c. Við bætist nýr málsliður er orðast svo: Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.
b. Í 3. mgr. kemur: ⅓ í staðinn fyrir „⅕“ og niður falla orðin „eða varða lausn undan ábyrgð“.
c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

   Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í 1. og 2. málsl. 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá standi í 1. málsl.: enga starfandi stjórn, í staðinn fyrir „enga stjórn“, og: endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi, í staðinn fyrir „endurskoðandi eða hluthafi“.

b. Í stað 3. málsl. 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

65. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Boðun skv. 2. mgr. 32. gr. skal þó alltaf vera skrifleg.
b. Í 4. mgr. fellur niður „ársreikningur“ en í staðinn kemur: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur). Í 4. mgr. falla niður orðin „ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda“ en í staðinn kemur: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna.

66. gr.

1. málsl. 72. gr. laganna orðast svo: Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

67. gr.

Í 3. mgr. 73. gr. laganna standi: ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra, í staðinn fyrir „ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra“.

68. gr.

1. málsl. 1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 34., 36., 37., 38. gr. a og b, 40., 45. og 126. gr. e skal tekin á hluthafafundi.

69. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Í 1. og 3. mgr. kemur alls staðar „hlutafélagaskrár“ í staðinn fyrir „ráðherra“ og „hún“ í staðinn fyrir „hann“.
b. 2. mgr. verður svohljóðandi:
Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

70. gr.

Í 1. mgr. 107. gr. laganna standi: hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „vaxta á almennum sparisjóðsbókum“.

71. gr.

Í 1. mgr. 110. gr. standi: almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „almennum sparisjóðsbókum“.

72. gr.

112. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áðurnefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán eða framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

73. gr.

Í 1. mgr. 113. gr. laganna standi orðin: laga um gjaldþrotaskipti o.fl., í staðinn fyrir „laga um gjaldþrotaskipti“.

74. gr.

Í 2. mgr. 114. gr. laganna standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. og í 5. tölul. sömu málsgreinar standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.
b. Í 3. tölul. 1. mgr. standi: eða hefur ekki framkvæmdastjóra, sbr. 49. gr., í staðinn fyrir „eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum“.
c. Í 4. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum“, en í staðinn kemur: ársreikningar. Í staðinn fyrir „reikningsár“ kemur: reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

76. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein er verður 115. gr. a, svohljóðandi:

Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu hlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú hlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 116. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt hlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 116. gr. laganna:

a. Í staðinn fyrir „2. mgr. 115. gr.“ standi: 2. mgr. 115. gr. eða 115. gr. a.
b. Í staðinn fyrir orðin „laga um gjaldþrotaskipti“ standi: laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

78. gr.

Í 118. gr. laganna standi alls staðar: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“, svo og orðið: skráin, í staðinn fyrir „hann“ í 6. mgr.

79. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 120. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. falla burt orðin „viðurkenna skuli hverja kröfu“ og „viðurkenna kröfu“, en í staðinn kemur: viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu, og: viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu.
b. Í 3. mgr. falla niður orðin „afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar“, en í staðinn kemur: afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.
d. Í 6. mgr. kemur: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

80. gr.

Í 1. mgr. 122. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

81. gr.

Í 1. mgr. 123. gr. laganna falla niður orðin „geymslureikning við viðskiptabanka“ en í staðinn kemur: geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé.

82. gr.

Í 2. mgr. 125 gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

83. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna orðast svo: **Samruni, breyting hlutafélags í einkahlutafélag og skipting.**

Síðan kemur undirfyrirsögnin: *Samruni.*

84. gr.

126. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru hlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri hlutafélög renna saman í nýtt hlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef einkahlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XIV. kafla laga um einkahlutafélög um slit þess félags.

85. gr.

126. gr. a laganna orðast svo:

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. Heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu.
2. Heimilisfang félaganna.
3. Endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu.
4. Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs.
5. Hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu.
6. Aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.
7. Afhendingu hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla.
8. Frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.
9. Einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn skv. 126. gr. c og eftirlitsaðilar félaganna njóta.
10. Drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

86. gr.

126. gr. b laganna orðast svo:

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Ákvæði laga um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

87. gr.

126. gr. c laganna orðast svo:

Í hverju samrunafélaganna um sig skulu einn eða fleiri óháðir, sérfróðir matsmenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. b, gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega matsmenn.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. b um samband matsmannanna við viðkomandi félög.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Matsmennirnir skulu enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

88. gr.

126. gr. d laganna orðast svo:

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c, sbr. 126. gr. e.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 149. gr. Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 126. gr. c og 126. gr. g.

89. gr.

126. gr. e laganna orðast svo:

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur í samræmi við ákvæði 76. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 126. gr. j. Ef félag er til félagsslitameðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanefndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun ef hluthafar, sem eiga 5% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 149. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 76. gr. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 68. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. málsl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 126. gr. d og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 126. gr. c. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig og enn fremur látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni:

1. Áætlun um samruna.
2. Ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur.
3. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 126. gr. b, er gerður fyrir yfirtökufélagið.
4. Greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.
5. Skýrsla matsmanna og yfirlýsing skv. 126. gr. c.

Lánardrottnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

90. gr.

126. gr. f laganna orðast svo:

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

91. gr.

126. gr. g laganna orðast svo:

Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 126. gr. d og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum.

Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafnanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlaga um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

92. gr.

126. gr. h laganna orðast svo:

Yfirteknu félagi telst slitið, og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. Samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum.
2. Skilyrðum 5. mgr. er fullnægt.
3. Kröfur skv. 126. gr. f hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim.
4. Kröfur skv. 126. gr. g hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 32. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn eru ekki kosnir strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

93. gr.

126. gr. i laganna orðast svo:

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 126. gr. h. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau gögn, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 126. gr. e, í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

94. gr.

126. gr. j laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–10. tölul. 1. mgr. 126. gr. a; 1. málsl. 1. mgr. 126. gr. b; 126. gr. d; 2. málsl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 126. gr. e; 126. gr. g; 126. gr. h og 126. gr. i.

Frest skv. 5. mgr. 126. gr. e skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 126. gr. b.

Einn eða fleiri matsmenn, sbr. 1. mgr. 126. gr. c, skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 126. gr. c.

95. gr.

126. gr. k laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 126. gr. a; 1. mgr. 126. gr. b; 1.–3. mgr. 126. gr. c; 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 126. gr. d; 1., 4. og 5. mgr. 126. gr. e; 126. gr. f; 1. tölul. 1. mgr. 126. gr. h og 126. gr. i.

96. gr.

Á eftir 126. gr. k kemur 128. gr. laganna er verður 127. gr.

97. gr.

Á eftir 127. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur undirfyrirsögnin: *Breyting hlutafélags í einkahlutafélag.*

98. gr.

128. gr. laganna samkvæmt framansögðu orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta hlutafélagi í einkahlutafélag. Tilkynningu um samþykktina skal senda hverjum skráðum hluthafa innan tveggja vikna.

Breyting hlutafélags í einkahlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um einkahlutafélög enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði.

Þegar breytingin hefur átt sér stað teljast hlutabréfin, sem félagið gaf út, ógilt.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi tilkynnt sig til skráningar á hlutaskrá í einkahlutafélaginu getur stjórn einkahlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að senda slíka tilkynningu innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn án þess að tilkynning hafi borist getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutina í einkahlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slíka hluti. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

99. gr.

Á eftir 128. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur undirfyrirsögnin: *Skipting.*

100. gr.

129. gr. laganna orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum hlutafélagsins, tekið ákvörðun um skiptingu félagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt hlutafélag eða einkahlutafélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til hluthafa félagsins sem skipt er. Hluthafafundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri félög taki við hluta af eignum og skuldum þess. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Ákvæði 5. gr. a–c, 1. mgr. 31. gr. og 126.–126 gr. i gilda um skiptinguna eftir því sem við á.

Ef kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar en þó ekki með hærri fjárhæð en svarar til nettóverðmætis þess sem við bættist eða er eftir í viðkomandi félagi á þeim tíma.

101. gr.

130.–131. gr. laganna falla niður.

102. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. standi: Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta, í staðinn fyrir „Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags eru skyldir að bæta“.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:
   Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.
c. 2. mgr. verður 3. mgr.

103. gr.

Í 3. mgr. 133. gr. laganna standi: frestdagur hefst, í staðinn fyrir „gjaldþrotaskipti hefjast“.

104. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 134. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. sé tilvísun í 1.–2. mgr. 133. gr. og í a- og b-liðum sé frestur: innan tveggja ára.
b. Í b-lið 1. mgr. standi: Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, í staðinn fyrir „Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum“.

c. Í c-lið 1. mgr. standi í upphafi: Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum, í staðinn fyrir „Gegn endurskoðendum“.

105. gr.

Fyrirsögn XVII. kafla verður: **Útibú erlendra hlutafélaga.**

106. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

107. gr.

Í 136. gr. laganna fellur niður „starfsemi erlends félags“ en í staðinn kemur: starfsemi útibús erlends félags.

108. gr.

137. gr. laganna orðast svo:

Í heiti útibús erlends hlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða.

109. gr.

1. mgr. 138. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

110. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 139. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVIII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

b. 2. og 3. mgr. falla niður en 4. mgr. verður 2. mgr.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

111. gr.

141. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

112. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 142. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu.
b. Í 2. málsl. 3. tölul. standi: Hlutafélagaskrá, í stað „Ráðherra“.
c. 4. tölul. orðast svo: Ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis.
d. Við bætist nýr töluliður er verður 5. tölul. og orðast svo: Ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

113. gr.

Í 1. mgr. 143. gr. laganna standi: lánardrottna, í stað „hérlendra lánardrottna“.

114. gr.

Í 144. gr. laganna falla niður orðin „fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins“ en í staðinn kemur: fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins.

115. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 145. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum og aðgang að þeim.

116. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 146. gr. laganna:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna. Sama gildir um varamenn.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum“ en í staðinn kemur: undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.
c. Í 1. tölul. 3. mgr. fellur niður tilvísun í „3. mgr. 5. gr.“ en í staðinn kemur tilvísun í: 2. mgr. 5. gr. a. Jafnframt falla niður í 3. tölul. 3. mgr. orðin „endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr.“ en í staðinn komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga.
d. Í 1. málsl. 4. mgr. standi: Hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra“, og í 2. málsl. sömu málsgreinar standi: hún, í staðinn fyrir „hann“.

117. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa“, en í stað þeirra komi: stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa.
c. Í lok 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

118. gr.

Í 4. mgr. 148. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“.

119. gr.

1. mgr. 149. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra hlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga, t.d. varðandi móttöku sérfræðiskýrslu um öflun fjárhagsverðmæta skv. 5. gr. c og yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c um rýrari möguleika lánardrottna á fullnustu vegna samrunaáætlunar á grundvelli 126. gr. d. Ef vísað er í framangreinda yfirlýsingu matsmanna skal athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra til tryggingar skv. 126. gr. g. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

120. gr.

Í 150. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá bætast orðin: og aðrir, við á eftir orðunum „erlends hlutafélags“. Í staðinn fyrir „endurskoðendur“ kemur: endurskoðendur eða skoðunarmenn.

121. gr.

2. tölul. 151. gr. laganna orðast svo: Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um öflun vissra fjárhagsverðmæta (1., 2. og 5. mgr. 5. gr. c), greiðslu hlutafjár, útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, hlutaskrá, eigin hluti (1. og 2. mgr. 46. gr. og 46. gr. c–f), skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 54. gr.), boðun til hluthafafundar ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess (4. mgr. 67. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (112. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (139. gr.).

122. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma þá til framkvæmda nema að því leyti sem segir í ákvæðum til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi 80.–91. gr. laga þessara eins og þeim hefur verið breytt. Fyrirsögn XI. kafla verður: **Sérstakar rannsóknir**. Þá fellur einnig úr gildi XII. kafli laganna eins og honum hefur verið breytt.

123. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og laga nr. 69/1989, 12/1990, 21/1991, 23/1991, 90/1991 og 92/1991, allra um breytingu á lögum um hlutafélög, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, skulu, ef þau óska skráningar samkvæmt lögunum, færa sönnur á það fyrir hlutafélagaskrá í síðasta lagi 1. október 1995 að þau fullnægi þeim skilyrðum sem lögin setja og hafi breytt samþykktum sínum til samræmis við þau. Reglur laganna um stofnun hlutafélaga gilda þó ekki um þau félög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra nema hvað öll hlutafélög þurfa að uppfylla kröfuna um lágmark hlutafjár skv. 3. mgr. 1. gr.

Berist ekki ósk um skráningu sem fullnægir skilyrðum skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá gera viðkomandi skráðum félögum viðvart um að félögin verði skráð sem einkahlutafélög verði ekki úr bætt í síðasta lagi 31. desember 1995.

Hlutafélög, sem hafa ekki fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. í síðasta lagi 31. desember 1995, skulu skráð sem einkahlutafélög.

Hlutafélög, sem skráð hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu fylgja fyrirmælum þeirra.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna skráningar eldri hlutafélaga sem hlutafélaga samkvæmt þessu ákvæði eða umskráningar þeirra sem einkahlutafélaga.

II.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, má samkvæmt ósk þeirra til 31. desember 1995 umskrá sem einkahlutafélög og ber þeim við umskráninguna að hafa orðið einkahlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Ber þeim að fullnægja fyrirmælum laga um einkahlutafélög og breyta samþykktum sínum til samræmis við þau. Þau þurfa þó ekki að hækka hlutafé sitt.

Hlutafélögum, sem umskráð eru sem einkahlutafélög í samræmi við ákvæði 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ber að fara eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Telji hlutafélagaskrá við umskráninguna eða síðar að félagið fullnægi ekki skilyrðum laga um einkahlutafélög í þeim mæli að það standi í vegi fyrir skráningu skal skráin gefa stjórn félagsins hæfilegan frest til að bæta úr göllunum. Sé ekki úr bætt innan frestsins má slíta félaginu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 115. gr.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna umskráningar eldri hlutafélaga sem einkahlutafélaga skv. 1. mgr.

Um umskráningu hlutafélaga, sem eru löglega skráð sem hlutafélög eftir gildistöku laga þessara, fer eftir 128. gr. laganna.

418. Frumvarp til laga [97. mál]

um einkahlutafélög.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Einkahlutafélag merkir félag samkvæmt lögum þessum þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Hlutafé í einkahlutafélagi skal minnst vera 500.000 krónur og skiptist það í einn eða fleiri hluti. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ECU). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal öðlast gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Nú uppfyllir einkahlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að einkahlutafélag verði stofnað.

Einkahlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið einkahlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Að öðru leyti fer um heiti félaganna eftir ákvæðum firmalaga.

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum einkahlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti einkahlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Nú á einkahlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi sem um ræðir í 1. mgr. og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef einkahlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga, yfirráð í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

II. KAFLI
Stofnun einkahlutafélags.

3. gr.

Stofnendur einkahlutafélags, einn eða fleiri, skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá), svo og skrá sig fyrir hlutum. Stofnendur skulu einir vera áskrifendur hluta. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um þau efni sem 4. gr. fjallar um.

Stofnandi, ef hann er einn, en a.m.k. einn stofnenda ef fleiri eru, skal hafa heimilisfesti hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrrgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.

Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

4. gr.

Í stofnsamningi skal ávallt greina:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda;
2. hvernig hlutir skiptist milli stofnenda;
3. hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut;
4. ef félagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað.

Í fyrstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 4. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði:

1. ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé;
2. ef félagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum;
3. ef einhverjir stofnendur eða aðrir skulu njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal stofnsamningi fylgja skýrsla sem hefur að geyma:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir;
2. lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við;
3. upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið;
4. tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við og

5. yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út, að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs; endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Kröfur á hendur stofnendum geta talist greiðsla. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu.

Skjöl, sem eru ekki að meginefni til tekin upp í stofnsamningi en vísað er til þar, skulu fylgja honum.

Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði í sambandi við stofnun félags, sem er ekki getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

6. gr.

Stofnsamningi skal fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns um að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt.

Ef félag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins, staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikninginn skal semja í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og skal hann áritaður af endurskoðanda án fyrirvara og honum fylgja vottorð endurskoðanda um að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun félagsins.

Endurskoðandi eða lögmaður hefur rétt til að framkvæma þær athuganir, sem hann telur nauðsynlegar, og getur krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem hann telur þörf á til að geta rækt starf sitt.

7. gr.

Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum einkahlutafélags.

Í samþykktum einkahlutafélags skal greina eftirtalin atriði:

1. heiti félagsins;
2. heimilisfang félagsins;
3. tilgang félagsins;
4. hlutaféð;
5. hvort hlutafé skiptist í hluti og, ef svo er, fjárhæð hlutanna (nafnverð) og atkvæðisrétt hluthafa;
6. fjölda eða lágmarks- og hámarksfjölda stjórnarmanna og hugsanlegra varastjórnarmanna, kjörtímabil stjórnarmanna, fjölda endurskoðenda eða skoðunarmanna og kjörtímabil þeirra;
7. hvernig boða skuli til hluthafafunda;
8. hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund og
9. hvert skuli vera reikningsár félagsins.

Í samþykktum skal einnig greina eftirtalin atriði sem afstaða kann að hafa verið tekin til:

1. hvort hluthafar skuli að nokkru eða öllu leyti sæta innlausn af hálfu félagsins eða annarra á hlutum sínum og eftir hvaða reglum;

2. hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, sbr. 14. og 15. gr., og þá hverjar eða
3. hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi, sbr. 12. gr.

Að því marki sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings skal í félagssamþykktum greint hvernig ráðstafa skuli hagnaði og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.

8. gr.

Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi. Þar skal leggja fram undirritaðan stofnsamning, tillögur að samþykktum og önnur skjöl sem nauðsynleg eru. Félagið telst stofnað ef stofnendur eru einhuga um það og þann grundvöll sem félagið er byggt á.

Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

9. gr.

Stjórn félags skal tilkynna það til skráningar innan tveggja mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé sé greitt. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð í samræmi við stofnsamning.

Ef tilkynning um stofnun einkahlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests sem um ræðir í 1. mgr. skal synja skráningar. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé. Sama gildir ef skráningar er synjað af öðrum ástæðum.

10. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur heldur ekki verið aðili í dómsmálum.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd félags áður en það er skráð og bera þeir sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann óskipta persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiðir af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur áður en félag er skráð og viðsemjandinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema um annað sé um samið, riftað gerningnum svo framarlega sem tilkynning til hlutafélagaskrár er ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 9. gr. eða skráningar hefur verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann riftað löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI
Greiðsla hlutafjár.

11. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans og skal hún innt af hendi fyrir skráningu, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Skilyrði, sem hluthafi setur í tengslum við stofnun einkahlutafélags og ekki samrýmast lögum þessum eða stofnsamningi, hafa ekkert gildi.

Ekki má skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, gegn kröfu er hluthafi kann að eiga á hendur félaginu nema stjórn þess samþykki. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

IV. KAFLI
Hlutir og hlutaskrá.

12. gr.

Í einkahlutafélagi eru einn eða fleiri hlutir í eigu eins eða fleiri hluthafa. Séu hlutir fleiri en einn skulu allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins. Má þar m.a. kveða á um hlutaflokka án atkvæðisréttar.

13. gr.

Hluti má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum félagsins. Í samþykktum má ákveða viðskiptahömlur um hluti í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. eða sérstakra laga.

14. gr.

Í samþykktum má ákveða að við eigendaskipti að hlut, önnur en við erfð eða búskipti, skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m.a. greina:

a. röð forkaupsréttarhafa;
b. ákvæði um frest er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum sem lengstur má vera tveir mánuðir og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð og
c. ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin; ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Taki tilboð til margra hluta eins eða fleiri hluthafa er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því er varðar nokkra þeirra nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er ákvæðið ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

15. gr.

Ákveða má í samþykktum að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins.

Stjórn félags tekur ákvörðun um hvort samþykki skuli veitt nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um, hvort veita skuli samþykki, skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá skriflegri beiðni um það skal svo litið á að samþykki hafi verið veitt.

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðila ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

16. gr.

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu, með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á, þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa í félagi því sem um ræðir skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

17. gr.

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 16. gr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutir fyrri eiganda ógildir. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

18. gr.

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. gilda eftir því sem við á.

19. gr.

Þegar einkahlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.

Í hlutaskrá skulu hlutir skráðir í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut greint frá nafni eiganda, kennitölu og heimilisfangi.

Gefa má út hlutaskírteini í einkahlutafélögum.

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 14. og 15. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Sá sem eignast hefur hlut getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Ef þess er krafist af hluthafa eða veðhafa skal félagið gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskrána.

Hlutaskrá skal ætíð geymd á skrifstofu félags og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

20. gr.

Framsal hluta til eignar eða veðsetning þeirra hefur ekki gildi gagnvart lánardrottnum framseljanda eða veðsala nema félagið hafi fengið tilkynningu þar að lútandi frá framseljandanum eða veðsalanum.

Ef hluthafi hefur framselt eða veðsett sömu hluti fleiri en einum aðila gengur réttur síðari framsalshafa eða veðhafa fyrir ef félagið fær fyrst tilkynningu um framsal til hans eða veðsetningu honum til handa og síðari aðilinn var í góðri trú þegar tilkynningin barst félaginu.

21. gr.

Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

22. gr.

Ef einkahlutafélag, sem er skráð í eigu fleiri en eins aðila, kemst á hendur eins aðila skal tilkynna hlutafélagaskrá það.

V. KAFLI
Hækkun hlutafjár.

23. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið hækkun hlutafjár hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 30. gr. Hækkun hlutafjár má ekki ákveða fyrr en félagið hefur verið skráð.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim eftir þeim reglum sem greinir í 4. mgr. 63. gr. Tillagan skal enn fremur lögð fram á hluthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hluthafafundi skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

a. eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga;
b. skýrslu stjórnar þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að reikningar voru gerðir og
c. yfirlýsingu endurskoðenda eða skoðunarmanna um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 24. gr., ásamt upplýsingum um hvernig þeir er áskriftarrétt hafa skuli bera sig að ef þeir vilja notfæra sér þennan rétt. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum.

24. gr.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína nema annað sé ákveðið í samþykktum. Nú notar eða framselur einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er mismunandi er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 68. gr., ákveðið að víkja frá þeirri reglu er greinir í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

25. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. hve mikið hækka skal hlutaféð og má setja hámark og lágmark fyrir hækkuninni;
2. þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar;
3. forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum;
4. frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár sem skal send strax í kjölfar ákvörðunarinnar;
5. frest til greiðslu hluta, sem þó má ekki vera lengri en til skráningar hækkunar, ásamt reglum um hvernig skipta skuli hlutum ef þeir sem eiga ekki forgangsrétt hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en gefinn er kostur á enda sé skiptingin ekki falin stjórninni;
6. nafnverð hluta og gengi þeirra;
7. áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skulu skyldir til að sæta innlausn hluta sinna skal það tekið fram í ákvörðuninni.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

Í næstu skýrslu stjórnar með ársreikningi skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina.

26. gr.

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5.–6. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á. Stjórn félagsins skal leggja fram skýrslu skv. 2. mgr. 5. gr.

Skýrsla stjórnar og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, er þetta varða, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku, áður en hluthafafundur er haldinn og einnig vera lögð fram á fundinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna á grundvelli XV. kafla laga um hlutafélög eða XIV. kafla laga þessara.

27. gr.

Áskrift nýrra hluta gerist með skráningu í gerðabók.

Hafi áskrift verið gerð með fyrirvara skal beita reglum 2. mgr. 11. gr. eftir því sem við á.

28. gr.

Tilkynning um hækkun hlutafjár verður ekki skráð í hlutafélagaskrá fyrr en heildarhlutaféð hefur verið greitt, svo og það sem greiða kann að eiga umfram nafnverð. Ef tilkynning hefur ekki verið send innan árs frá því að ákvörðun var tekin eða skráningar er synjað fellur niður ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Fjárhæðir, sem greiddar hafa verið, skal endurgreiða áskrifendum án tafar.

29. gr.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta getur farið fram á þann hátt að yfirfærðar séu fjárhæðir sem skv. 74. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga eða við yfirfærslu úr lögmæltum varasjóði skv. 3. mgr. 75. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta skal greina hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

30. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

Hluthafafundur getur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhluta á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktum á grundvelli 1. og 2. mgr.

VI. KAFLI
Lántaka með sérstökum skilyrðum.

31. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meiri hluta atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum að félagið taki skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því.

Í samþykkt hluthafafundar skv. 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 23.–24. gr., 1.–5. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 25. gr. og 26.–27. gr.

Í samþykkt skv. 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Samþykkt hluthafafundarins skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

Ef fjárhæð sú sem greidd er fyrir skuldabréf er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum má breytingin því aðeins fara fram að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

32. gr.

Samþykkt skv. 31. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá sem hækka má hlutaféð um og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna hversu mörgum skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni, má félagsstjórn gera.

33. gr.

Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð sem greiddur er hluthöfum eða við árshagnað enda sé gætt ákvæða laga og fyrirmæla um vaxtaákvarðanir.

VII. KAFLI
Lækkun hlutafjár.

34. gr.

Þegar frá er skilin hlutafjárlækkun eftir reglum 37. gr. og 4. mgr. 38. gr. má aðeins hlutahafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka fyrr en félagið hefur verið skráð. Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar skv. 2. mgr. þessarar greinar og hvernig hún á að fara fram.

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutafé um, ásamt upplýsingum um hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:

1. til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt;
2. til greiðslu til hluthafa;
3. til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa eða
4. til að leggja í sérstakan sjóð sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárlækkunina skulu vera fyrir hendi eignir er svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Ef greiða á af eignum félagsins hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni skal þess getið bæði í ákvörðuninni og áskorun skv. 36. gr. ásamt þeirri fjárhæð sem umfram er.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 123. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

35. gr.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt að hlutafjárlækkun hafi farið fram.

36. gr.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru eða öllu leyti í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. 34. gr. skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo framarlega sem tilkynntar gjaldfallnar kröfur eru ekki greiddar og fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna má ekki framkvæma hlutafjárlækkunina. Hlutafélagaskrá getur úrskurðað eftir ósk aðila hvort framboðin trygging sé nægileg.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal auk nauðsynlegra sönnunargagna fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutafjárlækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því að ákvörðunin var skráð missir hún gildi sitt og tilkynning sú sem gerð var skv. 5. mgr. 34. gr. skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

37. gr.

Lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum getur farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félags án áskorunar skv. 36. gr. þegar ákvæðin um innlausn ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar hafa verið sett í samþykktir félags við stofnun þess eða, sé um að ræða útgefna hluti vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

Hlutafjárlækkun skv. 1. mgr. má því aðeins framkvæma að félagið eigi eftir lækkunina eignir sem svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

VIII. KAFLI
Eigin hlutir.

38. gr.

Einkahlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en sex mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hluti þannig að lögmæltu marki sé náð innan sex mánaða. Kaup eigin hluta má aðeins fjármagna úr frjálsum sjóðum félagsins.

Nú eignast dótturfélag eða tekur að veði hluti í móðurfélagi þess og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Einkahlutafélagi er óheimilt að taka eigin hluti að veði til tryggingar lánum til hluthafa, sbr. 79. gr.

Ef hlutir eru ekki seldir á réttum tíma skv. 1. mgr. ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutafé sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

IX. KAFLI
Um félagsstjórn og framkvæmdastjóra.

39. gr.

Í stjórn einkahlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn a.m.k. einn varamaður.

Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meiri hluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi. Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu eða hlutfallskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.

Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.

Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

a. *Meirihlutakosning.* Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, sína menn kjörna.

b. *Hlutfallskosning.* Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal ljúka við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn þeirra.

40. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim sem tilnefnt hefur hann hafi hann ekki verið kjörinn á hluthafafundi. Sá sem hefur kjörið eða tilnefnt stjórnarmann getur vikið honum frá störfum. Gæta verður þó ákvæða 39. gr. ef hlutfallskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en 2/3 í tveggja manna stjórn, meira en 3/4 í þriggja manna stjórn, meira en 4/5 í fjögurra manna stjórn, meira en 5/6 í fimm manna stjórn, meira en 6/7 í sex manna stjórn, meira en 7/8 í sjö manna stjórn, meira en 8/9 í átta manna stjórn, meira en 9/10 í níu manna stjórn o.s.frv. Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 42. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtíma hins fyrri eða óska eftir tilnefningu. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram svo framarlega sem stjórnin er ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

41. gr.

Stjórn félags getur ráðið einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

Skipi einn maður stjórnina má hann jafnframt vera framkvæmdastjóri. Í tveggja manna stjórn má annar vera framkvæmdastjóri.

42. gr.

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Sé stjórnarmaður einn gildir búsetuskilyrðið um hann og jafnframt gildir það um annan tveggja stjórnarmanna. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

43. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

44. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 41. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

45. gr.

Þegar samstæða félaga er mynduð skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélagsins. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélagið máli. Tilkynna skal stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

46. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–7. mgr. 39. gr. um hlutfallskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar þótt hann sé ekki stjórnarmaður og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef stjórn félags er aðeins skipuð einum manni. Hann skal að jafnaði taka mikilvægar ákvarðanir í málefnum félagsins að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og skráir þær í gerðabók félagsins, svo og dagsetningar og annað sem máli skiptir.

47. gr.

Fjölskipuð félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

48. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og hans, um málshöfðun gegn honum eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef hann hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

49. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 42. og 48. gr. eiga við um þá er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

50. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 44. gr.

51. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera nokkrar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

Sé aðeins einn hluthafi í einkahlutafélagi skulu samningar milli hans og félagsins færðir í gerðabók eða gerðir skriflega með öðrum hætti nema um sé að ræða samninga sem eru liður í daglegum viðskiptum og með venjulegum kjörum.

52. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 49.–50. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum;
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 125. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

53. gr.

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 125. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

54. gr.

Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna.

Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

X. KAFLI
Hluthafafundir.

55. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum einkahlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum. Þetta á þó ekki við um einkahlutafélag eins aðila. Þar kemur hluthafi í stað hluthafafundar, tekur sjálfur ákvarðanir fyrir hönd félagsins og skráir þær í gerðabók.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

56. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Það má afturkalla hvenær sem er.

57. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.

Í félagssamþykktum má ákveða að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meiri hluta alls hlutafjár eða þess sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn sjálfum sér eða um ábyrgð sína gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

58. gr.

Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

59. gr.

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan átta mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna. Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

a. staðfestingu ársreiknings;
b. hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og
c. önnur þau mál er heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅓ hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr. til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Sé hluthafi einn skal hann taka ákvarðanir samkvæmt þessari grein.

60. gr.

Aukafund skal halda þegar félagsstjórn telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan fjórtán daga ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni enda sé lægra mark ekki ákveðið í félagssamþykktum.

61. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

62. gr.

Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

Ef félagið hefur enga starfandi stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar skal hlutafélagaskrá láta boða til fundarins ef stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður hlutafélagaskrár skal stýra hluthafafundum sem skráin hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 65. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda honum hlutaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins.

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

63. gr.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu dagskrá og endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða, lagðar fram skráðum hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis sendar sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Falla má frá formreglum 1.–4. mgr. ef allir hluthafar sækja hluthafafund og eru sammála um það.

64. gr.

Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt mála hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um þau auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

65. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar skv. 2. mgr. 62. gr. ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa er fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir sem fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

66. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað.

67. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

68. gr.

Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta skal tekin á hluthafafundi nema stjórn hafi heimild til að breyta samþykktum samkvæmt lögum þessum. Ákvörðunin verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 69. gr.

Samþykkt um breytingu á samþykktum einkahlutafélags skal tilkynnt hlutafélagaskrá þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

69. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta;
2. að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu;
3. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 14. og 15. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó að 1. tölul. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild að hluthafar, sem ráða yfir meira en ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna ef hluthafar, sem eiga meira en ⅔ hluta hlutafjár þess hlutaflokks er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

70. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

71. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við:

a. þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa;
b. þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa, til þess að ákvörðun öðlist gildi, og slíkt samþykki er ekki fengið;
c. þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra sem um fundarboðun gilda hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt;
d. þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál eftir að frestur sá sem tiltekinn er í 2. mgr. er útrunninn en þó innan tveggja ára eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau að ákvörðun hluthafafundar telst ógild og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa er ekki hafa staðið að málshöfðum. Endurrit dóma í slíkum málum skal senda hlutafélagaskrá og þar skráð niðurstaða þeirra ef ástæða þykir til.

XI. KAFLI
Sérstakar rannsóknir.

72. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minnst ¼ hlutafjárins getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við hlutafélagaskrá að hún tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina svo framarlega sem hlutafélagaskrá telur nægilegar ástæður til þeirra. Hlutafélagaskrá skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess og, þegar við á, þeim sem málið varðar tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna áður en hún tekur ákvörðun sína. Hlutafélagaskrá ákveður fjölda rannsóknarmanna en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafunda. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af hlutafélagaskrá.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

XII. KAFLI
Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

73. gr.

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

74. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Nú nemur varasjóður ekki 1/10 hlutafjárins og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé sem svarar til hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

75. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur ¼ hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað skal fé það sem greitt var umfram nafnverð lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé sem félagið hefur fengið vegna sölu jöfnunarhluta sem er ekki vitjað.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en ¼ hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 36. gr. gætt, til annarra þarfa.

76. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 61. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meira sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

77. gr.

Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara skal hann endurgreiða það sem hann hefur tekið við með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum. Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita að greiðslan var ólögmæt.

Nú kemur í ljós að féð fæst ekki endurgreitt og skulu þá þeir sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna og framkvæmd hennar eða í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila bera ábyrgð eftir ákvæðum 108.–110. gr.

78. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum miðað við fjárhagsstöðu félagsins í sama skyni sem um getur í 1. mgr.

79. gr.

Einkahlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Einkahlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er einkahlutafélag eða hlutafélag. Einkahlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áðurnefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán og framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

XIII. KAFLI
Félagsslit.

80. gr.

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

81. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hluti þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist skv. 1. mgr.

82. gr.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hlutafélagaskrár:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmælts frests til þess;
3. þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga varðandi skil á ársreikningum;
4. ef hlutafélagaskrá neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar skv. 4.–6. mgr. 86. gr.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. hafi krafa skv. 1. mgr. 81. gr. verið tekin til greina með dómi.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 85. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en skráð hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og, ef þörf krefur, leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

83. gr.

Ef hlutafélagaskrá telur að einkahlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðast skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu einkahlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú einkahlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 84. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt einkahlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

84. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 82. gr. eða 83. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o. fl. um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum hins látna, að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

85. gr.

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 82. gr. skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit skv. 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar skv. 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins skv. 3. mgr. 82. gr. Eins skal með fara í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 82. gr.

86. gr.

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu hlutafélagaskrár á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Hlutafélagaskrá er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu

eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það hlutafélagaskrá og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji hlutafélagaskrá að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal skráin veita nefndinni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

87. gr.

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi einkahlutafélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

88. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hve miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar héraðsdómara á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skal þá auglýst tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur skv. 1. mgr. 87. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um skiptin.

Sé bú einkahlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit skv. 1. mgr. 85. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag er skilanefnd hefur hlotið löggildingu hlutafélagaskrár.

89. gr.

Þegar að loknum fundi skv. 88. gr. og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna skv. 1. mgr. og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

90. gr.

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera hlutafélagaskrá skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

91. gr.

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ágreiningur um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. 88. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra er við greiðslum hafa tekið og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

92. gr.

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

93. gr.

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 91. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilanefnd til að annast framhaldsskiptin.

XIV. KAFLI.
Samruni og breyting einkahlutafélags í hlutafélag.

Samruni.

94. gr.

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru einkahlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri einkahlutafélög renna saman í nýtt einkahlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef hlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XV. kafla laga um hlutafélög um slit þess félags.

95. gr.

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu;
2. heimilisfang félaganna;
3. endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu;
4. frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs;
5. hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu;
6. aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.;
7. frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 96. gr.;

8. einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn skv. 97. gr. njóta;
9. drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

96. gr.

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrareikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Ákvæði laga um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

97. gr.

Í hverju samrunafélaganna um sig skal endurskoðandi eða skoðunarmaður gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega endurskoðendur eða skoðunarmenn.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

98. gr.

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr., sbr. 99. gr.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 125. gr. Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 97. gr. að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 97. gr. og 101. gr.

99. gr.

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur, sbr. þó 2. mgr. 55. gr., í samræmi við ákvæði 68. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 104. gr. Ef félag er til skilanefndarmeðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanefndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun ef hluthafar, sem eiga 25% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 125. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 68. gr. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 60. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. málsl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 98. gr. og yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar eða afhendingar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig:

1. áætlun um samruna;
2. ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur;
3. efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 96. gr., er gerður fyrir yfirtökufélagið;
4. greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 96. gr., og
5. skýrsla endurskoðanda eða skoðunarmanns og yfirlýsing skv. 97. gr.

Lánardrottnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

100. gr.

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 97. gr. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

101. gr.

Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 97. gr. að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottnar að kröfum sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 98. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum.

Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafnanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlaga um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

102. gr.

Yfirteknu félagi telst slitið og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum;
2. skilyrðum 5. mgr. er fullnægt;
3. kröfur skv. 100. gr. hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim;
4. kröfur skv. 101. gr. og hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 27. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og kjör félagsstjórnar og endurskoðenda eða skoðunarmanna fer ekki fram strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

103. gr.

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 102. gr. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau skjöl, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 99. gr., í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

104. gr.

Ef einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru einkahlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–9. tölul. 1. mgr. 95. gr.; 1. málsl. 1. mgr. 96. gr.; 98. gr.; 2. málsl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 99. gr.; 101. gr.; 102. gr. og 103. gr.

Frest skv. 5. mgr. 99. gr. skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 96. gr.

Einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn, sbr. 1. mgr. 97. gr., skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 97. gr.

105. gr.

Ef einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 95. gr.; 1. mgr. 96. gr.; 1.–3. mgr. 97. gr.; 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 98. gr.; 1., 4. og 5. mgr. 99. gr.; 100. gr.; 1. tölul. 1. mgr. 102. gr. og 103. gr.

106. gr.

Hluthafar í því félagi eða félögum sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því að hlutir þeirra verði innleystir ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu að þeir sem nota vilja innlausnarréttinn gefi til kynna vilja sinn í því efni og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna og ákveðið skal, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Breyting einkahlutafélags í hlutafélag.

107. gr.

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta einkahlutafélagi í hlutafélag. Ákvæði 5. gr. a–c í lögum um hlutafélög gilda eftir því sem við á. Framlagning skýrslu og útsending hennar fer þó eftir 4. mgr. 63. gr. laga þessara. Tilkynningu um samþykktina skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum sem sóttu ekki hluthafafundinn.

Breyting einkahlutafélags í hlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um hlutafélög og félagið hefur verið skráð sem hlutafélag í hlutafélagaskrá.

Gefa skal út hlutabréf í hlutafélagi áður en ár er liðið frá breytingunni. Óheimilt er að gefa þau út fyrir breytinguna.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi sett fram beiðni um að fá hlutabréf sín í hlutafélaginu afhent getur stjórn hlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að vitja hlutabréfanna innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn og enginn hefur gefið sig fram getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutabréfin í hlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heim-

ilt að versla með slík bréf. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

XV. KAFLI
Skaðabætur o.fl.

108. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn einkahlutafélags, svo og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta félaginu það tjón er þeir hafa valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

109. gr.

Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 108. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst ⅕ af heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist að kostnaðurinn sé greiddur af félaginu, allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni.

110. gr.

Skaðabótamál þau sem um ræðir í 1.–2. mgr. 109. gr. skal höfða nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a. gegn stofnendum innan tveggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin;
b. gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og rannsóknarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð;
c. gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

Mál skv. 3. mgr. 109. gr. skal höfða í síðasta lagi þrem mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

XVI. KAFLI
Útibú erlendra einkahlutafélaga.

111. gr.

Erlend einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

112. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi útibús erlends félags hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

113. gr.

Í heiti útibús erlends einkahlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða.

114. gr.

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúruumboð fyrir útibúið enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 1. mgr. um útibússtjóra.

115. gr.

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends einkahlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVII. kafla um skráningu einkahlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

116. gr.

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 123. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs.

117. gr.

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 4. mgr. 1. gr.

118. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. ef hið erlenda einkahlutafélag ákveður að leggja útibúið niður;
2. ef þess er krafist af lánardrottni sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð eða með játningu útibússtjóra að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans; þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu;
3. ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 114. gr. eða hverfur úr starfi; hlutafélagaskrá getur þó veitt félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf að þessu leyti;
4. ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis;
5. ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

119. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá og falla þá í gjalddaga þær kröfur lánardrottna sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

120. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot hins erlenda félags, sbr. 117. gr., eða um atvik sem valda því að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 118. gr.

XVII. KAFLI
Skráning einkahlutafélaga.

121. gr.

Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra einkahlutafélaga og útibúa erlendra einkahlutafélaga.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni. Um skil á ársreikningum og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um ársreikninga.

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent sýslumanni skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar enda öðlast tilkynning ekki gildi fyrr en við skráningu þar.

122. gr.

Tilkynning um stofnun einkahlutafélags skal greina:

1. ákvæði samþykkta félagsins um það efni er greinir í 1.–3., 5. og 9. tölul. 1. mgr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 7. gr.;
2. upphæð hlutafjár og á hvern hátt greiðsla hefur farið fram;

3. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna og varamanna þeirra, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna;
4. hvort hluthafar séu einn eða fleiri; sé hluthafi einn eða verði einn skal skrá deili á honum.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja:

1. stofnsamningur, reikningsgögn þau sem um ræðir í 2. mgr. 6. gr. og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins;
2. staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar;
3. sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þau skilyrði sem um getur í 42. gr. og endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Hlutafélagaskrá getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun einkahlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

123. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 122. gr. gilda eftir því sem við á.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng einkahlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní nema hlutafélagaskrá ákveði að tilkynningar skuli miðast við annan dag.

124. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta einkahlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal hlutafélagaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan skv. 125. gr.

125. gr.

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra einkahlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

XVIII. KAFLI
Refsingar o. fl.

126. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skoðunarmenn, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends einkahlutafélags eða aðrir skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá hlutafélagaskrá boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

127. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum einkahlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða tilkynningum til hlutafélagaskrár;
2. að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um greiðslu hlutafjár, hlutaskrá, eigin hluti, skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 46. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (79. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og upphaf starfsemi þess (115. gr.).

128. gr.

Hver sá sem vísvitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag einkahlutafélags eða annað er það varðar þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ef sá sem stjórnar einkahlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess greinir vísvitandi rangt eða villandi frá efnahag félags eða eignum í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum ellegar tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila varðar það sektum eða varðhaldi enda taki ákvæði 127. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

129. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. aflar sér eða öðrum ólöglegs færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti;
2. leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði;
3. kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hafi önnur áhrif en til var ætlast;
4. greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag eða
5. tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

130. gr.

Sá sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi.

131. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XIX. KAFLI
Gildistaka laganna o.fl.

132. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögum um hlutafélög varðandi umskráningu skráðra hlutafélaga sem einkahlutafélög skulu gilda.

Hlutabréf í hlutafélögum, sem verða einkahlutafélög, verða ógild.

133. gr.

Í lögum, sem öðlast hafa gildi fyrir gildistöku laga þessara, ber að líta svo á að með hlutafélögum sé einnig átt við einkahlutafélög samkvæmt lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta bankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og vátryggingafélög ekki rekið starfsemi sem einkahlutafélög.

134. gr.

Lögin taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Skulu félögin hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð.

135. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

419. Frumvarp til laga [98. mál]

um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

Samhljóða þskj. 101 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Ólögráða einstaklingar og þeir sem hafa farið fram á greiðslustöðvun eða hafa bú sitt undir gjaldþrotaskiptum geta ekki verið aðilar að evrópskum fjárhagslegum hagsmunafélögum.

420. Frumvarp til laga [306. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna nýrra mælingareglna skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Breytingar á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

11. gr. laganna orðast svo:

Vitagjald skal greitt af brúttótonnatölu skips.

Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 brúttótonn, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vitagjald við hverja komu til landsins sem svarar til ¼ hluta af almenna vitagjaldinu, mest fjórum sinnum á ári.

2. gr.

Breytingar á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 brúttótonn eða stærri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tillögu nefndar sem samgönguráðherra skipaði 1. mars 1994 til að gera tillögur til samgönguráðuneytis um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum vegna breyttra reglna um mælingar skipa sem tóku gildi 18. júlí sl., sbr. reglur um mælingu skipa nr. 244/1987 með breytingu nr. 294/1993. Í nefndinni áttu sæti Helgi Jóhannesson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Gylfi Ísaksson, verkfræðingur frá Hafnasambandi sveitarfélaga, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri Landsambands íslenskra útvegsmanna, Páll Hjartarson, deildarstjóri hjá Siglingamálastofnun ríkisins, og Rúnar Guðjónsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Reglur nr. 244/1987 um mælingar skipa kveða á um að frá og með 1. júlí 1987 skuli mæla skip samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa (International Convention on Tonnage Measurement of Ships) sem undirrituð var í London 23. júní 1969 og tók gildi 18. júlí 1982. Hins vegar er miðað við að nýjar mælingareglur taki ekki til gamalla skipa fyrr en 1. janúar 1994, þ.e. annarra gamalla skipa en þeirra sem ekki eru gerðar breytingar á eftir 1. júlí 1987 og sem ekki hefur verið óskað endurmælingar á.

Með reglugerð nr. 294/1994 um breytingu á reglum nr. 244/1984 var gildistöku gagnvart gömlum skipum frestað til 18. júlí 1994, þ.e. 12 árum frá gildistöku alþjóðasamþykktarinnar frá 1969. Alþjóðasamþykktin tekur til allra skipa er stunda alþjóðlegar siglingar, eru lengri en 24 metrar og skráð eru hér á landi. Ísland var aðili að þessari alþjóðasamþykkt og hefur skuldbundið sig til að taka upp reglur hennar, en auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um mælingar skipa var birt í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1987.

Með nýjum mælingareglum alþjóðasamþykktarinnar frá 1969 er tekin upp mælieiningin brúttótonn (Gross tons — GT) í stað mælieiningarinnar brúttórúmlest (Gross register tons — GRT) sem ákveðin var með alþjóðasamþykkt sem undirrituð var í Ósló 10. júní 1947. Mælingaaðferðir og mælieiningar þessara alþjóðasamþykkta eru mismunandi og í sumum tilfellum mælast skip samkvæmt nýrri samþykktinni miklu stærri en samkvæmt þeirri eldri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 10. gr. laga um vitamál, nr. 56/1981, skal greiða vitagjald af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Tekjum af vitagjaldi má einungis ráðstafa til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands. Á árinu 1992 voru tekjur af vitagjaldi 44.909 þús. kr. og kostnaður af rekstri Vitastofnunar Íslands 105.000 þús. kr. Gjaldið er tekið af öllum íslenskum skipum á skipaskrá einu sinni á ári og er miðað við brúttórúmlestatölu skips eins og hún er mest. Það er nú 90,00 kr. á hverja brúttórúmlest og á að greiða fyrir 1. apríl ár hvert, en lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík annast innheimtu þess. Erlend skip sem setja farþega eða vörur á land greiða vitagjald við hverja komu til landsins sem svarar ⅕ af vitagjaldinu, mest fimm sinnum á ári.

Í 1. mgr. er lagt til að 11. gr. laga um vitamál verði breytt þannig að taka vitagjalds verði miðuð við brúttótonnatölu skips í stað brúttórúmlestatölu þess.

Í 2. mgr. er lagt til að erlend skip greiði vitagjald sem svarar til ¼ af vitagjaldinu, en ekki ⅕ eins og nú er. Þá er lagt til að fellt verði niður það ákvæði laganna að heimilt sé í reglugerð að ákveða lægra vitagjald fyrir erlend skemmtiferðaskip.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að skylt verði að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 brúttótonn eða stærri. Núgildandi reglur miða við 12 rúmlestir brúttó í þessu efni.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna nýrra mælingareglna skipa.

Með frumvarpinu er ákvæðum ýmissa laga breytt þannig að mælieining skipa miðist við brúttótonn (gross tons) í stað brúttórúmlesta (gross register tons).

Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

421. Frumvarp til laga [307. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1994, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Í stað ártalsins „1993“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 á tekjur ársins 1995.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum, var lagt fyrir 117. löggjafarþing af ríkisstjórninni haustið 1993. Við afgreiðslu málsins frá þinginu vorið 1994 láðist að breyta ártali í ákvæði til bráðabirgða sem var við það miðað að frumvarpið yrði samþykkt á haustþingi. Frumvarpið, sem varð að lögum nr. 56/1994, öðlast gildi 1. janúar 1995 og er því brýnt að þetta verði leiðrétt fyrir þann tíma.

422. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum o.fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið samhljóða umsagnir frá samstarfsnefnd bændasamtakanna og stjórn Stéttarsambands bænda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem koma fram á sérstöku þingskjali.

Eggert Haukdal og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson.	Gísli S. Einarsson.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
	Árni M. Mathiesen.	

423. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum o.fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lögin öðlast gildi 1. janúar 1995.
2. Við bætist tvö ákvæði til bráðbirgða er orðist svo:
   a. (I.)
      Þrátt fyrir ákvæði laganna skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ljúka innheimtu þeirra gjalda til forfallaþjónustu í sveitum sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1995.
   b. (II.)
      Stjórn forfallaþjónustu í sveitum skal þrátt fyrir ákvæði 1. gr. starfa áfram til 1. apríl 1995 og sjá um að ljúka uppgjöri á málefnum forfallaþjónustunnar og að útdeila tekjuafgangi til framleiðenda.
      Réttur einstakra framleiðenda til endurgreiðslu er háður því að viðkomandi framleiðandi hafi greitt til þjónustunnar eftir 31. ágúst 1994. Endurgreiðsla skal fara fram í sömu hlutföllum og hver og einn framleiðandi greiddi í Búnaðarmálasjóð vegna þjónustunnar á því tímabili.

424. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti og Agnar Norland. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Páli A. Pálssyni, fyrrverandi yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verið samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

7. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið kröfur um heilbrigði er taki mið af kyni og aldri hrossa sem flytja á úr landi, skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og meðferð þeirra upplýsinga sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upprunavottorð byggist á.

Eggert Haukdal og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Gísli S. Einarsson.
Guðni Ágústsson.	Árni M. Mathiesen.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
	Einar K. Guðfinnsson.	

425. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um einkahlutafélög.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 1. mgr. 42. gr. bætist: Ákvæðið á einnig við ef þeir hafa sætt sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd í tengslum við brot í atvinnurekstri.

426. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Petrínu Baldursdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Árna Johnsen, Svavari Gestssyni, Pétri Bjarnasyni, Birni Bjarnasyni, Tómasi Inga Olrich og Kristínu Ástgeirsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis.	
a. Fyrir „14.000“ kemur	15.300
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	900
2. Árni Kristjánsson	900
3. Ásgerður Búadóttir	900
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	900
5. Halldór Laxness	900
6. Hannes Pétursson	900

	Þús. kr.	Þús. kr.
7. Helgi Skúlason	900	
8. Indriði G. Þorsteinsson	900	
9. Jón Nordal	900	
10. Jón úr Vör	900	
11. Jórunn Viðar	900	
12. Kristján Davíðsson	900	
13. María Markan	900	
14. Matthías Johannessen	900	
15. Sigfús Halldórsson	900	
16. Stefán Hörður Grímsson	900	
17. Thor Vilhjálmsson	900	
		15.300

427. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 1. mgr. 55. gr. bætist: Ákvæðið á einnig við ef þeir hafa sætt sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd í tengslum við brot í atvinnurekstri.

428. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1995–1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Alþingi ályktar skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árin 1995–1998 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1995	1996	1997	1998
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	4 370	4 470	4 560	4 630
2. Þungaskattur, árgjald	570	580	590	600
3. Þungaskattur, km-gjald	1 410	1 430	1 460	1 480
4. Bætt innheimta þungask.	100	100	100	100
1.2. Fært í ríkissjóð	-275	-140	-140	-140
	6 175	6 440	6 570	6 670
1.3. Framkvæmdaátak:				
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	310	350	355	360
2. Framlag úr ríkissjóði	350	350	350	350
3. Lánsfé	590	300	45	0
4. Endurgreiðsla lánsfjár í lið 13.3				-210
	1 250	1 000	750	500
Samtals	7 425	7 440	7 320	7 170

II.SKIPTING ÚTGJALDA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1995	1996	1997	1998
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	127	137	137	137
2. Tæknilegur undirbúningur	125	140	140	140
	252	277	277	277
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	217	219	224	229
2. Vegir og vegyfirborð	335	340	345	350
3. Brýr og önnur vegamannv	33	38	42	46
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	220	223	225	227
	805	820	836	852
2. Vetrarþjónusta	610	610	620	635
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bund. slitl.	480	490	500	515
2. Endurnýjun malarslitlaga	200	200	205	210
3. Styrkingar og endurbætur	255	260	270	275
4. Viðhald brúa og varnargarða	100	110	110	110
5. Öryggisaðgerðir	60	60	60	60
6. Vatnaskemmdir	90	90	90	90
	1 185	1 210	1 235	1 260
4. Þéttbýlisvegir	267	276	286	296
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnvegir				
1. Alm. verk. og bundin slitl	421	927	730	790
2. Höfuðborgarsvæðið	299	469	540	560
3. Stórverkefni	620	550	680	610
4. Framkvæmdaát. v/atvinnu	450	0	0	0
5. Framkvæmdaátak	1250	1000	750	500
	3 040	2 946	2 700	2 460
2. Tengivegir.	280	326	360	380
3. Til brúagerða				
1. Brýr 10 m og lengri	139	139	140	140
2. Smábrýr	15	15	18	18
4. Girðingar	27	27	30	33
	3 501	3 453	3 248	3 031
2.4. Til safnvega:	176	176	188	188
2.5. Til landsvega:	64	64	71	71
2.6. Til styrkvega:	25	26	28	28
2.7. Til reiðvega:	9	9	10	10
2.8. Til tilrauna:	62	64	66	67
2.9. Til flóabáta:	469	455	455	455
Samtals	7425	7440	7320	7170

III. FLOKKUN VEGA

3.1.STOFN- OG TENGIVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Kúðafljót sunnan Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Hringvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Hringvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli að Þjórsárdalsvegi nálægt Sultarfit.

201 Vallavegur: Af Hringvegi við Brúará á Hringveg við Brunná.

202 Prestbakkavegur: Af Hringvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

204 Meðallandsvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðrifljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Hringveg austan Kúðafljóts.

205 Klausturvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

206 Holtsvegur: Af Hringvegi að Húnkubökkum.

208 Skaftártunguvegur: Af Hringvegi vestast í Eldhrauni yfir Eldvatn hjá Ásum, um Skaftártungu að Fjallabaksleið nyrðri.

209 Hrífunesvegur: Af Hringvegi nálægt Laufskálavörðu um Hrífunes á Skaftártunguveg austan Tungufljótsbrúar

210 Ljótarstaðavegur: Af Skaftártunguvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Hringvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Hringvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Hringvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Hringvegi hjá Litla Hvammi í Mýrdal að heimreið að Vatnsskarðshólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Hringvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Hringveg vestan Péturseyjar.

238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að flugstöð.

239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun og Páskahraun, á Fellaveg sunnan Helgafells.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Hringvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Hringveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Hringsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Hringveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Hringveg austan Írár.
246 Skálavegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Hringveg austan við Hvamm.
247 Sandhólmavegur: Af Hringvegi við Hvamm, um Efraholt, á Hringveg hjá Fitjamýri
248 Markarvegur: Af Þórsmerkurvegi austan Markarfljóts að Stórumörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Hringvegi austan Markarfljóts hjá Seljalandi að Markarvegi.
250 Dímonarvegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli fram hjá Stóra-Dímon, á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli um Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Hringvegi austan Affalls, um Miðey Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Hringveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Hringvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Hringvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Fljótsdal.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efrahvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Hringvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Hringveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Hringvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Hringvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Hringvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Hringvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Hringvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Hrauk.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Hringvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Hringvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Hringvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Hringveg á Lónsheiði.
2025 Hrunavegur: Af Hringvegi að Sléttu.
2050 Fossvegur: Af Hringvegi að Fossi 2 og 3.
2075 Hörgslandsvegur: Af Hringvegi að Hörgslandi.
2120 Giljavegur: Af Hringvegi að Giljum.
2140 Ásvegur: Af Hringvegi að Ási.
2160 Hvolavegur: Af Hringvegi að Hvoli.
2180 Sólheimavegur: Af Hringvegi að Sólheimum.
2420 Skógavegur: Af Hringvegi að kennarabústað.
2440 Fossvegur: Af Skógavegi að dýralæknisbústað.
2460 Hólsvegur: Af Sandhólmavegi að Efrahóli.
2480 Seljalandsvegur: Af Hringvegi að Seljalandi.
2510 Krossvegur: Af Landeyjavegi að Hallgeirsey.
2510 Krossvegur: Af Landvegi að Hallgeirsey.

2520 Skíðbakkavegur: Af Landeyjavegi að Skíðbakka.
2530 Skeggjastaðavegur: Af Landeyjavegi að afleggjara að Vestritungu.
2540 Fíflholtshverfisvegur: Af Akureyjarvegi að Gerðum.
2560 Eyjarvegur: Af Hringvegi að Berjanesi.
2570 Akureyjarvegur: Af Akureyjarvegi að Akurey.
2615 Torfastaðavegur: Af Fljótshlíðarvegi aðTorfastöðum.
2625 Lambeyjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Bjargarkoti.
2645 Kirkjulækjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Kirkjulækjarkoti.
2655 Vatnsdalsvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Tumastöðum.
2665 Hlíðarbólsvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Hlíðarbóli
2675 Lynghagavegur: Af Norðurgarði á Hvolsvelli að Akri.
2715 Gunnarsholtsvegur: Af Rangárvallavegi að starfsmannabústöðum.
2725 Akurhólsvegur: Gunnarsholtsvegi að Akurhóli.
2735 Helluvaðsvegur: Frá Hellu að Helluvaði.
2755 Hellatúnsvegur: Af Ásvegi að Hellatúni.
2765 Háarimavegur: Af Ásvegi að Háarima III.
2775 Bræðraborgarstígur: Af Ásvegi við Hábæjarkirkju á Ásveg við Tjörn.
2820 Laugalandsvegur: Af Landvegi að Nefsholti.
2840 Lækjarvegur: Af Hagabraut að Stúfholtshjáleigu.
2860 Hjallanesvegur: Af Landvegi aðHjallanesi.
2880 Flagbjarnarholtsvegur: Af Landvegi að Laugum.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Hringvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stórulaxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Hringvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Hringvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Hringvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Reykholt, Vatnsleysu, Múla og Geysi að þjónustumiðstöð við Gullfoss.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Hringvegi nálægt Hveragerði að Suðurvarargarði í Þorlákshöfn.
39 Þrengslavegur: Af Hringvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Hringvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss á Villingaholtsveg nálægt Villingaholti.
303 Ölvisholtsvegur: Af Hringvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Hringvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Hringveg nálægt Túni.

305 Villingaholtsvegur: Af Hringvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðrivöll.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Litlu-Sandvík.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti um Vorsabæ og Álfsstaði á Skálholtsveg litlu austar.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Steinsholti.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minnanúpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stórulaxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minniborg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Bræðratunguvegi á Pollengi austan Tungufljótsbrúar, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Hrunamannavegi ofan Flúða, yfir Hvítá hjá Hvítárholti á Biskupstungnabraut nálægt Felli.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.

364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Hringvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Hringveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Hringvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
376 Breiðamörk: Af Hringvegi um Hverageröi, framhjá Grýtu að Gufudal.
377 Reykjavegur: Af Breiðumörk hjá hótel Ljósbrá eftir Skólamörk, um brú á Varmá að garðyrkjuskóla.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn: Af Þorlákshafnarvegi að ferjuhöfn við Svartaskersbryggju.
3020 Laugardælavegur: Af Hringvegi að Laugardælum.
3040 Stóru-Ármótavegur: Af Oddgeirshólavegi að Litlu-Ármótum.
3060 Forsætisvegur: Af Villingaholtsvegi á Villingaholtsveg.
3080 Hróarsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi að vegamótum að Læk.
3115 Arnarhólsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Hólshúsum.
3130 Holtsvegur: Af Holtsvegi að Holti.
3145 Grundarvegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Vestrigrund.
3160 Baugsstaðavegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Baugsstöðum.
3175 Lækjarmótavegur: Af Votmúlavegi að Lækjamóti.
3220 Reykjavegur: Af Skálholtsvegi að Reykjum.
3240 Ósabakkavegur: Af Skálholtsvegi að Ósabakka.
3260 Hlemmiskeiðavegur: Af Skeiðavegi að Hlemmiskeiði.
3280 Fjallsvegur: Af Vorsabæjarvegi að Útverkum.
3305 Sandlækjarkotsvegur: Af Skeiðavegi að Sandlækjarkoti.
3315 Þrándarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi að Þrándarlundi.
3325 Hlíðarvegur: Af Hælisvegi að Hæli.
3335 Háholtsvegur: Af Hælisvegi að V-Geldingaholti.
3345 Hagavegur: Af Þjórsárdalsvegi að Haga.
3355 Heiðarbraut: Af Þjórsárdalsvegi að Gnúpverjavegi.
3365 Ásólfsstaðavegur: Af Þjórsárdalsvegi að Ásólfsstöðum.
3405 Grafarbakkavegur: Af Hrunavegi að Hverabakka.
3415 Varmalandsvegur: Af Hrunamannavegi að Varmalandi.
3425 Hrepphólavegur: Af Hrunamannavegi að Breiðási.
3435 Hvammsvegur: Af Hrunamannavegi að Hvammi.
3445 Hvítárholtsvegur: Af Hrunamannavegi að Borgarási.
3450 Selsvegur: Af Hvítárholtsvegi að Efra-Seli.
3455 Miðfellsvegur: Af Hrunamannavegi að Miðfelli 4a.
3465 Laugarvegur: Af Hrunavegi að Reykjabóli.
3475 Unnarholtsvegur: Af Auðsholtsvegi að Unnarholti.
3485 Birtingaholtsvegur: Af Auðsholtsvegi að Birtingaholti 4.
3495 Hrafnkelsstaðir: Af Langholtsvegi að Hrafnkelsstöðum 3.
3510 Iðuvegur: Af Skálholtsvegi að Iðu.
3520 Laugarásvegur: Af Skálholtsvegi að Skálholtsvegi.
3530 Helgastaðavegur: Af Skálholtsvegi að Helgastöðum.
3540 Skálholtskirkja: Af Skálholtsvegi að prestsetri.
3550 Hrosshagavegur: Af Biskupstungnabraut að Hrosshaga.
3560 Dalbrúnarvegur: Af Biskupstungnabraut að Biskupstnbraut.
3570 Bergholtsvegur: Af Biskupstungnabraut að Bergholti.
3580 Norðurbrúnavegur: Af Biskupstungnabraut að Bergholtsvegi.

3590 Syðri-Reykjavegur: Af Reykjavegi að gatnamótum að Brún.
3630 Hagavegur: Af Biskupstungnabraut að Seli.
3660 Efribrúarvegur: Af Þingvallavegi að skóla.
3690 Bíldsfellsvegur: Af Grafningsvegi neðri að Bíldsfelli.
3695 Nesjavallavegur: Af Grafningsvegi efri að vegamótum að Nesjavöllum.
3710 Árbæjarvegur: Af Hringvegi að Hlöðutúni.
3720 Hlíðardalsskólavegur: Af Krýsuvíkurvegi að Hlíðardalsskóla.
3730 Hraunsvegur: Af Þorlákshafnarvegi að Hrauni 3.
3740 Bæjarhverfisvegur: Af Þorlákshafnarvegi að Vötnum.
3760 Hvolsvegur: Af Hringvegi að Kvíarhóli.
3770 Þórustaðavegur: Af Hringvegi að Kjarri.
3780 Núpavegur: Af Þorlákshafnarvegi að Núpum.
3790 Bakkavegur: Af Þorlákshafnarvegi að Bakka.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna, ofan Reykjavíkur, um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Hringveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) á Kirkjusandi í Reykjavík (eftir Kringlumýrarbraut) um Kópavog og Garðabæ á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Af Nesbraut vestan Ánanausta í Reykjavík, um Ánanaust, með fram höfninni (eftir Sæbraut) austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur, að Leifsstöð.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa, um Ránargötu að Grindavíkurhöfn.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut á Fitjum um Njarðvík að Njarðvíkurhöfn.
47 Fjarðarbraut: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal um miðbæ Hafnarfjarðar á Reykjanesbraut hjá Þorlákstúni.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Hringvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
49 Nesbraut: Af Hringvegi við Jörfa, um Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda að Eiðistorgi.
409 Fossvogsbraut: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, suður með Öskjuhlíð, austur Fossvogsdal, á Reykjanesbraut austan Blesugrófar.
410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt, um Rjúpnadalshlíð og norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs, á Breiðholtsbraut.

412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
413 Breiðholtsbraut: Af Hringvegi við Rauðavatn, um norðurhlíð Vatnsendahvarfs, yfir Reykjanesbraut í Mjódd, vestur Digranesháls (Nýbýlaveg) á Hafnarfjarðarveg við Fossvog.
414 Flugvallarvegur Reykjavík: Af Nesbraut á Melatorgi um Suðurgötu og Þorragötu að flugvelli.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Moldahrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Eyvindarstaðavegi.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Hringvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
418 Bústaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Kringlumýrar um norðanverða Öskjuhlíð á Nesbraut á Miklatorgi.
419 Höfðabakki: Af Reykjanesbraut austan Blesugrófar í Reykjavík, yfir Elliðaár nálægt Árbæ, um Ártúnshöfða, yfir Grafarvog að Gufunesi.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að höfn í Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík að bryggju.
424 Keflavíkurvegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, um Flugvallarveg að Keflavíkurhöfn.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík, um Ísólfsskála, á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
429 Sandgerðisvegur: Af Garðskagavegi ofan Keflavíkur, um Miðnesheiði að Sandgerði.
430 Úlfarsárvegur: Af Hringvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Hringvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Hringvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Hringvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Hringveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Hringvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.
4150 Hliðsnesvegur: Af Álftanesvegi nálægt Selskarði að Hliðsnesi.
4225 Brunnastaðavegur: Af Vatnsleysustrandarvegi að Traðarkoti.
4230 Naustakotsvegur: Af Vatnsleysustrandarvegi að Sætúni.
4250 Útgarðsvegur: Af Garðskagavegi hjá Fitjum að Útskálavegi.
4315 Leirvogstunguvegur: Af Hringvegi að Leirvogstungu.
4325 Hrísbrúarvegur: Af Þingvallavegi að vegamótum sunnan Köldukvíslar.
4335 Hvirfilsvegur: Af Þingvallavegi að Minna-Mosfelli.
4345 Helgadalsvegur: Af Þingvallavegi að Hreggsstöðum.
4355 Hraðastaðavegur: Af Helgadalsvegi að Hraðastöðum.
4365 Hrafnhólavegur: Af Þingvallavegi hjá Seljabrekku að Selvangi.
4510 Varmadalsvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Varmadal III.

4520 Leiruvegur: Af Hringvegi að Fitjakoti.
4530 Norðurgrafarvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Gryfju.
4540 Víðinesvegur: Af Vesturlandsvegi að Víðinesi.
4550 Kollafjarðarvegur: Af Hringvegi í Kollafirði að vegamótum að Kollafirði.
4560 Esjuvegur: Af Hringvegi við Kirkjuland á Hringveg við Skrauthóla.
4570 Klébergsvegur: Af götu í Grundarhverfi að vegamótum að Bergvík.
4580 Arnarholtsvegur: Af Brautarholtsvegi að Arnarholti.
4650 Neðrihálsvegur: Af Hringvegi að Neðrihálsi.

Vesturlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði
50 Borgarfjarðarbraut: Af Hringvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Hringveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Hringvegi hjá Lambhaga að ferjubryggju á Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Hringvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Hringveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Hringvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði að Norðurtanga í Ólafsvík.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að ferjubryggju í Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 Svínadalsvegur: Af Hringvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innrahólm og Esjubraut á Akranesi að Akranesvegi.
504 Leirársveitarvegur: Af Hringvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Hringvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Hringveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Hvammi.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.

513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka III.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóraás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal, fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litluþverár að Helgavatni.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litluþverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum í Norðurárdal.
528 Norðurárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Hringveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Hringvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarbraut: Af Hringvegi að Egilsgötu í Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú að vegamótum að Valshamri.
539 Hítardalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Hundastapa á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Álftavatnsvegi.
573 Rifshafnarvegur: Af Útnesvegi hjá Rifi að höfn.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Norðurtanga í Ólafsvík.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall að Skallabúðum.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi að Blönduhlíð.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli að vegamótum að Vífilsdal.

582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Spágilsstöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi að vegamótum að Sámsstöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
5150 Rauðsgilsvegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum að Rauðsgili.
5250 Kaðalstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut að Kaðalstöðum.
5350 Valbjarnavallavegur: Af Hringvegi að vegamótum að Stórafjalli.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi um Lindartungu á Heydalsveg.
5660 Miðhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi að Miðhrauni.
5710 Arnarstapavegur: Af Útnesvegi að Arnarstapahöfn.
5730 Hellnavegur: Af Útnesvegi að bryggju.
5750 Kvíabryggjuvegur: Af Snæfellsnesvegi að Krossnesvegi.
60 Vestfjarðavegur: Af Hringvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfirði, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hringvegi vestan Hrútafjarðarár út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði, ofan Hólmavíkur, um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð að höfn í Bolungarvík.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd, yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsgötu að höfn á Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal að höfn á Flateyri.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði að ytri höfn á Suðureyri.
67 Hólmavíkurvegur: Af Djúpvegi við Hólmavík um Hólmavík að höfn.

69 Steinadalsvegur: Frá Steinadal á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, að Bakka. Einnig frá Tröllatungu á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
611 Brjánslækjarvegur: Af Barðastrandarvegi að Brjánslæk.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall, að vegamótum neðan Bjarngötudals.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, að Hænuvík.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi í Sauðlauksdal að flugvelli á Sandodda.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi við Bíldudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi á Hvassnesi að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri að Haukadal.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Hrauni á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
628 Hjarðardalsvegur: Af Vestfjarðavegi að Hjarðardal.
629 Syðradalsvegur: Af Djúpvegi vestan Óss að Geirastöðum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón, út Snæfjallaströnd að Bæjum.
636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu að höfn.
640 Borðeyrarvegur: Af Djúpvegi að Borðeyri.
641 Krossárdalsvegur: Af Djúpvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
642 Flugvallarvegur Hólmavík: Af Djúpvegi ofan Hólmavíkur að flugvelli.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.

35 Kjalvegur: Frá vegamótum við Blönduvirkjun á Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri.

72 Hvammstangavegur: Af Hringvegi hjá Stóraósi að Klapparstíg á Hvammstanga.

74 Skagastrandarvegur: Af Hringvegi hjá Blönduósi að Skagastrandarhöfn.

75 Sauðárkróksbraut: Af Hringvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg hjá Narfastöðum.

76 Siglufjarðarvegur: Af Hringvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstugrund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að höfn á Siglufirði.

77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.

702 Heggstaðanesvegur: Af Hringvegi í Hrútafirði nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Hringveg utan við Melstað.

703 Hálsabæjavegur: Af Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.

704 Miðfjarðarvegur: Af Hringvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Hringveg hjá Laugarbakka.

705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Fosshóli.

711 Vatnsnesvegur: Af Hvammstangavegi við Klapparstíg á Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Hringveg hjá Vatnshorni.

714 Fitjavegur: Af Hringvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.

715 Víðidalsvegur: Af Hringvegi hjá Deildarhóli, um Víðdalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, út austan Víðidalsár, á Hringdveg vestan Lækjamóta.

716 Síðuvegur: Af Hringvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.

717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk, um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.

721 Þingeyravegur: Af Hringvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.

722 Vatnsdalsvegur: Af Hringvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Hringveg nálægt Aralæk.

724 Reykjabraut: Af Hringvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.

726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.

727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Snæringsstöðum.

731 Svínvetningabraut: Af Hringvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Hringveg norðan Svartárbrúar.

732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum við Blönduvirkjun.

733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð II.

734 Svartárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði að Hvammi.

741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá hjá Skrapatungu og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vindheimavegur: Af Hringvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, að Sigríðarstöðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
7020 Reykjaskólavegur: Af Hringvegi að Reykjaskóla.
7040 Mýravegur: Af Heggstaðanesvegi að Mýrum III.
7060 Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi að Staðarbakka.
7080 Laugarbakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi að Laugarbakkaskóla
7125 Króksvegur: Af Fitjavegi að Valdarásvegi.
7175 Hrappsstaðavegur: Af Víðidalsvegi að Litluhlíðarvegi.
7250 Árholtsvegur: Af Hringvegi að Árholti.
7350 Steinárvegur: Af Svartárdalsvegi að Hólsvegi.
7425 Brekknavegur: Af Skagavegi að Örlygsstaðavegi II.
7450 Neðribyggðarvegur: Af Skagavegi hjá félagsheimilinu Skagaseli að Hvalnesi.

7475 Sjávarborgarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Brennigerði að Sjávarborg III.
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk að Ljósalandi.
7530 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breið að Gilhaga.
7545 Villinganesvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi II að Tunguhálsi I.
7560 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi austan Jökulsár eystri að Byrgisskarði.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum að Lambeyri.
7585 Kjálkavegur: Af Hringvegi hjá Skeljungshöfða að Flatatungu.
7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi að Stóru-Ökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil að vegamótum vestan Geldingaholts I.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund að Kringlumýri.
7750 Smiðsgerðisvegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku að Sleitustöðum.
7825 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár að Arnarstöðum.
7875 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum að Barði.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn að aðalgötu.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss með fram flugvelli að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.

814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð um Syðsta-Samtún að Áslaksstöðum.
819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil á Eyja-fjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttarvöll að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnsvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Hringvegi við Reynihlíð að flugvelli.

851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi að höfn.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi að Möðruvöllum I.
8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi að vegamótum við Bakka.
8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Veigastaðavegi að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Syðra Hóli.
8240 Ytri Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Laugarholti.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi að Halllanda.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi að Mógili II.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi að vegamótum við Meyjarhól.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi að vegamótum að skógarvarðarhúsi.
8420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi að Granastöðum.
8450 Akurbakkavegur: Af Hafnarvegi Grenivík að Akurbakka.
8460 Lundarbrekkuvegur: Af Lundarbrekkuvegi að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi að Bjarnarstöðum.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi að Skriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi að Hraunkoti.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi að Árbót.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi að Nesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi að Skóla
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi að Hafralæk.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi að Glaumbæ.

8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi að Brúnahlíð.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi að Grímsstöðum IIb.
8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi að Ytri-Neslöndum
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Hallbjarnarstöðum.
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi að Keldunesi.
8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi að Reistarnesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi að Gunnarsstöðum.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi að Hallgilsstöðum.

Austurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Hringveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að bryggju í Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð að Skólavegi á Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði að ferjubryggju á Seyðisfirði.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli um Breiðdalsvík á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi að höfn á Djúpavogi.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn að bryggju í Álaugarey.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum I.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum II.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.

918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Hringveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka að Galtastöðum ytri.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum að býlunum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu um Vestdalseyri að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði að höfn.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Af Hringvegi að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Hringveg hjá Ósi.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá að flugvelli.

983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi að Ytrihlíð I.
9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi að Refstað I.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi að Akri.
9225 Hnefildalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri að Mælivöllum II
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi að Hallfreðarstöðum II
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi að Finnsstöðum II.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi að Borg.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi að vegamótum að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Hólum II.
9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Miðskeri.
9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi að vegamótum að Stórulág.
9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi að Lækjarhúsum I.
9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi að vegamótum við Jaðar.
9860 Halavegur: Af Hringvegi að Hala II.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi að Hnappavöllum I
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi að Hofi I.
9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi að Hofi II
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi að Suðurbæ.

3.2. FLOKKUN STOFN- OG TENGIVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnvegir

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri - Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur - Skálholtsvegur og
Laugarvatnsvegur - Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
376 Breiðamörk:
Hringvegur - Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.

42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut - Vatnsskarð.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut - Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut - Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Fjarðarbraut.
49 Nesbraut.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
424 Keflavíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur:
Grindavíkurvegur - Þórkötlustaðir.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur - Hringvegur.
433 Reykjalundarvegur.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjarvegur - Hringvegur.
51 Akranesvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur - Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Hringvegur - Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
503 Akrafjallsvegur:
Leynir við Akranes - Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur - Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.

64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur - Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur - Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur - Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur - Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur - Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur - Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur - ytri vegamót Austurvegar.
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur - ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

3.2.2. Tengivegir

Aðrir vegir skv. 3.1. eru tengivegir.

3.3. FERJULEIÐIR

1. **Vestmannaeyjar - Þorlákshöfn**
   Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farðegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Reykjavík-Akranes.**
   Á milli Reykjavíkur og Akraness eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
3. **Stykkishólmur-Flatey-Brjánslækur.**
   Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
4. **Ísafjörður-Bæir-Æðey-Vigur.**
   Til Bæja á Snæfjallaströnd, Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglu legum áætlunarferðum.
5. **Árskógsströnd-Hrísey.**
   Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. **Akureyri-Hrísey-Dalvík-Grímsey.**
   Á milli Akureyrar, Hríseyjar,Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
7. **Neskaupstaður-Mjóifjörður.**
   Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

0.1. BREYTINGAR Á VEGÁÆTLUN Í KJÖLFAR NÝRRA VEGALAGA

Ný vegalög voru samþykkt á Alþingi s.l. vor. Mörg nýmæli og breytingar voru þá lögteknar, og hafa sumar þeirra mikil áhrif á uppsetningu og innihald vegáætlunar. Flokkun vegakerfisins var öll endurskoðuð, og lagaskilyrðum breytt fyrir upptöku vega í hina ýmsu flokka.

Þetta veldur töluverðum breytingum á framsetningu gjaldahliðar vegáætlunar og mikilli fjölgun vega í þeim skrám, sem birtast í tillögu þessari, þ.e. skrám yfir stofnvegi og tengivegi. Þessir nýju vegir eru þó flestir mjög stuttir, þannig að ekki er um miklar raunbreytingar á vegakerfi að ræða.

Eitt af meginverkefnum við endurskoðun vegáætlunar að þessu sinni er að fara yfir þessa breytingar og tryggja að þær séu í samræmi við hin nýju vegalög.

0.2. HEILDARFJÁRMAGN

Í frumvarpi til fjárlaga 1995 er fjármagn til vegáætlunar miðað við óbreytta nýtingu hefðbundinna tekjustofna og millifærslu í ríkissjóð eins og var í gildandi vegáætlun. Tekjuhlið vegáætlunar (liðir 1.1. og 1.2.) tekur mið af þessu út allt tímabilið. Tekjurnar fara nokkuð vaxandi í samræmi við áætlun um vöxt tekjustofna. Færsla af mörkuðum tekjustofnum í ríkissjóð er 275 m.kr. 1995, en síðan 140 m.kr. á ári 1996 - 1998. Heildarfjármagn þessa hluta fer þá vaxandi úr 6.175 m.kr. 1995 í 6.670 m.kr. 1998.

Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmdaátaks vegna atvinnumála sem ákveðin var haustið

1992, og átti að vera 450 m.kr. á árinu 1995 er nú felld niður, en miðað við að hinir hefðbundnu tekjustofnar standi undir útgjöldum til þeirra verkefna, sem vinna átti fyrir lánsfé, þannig að þeim ljúki skv. áætlun.

Í nóvember s.l. ákvað ríkisstjórnin að gera framkvæmdaátak í vegamálum. Ákvörðunin fól í sér, að á næstu fimm árum, 1995 - 1999, skyldi aflað 3.500 m.kr.. Helmingur fjárins komi af sérstakri hækkun markaðra tekjustofna, en hinn helmingurinn sem sérstakt framlag úr ríkissjóði. Skipting þessa fjár á milli kjördæma verði samkvæmt íbúatölu, og litið sé á höfuðborgarsvæðið sem eitt svæði þó í tveim kjördæmum sé. Þá var ákveðið, m.a. vegna aðstæðna í atvinnulífinu, að fjármagnið skyldi allt notað til framkvæmda á fjórum árum 1995 - 1998, og meiri hluti þess á fyrri hluta tímabilsins. Samkvæmt þessu verður unnið fyrir 1.250 m.kr. 1995, 1.000 m.kr. 1996, 750 m.kr. 1997 og 500 m.kr. 1998. Til að brúa bilið milli öflunar fjárins og notkunar þess þarf að taka lán, einkum tvö fyrstu árin, en lánin verða síðan endurgreidd á árunum 1998 og 1999.

Hækkun bensíngjalds í þessu skyni tók gildi í byrjun desember, enda er tekjuárið 1995 frá 1. desember 1994 til 30. nóvember 1995. Nam hækkunin 5,67% og hefur þá bensíngjaldið hækkað eins og vísitala byggingarkostnaðar leyfir. Enn er þó í gildi afsláttur af bensíngjald af blýlausu bensíni 5,88%, og er reiknað með, að hann verði áfram.

Slaki í þungaskatti miðað við vísitölu byggingarkostnaðar er nú tæp 4%, og er miðað við að þungaskatturinn hækki sem því nemur um áramót. Til að ná áðurnefndum 1.750 m.kr. þyrfti þungaskattur að öðru óbreyttu að hækka í ársbyrjun 1996 um 0,8% og er miðað við það.

Eftirlit með þungaskatti var fært frá fjármálaráðuneytinu til Vegagerðarinnar í ársbyrjun 1994. Voru þar með virkjaðir þeir starfsmenn hennar, sem annast eftirlit með þyngd og stærð ökutækja og skyldum málum. Þungaskattseftirlitið jókst mikið að umfangi við þetta. Markmiðið með þessu var tvíþætt. Annars vegar var stefnt að meira jafnrétti skattgreiðenda en verið hafði. Hins vegar átti þetta að auka tekjur af skattinum. Eru þegar komnar fram vísbendingar um að svo muni verða, og er reiknað með því í tekjuhlið áætlunarinnar.

Undanfarið hefur verið unnið að því að undirbúa breytingu á skattlagningu dísilbifreiða, þannig að olíugjald komi í stað þungskatts. Áætlun um tekjuöflun er miðuð við gildandi tilhögun. Ekki er reiknað með, að tekjuhlið vegáætlunar breytist þó að olíugjald verði tekið upp, enda hefur verið við það miðað, að olíugjaldið gæfi ekki minni tekjur en núverandi þungaskattur.

Samkvæmt því sem hér er rakið verður heildarfjáröflun til vegamála rúmlega 7,4 mia. kr. hvort árið 1995 og 1996 en heldur minni seinni tvö ár tímabilsins. Til samanburðar eru niðurstöðutölur í gildandi vegáætlun 7.0 mia. kr. 1995 og 6.7 mia kr. 1996 á sama verðlagi.

0.3. VERÐGRUNDVÖLLUR ÁÆTLUNARINNAR.

Allar tölur í áætluninni eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1995. Reiknað er með að meðalhækkun verðlags frá árinu1994 nemi 2% og er það í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps. Vísitala vegagerðar er því áætluð 4990.

Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 1996-1998 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

0.4. TENGSL VIÐ LANGTÍMAÁÆTÆLUN

Tillaga að langtímaáætlun hefur nokkrum sinnum verið lögð fyrir Alþingi, en aldrei verið afgreidd þaðan. Umræður hafa þó orðið um hana og drög að skiptingu á verkefni hafa orðið til. Slík drög hafa haft töluvert stefnumótandi gildi. Síðast urðu til drög að langtímaáætlun fyrir árin 1991-2002, sem rædd voru á þingi veturinn 1991 en urðu ekki útrædd frekar en áður.

Með nýjum vegalögum var í fyrsta sinn tekið í lög að gera skyldi langtímaáætlun. Sá kafli laganna, sem m.a. fjallar um þetta efni, tekur gildi við næstu endurskoðun vegáætlunar, þ.e.a.s. við þá endurskoðun, sem nú fer fram. Eðlilegt er þá að gerð langtímaáætlunar verði viðfangsefni næsta þings. Sú vinna er að mörgu leyti auðveldari, ef hún fellur ekki saman við endurskoðun vegáætlunar. Engu að síður er eðlilegt að fyrsta tímabil langtímaáætlunar falli saman við þau ár sem vegáætlun tekur til. Fyrsta tímabil nýrrar langtímaáætlunar, sem gerð yrði á næsta þingi, tæki þannig til áranna 1995-1998.

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1995-1998.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða innheimtu á mörkuðum tekjum á árunum 1995-1998. Allar upphæðir eru í m.kr. á meðalverðlagi 1995. Í þessari töflu eru meðtaldar þær viðbótartekjur, sem koma vegna hækkunar á gjaldskrám markaðra stofna í tengslum við áðurnefnt framkvæmdaátak (liður 1.3.1. í áætlun um fjáröflun).

Ár	Bensín gjald	Þungask. km-gjald	Þungask. árgjald	Samtals
1995	4 615	1 550	595	6 760
1996	4 725	1 600	605	6 930
1997	4 820	1 630	615	7 065
1998	4 895	1 650	625	7 170

1.1.0. Bifreiðaeign.

Mikill samdráttur hefur verið í innflutningi bifreiða undanfarin ár. Á árinu 1993 voru einungis 6.453 bifreiðir nýskráðar samanborið við 8.666 árið 1992 og 11.943 árið 1991. Afleiðing þessa er að bifreiðaeign landsmanna hefur dregist nokkuð saman. Í ársbyrjun 1994 áttu landsmenn 131.839 bifreiðir.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Alm-bílar	Vöru-bílar	Bifreiðir alls.
1960	14 228	89	325	5 703	20 256
1970	37 304	183	555	5 727	43 586
1980	81 025	357	1 117	7 873	90 015
1985	100 477	415	1 165	11 560	113 202
1986	102 954	426	1 422	12 741	117 117
1987	112 760	462	1 222	11 968	125 950
1988	120 153	488	1 238	11 757	133 148
1989	125 226	499	1 298	12 078	138 602
1990	124 273	490	1 328	12 177	137 778
1991	119 731	468	1 328	13 122	134 181
1992	120 862	466	1 389	14 623	136 874
1993	120 146	459	1 157	14 845	136 148
1994	116 195	439	1 193	14 451	131 839

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Fólksbifreiðaeign dróst saman um 3,3% á árinu. Bensínsala dróst einnig nokkuð saman, en heldur minna eða um 1%. Það sem af er árinu 1994 er bensínsala aftur að aukast, eða um tæpt 1,5% ef miðað er við söluna fram til septemberloka. Áætluð bensínsala á tekjuárinu 1994 er 181 milljón lítra.

Umferðaraukning samkvæmt umferðarspá er um 2% á ári í byrjun þessa vegáætlunartímabils, en fer niður í 1,75% í lok þess. Gert er ráð fyrir að þessi umferðaraukning skili sér að mestu í aukinni bensínsölu og er reiknað með 1,8% aukningu að meðaltali milli ára.

1.1.2.-3. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dieselbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt. Annars vegar er árgjald, sem innheimt er af flestum smærri dieselbifreiðum, og hins vegar km-gjald, en þá er greitt af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dieselbifreiðir og þeir eigendur smærri dieselbifreiða sem þess óska greiða km-gjaldið.

Gert er ráð fyrir svipaðri magnaukningu í akstri dieselbifreiða og í bensínsölu þ.e. 1,8% á ári. Gjaldskrár þungaskatts verða hækkaðar eins og leyfilegt er til að mæta útgjöldum vegna framkvæmdaátaks í vegamálum.

1.1.4. Bætt innheimta þungaskatts.

Eins og áður er getið tók Vegagerðin í ársbyrjun 1994 við eftirliti með þungaskatti. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldinu um álagningu og innheimtu km-gjalds 1994 virðist þetta aukna eftirlit ætla að skila árangri, þegar á þessu ári. Af þessari ástæðu er gert ráð fyrir auknum tekjum af þungaskatti á næstu árum sem nemur um 100 m.kr. á ári og er þetta sérliður í tekjuáætluninni.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Undanfarin ár hafa tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum verið skertar og sú skerðing látin renna í ríkissjóð. Á árinu 1995 er gert ráð fyrir að þessi skerðing nemi 275 m.kr.. Skerðingin minnkar síðan og nemur 140 m.kr. á árinu 1996 og einnig á árunum 1997 og 1998. Samkvæmt athugasemdum við fjárlagafrumvarp 1995 er skerðingunni ætlað að standa að hluta til undir útgjaldaaukningunni sem varð vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum á árunum 1993 og 1994.

1.3. FRAMKVÆMDAÁTAK

Sem fyrr segir ákvað ríkisstjórnin í nóvember 1994 að verja fé til framkvæmdaátaks í vegamálum. Eins og fram kom í kaflanum um heildarfjármagn vegáætlunarinnar er gert ráð fyrir því að heildarupphæð framkvæmdaátaksins nemi 3.500 m.kr. og er reiknað með að fjármagna helming átaksins eða 1.750 m.kr. með því að fullnýta markaða stofna og er greint frá því í kaflanum um markaðar tekjur. Hinn helminginn á að fjármagna með framlagi úr ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði mestar á fyrri hluta átakstímabilsins, þarf auk þessa að grípa til lántöku á árunum 1995-1997.

1.3.1. Frá mörkuðum tekjustofnum

Eins og fram kemur í kaflanum um heildarfjármagn verða gjaldskrár markaðra tekjustofna hækkaðar og tekjunum varið til framkvæmdaátaks í vegamálum. Bensíngjald var í þessu skyni hækkað um 5,67% þann 2. desember 1994 og gjaldskrár þungaskatts verða hækkaðar um tæplega 4% í ársbyrjun 1995 og um 0,8% í ársbyrjun 1996. Á árinu 1995 er reiknað með að tekjurnar verði 310 m.kr., 350 m.kr. á árinu 1996, 355 m.kr. á

árinu 1997 og 360 m.kr. á árinu 1998. (Á árinu 1999 er gert ráð fyrir að tekjurnar verði 375 m.kr.).

1.3.2. Framlag úr ríkissjóði

Vegna framkvæmdaátaks í vegamálum kemur sérstakt framlag úr ríkissjóði til vegamála, sem nemur 350 m.kr. á ári, næstu fimm árin þ.e. á árunum 1995-1999.

1.3.3-4. Lánsfé og endurgreiðsla lánsfjár

Þar sem reiknað er með að útgjöld vegna framkvæmdaátaks í vegamálum verði mest á fyrstu árum átaksins á meðan fjármögnun átaksins dreifist nokkuð jafnt á öll árin fimm er nauðsynlegt að fjármagna hluta framkvæmdanna á árunum 1995-1997 með lánsfé. Lánin verða síðan endurgreidd á árunum 1998 - 1999.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1995 - 1998

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri ár frá ári. Stafar það ekki síst af því, að framkvæmdir þær, sem í er ráðist, eru stærri og flóknari en áður var. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við stöðugt fleiri aðila. Má þar t.d. nefna nýlegar reglur um umhverfismat. Undirbúningur verka hefur því reynst tímafrekari og dýrari, auk þess sem aukið fjármagn til vegamála hefur að sjálfsögðu áhrif á þennan lið. Þá er vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra og eftirlit með þeim. Því er ljóst, að fjárveiting til þessa liðar er orðin of lág 1995 en reiknað er með að hún hækki á síðari árum áætlunartímabilsins.

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, en undir það heyrir fjárreiðudeild sem sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, hagdeild sem sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlunagerð og kostnaðareftirlit og lögfræði og starfsmannadeild, en undir hana heyrir, auk lögfræði og starfsmannamála, bókasafn og útgáfustarfsemi.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna, sem hafa engan eða mjög lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda, var áður sérstakur liður í vegáætlun, en þar sem þeim aðilum, sem þiggja þessar greiðslur hefur fækkað mikið og kostnaður þar af leiðandi minnkað eru eftirlaunagreiðslur nú felldar undir liðinn skrifstofukostnaður. Lagt er til að fjárveiting verði 127 m.kr. 1995 en vaxi í 137 m.kr. á seinni árum tímabilsins.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verka, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim auk ýmiss konar rannsóknarstarfa. Ef unnið er við verk, sem hefur fjárveitingu samkvæmt vegáætlun færist kostnaðurinn á það. Verkefni, sem kostuð eru af þessum lið eru auk stjórnunarstarfa einkum hönnun verka, sem enn hafa ekki fengið fjárveitingu samkvæmt vegáætlun svo og áætlanagerð og ýmsar rannsóknir.

Vegaeftirlit og umferðartalning voru áður sérstakur liður í vegáætlun, en í kjölfar breytts skipulags er eðlilegra að telja þennan kostnað með tæknilegum undirbúningi. Frá ársbyrjun 1994 hefur þjónustudeild Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti, sem

áður var í höndum fjármálaráðuneytisins. Þetta hefur leitt til aukins kostnaðar, en árangur þessa aukna eftirlits virðist töluverður, ef marka má bráðabirgðatölur um álagningu þungaskatts á árinu 1994. Lagt er til að fjárveiting verði 125 m.kr. en vaxi í 140 m.kr.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Viðhaldi þjóðvega er skipt með hliðstæðum hætti og fyrst var gert við gerð vegáætlunar 1991. Þeim verkefnum sem áður féllu undir sumarviðhald, er nú skipt í almenna þjónustu og viðhald.

Til viðbótar þessum liðum og vetrarþjónstu kemur nýr liður, þéttbýlisvegir, en með nýju vegalögunum, sem tóku gildi á þessu ári verða flestir þeir vegir, sem áður voru þjóðvegir í þéttbýli þjóðvegir

2.2.1. Almenn þjónusta

Áætlað hefur verið að fjárþörf til þjónustu vegakerfisins sé um 900 - 950 m.kr. á ári. Lagt er til að fjárveiting verði 805 m.kr. á árinu 1995, 820 m. kr. á árinu 1996, 836 m.kr. á árinu 1997 og 852 m. kr á árinu 1998.

Almenn þjónusta tekur til þeirrar viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og vera þarf til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fjóra megin flokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu , til vega og vegyfirborðs, til þjónustu brúa og annarra vegamannvirkja og til merkinga og vegbúnaðar.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Lagt er til að fjárveiting 1995 verði 217 m.kr. og verði varið til þess að greiða kostnað við ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni svo og kostnað við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem hefur að markmiði að umferðin komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki með vaxandi umferð og verði 219 m.kr. 1996, 224 m.kr. 1997 og 229 m.kr. 1998.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð

Lagt er til að fjárveiting verði 335 m.kr. árið 1995 en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnum slitlögum og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum.

Reiknað er með að fjárveiting þessi hækki í 340 m.kr. á árinu 1996, 345 m.kr. 1997 og 350 m.kr. árið 1998.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki

Lagt er til að fjárveiting verði 33 m.kr. árið 1995 og verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri vegræsum og jarðgöngum svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum

Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki með vaxandi umferð og verði 38 m.kr. 1996, 42 m.kr. 1997 og 46 m.kr. á árinu 1998.

2.2.1.4. Merkingar og vegbúnaður

Lagt er til að fjárveiting verði 220 m.kr. á árinu 1995 og verði varið til þess að greiða kostnað við lýsingu fram með vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum,

umferðarmerkjum og leiðurum, yfirborðsmerkingar á vegum og byggingu og viðhald áningarstaða. Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki í 223 m.kr. á árunum 1996, 225 m.kr. 1997 og 227 m.kr. árið 1998.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Lagt er til að fjárveiting til vetrarþjónustu verði 610 m.kr. á árinu 1995.

Vetrarþjónusta tekur auk snjómoksturs og hálkuvarnar til eftirlits og upplýsingarþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum svo og viðhald á snjóstikum, merkingum og öðru því er varða öryggi vegfarandans að vetrarlagi.

Lagt er til að fjárveiting verði sú sama á árinu 1996, 620 m.kr. 1997 og 635 m.kr. á árinu 1998.

2.2.3. Viðhald

Viðhald miðar að því að varðveita verðmæti vegarins og notagildi fyrir þá umferð sem um hann fer.

Það tekur m.a. til styrkingar vega og brúa og endurnýjunar slitlaga, bundinna slitlaga og malarslitlaga svo og lagfæringa á hættustöðum og snjóastöðum. Með hliðsjón af núverandi ástandi er ljóst að ekki er unnt að fresta verulegum endurbótum og styrkingum á miklum hluta malarvegakerfisins þar til fé fæst til endurbyggingar. Þessi verkefni verða því að falla undir viðhald.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð 1500 til 1600 m.kr. á ári. Hér er lagt til að fjárveitingar fari hækkandi frá 1185 m.kr. 1995 í 1260 m.kr. 1998 og nái þannig um það bil 80% af áætlaðri þörf.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Þessi þáttur viðhaldsins er mjög þýðingarmikill vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem liggja í bundnu slitlögunum. En frestun á yfirlögn getur á skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu. Hér þarf því að ná mestum hluta af hinni áætluðu þörf. Lagt er til að fjárveiting verði 480 m.kr. 1995 og hækki í 515 m.kr. 1998.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Talið er að af þeim vegum sem nú teljast malarvegir hafi aðeins tæpur helmingur raunverulegt malarslitlag. Til þess að halda í horfinu með endurnýjun þessara 3000 km raunverulegra malarslitlaga hefur verið áætlað að þurfi um 300 m.kr. árlega.

Svo sem kunnugt er, hefur endurnýjun malarslitlaga á undanförnum árum verið langt frá áætlaðri þörf og hvergi nærri mætt óskum vegfarenda.

Hér er lagt til að fjárveiting 1995 verði 200 m.kr. en fari síðan hækkandi í 210 m.kr. 1998.

Fjárveiting er því aðeins 70% af áætlaðri þörf þeirra vega sem nú hafa malarslitlag. Þá er ekki gert ráð fyrir gerð nýrra malarslitlaga.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Á meðan unnið er að uppbyggingu vegakerfisins, kemur stöðugt fram þörf fyrir styrkingar og lagfæringar sem ekki geta beðið þess að fjármagn fáist til endurbyggingar viðkomandi vegarkafla. Oftast má rekja þetta til vaxandi umferðar eða annarra þátta í vaxandi kröfum til veganna. En einnig getur verið um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot í burðarlagi vegarins. Hér er lagt til að þessari þörf sé mætt með hækkandi fjárveitingum frá 255 m.kr. 1995 í 275 m.kr. 1998.

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Lagt er til að sameiginleg fjárveiting verði til viðhalds brúa og varnargarða, 100 m.kr. 1995 en hækki síðan í 110 m.kr. á ári 1996-1998.

Þetta er lítillega hærra en varið hefur verið til þessa liðar á undanförnum árum.

Vegna þess hvað endurbyggingu brúa hefur miðað hægt, jafnframt því sem kröfur m.a. til breiddar og öryggis aukast, fer viðhaldsþörfin vaxandi og má gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og verið hefur undanfarin ár.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi umferðarinnar. Að undanförnu hefur einkum verið unnið að bótum á hættulegum stöðum. Mikilvægt er að áfram verði skipulega reynt að gera vegakerfið öruggara.

Lagt er til að fjárveiting verði 60 m.kr. á hverju ári áætlunartímabilsins.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytilegt. Lagt er til að fjárveiting verði 90 m.kr. á hverju ári áætlunarinnar.

2.2.4. Þéttbýlisvegir

Með nýju vegalögunum voru þjóðvegir í þéttbýli lagðir niður, sem sérstakur vegflokkur, en þeir vegir sem töldust til flokksins falla nú að mestu undir stofnvegi og tengivegi. Fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli skv. eldri lögum voru undir sérstökum lið og fóru að mestu til viðhalds og þjónustu og eiga því heima undir viðhaldi þjóðvega nú. Veghald flestra þessara vega verður væntanlega háð samningum milli Vegagerðarinnar og þéttbýlissveitarfélaga. Þykir því hentugt að hafa fjárveitingar til þessara vega undir sérstökum lið a.m.k. að þessu sinni.

Lagt er til að fjárveiting verði 267 m.kr. 1995, 276 m.kr. 1996, 286 m.kr. 1997 og 296 m.kr. 1998.

TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA

Með nýjum vegalögum, sem samþykkt voru á Alþingi s.l. vetur var m.a. flokkun vega breytt og setur það svip sinn á skiptingu útgjalda nú.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Sundurliðun verkefnaflokka er í samræmi við gildandi vegáætlun en undir stofnvegum er bætt við nýjum lið, framkvæmdaátaki.

2.3.1. Til stofnvega

Stofnvegir svara að langmestu leyti til stofnbrauta áður, auk þess sem flestir þeir vegir sem áður töldust þjóðvegir í þéttbýli falla nú í þennan flokk.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka undir þessum lið verði sem hér segir:

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	421	927	730	790
2. Höfuðborgarsvæðið	299	469	540	560
3. Stórverkefni	620	550	680	610
4. Framkvæmdaátak vegna atvinnumála.....	450	0	0	0
5. Framkvæmdaátak.....	1 250	1 000	750	500

1. Almenn verkefni og bundin slitlög.
   Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum þar með talið bundið slitlag. Fjárveitingar af þessum lið geta einnig gengið til brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum.
2. Höfuðborgarsvæðið.
   Hér er miðað við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamót Krýsuvíkurvegar) í suðri og til Mosfellsbæjar (vegamót Þingvallavegar) í norðri. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og er orðið aðkallandi að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir.
3. Stórverkefni.
   Fjárveitingar af þessum lið fara til fjármögnunar framkvæmda í jarðgöngum, til stórbrúa og fjarðaþverana, áfanga á hringvegi milli kjördæma og tengingar þéttbýlisstaða í eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Við afgreiðslu gildandi vegáætlunar var ákveðið að fjárveitingar til einstakra verkefna innan þessa framkvæmdaflokks yrðu utan þess kvóta sem hvert kjördæmi fær úthlutað, enda stærð þessara verkefna slík að þau yrðu vart leyst með því móti. Þó var talið eðlilegt að af kvótanum komi ákveðin fjárveiting á móti. Var við það miðað að mótframlag þetta væri 20% fyrir jarðgöng, 37,5% fyrir stórbrýr og fjarðaþveranir og 30% fyrir áfanga á hringvegi og tengingar þéttbýlisstaða.
   Lagt er til að þessum hætti verði framhaldið.
   Gert er ráð fyrir að frekari tilhögun fjárveitinga til stórverkefna, svo sem skipting á verkefnaflokka og verkefni í hverjum flokki verði ákveðin við meðferð málsins á Alþingi.
4. Framkvæmdaátak vegna atvinnumála.
   Ríkisstjórnin ákvað við gerð gildandi vegáætlunar að verja fé til atvinnuaukningar á árunum 1993-1995. Á árinu 1995 var gert ráð fyrir að verja 450 m.kr. til þessa verkefnis og er lagt til að sú fjárveiting haldist.
5. Framkvæmdaátak.
   Þetta er nýr liður eins og áður hefur verið tekið fram.
   Lagt er til að þessu fé verði skipt milli kjördæma samkvæmt íbúatölu, en höfuðborgarsvæðið skoðist sem eitt svæði, þó í tveimur kjördæmum sé.

2.3.2. Til tengivega

Tengivegir svara að mestu til þjóðbrauta áður.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega 1995 verði 280 m.kr. en hækki í 380 m.kr. síðasta ár tímabilsins, en fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið langt undir því sem að var stefnt í langtímaáætlun.

2.3.3. Til brúagerða

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 154 m.kr. 1995 og 1996 og 158 m.kr. árin 1997-1998. Þessu til viðbótar geta komið fjárveitingar til brúagerða af liðunum almenn verkefni og bundin slitlög, auk þeirra fjárveitinga sem koma til stórbrúa. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og til smábrúa. Nú stendur yfir endurskoðun á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja og er líklegt að töluverðar breytingar verði gerðar m.a. til samræmis við reglur sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þegar ljóst að margar brýr á stofnvegum landsins þola ekki þær þyngdir sem þar um ræðir, sbr. fylgiskj. 2.3.3.-01, og munu því hindra samfellu í flutningakerfinu. Er sennilegt að auka verði af þessum sökum fjárveitingar til brúagerða verulega á næstu árum.

2.3.4. Til girðinga

Áætlað er að í árslok 1993 hafi verið ógreiddar girðingakröfur um 190 m.kr.

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 27 m.kr. árin 1995 og 1996 , 30 m.kr. 1997 og 33 m.kr. 1998.

2.4. TIL SAFNVEGA

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður og fjárveitingar svipaðar. Lagt er til að fjárveiting verði 176 m.kr. árin 1995 - 1996 og 188 m.kr. árin 1997 og 1998.

2.5. TIL LANDSVEGA

Landsvegir svara til þeirra vega, sem áður töldust aðalfjallvegir, nokkurra þeirra vega sem áður töldust til annarra fjallvega auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Fjárveitingar til þessara vega ættu að vera svipaðar eða heldur rýmri en verið hefur, en lagt er til að 64 m.kr. fari til þessara vega árin 1995-1996 og 71 m.kr. árin 1997 og 1998.

2.6. TIL STYRKVEGA

Hér er um ýmsa vegi að ræða sem sumir gátu áður verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir sbr. 16. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 25 m.kr. 1995 og hækki í 28 m.kr. 1998.

2.7. TIL REIÐVEGA

Lagt er til að fjárveiting verði 9 m.kr. 1995 og 1996 í samræmi við gildandi vegáætlun, en 10 m.kr. 1997 og 1998.

2.8. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting þessi er 1% af mörkuðum tekjum vegasjóðs í samræmi við 24. gr. vegalaga. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

2.9. TIL FLÓABÁTA

Frá og með vegáætlun 1993 hafa útgjöld ríkisins af ríkisstyrktum ferjum verið greidd af vegafé. Útgjöld þessi eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða beina rekstrarstyrki til viðkomandi rekstraraðila og er áætlað að þeir nemi 190 m.kr. á árinu 1995. Hins vegar eru afborganir og vextir af lánum vegna kaupa á ferjunum. Ef miðað er við vaxtaforsendur og gengi 1. nóvember 1994 nema þessi útgjöld 374 m.kr. á árinu 1995 en fara síðan hægt minnkandi á árunum þar á eftir miðað við sömu forsendur.

Ferjuskuldirnar nema nú 2.087 m.kr. ef miðað er við áðurnefndar forsendur. Rúmlega

helmingur skuldanna er í USD á breytilegum LIBOR vöxtum. LIBOR vextir hafa hækkað verulega á undanförnum mánuðum og gengið, einkum gengi USD hefur verið nokkuð sveiflukennt. Þar sem um er að ræða mjög háar upphæðir er ljóst að tiltölulega litlar breytingar á gengi eða LIBOR vöxtum geta valdið tugmilljóna breytingum á þessum útgjaldalið vegáætlunar.

Áformað er að gera breytingar á ferjulánunum með skuldbreytingu, sem felst í að sameina lánin, lengja þau og fá betri vaxtakjör. Er reiknað með að lækka megi árlega greiðslu af þeim um 100 m.kr. með þessum hætti.

Í vegalögum er nú skilgreindur sá ferjurekstur sem ríkið á að styrkja. Vegagerðin hefur unnið að því að koma á samræmingu í þjónustustigi og gjaldskrármálum ferja. Einnig hefur verið unnið að því að koma á hagræðingu á rekstrinum, bæði með útboðum og gerð marksamninga. Er vonast til þess að þessar aðgerðir muni leiða til lægri rekstrarstyrkja á komandi árum.

III. UM FLOKKUN VEGA

3.1. STOFN- OG TENGIVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga.

Flokkun þessi er hin fyrsta eftir nýjum vegalögum, sem taka gildi á þessu ári. Um er að ræða breytta flokkun frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir breytingum, sem af henni leiða, í viðkomandi flokkum.

Þar sem tengivegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst safnvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjölum 2.3.-01. og 2.3.-02. eru sýndar í töfluformi vegalengdir hinna ýmsu vegflokka, bæði fyrir og eftir breytingu á vegalögum.

3.2. FLOKKUN STOFN- OG TENGIVEGA

3.2.1. Stofnvegir.

Stofnvegir samsvara þeim vegum sem voru stofnbrautir samkvæmt eldri lögunum. Við hafa bætzt aðal umferðaræðar þéttbýlisstaða, þ.e. meiri hluti þeirra vega sem áður nefndust þjóðvegir í þéttbýli.

Ekki eru gerðar tillögur um aðrar breytingar en þær sem af hinum nýju lögum leiða.

3.2.2. Tengivegir.

Tengivegir svara að miklu leyti til þjóðbrauta skv. eldri lögum.

Allmargir vegir, rúmlega 200, bætast við vegna þess að ekkert ákvæði er nú um lágmarkslengd eins og var í eldri lögum.

Lagt er til að nokkrir vegir sem voru þjóðbrautir verði nú landsvegir. Má þar nefna Kröfluveg og hluta af Landvegi, Þórsmerkurvegi, Steinadalsvegi og Tröllatunguvegi. Hinsvegar verði tengivegur þar sem landsvegur liggur úr byggð og lengjast við það Ljótarstaðavegur, Fljótshlíðarvegur og Örlygshafnarvegur

Ekki er gert ráð fyrir því í vegalögum að Alþingi fjalli um landsvegi á sama hátt og stofnvegi og tengivegi. Í raun hefur landsvegakerfið þó nokkur áhrif á tengivegina. Er miðað við að tillögur að landsvegakerfi verði lagðar fram í samgöngunefnd við meðferð vegáætlunar þar.

Nokkrir þeirra vega sem áður voru þjóðvegir í þéttbýli verði tengivegir.

Vegna breytinga á búsetu falli nokkrir vegir brott, sumir styttist og aðrir lengist. Sama gildi um flugvallavegi þar sem áætlanaflugi hefur verið hætt.

3.3. FERJULEIÐIR

Hér eru einungis skilgreindar þær ferjuleiðir, sem nú eru í rekstri. Þá er einnig miðað við þá tilhögun rekstrar, sem í gildi er á yfirstandandi ári.

Fskj. 2.2.1.-01.

Sumarviðhald þjóðvega
kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1995

	Viðhalds kostn. verðlag hvers árs	Vísit. viðh. kostn.	Lengd Viðh.k. verðl.95 m.kr.	akfærra þjóðv. km.	Viðh.k. pr.km. þ.kr.	Bílafj. í árs-byrjun	Eknir km á öllum þjóðv. m.km	Viðh. kostn. pr 100 ekna km kr.
1980	63,6	228	1419	8409	169	90015	472	301
1981	95,7	351	1386	8411	165	95606	485	286
1982	180,6	570	1611	8306	194	100936	500	322
1983	288,2	1064	1377	8277	166	100459	485	284
1984	399,9	1198	1697	8268	205	108254	524	324
1985	548,4	1595	1748	8222	213	113202	586	298
1986	597,9	1825	1666	8231	202	117117	606	275
1987	767,5	2285	1708	8265	207	125950	726	235
1988	807,1	2890	1420	8269	172	133148	774	184
1989	963,0	3538	1384	8256	168	138602	795	174
1990	1189,8	4375	1383	8254	168	137778	807	171
1991	1494,2	4673	1626	8249	197	134181	889	183
1992	1615,9	4758	1727	8244	210	136874	896	193
1993	1749,2	4879	1823	8020	227	136148	892	204

Fskj. 2.3.-01.

Vegir 31. desember 1994.
Samkv. eldri vegalögum.

Kjördæmi	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	*Sýsluvegir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Aðalfjallvegir og þjóðgarðavegir km	Samtals km
Suðurland	545	1030	565	15	310	2465
Reykjanes	219	178	69	69	0	535
Vesturland	578	723	376	14	40	1731
Vestfirðir	789	423	212	15	0	1439
Norðurland vestra	401	604	366	14	154	1539
Norðurland eystra	625	542	430	16	312	1925
Austurland	905	461	411	27	62	1866
	4062	3961	2429	170	878	11500

* Sýsluvegir samkv. liðum a -c, 19. gr. eldri vegalaga. Heimildarvegum er sleppt.

Fskj. 2.3.-02.

Þjóðvegir 1. janúar 1995.
Samkv. nýjum vegalögum.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir1) km	Landsvegir2) km	Samtals km
Suðurland	556	1047	507	545	2655
Reykjanes	256	195	119	47	617
Vesturland	590	702	356	132	1780
Vestfirðir	802	409	202	66	1479
Norðurland vestra	409	624	350	200	1583
Norðurland eystra	635	563	407	483	2088
Austurland	922	474	401	311	2108
	4170	4014	2342	1784	12310

1) Lengdir ónákvæmar. Vinnu við safnvegaskrár er ekki lokið.
2) Samkvæmt tillögum Vegagerðarinnar.

Fskj. 2.3.3.-01.

Brýr á stofnvegum, 10 m og lengri
Heimild: brúaskrá Vegagerðarinnar 1994.
Burðarþol brúa flokkað eftir umferð.
(Fjöldi brúa)

Meðalumferð á dag (ÁDU)burðarþol	Nægilegt burðarþol	Viðunandi burðarþol	Ófullnægjandi	Alls
0 - 100	24	1	56	81
101 - 500	121	10	70	201
501 - 1000	37	11	1	49
1001 - 2000	19	2	2	23
> 2000	14	0	1	15
Samtals	215	24	130	369

2.3.3.-02.

Breidd brúa flokkuð eftir umferð.
(Fjöldi brúa)

Meðalumferð á dag (ÁDU)og breiðari	6 m breiðar	Mjórri en 6 m	Alls
0 - 100	2	79	81
101 - 500	19	182	201
501 - 1000	26	23	49
1001 - 2000	19	4	23
> 2000	15	0	15
Samtals	81	288	369

429. Frumvarp til laga [309. mál]

um köfun.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Enginn má stunda atvinnuköfun í ám eða vötnum við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land nema viðkomandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina.

2. gr.

Atvinnuköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafarans eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndunar almannahagsmuna.

Áhugaköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem teljast til köfunar samkvæmt lögum þessum en falla ekki undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um atvinnuköfun.

Köfun merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

Köfunarbúnaður merkir í lögum þessum allan þann búnað sem notaður er við köfun.

3. gr.

Hver sem vill stunda atvinnuköfun skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. vera fullra 20 ára,
2. standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur sem settar verða í reglugerð,
3. uppfylla menntunar- og hæfniskröfur,
4. hafa gilt atvinnuköfunarskírteini útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.

Sá sem stundar áhugaköfun skal uppfylla skilyrði 2. tölul. þessarar greinar og vera 17 ára eða eldri.

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins gefur út skírteini samkvæmt lögum þessum og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð.

Kafaraskírteini gildir til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar kafaraskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim á rétt á að fá skírteini sem veitir viðeigandi atvinnuréttindi.

Siglingamálastofnun ríkisins skal halda nákvæma skrá um handhafa atvinnuskírteina.

5. gr.

Allur köfunarbúnaður skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins og merktur eftir því sem nauðsyn krefur. Siglingamálastofnun skal viðurkenna búnað sem hlotið hefur formlega viðurkenningu annars aðildarríkis EES.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því að búnaðurinn fullnægi skilyrðum 1. mgr.

6. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa skal sjá um að fram fari rannsókn á slysum og óhöppum er verða við köfun.

Við rannsókn einstakra köfunarslysa er nefndinni heimilt að tilnefna menn með sérþekkingu á sviði köfunar.

8. gr.

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og/eða sviptingu réttinda nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1976, um kafarastörf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið á vegum samgönguráðuneytis. Leitað var umsagnar hagsmunaðila, þar á meðal Félags íslenskra kafara og Félags sportkafara og auk þess var frumvarpið tekið til umfjöllunar á fundum siglingamálaráðs. Ábendingar þessara aðila voru hafðar til hliðsjónar við gerð frumvarpsins.

Með gildandi lögum nr. 12/1976, um kafarastörf, var þeim mönnum sem stunda atvinnuköfun í fyrsta skipti tryggður ákveðinn starfsgrundvöllur. Jafnframt voru settar ákveðnar reglur um réttindi og skyldur þessara manna í starfi. Með lögunum var einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara og tryggja eftir föngum að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis færi sjálfum sér eða öðrum ekki að voða. Voru lög þessi enn fremur viðleitni löggjafans til að samræma íslensk lög við stefnu annarra norðlægra strandríkja í köfunarmálum. Hins vegar hafa ákveðnir annmarkar á núgildandi lögum um kafarastörf frá 1976 komið í ljós á undanförnum árum, m.a. vegna mismunandi túlkunar á hugtakinu atvinnuköfun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram sú meginregla að þeir sem stunda atvinnuköfun verða að uppfylla þau skilyrði sem 3. gr. kveður á um.

Í greininni er lögð sú skylda á herðar vinnuveitenda að ráða ekki til kafarastarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina. Er tilgangur þessa ákvæðis augljós sem er fyrst og fremst sá að sporna við því að réttindalausir einstaklingar taki að sér slíka vinnu og skapi hættu.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er hugtakið atvinnuköfun skilgreint. Á undanförnum árum hefur það verið miklum vafa undirorpið hvernig skilgreina beri atvinnuköfun og hefur verið mikið ósamræmi í túlkun þess. Vafi hefur t.d. leikið á því hvort athafnir kafara í skipulagðri sjálfboðavinnu eða annarri þjónustustarfsemi, svo sem kafanir björgunarsveita, lögreglu eða slökkviliðs, falli undir umrætt hugtak.

Enn fremur má nefna dæmi um söfnun ígulkera, ljósmyndaköfun, leiðbeinendur við köfun og fleira. Söfnun ígulkera hefur verið talin atvinnuköfun ef kafarinn selur vinnu sína sem kafari en annar aðili selur ígulkerin. Hins vegar hefur það verið talin áhugaköfun ef kafarinn kafar eftir ígulkerunum og fær síðan sjálfur andvirði ígulkeranna.

Hér er valin sú leið að hafa skilgreingu á atvinnuköfun rúma svo það ráði ekki úrslitum með hvaða hætti greiðsla kemur fyrir köfun. Hins vegar er gert ráð fyrir því að gera megi mismunandi menntunar- og hæfniskröfur eftir eðli starfsins. Þannig á að vera tryggt að þeir sem stunda köfun hljóti ákveðna lágmarksþjálfun.

Þessi skilgreining er einnig til þess fallin að eyða þeim mikla vafa sem verið hefur á túlkun hugtaksins atvinnuköfun og hvatt til ósamræmis. Með mismunandi menntunar- og hæfniskröfum í reglugerð verður síðan unnt að koma til móts við þarfir t.d. neyðarþjónustunnar (lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita).

Hugtakið áhugaköfun (sportköfun) er skilgreint í 2. mgr. sem allar athafnir sem teljast köfun skv. 2. gr. en er ekki atvinnuköfun í skilningi 1. mgr. þessarar greinar. Er ljóst að þörf er á því að greina að atvinnuköfun annars vegar og áhugaköfun hins vegar.

Í 3. mgr. er hugtakið köfun skilgreint. Samkvæmt orðalagi 2. gr. núgildandi laga um kafarastörf má ætla að áhafnir kafbáta og aðila sem nota reykköfunarbúnað falli undir lögin. Af þessum sökum og vegna eðlis þeirrar hættu sem fólgin er í þeim eðlisfræðilegu breytingum í umhverfi kafarans er þrýstingur eykst við aukið dýpi er í skilgreiningunni skírskotað til ákveðins þrýstings sem verður að vera fyrir hendi svo að athafnir viðkomandi aðila falli undir lögin. Einnig er það hugtaksskilyrði að viðkomandi noti tæki þau sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði skv. 3. mgr. 2. gr. Er með þessu verið að tryggja að lögin taki einungis til kafara.

Í 4. mgr. er hugtakið köfunarbúnaður skilgreint.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. koma fram þau skilyrði sem aðili er áformar að stunda atvinnuköfun í skilningi 1. mgr. 2. gr. þarf að uppfylla. Í fyrsta lagi þarf viðkomandi að vera fullra 20 ára. Í öðru lagi þarf hann að hafa með fullnægjandi árangri gengist undir læknisskoðun þar sem athugað hefur verið líkamlegt ástand viðkomandi með tilliti til athafna undir yfirborði sjávar. Í þriðja lagi er kveðið á um að aðili þurfi að uppfylla menntunar- og hæfniskröfur þær sem Siglingamálastofnun ríkisins setur fram. Í fjórða lagi gefur svo Siglingamálastofnun út svokallað atvinnuköfunarskírteini um að viðkomandi sé hæfur til að stunda atvinnuköfun.

Í 2. mgr. eru sett fram skilyrði sem áhugafólk (sportkafarar) verða að uppfylla til þess að mega stunda köfun. Hættueiginleikar köfunar kalla á aukið aðhald með þeim aðilum er stunda köfun sér til ánægju og yndisauka. Er þess krafist samkvæmt þessu ákvæði að

áhugakafarar fullnægi skilyrðum 2. tölul. um læknisskoðun og séu orðnir 17 ára að aldri. Ber m.a. leiðbeinendum og öðrum þeim aðilum er sjá um kennslu að athuga hvort viðkomandi áhugamaður fullnægi þessum skilyrðum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að Siglingamálastofnun ríkisins viðurkennir köfunarbúnað. Samkvæmt skilgreiningu 3. mgr. 2. gr. á köfunarbúnaði er þar átt við öll þau tæki sem notuð eru við köfun. Þessi tæki gegna því hlutverki að halda kafaranum á lífi í súrefnislausu umhverfi.

Í 2. mgr. er lögð sú ábyrgð á eigendur köfunarbúnaðar að sjá til þess að búnaðurinn uppfylli skilyrði 1. mgr. um viðurkenningu.

Um 6. gr.

Samkvæmt 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 20/1986 annast Siglingamálastofnun ríkisins framkvæmd laga og reglugerða um kafarastörf. Þykir samt sem áður nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega í frumvarpi þessu eftirlits- og umsjónarhlutverk stofnunarinnar. Eðli málsins samkvæmt telst það heppilegur kostur að láta Siglingamálastofnun ríkisins hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessara laga sem fjalla um mjög svo sérhæft svið. Stofnunin hefur yfir að ráða þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til að faglegt og öflugt eftirlit sé viðhaft. Samgönguráðuneytið mun hins vegar hafa yfirumsjón með þeim málum er falla undir gildissvið laga þessara.

Í 2. mgr. er heimild fyrir ráðherra samgöngumála til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 7. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að færa rannsókn slysa frá hinum opinbera eftirlitsaðila, Siglingamálastofnun ríkisins, til óháðs aðila. Jafnframt er miðað við að ávallt sé til staðar aðili með sérþekkingu í köfun. Rannsókn köfunarslyss er mjög sérhæfð þar sem rannsóknargögn tapast og eyðast mjög fljótt, oft á 12 klukkustundum, þannig að ekki er nægilegt að tilnefna mann eftir að slys hafa átt sér stað.

Um 8. gr.

Ljóst þykir að öryggissjónarmið krefjast þess að hart verði tekið á brotum samkvæmt lögum þessum. Í þessari grein kemur fram heimild til þess að sekta og/eða svipta menn réttindum gerist þeir brotlegir við ákvæði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um köfun.

Með frumvarpinu er kveðið á um nýja heildarlöggjöf um köfunarstarfsemi og kemur í stað laga nr. 12/1976, um kafarastörf.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

430. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um einkahlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Eftirfarandi breytingar verði á V. og XIV. kafla:

a. Í stað „XV.“ í 26. og 94. gr. komi: XIV.
b. Á eftir orðinu „framkvæmdastjórar“ í 8. tölul. 95. gr. komi: svo og.

431. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 55. gr. Í stað orðanna „hlotið dóm vegna atvinnurekstrar“ komi: í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm.

432. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um ársreikninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 24. gr.
   a. Lokamálsl. 2. mgr. verði 3. mgr.
   b. Í stað tilvísunar í 3. mgr. (er verði 4. mgr.) til 1.–2. mgr. komi: 1.–3. mgr.

2. Við 57. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra, eða endurskoðunarfélag, í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur, skoðunarmenn eða endurskoðunarfélag.
   b. Í stað orðanna „félag endurskoðenda“ í 2. mgr. komi: endurskoðunarfélag.
3. Við 85. gr. Í stað c-liðar komi þrír nýir stafliðir er orðist svo:
   a. (c.)
      IX. kafli fellur brott og breytast kaflanúmer samkvæmt því.
   b. (d.)
      68.–76. gr. falla brott og breytast greinatölur samkvæmt því.
   c. (e.)
      Fyrirsögn X. kafla verður: **Sérstakar rannsóknir.**

Greinargerð.

Engin þeirra breytinga sem hér eru lagðar til fela í sér efnislegar breytingar á frumvarpinu.

433. Skýrsla [310. mál]

forsætisráðherra um undirbúning löggjafar um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum o.fl.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Nefnd sem ég hefi falið að undirbúa löggjöf um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum og aðrar umbætur í stjórnarfari hefur skilað áfangaskýrslu um störf sín. Með því að ljóst þykir að ekki næst að ljúka smíði frumvarps þar að lútandi fyrir lok yfirstandandi kjörtímabils hefi ég ákveðið að birta Alþingi eftirfarandi greinargerð nefndarinnar með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Áfangaskýrsla um störf nefndar sem skipuð var til þess að semja frumvörp til stjórnsýslulaga og laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda o.fl.

Hinn 28. febrúar 1992 skipuðuð þér, herra forsætisráðherra, okkur undirritaða í sérfræðinganefnd til þess að semja ný frumvörp til stjórnsýslulaga og laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda, svo og til þess að kanna hvort ástæða væri til þess að setja á stofn sérstakan stjórnsýsludómstól hér á landi.

Strax í upphafi nefndarstarfsins ákváðum við að einbeita okkur í fyrstu að því að semja nýtt frumvarp til stjórnsýslulaga sem að nokkru leyti tæki mið af fyrirliggjandi frumvörpum um það efni. Við frumvarpssmíðina reyndum við að hafa samráð við sem flesta aðila, er málið varðar, og er það skoðun okkar að þetta atriði hafi átt stóran þátt í því að frumvarpið var samþykkt samhljóða þegar það var lagt fyrir Alþingi. Stjórnsýslulögin tóku sem kunnugt er gildi 1. janúar sl. og hefur mun meiri tími farið í það af hálfu okkar nefndarmanna að kynna efni laganna, bæði áður en og eins eftir að þau tóku gildi, þ. á m. tók einn okkar, Páll Hreinsson, að sér að skrifa ítarlegt skýringarrit með lögunum sem forsætisráðuneytið gaf út nýlega.

Sú vinna, sem farið hefur í kynningu á stjórnsýslulögunum og innt hefur verið af hendi samhliða öðrum störfum, hefur valdið því að vinna okkar nefndarmanna að þeim tveimur verkefnum öðrum, sem okkur voru falin, hefur dregist nokkuð á langinn. Við höfum engu að síður átt bæði formlegar og óformlegar viðræður við ýmsa aðila um það álitaefni hvort æskilegt sé að koma á fót sérstökum stjórnsýsludómstól. Við höllumst að því að slíkt yrði ekki til bóta enda yrði það í andstöðu við þá þróun, sem átt hefur sér stað síðustu ár, að fækka sérdómstólum. Í þess stað höfum við ákveðið að taka til nánari athugunar, í samráði við réttarfarsnefnd, hvort þörf sé á að lögfesta réttarreglur um afbrigðilega meðferð dómsmála er snúast um stjórnvaldsákvarðanir, í líkingu við þá meðferð sem viðhöfð er hjá stjórnsýsludómstólum í þeim nágrannalöndum okkar þar sem slíkir dómstólar starfa. Ekki er víst að þörf sé á að gera breytingar því að mikilvæg réttarbót varð með nýjum lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 um heimild til flýtimeðferðar slíkra mála.

Í annan stað höfum við reifað hugmynd um að setja á stofn sérstaka og óháða stjórnsýslunefnd, sem nefna mætti úrskurðarnefnd í sveitarstjórnarmálum, sem yrði eins konar

ígildi stjórnsýsludómstóls í málum á sviði sveitarstjórnarréttar. Ef hugmyndin um úrskurðarnefnd sveitarstjórnarmála næði fram að ganga kæmi hún í stað nokkurra úrskurðarnefnda á sviði sveitarstjórnarmála, en slíkum nefndum hefur fjölgað nokkuð hin síðari ár. Þessi breyting ætti því að geta orðið til hagræðingar og nokkurrar einföldunar á stjórnkerfinu. Þá tæki nefndin einnig við málum, sem nú eru til úrskurðar hjá ráðuneytum, aðallega félagsmálaráðuneyti. Afleiðingin yrði sú að mun gleggri skil yrðu á milli stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga en nú er, þar sem ráðuneyti myndu þá sjaldnast fara með vald til þess að kveða upp úrskurði í tilefni af málskoti á sviði sveitarstjórnarréttar. Við nefndarmenn teljum því að hugmyndin um úrskurðarnefnd samrýmist einkar vel ákvæðum 76. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Með þessari tilhögun yrði almenningi þá jafnframt gert kleift að fá endurskoðaðar ákvarðanir, sem sveitarstjórnir hafa tekið, á ódýran og brotalítinn hátt hjá sjálfstæðum og óháðum úrskurðaraðila. Með því yrði réttaröryggi almennings mun betur tryggt en nú er.

Samhliða þessu höfum við nefndarmenn átt viðræður við ýmsa aðila um nýtt frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda, þ. á m. höfum við rætt við ráðuneytisstjóra í nokkrum ráðuneytum, þjóðskjalavörð og fyrirsvarsmenn Blaðamannafélags Íslands. Allir þessir aðilar eru þess fýsandi að slík lög verði sett, en af skiljanlegum ástæðum eru nokkuð skiptar skoðanir um það hvert efni þeirra eigi að vera. Í samræmi við það verklag, sem viðhaft var við samningu frumvarps til stjórnsýslulaga, höfum við nú ákveðið að einbeita okkur að því á næstu mánuðum að semja nýtt frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda sem ætti að geta legið fyrir í endanlegri mynd á miðju næsta ári þannig að unnt verði að leggja það fyrir Alþingi næsta haust.

Þótt frumvarp það um upplýsingaskyldu stjórnvalda, sem lagt var fram á Alþingi 1990, sé að ýmsu leyti vel úr garði gert, er á því sá ágalli að ekki er ráð fyrir því gert að hægt sé að leysa úr ágreiningi um aðgang að skjölum og öðrum gögnum í stjórnsýslunni með einföldum og skjótum hætti. Að höfðu samráði við Þorgeir Örlygsson, prófessor, formann svonefndrar tölvunefndar, er starfar á grundvelli laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, höfum við ákveðið að gera það að tillögu okkar að þeim þremur löglærðum mönnum, sem sæti eiga í tölvunefnd, verði falið að leysa úr ágreiningsmálum samkvæmt lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Þessi háttur ætti að auka verulega réttaröryggi vegna þess að með því móti ætti almenningur, hagsmunasamtök og fjölmiðlar þess kost að bera synjun um afhendingu á gögnum eða aðgang að upplýsingum undir óháðan úrskurðaraðila með einföldum og skjótum hætti.

Önnur atriði, sem við nefndarmenn höfum rætt um, er að einfalda frumvarpið frá fyrri mynd, gera skýrari ákvæði þess um almennan aðgang að skjölum eftir tiltekinn árafjölda og jafnframt að taka til skoðunar, í tengslum við frumvarpssmíðina, vörslu og flokkun skjala hjá hinu opinbera. Nákvæm flokkun skjala er að okkar dómi ein af forsendum þess að lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda geti náð því meginmarkmiði að almenningur fái betur fylgst með því hvað er að gerast í opinberri stjórnsýslu. Af þeim sökum er mjög mikilvægt að þessu atriði verði gaumur gefinn, bæði í tengslum við setningu laganna og jafnframt í framhaldi af gildistöku þeirra.

Í Reykjavík, 14. desember 1994.

Eiríkur Tómasson	Gunnar J. Birgisson	Páll Hreinsson
(sign.)	(sign.)	(sign.)

Til forsætisráðherra.

434. Lög [298. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 390.

435. Lög [128. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 413.

436. Lög [73. mál]

um ársreikninga.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 415 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 22. eða 23. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Niðurfærslur samkvæmt þessari grein skulu færðar í rekstrarreikning.

Ef eignir hafa verið færðar niður skv. 1. eða 2. mgr. og ástæður verðlækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs.

Matsbreytingar skv. 1.–3. mgr. skal færa í rekstrarreikning. Ef þær eru ekki sérgreindar í rekstrarreikningnum skal gera grein fyrir þeim í skýringum, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.

57. gr. hljóðar svo:

Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra, eða endurskoðunarfélag, í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur, skoðunarmenn eða endurskoðunarfélag.

Þegar félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á aðalfundi þar sem kjósa skal endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn, krefjast þess skal stjórn félagsins beina þeim tilmælum til viðkomandi félagaskrár að hún tilnefni endurskoðanda til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með þeim sem kjörnir eru fram til næsta aðalfundar. Telji félagaskráin ástæðu til að verða við þessari ósk skal hún tilnefna endurskoðanda til starfans. Þóknun til hans skal félagið greiða.

85. gr. hljóðar svo:

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög:

a. Í stað orðsins „endurskoðendur“ í lok 6. gr. kemur: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
b. Í stað orðanna „skoðunarmanna (og endurskoðanda)“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.
c. IX. kafli fellur brott og breytast kaflanúmer samkvæmt því.
d. 68.–76. gr. falla brott og breytast greinatölur samkvæmt því.
e. Fyrirsögn X. kafla verður: **Sérstakar rannsóknir.**
f. 2. mgr. 77. gr. orðast svo:

Ákvæði laga um ársreikninga, hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

437. Lög [72. mál]

um bókhald.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 416.

438. Lög [96. mál]

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 417 með þessum breytingum:

55. gr. hljóðar svo:

50. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu frá því. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

439. Lög [97. mál]

um einkahlutafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 418 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5.–6. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á. Stjórn félagsins skal leggja fram skýrslu skv. 2. mgr. 5. gr.

Skýrsla stjórnar og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, er þetta varða, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku, áður en hluthafafundur er haldinn og einnig vera lögð fram á fundinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna á grundvelli XIV. kafla laga um hlutafélög eða XIV. kafla laga þessara.

94. gr. hljóðar svo:

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru einkahlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri einkahlutafélög renna saman í nýtt einkahlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef hlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög um slit þess félags.

95. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu;

2. heimilisfang félaganna;
3. endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu;
4. frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs;
5. hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu;
6. aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.;
7. frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 96. gr.;
8. einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, svo og endurskoðendur og skoðunarmenn skv. 97. gr. njóta;
9. drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

440. Lög [98. mál]

um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 419 (sbr. 101).

441. Lög [237. mál]

um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 278.

442. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Það er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, 282. máli, þar sem lagt er til að ekki skuli skattleggja launatekjur barna og ungmenna undir 75.000 kr. á ári. Hér er lagt til að hið sama gildi um útsvarsgreiðslur barna og ungmenna og mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. des. 1994.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Eggert Haukdal.	Guðjón Guðmundsson.
Jón Helgason.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Jón Kristjánsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigbjörn Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.

443. Framhaldsnefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Þann 9. desember sl. fór fram 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1994. Meiri hluti fjárlaganefndar gerði þá 23 breytingartillögur við frumvarpið sem allar hlutu samþykki þingsins. Í ræðu formanns kom fram að fjallað hafði verið um nokkur mál til viðbótar í nefndinni en að ákvörðun um þau hefði verið frestað til 3. umr.. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hluti hennar til að frumvarpið verði samþykkt með þeim fimm breytingum sem gerðar eru tillögur um á þingskjali 444, en þær nema alls 194 m.kr. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Í töflunni hér að neðan er yfirlit um fjárheimildir ráðuneyta árið 1994 og þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert tillögur um við 2. og 3. umr. frumvarpsins.

Fjárheimildir ráðuneyta 1994.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1994 m.kr.	Frv. til fjáraukalaga m.kr.	Breytingar-tillögur m.kr.	Alls nýjar heimildir m.kr.	Yfirfærðar heimildir m.kr.	Heimildir ársins m.kr.
00 Æðsta stjórn	1.093,0	59,3	1,0	1.153,3	45,1	1.198,4
01 Forsætisráðuneyti	493,8	363,0	70,0	926,8	45,9	972,7
02 Menntamálaráðuneyti	16.737,2	61,0	-45,7	16.752,5	735,9	17.488,4
03 Utanríkisráðuneyti	1.575,0	55,3	-	1.630,3	63,1	1.693,4
04 Landbúnaðarráðuneyti	6.862,6	34,9	53,5	6.951,0	108,7	7.059,7
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.089,8	-192,0	-	897,8	61,4	959,2
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.417,2	611,0	-	6.028,2	243,1	6.271,3
07 Félagsmálaráðuneyti	5.811,7	6,7	68,0	5.886,4	233,2	6.119,6
08 Heilbr.- og tryggingam.ráðuneyti	47.673,9	1.499,0	421,0	49.593,9	88,7	49.682,6
09 Fjármálaráðuneyti	16.200,9	696,0	-206,0	16.690,9	247,0	16.937,9
10 Samgönguráðuneyti	8.908,1	434,5	9,0	9.351,6	9,5	9.361,1
11 Iðnaðarráðuneyti	1.021,2	73,0	20,0	1.114,2	13,8	1.128,0
12 Viðskiptaráðuneyti	168,2	-	-	168,2	11,5	179,7
13 Hagstofa Íslands	146,6	-	-	146,6	9,8	156,4
14 Umhverfisráðuneyti	582,4	7,0	-	589,4	7,0	596,4
Samtals	**113.781,6**	**3.708,7**	**390,8**	**117.881,1**	**1.923,7**	**119.804,8**

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

221 Byggðastofnun. Gerð er tillaga um 50 m.kr. viðbótarframlag til að fjármagna stuðning stofnunarinnar við atvinnuuppbyggingu á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir mestum samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Sú fyrirgreiðsla er í samræmi við fjárhagslegar stuðningsaðgerðir ríkisvaldsins sem tilgreindar eru í viðauka II við búvörusamninginn frá 11. mars 1991. Sambærilegt framlag var samþykkt við 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga ársins 1993.

Þá er einnig gerð tillaga um 20 m.kr. viðbótarframlag til að fjármagna stuðning stofnunarinnar við útgerðir smábáta með aflamark sem hafa sætt mikilli skerðingu á aflaheimildum.

Byggðastofnun hefur unnið skýrslu og greinargerð um stöðu sauðfjárræktar í landinu. Þar er bent á að sauðfjárrækt er víða á landinu afar mikilvæg.

Vakin er athygli á því að laun sauðfjárbænda af sauðfjárframleiðslu hafa lækkað hlutfallslega meira en nemur hlutfallslegum samdrætti sauðfjárframleiðslu.

Í skýrslunni er bent á þau landsvæði þar sem sauðfjárræktin er mikilvægust og samdráttur í greininni hefur haft og mun hafa mestar afleiðingar.

Til þess að takast á við vanda á sauðfjárræktarsvæðum er gert ráð fyrir að auka framlag Byggðastofnunar sem nemur 50 m.kr.

Tillagan miðast við að aðgerðir sem Byggðastofnun beitir sér fyrir á sauðfjárræktarsvæðum verði byggðar á eftirgreindum meginforsendum:

— Veittir verði styrkir og/eða lán til nýjunga í atvinnulífi á svokölluðum sauðfjárræktarsvæðum og til þess að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og tengist sauðfjárframleiðslu. Verði m.a. veittir styrkir til afurða- og vinnslustöðva á sauðfjárræktarsvæðum er geri þeim kleift að fá viðurkenningu til útflutnings á mikilvæg erlend markaðssvæði.
— Efnt verði til sérstakra átaksverkefna á hverju svæði í samstarfi við heimamenn sem hafi það markmið að efla frumkvæði til nýjunga í atvinnulífi.

Byggðastofnun hefur í nokkrum mæli veitt smábátaeigendum lánafyrirgreiðslu. Í ljósi mikillar skerðingar á aflaheimildum smábáta með aflamark er talið nauðsynlegt að koma til móts við þann útgerðarflokk með sérstökum aðgerðum. Í þeim tilgangi er gert ráð fyrir að veita 20 m.kr. viðbótarframlag til Byggðastofnunar. Er gert ráð fyrir að Byggðastofnun ráðstafi þeim fjármunum með því að veita styrki og lán til þeirra smábátaútgerða sem hafa aflamark.

Fyrirgreiðslan taki mið af skerðingu á aflamarki í þorskígildum að teknu tilliti til breytinga á aflamarki vegna sölu á aflaheimildum og heildarafkomu hverrar útgerðar. Einnig verði tekið tillit til úthlutana Hagræðingarsjóðs. Við afgreiðslu Byggðastofnunar verði tekið tillit til þeirrar fyrirgreiðslu sem Fiskveiðasjóður mun veita útgerðum aflamarksbáta.

02 Menntamálaráðuneyti

997 Uppgjör við sveitarfélög. Lagt er til að fjárheimild á þessum lið verði aukin um 7 m.kr. til að ljúka uppgjöri á byggingu grunnskóla Stöðvarfjarðar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

811 Búnaðarfélag Íslands. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 var lögum breytt í þá veru að allur réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum væri háður fjárveitingu Alþingis. Með þessu ákvæði var verið að tryggja að frá og með árinu 1992 myndaðist ekki sjálfkrafa réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum. Frá því að þessi breyting var gerð hefur mikill þrýstingur verið á stjórnvöld að veita framlög vegna byggingar áburðarhúsa og vatnsveitna. Er til þess vitnað að þær jarðabætur séu að stórum hluta til komnar vegna stjórnvaldsákvæða um hreinlæti við mjólkurframleiðslu.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur ákveðið í samráði við landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra að leggja til 40 m.kr. framlag vegna áburðarhúsa og vatnsveitna sem byggð voru á árunum 1992 og 1993, enda uppfylli jarðabætur þessar skilyrði jarðræktarlaga um greiðslur framlags. Jafnframt vilja sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum.

07 Félagsmálaráðuneyti

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 65 m.kr. Sjóðurinn fær 1,4% af skatttekjum ríkisins í sinn hlut. Fjármálaráðuneytið hefur nú endurskoðað tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár í tengslum við 3. umr. um fjárlagafrumvarp næsta árs og tekur tillagan mið af þeirri hækkun skatttekna sem þar er gert ráð fyrir.

09 Fjármálaráðuneyti

999 Ýmislegt. Á viðfangsefninu *1.19 Ýmsar endurgreiðslur* undir þessum lið hafa á undanförnum árum farið fram endurgreiðslur á aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti til björgunarsveita af innflutningi þeirra á björgunartækjum. Lagt er til að fjárheimild þessa viðfangsefnis verði aukin um 10 m.kr. til að mæta þeim vanda sem björgunarsveitirnar standa frammi fyrir á yfirstandandi ári vegna endurnýjunar tækjabúnaðar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1994 er gert ráð fyrir að veita 1 m.kr. til greiðslu verðjöfnunargjalda á viðfangsefninu *1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings.* Sú fjárhæð hefur nú verið endurmetin og er lagt að heimildin hækki um 2 m.kr.

Alþingi, 20. des. 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.

444. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, GunnS, ÁJ, ÁMM).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 01–221 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „300.000“ kemur	370.000
2. Við 3. gr. 02–997 601 Uppgjör við sveitarfélög.	
Fyrir „7.000“ kemur	14.000
3. Við 3. gr. Nýr liður:	
04–811 Búnaðarfélag Íslands.	
697 Jarðræktarlög	40.000
4. Við 3. gr. Nýr liður:	
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
110 Framlag	65.000

	Þús. kr.
5. Við 3. gr. 09–999 Ýmislegt.	
a. Nýr liður:	
119 Ýmsar endurgreiðslur	10.000
b. Við 181 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings.	
Fyrir „1.000“ kemur	3.000

445. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Baldvin Jónsson frá Stéttarsambandi bænda.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Árni M. Mathiesen.

Alþingi, 20. des. 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Eggert Haukdal.	Guðni Ágústsson.
Gísli S. Einarsson.	Ragnar Arnalds.	Einar K. Guðfinnsson.

446. Frumvarp til laga [311. mál]

um læknaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI

Læknaráð.

1. gr.

Læknaráð starfar í tveimur deildum, réttarmálaráði og siðamálaráði.

II. KAFLI

Réttarmálaráð.

2. gr.

Réttarmálaráð skipa fimm læknar sem eru sérfróðir um eftirtalin svið læknisfræðinnar:

1. Geðlæknisfræði.
2. Handlæknisfræði.

3. Lyflæknisfræði.
4. Réttarlæknisfræði.
5. Örorku.

3. gr.

Læknadeild Háskóla Íslands skal tilnefna í réttarmálaráð skv. 2. gr. og jafnmarga varamenn sem hafi sérþekkingu á sömu sviðum og aðalmenn.

Heilbrigðisráðherra skipar réttarmálaráð. Skipunartími hvers sérfræðings og varamanns hans í ráðinu skal vera fimm ár.

4. gr.

Réttarmálaráð kýs formann og varaformann til þriggja ára í senn.

5. gr.

Hlutverk réttarmálaráðs er að láta í té sérfræðileg álit samkvæmt ákvörðun eða úrskurði dómara eða að beiðni ríkissaksóknara um læknisfræðileg efni og meðferð sem starfsmenn heilbrigðisþjónustu veita.

6. gr.

Um hvert mál fjalla þrír menn. Formaður eða varaformaður ráðsins skal taka þátt í afgreiðslu hvers máls, auk eins ráðsliða sem formaður tilnefnir. Auk þeirra skal réttarmálaráð tilnefna til þátttöku í afgreiðslu máls einn mann utan ráðsins sem hefur sérþekkingu á því álitaefni sem um er fjallað hverju sinni. Skylt er að taka tilnefningu til þátttöku í málsmeðferð.

Niðurstaða þeirra sem fjalla um mál skv. 1. mgr. telst álit réttarmálaráðs sé það samhljóða. Að öðrum kosti skal réttarmálaráð taka mál til fullnaðarafgreiðslu.

7. gr.

Réttarmálaráð tekur mál til meðferðar á grundvelli þeirra skriflegu gagna sem fyrir það eru lögð.

Telji ráðið þörf á nánari skýringum á vottorði sem fyrir það er lagt eða er því ósammála skal það gefa viðkomandi vottorðsgjafa kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar munnlega eða skriflega. Sama á við um önnur gögn sem fyrir ráðið eru lögð.

Telji ráðið ekki unnt að gefa álit á grundvelli fyrirliggjandi gagna skal það endursenda málið ásamt umsögn um það hvers vegna það telji ókleift að taka málið til efnismeðferðar.

8. gr.

Niðurstöður réttarmálaráðs skulu að jafnaði rökstuddar og ætíð ef sá er álits beiðist æskir þess svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niðurstöður.

III. KAFLI
Siðamálaráð.

9. gr.

Siðamálaráð skipa þrír menn. Ráðið skulu skipa einn lögfræðingur og tveir læknar.

10. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar siðamálaráð skv. 9. gr. og varamenn fyrir hvern ráðsliða sem hafi sömu menntun og aðalmenn. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsliða.

Skipunartími ráðsins er fimm ár.

11. gr.

Hlutverk siðamálaráðs er:

1. að láta almenningi, heilbrigðisráðherra og landlækni í té álit á því hvort greining, aðgerð, meðferð, hegðun eða framkoma starfsmanns í heilbrigðisþjónustu sé tilhlýðileg eða ekki,
2. að láta heilbrigðisráðherra samkvæmt beiðni í té álit á því hvort svipta beri starfsmann í heilbrigðisþjónustu starfsréttindum vegna tiltekinnar háttsemi eða endurveita honum slík réttindi.

12. gr.

Siðamálaráð tekur mál til meðferðar á grundvelli þeirra skriflegu gagna sem fyrir það eru lögð.

Telji ráðið þörf á frekari gögnum eða upplýsingum er starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu skylt að veita ráðinu aðgang að þeim gögnum sem það telur sig þurfa til úrlausnar mála, þar með taldar sjúkraskrár og að veita ráðinu munnlega eða skriflega þær aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru að mati ráðsins.

13. gr.

Niðurstöður siðamálaráðs skulu vera rökstuddar.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

14. gr.

Deildir læknaráðs skulu afgreiða mál innan þriggja mánaða frá því að þau berast. Dómari, sem óskar sérfræðilegs álits réttarmálaráðs, getur þó ákveðið styttri tíma ef sérstaklega stendur á. Ef ekki reynist unnt í einstökum tilvikum að ljúka afgreiðslu máls innan tilskilins tímafrests skal þess getið í álitsgerð hvaða ástæður hafi valdið drættinum á málsmeðferðinni.

15. gr.

Um vanhæfi ráðsliða gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

16. gr.

Framkvæmdastjóri læknaráðs skal vera lögfræðingur. Skal hann undirbúa málsmeðferð í samráði við formenn, rita fundargerðir, annast skjalavörslu og sjá um aðra stjórnsýslu fyrir ráðin.

Heilbrigðisráðherra skipar framkvæmdastjóra að fenginni umsögn deilda læknaráðs.

17. gr.

Aðal- og varamenn í læknaráði, sérfræðingar, starfsmenn og aðrir sem vinna fyrir eða með ráðunum skulu gæta þagmælsku og hindra að óviðkomandi aðilar fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál sem þeir komast að í störfum sínum.

18. gr.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsreglur deilda læknaráðs og um skýrslur deilda þess um starfsemi sína.

Kostnaður vegna laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Gildistaka o.fl.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um læknaráð, nr. 14 15. maí 1942, og 2.–7. málsl. 3.5. gr. í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97 28. september 1990, með síðari breytingum.

VI. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. um gildistöku laga þessara skal læknadeild Háskóla Íslands fyrir 1. nóvember 1995 tilnefna í réttarmálaráð í fyrsta sinn og þeir skipaðir til starfa í framhaldi af því. Þegar fulltrúar í réttarmálaráð eru skipaðir í fyrsta sinn skal skipunartími þeirra vera 1, 2, 3, 4 og 5 ár og skal skipunartími hvers ráðsliða ráðinn með hlutkesti. Fulltrúar í siðamálaráð skulu í fyrsta sinn skipaðir fyrir 1. nóvember 1995.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. skal læknaráð samkvæmt lögum nr. 14. 15. maí 1942 fyrir 1. apríl 1996 ljúka meðferð þeirra mála sem því barst fyrir gildistöku laga þessara samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Mál, sem til meðferðar eru hjá nefnd um ágreiningsmál samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og ekki er lokið fyrir gildistöku laga þessara, skulu upp frá því sæta meðferð hjá siðamálaráði skv. III. kafla laga þessara. Ákvæði þessara laga gilda um áframhaldandi málsmeðferð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Árið 1941 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um læknaráð. Var þá talið að ýmsar nýjungar í heilbrigðislöggjöf hefðu orðið þess valdandi að dómsmálum sem snertu lækna og læknisfræðileg efni færi fjölgandi. Töldu menn að lítt væri séð fyrir endann á þeirri þróun. Erfitt væri fyrir ólæknisfróða dómara að skera úr um slík mál á viðhlítandi hátt og því væri nauðsynlegt ráð læknisfróðra manna. Að frumkvæði landlæknis og með stuðningi læknafélaganna hafði frumvarpið því verið samið. Flutningsmaður frumvarpsins var Vilmundur Jónsson, landlæknir og alþingismaður. Frumvarpið var endurflutt ári seinna og þá samþykkt sem lög frá Alþingi nr. 14/1942. Reglugerð um starfsháttu læknaráðs nr. 192/1942 var sett síðar á árinu.

2. Starfshættir læknaráðs.

Samkvæmt 1. gr. laga um læknaráð eiga þar sæti níu læknar. Þeir eru landlæknir, sem er formaður, kennararnir í réttarlæknisfræði, heilbrigðisfræði og lyfjafræði við Háskóla Íslands, yfirlæknar lyflæknisdeildar og handlæknisdeildar Landspítalans, yfirlæknar Geðveikrahælis ríkisins og Tryggingastofnunar ríkisins og formaður Læknafélags Íslands. Samkvæmt þessu er það starfsskylda þeirra sem skipaðir eru í fyrrnefndar stöður að vera í læknaráði. Hlutverk læknaráðs er að láta dómstólum, ákæruvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni og skal ráðið ekki láta önnur mál til sín taka en þau sem borin hafa verið undir það og af þeim aðilum sem lögin tilgreina.

Samkvæmt reglugerð um starfsháttu læknaráðs skal það starfa í þremur þriggja manna deildum, réttarmáladeild, heilbrigðismáladeild og siðamáladeild.

Réttarmáladeild er skipuð kennaranum í réttarlæknisfræði við háskólann, sem er formaður deildarinnar, yfirlækni Geðveikrahælis ríkisins og yfirlækni handlæknisdeildar Landspítalans. Deildin fjallar um réttarmál, þ.e. mál frá dómstólum eða ákæruvaldi. Á undanförnum árum hefur réttarmáladeild læknaráðs hist milli 5–10 sinnum á ári.

Í heilbrigðismáladeild eiga sæti landlæknir, sem er formaður, kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann og yfirlæknir lyflæknisdeildar Landspítalans. Heilbrigðismáladeild skal fjalla um heilbrigðismál. Heilbrigðismáladeild læknaráðs hefur ekki komið saman síðan 1948.

Í siðamáladeild eiga sæti læknaráðsmaður sem er sérstaklega kjörinn af læknaráði og er hann formaður, kennarinn í réttarlæknisfræði við háskólann og formaður Læknafélags Íslands. Siðamáladeild skal fjalla um mál varðandi hegðun eða framkomu lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Siðamáladeild hittist u.þ.b. 10 sinnum á ári. Þau mál sem siðamáladeild hefur fjallað um á undanförnum árum eru nánast undantekningarlaust komin til deildarinnar samkvæmt beiðni landlæknis.

Þegar deild læknaráðs hefur lokið afgreiðslu máls endursendir hún forseta ráðsins málsskjöl ásamt álitsgerð. Þar skal rekja málsatvik þannig að stutt en glöggt yfirlit fáist yfir öll atriði sem máli skipta þegar meta skal niðurstöðu álitsgerðarinnar.

Niðurstaða réttarmáladeildar og heilbrigðismáladeildar hvorrar um sig um mál telst fullnaðarniðurstaða læknaráðs nema læknaráðsmaður krefjist að málið sé borið undir læknaráð í heild. Siðamáladeild gerir á hinn bóginn einungis tillögu til læknaráðs um afgreiðslu máls. Þetta merkir að læknaráð í heild fjallar um öll mál sem siðamáladeild hefur áður gert tillögur um afgreiðslu á og önnur mál ef læknaráðsmaður krefst að tillaga deildar fari fyrir læknaráð.

3. Endurskoðun laga um læknaráð.

Fyrri hluta árs 1991 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd sem falið var að endurskoða lög um læknaráð. Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður, Haukur Þórðarson yfirlæknir, Ólafur Axelsson hæstaréttarlögmaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Sigurður Líndal prófessor, Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari og Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri. Ritari nefndarinnar var skipuð Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri. Nefndin hefur samið lagafrumvarp það sem hér liggur fyrir.

Við samningu frumvarpsins hefur nefndin m.a. haft til hliðsjónar breyttar áherslur í málsmeðferð stjórnsýslunnar frá því að lögin um læknaráð voru sett. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu hefur landlæknir veigamiklu hlutverki að gegna varðandi eftirlit með starfi heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana. Flest mál sem siðamáladeild læknaráðs hefur haft til umfjöllunar á undanförnum árum eru þangað komin samkvæmt beiðni landlæknis. Samkvæmt reglum um læknaráð ber að beina öllum erindum til ráðsins til forseta þess en landlæknir er það samkvæmt lögunum um læknaráð. Forseti ráðsins í samráði við ritara sendir erindið til viðkomandi deildar. Samkvæmt reglum um starfsháttu siðamáladeildar skulu álitsgerðir hennar sendar læknaráði í heild til umfjöllunar. Landlæknir hefur ekki vikið sæti við meðferð mála sem hann hefur beint til ráðsins. Það getur á hinn bóginn ekki talist í samræmi við nútíma stjórnsýsluhætti að sami embættismaðurinn fjalli um mál bæði í nefnd sem lög skipa hann til formennsku í og í embætti sínu. Slík er þó raunin þegar læknaráð, sem landlæknir er forseti fyrir samkvæmt lögum, sendir álitsgerðir varðandi siðamál til embættis landlæknis vegna mála sem embættið hefur beint til ráðsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að læknaráð starfi framvegis í tveimur deildum, réttarmálaráði og siðamálaráði, og gerir talsverðar breytingar á skipun deildanna.

Í réttarmálaráði skulu sitja fimm læknar sem læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir til fimm ára í senn. Ráðið kýs sér sjálft formann. Hlutverk réttarmálaráðs er að láta dómurum eða ríkissaksóknara í té sérfræðileg álit varðandi læknisfræðileg efni og meðferð veitta af starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar. Um hvert mál fjalla þrír menn, formaður eða varaformaður ráðsins, einn ráðsliði sem formaður tilnefnir og einn maður utan ráðsins sem hefur sérþekkingu á því álitaefni sem um er fjallað hverju sinni. Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar og ætíð ef sá er álits beiðist æskir þess svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niðurstöður.

Í siðamálaráði skulu sitja þrír menn, lögfræðingur og tveir læknar, sem skipaðir eru til fimm ára í senn. Skal lögfræðingurinn vera formaður ráðsins. Siðamálaráð mun sinna sömu verkefnum og siðamáladeild læknaráðs, auk þess sem því verða falin verkefni úrskurðarnefndar um ágreiningsmál samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk siðamálaráðs er að láta almenningi, heilbrigðisráðherra og landlækni í té álit sitt á því hvort greining, meðferð, aðgerð, hegðun eða framkoma starfsmanns í heilbrigðisþjónustu sé tilhlýðileg eða ekki og að láta heilbrigðisráðherra samkvæmt beiðni í té álit á því

hvort svipta beri starfsmann í heilbrigðisstétt starfsréttindum vegna háttsemi eða endurveita honum slík réttindi. Niðurstöður siðamálaráðs skulu rökstuddar.

Gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu að læknaráð skuli afgreiða mál innan þriggja mánaða frá því að þau berast. Þó er gert ráð fyrir að dómari, sem óskar álits réttarmálaráðs, geti gefið ráðinu styttri frest ef sérstaklega stendur á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að læknaráð skuli starfa og að því skuli skipt í tvær deildir, réttarmálaráð og siðamálaráð.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir skipun réttarmálaráðs. Fimm læknar sem sérfróðir eru um tilgreind svið læknisfræðinnar skulu skipa réttarmálaráð. Þeir skulu vera sérfróðir í geðlæknisfræði, handlæknisfræði, lyflæknisfræði, réttarlæknisfræði og örorku.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að læknadeild Háskóla Íslands tilnefni lækna til setu í réttarmálaráði. Í réttarmálaráði skulu sitja þeir sérfræðingar sem færastir eru á þeim sviðum sem tilgreind eru í 1. gr. og gengið er út frá því að í læknadeild sé víðtækust fagleg þekking á því hverjir þessir sérfræðingar eru. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal skipa ráðið til fimm ára í senn.

Um 4. gr.

Réttarmálaráð skal sjálft kjósa sér formann og varaformann til þriggja ára í senn.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að aðgangur að réttarmálaráði sé takmarkaður við það að fyrir liggi ákvörðun eða úrskurður dómara eða beiðni ríkissaksóknara. Einstaklingar sem hyggjast fara í mál munu þannig ekki geta skotið máli sínu til umsagnar réttarmálaráðs.

Réttarmálaráð skal fjalla um mál á þeim grundvelli sem fyrir það er lagt. Á þessu stigi eiga öll atriði að vera komin fram í einkamáli og sjónarmið beggja aðila að liggja fyrir.

Um 6. gr.

Til að auka skilvirkni í störfum og málshraða er gert ráð fyrir því sem aðalreglu að hvert mál sé afgreitt af þremur mönnum. Tveir þeirra eru ráðsliðar í réttarmálaráði en hinn þriðji sérfróður utanaðkomandi aðili. Með þessu á að tryggja enn frekar bestu faglegu þekkingu sem völ er á hverju sinni.

Verði ágreiningur meðal þeirra þriggja manna sem fjalla um mál skal réttarmálaráð í heild fjalla um málið. Í þeim tilvikum tekur sá sem tilnefndur var utan ráðsins ekki þátt í fullnaðarafgreiðslu málsins.

Um 7. gr.

Réttarmálaráð fjallar um mál á grundvelli þeirra gagna sem til eru þegar málið er lagt fyrir ráðið. Réttarmálaráð aflar því ekki gagna sjálft. Ekki er gert ráð fyrir að réttarmálaráð eða einstakir ráðsliðar skoði sjúkling. Með því er ætlunin að koma í veg fyrir tilfinningatengsl sem geta myndast milli sjúklings og læknis. Tilgangurinn með þessu er sá að tryggja sem hlutlægasta niðurstöðu.

Í reglu 2. mgr. er fólgin m.a. andmælaregla, t.d. ef réttarmálaráð er ósammála vottorðsgjafa.

Regla 3. mgr. er undantekningarregla og ber að túlka þröngt. Gert er ráð fyrir að réttarmálaráð sendi mál því aðeins tilbaka að það telji ókleift að taka mál til efnismeðferðar. Það á hins vegar ekki við ef eitthvað óverulegt vantar að mati ráðsins.

Um 8. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum. Af reglunni leiðir að í niðurstöðum skal koma fram á hvaða forsendum réttarmálaráð byggir álit sitt.

Um 9. gr.

Siðamálaráð kemur í stað núverandi siðamáladeildar læknaráðs og úrskurðarnefndar um ágreiningsmál samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Ráðið skal skipað þremur einstaklingum, tveimur læknum og einum lögfræðingi.

Með svo fámennu siðamálaráði er ætlunin að tryggja hvort tveggja í senn skilvirkni og samræmi í túlkun. Mikilvægt er að í málum af þessu tagi sé ekki mismunandi mat á sambærilegum tilvikum. Hér er frekar um huglægt mat að ræða en hlutlægt.

Um 10. gr.

Vegna mismunandi hlutverka siðamálaráðs og réttarmálaráðs er gert ráð fyrir mismunandi aðferð við tilnefningu í ráðin. Hér er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveði án tilnefningar hverjir sitji í siðamálaráði. Ráðherra skal skipa formann úr hópi ráðsliða. Skipunartími er til fimm ára í sinn. Varamenn skulu hafa sömu menntun og aðalmenn. Í því felst þó ekki að varamaður læknis þurfi að hafa sömu sérfræðiþekkingu og aðalmaður heldur er hér vísað til lögfræðimenntunar og læknisfræðimenntunar.

Um 11. gr.

Löggiltar heilbrigðisstéttir eru á fjórða tug og allar starfa þær á grundvelli starfsleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Nauðsynlegt er talið að almenningur svo og yfirstjórn heilbrigðisþjónustu eigi aðgang að hlutlausum aðilum varðandi álit í tilgreindum málum sem upp kunna að koma.

Í áliti siðamálaráðs mundi felast slíkt mat óvilhallra aðila á þeirri þjónustu sem heilbrigðisstarfsmenn hafa látið í té. Þetta á ekki aðeins við um þjónustu hjá opinberum stofnunum heldur um alla þjónustu á heilbrigðissviði. Sömuleiðis á þetta bæði við um samskipti heilbrigðisstétta innbyrðis og samskipti heilbrigðisstétta við þá sem þjónustunnar njóta.

Matið á því hvort tiltekin hegðun hafi verið tilhlýðileg er afstætt. Það fer eftir atvikum og aðstæðum sem og þekkingu sem fyrir hendi er á hverjum stað og hverjum tíma. Mælikvarðinn er því siðferðilegur en ekki lagalegur.

Starfsemi siðamálaráðs hefur í engu áhrif á eða takmarkar hlutverk embættis landlæknis um að hafa eftirlit með heilbrigðisstéttum og sinna kvörtunum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Greinin gerir ráð fyrir að heilbrigðisráðherra geti leitað álits siðamálaráðs án þess að honum sé það skylt. Það getur hins vegar verið heilbrigðisráðherra til stuðnings að fá álit utanaðkomandi aðila eins og siðamálaráðs áður en hann tekur afstöðu í tilgreindu máli. Að sjálfsögðu breytir þetta engu um hlutverk landlæknis sem ráðgjafa í heilbrigðismálum.

Um 12. gr.

Siðamálaráð skal almennt taka mál til meðferðar á grundvelli fyrirliggjandi skriflegra gagna. Hins vegar er gert ráð fyrir því að siðamálaráð geti aflað frekari gagna telji það þörf á. Hvað þetta varðar er því munur á siðamálaráði og réttarmálaráði.

Skýrt er tekið fram í ákvæðinu til að koma í veg fyrir vafa að skylt er að láta siðamálaráði í té öll gögn sem heilbrigðisstéttir hafa og varða sjúkling, þar á meðal sjúkraskrár. Þá er skylt að veita siðamálaráði allar upplýsingar sem það óskar eftir.

Um 13. gr.

Sjá athugasemdir við 8. gr.

Um 14. gr.

Rétt þykir að setja deildum læknaráðs hámarksfrest til að afgreiða mál. Fresturinn er ákveðinn þrír mánuðir og er þar miðað við hvað almennt er álitið að það taki langan tíma að afgreiða mál. Með þessu er lögð áhersla á skilvirkni í störfum ráðanna. Verði dráttur á afgreiðslu máls fram yfir þriggja mánaða frestinn verður að gera sérstaka grein fyrir slíkum drætti. Skýringar slíks dráttar á máli gætu t.d. verið að mál sé sérstaklega flókið. Jafnframt er gert ráð fyrir að dómari, sem óskar álits réttarmálaráðs, geti ef sérstaklega stendur á ákveðið styttri frest til afgreiðslu málsins. Gert er ráð fyrir að þetta sé þó sérregla sem ekki skuli beitt nema í undantekningum og að dómari þurfi að rökstyðja það hverju sinni ef hann ákveður skemmri frest.

Um 15. gr.

Eðlilegt þykir að sömu reglur gildi um vanhæfi og samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að læknaráð hafi fastan starfsmann sem skal vera löglærður. Fastur starfsmaður tryggir skilvirka málsmeðferð. Ekki er hins vegar þar með sagt að starf þetta verði strax fullt starf þó gera megi ráð fyrir að svo verði síðar.

Um 17. gr.

Reglur greinarinnar um þagnarskyldu byggja á sömu sjónarmiðum og fram koma í læknalögum.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að við gildistöku laganna falli úr gildi lögin um læknaráð, nr. 14/1942, og ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu um úrskurðarnefnd um ágreiningsmál.

Um 20. gr.

Miðað er við að ný læknaráð verði orðin starfhæf við gildistöku laganna 1. janúar 1996. Þá er greininni stefnt að því að tryggja að réttarmálaráð endurnýist þannig að einn ráðsliða hætti á hverju ári en ekki ráðið í heild. Þar með er hins vegar ekki komið í veg fyrir að einstaklingar verði endurtilnefndir í ráðið.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um læknaráð.

Frumvarpið er endurskoðun á gildandi lögum um læknaráð og er því ætlað að taka tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið á málsmeðferð stjórnsýslunnar.

Frumvarpið felur í sér að fulltrúum í læknaráði fækkar úr níu í átta og að ráðinn verður löglærður framkvæmdastjóri fyrir læknaráð. Í fjárlögum 1994 er ráðstafað 1.900 þús. kr. til læknaráðs. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður vegna þóknunar til læknaráðsmanna lækki en að framkvæmdastjóri verði í hlutastarfi og komi í stað núverandi ritara læknaráðs. Samtals má búast við að kostnaðarauki af þessum breytingum verði um 600–800 þús. kr. á ári. Ekki þarf að áætla fyrir auknum húsnæðiskostnaði frá því sem nú er en haldnir eru 5 til 10 fundir árlega í réttarmáladeild og siðamáladeild sem eru sambærilegar við réttarmálaráð og siðamálaráð samkvæmt frumvarpinu. Með frumvarpinu eru felld úr gildi ákvæði 2.–7. málsl. 3.5. gr. í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Ákvæðin eru um svokallaða kvörtunarnefnd en framlag til hennar var 420 þús. kr. í fjárlögum fyrir árið 1991. Síðustu tvö ár hefur kostnaður vegna nefndarinnar verið greiddur af fjárveitingu aðalskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Líklega mun umfang starfsemi læknaráðs aukast á næstu árum í samræmi við þá þróun sem orðið hefur erlendis. Þá má einnig gera ráð fyrir að í auknum mæli verði krafist greiðslna fyrir sérfræðileg álit til læknaráðs og er sú þróun þegar hafin óháð frumvarpinu. Samtals má því ætla að beinn kostnaðarauki vegna frumvarpsins verði um 200 þús. kr. til 400 þús. kr. á ári að frádegnum áætluðum kostnaði vegna kvörtunarnefndar.

447. Frumvarp til tóbaksvarnalaga. [312. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni sem hún veldur og vernda fólk gegn loftmengun af völdum tóbaksreyks.

2. gr.

Það er réttur hvers manns að þurfa ekki að anda að sér lofti sem mengað er tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 1. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

3. gr.

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Lög þessi taka einnig til varnings sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak þótt hann innihaldi ekki tóbak, enda gildi ekki um hann önnur lög.

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Ákvæði laga þessara gilda einnig í fríhöfnum eftir því sem við á.

4. gr.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og útbúnað, tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sígarettur svo og annan slíkan varning.

5. gr.

Yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Ráðherra skipar tóbaksvarnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Skulu að minnsta kosti þrír þeirra vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Formaður og varaformaður skulu skipaðir sérstaklega.

Hlutverk tóbaksvarnanefndar er fyrst og fremst:

1. Að vera ríkisstjórn, ráðherra og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.
3. Að efna til átaks í tóbaksvörnum, hvetja aðra aðila til hins sama og leitast við að samræma störf þeirra.

4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m.a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

Leita skal álits nefndarinnar á lagafrumvörpum og reglugerðum sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk og störf tóbaksvarnanefndar.

II. KAFLI
Verslun með tóbak.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skulu hafa náið samráð við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og tóbaksvarnanefnd um stefnu og mikilvægar ákvarðanir varðandi verslun með tóbak í samræmi við 1. gr. laga þessara.

8. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak.

Bannað er einnig að flytja inn, framleiða og selja tóbaksvarning sem ekki hefur verið á almennum markaði hér á landi.

9. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð hver séu hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaksvarningi og reyk sem myndast við bruna hans, hvernig skuli sýna fram á að þau mörk séu virt og hvernig eftirliti skuli háttað.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við nauðsynlegar mælingar til staðfestingar og eftirlits skv. 1. mgr.

10. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráðar séu viðvaranir um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.

Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þar á meðal um viðvörunartexta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi, svo og auglýsingar á öðrum varningi sem ber heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utan lands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur. Þrátt fyrir þetta er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak og tóbaksvarnanefnd heimilt að birta skrá um skaðleg efni í tóbaksvörum.

Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra

í auglýsingum eða upplýsingum um vöru eða þjónustu og í myndskreytingu á varningi.

Með auglýsingum er í lögum þessum m. a. átt við:

1. Hvers konar söluhvetjandi tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal útstillingar, skilti og svipaðan búnað.
2. Umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir.
3. Dreifingu vörusýna til neytenda.
4. Notkun vöruheita og vöruauðkenna á annars konar varning og í tengslum við mannamót, svo sem íþrótta- og listviðburði.

Tóbaki skal þannig komið fyrir á útsölustöðum að það beri ekki fyrir augu viðskiptavina.

12. gr.

Tóbak má ekki selja eða afhenda einstaklingum yngri en 16 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt.

Bannað er að flytja inn, framleiða eða selja leikföng eða sælgæti sem að lögun líkist sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða ætlað er að minna á tóbak með öðrum hætti.

Einstaklingar yngri en 16 ára mega ekki selja tóbak.

Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.

Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna en heilum 20 stykkja pökkum og vindla má aðeins selja í heilum pökkum eða kössum. Heimilt er þó að selja vindla í stykkjatali á vínveitingastöðum.

Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða heilbrigðisstofnunum.

13. gr.

Smásala á tóbaki er ekki heimil nema í matvöruverslunum, í sælgætisverslunum og á veitinga- og gististöðum.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er óheimilt að dreifa tóbaki til annarra en þeirra sem um ræðir í 1. mgr. 13. gr., sbr. 3. mgr. 24. gr.

III. KAFLI
Vernd gegn tóbaksmengun andrúmslofts.

14. gr.

Innan húss eru tóbaksreykingar óheimilar í öllu því rými þar sem almenningi er ætlaður aðgangur.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um veitingasali á skemmtistöðum og öðrum veitingastöðum (krám) þar sem ekki er lögð aðaláhersla á matsölu. Ákveði forráðamenn þeirra að takmarka reykingar og tilkynni það heilbrigðisnefnd gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

Í veitingahúsum og á veitingastofum sem falla ekki undir 2. mgr. er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að leyfa reykingar á hluta veitingasvæðis með þeim skilyrðum sem sett eru í 18. gr. Með sömu skilyrðum má leyfa reykingar á vel afmörkuðum svæðum í flugstöðvum og öðrum umferðarmiðstöðvum.

15. gr.

Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar:

1. Í grunnskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum til félags- og tómstundastarfa.
2. Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum.
3. Í heilsugæslustöðvum, læknastofum og öðrum stöðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta.
4. Á sjúkrahúsum. Þó má leyfa reykingar sjúklinga í vissum tilvikum. Setja skal reglugerð um framkvæmd þeirrar undanþágu.
5. Í framhaldsskólum.
6. Í lyftum.
7. Á öllum opinberum fundum og fundum sem haldnir eru á vegum ríkis og sveitarfélaga, stofnana þeirra eða embættismanna.

16. gr.

Sá sem ræður mann til vinnu skal sjá til þess að hann njóti á vinnustaðnum réttar skv. 1. mgr. 2. gr.

Ráðherra setur reglugerð um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum í samráði við félagsmálaráðherra og Vinnueftirlit ríkisins.

Ráðherra setur reglugerð í samráði við samgönguráðherra og Siglingamálastofnun ríkisins um takmarkanir á reykingum í vinnurými og vistarverum skipshafna.

17. gr.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í leigubifreiðum, hópbifreiðum og farþegaflugvélum.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í farþegarými skipa taki ferð skemmri tíma en fjórar klukkustundir.

18. gr.

Séu reykingar leyfðar samkvæmt ákvæðum 14.–17. gr. skal það vera á afmörkuðu svæði með góðri loftræstingu og þess gætt eftir megni að þær mengi ekki andrúmsloftið þar sem reykingar eru ekki leyfðar. Reyksvæði þessi skulu auðkennd sérstaklega, svo og þau svæði þar sem ekki má reykja.

19. gr.

Forráðamenn húsnæðis skv. 14. og 15. gr. og almenningsfarartækja skv. 17. gr. skulu gera ráðstafanir til þess hver fyrir sitt leyti að ákvæði um takmörkun á tóbaksreykingum séu virt.

IV. KAFLI
Fræðslustarfsemi.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu:

1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í ríkisfjölmiðlum.

Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, svo og aðstoð við þá sem vilja hætta að nota tóbak.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Skylt er að verja 0,3% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.

Tóbaksvarnanefnd ráðstafar fénu í samráði við ráðherra.

22. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

23. gr.

Óheimilt er að veita tóbak á vegum ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

24. gr.

Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með sölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði 10.–13. gr.

Nú er brotið gegn ákvæðum 10.–13. gr. og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá, eftir því sem við á, beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Gerist smásöluaðili ítrekað brotlegur við ákvæði 1. mgr. 12. gr. getur heilbrigðisnefnd úrskurðað að honum sé óheimilt að selja tóbak um tiltekinn tíma. Jafnframt er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins þá óheimilt að selja honum tóbak.

25. gr.

Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

26. gr.

Sá sem brýtur gegn ákvæðum 8.–13. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga.

27. gr.

Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartækjum þar sem bannað er að reykja samkvæmt ákvæðum III. kafla, enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnunum láti hann ekki segjast.

Það varðar forráðamann húsnæðis skv. 14. og 15. gr. og almenningsfarartækis skv. 17. gr. sektum ef hann vanrækir í veigamiklum atriðum skyldu sína skv. 19. gr.

28. gr.

Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Tóbaksvarnanefnd, sem skipuð var í nóvember 1992, skal starfa út skipunartíma sinn og taka að sér hlutverk tóbaksvarnanefndar samkvæmt þessum lögum.

II.

Fram að 1. janúar 1997 er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. heimilt að flytja inn og selja þá tegund munntóbaks sem verslunin hefur lengi haft á boðstólum.

III.

Fram að 1. september 1995 er hlutaðeigandi forstöðumanni skv. 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. (grunnskólar, dagvistir barna o.fl.), 3. tölul. 1. mgr. 15. gr. (heilsugæslustöðvar o.fl.), 4. tölul. 1. mgr. 15. gr. (sjúkrahús) og 5. tölul. 1. mgr. 15. gr. (framhaldsskólar) heimilt að höfðu samráði við starfsmenn að leyfa reykingar í afmörkuðum hluta þess húsnæðis sem ætlað er starfsfólki sérstaklega að uppfylltum skilyrðum í 18. gr.

IV.

Fram að 1. júlí 1996 er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 17. gr. heimilt að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis flugvéla sem fljúga til landa utan Evrópu.

V.

Árin 1995–1999 skal verð á tóbaki hækka um a.m.k. 10% árlega umfram almennt vöruverð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með bréfi Guðmundar Bjarnasonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 15. nóvember 1988, var óskað eftir tillögum tóbaksvarnanefndar, sem skipuð var í september 1988 til fjögurra ára, um breytingar á lögum um tóbaksvarnir að fenginni reynslu. Þegar farið var að vinna að þessu máli komu fram svo margar hugmyndir um æskilegar breytingar að talið var rétt að endurskoða lögin í heild.

Lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sem tóku gildi í ársbyrjun 1985, mörkuðu tímamót og voru miklum mun ítarlegri en eldri lög nr. 27/1977. Við setningu þeirra var tekið mið af löggjöf sem einna lengst gekk í nálægum löndum. Lögin í heild og reglugerðir sem þeim fylgdu vöktu á sínum tíma heimsathygli og mikið hefur verið til þeirra vitnað. Þau hafa reynst árangursríkt vopn í þeirri baráttu sem háð hefur verið hérlendis síðustu ár gegn reykingum. Frá því að lögin voru sett hefur jafnt og þétt dregið úr sölu og neyslu tóbaks. Sem dæmi má nefna að tóbakssala á hvern fullorðinn íbúa minnkaði um fimmtung frá 1984 til 1990. Svipuð breyting hefur orðið á fjölda neytenda, árið 1985 sögðust 40% fullorðinna Íslendinga (18–69 ára) reykja daglega, samkvæmt könnunum Hagvangs fyrir tóbaksvarnanefnd, en árið 1993 aðeins 29%. Þó að mikið hafi á unnist erum við samt enn langt frá því takmarki sem sett hefur verið, að Ísland verði reyklaust land.

Síðan lög um tóbaksvarnir voru samþykkt árið 1984 hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum til varnaraðgerða, m.a. vegna aukinnar þekkingar á áhrifum óbeinna reykinga. Erlendis hefur löggjöf orðið æ harðari, ekki síst um takmarkanir á reykingum. Þetta á t.d. við Bandaríkin og Kanada. Þá hefur Evrópusambandið markað ákveðna stefnu gegn tóbaksneyslu í tengslum við víðtækt átak gegn krabbameini og sum bandalagsríkin gengið enn lengra en þeim er skylt. Við Íslendingar höfum því ekki lengur sömu forustu í tóbaksvörnum og áður að því er löggjöf varðar.

Á hinn bóginn hefur Alþingi nýlega samþykkt einarða stefnu í tóbaksmálum sem trauðla verður framfylgt nema með mun víðtækari og afdráttarlausari löggjöf en þeirri sem nú gildir. Hér er um að ræða þingsályktun um Íslenska heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1991. Þar segir svo í 8. lið: „Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta. Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir. Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara."

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint fjórþætt markmið tóbaksvarna sem lýsa má í stuttu máli þannig:

— að ungt fólk byrji ekki að reykja,
— að reykingamenn hætti að reykja og fái til þess hvatningu og aðstoð,
— að þeir sem hætta ekki að reykja fái sem minnst af skaðlegum efnum úr reyknum,
— að þeir sem ekki reykja njóti verndar gegn tóbaksreyk frá öðrum.

Markmið þessi hafa, auk Íslenskrar heilbrigðisáætlunar, verið höfð að leiðarljósi við samningu þessa frumvarps. Jafnframt hefur verið litið til reynslunnar af gildandi lögum um tóbaksvarnir, samsvarandi löggjafar með öðrum þjóðum og tilmæla frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni til aðildarríkja um lagaúrræði og aðrar ráðstafanir gegn tóbaksneyslu.

Þegar tóbaksvarnanefnd hafði lokið við að semja drög að frumvarpinu voru þau lögð

fyrir ráðherra og þeim síðan breytt lítillega að hans ráði. Í lok aprílmánaðar 1991 fól hann nefndinni að leita umsagna um frumvarpsdrögin. Skyldi nefndin taka þær til athugunar í samráði við ráðuneytið. Fljótlega eftir að Sighvatur Björgvinsson varð ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála kynnti tóbaksvarnanefnd honum frumvarpið í þeim búningi sem það var þá komið í og lýsti hann stuðningi við að áfram yrði unnið að málinu.

Í maí 1991 sendi tóbaksvarnanefnd 37 aðilum frumvarpsdrögin til umsagnar. Skrifleg svör bárust frá 19 aðilum. Nefndin fór rækilega yfir þau og breytti frumvarpsdrögunum í nokkrum atriðum vegna ábendinga sem þar komu fram að höfðu samráði við ráðuneytið. Í umsögnunum kom víða fram mikill stuðningur við frumvarpsdrögin í heild eða meginefni þeirra, m.a. frá landlækni sem sendi svohljóðandi álit: „Ég lýsi eindregnum stuðningi við frumvarp til tóbaksvarnalaga. Áætlað er að rekja megi allt að 300 dauðsföll ár hvert til reykinga. Auk þess valda reykingar langvarandi heilsuleysi þúsunda landsmanna og kosta þjóðfélagið ómælt fé. Það leikur enginn vafi á því að sú aðgerð, sem hefði mest áhrif til að bæta heilsufar fólks, er að draga sem allra mest úr reykingum eins og stefnt er að með þessu lagafrumvarpi sem ég vona að verði sem fyrst að lögum.“ Stjórn Félags íslenskra lungnalækna „telur frumvarpið löngu tímabært“. Í umsögn Fóstrufélags Íslands er sérstaklega fagnað þeim ákvæðum sem lúta að því að vernda börn fyrir tóbaksreyk og reykingafordæmi fullorðinna. Hollustuvernd ríkisins tjáir sig „í öllum meginatriðum sammála stefnu frumvarpsins um að draga úr sölu og neyslu tóbaks“. Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands „hefur ekkert við frumvarpið að athuga og leggur til að það verði samþykkt“. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands lýsir „sérstakri ánægju“ með frumvarpstillögurnar og telur margt í þeim vera „til mikilla bóta og geta stuðlað að enn meiri árangri í tóbaksvörnum“. Stjórn Læknafélags Íslands „styður tillögur tóbaksvarnanefndar og hefur ekki við þær athugasemdir“ og kveðst fagna þeim nýmælum sem þar koma fram. Neytendasamtökin „telja mjög mikilvægt að upplýsingar og áróður um skaðsemi tóbaksreykinga verði sem allra mestur“ og „reynt verði að tryggja rétt þeirra sem ekki reykja þannig að þeir þurfi ekki að anda að sér reykmettuðu lofti“. Samtök heilbrigðisstétta „fagna tillögum tóbaksvarnanefndar og sjá ekkert sem betur megi fara“. Stjórn Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) „álítur að hið nýja frumvarp til tóbaksvarnalaga uppfylli vel þær kröfur sem félagsmenn okkar gera um tóbaksvarnir af hálfu ríkisvaldsins“. Nokkrir þeirra umsagnaraðila sem hér var getið gerðu þó tillögur um breytingar á einstökum greinum frumvarpsins í þá átt að herða ákvæði þeirra. Þess skal getið að af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík þótti „umrætt frumvarp ekki gefa tilefni til athugasemda“. Að ábendingum annarra, sem sendu skrifleg svör, er vikið í athugasemdum við einstakar greinar eftir því sem efni standa til en þeir eru: Alþýðusamband Íslands, Flugmálastjórn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands, Kaupmannasamtök Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband veitinga- og gistihúsa og Siglingamálastofnun ríkisins. Félag kvikmyndahúsaeigenda gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum á fundi með tóbaksvarnanefnd.

Í tóbaksvarnanefnd, sem samdi frumvarpið, áttu sæti: Egill Heiðar Gíslason framkvæmdastjóri, formaður (varamaður Halldór Runólfsson heilbrigðisfulltrúi), Helgi Guðbergsson yfirlæknir (varamaður Guðmundur Þorgeirsson yfirlæknir) og Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri (varamaður Lilja Eyþórsdóttir umsjónarfóstra).

Í tóbaksvarnanefnd sem skipuð var haustið 1992 eiga sæti: Halldóra Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, formaður, Helgi Guðbergsson (varamaður Guðmundur Þorgeirsson) og Þorvarður Örnólfsson (varamaður Lilja Eyþórsdóttir). Nefndin hefur farið yfir frumvarpið og gert nokkrar breytingar á því í samráði við Guðmund Árna Stefánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Nokkur helstu nýmæli frumvarpsins.

— Réttur fólks til reyklauss lofts er afdráttarlaust viðurkenndur og sérstaklega kveðið á um rétt barna, sbr. 2. gr.
— Munntóbak verður bannað, sbr. 8. gr., ákvæði til bráðabirgða.
— Hámark skaðlegra efna í tóbaki skal ákveðið, sbr. 9. gr.
— Merkja skal sígarettupakka með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald, sbr. 10. gr.
— Bannað er að auglýsa varning sem ber heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu, sbr. 11. gr.
— Uppstilling á tóbaki á sölustöðum er bönnuð, sbr. 11. gr.
— Tóbakssala á heilbrigðisstofnunum er bönnuð, sbr. 12. gr.
— Heimild til smásölu á tóbaki er takmörkuð við matvöruverslanir, sælgætisverslanir og veitinga- og gististaði, sbr. 13. gr.
— Skýrari ákvæði eru sett um takmarkanir á reykingum á veitingastöðum, sbr. 14. gr.
— Veitt er svigrúm til að heimila reykingar í afmörkuðum hluta húsnæðis í flugstöðvum og umferðarmiðstöðvum, sbr. 14. gr.
— Reykingar eru alveg bannaðar á sjúkrahúsum, nema sjúklingum (sem fá til þess undanþágu), svo og í framhaldsskólum og á opinberum fundum, sbr. 15. gr., ákvæði til bráðabirgða.
— Vinnuveitendum ber að sjá til þess að starfsfólk njóti réttar til að vinna í reyklausu umhverfi, sbr. 16. gr.
— Reykingar verða óheimilar í öllu millilandaflugi frá miðju ári 1996, sbr. 17. gr., ákvæði til bráðabirgða.
— Kveðið er á um skyldu forráðamanna húsnæðis og almenningsfarartækja til að gera ráðstafanir til að ákvæðum laganna sé framfylgt, sbr. 19. gr.
— Veita skal fræðslu á heilbrigðisstofnunum um áhrif tóbaksneyslu, sbr. 20. gr.
— Fjárveitingar til tóbaksvarna eru auknar, sbr. 21. gr.
— Tóbaksveitingar opinberra aðila eru bannaðar, sbr. 23. gr.
— Við ítrekað brot á banni við tóbakssölu til barna er heimilt að svipta smásöluaðila leyfi til tóbakssölu um tiltekinn tíma, sbr. 24. gr.
— Næstu fimm ár eftir gildistöku laganna skal verð á tóbaki hækka umfram almennt vöruverð, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ákvæðið um verndun fólks gegn óbeinum reykingum er orðað þannig að það tengist almennum mengunarvörnum.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli. Réttur til hreins og ómengaðs andrúmslofts er meðal mikilvægustu og jafnframt sjálfsögðustu réttinda hvers manns. Hvar sem reykt er mengast loftið með þeim þúsundum efnasambanda sem eru í reyknum. Meðal þeirra eru fjölmörg eiturefni og hættuleg efni, bæði lofttegundir og fastar efnisagnir, þar á meðal ertandi efni og krabbameinsvaldar. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. er eðlileg afleiðing þessara staðreynda og ákvæði III. kafla byggjast á því. Að sjálfsögðu má ekki túlka ákvæðið svo að menn eigi kröfu á að fá að reykja einir í rými þar sem reykingar eru leyfðar.

Í 2. mgr. 2. gr. er lögð sú skylda á hvern þann sem ber ábyrgð á barni að forða því svo sem frekast er kostur frá óbeinum reykingum. Sambærilegt ákvæði er í farsóttalögum, nr. 10/1958. Þar segir í 1. gr.: „Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við farsóttum og hvers konar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefur.“ Ákvæði 2. mgr. 2. gr. í frumvarpi þessu ganga í sömu átt til verndar börnum og leggja að því leyti svipaðar skyldur á herðar borgurunum og farsóttalögin.

Margar rannsóknir sýna að börnum reykingafólks er hættara við að fara að reykja en börnum þeirra sem ekki reykja. Líkur eru til að þetta stafi öðrum þræði af því að þau hafa að staðaldri þurft að anda að sér tóbaksmenguðu lofti á heimilinu og þar með orðið móttækilegri fyrir nikótínávana. Einnig hafa margar rannsóknir sýnt að börnum er öðrum fremur hætt við lasleika og sjúkdómum af völdum óbeinna reykinga, sjá t.d. ritin „Óbeinar reykingar“ og „Börn og óbeinar reykingar“, útg. 1988 og 1992 af tóbaksvarnanefnd og Krabbameinsfélaginu. Sérstaklega skal þess getið að 10–20% allra barna hafa viðkvæma öndunarfæraslímhúð vegna erfðaeiginleika sem nefnist „atópía“ á fræðimáli. Mörg þessara barna hafa astma. Tóbaksreykur er mjög ertandi fyrir slímhúð í öndunarfærum og framkallar því kvefeinkenni og astmaköst (teppu) hjá þessum börnum. Það er full ástæða til að leggja þá almennu skyldu á þá sem hafa umsjón með börnum, foreldra og aðra, að sjá til þess að ekki sé reykt ofan í börnin.

Könnun Hagvangs í janúar 1992 sýndi að 83% þeirra sem afstöðu tóku töldu æskilegt að staðfesta með lögum rétt barna til reyklauss umhverfis.

Félag íslenskra lungnalækna og Fóstrufélag Íslands lýstu sérstaklega stuðningi við ákvæði þessarar greinar í umsögnum sínum um frumvarpið og töldu þau afar mikilvæg.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 2. gr., að öðru leyti en því að 4. mgr. 3. gr. er bætt við, að gefnu tilefni, til að taka af öll tvímæli um það að lögin gildi einnig í fríhöfnum, enda vakti það ekki fyrir löggjafanum að undanskilja þau svæði við setningu laga um tóbaksvarnir árið 1984.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá 3. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Samkvæmt 5.1. gr. í gildandi lögum eiga þrír menn sæti í tóbaksvarnanefnd, auk varamanna sem hafa tekið mikinn þátt í störfum hennar. Hér er lagt til (1. mgr. 6. gr.) að nefndarmönnum verði fjölgað í fimm en ekki skipaðir varamenn. Eftir sem áður er áskilið að meiri hluti nefndarmanna sé sérfróður um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Þótt ekki sé kveðið á um það í gildandi lögum hefur sá háttur verið hafður á við skipun nefndarinnar síðan 1984 að Krabbameinsfélag Íslands og Hjartavernd hafa verið beðin um að tilnefna tvo af nefndarmönnum og varamenn þeirra. Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að tóbaksvarnanefnd, sem skipuð var í október 1992, skuli starfa út skipunartíma sinn og taka að sér hlutverk tóbaksvarnanefndar samkvæmt þessum lögum.

2. mgr. 6. gr. er samhljóða 5.2. gr. í gildandi lögum að öðru leyti en því að ekki þótti ástæða til að tilgreina sérstaklega í 1. tölul. 2. mgr. 6. gr. aðra aðila en ríkisstjórn og heilbrigðismálaráðherra og rétt þótti að staðfesta það í 3. tölul. 2. mgr. 6. gr. að tóbaksvarnanefnd gæti sjálf efnt til átaks í tóbaksvörnum eins og hún hefur gert, t.d. með reyklausum dögum.

Í 3. mgr. 6. gr. er kveðið á um að nefndin fái til umsagnar þau lagafrumvörp og þær reglugerðir sem snerta tóbak, en í gildandi lögum, 5.4. gr., á það einungis við reglugerðir.

4. og 5. mgr. 6. gr. eru samhljóða 5.5. og 5.6. gr. í gildandi lögum.

Ákvæði sem samsvarar 5.3. gr. í gildandi lögum er hér flutt í kaflann um innflutning, sölu, auglýsingar o.fl., sbr. 7. gr.

Um II. kafla.

Markmið laganna skv. 1. gr. frumvarpsins er að draga úr tóbaksneyslu. Ljóst er að hægt er að hafa mikil áhrif á þessa neyslu með ákvörðunum er varða verslun með tóbak. Er þá átt við innflutning, framleiðslu, verðlagningu, auglýsingar og sölu. Í II. kafla eru ákvæði er að þessu lúta og sum þeirra nýmæli.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur mælt þjóðfélagslegan kostnað vegna reykinga og látið í ljós það álit að „tekjurnar sem ríkið hefur af tóbakssölu dugi ekki til þess að greiða upp kostnað sem reykingamenn valda með tóbaksneyslu sinni“. Stofnunin telur „varfærnislega“ niðurstöðu vera þá að þjóðfélagslegur kostnaður af reykingum hafi árið 1990 verið tvö hundruð til sjö hundruð milljónir króna umfram tekjur ríkisins af tóbakssölu.

Til álita kemur, þó að það sé ekki lagt til að sinni, að afnema tollfrjálsan innflutning og sölu tóbaks með tilliti til þess að það er ávanabindandi efni og neysla þess veldur margvíslegum sjúkdómum, sumum lífshættulegum. Almennt er viðurkennt að nauðsynlegt sé að leggja háa skatta á tóbak til þess eins að vega á móti því fjárhagslega tjóni sem hlýst af tóbaksneyslu. Fráleitt virðist að undanskilja nokkra kaupendur tóbaks þeirri kvöð að taka þátt í kostnaði við afleiðingar neyslunnar, enda er víða rætt um að afnema slíkar undanþágur. Í áætlun Evrópusambandsins um sérstakt átak gegn krabbameini er því lýst yfir að stefnt skuli að því að banna sölu tollfrjáls tóbaks til ferðamanna í fríhöfnum. Fylgjast þarf með framvindu þess máls og taka á því sérstaklega þegar línur skýrast.

Rétt er að geta þess að Kaupmannasamtök Íslands gerðu athugasemdir við ýmis ákvæði í þessum kafla frumvarpsins með hliðsjón af hugmyndum um frjálsa verslunarhætti.

Um 7. gr.

Hér er sett sú almenna regla að fjármálayfirvöld skuli hafa samráð við heilbrigðisyfirvöld um stefnu og mikilvægar ákvarðanir varðandi verslun með tóbak. Hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum, 5.3. gr., en hér er það áréttað með skírskotun til meginstefnu laganna. Í 8.–13. gr. eru ýmis sérákvæði um verslun með tóbak en undir þessa grein fellur m.a. samráð um framboð og verðlagningu á tóbaksvörum.

Framboð hefur áhrif á eftirspurn eftir tóbaki eins og öðrum vörum. Fjölbreytni í vöruvali og nýjungar miða að því að auka eftirspurn og sölu. Þegar tóbak á í hlut verður að hamla á móti slíkum viðskiptaháttum eftir mætti.

Almennt er viðurkennt að hægt er að hafa áhrif á sölu tóbaks með verðákvörðunum. Erlendis hefur t.d. verið sýnt fram á að búast megi við að verðhækkanir á tóbaki hafi í för með sér samdrátt í tóbakssölu án þess að dragi úr skatttekjum. Niðurstöður rannsókna sýna að 1% raunhækkun tóbaksverðs leiðir að meðaltali til 0,4–0,5% samdráttar í sölu tóbaks. Á sama hátt leiðir raunlækkun tóbaksverðs til aukinnar sölu. Langsamlega mest eru áhrifin á neyslu unglinga. Í skýrslu bandarísku landlæknisins 1989, „Reducing the Health Consequences of Smoking“, kemur fram að 10% hækkun tóbaksverðs leiði til 14% samdráttar í reykingum meðal þeirra. Nýleg reynsla Kanadamanna af fjórföldun tóbaksskatts styður það álit að ekkert sé líklegra til að draga verulega úr tóbaksneyslu en umtalsverð hækkun á tóbaksverði. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að verð á tóbaki sé hátt, ekki síst til þess að hamla á móti tóbaksneyslu ungs fólks.

Í Íslenskri heilbrigðisáætlun er í reynd fallist á framangreind sjónarmið. Þar er sagt í 8. lið: „Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir.“ Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er tekið mið af þessu. Þar er svo fyrir mælt að tóbaksverð hækki árin 1995–99 um a.m.k. 10% árlega umfram almennt vöruverð. Samkvæmt framansögðu ætti þetta að leiða til minni tóbakssölu og þar með lækkandi þjóðfélagskostnaðar, en „tekjur“ ríkissjóðs mundu þó síður en svo minnka.

Ekki er æskilegt að verðhækkanir þessar leiði að sama skapi til aukinnar smásöluálagningar í krónum talið og þar með ríkari hagsmuna kaupmanna af tóbakssölu. Er það á valdi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að hindra að svo verði.

Þess má geta að verð á sígarettum á íslenskum markaði þyrfti að hækka um 30% til þess að ná hæsta verði annars staðar á Norðurlöndum (janúar 1993).

Á Evrópuráðstefnu um tóbaksvarnir 1988 var lögð áhersla á að tóbak yrði tekið út úr vísitölu framfærslukostnaðar. Með því má koma í veg fyrir að hækkun á tóbaksverði leiði sjálfkrafa til hækkunar á öðrum þáttum eins og launum eða lánum. Nú hafa nokkur aðildarríki Evrópusambandsins lögfest slík ákvæði. Í könnun Hagvangs í janúar 1991 var meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar (62%). Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu tók meiri hlutinn þessa afstöðu.

Lengi vel voru allar sígarettur af venjulegri stærð seldar á sama verði hér á landi. Því var breytt fyrir sjö árum og útsöluverð látið ráðast af innkaupsverði. Leiddi það til verðstríðs milli umboðsmanna tóbaksframleiðenda, lækkandi verðs og aukinnar sölu á ódýrustu tegundum. Þessi reynsla sýnir að æskilegt er að lítill sem enginn munur sé á söluverði sígarettna eftir tegundum, hvað sem líður mismunandi innkaupsverði þeirra, líkt og tíðkast sums staðar í nágrannalöndum okkar. Einföld leið til að draga úr vægi innkaupsverðs í verðmynduninni er að ríkissjóður taki sinn hlut af útsöluverði tóbaks með jafnri álagningu í krónum en ekki sem hlutfall af innkaupsverði. Minnt er á að í 8. lið Íslenskr-

ar heilbrigðisáætlunar er kveðið á um að útiloka beri áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

Um 8. gr.

Tóbaksneysla Íslendinga er nú fyrst og fremst í formi reykinga. Munntóbaksneysla er hér um bil úr sögunni og neysla neftóbaks, sem framleitt er hér á landi, hefur dregist mjög saman og er að mestu leyti bundin við roskna karlmenn, sbr. kannanir Hagvangs 1988 og 1991.

Erlendis hefur mikið borið á viðleitni tóbaksframleiðenda til að markaðssetja nýjar tegundir munntóbaks sem blandað er bragðefnum svo og lyktblandað og fínmulið neftóbak. Með þessum nýju formum tóbaksneyslu er einkum höfðað til ungs fólks og sums staðar, t.d. í Svíþjóð og Bandaríkjunum, með þeim afleiðingum að umtalsverður hluti unglinga, allt frá 12 ára aldri, er farinn að nota „reyklaust tóbak" að staðaldri. Ljóst er að þetta tóbak er ávanabindandi, ekki síður en reyktóbak, enda inniheldur það nikótín sem frásogast auðveldlega í gegnum slímhúð í nefi og munni. Í því eru ýmis efni sem geta valdið krabbameini, svo sem fjölhringlaga kolvetnissambönd og nítrósamín, og er þegar farið að bera á aukinni tíðni krabbameina í munni í þeim löndum þar sem neyslan hefur aukist mest.

Hér á landi hefur neftóbak, framleitt erlendis, og hin nýju form munntóbaks að jafnaði ekki verið á almennum markaði. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hóf að vísu dreifingu á mentólblönduðu neftóbaki fyrir um áratug og aftur 1984. Í bæði skiptin hvarf verslunin frá því fljótlega að hafa þessa vöru á boðstólum vegna eindreginna viðbragða af hálfu landlæknis og fleiri aðila. Síðustu árin hefur fínmulið, lyktblandað neftóbak (dry snuff, luktsnus) þó verið sérpantað fyrir tóbaksverslun í Reykjavík og nú um skeið hefur verið flutt inn munntóbak í grisjum (moist snuff, fugtig snus) fyrir sömu verslun. Hún hefur svo dreift þessum vörum til verslana á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur og sent í pósti til einstaklinga. Þetta hefur leitt til staðbundinna neyslufaraldra meðal barna og unglinga og hafa undanfarið borist uggvænlegar fréttir þar að lútandi. Við þessu þarf að bregðast af fullri einurð. Athyglisvert er að sérpantanir þær, sem hér um ræðir, námu 45 kg allt árið 1987 en 1.475 kg árið 1993, þar af var munntóbak einungis 253 kg.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur varað eindregið við neyslu á reyklausu tóbaki og hvatt aðildarríkin til að banna það, eftir því sem frekast er kostur. Meðal þeirra ríkja sem hafa bannað allar tegundir af reyklausu tóbaki eru Hong Kong, Nýja-Sjáland, Ísrael, Japan og Tævan. Nú hefur Evrópusambandið, með tilskipun 92/41, gert aðildarríkjunum skylt að banna munntóbak (þó ekki „traditional tobacco products", sem gæti átt við gamla íslenska munntóbakið). Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er Íslendingum skylt að hlíta þessu banni. Í frumvarpi þessu, 1. mgr. 8. gr., er lagt til að skrefið verði stigið til fulls varðandi munntóbak, en þó leyft að selja hefðbundið munntóbak (skro) til 1. janúar 1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða, en sala þess er nú alveg hverfandi, var 27 kg árið 1993. Vonandi kemur að því sem allra fyrst að bannið verði einnig látið ná til nýrra tegunda neftóbaks, enda eru veruleg brögð að því að þær séu notaðar sem munntóbak.

Í umsögn Krabbameinsfélags Íslands um frumvarp þetta er þess getið að á aðalfundi félagsins vorið 1991 hafi komið fram að margir hafi verulegar áhyggjur af því að unglingar séu að ánetjast nýjum tegundum af reyklausu tóbaki. Félagið telur því mikilvægt að taka þegar í taumana og banna innflutning þess. Í febrúar 1993 sendu skólahjúkrunarfræðingar og læknar við Heilsugæslustöðina á Akureyri áskorun til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis þar sem farið er fram á að innflutningur fínkorna tóbaks (snuffs) verði stöðvaður.

Fyrir fáeinum árum setti einn stærsti tóbaksframleiðandi í heimi á markað í Bandaríkjunum svonefndar „reyklausar sígarettur", þ.e. hylki með sígarettulagi sem í var m.a. nikótín. Sú tilraun rann fljótt út í sandinn en nú er verið að reyna þær á Japansmarkaði. Gera má fastlega ráð fyrir því að tóbaksframleiðendur leiti áfram leiða til að koma vöru sinni á framfæri í formi sem þeir halda að neytendum geðjist betur en venjulegt reyktóbak en gera má þó ráð fyrir að hafi mjög skaðlegar afleiðingar. Þess vegna er lagt til að banna tóbaksvarning sem ekki hefur verið hér á almennum markaði (2. mgr. 8. gr.).

Um 9. gr.

Víða í nálægum löndum eru í gildi reglur um hámark skaðlegra efna í sígarettureyk. Evrópusambandið samþykkti með tilskipun 90/239 að frá 31. desember 1992 skyldu sígarettur sem eru markaðssettar í aðildarríkjunum ekki mega gefa frá sér meiri tjöru en 15 mg hver og 12 mg frá 31. desember 1997. Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði eru Íslendingar bundnir af þessari tilskipun og er nú unnið að því að framfylgja henni. Hér er gert ráð fyrir (1. mgr. 9. gr.) að heilbrigðisráðherra setji reglur sem að þessu lúta.

Læknisfræðileg rök mæla með þessum takmörkunum. Rannsóknir sýna að sum skaðleg áhrif reykinga minnka við það að dregið er úr magni tiltekinna hættulegra efna í því tóbaki sem reykt er. Þetta er hvað skýrast um samband tóbakstjöru og lungnakrabbameins. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Evrópuráðið og fleiri aðilar hafa mælt með því að hætt verði að framleiða og selja tjörumiklar sígarettur.

Vegið meðaltal tjöru í þeim sígarettum sem hér voru seldar árið 1992 var 15,4 mg (mest 21,7 mg, minnst 4,9 mg) en var um 20 mg árið 1976 og sennilega um 40 mg fyrir fjórum áratugum.

Lagt er til (2. mgr. 9. gr.) að tóbaksframleiðendur standi undir kostnaði við rannsóknir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að staðfesta upplýsingar þeirra um magn skaðlegra efna, og nauðsynlegt eftirlit.

Um 10. gr.

1. mgr. 10. gr., 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 10. gr. eru óbreyttar frá 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að orðinu aðvörun er breytt í viðvörun að tillögu málfræðinga.

Nú hefur Evrópusambandið, með tilskipunum 89/622 og 92/41, ákvarðað að setja skuli almenna viðvörun á allar tóbaksvörur, „Tóbak hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu manna". Að auki skal setja sérstaka viðvörun sem er mismunandi eftir tegundum tóbaks:

Á sígarettupakka skal hvert ríki velja viðvörun af sérstakri skrá sem fylgir með tilskipununum (viðauki I). Tvo af þessum textum er skylt að nota en að öðru leyti má velja af skránni.

Á neytendapakkningar af vindlum og píputóbaki skal velja viðvörun af sérstakri skrá (viðauka II).

Á reyklaust tóbak, að svo miklu leyti sem sala þess er leyfð, sbr. 8. gr. þessa frumvarps, skal texti sérstakrar viðvörunar vera: „Veldur krabbameini".

Reglugerð sú, sem sett var hér á landi á grundvelli gildandi laga um tóbaksvarnir, reglugerð 499/1984, markaði tímamót og var talin öðrum þjóðum til fyrirmyndar, ekki síst vegna þeirrar nýjungar sem fólst í myndskreytingu er þótti auka áhrifamátt varnaðarorðanna. Merkingar þessar svara til sérstöku viðvarananna í tilskipunum Evrópusambandsins og er eðlilegt að endurnýja íslensku textana með hliðsjón af þeim, en væntanlega gerist ekki þörf á að breyta íslensku merkingunum að því er varðar stærð og myndræna framsetningu. Hins vegar er almenna viðvörunarmerkingin, sem Evrópusambandið krefst, nýjung hér á landi og ástæða til að fagna henni.

Til samræmis við áðurnefndar tilskipanir er sett ákvæði í 2. mgr. 10. gr. um skyldu til að merkja sígarettupakka með upplýsingum um hve mikið af tjöru og nikótíni sé í meginreyk hverrar sígarettu. Slíkar merkingar, sem fyrst og fremst eru reykingamönnum til leiðbeiningar, eru góðra gjalda verðar svo langt sem þær ná.

Um 11. gr.

Íslendingar urðu með fyrstu þjóðum til að banna tóbaksauglýsingar, sbr. lög nr. 59/1971, og með lögum nr. 27/1977 varð það bann algert, sbr. og 7.1. gr. í lögum nr. 74/1984. Bannið við hvers konar tóbaksauglýsingum er hér enn áréttað í 1. mgr. 11. gr. og skýrar en áður leiðbeint um það í 2. og 3. mgr. 11. gr. hvað teljist auglýsingar í því sambandi.

Auk tóbaks er nú í 1. mgr. 11. gr. bannað berum orðum að auglýsa annan varning sem ber heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu. Tilgangurinn með því að tengja nafn eða auðkenni tóbaksvarnings við aðra vöru, sbr. t.d. Camel-skór, er ekki síst sá að fá með því tækifæri til að auglýsa óbeint þá tóbaksvöru sem í hlut á, m.a. í löndum þar sem skorður eru settar við tóbaksauglýsingum, sbr. nýlegan dóm frá Belgíu, og jafnframt að gæða nafn hennar og auðkenni jákvæðu gildi, hvort tveggja í því skyni að auka tóbakssöluna. Víða erlendis er mönnum orðið ljóst að sporna verður við þessum áhrifum svo sem kostur er á með því að banna að auglýsa þær vörur sem eru þessu tóbaksmarki brenndar. Sú leið er farin hér.

Þá er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í 1. mgr. 11. gr. veitt heimild til að gefa út verðskrá um tóbak og tóbaksvarnanefnd að birta skrá um skaðleg efni í tóbaksvörum. Með því er tekinn af vafi um þessar heimildir en þær þykja eiga rétt á sér.

2. mgr. 11. gr. felur í sér óbreytt ákvæði frá því sem er í 7.2. gr. í gildandi lögum að því viðbættu að bannað er einnig að sýna hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í myndskreytingu á varningi. Er þá m.a. átt við myndir af reykjandi fólki, t.d. frægum kvikmyndaleikurum, á fatnaði.

3. mgr. 11. gr. er, eins og 7.3. gr. í gildandi lögum, til skýringar á því hvað teljist vera auglýsing og þar með bannað skv. 1. og 2. mgr. 11. gr. Hér er þessu ítarlegar lýst og þó ekki tæmandi fremur en áður.

Í 4. mgr. 11. gr. er nýtt ákvæði. Tóbak er svo skaðlegt og laust við jákvæða eiginleika að þau ein rök eru fyrir sölu þess að ekki þykir framkvæmanlegt að sinni að afnema hana. Ekki er þó með sömu rökum unnt að réttlæta að tóbakssalar hafi í frammi neitt það sem hvetji til tóbakskaupa, sbr. bannið við hvers kyns tóbaksauglýsingum. Séu tóbaksvörur hafðar í opnum hillum má jafna því við útstillingar og þar með auglýsing-

ar. Því er lagt til að tóbaki sé þannig fyrir komið á sölustöðum að það beri ekki fyrir augu kaupenda. Með því er einnig girt fyrir að tóbaki sé veittur óviðurkvæmilegur sess meðal nauðsynjavara eða að það tengist í hugum barna sælgæti og annarri eftirsóttri vöru. Í greinargerð um 7. gr. laga nr. 74/1984 kemur fram það sjónarmið að best samræmist ákvæðum um auglýsingabann að leyfa ekki að hafa tóbaksvörur sýnilegar í verslunum. Er nú horfið að því ráði svo sem þá var talið að gerast kynni síðar.

Um 12. gr.

Tóbak veldur ávana og fíkn og ætti í raun að skilgreina það sem fíkniefni, sjá skýrslu landlæknis Bandaríkjanna 1988: „Nicotine addiction". Þetta skýrir að verulegu leyti hve sterk tök það hefur á flestum neytendum, jafnvel þó að þeim sé ljóst hvaða háska það veldur. Margt bendir til að tóbaksávani verði hvað mestur hjá þeim sem byrja ungir að reykja. Sýnt hefur m.a. verið fram á að þeir hneigjast öðrum fremur til stórreykinga og til þess að reykja „ofan í sig". Sama á væntanlega við aðra tóbaksneyslu. Margar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að reykingamönnum er því hættara við að deyja af völdum reykinga sem þeir byrjuðu yngri að reykja. Sem dæmi má nefna umfangsmikla rannsókn bandaríska læknisins E. C. Hammonds. Samkvæmt henni var körlum sem byrjuðu að reykja 14 ára eða yngri u.þ.b. fimm sinnum hættara við að deyja úr lungnakrabbameini en þeim sem voru 25 ára eða eldri þegar þeir byrjuðu að reykja. Áhætta þeirra, sem byrjuðu að reykja á aldrinum 15–19 ára, var fjórföld að þessu leyti. Það eru því veigamikil rök til þess að sporna sérstaklega og með öllum tiltækum ráðum við því að börn og unglingar byrji að neyta tóbaks. Skipuleg fræðsla og upplýsingar um áhrif og afleiðingar tóbaksneyslu eru að vísu hornsteinar í slíkum forvörnum en margar aðrar ráðstafanir þurfa til að koma. Ákvæði 12. gr. í frumvarpinu hníga að þessu. Sum þeirra er að finna í meginatriðum í 8. gr. gildandi laga um tóbaksvarnir, önnur eru nýmæli.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælst til að börnum sé ekki selt tóbak. Mörg lönd hafa bannað sölu á tóbaki til barna og unglinga og er þar í reynd um að ræða opinbera staðfestingu á því að nauðsynlegt sé að hamla á móti því að menn byrji að neyta tóbaks. Yfirleitt hafa mörkin verið sett við 16 ára aldur. Sums staðar, t.d. víða í Bandaríkjunum, eru þessi aldursmörk hærri, allt upp í 19 ár, og þróun í löggjöf um tóbaksvarnir virðist vera í þá átt að hækka mörkin.

Þegar lög um tóbaksvarnir voru sett árið 1984 var ákveðið að miða bann við tóbakssölu til barna við 16 ára aldur. Væri miðað við 17 ára aldur næði slíkt bann til allra grunnskólanema sem væri mjög æskilegt. Við það ætti að verða auðveldara að girða fyrir reykingar nemenda en allir virðast vera sammála um mikilvægi þess. Almenningur virðist hlynntur því að hækka mörkin enn meir eins og fram kom í könnun Hagvangs í september 1991. Þá kváðust 62% þeirra sem afstöðu tóku vera hlynntir því að aldursmörkin yrðu hækkuð í 18 ár. Hér er eigi að síður lagt til (1. mgr. 12. gr.) að lágmarksaldur til tóbakskaupa verði enn um sinn miðaður við 16 ár.

Athuganir sem gerðar hafa verið sýna að töluverður misbrestur er á því að farið sé að lögum um bann við sölu tóbaks til barna hér á landi. Oft er um að ræða vanþekkingu á lagaákvæðinu. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að skylda söluaðila til að hafa uppi skilti um þetta bann. Einnig er þess vænst að nýtt ákvæði í 3. mgr. 24. gr. í frumvarpinu hvetji seljendur tóbaks til að hlíta þessu mikilvæga lagaákvæði.

Áréttað er í 1. mgr. 12. gr. að bann við tóbakssölu til barna og unglinga nái einnig til þess að afhenda þeim tóbak þó að það sé keypt fyrir aðra.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. er nýmæli. Nokkuð hefur borið á því að seldar séu hér á landi eftirlíkingar af sígarettum og öðrum reykfærum, svo og leikföng með vörumerkjum tóbaksframleiðenda. Með varningi þessum er leynt eða ljóst verið að minna á tóbak og tengja eftirsóknarverða eiginleika sælgætis eða leikfanga við hættulegt ávanaefni þannig að orðið getur til að fegra mynd þess í augum ungra neytenda. Jafnframt gefa eftirlíkingar af sígarettum, vindlum og reykjarpípum kost á „þykjustuleikjum“ sem gætu verið spor í þá átt að líkja í alvöru eftir háttalagi reykingamanna. Ákvæði um bann við tóbaksauglýsingum taka að vísu til dreifingar á umræddum varningi en erfitt er um vik að hefta sölu á honum nema til komi jafnframt bann við að flytja hann inn og framleiða svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr.

Það skýtur skökku við að börnum sé falið að afgreiða og selja vöru sem þau hafa ekki aldur til að kaupa. Tóbak er ávana- og fíkniefni sem veldur sjúkdómum og því fylgir ábyrgð að hafa það undir höndum og afhenda öðrum. Varla er verjandi að leggja slíka ábyrgð á börn og unglinga og venja þau við að fara með tóbak sem hverja aðra neysluvöru. Hér er í 3. mgr. 12. gr. kveðið á um að börn yngri en 16 ára selji ekki tóbak. Höfð er hliðsjón af því að unglingar hljóti við 16 ára aldur réttindi á við fullorðna á vinnumarkaði.

Ákvæði 4. mgr. 12. gr. um bann við að selja tóbak úr sjálfsölum er í gildandi lögum, 8.2. gr.

Í reglugerð nr. 101/1965 er svohljóðandi ákvæði: „Í smásölu er einungis heimilt að selja vindlinga í heilum óáteknum pökkum.“ Tilgangurinn með slíkum reglum er fyrst og fremst að hamla á móti tóbaksneyslu unglinga. Sérfræðinganefnd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar tók undir þetta sjónarmið árið 1978 og lög hafa verið sett í nokkrum löndum í þessa veru, m.a. í Ástralíu árið 1987. Hér er lagt til (5. mgr. 12. gr.) að þetta bann verði lögfest og það nái einnig til sölu á vindlum annars staðar en á vínveitingastöðum.

6. mgr. 12. gr. er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 8.3. gr., að öðru leyti en því að lagt er til að ekki verði heimilt að selja tóbak á heilbrigðisstofnunum. Þykir óverjandi að selja svo heilsuspillandi vöru á stofnunum sem glíma m.a. við afleiðingar tóbaksneyslu. Í könnun Hagvangs fyrir tóbaksvarnanefnd í maí 1988 sögðust 73% aðspurðra vera því hlynntir að hætt verði að selja tóbak á sjúkrahúsum. Vorið 1989 tók kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands þá ákvörðun að hætta tóbakssölu í verslunum sínum í sjúkrahúsum í Reykjavík. Engu að síður þykir eðlilegt að tóbaksvarnalög kveði á um slíkt bann enda mun tóbak enn vera selt á nokkrum heilbrigðisstofnunum. Geta má þess að landlæknir lagði til við heilbrigðisráðherra með bréfi dags. 3. apríl 1989 að stefnt yrði að því að banna tóbakssölu á sjúkrahúsum. Með hliðsjón af 3. og 4. tölul. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins er fráleitt að heimila tóbakssölu á heilbrigðisstofnunum.

Um 13. gr.

Nú er farið að tíðkast að selja tóbak á stöðum þar sem það var ekki áður til sölu, svo sem á bensínstöðvum, myndbandaleigum og jafnvel vinnustöðum. Nú munu sölustaðir vera um það bil sjö hundruð. Mikill fjöldi sölustaða stuðlar að aukinni sölu á tóbaki og

gerir eftirlit með tóbakssölu erfitt í framkvæmd. Meiri hluti almennings, jafnt reykingamanna sem annarra, telur að fækka megi sölustöðum tóbaks samkvæmt könnun Hagvangs í september 1986.

Með ákvæðinu í 1. mgr. 13. gr. er stefnt að því að halda fjölda sölustaða í skefjum með því að takmarka heimild til smásölu við matvöruverslanir, sælgætisverslanir (söluturna) og veitinga- og gististaði. Rök eru til þess að takmarka leyfi til tóbakssölu enn frekar en hér er gert þó ekki sé horfið að því ráði að sinni.

Í 2. mgr. 13. gr. er það sjálfsagða ákvæði að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi ekki heimild til að selja tóbak í heildsölu til annarra en þeirra sem hafa leyfi til smásölu þess skv. 1. mgr. 13. gr.

Um III. kafla.

Ákvæði um vernd gegn tóbaksreyk frá öðrum eru í III. kafla laga 74/1984 undir fyrirsögninni „Takmarkanir á tóbaksreykingum". Mikil framför var að ákvæðum þessum sem voru einhver hin róttækustu er þá þekktust í löggjöf. Hafa þau að verulegu leyti — þó ekki öllu — náð tilgangi sínum, sbr. athugasemdir við einstakar greinar hér á eftir. Meginávinningur af slíkum reglum felst í þeirri heilsuvernd sem þær stuðla beinlínis að með því að draga úr tóbaksmengun andrúmslofts í umhverfi fólks. Þegar gildandi lög voru samin og sett var byggt á þáverandi vitneskju um skaðsemi óbeinna reykinga en þekkingu á því sviði hefur fleygt fram síðan þannig að ljóst er að þörf er á enn afdráttarlausari löggjöf um vernd gegn tóbaksreyk en nú gilda, sjá m.a. ritin „Óbeinar reykingar" og „Börn og óbeinar reykingar". Ákvæði um takmarkanir á reykingum styðjast einnig við þá nauðsyn að börn og unglingar geti sem víðast verið óhult fyrir því fordæmi sem þeim stafar af reykjandi fólki. Jafnframt er vafalaust að slíkar reglur eru fólki hvatning til og stuðningur við að hætta að reykja. Ákvæði III. kafla taka mið af því sem fram kemur í 8. lið Íslenskrar heilbrigðisáætlunar: „Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk."

Mjög eindreginn stuðningur við efni III. kafla kom fram í umsögnum Félags íslenskra lungnalækna, Krabbameinsfélags Íslands, Læknafélags Íslands og SÍBS, sbr. og fyrri tilvitnanir í svör Fóstrufélags Íslands og Neytendasamtakanna. Hins vegar kvaðst miðstjórn ASÍ, „við lauslega athugun" á frumvarpsdrögunum, telja að verið væri „að leggja of miklar skerðingar við reykingum fólks".

Um 14. gr.

Greinin kemur í stað 9. gr. í gildandi lögum um tóbaksvarnir þar sem kveðið er á um bann við reykingum í húsnæði sem almenningur leitar aðgangs að vegna afgreiðslu eða þjónustu. Hér (1. mgr. 14. gr.) er orðalagið almennara en sviðið fyrst og fremst það sem 9. gr. var ætlað að ná yfir.

Á veggspjaldi um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Vinnueftirlit ríkisins gáfu út í febrúar 1986, eru reykingar lýstar óheimilar, samkvæmt lögum um tóbaksvarnir, í öllu því afgreiðslu- og þjónustuhúsnæði sem almenningur hefur aðgang að, þar með taldir afgreiðslusalir, forstofur, gangar, biðstofur, snyrtiherbergi og áhorfendasvæði. Jafnframt eru nefnd eftirfarandi dæmi um

staði og starfsemi þar sem þetta á við: „Verslanir og söluturnar (sjoppur). Bankar, sparisjóðir og pósthús. Rakarastofur og hárgreiðslustofur. Sólbaðs- og snyrtistofur, íþróttahús. Myndbandaleigur og leiktækjasalir. Opinber afgreiðsla. Afgreiðsla fyrirtækja. Aðrir sambærilegir staðir."

Ekki fer milli mála að 9. gr. laga um tóbaksvarnir nær til alls þess húsnæðis sem hér var upp talið og sama er að segja um 1. mgr. 14. gr. í þessu frumvarpi, enda er tilgangurinn óbreyttur, sá að tryggja að allir, þar á meðal t.d. astmasjúklingar, geti nýtt sér þá þjónustu sem þarna er veitt án þess að eiga á hættu óþægindi eða heilsutjón af völdum tóbaksreyks. Sérstaklega skal tekið fram að 1. mgr. 14. gr. nær til þess sem kalla mætti sameiginlegt rými eða tengirými í verslunarmiðstöðvum og stórverslunum. Það gerir 9. gr. gildandi laga líka þótt nokkur misbrestur hafi verið á framkvæmdinni til skamms tíma.

Undir 1. mgr. 14. gr. falla einnig hvers konar söfn og sýningarstaðir opnir almenningi. Þar á meðal eru leikhús og kvikmyndahús, en þar hafa reykingar lengi verið bannaðar í sýningarsölum, m.a. af eldvarnaástæðum. Ríkar ástæður eru til að slíkt bann nái einnig til anddyris og annars almenns rýmis, m.a. sú hve staðir þessir eru mikið sóttir af börnum og unglingum. Fóstrufélag Íslands lagði í umsögn um frumvarpið mikla áherslu á að kvikmyndahús og leikhús yrðu reyklaus. Í könnun Hagvangs í maí 1991 fyrir tóbaksvarnanefnd kemur fram að mikill meiri hluti aðspurðra (74%) var hlynntur algeru banni við tóbaksreykingum í kvikmyndahúsum. Ef aðeins eru taldir þeir sem afstöðu tóku voru 82% hlynntir banni. Meiri hluti reykingamanna var fylgjandi banninu. Tóbaksvarnanefnd kynnti stjórn Félags kvikmyndahúsaeigenda niðurstöður könnunarinnar og ræddi við hana um það hvernig þessu marki yrði náð.

Veitinga- og skemmtistaðir eru meðal þeirra fyrirtækja sem eðli sínu samkvæmt falla undir meginákvæði 9.1. gr. í lögum um tóbaksvarnir. Þar er sú undantekning gerð um þessa staði að reykingar eru leyfðar, en þó áskilið að tóbaksreykingar séu bannaðar við „afmarkaðan fjölda veitingaborða". Í frumvarpinu (2. mgr. 14. gr.) eru veitingasalir á skemmtistöðum alveg undanþegnir reykingabanni, svo og veitingasalir á öðrum veitingastöðum þar sem ekki er lögð aðaláhersla á matsölu og er þar átt við svonefndar krár. Undanþágan á einungis við salina en ekki ganga, snyrtingar og því um líkt. Vilji forráðamenn ganga lengra en skylt er samkvæmt þessu njóta þeir stuðnings laganna.

Í 3. mgr. 14. gr. er ákvæði um veitingahús og veitingastofur sem falla ekki undir 2. mgr. 14. gr. Þar er heimilað, að uppfylltum ströngum skilyrðum, að leyfa reykingar í hluta veitingarýmis. Með sömu skilyrðum er veitt heimild fyrir reyksvæðum í flugstöðvum og hvers kyns umferðarmiðstöðvum með tilliti til farþega sem eru að koma úr reyklausum farartækjum og þeirra sem þurfa að bíða lengi eftir fari.

Getið skal niðurstöðu könnunar Hagvangs í febrúar 1989 þar sem 80% þeirra sem afstöðu tóku töldu æskilegt að eiga kost á reyklausum matsölustöðum.

Í stað ákvæðis í 9.2. gr. í gildandi lögum kemur ákvæði í 18. gr., sjá athugasemdir við hana.

Við endurskoðun frumvarpsdraganna voru gerðar nokkrar breytingar á 14. gr. með hliðsjón af ábendingum frá umsagnaraðilum, m.a. Hollustuvernd ríkisins.

Um 15. gr.

Í grein þessari koma fram veigamiklar breytingar frá 10. gr. gildandi laga og viðaukar við ákvæði hennar í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í viðhorfi til mengunar af völdum tóbaksreyks og með hliðsjón af auknum skilningi á nauðsyn þess að draga úr fordæmisáhrifum reykinga. Einnig hafa undanþáguheimildir skv. 10.2. gr. víða leitt til slapp-

leika í framkvæmd laganna í þeim stofnunum sem 10. gr. tekur til. Hér er því gert ráð fyrir að undanþágur þessar falli úr gildi og reykingar verði með öllu óheimilar í grunnskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum fyrir félags- og tómstundaiðkanir barna og unglinga, sbr. 1. tölul., þar með taldir dansskólar og hliðstæðir skólar. Með dagvistum barna er hér átt við leikskóla, skóladagheimili, sumardvalarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir svo og gæslu barna í heimahúsum (hjá dagmæðrum).

Ákvæði 2. tölul. um opinberar barna- og unglingasamkomur svarar til 2. tölul. 10.1. gr. í gildandi lögum en orðalagi er breytt lítillega.

Á 3. tölul. er sú breyting gerð frá 3. tölul. 10.1. gr. í gildandi lögum að ákvæðið nær til allra þeirra staða þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta.

Í 4. tölul. er breyting á ákvæði 10.3. gr. í gildandi lögum um reykingar á sjúkrahúsum. Gert er ráð fyrir að þær verði með öllu óheimilar öðrum en sjúklingum sem fá leyfi til að reykja samkvæmt nánari reglum sem settar skulu. Þetta er í samræmi við þróun bæði hér á landi og erlendis í þá átt að sjúkrahús verði sem mest reyklausar stofnanir, sbr. og 6. mgr. 12. gr. í frumvarpinu. Á fundi stjórnarnefndar Ríkisspítala 21. desember 1989 var samþykkt að banna reykingar á Ríkisspítölum frá 1. janúar 1991. Frá og með sama tíma hafa reglur um takmarkanir á reykingum verið hertar á Borgarspítalanum og víðar. Þrátt fyrir þessa ótvíræðu þróun þykir rétt að hafa ákvæði í frumvarpinu til að tryggja að öll sjúkrahús á landinu verði reyklaus og er það í samræmi við ályktun Landssambands sjúkrahúsa frá 1989.

Í 5. tölul. er kveðið á um að reykingar verði með öllu bannaðar í framhaldsskólum eins og í grunnskólum. Til þess liggja sömu rök að flestu leyti. Um aðra skóla en grunnskóla og framhaldsskóla gilda ákvæðin um takmarkanir reykinga á vinnustöðum, sbr. 16. gr.

Í 6. tölul. eru reykingar í lyftum bannaðar. Þær hafa ekki verið heimilar í lyftum á vinnustöðum, reglugerð 487/1985, 2.5. gr., og þykir ástæða til að láta bannið gilda í lyftum almennt. Víða erlendis er slíkt bann í gildi.

Í samræmi við megintilgang laga um tóbaksvarnir og með hliðsjón af forustu hins opinbera í þessum málum þykir ekki lengur við hæfi að leyft sé að reykja á þeim fundum sem opinberir aðilar efna til og á öðrum opinberum fundum. Ákvæði 7. tölul. tekur mið af þessu.

Varðandi fresti sem veittir eru til fullrar aðlögunar að reykingabanni skv. 15. gr. er vísað til ákvæða til bráðabirgða.

Um 16. gr.

Miklar breytingar hafa orðið til bóta varðandi takmarkanir á reykingum á vinnustöðum eftir að settar voru reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum (nr. 487/1985) með stoð í lögum um tóbaksvarnir. Víða hefur þó ekki tekist að framfylgja þessum reglum sem skyldi, m.a. vegna þess að atvinnurekendur hafa ekki talið sig hafa nógu skýra skyldu í þessu sambandi og þar með heimild til afskipta. Með lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu, sbr. 1. gr. Þar segir einnig, sbr. 13. gr.: „Atvinnurekandi skal tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.“ 1. mgr. 16. gr. í þessu frumvarpi, um skyldu vinnuveitenda til að sjá starfsmönnum fyrir reyklausu umhverfi, er í samræmi við þessi sjónarmið. Hliðstætt ákvæði er í kanadískum lögum frá 1988. Með þessum hætti er reykingum í raun skipað með annarri mengun innan húss. Settar hafa ver-

ið reglur um hámark ýmissa skaðlegra efna í andrúmslofti á vinnustöðum en það er alls ekki raunhæft að því er varðar tóbaksreyk, m.a. vegna þess að í reyknum eru hundruð skaðlegra efna, þar á meðal fjöldi krabbameinsvaldandi efna, í honum er ávana- og fíknief ni (nikótín) og mjög lítið þarf af tóbaksreyk til að valda ertingu í slímhúð í öndunarvegi og augum. Þetta ber allt að þeim brunni að eðlilegast sé að útiloka tóbaksreyk sem allra mest á vinnustöðum og takmarka reykingar við alveg afmörkuð svæði.

Könnun sem Hagvangur gerði í desember 1985 leiddi í ljós yfirgnæfandi stuðning (93% þeirra sem afstöðu tóku) við takmarkanir á reykingum á vinnustöðum og önnur könnun, gerð í apríl 1989, sýndi að álíka margir (95%) voru því hlynntir að hafa reyklausa kaffistofu á vinnustað sínum. Enn er samt langt í land að tryggt sé að sérhver starfsmaður njóti þess réttar að anda að sér lofti ómenguðu af tóbaksreyk á vinnustað sínum svo sem fram kom í könnun Hagvangs í maí 1992. Samkvæmt henni voru reykingar leyfðar í mat- eða kaffistofu hjá 56% þeirra sem unnu utan heimilis. Fjórir af hverjum tíu þeirra, sem ekki reyktu, bjuggu við slíkt ástand. Einnig kom fram að reykingar voru leyfðar á vinnusvæði 43% þeirra sem unnu utan heimilis. Í kjölfar þessarar könnunar hóf tóbaksvarnanefnd átak til að hvetja til reykleysis á vinnustöðum og má vænta þess að ástandið sé nú orðið nokkru betra. Engu að síður er nauðsynlegt að löggjafinn stuðli að því að sú þróun verði sem örust.

2. mgr. 16. gr., um nánari reglur, er hliðstæð 12. gr. gildandi laga.

Skip eru sem vinnustaðir mjög ólík öðrum vinnustöðum, auk þess sem þau eru dvalarstaður skipverja. Tryggja þarf að sjómenn njóti sömu réttinda og aðrir landsmenn til reyklausra vinnustaða. Í 16.3. gr. er heimild til að setja reglur um takmarkanir á reykingum í vinnurými og vistarverum skipshafna. Hliðstætt ákvæði er í 13.3. gr. í lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984. Á grundvelli þess voru settar reglur um tóbaksreykingar um borð í skipum dags. 10. mars 1993.

Um 17. gr.

Í 13.1. gr. í gildandi lögum er kveðið á um takmarkanir á reykingum í almenningsfarartækjum. Samkvæmt henni eru reykingar óheimilar í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru gegn gjaldtöku með þeirri undantekningu að heimilt er að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa.

Í frumvarpi þessu er gerður greinarmunur á leigubifreiðum, hópbifreiðum og farþegaflugvélum annars vegar, þar sem reykingar eru alveg bannaðar (1. mgr. 17. gr., sbr. þó um flugvélar ákvæði til bráðabirgða), og hins vegar skipum þar sem bannið nær aðeins til farþegarýmis og einskorðast við ferðir sem skemmri eru en fjórar klukkustundir (2. mgr. 17. gr.). Þessi munur styðst við eðli og gerð farartækjanna en reynt er að tryggja rétt farþega eftir megni.

Nefna má að í reglugerð samgönguráðherra nr. 251/1984 segir: „Reykingar eru ætíð óheimilar í atvinnuflugi á innanlandsleiðum.“ Gildir það jafnt um farþega og áhöfn.

Víða erlendis hafa verið settar nýjar reglur um takmörkun reykinga í farþegaflugi. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum eru bannaðar reykingar í innanlandsflugi sem tekur styttri tíma en sex klukkustundir og í flugi kanadíska flugfélagsins Air Canada milli Norður-Ameríku og Evrópu eru reykingar ekki leyfðar. Frá 1. nóvember 1989 bönnuðu norrænu flugfélögin SAS og Finnair reykingar í öllu flugi innan Norðurlandanna nema til Íslands. Virðist þróunin vera sú að reykingar verði gerðar útlægar í öllu farþegaflugi. Hafa ber í huga að vindla- og pípureykingar munu víðast hvar vera bannaðar í farþegaflugi, óháð lengd flugtímans. Krabbameinsfélagið, SÍBS og fleiri samtök hafa hvatt til að

reykingar í millilandaflugi verði með öllu bannaðar og almenningur virðist hlynntur slíku banni samkvæmt könnun Hagvangs í maí 1990. Um 82% þeirra sem afstöðu tóku voru hlynntir banninu og meiri hluti reykingamanna studdi það.

Samgönguráðuneytið gaf í janúar 1993 út reglugerð nr. 33/1993 sem kveður á um að frá og með 1. apríl 1993 séu reykingar ekki heimilar í flugi með farþega milli Íslands og annarra Evrópulanda og gildir það um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir.

Þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) samþykkti 8. október 1992 að hvetja aðildarríki sín eindregið til að gera þegar í stað nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka, skref fyrir skref, reykingar í öllu farþegaflugi milli landa með það að takmarki að reykingar verði alveg bannaðar frá 1. júlí 1996.

Þegar frumvarp þetta tekur gildi verða reykingar bannaðar í öllu farþegaflugi milli Íslands og annarra Evrópulanda, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Bannið nær til alls farþegaflugs frá miðju ári 1996.

Um 18. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði, sbr. þó um loftræstingu, 4. gr. reglna um tóbaksvarnir á vinnustöðum nr. 487/1985. Varða þau framkvæmd á undanþágum frá reykingabanni skv. 15.–17. gr. Regla gildandi laga, 9.2. gr., að merkja skuli þau svæði þar sem óheimilt er að reykja, gildir enn á þeim opinberum stöðum þar sem reykingar eru ekki með öllu bannaðar. Jafnframt skulu þar auðkennd þau svæði þar sem reykingar eru leyfðar.

Um 19. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli. Þar er sú ábyrgð lögð á forráðamenn húsnæðis og almenningsfarartækja að gera ráðstafanir til að framfylgja takmörkunum á reykingum, sbr. og 3. mgr. 27. gr. Með þessu er einkum átt við að setja upp þau merki sem skylt er samkvæmt lögunum, gera starfsmönnum grein fyrir lagaákvæðum og brýna fyrir þeim að fara að lögum og áminna aðra um það eftir því sem tilefni gefst til.

Um 20. gr.

Í 14.1. gr. í lögum um tóbaksvarnir er ákvæði um að fram skuli fara reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu í skólum og ríkisfjölmiðlum. Hér (1. mgr. 20. gr.) er lögð til breyting á orðalagi greinarinnar í því skyni að árétta markmið fræðslunnar að draga úr tóbaksneyslu. Fræðslan þarf að sjálfsögðu að beinast að fleiru en skaðsemi neyslunnar enda hefur svo verið í reynd. Þar hefur hlutur félagasamtaka verið drýgri en hins opinbera. Mikilvægt er að styðja við bak þeirra með aukinni tóbaksfræðslu af hálfu skólakerfis og ríkisfjölmiðla.

Með 2. mgr. 20. gr. er skylda til að aðstoða þá sem vilja hætta að reykja lögð á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús en ekki gert ráð fyrir beinni forgöngu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í því efni svo sem er í lögum nr. 74/1984. Er þá tekið mið af reynslu undanfarinna ára og því sjónarmiði, sem m.a. var túlkað í greinargerð með lögunum, að líta beri á tóbaksvarnir sem eðlilegan þátt í heilsugæslustarfi, sbr. gildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Engan veginn er ætlunin að taka fyrir samvinnu heilbrigðisyfirvalda við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki um námskeið af þessu tagi þótt ekki sé kveðið á um frumkvæði ráðuneytisins eins og í gildandi lögum.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir (1. mgr. 21. gr.) að framlag til tóbaksvarna verði 0,3% af bruttósölu tóbaks í stað 0,2% í gildandi lögum. Tilgangurinn með þeirri hækkun er að efla tóbaksvarnastarf í landinu og flýta þar með fyrir þeirri þróun sem stefnt er að með lögunum. Með þessu fæst m.a. aukið svigrúm til að veita styrki til sérstakra verkefna, þar á meðal vísindarannsókna. Þess skal getið að við útreikning á bruttósölu tóbaks hefur verið miðað við verð frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með söluskatti.

Í gildandi lögum segir: „Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.“ Í reynd hefur framkvæmdin verið þannig að nefndin ráðstafar fénu í samráði við ráðherra og er lagt til að sú tilhögun verði staðfest (2. mgr. 21. gr.).

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Í ljósi þess sem nú er vitað um skaðsemi tóbaks og í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda þykir ekki við hæfi að opinberir aðilar haldi þessari skaðlegu vöru að þegnunum með því að veita tóbak, t.d. í samkvæmum. Þetta sjónarmið virðist eiga mikinn hljómgrunn meðal landsmanna. Samkvæmt könnun Hagvangs fyrir tóbaksvarnanefnd í maí 1987 sögðust 89% þeirra sem afstöðu tóku vera hlynntir því að opinberir aðilar hætti að veita tóbak. Með svo eindregna afstöðu landsmanna að leiðarljósi er lagt til að þessi tilhögun verði lögfest þrátt fyrir andmæli stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram komu í umsögn um frumvarpið.

Um 24. gr.

1. og 2. mgr. 24. gr. eru efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga. Eðlilegast er talið að heilbrigðisnefndir hafi eftirlit með smásölu á tóbaki eins og öðrum vörum sem flokkast sem neyslu- og nauðsynjavörur.

Ákvæði 3. mgr. 24. gr. eru nýmæli. Þau eru sett til að stuðla að því að bann við tóbakssölu til barna (1. mgr. 12. gr.) sé virt. Heilbrigðisnefndir fá heimild til að stöðva tóbakssölu um tiltekinn tíma hjá þeim sem ítrekað brjóta þetta bann. Meðan sú stöðvun stendur er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óheimilt að selja hinum brotlega tóbak.

Samkvæmt könnun Hagvangs í maí 1992 lýstu 85% þeirra sem afstöðu tóku sig hlynnta þeirri hugmynd að binda tóbakssölu við sérstök leyfi sem sölustaðir gætu misst ef þeir seldu börnum tóbak. Þessi hugmynd á fylgi að fagna víða erlendis og vænta má að horfið verði að þessu ráði hér þótt síðar verði.

Um 25. gr.

1. mgr. 25. gr. kemur í stað 18. gr. gildandi laga en eftirlitsaðilum hefur verið fjölgað. Nauðsynlegt er talið (2. mgr. 25. gr.) að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins, m.a. um verkaskiptingu eftirlitsaðila.

Um 26. gr.

Þessi ákvæði eru hliðstæð því sem er í gildandi lögum.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 27. gr. eru efnislega samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. 27. gr. er nýtt ákvæði um viðurlög ef um vanrækslu í veigamiklum atriðum er að ræða á skyldum skv. 19. gr.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til tóbaksvarnalaga.

Markmið frumvarpsins er að draga úr tóbaksneyslu og þar með úr því heilsutjóni sem slík neysla veldur reykingamanninum beint og með óbeinum hætti þeim sem verða fyrir loftmengun af reyknum.

Í frumvarpinu eru margvísleg atriði sem hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Vart verður um það deilt að minni reykingar skila sér í betra heilsufari og þar af leiðandi í minni útgjöldum til heilbrigðsmála og minna tekjutapi vegna veikinda. Engin leið er að meta hve mikil áhrif frumvarpið hefur á reykingavenjur og heilsufar verði það að lögum. Lítill vafi leikur á að forvarnastarf er lítur að bættri heilsu getur verið mjög arðsamt. Vegna örðugleika við upplýsingaöflun og óvissu verður ekki gerð tilraun til að meta hugsanlegan ábata vegna áhrifa frumvarpsins á reykingar og heilsufar. Um þjóðfélagslegan kostnað af reykingum er vísað til athugunar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands nr. 10/1992.

Hér á eftir er lagt mat á kostnað við þau atriði sem ætla má að hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs, í sömu röð og þau birtast í frumvarpinu:

Í 3. gr. er kveðið á um að lögin taki til fríhafna, eftir því sem við á. Í greinargerð með frumvarpinu er sagt að með greininni séu tekin af öll tvímæli um að lögin gildi einnig í fríhöfnum. Mun þar fyrst og fremst átt við ákvæði um auglýsingar, sölufyrirkomulag og reglur um reykingar á almannafæri, en ekki verðlagningu. Kveða má skýrar á um að ákvæðin eiga ekki við um verðlagningu. Ákvæðið hefur ekki teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Í 6. gr. er mönnum í tóbaksvarnanefnd fjölgað úr þremur í fimm, en í staðinn verða ekki skipaðir varamenn. Kostnaðarauki vegna þessa verður því óverulegur.

Í 8. gr. er lagt bann við innflutningi og sölu á munntóbaki, öðru en því sem ÁTVR framleiðir. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða tekur bannið gildi 1. janúar 1997. Tóbaksskattur af innfluttu munntóbaki nam um 5 m.kr. árið 1993.

Í 1. mgr. 20. gr. skal menntamálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu. Þar er um nær óbreytt ákvæði frá gildandi lögum að ræða. Í 2. mgr. 20. gr. er kveðið á um að heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum verði skylt að aðstoða þá sem vilja hætta að reykja, svo og að veita fræðslu um áhrif tóbaksneyslu. Ekki er mögulegt að meta með neinni vissu kostnaðarauka af ákvæðinu þar sem það er almennt orðað en hann gæti orðið verulegur eftir umfangi starfseminnar. Ef veita á aðstoð, svo sem námskeið o.fl., á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, sem ríkissjóður fjármagnar, mun slík starfsemi á almennum markaði væntanlega að mestu hverfa nema starfsemin verði fjármögnuð með námskeiðsgjöldum. Gera verður ráð fyrir að notendur þjónustunnar þurfi a.m.k. að greiða komugjöld á heilsugæslustöðvar en allur kostnaður umfram það lendi á ríkissjóði. Ekki verður séð að ofangreindar stofnanir séu undir það búnar að taka við slíkum verkefnum án aukinna fjárframlaga úr ríkissjóði eða fái heimild til innheimtu námskeiðsgjalda.

Í 1. mgr. 21. gr. er kveðið á um að verja skuli 0,3% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs, í stað 0,2% í gildandi lögum. Samtals gerir þetta um 12 m.kr. útgjöld sem er hækkun um 4 m.kr. frá gildandi lögum.

Í ákvæði til bráðabirgða V er kveðið á um að verð á tóbaki skuli hækka um 10% árlega umfram almennt vöruverð á árunum 1995–1999. Það þýðir 61% hækkun umfram almennt verðlag á tímabilinu. Ef miðað er við 2% árlega verðbólgu þarf 12% hækkun á verði tóbaks til að markmið frumvarpsins náist. Slík verðbreyting mun valda um 0,2% hækkun á framfærsluvísitölu á ári umrædd fimm ár. Fjármálaráðuneytið hefur ekki gert athuganir á áhrifum svo mikilla verðbreytinga á tóbakssölu og er því óvíst hve mikil áhrifin á tekjur ÁTVR verða. Gera má ráð fyrir að verulega dragi úr neyslu tóbaks verði af hækkuninni og neytendur leiti í ríkara mæli eftir því að nálgast vöruna eftir öðrum leiðum. Þar sem tóbak er ávanabindandi má þó gera ráð fyrir að minni neysla vegi ekki upp verðhækkun og að tekjur ÁTVR hækki því nokkuð. Rétt er að minna á að ýmis önnur ákvæði frumvarpsins munu að líkindum einnig draga úr tóbakssölu.

Að öllu samanlögðu er líklegt að tekjuauki ríkissjóðs verði hærri en nemur beinum útgjaldaauka ef frumvarpið verður að lögum.

Rétt er að benda á að ýmis ákvæði frumvarpsins stangast í nokkrum veigamiklum atriðum á við stefnu fjármálaráðuneytisins í sölumálum tóbaksvara og verður athugasemdum um það komið á framfæri annars staðar.

448. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Frá Guðna Ágústssyni, Eggert Haukdal, Guðmundi Bjarnasyni, Margréti Frímannsdóttur og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

	Þús. kr.
Við 3. gr. 11-399 Ýmis orkumál. Nýr liður:	
118 Ýmis framlög	19.000

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa margar hitaveitur, einkum smærri veitur í dreifbýli, sótt um það til fjármálaráðuneytisins að nýta heimild í lögum um tollskrá til að fella niður aðflutningsgjöld af aðveituæðum og dreifikerfi eða fá gjaldfrest á greiðslum þessum.

Í fjáraukalögum, sem samþykkt voru 2. desember 1991, var fjárveiting að upphæð 5,5 millj. kr. til að fella niður skuldir Hitaveitu Varmahlíðar og Hitaveitu Hvalfjarðar. Í ljós hefur komið samkvæmt athugun, sem Ríkisendurskoðun gerði að beiðni fjárlaganefndar Alþingis, að svipað er ástatt með nokkrar aðrar hitaveitur eins og þær tvær sem fengu niðurfellingu skulda á árinu 1991. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu var skuld þessara veitna 13. maí 1994 um 18 millj. kr. samkvæmt meðfylgjandi lista:

	Þús. kr.
Hitaveita Hlíðamanna	4.900
Hitaveita Aðaldæla	4.600
Hitaveita Hraungerðishrepps	2.700
Hitaveita Gnúpverja	2.100
Hitaveita Suður-Skeiða	1.100
Hitaveita Langholts og Unnarholts	1.400
Hitaveita Frambæja	1.500
Hitaveita Reykholtsdalshrepps	400
Hitaveita E.Á. Hvammi	100
	18.800

Í viðbót við þennan lista er getið um Hitaveitu Hjaltadals í athugun Ríkisendurskoðunar en þar sem sú hitaveita er að mestu í eigu ríkissjóðs er ekki flutt tillaga um niðurfellingu þeirrar skuldar.

Breytingartillaga þessi er flutt til að létta á fjárhagsvanda framangreindra hitaveitna auk þess sem eðlilegt hlýtur að teljast að þær sitji við sama borð gagnvart ríkinu og þær tvær veitur sem fengu niðurfelldar skuldir með samþykki Alþingis á fjáraukalögum 1991.

Nefnd á vegum fjármálaráðherra hefur hins vegar gert tillögu um að mæta fjárhagsvanda þeirra veitna með skuldbreytingu. Flutningsmenn þessarar tillögu telja að sú aðgerð ein og sér leysi engan veginn rekstrarvanda veitnanna.

449. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Halldór Árnason skrifstofustjóra og Jón Ragnar Blöndal, deildarstjóra frá fjármálaráðuneyti. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins, Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun, Leifur Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Lögð er til lækkun á endurlánum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Er þetta í samræmi við endurskoðaða greiðsluáætlun sjóðsins og afgreiðslu fjárlaganefndar. Samtala 3. gr. breytist til samræmis við þessa lækkun.
2. Lögð er til hækkun á lántökuheimild Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna í samræmi við endurskoðaða greiðsluáætlun sjóðanna. Þá er lögð til hækkun á lántökuheimild Stofnlánadeildar landbúnaðarins um 900 millj. kr. vegna skuldbreytingar rekstrarlána bænda. Þessi hækkun á lántökuheimild vegna Stofnlánadeildarinnar nær aðeins til skuldbreytinga skv. 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, þ.e. þegar verið er að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestingar í búrekstri á jörðum þeirra, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa. Ekki er því átt við skuldbreytingu vegna neinna annarra lána, svo sem neyslulána. Við það er miðað að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins semji tillögur að reglum um framkvæmd þessarar skuldbreytingar sem ráðherra staðfestir.
3. Lagt er til að heimila fjármálaráðherra að ábyrgjast lántökur eftirtalinna aðila vegna skuldbreytinga og greiðsluflæðisjöfnunar: Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Undirbúningsfélags Orkubús Borgarfjarðar, Innheimtustofnunar sveitarfélaga, Hita- og vatnsveitu Akureyrar og Bæjarveitna Vestmannaeyja. Samtals nemur hækkunin um 3.590 millj. kr.
4. Loks er lagt til að heimila Vegagerðinni, vélamiðstöð, að yfirtaka skuldir Hríseyjarhrepps vegna kaupa á ferjunni Sæfara. Skuldirnar nema samtals 102,6 millj. kr.

Nefndin vill taka fram að endurlán skv. 11. gr. frumvarpsins eru miðuð við stöðu ábyrgðarheimilda 5. júlí 1994 og yfirtaka lána skv. 12. gr. við 31. maí 1994.

Alþingi, 20. des. 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Guðjón Guðmundsson.

Ingi Björn Albertsson. Sólveig Pétursdóttir.

450. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GÁS, GuðjG, IBA, SP).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „8.540“ komi: 8.320.
   b. Í stað „4.030“ komi: 3.800.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað „2.600“ í 2. tölul. komi: 2.900.
   b. Í stað „6.300“ í 3. tölul. komi: 6.680.
   c. Í stað „700“ í 5. tölul. komi: 1.600.
3. Við 5. gr. Við greinina bætist fimm nýir töluliðir er orðist svo:
   3. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, allt að 800 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   4. Undirbúningsfélag Orkubús Borgarfjarðar, allt að 380 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   5. Innheimtustofnun sveitarfélaga, allt að 150 m.kr. til greiðsluflæðisjöfnunar.
   6. Hita- og vatnsveita Akureyrar, allt að 2.200 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   7. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 61 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Við bætist ný grein sem orðist svo:
   Vegagerðinni, vélamiðstöð, er heimilt að yfirtaka allar skuldir Hríseyjarhrepps vegna kaupa á ferjunni Sæfara.

451. Breytingartillögur [278. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GÁS, GuðjG, IBA, SP).

1. Í stað 4. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (4. gr.)
      37. gr. laganna orðast svo:
      Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla og til að standa straum af kostnaði skv. 5. mgr. 22. gr. er stjórn sjóðsins heimilt að verja árlega allt að 62 m.kr. í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
   b. (5. gr.)
      Við 39. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Skattstjórum og Tryggingastofnun ríkisins er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.
      Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

c. (6. gr.)

Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

a. (IV.)

Á árinu 1994 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir.

b. (V.)

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1995, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

2. Við I. kafla bætist fimm nýjar greinar með fyrirsögninni: **Um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar,** er orðist svo:

a. (12. gr.)

3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur.

b. (13. gr.)

Lokamálsliður 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur.

c. (14. gr.)

17. gr. laganna orðast svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Um uppbót á lífeyri samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

d. (15. gr.)

Í stað „1. júlí“ í 2. mgr. 18. gr. laganna komi: 1. september.

e. (16. gr.)

Í stað orðanna „þriðja virkan“ í fyrri málsgrein 49. gr. laganna komi: fyrsta.

3. Við I. kafla bætast tvær nýjar greinar með fyrirsögninni: **Um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð**, er orðist svo:
   a. (17. gr.)
      Við síðari málslið 2. mgr. 1. gr. laganna bætist: aðrar en húsaleigubætur, eftir því sem við á.
   b. (18. gr.)
      Við 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú hefur einhleypingur aðrar tekjur en úr lífeyristryggingum almannatrygginga og skal sérstaka heimilisuppbótin þá skerðast krónu fyrir krónu uns hún fellur niður.
4. Við I. kafla bætist ný grein, er verði 19. gr., með fyrirsögninni: **Um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála**, er orðist svo:
   Í stað „15“ í fyrri málslið 1. mgr. 26. gr. laganna komi: 25.
5. Við I. kafla bætist ný grein, er verði 20. gr., með fyrirsögninni: **Um breytingu á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum**, er orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein er orðast svo:
   Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit dýralækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð. Eftirlitsgjaldið miðast við raunkostnað, þó ekki hærra en 2,50 kr. á hvert kíló kjöts miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1995.
   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga og greiðslufyrirkomulag við heilbrigðiseftirlit dýralækna í sláturhúsum.
6. Við 10. gr. er verði 21. gr. Í stað „80,1“ komi: 101,6.
7. Við 12. gr. er verði 23. gr. Í stað orðanna „falla niður“ komi: til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 4 m.kr.
8. Við 24. gr. Greinin falli brott.
9. Við 25. gr. er verði 35. gr. Í stað „68“ komi: 88.
10. Við 27. gr. er verði 37. gr. Í stað „113“ komi: 94,3.

452. Nefndarálit [278. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fundi til sín Halldór Árnason, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti, Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, Guðjón Magnússon og Dögg Pálsdóttur, bæði skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Helga Guðbergsson, héraðslækni í Reykjavík, Guðmund Luther Hafsteinsson, framkvæmdastjóra Húsafriðunarsjóðs, og Magnús Oddsson ferðamálastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær skulu nú raktar í stuttu máli.

Í fyrsta lagi er lagt til að lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð verði breytt og ákveðin sú fjárhæð sem sjóðnum er heimilt að verja til lánveitinga og styrkja og til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald. Þá eru lagðar til breytingar á lögunum til að auðvelda sjóðnum eftirlit með misnotkun á bótarétti. Loks eru lagðar til breytingar í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um átaksverkefni í þágu atvinnulausra.

Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð. Meginbreytingarnar á lögum um almannatryggingar felast í því að tryggja að húsaleigubætur hafi ekki áhrif til lækkunar á bótum almannatrygginga sem að óbreyttu yrði raunin 1. janúar 1995 þegar lög nr. 100/1994, um húsaleigubætur, koma til framkvæmda. Til að ná þessu marki er nauðsynlegt að undanþiggja bæði bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur frá því að teljast tekjur í skilningi ákvæða um ellilífeyri og örorkulífeyri í almannatryggingalögunum. Þá er jafnframt lagt til, til samræmis við breytingar á tekjuhugtaki 11. og 12. gr. laganna, að auk bóta almannatrygginga skuli bætur félagslegrar aðstoðar og húsaleigubætur ekki skerða tekjutryggingu skv. 17. gr. laganna. Jafnframt er nýrri málsgrein bætt við umrædda 17. gr. til að taka af öll tvímæli um að um greiðslu uppbótar „tekjutryggingar" samkvæmt greininni gildi sömu reglur og um greiðslur grunnlífeyris, t.d. hvað varðar lögheimilistíma hér á landi. Loks eru lagðar til breytingar á 18. og 49. gr. laganna sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis.

Breytingarnar á lögum um félagslega aðstoð eru tvær. Annars vegar er lögð til breyting á tekjuhugtaki laganna til samræmis við breytingarnar á almannatryggingalögunum. Hins vegar er lögð til breyting á ákvæði laganna um sérstaka heimilisuppbót þannig að tryggt verði að þeir einstaklingar, sem hafa lægri tekjur úr lífeyrissjóðum en sem nemur fjárhæð sérstakrar heimilisuppbótar, fái greiddan mismuninn. Í sambandi við þessar breytingar vill meiri hlutinn taka sérstaklega fram að ekki er ætlunin að skerða rétt þeirra bótaþega sem eiga rétt á niðurfellingu á afnotagjaldi útvarps og sjónvarps, sbr. 2. mgr. 24. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985 (18. gr. reglugerðar nr. 357/1986, sbr. reglugerð nr. 478/1986). Nauðsynlegt verður að endurskoða framkvæmd þessara mála í kjölfar þess að farið verður að greiða húsaleigubætur í stað uppbótar á lífeyri til þeirra er greiða háa húsaleigu.

Í þriðja lagi er lagt til að ferðamálasjóði verði veitt heimild til lengingar lána skv. 26. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, úr 15 í 25 ár. Hér er aðallega um að ræða lán til heilsárshótela á landsbyggðinni. Til að mæta kostnaði við skuldbreytingar af þessum sökum er lagt til að framlag í sjóðinn hækki um 20 m.kr.

Í fjórða lagi er lagt til að bætt verði nýrri grein við lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Greinin felur í sér að ríkissjóði verði heimilt að innheimta gjald af sláturafurðum til að greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit dýralækna samkvæmt lögunum en í dag greiðir sláturleyfishafi eftirlitsaðila beint fyrir kostnað við slíkt eftirlit. Hér er því ekki um nýja gjaldtöku að ræða heldur breytt fyrirkomulag á gildandi gjaldtöku. Breytingin er lögð til þar sem eftirlitsaðilar heilbrigðisyfirvalda í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum hafa lýst yfir að núverandi fyrirkomulag skapi hættu á óeðlilegum hagsmunatengslum og hafa gert kröfu um breytingu, að öðrum kosti fáist ekki leyfi til innflutnings á sláturafurðum frá Íslandi til þessara landa.

Í fimmta lagi er lagt til að framlag til Kvikmyndasjóðs hækki um 21,5 millj. kr. og að framlag til Listskreytingasjóðs verði 4 m.kr.

Í sjötta lagi er lagt til að 24. gr. verði felld brott þar sem greinin hefur ekki þýðingu.

Loks er lagt til að skerðing á tekjum Hafnabótasjóðs verði 19,6 millj. kr. minni en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ingi Björn Albertsson áskilur sér rétt til að flytja sjálfur eða styðja aðrar breytingartillögur við málið.

Alþingi, 20. des. 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Guðjón Guðmundsson.

Ingi Björn Albertsson. Sólveig Pétursdóttir.

Fylgiskjal I.

Umsögn félagsmálanefndar.
(16. desember 1994.)

Félagsmálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. desember sl., fjallað um 3. og 4. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, 278. mál. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn meiri og minni hluta nefndarinnar.

Að áliti meiri hluta standa Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Björn Ingi Bjarnason, Tómas Ingi Olrich og Eggert Haukdal. Að áliti minni hluta standa Jón Kristjánsson, Guðrún J. Halldórsdóttir og Jón Helgason.

1. Umsögn meiri hluta félagsmálanefndar.
Um 3. gr., um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Sú breyting, sem lagt er til að gerð verði á lögunum, felur í sér að Framkvæmdasjóður fatlaðra getur varið allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra verkefna en honum er ætlað í núgildandi lögum. Á árinu 1994 eru í gildi þær breytingar á hefðbundnu hlutverki sjóðsins að honum er heimilt að verja allt að 25% af fé sínu til liðveislu, félagslegrar hæfingar og endurhæfingar auk kostnaðar vegna starfsemi stjórnarnefndar.

Hér er auk þess lagt til að unnt sé að veita fé til liðveislu á vinnumarkaði, til greiðslu kostnaðar vegna reksturs sambýla sem hafinn er rekstur á eftir 1. janúar 1995 og greiðslu kostnaðar við þjónustu stuðningsfjölskyldna.

Umræddar breytingar kveða á um heimild fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra til að taka allt að 40% af sjóðnum í framangreind verkefni, en ekki hvílir sú skylda á Framkvæmdasjóðnum. Ljóst er að þær breytingar sem gerðar voru á Framkvæmdasjóðnum í ár og þær sem lagt er til að gerðar verði á næsta ári eru viðbrögð við því að ekki er um að ræða að framlög séu veitt á fjárlögum til að koma á fót nýjum rekstri, eins og til dæmis sambýlum. Aukningin í rekstrarfjárveitingum ársins 1994 var vegna heimila sem höfðu hafið störf á síðasta ári og komu inn með fullan rekstur á þessu ári og hið sama er að segja um árið 1995. Það er því ekki um að ræða aukningu í nýjum rekstri í þágu fatlaðra. Framkvæmdasjóður fatlaðra, sem hefur til ráðstöfunar á fjórða hundrað milljónir króna, get-

ur því raunverulega ekki nýst að fullu til að fjármagna það sem er hefðbundið hlutverk hans, þ.e. er stofnkostnað nýrrar þjónustu í formi búsetu, dagvistar eða verndaðra vinnustaða, ef enginn nýr rekstur fæst. Sú leið, sem farin er í ár og lagt er til að farin verði á næsta ári, er því viðbrögð til að auka stoðþjónustu við fatlaða þar sem ekki er verið að bæta við stofnanaþjónustu.

Þeir liðir, sem lagt er til að fjármagnaðir verði í gegnum Framkvæmdasjóð með framangreindum breytingum, fela í sér eftirfarandi: Liðveisla felur í sér stuðning við fatlaða á heimilum eða á vinnustað og er nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Liðlega 55 millj. kr. voru veittar úr Framkvæmdasjóði á þessu ári til að greiða starfsfólki í liðveislu um allt land. Ekki var hins vegar unnt að veita stuðning á almennum vinnustöðum, en með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, ætti það að vera unnt. Heimilt verður að greiða fyrir hæfingu og endurhæfingu sem felur í sér þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.

Þá er gert ráð fyrir að unnt verði að greiða rekstrarkostnað á sambýlum sem hafinn verður rekstur á eftir 1. janúar 1995 og sett eru á fót í því skyni að greiða fyrir útskriftum af Kópavogshæli. Um nokkurt skeið hefur staðið yfir undirbúningur að því að unnt sé að útskrifa fólk sem nú býr á Kópavogshæli. Fram að þessu hefur ekki fengist nægilegur fjöldi stöðugilda til að unnt hafi verið að framkvæma þann flutning. Ef yfirstjórn væri reiðubúin að flytja starfsmenn af Kópavogshæli með íbúum sem flytja í sambýli væri unnt að veita þann viðbótarstuðning sem þyrfti á sambýli með fjármunum úr Framkvæmdasjóði. Er þess vænst að slíkt muni ýta undir útskriftir.

Á fjárlögum hafa verið 19–20 millj. kr. til að greiða til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna. Um er að ræða þjónustu sem gerir foreldrum kleift að hafa börn sín sem lengst á heimili og koma í veg fyrir stofnanadvöl. Með þeirri tillögu, sem er í frumvarpinu, er gert ráð fyrir að unnt sé að auka þjónustuna og gera það meira eftirsóknarvert að takast á hendur slíkt verkefni.

Umræddar tillögur fela í sér það sem nefnt hefur verið stoðþjónusta sem er m.a. stuðningur við fatlaða í heimahúsi eða á vinnustað og byggist á þeirri hugmyndafræði að fatlaðir eigi, ef nokkur kostur er, að dvelja í heimahúsum og með sjálfstæða búsetu. Uppbygging sambýla hefur verið mjög mikil á umliðnum árum og enn er mikil þörf fyrir þau úrræði, en hins vegar hafa íbúðir, sem byggðar eru eða hafa verið keyptar fyrir fatlaða, boðið upp á búsetu án þess að um rekstur væri að ræða samkvæmt fjárlögum. Það hefur hins vegar ekki breytt raunverulegri þörf fatlaðra fyrir þjónustu.

Benda má á að á árunum 1987–94 hefur orðið veruleg aukning á fjárveitingum til þessa málaflokks, eða um 52% að raungildi. Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, lítur félagsmálanefnd svo á að þar sem að ekki sé gert ráð fyrir nýjum sambýlum á fjárlögum næsta árs eða öðrum nýjum stofnanarekstri sé verið að nýta Framkvæmdasjóðinn til aukinnar þjónustu við fatlaða. Getur nefndin fallist á að rétt sé að fara framangreinda leið í því skyni að skapa aukna þjónustu við fatlaða þótt það sé ekki gert í formi nýrra stofnana.

Um 4. gr., um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993.

Sú lagabreyting, sem lögð er til, felur í sér að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verður ekki heimilt að veita styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar á árinu 1995. Í þetta verkefni munu hafa verið veittar um 30 millj. kr. á árinu 1994. Heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að veita styrki og lán skv. VII. kafla eru takmarkaðar við 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins, en þær hafa farið minnkandi á umliðnum árum.

Í framkvæmd munu þeir styrkir, sem veittir hafa verið til þróunarverkefna, hafa verið afgreiddir nokkurn veginn í þeirri röð sem þeir hafa borist á meðan fjármunir hafa verið fyrir hendi. Ekki hafa verið tök á því að fylgja eftir úthlutunum til að kanna hvernig þróunarverkefnin hafa reynst til varanlegrar atvinnusköpunar. Engin rannsókn liggur fyrir á þýðingu slíkra styrkja.

Líta verður svo á að það sé umhugsunarefni hvort Atvinnuleysistryggingasjóður sé rétti aðilinn til að veita fé til þróunarverkefna til atvinnusköpunar, en fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu hafa í reynd það hlutverk að vinna að því að skapa ný atvinnutækifæri. Þær stofnanir og samtök hafa þá aðstöðu til að meta gagnsemi tilrauna sem gerðar eru á hinum ýmsu sviðum til að skapa ný atvinnutækifæri. Uppbygging Atvinnuleysistryggingasjóðs og sú starfsemi sem hann sinnir er tæplega til þess fallin að sinna nýsköpun í atvinnulífi, enda hlýtur megináherslan í starfi sjóðsins að liggja í því að fjalla um bótarétt til handa atvinnulausum en ekki þau mörgu nýju verkefni sem honum hafa verið falin að undanförnu.

Félagsmálanefnd telur að sú breyting, sem lögð er til í 3. tölul. 36. gr., sé hagfelld í ljósi þess að Atvinnuleysistryggingasjóður sé ekki að fást við verkefni sem betur séu komin hjá aðilum sem ætlað er að fást við þróunarverkefni til að skapa ný störf hér á landi.

2. Umsögn minni hluta félagsmálanefndar.

Um 3. gr., um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Minni hlutinn telur að ákvörðun um hækkun á rekstrarframlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, úr 25% í 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins, hafi átt að vera tekin í fullu samráði við forustumenn þeirra sem sjóðinn nýta. Nú er svo komið að aðeins 35% af ráðstöfunarfé sjóðsins fara til framkvæmda. Telja verður að frekari þróun í þá átt að skerða framkvæmdafé sjóðsins sé óheillavænleg, einkum með tilliti til skorts á framkvæmdum í Reykjavík. Stendur minni hlutinn því ekki að samþykkt 3. gr.

Um 4. gr., um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að efla beri þróunarstarfsemi í atvinnulífi hérlendis. Gera eigi úttekt á því hvernig framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs til þróunarstarfs hafi nýst. Verði niðurstaðan sú að það teljist óhagkvæmt að sjóðurinn annist þessa starfsemi ber að sjá fyrir þessum fjármunum með öðrum hætti. Því er ekki hægt að fallast á ákvæði 4. gr. og er lagt til að hún falli brott.

F.h. félagsmálanefndar,

Gísli S. Einarsson, form.

Fylgiskjal II.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.
(15. desember 1994.)

Menntamálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 13. desember 1994, fjallað um 1.–2. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, 278. mál.

Umrædd ákvæði fela annars vegar í sér að framlengd er frestun á framkvæmd ákvæða grunnskólalaga um skólamáltíðir, lengingu kennslutíma, fækkun nemenda í bekkjardeildum og að komið skuli á skólaathvörfum við hvern grunnskóla, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Ólaf Darra Andrason, deildarsérfræðing menntamálaráðuneytis.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Sigríði A. Þórðardóttur, Birni Bjarnasyni, Tómasi Inga Olrich, Petrínu Baldursdóttur og Árna Johnsen, telur að með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram komu við umfjöllun um framangreind ákvæði séu ekki efni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

F.h. meiri hluta menntamálanefndar,

Sigríður A. Þórðardóttir, form.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.
(16. desember 1994.)

Menntamálanefnd hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, 278. mál.

Nefndin fjallaði á fundi sínum 15. desember sl. um 1.–2. gr. frumvarpsins sem fjalla um menntamál og eru því á málefnasviði menntamálanefndar.

Á fundinn var boðaður fulltrúi frá menntamálaráðuneyti, Ólafur Darri Andrason.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins.

Minni hlutinn er algjörlega andvígur því að fresta ákvæðum grunnskólalaga, nr. 49 frá 1991, sem samþykkt voru með atkvæðum allra stjórnmálaflokka sem þá áttu sæti á Alþingi.

Það sýnir skilningsleysi og áhugaleysi á mikilvægi grunnmenntunar og aðstæðum barna og fjölskyldna í landinu að leggja nú fram fjórða árið í röð frumvarp sem frestar þeim mikilvægu ákvæðum grunnskólalaganna sem kveða á um að komið skuli á máltíðum í skólum, lengingu kennslutíma og að komið verði upp skólaathvarfi við hvern grunnskóla. Auk þess er því frestað að nemendum skuli fækkað í bekkjardeildum og sú heimild fræðslustjóra að mega fjölga um allt að 2 nemendur í bekkjum, þegar sérstaklega stendur á, látin gilda áfram.

Með þessum lagabreytingum ætlar ríkisstjórnin að spara allt að 280 millj. kr. á árinu 1995, auk þess er gert ráð fyrir 1% hagræðingu í grunnskólum landsins í fjárlagafrumvarpinu sem leiðir af sér um 40 millj. kr. sparnað.

Í máli embættismanns menntamálaráðuneytisins kom m.a. fram að nýtt er heimild

fræðslustjóra til fjölgunar um allt að tvo nemendur í deild sem hér segir:

	Fjöldi deilda	
Reykjavík	12	(tvær deildir í 1. bekk, ein í 2. bekk, ein í 5. bekk, tvær í 6. bekk, tvær í 9. bekk og fjórar í 10. bekk)
Reykjanes	5	(tvær deildir í 4. bekk og fjórar deildir í 1. bekk)
Vesturland	1	(2. bekkur)
Vestfirðir	1	(4. bekkur)
Norðurland vestra	0	
Norðurland eystra	1	(4. bekkur)
Austurland	2	(ein deild í 4. bekk og ein í 7. bekk)
Suðurland	4	(allar í 9. bekk)
	26	

Nýleg könnun, sem gerð var á lestrarkunnáttu grunnskólabarna, sýnir að þar stöndum við Íslendingar ekki eins vel að vígi og vera skyldi, enda tala kennarar um að það sé erfitt að koma öllu því námsefni fyrir í þeim kennslustundum sem íslensk stjórnvöld skammta grunnskólunum. Þetta leiðir til minni einstaklingskennslu og meiri hópkennslu. Þess má geta að kostnaður vegna sérkennslu er nú metinn um 15–20%.

Að síðustu skal þess getið að það er grátbroslegt að þurfa að taka þátt í vinnu menntamálanefndar undir þeim kringumstæðum að nefndin hefur til umfjöllunar á sama tíma mál sem varða niðurskurð í grunnskólunum upp á um 300 millj. kr. og frumvarp til nýrra grunnskólalaga, sem leiðir af sér aukinn kostnað við grunnskólann upp á a.m.k. 1 milljarð kr.

Minni hlutinn er andvígur þeim greinum frumvarpsins, sem menntamálanefnd fjallaði um að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, þ.e. 1.–2. gr., og leggur til að þær verði felldar.

F.h. minni hluta menntamálanefndar,

Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal III.

Umsögn heilbrigðis- og tryggingamálanefndar.

(16. desember 1994.)

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur í samræmi við bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 13. desember 1994, fjallað um 5.–7. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, 278. mál.

Einnig hefur nefndin að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis fjallað um breytingartillögur sem ráðuneytið hugðist leggja fram sem hluta af frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum en féllu brott á vinnslustigi. Um er að ræða breytingar á 11., 12., 17., 18. og 49. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og breytingu á 1. og 9.

gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ólaf Ólafsson landlækni, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni, Ólaf H. Oddsson frá Félagi héraðslækna, Helga Guðbergsson, settan héraðslækni í Reykjavíkurumdæmi, Ástu Möller, formann Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sverri Bergmann, formann Læknafélags Íslands, Gest Þorgeirsson, formann Læknafélags Reykjavíkur, Sigurbjörn Sveinsson og Ólaf Stefánsson frá Félagi íslenskra heimilislækna, Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum við Háskóla Íslands, Jóhannes Pálmason, framkvæmdastjóra Borgarspítala, Loga Guðbrandsson, framkvæmdastjóra Landakotsspítala, Ágúst Þór Sigurðsson, deildarlögfræðing hjá Tryggingastofnun ríkisins, Ásgerði Ingimarsdóttur, framkvæmdastjóra Öryrkjabandalags Íslands, Helga Seljan, félagsmálafulltrúa samtakanna, og Ólaf Jónsson, formann Landssambands aldraðra.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Gunnlaugi Stefánssyni, Láru Margréti Ragnarsdóttur, Guðmundi Hallvarðssyni, Sólveigu Pétursdóttur og Sigríði A. Þórðardóttur, leggur ekki til að gerðar verði breytingar á 5.–7. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 en leggur áherslu á að þau verkefni, sem embætti héraðslækna í Reykjavík (borgarlæknis) og á Norðurlandi eystra hafa annast, verði tryggð í skipulagi heilbrigðisþjónustu í framtíðinni.

Minni hlutinn, sem skipaður er Ingibjörgu Pálmadóttur, Margréti Frímannsdóttur, Finni Ingólfssyni og Guðrúnu J. Halldórsdóttur, getur ekki fallist á þær breytingar sem 5. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir varðandi héraðslækna. Fyrir liggur að héraðslæknar í fullu starfi hafa einungis verið í Reykjavík og á Norðurlandi eystra þannig að lögfesting ákvæðisins mundi leiða til þess að þau tvö embætti yrðu lögð niður. Fram kom við umfjöllun nefndarinnar um málið að margvísleg starfsemi hefur farið fram á vegum embættanna og svo virðist sem mikil þörf sé fyrir þau, ekki síst í Reykjavík. Minni hlutinn leggur því til að skipuð verði nefnd er falið verði að leggja faglegt mat á það hvar og með hvaða hætti þeim verkefnum, sem héraðslæknar fást við í dag, verði best fyrir komið. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt sé að embættin verði starfrækt áfram kveði hún jafnframt á um hvert verði framtíðarhlutverk héraðslækna. Lagt er til að nefndin verði skipuð fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, landlæknis, Félags héraðslækna og Læknafélags Íslands og prófessor í heimilislækningum við Háskóla Íslands.

Heilbrigðis- og trygginganefnd fer þess á leit við háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd að eftirtöldum ákvæðum verði bætt inn í frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 í samræmi við óskir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

A. Breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. 11. og 12. gr.

1. 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eða húsaleigubætur.

2. Lokamálsliður 4. mgr. 12. gr. orðist svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eða húsaleigubætur.

Skýring:

Vegna nýrra laga um húsaleigubætur, sem ganga í gildi 1. janúar 1995, er nauðsynlegt að tryggja að húsaleigubætur hafi ekki áhrif til lækkunar á bætur almannatrygginga. Þær breytingar þarf að gera á 11. og 12. gr. laganna að bótum félagslegrar aðstoðar og húsaleigubótum sé bætt við upptalningu þeirra tekna sem ekki skerða grunnlífeyri elli- og örorkulífeyris. Lagt er til að kveðið verði á um að með bótum félagslegrar aðstoðar sé annars vegar átt við bætur samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, og hins vegar fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og þannig tryggt að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerði ekki bætur almannatrygginga á sama hátt og gilt hefur hingað til.

2. 17. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsaleigubætur fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsaleigubætur fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Um uppbót á lífeyri samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

Skýring:

Samkvæmt gildandi reglum eru það eingöngu bætur almannatrygginga sem eru undanþegnar þeim tekjum sem áhrif hafa á ákvörðun tekjutryggingar. Með frumvarpi þessu eru gerðar þær breytingar á 17. gr. laganna að bætur félagslegrar aðstoðar, þ.e. bæði samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsaleigubætur, skuli ekki skerða tekjutryggingu. Þá er bætt við greinina nýrri málsgrein sem verður 3. mgr. til að taka af öll tvímæli um að um greiðslu uppbótar skv. 17. gr., þ.e. svokallaða tekjutryggingu, gildi sömu reglur og um greiðslu grunnlífeyris. Við ákvörðun greiðslu tekjutryggingar skal því t.d. tekið mið af lögheimilistíma hér á landi líkt og gert er við ákvörðun grunnlífeyris ellilífeyris. Er þetta í samræmi við framkvæmd sem tryggingaráð hefur mótað. Loks eru fjárhæðir í 17. gr. leiðréttar til samræmis við síðustu hækkanir skv. reglugerð.

3. 18. gr.

Í stað „1. júlí“ í 2. mgr. 18. gr. laganna komi: 1. september.

Skýring:
Reynslan hefur sýnt að erfiðlega getur gengið að afla allra tekjuupplýsinga vegna breytinga á útreikningi tekjutryggingar fyrir 1. júlí. Því hefur verið ákveðið að færa dagsetningu breytinga til 1. september ár hvert.

4. 49. gr.
Í stað orðanna „þriðja virkan“ í fyrri málsgrein 49. gr. laganna komi: fyrsta.

Skýring:
Bent hefur verið á að æskilegt sé að breyta útborgunardegi bóta almannatrygginga sem er nú þriðji virki dagur hvers mánaðar. Valdið hefur óánægju að greiðsla frestast þegar þriðja dag mánaðar ber upp á helgidag. Ýmislegt mælir með því að færa þennan greiðsludag til fyrsta dags mánaðar og hafa sama fyrirkomulag og er víða, þ.e. að ef fyrsti dagur mánaðar er helgidagur verði bætur greiddar út síðasta virka dag mánaðarins á undan.

B. Breytingar á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.
1. 1. gr.
Við síðari málslið 2. mgr. 1. gr. laganna bætist: aðrar en fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsaleigubætur, eftir því sem við á.

Skýring:
Með breytingunni er tryggt að tekjuhugtak laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, sé sambærilegt við tekjuhugtak almannatryggingalaga, nr. 117/1993, að því er varðar fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsaleigubætur.

2. 9. gr.
Við 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:
Nú hefur einhleypingur aðrar tekjur en úr lífeyristryggingum almannatrygginga og skal sérstaka heimilisuppbótin þá skerðast krónu fyrir krónu uns hún fellur niður.

Skýring:
Nauðsynlegt er að tryggja að þeir einstaklingar, sem hafa tekjur úr lífeyrissjóðum lægri en sem nemur fjárhæð sérstakrar heimilisuppbótar, fái greiddan mismuninn. Framkvæmd hefur verið með þeim hætti um árabil án skýrrar lagaheimildar.

F.h. heilbrigðis- og tryggingaefndar,

Gunnlaugur Stefánsson, form.

Fylgiskjal IV.

Umsögn samgöngunefndar.
(15. desember 1994.)

Samgöngunefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 13. desember 1994, fjallað um 8. og 9. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, 278. mál.

Pálmi Jónsson, Petrína Baldursdóttir, Árni Johnsen og Sturla Böðvarsson gera ekki athugasemdir við framangreindar greinar frumvarpsins. Egill Jónsson tekur ekki afstöðu til málsins þar sem ekki liggur fyrir hvaða áhrif breytingar á lögunum hafa á flugmálaáætlun og aðrir nefndarmenn, Jóhann Ársælsson, Jón Kristjánsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Stefán Guðmundsson, leggja til að greinar þessar verði felldar brott.

F.h. samgöngunefndar,

Pálmi Jónsson, form.

453. Frumvarp til laga [313. mál]

um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra mælt milli stafna. Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð. Til fiskveiða hér á landi má aðeins skrá skip og báta sem eru í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.

Samgönguráðherra er heimilt að leyfa þegar sérstakar ástæður mæla með því að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt. Skilyrði leyfisveitingar eru:

a. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
b. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.

c. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrði þessa stafliðar enda liggi fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
d. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.
e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi.

2. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi:

6. Ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar skipsins í samræmi við lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 24. gr. laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., nr. 23/1991, var 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, breytt. Breyting var fólgin í því að kveða skýrar á um skilyrði eignaraðildar til þess að hægt sé að skrá skip hér á landi, sbr. 1. mgr. frumvarps þessa. Með 10. gr. laga um breytingar á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 62/1993, var kveðið á um að ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins njóti sama réttar og íslenskir ríkisborgarar, sbr. 3. málsl. 1. mgr. frumvarps þessa.

Með 24. gr. laga nr. 23/1991 féll niður 2. og 3. mgr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, en þær kváðu á um að heimilt væri að skrá hér á landi kaupskip sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi þar um þó svo ekki væri fullnægt skilyrðum 1. mgr. um eignarhald. Með 2. mgr. frumvarps þessa er ákvæði þetta tekið inn í lögin á nýjan leik, enda var ekki miðað við að það félli úr gildi á sínum tíma.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við nýrri ástæðu fyrir afskráningu skips. Er það gert til samræmis við ákvæði laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, enda er rétt og eðlilegt að hafa tæmandi talningu á þeim tilvikum sem leiða til afskráningar skipa í þeirri löggjöf sem fjallar sérstaklega um skráningu skipa.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um skráningu skipa.

Með frumvarpinu er kveðið á um skráningu skipa í eigu erlendra aðila á Íslandi.
Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

454. Frumvarp til laga [314. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Á eftir 36. gr. laganna kemur ný grein, er verður 37. gr., svohljóðandi:

Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland og skal þá veghaldari girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði ef hann telur það hentugra. Sama gildir ef girðing er lögð umhverfis slík lönd er vegur liggur um. Veghaldara er heimilt að girða með vegum sínum þótt þess sé ekki krafist af landeigenda. Skal veghaldara þá skylt að setja hlið að minnsta kosti á einum stað á slíka girðingu.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til að friða svæði sem vegur liggur um og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar. Skilyrði fyrir slíkri þátttöku er að viðkomandi sveitarfélag banni lausagöngu búfjár á því svæði sem friðað er. Kostnaður Vegagerðarinnar skal takmarkaður við lengd þeirra girðinga með vegum sem komist verður hjá að girða með þessum hætti.

Áður en girðingar samkvæmt þessari grein eru reistar skal haft samráð við viðkomandi sveitarstjórn.

2. gr.

37. og 38. gr. laganna sameinast og verða 38. gr.

3. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Viðkomandi sveitarstjórn hefur eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu. Sé viðhaldi girðinga ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf og til mikillar óprýði er viðkomandi sveitarstjórn heimilt að framkvæma viðhald á girðingunni eða fjarlægja hana á kostnað landeiganda, sbr. þó 2. mgr.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, þ.e. á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár.

Viðhaldskostnaður girðinga með safnvegum og landsvegum greiðist af landeiganda.

Viðkomandi sveitarfélag skal annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 37. gr. Viðhaldskostnaður þeirra girðinga greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara nema sérstaklega sé um annað samið.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði 11. og 14.–18. gr. girðingalaga, nr. 10/1965, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eftirfarandi texti í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. sömu laga: „(sbr. 11. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 11. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við meðferð frumvarps til vegalaga á Alþingi á 117. löggjafarþingi urðu miklar umræður á fundum samgöngunefndar Alþingis um viðhaldskostnað girðinga í tengslum við 56. gr. frumvarpsins um bann við lausagöngu búfjár þar sem girt er báðum megin vegar. Frumvarpið var samþykkt sem vegalög, nr. 45/1994. Samgöngunefnd gerði að tillögu sinni að samgönguráðherra skipaði nefnd til að endurskoða lagaákvæði VII. kafla frumvarpsins og á grundvelli þeirrar athugunar verði lagt fram frumvarp um framtíðartilhögun þessara mála.

Samgönguráðherra skipaði umrædda nefnd með bréfi dags. 7. september 1994 til að gera tillögur til samgönguráðuneytis um framtíðartilhögun þessara mála og nauðsynlegar lagabreytingar í því efni. Í nefndinni voru: frá samgönguráðuneyti Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri sem jafnframt var formaður nefndarinnar; frá landbúnaðarráðuneyti Ingimar Jóhannsson deildarstjóri; frá Vegagerðinni Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri; frá Stéttarsambandi bænda Ari Teitsson héraðsráðunautur; frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Valgarður Hilmarsson oddviti og Gísli Einarsson oddviti. Starfsmaður nefndarinnar var Helgi Jóhannesson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu. Frumvarp þetta er samið af fyrrgreindri nefnd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 11. gr. girðingalaga, nr. 10/1965, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að hér er notað hugtakið veghaldari í samræmi við vegalög, nr. 45/1994.

2. mgr. er nýmæli og heimilar Vegagerðinni að taka þátt í stofnkostnaði girðinga þótt þær séu ekki lagðar með vegum. Skilyrði er að með því verði tiltekið svæði friðað með lausagöngubanni og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar. Dæmi um slíka framkvæmd er girðing þvert yfir Reykjanesskaga um Kleifarvatn. Í síðasta málslið málsgreinarinnar er kostnaðarþátttaka Vegagerðarinnar takmörkuð við lengd þeirra girðinga sem ella hefði þurft að reisa með vegum.

3. mgr. er nýmæli og er sett með hliðsjón af því að nú eru öll sveitarfélög skipulags-

skyld og girðingar eru mannvirki sem eru áberandi í umhverfinu og hafa á það afgerandi áhrif. Þykir því eðlilegt að sveitarfélög komi að þessum málum þótt ekki sé skylt að reisa girðingar í samræmi við áðurgerðan skipulagsuppdrátt. Einnig þykir samráð við sveitarfélög eðlilegt í ljósi þess að lagt er til í 3. gr. þessa frumvarps að sveitarfélög hafi eftirlit með girðingum í sveitarfélaginu og taki að nokkru leyti þátt í viðhaldskostnaði þeirra.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að 37. og 38. gr. vegalaga verði sameinaðar í 38. gr. til þess að komast hjá því að breyta töluröð laganna að öðru leyti. Greinarnar fjalla um svipað efni og þykir því þessi breyting til hagræðis réttlætanleg.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að landeigendur skuli halda við girðingum með vegum svo sem verið hefur. Hins vegar er það nýmæli sem lagt er til að sveitarstjórnir hafi eftirlit með viðhaldi og framkvæmi viðhald, ef því er ábótavant, á kostnað þeirra sem eiga að greiða viðhaldið. Þykja sveitarfélög standa svo nærri vettvangi og hafi af því svo mikla hagsmuni að mál þessi séu í góðu horfi að eðlilegt sé að leggja á þau eftirlitsskylduna.

Í 2. mgr. eru nýmæli varðandi viðhaldskostnaðinn. Samkvæmt núgildandi lögum hvílir hann í flestum tilvikum að öllu leyti á landeiganda. Hér er lagt til að hann skiptist að jöfnu milli landeiganda og veghaldara þegar um er að ræða girðingar með stofnvegum og tengivegum, sbr. 56. gr. vegalaga. Áætlað er að girðingar með slíkum vegum séu u.þ.b. 5.500 km og viðhaldskostnaður 60–80 m.kr. á ári ef reiknað er með að hann nemi um 5% af stofnkostnaði. Þá er átt við hefðbundnar girðingar. Útgjaldaauki ríkissjóðs samkvæmt þessu næmi um 30–40 m.kr. á ári ef frumvarpið nær fram að ganga. Í síðari málslið 2. mgr. er lagt til að veghaldari greiði allan viðhaldskostnað ef rétt er talið vegna umferðaröryggis að girða af veg sem fer um afrétti eða önnur sameiginleg beitarlönd. Ekki er gert ráð fyrir að það fyrirkomulag eigi við ef vegur fer um afgirt heimalönd eða beitilönd einstakra jarða.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir sams konar fyrirkomulagi og verið hefur varðandi viðhaldskostnað girðinga með safnvegum og landsvegum.

4. mgr. er nýmæli og fjallar um viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. girðingar sem loka af tiltekin svæði. Gert er ráð fyrir að í slíkum tilvikum annist viðkomandi sveitarfélög viðhaldið og greiði að hálfu á móti Vegagerðinni nema um annað sé samið. Girðingar sem þessar þykja mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélög og geta gert aðrar girðingar óþarfar, svo sem um skógræktarsvæði, fóstursvæði, garða og önnur nytja- eða frístundasvæði íbúa sveitarfélaganna. Þykir því eðlilegt og réttlætanlegt að koma málinu fyrir með þessum hætti og þurfi ekki að vera til kostnaðarauka fyrir sveitarfélög ef á málið er litið frá öllum hliðum.

5. mgr. er samhljóða núgildandi 2. mgr. 39. gr. vegalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvæði 11. og 14.–18. gr. girðingalaga, nr. 10/1965, með síðari breytingum, falli úr gildi og jafnframt hluti af texta 7. gr. Eðlilegt þykir að öll ákvæði er varða girðingar með vegum og girðingar- og viðhaldsskyldu Vegagerðarinnar séu í vegalögum.

Sá hluti 7. gr. girðingalaga sem felldur er niður fjallar um viðhaldsskyldu bænda vegna girðinga með vegum sem breytt er með þessu frumvarpi.

1. mgr. 11. gr. girðingalaga er í samræmi við 1. mgr. 1. gr. þessa frumvarps svo sem áður er getið. 2.–4. mgr. 11. gr. girðingalaganna þykja óþarfar enda sjaldan á þær reynt.

14. gr. girðingalaga þykir óþörf þar sem almenn reglugerðarheimild er í vegalögum.

15. og 16. gr. girðingalaga eru samhljóða 37. og 38. gr. vegalaga, en ákvæði þeirra greina vegalaga haldast óbreytt.

Efnisatriði 17. gr. girðingalaga kom inn í 3. gr. þessa frumvarps og 18. gr. er samhljóða 40. gr. vegalaga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum.

Tilgangur frumvarpsins er að ákveða kostnaðarskiptingu Vegagerðarinnar annars vegar og landeiganda hins vegar vegna viðhaldskostnaðar girðinga í tengslum við ákvæði vegalaga um bann við lausagöngu búfjár þar sem girt er báðum megin vegar.

Samkvæmt núgildandi lögum hvílir kostnaður þessi að öllu leyti á landeiganda. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hann skiptist að jöfnu milli landeiganda og Vegagerðarinnar þegar um er að ræða girðingar með stofnvegum og tengivegum. Hins vegar er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi þegar um er að ræða girðingar með safnvegum og landsvegum. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður við girðingar sem loka af tiltekin svæði skiptist að jöfnu milli viðkomandi sveitarfélags og Vegagerðarinnar.

Vegagerðin áætlar að kostnaðarauki hennar nemi um 30–40 m. kr. á ári vegna þessara nýju ákvæða um kostnaðarskiptingu. Sá kostnaður greiðist af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti, og kemur ekki til með að auka útgjöld ríkissjóðs til Vegagerðarinnar.

455. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, ÁJ, ÁMM, GunnS).

1. Við 6. gr. Nýr liður:
   2.8 Að fella niður stimpilgjöld í tengslum við leigu Flugleiða hf. á B 737-400 flugvélum (TF-FIA og TF-FIB).
2. Við 6. gr. 3.19. Liðurinn falli brott.
3. Við 6. gr. 3.30. Liðurinn falli brott.
4. Við 6. gr. 3.36. Liðurinn falli brott.
5. Við 6. gr. 3.38. Liðurinn falli brott.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
   3.59 Að selja fasteignina Huldubraut 21, Kópavogi.
   3.60 Að selja fasteignina Hvannhólma 2, Kópavogi.
   3.61 Að selja fasteignina Dverghamra 37, Vestmannaeyjum.
   3.62 Að selja fasteignina Lágholt 16, Stykkishólmi.
   3.63 Að selja fasteignina Þjóðbraut 11, Akranesi.
   3.64 Að selja fasteignina Víðigrund 5, Sauðárkróki.
   3.65 Að selja fasteignina Flugskýli nr. 7 á Reykjavíkurflugvelli.
   3.66 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hringbraut 58, Hafnarfirði.
   3.67 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Skúlagötu 56, Reykjavík.
   3.68 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hríseyjargötu 6, Akureyri.
   3.69 Að selja prestssetrið Bólstað í Bólstaðarhlíðarprestakalli, Húnavatnssýslu.
   3.70 Að selja prestssetrið Túngötu 6, Suðureyri, í Staðarprestakalli, Ísafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
   3.71 Að selja prestssetrið Bakkatún, Bíldudal, í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
   3.72 Að selja prestssetrið Túngötu 28, Tálknafirði, Tálknafjarðarprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
   3.73 Að selja prestssetrið Hlíðarveg 71, Ólafsfirði, Ólafsfjarðarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
   3.74 Að selja prestssetrið Hólaveg 17, Dalvík, Dalvíkurprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
   3.75 Að selja allt að 21 ha landspildu úr jörðinni Mosfelli í Mosfellsbæ.
   3.76 Að selja fasteignina Reynilund 4 í Garðabæ og nota andvirðið til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.
   3.77 Að selja fasteignina Lindarflöt 41 í Garðabæ og nota andvirðið til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.
   3.78 Að selja fasteignina Blesugróf 27 í Reykjavík og nota andvirðið til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.

3.79 Að afhenda Sambandi austur-húnvetnskra kvenna eignarhluta ríkissjóðs í húsum þeim sem Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hefur haft til afnota undir starfsemi sína.
3.80 Að selja embættisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirði sölunnar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.81 Að selja embættisbústað að Brekkubyggð 14 og starfsmannaíbúð að Þverbraut 1, Blönduósi, og verja andvirði sölunnar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.82 Að selja Engihlíð 9, Reykjavík, og verja andvirði sölunnar til húsnæðiskaupa fyrir Ríkisspítala.
3.83 Að selja jörðina Geirbjarnarstaði í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.84 Að semja við Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið um yfirtöku og afnot eigna ríkissjóðs að Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi, að höfðu samráði við menntamálaráðherra og fjárlaganefnd.
3.85 Að selja eignarhluta Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í fasteigninni Lækjargötu 22 í Hafnarfirði.
3.86 Að semja um makaskipti á Hofgarðatjörn í Staðarsveit ásamt landi umhverfis hana og jörðinni Syðri-Tungu í sömu sveit, í samráði við landbúnaðarráðherra.
3.87 Að selja selja jörðina Horn í Skorradal og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.88 Að selja selja jörðina Kvígsstaði í Andakílshreppi og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.89 Að selja eignarhlut Bændaskólans á Hvanneyri í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, svo og rafveitu skólans, og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.90 Að selja embættisbústað að Svarfaðarbraut 20, Dalvík.

7. Við 6. gr. 4.11. Liðurinn falli brott.
8. Við 6. gr. Nýir liðir:

4.15 Að kaupa húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.16 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands.
4.17 Að kaupa húsnæði fyrir Norrænu eldfjallastöðina og taka til þess nauðsynleg lán.
4.18 Að kaupa húsnæði fyrir læknamóttöku í Hrísey, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.19 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Reyðarfirði, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.20 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.21 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæslustöðina Sólvang í Hafnarfirði, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.22 Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi skipulagsstjóra ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
4.23 Að kaupa aukinn hlut í Stjórnsýsluhúsinu á Akranesi fyrir embætti sýslumannsins á Akranesi og Skattstofu Vesturlands, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.

4.24 Að kaupa og selja íbúðar- og útihús á jörðinni Gufudal í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.25 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu í Reykjavík til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.

9. Við 6. gr. Nýir liðir:
5.6 Að breyta eignarhlut ríkisins í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar í hlutafé.
5.7 Að láta allt að 20% arðs af tekjum ríkisins í Kísiliðjunni hf. renna til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
5.8 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
5.9 Að fella niður skuld Útflutningsráðs Íslands við ríkissjóð frá árunum 1988–1994.
5.10 Að semja við orkusölufyrirtækin um aðgerðir til að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er dýrastur og greiða allt að 50 m.kr. í mótframlag úr ríkissjóði umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja.
5.11 Að semja um uppgjör og fella niður skuldir í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum.
5.12 Að greiða allt að 25 m.kr. til sérstaks átaks um þróun á vistvænum landbúnaðarafurðum enda komi sama fjárhæð úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.
5.13 Að heimila Ríkisútvarpinu að kanna kaup á langbylgjusendi og loftneti enda taki Ríkisútvarpið við mastri Lóranstöðvarinnar að Gufuskálum.
5.14 Að undirbúa aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu grasköglaverksmiðja.
5.15 Að semja við Dalvíkurkaupstað um uppgjör á rekstri Dalvíkurdeildar Verkmenntaskólans á Akureyri.
5.16 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
5.17 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1995 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 30 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Andvirði þessa verði lagt til markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi.
5.18 Að ganga til samninga við Valbjörn hf. um greiðslu bóta vegna úreldingar fiskiskipsins Hauks GK 25.

456. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, GunnS, ÁJ, ÁMM).

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1995 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	53 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	438 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	969 000	
5,8	Gjöld samtals	1 460 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 730 000	
48	Fjármunatekjur	30 000	
4,7	Tekjur samtals	1 760 000	
	Mismunur		300 000
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	60 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	240 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	300 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	35 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	12 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	104 000	
571	Fjármagnskostnaður	500	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	153 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	161 200	
48	Fjármunatekjur	2 400	
4,7	Tekjur samtals	163 600	
	Mismunur		10 500
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	5 500	
39	Fært á höfuðstól	5 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 500	
22-236	**Vísindasjóður**		
59	Tilfærslur	153 500	
5,8	Gjöld samtals	153 500	
48	Fjármunatekjur	3 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	125 000	
4,7	Tekjur samtals	153 500	
22-237	**Tæknisjóður**		
59	Tilfærslur	200 000	
5,8	Gjöld samtals	200 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	200 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-238	**Bygginga- og tækjasjóður**		
571	Fjármagnskostnaður	5 800	
59	Tilfærslur	48 200	
5,8	Gjöld samtals	54 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	60 000	
4,7	Tekjur samtals	60 000	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	
22-239	**Rannsóknarnámssjóður**		
59	Tilfærslur	25 000	
5,8	Gjöld samtals	25 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
4,7	Tekjur samtals	25 000	
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	2 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 900	
51-57	Viðhald	1 100	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	10 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	11 800	
48	Fjármunatekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	11 900	
	Mismunur		1 800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	600	
39	Fært á höfuðstól	1 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 800	

		þús.kr.	þús.kr.
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	50 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	41 000	
571	Fjármagnskostnaður	940 000	
5,8	Gjöld samtals	1 031 000	
48	Fjármunatekjur	73 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 480 000	
4,7	Tekjur samtals	1 553 000	
	Mismunur		522 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 900 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborgun lána	2 430 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 020 000	
26	Tekin lán	3 800 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	522 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	14 000	
593	Afskriftir	143 000	
5,8	Gjöld samtals	157 000	
49	Aðrar tekjur	212 000	
4,7	Tekjur samtals	212 000	
	Mismunur		55 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	182 000	
26	Afborgun lána	16 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	143 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	55 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	365 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	374 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
593	Afskriftir	5 000	
59	Tilfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	834 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	808 000	
48	Fjármunatekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	834 000	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 000	
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	465 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	775 000	
571	Fjármagnskostnaður	25 000	
593	Afskriftir	15 000	
59	Tilfærslur	132 000	
5,8	Gjöld samtals	1 412 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 360 000	
48	Fjármunatekjur	52 000	
4,7	Tekjur samtals	1 412 000	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	271 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	137 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	5 000	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	430 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	130 000	
48	Fjármunatekjur	300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	296 000	
49	Aðrar tekjur	3 700	
4,7	Tekjur samtals	430 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	151 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	63 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 000	
5,8	Gjöld samtals	216 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	27 000	
48	Fjármunatekjur	300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	108 000	
49	Aðrar tekjur	83 700	
4,7	Tekjur samtals	219 000	
	Mismunur		2 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 900	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	173 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	152 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 078 000	
593	Afskriftir	12 500	
5,8	Gjöld samtals	1 415 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 965 000	
48	Fjármunatekjur	7 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 973 000	
	Mismunur		557 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	10 000	
59	Greitt í ríkissjóð	560 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	557 500	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	155 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	52 600	
51-57	Viðhald	4 000	
593	Afskriftir	2 600	
59	Tilfærslur	19 800	
5,8	Gjöld samtals	234 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	227 000	
48	Fjármunatekjur	1 000	
49	Aðrar tekjur	18 500	
4,7	Tekjur samtals	246 500	
	Mismunur		12 500

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	500	
19	Afskriftir	2 600	
26	Tekin lán	4 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	12 500	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	117 000	
571	Fjármagnskostnaður	229 000	
51-57	Viðhald	53 000	
593	Afskriftir	108 000	
5,8	Gjöld samtals	507 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	296 200	
48	Fjármunatekjur	800	
49	Aðrar tekjur	87 000	
4,7	Tekjur samtals	384 000	
	Mismunur		- 123 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 965 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	108 000	
26	Tekin lán	1 980 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	- 123 000	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	264 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	351 500	
593	Afskriftir	6 400	
5,8	Gjöld samtals	621 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	621 900	
4,7	Tekjur samtals	621 900	

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	6 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 400	
23-121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	22 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	12 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	69 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 300	
51-57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	3 300	
5,8	Gjöld samtals	109 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	124 600	
48	Fjármunatekjur	5 100	
49	Aðrar tekjur	3 000	
4,7	Tekjur samtals	132 700	
	Mismunur		23 700
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	27 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	23 700	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24-831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
51	Laun	5 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 000	
5,8	Gjöld samtals	9 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 500	
49	Aðrar tekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	56 500	
	Mismunur		47 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	32 300	
26	Afborgun lána	19 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	5 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	47 000	
24-841	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	13 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 700	
51-57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	6 800	
59	Tilfærslur	19 700	
5,8	Gjöld samtals	52 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 300	
48	Fjármunatekjur	400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	29 400	
4,7	Tekjur samtals	53 100	
	Mismunur		600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 500	
26	Afborgun lána	5 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	600	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51-57	Viðhald	8 000	
5,8	Gjöld samtals	15 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	24 000	
4,7	Tekjur samtals	49 500	
	Mismunur		34 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	34 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	34 000	
25-911	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**		
51	Laun	38 000	
571	Fjármagnskostnaður	693 000	
59	Tilfærslur	1 100 000	
5,8	Gjöld samtals	1 831 000	
48	Fjármunatekjur	388 000	
49	Aðrar tekjur	160 000	
4,7	Tekjur samtals	548 000	
	Mismunur		– 1 283 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	100 000	
26	Afborgun lána	1 197 000	
39	Fært á höfuðstól	– 89 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	111 000	
26	Tekin lán	2 380 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	– 1 283 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	16 900	
5,8	Gjöld samtals	21 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 100	
4,7	Tekjur samtals	21 100	
26-701	**Kristnisjóður**		
51	Laun	1 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 300	
59	Tilfærslur	23 700	
5,8	Gjöld samtals	26 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 700	
48	Fjármunatekjur	800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 300	
4,7	Tekjur samtals	26 800	
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	800	
5,8	Gjöld samtals	800	
48	Fjármunatekjur	5 500	
4,7	Tekjur samtals	5 500	
	Mismunur		4 700
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 700	

26-733	**Kirkjugarðasjóður**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	3 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 200	
571	Fjármagnskostnaður	700	
593	Afskriftir	300	
59	Tilfærslur	30 000	
5,8	Gjöld samtals	38 300	
48	Fjármunatekjur	4 100	
49	Aðrar tekjur	40 400	
4,7	Tekjur samtals	44 500	
	Mismunur		6 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 200	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27-270	**Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild**		
51	Laun	53 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	97 000	
571	Fjármagnskostnaður	760 000	
5,8	Gjöld samtals	910 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	17 000	
48	Fjármunatekjur	3 640 000	
49	Aðrar tekjur	83 000	
4,7	Tekjur samtals	3 740 000	
	Mismunur		2 830 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	13 131 000	
26	Afborgun lána	3 800 000	
39	Sjóðshækkun	369 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 470 000	
26	Tekin lán	13 000 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 830 000	
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	21 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	67 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 952 000	
5,8	Gjöld samtals	4 040 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	221 000	
48	Fjármunatekjur	3 365 000	
4,7	Tekjur samtals	3 586 000	
	Mismunur		-454 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	700 000	
18	Fjárfesting	33 000	
26	Afborgun lána	3 763 000	
26	Útstreymi af sparimerkjareikningum	650 000	
18	Kaup og sala uppboðsíbúða	200 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 900 000	
26	Tekin lán	2 900 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-454 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
51	Laun	38 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	79 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 215 000	
5,8	Gjöld samtals	2 332 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 000	
48	Fjármunatekjur	600 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	608 000	
49	Aðrar tekjur	394 000	
4,7	Tekjur samtals	1 609 000	
	Mismunur		-723 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	4 800 000	
26	Afborgun lána	1 557 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	400 000	
26	Tekin lán	6 680 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-723 000	
27-982	**Ábyrgðasjóður launa**		
51	Laun	6 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 600	
59	Tilfærslur	389 600	
5,8	Gjöld samtals	400 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	400 000	
4,7	Tekjur samtals	400 000	

		þús.kr.	þús.kr.
27-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	108 000	
59	Tilfærslur	3 662 000	
5,8	Gjöld samtals	3 770 000	
48	Fjármunatekjur	130 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	3 264 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	3 395 000	
	Mismunur		-375 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	175 000	
18	Sala eigna	200 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-375 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	58 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	38 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	40 700	
571	Fjármagnskostnaður	800	
593	Afskriftir	5 900	
5,8	Gjöld samtals	144 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	144 000	
4,7	Tekjur samtals	144 000	
	Fjármunahreyfingar út:		
39	Fært á höfuðstól	5 900	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	5 900	
28-312	**Ríkisspítalar, dauðhreinsun**		
51	Laun	16 900	
54-58	Önnur rekstrargjöld	900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	122 500	
593	Afskriftir	300	
5,8	Gjöld samtals	140 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	140 600	
4,7	Tekjur samtals	140 600	
	Fjármunahreyfingar út:		
39	Fært á höfuðstól	300	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	300	

28-378	**Læknishéraðasjóður**	þús.kr.	þús.kr.
59	Tilfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	361 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	198 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 962 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 700	
51-57	Viðhald	45 000	
593	Afskriftir	70 000	
5,8	Gjöld samtals	3 638 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 447 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	10 459 000	
	Mismunur		6 820 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
26	Afborgun lána	10 100	
59	Greitt í ríkissjóð	6 865 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	70 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 820 100	
29-103	**Ríkiskaup**		
51	Laun	52 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	18 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 275 000	
51-57	Viðhald	3 500	
593	Afskriftir	2 300	
5,8	Gjöld samtals	1 352 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 331 700	
48	Fjármunatekjur	3 500	
49	Aðrar tekjur	16 800	
4,7	Tekjur samtals	1 352 000	

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 300	
29-402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	81 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	37 000	
5,8	Gjöld samtals	118 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	89 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	41 500	
4,7	Tekjur samtals	131 000	
	Mismunur		13 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 000	
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	29 200	
51-57	Viðhald	27 300	
5,8	Gjöld samtals	99 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	96 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	111 200	
	Mismunur		11 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	11 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 500	

		þús.kr.	þús.kr.
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	47 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	20 000	
571	Fjármagnskostnaður	15 000	
593	Afskriftir	2 900	
5,8	Gjöld samtals	84 900	
48	Fjármunatekjur	38 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	225 000	
49	Aðrar tekjur	43 800	
4,7	Tekjur samtals	307 000	
	Mismunur		222 100
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	342 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	117 000	
19	Afskriftir	2 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	222 100	
29-972	**Lánasýsla ríkisins– Framkvæmdasjóður Íslands**		
51	Laun	23 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	24 600	
571	Fjármagnskostnaður	698 000	
5,8	Gjöld samtals	746 200	
48	Fjármunatekjur	676 200	
49	Aðrar tekjur	28 000	
4,7	Tekjur samtals	704 200	
	Mismunur		– 42 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	3 620 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 847 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	– 42 000	
39	Fært af höfuðstól	815 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	10 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	71 500	
51-57	Viðhald	153 000	
5,8	Gjöld samtals	235 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	235 000	
4,7	Tekjur samtals	235 000	

30 Samgönguráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
30-101	**Póst- og símamálastofnun**		
51	Laun	3 680 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 532 000	
571	Fjármagnskostnaður	103 000	
51-57	Viðhald	220 000	
593	Afskriftir	1 350 000	
5,8	Gjöld samtals	8 885 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 672 000	
48	Fjármunatekjur	80 000	
49	Aðrar tekjur	200 000	
4,7	Tekjur samtals	9 952 000	
	Mismunur		1 067 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 300 000	
26	Afborgun lána	120 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	860 000	
59	Intelsat/Eutelsat/Inmarsat	30 000	
59	Greiðsluafgangur	207 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 350 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 067 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ára	1 100 000	
30-110	**Söludeild Póst- og símamálastofnunar**		
51	Laun	142 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	99 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	213 000	
571	Fjármagnskostnaður	5 000	
5,8	Gjöld samtals	459 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	490 000	
4,7	Tekjur samtals	490 000	
	Mismunur		31 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt til Póst- og símamálastofnunar	31 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	31 000	
30-211	**Vegagerðin, umdæmi og vinnuflokkar**		
51	Laun	630 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 030 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	440 000	
593	Afskriftir	10 000	
5,8	Gjöld samtals	2 110 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 930 000	
49	Aðrar tekjur	210 000	
4,7	Tekjur samtals	2 140 000	
	Mismunur		30 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
39	Fært á höfuðstól	25 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	10 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 000	
30-212	**Vegagerðin, vélamiðstöð**		
51	Laun	30 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	60 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	190 000	
51-57	Viðhald	145 000	
593	Afskriftir	105 000	
5,8	Gjöld samtals	530 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	550 000	
4,7	Tekjur samtals	550 000	
	Mismunur		20 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	140 000	
39	Fært á höfuðstól	- 10 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	5 000	
19	Afskriftir	105 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 000	
30-213	**Vegagerðin, birgðamiðstöð og fasteignir**		
51	Laun	30 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	50 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	410 000	
51-57	Viðhald	75 000	
593	Afskriftir	8 000	
5,8	Gjöld samtals	573 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	561 000	
49	Aðrar tekjur	14 000	
4,7	Tekjur samtals	575 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	500	
39	Fært á höfuðstól	9 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	100	
19	Afskriftir	8 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	
30-330	**Hafnabótasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 000	
571	Fjármagnskostnaður	18 000	
59	Tilfærslur	62 000	
5,8	Gjöld samtals	82 000	
48	Fjármunatekjur	58 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	40 600	
4,7	Tekjur samtals	98 600	
	Mismunur		16 600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	60 000	
26	Afborgun lána	48 800	
39	Fært á höfuðstól	-38 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	54 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	16 600	
30-331	**Vita- og hafnamálastofnun, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	1 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	11 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 000	
51-57	Viðhald	7 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	26 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 000	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	27 000	
	Mismunur		1 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 000	
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	722 000	
571	Fjármagnskostnaður	48 000	
593	Afskriftir	26 000	
5,8	Gjöld samtals	796 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	722 000	
48	Fjármunatekjur	48 000	
49	Aðrar tekjur	112 000	
4,7	Tekjur samtals	882 000	
	Mismunur		86 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	150 000	
26	Afborgun lána	112 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	26 000	
26	Tekin lán	150 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	86 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	445 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	565 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 200 000	
571	Fjármagnskostnaður	50 000	
593	Afskriftir	720 000	
5,8	Gjöld samtals	3 980 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 750 000	
48	Fjármunatekjur	60 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	100 000	
49	Aðrar tekjur	45 000	
4,7	Tekjur samtals	3 955 000	
	Mismunur		-25 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	640 000	
26	Afborgun lána	30 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	100 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	75 000	
19	Afskriftir	720 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-25 000	
31-371	**Orkusjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 100	
5,8	Gjöld samtals	8 600	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	28 000	
4,7	Tekjur samtals	29 400	
	Mismunur		20 800

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	27 900	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 800	

457. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, ÁJ, ÁMM, GunnS).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1995 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.370,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.490,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
4111	Eignarskattur félaga	1.200,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	220,0	
4118	Erfðafjárskattur	310,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**18.900,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	15.200,0	
4126	Tekjuskattur félaga	3.700,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**480,0**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	480,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.650,0**
4200	Tollar	1.650,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**279,0**
42154	Kartöflugjald	133,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35,0	
4217	Jöfnunartollar	111,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**117,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	117,0	

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
423	**Vörugjöld**		**11.425,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.100,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.650,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.635,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	2.950,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	90,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**42.200,0**
4250	Virðisaukaskattur	42.200,0	
426	**Skattar af orku**		**88,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	88,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.873,0**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.865,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**77,0**
42801	Skemmtanaskattur	67,5	
42802	Miðagjald	9,5	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**944,0**
4290	Aukatekjur	935,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**10.900,0**
43001	Tryggingagjald	10.900,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**7.169,0**
4310	Þinglýsingar	112,0	
4311	Stimpilgjald	2.435,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.575,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	640,0	
43131	Bifreiðagjald	1.875,0	
43142	Vitagjald	58,0	
43143	Skipaskoðunargjald	64,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	350,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	60,0	

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**100,0**
4719	Sala eigna	100,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.600,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.900,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.700,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.570,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	560,0	
48206	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.000,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	150,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		112.092,0

458. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Óhjákvæmilegt er að fara í upphafi nokkrum orðum um vinnubrögð stjórnarmeirihlutans við afgreiðslu frumvarps til lánsfjárlaga og almennt vinnubrögð við afgreiðslu fjárlagafrumvarps, lánsfjárlagafrumvarps og tengdra frumvarpa nú fyrir áramótin. Mjög mikilvægar upplýsingar og forsendur fyrir afgreiðslu þessara mála hafa verið í fullkominni óvissu fram á síðustu daga. Reyndar eru sum mikilvæg frumvörp, sem liggja til grundvallar tekjuöflun ríkissjóðs og einnig ýmsar ákvarðanir sem tengjast útgjaldahlið, í lausu lofti og um þær ósamkomulag milli stjórnarflokkanna fram á elleftu stundu, nú þegar komið er fram yfir miðjan desembermánuð.

Af sjálfu leiðir að forsendur til afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir komandi ár og afgreiðslu á lánsfjárlagafrumvarpi hafa ekki legið fyrir. Ber þar auðvitað hæst að óvissa hefur ríkt um niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins á tekna- og gjaldahlið og þar með halla ríkissjóðs fyrir utan það eitt að ljóst er að hann hefur verið að aukast í meðförum þingsins, sérstaklega þó vegna ákvarðana ríkisstjórnar um að auka að nokkru marki útgjöld án þess að afla tekna á móti, og jafnvel er í sumum tilvikum um leið verið að afsala ríkissjóði tekjum frá stóreigna- og hátekjufólki.

Þessi vinnubrögð, sem hafa farið versnandi ár frá ári í tíð núverandi ríkisstjórnar, verður að átelja harðlega. Af þessu leiðir að alla heildarsýn yfir efnahagsmálin vantar og verður reyndar ekki séð að neinni mótaðri stefnu sé fylgt varðandi hina einstöku þætti ríkisfjármála og efnahagsmála. Þessi losaralegu vinnubrögð og lausatök við stjórn efnahagsmála verður að gagnrýna enda hefur það æ ofan í æ sannast í tíð þessarar ríkisstjórnar að hlutirnir hafa ekki staðist. Má til marks um þá staðreynd nefna að endurtekið hefur ríkisstjórnin haft til afgreiðslu frumvarp til fjáraukalaga og lánsfjáraukalaga þar sem afgreiddar hafa verið viðbótarheimildir vegna aukins hallareksturs ríkissjóðs og áforma um sparnað sem hafa runnið út í sandinn.

Breyttar þjóðhagsforsendur.

Síðasta föstudag voru efnahags- og viðskiptanefnd kynntar nýjar niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um breyttar þjóðhagsforsendur eða drög að endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árið 1995. Kemur þar fram að hvort tveggja hefur framvinda efnahagsmála á síðari hluta ársins 1994, sem og horfur fyrir árið 1995, reynst nokkuð hagstæðari en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Útflutningur vöru og þjónustu hefur orðið þó nokkuð meiri en búist var við og aukist talsvert milli áranna 1993 og 1994. Munar þar mestu um mikil framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins. Koma þar til óvenjugjöful loðnuvertíð á sl. vetri og mikil framleiðsla og hátt verð á loðnuafurðum, stóraukin verðmæti afla utan landhelgi, einkum úr Smugunni og af Reykjaneshrygg, hækkandi afurðaverð á framleiðslu sjávarútvegsins, einkum á síðari hluta ársins. Einnig er ljóst að nokkur bati í efnahagslífi okkar helstu viðskiptalanda er að skila sér inn í okkar hagkerfi með ýmsum almennum hætti.

Þessi breyting, svo langt sem hún nær, er vissulega fagnaðarefni en hitt ber að undirstrika og á það leggur Þjóðhagsstofnun áherslu að ýmsir þessir þættir eru í mikilli óvissu. Því miður eru blikur á lofti hvað snertir yfirstandandi loðnuvertíð og aflaleysi allt frá síðasta sumri hefur valdið miklum vonbrigðum. Óvissa um áframhaldandi veiðar okk-

ar utan landhelgi, einkum þó á Svalbarðasvæðinu og í Smugunni, er vel þekkt og ekki er á vísan að róa frekar en endranær með verðlag á sjávarafurðum. Þótt hátt verð um þessar mundir gefi vissulega tilefni til bjartsýni hefur reynslan einnig sýnt að verð getur reynst óstöðugt þegar til lengri tíma er litið, ekki síst þegar það er nálægt sögulegu hámarki.

Einn dökkan skugga leggur þó yfir allar þessar fréttir sem flestar eru jákvæðar en það er hið uggvænlega atvinnuleysi sem lítið hefur breyst þrátt fyrir heldur jákvæðari ytri aðstæður. Það er talið verða um 4,8% á yfirstandandi ári og þjóðhagsspá gerir að þessu leytinu til ekki ráð fyrir miklum breytingum, svipuðu eða heldur minna atvinnuleysi á næsta ári. Batans sér heldur ekki stað í afkomu sveitarfélaganna og enn síður heimilanna sem glíma við gífurlega erfiðleika og skuldasöfnun.

Ríkisfjármál í ólestri.


Ljóst er nú, þegar hillir undir lok kjörtímabilsins, að ríkisfjármál eru í hinum megnasta ólestri og munu verða svo allt kjörtímabilið. Hallarekstur ríkissjóðs öll árin sem þessi ríkisstjórn situr við völd verður upp undir og jafnvel yfir, og sum árin langt yfir, 10 milljarða kr. og stefnir í a.m.k. 40 milljarða kr. á kjörtímabilinu með tilheyrandi skuldasöfnun ríkissjóðs.

Þrátt fyrir nokkru betri horfur með tekjur ríkissjóðs vegna batnandi ytri skilyrða er ljóst að ríkisstjórnin hefur þegar ráðstafað þeim tekjuauka og rúmlega það með ákvörðunum á síðustu vikum, ákvörðunum sem liggja á útgjaldahlið, eða með því að afsala ríkissjóði tekjum. Það virðist því ekki vera ætlun ríkisstjórnarinnar að nota heldur hagstæðari skilyrði í efnahagslífinu til þess að styrkja stöðu ríkisfjármálanna nema síður sé. Þetta er þeim mun alvarlegra en ella þegar skuldasöfnun hins opinbera er höfð í huga, en þar hefur þróunin orðið vægast sagt uggvænleg á þessu kjörtímabili. Um það atriði var ítarlega fjallað í greinargerð Seðlabankans frá 2. nóvember sl. en þar sagði um þetta atriði:

„Skuldastaða hins opinbera.

Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga hafa vaxið jafnt og þétt sem hlutfall af landsframleiðslu undanfarin ár eins og glöggt sést af meðfylgjandi mynd. Hreinar skuldir ríkissjóðs voru einungis um ½% af vergri landsframleiðslu í árslok 1982, en stefna í meira en 30% af vergri landsframleiðslu og um 120% af tekjum ríkissjóðs á þessu ári. Sveitarfélögin áttu sömuleiðis kröfur upp í skuldir í upphafi níunda áratugarins, en um næstu áramót er áætlað að hreinar skuldir þeirra nemi um 3,7% af vergri landsframleiðslu, eða 48% af tekjum. Þótt færa megi rök fyrir því að bregðast við vanda, sem virðist tímabundinn með því að slaka á aðhaldi og reka ríkissjóð með halla eykst áhættan af slíku atferli eftir því sem skuldastaðan verður erfiðari. Við það bætist að vaxtabyrðar verða æ þyngri. Í upphafi níunda áratugarins voru vaxtatekjur meiri en vaxtagjöld jafnt hjá ríki og sveitarfélögum og raunar fram eftir áratugnum hjá sveitarfélögunum. Síðan hefur sigið verulega á ógæfuhliðina og hreinar vaxtagreiðslur eru nú um 7% af tekjum hjá ríkinu en einungis um 2,5% hjá sveitarfélögum. Hin mikla vaxtabyrði ríkisins þrengir óumflýjanlega svigrúm til athafna og viðbragða við utanaðkomandi áföllum. Öllu alvarlegra er að vaxtagjöldin geta breyst mjög mikið vegna breytinga á vöxtum þótt reynt hafi verið að draga úr þessari áhættu ríkissjóðs á undanförnum missirum með því að breyta erlendum lánum á breytilegum vöxtum í fastvaxtalán. Gangi áætlanir fjárlagafrumvarpsins eftir verður hallinn á næsta ári eingöngu vegna vaxtahallans. Það hlýtur að vera ofarlega á forgangslista stjórnvalda að nota næstu uppsveiflu til að létta á þeirri skuldabyrði enda er

öruggari fjárfesting vandfundin.“



Fjármagnsmarkaður og vextir.

Ýmislegt er óljóst við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga en þó óvissan langmest á hinum innlenda fjármagnsmarkaði og hvað vaxtastigið snertir. Í rauninni er ljóst að vextir hafa verið á uppleið meira og minna samfellt allt þetta ár og fara enn hækkandi, sbr. nýlegar ákvarðanir bæði Seðlabanka og lánastofnana þar um. Einkum eru það vextir í bankakerfinu sem eru mjög háir og skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði er mjög há. Gerist þetta þrátt fyrir það að afkoma banka og fjármagnsstofnana hafi batnað á árinu og á það sér þá skýringu að vaxtamunur hefur haldist mjög mikill og jafnvel vaxið á milli almennra víxillána og almennra útlána lánastofnana og til að mynda skammtímaríkisverðbréfa.

Ljóst er að innlend fjármögnun ríkissjóðs og annarra opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða, sveitarfélaga o.s.frv. er í mikilli óvissu um þessar mundir. Reyndar má segja að hin innlenda fjármagnsuppspretta stærstu innlendu lántakanna, ríkissjóðs og byggingarsjóðanna, hafi að meira eða minna leyti brugðist á árinu, og nánast algerlega á síðari hluta þess. Við þessu var reyndar varað í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar við afgreiðslu lánsfjárlagafrumvarpsins í fyrra og því haldið fram þar að mikil óvissa ríkti um hvernig til tækist með fjármögnun húsnæðismálanna og byggingarsjóðanna, alveg sérstaklega í ljósi þeirra vaxtakjara sem ríkisstjórnin hafði þá ákveðið, sbr. ákvarðanir ríkisstjórnar í vaxtamálum síðla á síðastliðnu ári.

Um þetta segir í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar frá 15. desember 1993:

„Þá er í öðru lagi rétt að nefna sérstaklega fjármögnun húsnæðismálanna og byggingarsjóðanna. Ljóst er að mikil óvissa ríkir um hvernig sjóðunum mun ganga að afla fjármagns á innlendum markaði miðað við þau vaxtakjör sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið. Reyndar er þegar uppi umræða um það vegna þess hve litlum árangri sjóðirnir hafa náð í þeim tveimur útboðum á vegum Húsnæðisstofnunar sem hafa farið fram síðan 29. október sl. að stofnunin neyðist til að fara út á erlendan lánamarkað, jafnvel í verulegum mæli, til þess að fullnægja fjárþörf sinni. Það er svo aftur sérstakt umhugsunarefni í ljósi erlendrar skuldastöðu þjóðarbúsins út á hvaða braut við Íslendingar erum að

halda ef við hefjum að fjármagna almennar húsbyggingar í landinu í stórum stíl með erlendum lántökum."

Svo mörg voru þau orð og verður tæpast annað sagt en að þau hafi reynst sönn, því miður. Staðreyndin er sú að frá því um mitt þetta ár hafa engin húsbréf selst á innlendum markaði og hefur útboði á þeim verið hætt fyrir allnokkru síðan.

Síðustu mánuðina hefur enn fremur tekið fyrir sölu á ríkisskuldabréfum og er það til marks um þróun mála að þessu leyti að greinargerð með frumvarpi til lánsfjárlaga er með öllu orðin úrelt því að þar segir neðst á bls. 4 að nú séu það einungis spariskírteini ríkissjóðs sem seljist miðað við 5% ávöxtun. Hið rétta er að einustu bréfin sem selst hafa upp á síðkastið, fyrir utan skammtímapappíra og ríkisvíxla, eru hin nýju ECU-tengdu skuldabréf, þ.e. sem í reynd virka sem erlend verðbréf.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum, sem efnahags- og viðskiptanefnd bárust frá fjármálaráðuneytinu undir kvöld mánudagsins 19. desember en þá hafði stjórnarmeirihlutinn ákveðið að afgreiða frumvarpið frá nefndinni við svo búið, um lántökur ríkissjóðs á árinu skiptast þær á eftirfarandi hátt:

Erlendar lántökur:	
Erlendar lántökur	alls 20,5 milljarðar
Afborganir erlendra lána	9,5 milljarðar
Mismunur erlend lántaka nettó	11 milljarðar
Spariskírteini ríkissjóðs:	
Sala	9,5 milljarðar
Innlausn	4,5 milljarðar
Tekjuöflun nettó	5,5 milljarðar
Skammtímabréf ríkissjóðs (1–2 ára):	
Sala	3,4 milljarðar
Innlausn	0 milljarðar
Tekjuöflun nettó	3,4 milljarðar
Ríkisvíxlar:	
Tekjuöflun nettó	–3 milljarðar
Afborganir af öðrum innlendum lánum	1,7 milljarðar
Niðurstaðan	
Brúttólántökur	33,4 milljarðar
Afborganir	18,7 milljarðar
Nettó lántaka	u.þ.b. 15 milljarðar

Eins og sjá má af þessum tölum hefur ríkissjóður í raun og veru að langmestu leyti orðið að reiða sig á erlendar lántökur og vonir manna um verulega innlenda fjármögnun á lántökuþörf ríkissjóðs hefur því brugðist. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins hefur

að verulegu leyti brugðist í því formi sem áætlað var, þ.e. í gegnum útboð á húsbréfum. Sú leið hefur því verið farin að fjármagna byggingarsjóðina í gegnum lántökur ríkissjóðs og er ekki annað vitað en að ríkisstjórnin hyggist halda áfram á þeirri braut.

Þessar upplýsingar ættu að nægja til að undirstrika hvílík óvissa ríkir í þessum efnum og verða ekki höfð um það fleiri orð hér. Áður en skilið er við hinn innlenda lánsfjármarkað og húsnæðismálin að fullu er hins vegar rétt að undirstrika þann vanda sem þar er við að glíma og lýsir sér í stórauknum vanskilum í húsbréfakerfinu. Heildarútgáfa húsbréfa er nú nálægt 60 milljörðum kr. og er reyndar viðurkennt í greinargerð með lánsfjárlagafrumvarpinu sjálfu að veilur hafi verið að koma í ljós í húsbréfakerfinu og er þá væntanlega hvort tveggja átt við hin stórauknu vanskil en einnig þá staðreynd að fjármögnun á innlendum fjármagnsmarkaði hefur með öllu brugðist á síðustu mánuðum.

Óvissa við afgreiðslu frumvarpsins.

Rétt er að undirstrika á nýjan leik þá óvissu sem ríkti um afgreiðslu frumvarpsins þegar hún var ákveðin af meiri hlutanum að kvöldi mánudagsins 19. desember. Ýmsar veigamiklar ákvarðanir lágu í raun ekki fyrir fyrr en á síðustu klukkutímunum vegna ósamkomulags í ríkisstjórninni. Einnig má benda á að endurskoðuð áætlun um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins hafði einungis nýlega komið fram og enn liggja ekki fyrir niðurstöðutölur á gjaldahlið. Þar af leiðandi er áætlun um hallatölur fjárlaganna á næsta ári enn ekki fram komin og er þess vegna ekki hægt að stilla af 1. gr. lánsfjárlagafrumvarpsins. Engu að síður ákvað meiri hluti stjórnarliðsins í nefndinni að afgreiða málið til 2. umræðu. Hljóta þetta að teljast afar slæm vinnubrögð.

Þá ber einnig að geta þess að ekki vannst tími til, þrátt fyrir óskir þar um, að fara ofan í og kanna fjármál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar en inn í 3. gr. lánsfjárlagafrumvarpsins kemur nú beiðni um lántökur til skuldbreytingar hjá Flugstöðinni upp á tæpa 2 milljarða kr. og er ætlunin að kanna þann þátt frumvarpsins milli 2. og 3. umræðu.

Framhaldsnefndarálit.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vill, bæði í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir við afgreiðslu frumvarpsins fyrir 2. umræðu, áskilja sér rétt til að skila framhaldsnefndaráliti, sbr. einnig það að niðurstöðutala 1. gr. lánsfjárlagafrumvarps lá ekki fyrir þegar málið var afgreitt frá nefndinni. Enn fremur átti eftir að fjalla um málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og reyndar voru ýmsir fleiri þættir málsins lítt kannaðir.

Að lokum vill minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar undirstrika þá afstöðu sína að hyggilegast væri að bíða með afgreiðslu lánsfjárlagafrumvarps uns tekna- og gjaldahlið fjárlagafrumvarps hefði verið betur unnin og niðurstöður væru fengnar hvað snertir afgreiðslu mikilvægra tekjuöflunarfrumvarpa og afgreiðslu á ýmsum útgjaldaákvörðunum sem ríkisfjármálunum tengjast.

Þá er ljóst að öll áform um innlenda fjármögnun ríkissjóðs og annarra opinberra aðila og innlendan fjármagnsmarkað á næsta ári eru í mikilli óvissu og er full þörf á að kanna þá hluti nánar áður en lánsfjárlög eru afgreidd.

Minni hlutinn ítrekar gagnrýni sína á losaraleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hvað varðar stjórn efnahagsmála og lýsir allri ábyrgð á gífurlegum hallarekstri ríkissjóðs og óvissu og upplausn á innlendum fjármagnsmarkaði á hendur ríkisstjórninni og mislukkaðri stefnu hennar í efnahagsmálum.

Minni hlutinn vísar því allri ábyrgð á afgreiðslu málsins á hendur ríkisstjórninni og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 20. des. 1994.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Finnur Ingólfsson.

Á fylgiskjali með nefndaráliti þessu voru birtar „Íslenskar efnahagsstærðir", margvísleg gögn í töflum, súluritum og línuritum frá Seðlabanka Íslands. Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

459. Frumvarp til laga [315. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast við tveir nýir stafliðir svohljóðandi:

f. Mánuður telst 30 dagar.
g. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksfjöldi vélavarða og vélstjóra á fiskiskipum og varðskipum skal vera sem hér segir:

a. Á skipi með 75–220 kw. vél (u.þ.b. 101–300 hö.) einn vélgæslumaður sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 20 rúmlestum, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst.
b. Á skipi með 221–375 kw. vél (u.þ.b. 301–510 hö.) yfirvélstjóri sé útivera 30 klst. og skemmri.

c. Á skipi með 221–750 kw. vél (u.þ.b. 301–1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
d. Á skipi með 751–1500 kw. vél (u.þ.b. 1021–2040 hö.) tveir vélstjórar; yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
e. Á skipi með 1501–1800 kw. vél (u.þ.b. 2041–2446 hö.) þrír í vél; tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri ásamt vélaverði eða aðstoðarmanni í vél.
f. Á skipi með 1801 kw. vél (u.þ.b. 2447 hö.) og stærri þrír vélstjórar; yfirvélstjóri, 1. vélstjóri og annar vélstjóri.

Um fjölda vélavarða og vélstjóra á íslenskum kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

1. Sá sem lokið hefur námskeiði í vélgæslu sem haldið er á vegum vélskóla samkvæmt reglugerð, er menntamálaráðherra setur, hefur rétt til að vera vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum með aðalvél minni en 221 kw.
   Atvinnuskírteini: Vélgæslumaður (VM).
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 6 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kw. og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 5 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél minni en 376 kw.
   Atvinnuskírteini: Yfirvélstjóri (VVy).
   Að loknum 9 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 5 mánuði á skipi með 401–750 kw. vél, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
4. Sá sem hefur lokið vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 4 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 375 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 401–750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
   Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 401 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).
Að loknum 18 mánaða starfstíma sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 6 mánuði sem vélavörður, en 12 mánuði sem vélstjóri. Af vélstjóratímanum, vélstjóri a.m.k. 3 mánuði við 751 kw. vél og stærri. Að loknum þessum starfstíma hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).

5. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ.e. vélfræðingur) hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).
Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri að fengnum rétti til að öðlast atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).
Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).

6. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

4. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: „enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda, sbr. 9. gr.“.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:
Hver íslenskur ríkisborgari, 18 ára og eldri, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem vélstjórnarmaður á íslenskum skipum.
Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauð-

synlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

Réttindi:	**Atvinnuskírteini:**	
Vélgæslumaður (VM)	Vélgæslumaður	
Vélavörður (VV)	Vélavörður og VM	STCW III/6
Vélavörður (VVy)	Yfirvélstjóri; aðalvél <375 kw. og VV	STCW III/6
Vélstjóri III (VS III)	Yfirvélstjóri; aðalvél <750 kw. vél og VVy	STCW III/6
Vélstjóri II (VS II)	1. vélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VS III	STCW III/6
Vélstjóri I (VS I)	Yfirvélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VF IV	STCW III/4
Vélfræðingur IV (VF IV)	2. vélstjóri; aðalvél ótakmörkuð og VS II	STCW III/4
Vélfræðingur III (VF III)	1. vélstjóri; aðalvél ótakmörkuð og VS I	STCW III/2
Vélfræðingur II (VF II)	Yfirvélstjóri; <3000 kw. vél og VF III	STCW III/3
Vélfræðingur I (VF I)	Yfirvélstjóri; aðalvél ótakmörkuð	STCW III/2

Atvinnuskírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda í 5 ár í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, eftir því sem við á.

Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Vélstjórafélags Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þegnum erlendra ríkja utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem lokið hafa vélstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands og Vélstjórafélags Íslands, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum sem lokið hafa vélstjórnarnámi við erlenda skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað A-liðar í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr A-liður, svohljóðandi:

A. Eftir gildistöku laga þessara verður á vegum menntamálaráðuneytis en í samráði við Vélskóla Íslands efnt til námskeiða í vélgæslufræðum. Um framkvæmd námskeiða þessara, námsefni og kennsluaðstöðu skal haft samráð við hagsmunaaðila. Um námsefni, námstilhögun, próf og aldurskilyrði skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur. Þátttakendur á námskeiðunum skulu ganga undir próf er veiti þeim rétt til atvinnuskírteinis vélgæslumanna (VM).

Frá gildistöku laga þessara og fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 og fyrr og annast hefur vélgæslu á bátum í 5 ár fengið réttindi sem vél-

gæslumaður á skipi að 20 rúmlestum, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr., þegar hann hefur setið námskeið í vélgæslufræðum. Í stað þess að ganga undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið námskeiðið og sé hæfur til vélgæslustarfa að mati námskeiðshaldara.

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa vélstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi, þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var með bréfi samgönguráðherra, Halldórs Blöndal dags. 8. desember 1992. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var verkefni hennar að endurskoða lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 113/1984. Í nefndinni áttu sæti Björgvin Þór Jóhannsson, skólameistari Vélskóla Íslands, Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Páll Hjartarson, deildarstjóri hjá Siglingamálastofnun ríkisins, og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Með bréfi samgönguráðherra dags. 14. janúar 1993 var Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, skipaður í nefndina og hefur hann síðan tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Helgi Jóhannesson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu. Nefndin hélt alls 18 fundi.

Samhliða skipun þessarar nefndar var skipuð nefnd til að endurskoða lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984. Nefndir þessar hafa haldið 17 sameiginlega fundi.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta gildandi atvinnuréttindalögum vélstjóra, vélfræðinga og vélavarða til samræmis við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna frá 1978, en með lögum nr. 47/1987 um framkvæmd alþjóðasamþykktarinnar var samgönguráðherra heimilað að setja reglur til að framfylgja ákvæðum hennar.

Nefndirnar voru sammála um að fella úr réttindalögum ákvæði um mönnun kaupskipa og hafa þær unnið sameiginlega drög að frumvarpi um það efni og ber það heitið frumvarp til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa og er það lagt fram með frumvarpi þessu.

Með frumvarpi þessu eru mönnunarákvæði kaupskipa í 2. gr. laga nr. 113/1984 færð úr þeim lögum og efni þeirra fellt inn í frumvarp til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Tilgangur þess frumvarps er að breyta ákvæðum gildandi laga um fjölda vélstjóra og vélavarða á kaupskipum til samræmis við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna frá 1978 (STCW) og reglu 13, kafla V í alþjóðasamþykkt um öryggi sjófarenda (SOLAS). Með lögum nr. 47/1987 um framkvæmd STCW-samþykktarinnar var samgönguráðherra heimilað að setja reglur til að framfylgja ákvæðum hennar.

Í störfum sínum tók nefndin tillit til reglna hins Evrópska efnahagssvæðis og leggur til breytingar til samræmis við reglur þess.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að efnt verði til fræðslu sjómanna á smáskipum á vegum Vélskóla Íslands og eftir reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur. Tilgangur með þessari fræðslu er að veita sjómönnum á smáskipum aukið öryggi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 1. gr. að öðru leyti en því að bætt er við orðaskýringum í samræmi við STCW-alþjóðasamþykktina.

Um 2. gr.

Efni greinarinnar er óbreytt að öðru leyti en því að nokkur rýmkun hefur verið gerð frá gildandi lögum, einkum um smábáta.

Í a-lið er gert ráð fyrir því að við vélar allt að 221 kw. verði ekki gerð krafa um vélavarðaréttindi. Þess í stað er lagt til að komið verði á sérstöku vélgæslunámsskeiði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur, sjá nánar ákvæði til bráðabirgða. Einnig er gert ráð fyrir því að á bátum að 20 rúmlestum geti skipstjórinn og vélgæslumaðurinn verið einn og sami maðurinn. Hér er um rýmkun að ræða þar sem vélavarðanámið tekur nú eina námsönn, þ.e. fjóra mánuði, en gert er ráð fyrir styttra námi fyrir vélgæslumennina. Einnig hér er um nýmæli að ræða því hér er lagt til að sami maðurinn geti sinnt vélstjórn og skipstjórn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í b-lið felast einnig breytingar. Nú er gert ráð fyrir að á skipum með allt að 376 kw. (510 hö.) sé aðeins einn vélstjóri um borð að því tilskildu að útivera fari ekki yfir 30 klst. í einu. Í gildandi lögum eru ekki sérákvæði sem taka mið af útivist skipa.

Í c-lið er sú breyting frá gildandi lögum að ekki er krafist þriggja vélstjóra á skipum með vél 1501 kw. til 1800 kw. (2021–2446 hö.), heldur tveggja vélstjóra og þeim til aðstoðar komi vélavörður eða aðstoðarmaður.

Í 2. mgr. eru felld niður ákvæði um fjölda vélavarða og vélstjóra á íslenskum kaupskipum, en ákvæði um ákvörðun fjölda þeirra falið mönnunarnefnd íslenskra kaupskipa samkvæmt sérstökum lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.

Um 3. gr.

Í 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins er nýmæli um vélgæslumann. Að því er stefnt að eftir gildistöku laga þessara fari fram á vegum menntamálaráðuneytis og í samráði við Vélskóla Íslands námskeið í vélgæslufræðum. Er þetta einkum hugsað fyrir sjómenn á skipum að 20 rúmlestum og minni með aðalvél minni en 221 kw. Þetta ákvæði skýrist nánar í ákvæði til bráðabirgða.

2. tölul. er í samræmi við 1. tölul. í núgildandi lögum.

Í 3. tölul. eru réttindi vélavarða aukin verulega. Hér er lagt til að þeir fái heimild til þess að sinna starfi yfirvélstjóra á skipum með vél að 376 kw. Samkvæmt gildandi lögum þurfti viðkomandi að hafa lokið öðru stigi vélstjóranáms sem er fjórar námsannir, en nú er krafan lækkuð í eina námsönn. Í nefndinni komu af hálfu útgerða óskir um að slaka á námskröfum til að gegna þessum störfum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 8. gr. laganna að í stað þess að Farmanna- og fiskimannasambandið tilnefni tvo fulltrúa í undanþágunefnd tilnefni Farmanna- og fiskimannasambandið annan en Vélstjórafélag Íslands hinn. Þessi breyting er til komin vegna þess að Vélstjórafélag Íslands er ekki lengur aðili að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Um 6. gr.

Á 9. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar sem eru m.a. tilkomnar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að STCW-reglunum. Bætt er við tveimur nýjum atvinnuskírteinum vegna breytinga sem koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Einnig er í greininni tekin fram aldursskilyrði til þess að geta verið handhafi atvinnuskírteinis til vélstjórnar sem ekki eru tilgreind í gildandi lögum.

Í 2. mgr. er nýmæli vegna aðildar Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Jafnframt er tekin upp tilvitnun til atvinnuréttinda samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni.

Það nýmæli er í 4. mgr. greinarinnar að atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni eru gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að tekið er tillit til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Sú breyting er lögð til að umsagnaraðili vegna atvinnuskírteina erlendra ríkisborgara verði Vélstjórafélag Íslands í stað Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Vélstjórafélag Íslands er ekki lengur aðili að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæði þessu er komið til móts við óskir smábátaeigenda um öflun réttinda til vélgæslustarfa. Lagt er til að efnt verði til námskeiða í vélstjórnarfræðum fyrir þá sem stunda sjó á smábátum. Þessi námskeið verða skipulögð í nánu samráði við Vélskóla Íslands og hagsmunaaðila í greininni. Þetta er m.a. vegna tíðra óhappa, sem henda þá sem sækja sjó á smábátum, vegna bilana í vélbúnaði bátanna. Þá er einnig lagt til að þeir sem fæddir eru á árinu 1945 eða fyrr og hafa annast vélgæslu í 5 ár þurfi ekki að loknu námsskeiði um efnið að gangast undir sérstakt próf. Þetta er gert til þess að koma til móts við óskir smábátamanna sem telja að margir af eldri mönnunum í hópnum séu óvanir prófstöku og hafi af slíku ákveðinn ótta þrátt fyrir það að þeir hafi gott vald á þeim verkefnum sem prófstakan snýst um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta gildandi atvinnuréttindalögum skipstjórnarmanna til samræmis við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (svokölluð STCW-samþykkt). Þá eru lagðar til breytingar á gildandi atvinnuréttindalögum vélamanna til samræmis við ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Í sérstöku frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu eru gerðar áþekkar breytingar á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Það skal tekið fram að þau námskeið sem um er getið í frumvarpinu verða haldin sem hluti af almennum námskeiðum Vélskóla Íslands og Slysavarnafélags Íslands fyrir vélamenn.

460. Frumvarp til laga [316. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauðsynlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari eða njóta atvinnuréttinda sem íslenskur ríkisborgari og bera fulla ábyrgð á framkvæmd laga þeirra og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

a. Skip merkir í lögum þessum, sé eigi annað tekið fram, hvert það far sem er 6 m langt eða meira og skráð er í skipaskrá.
b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.
d. Undirstýrimaður er hver sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður/1. stýrimaður.

e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd og lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.
f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er til fiskveiða eða annarra veiða úr lífríki sjávar.
g. Kaupskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip.
h. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
i. Önnur skip en upp eru talin í stafliðum f–h hlíta ákvæðum laganna um fiskiskip.
j. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
l. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
m. Mánuður telst 30 dagar.
n. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.
o. Stig merkir námsstig, sbr. lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:
a. á skipum 31–300 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum 301 rúmlest og stærri tveir stýrimenn,
c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef ekki er landað daglega,
d. á skipum 20 rúmlestir og minni er ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn ef útivera skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan.

II. Á varðskipum:
a. á skipum 400 rúmlestir og minni tveir stýrimenn,
b. á skipum 401 rúmlest og stærri þrír stýrimenn.

III. Á kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík og aðra viðurkennda skóla, er veita sambærilega fræðslu, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.

b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW regla II/3 nr. 2).

b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/4 nr. 3).

3. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/2).

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuréttindi stýrimanna eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Til staðfestingar siglingatíma á skipum 12 rúmlestir og minni má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í rekstri og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a.m.k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns. Af siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf á skipi en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Nám eða störf í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á viðurkenndum námskeiðum má meta sem siglingatíma í allt að einn mánuð.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 24 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum stærri en 30 rúmlestir. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 12 rúmlesta skipum og minni.

b. Undirstýrimannsréttindi á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: Vera handhafi atvinnuskírteinis sem skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið: 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3 nr. 2): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

b. Undirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/4 nr. 3): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

3. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/2): 36 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestum.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi, sbr. 6. gr.

Ráðuneytið gefur út námskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík og hagsmunaaðila. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólastjóra og prófdómara.

7. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að vera skipstjóri á skipi sem er meira en 30 rúmlestir hefur sá einn, sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi yfirstýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr., þó skal skipstjóri á varðskipum hafa lokið námi 4. stigs og eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a.m.k. eftirtöldum skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma. Lögskráning sem 1. stýrimaður fyrir gildistöku laga þessara jafngildir yfirstýrimannstíma samkvæmt lögum þessum.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestum.

2. stig:

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð: 24 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður/1. stýrimaður á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip:

2. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3, nr. 2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður.

3. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð í strandsiglingum (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður.

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður á skipi í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:

4. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði: 30 mánuðir á skipum yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi.

8. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjórum“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: sýslumönnum.

10. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, eftir því sem við á. Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.

11. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda og heilsufar, sbr. 13. gr.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað A-liðar í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr A-liður, svohljóðandi:

A. Fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 eða fyrr og stundað hefur skipsstjórn lengur en 8 ár fengið réttindi sem skipstjóri á skipi 30 rúmlestir og minna þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laganna þegar hann hefur setið námskeið í sjómanna- og skipstjórnarfræðum. Í stað þess að ganga undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið námsskeiðið og sé hæfur til skipstjórnarstarfa að mati námsskeiðshaldara.

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa skipstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr liður, er verður C-liður, svohljóðandi:

C. Nú hefur skipstjórnarmaður notið undanþágu frá ákvæðum laganna til skipstjórnarstarfa á sama skipi sem vegna breytinga á því hefur mælst meira en 200 rúmlestir, eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi, sem taldar hafa verið fullgildar ástæður fyrir undanþágu og er þá heimilt að veita honum þau atvinnuréttindi óskert til starfa á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var með bréfi samgönguráðherra, Halldórs Blöndal, dags. 8. desember 1992. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var verkefni hennar að endurskoða lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984. Í nefndinni áttu sæti Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Páll Hjartarson, deildarstjóri hjá Siglingamálastofnun ríkisins, Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðlaugur Gíslason, framkvæmdastjóri Stýrimannafélags Íslands, og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Með bréfi samgönguráðherra dags. 14. janúar 1993 var Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, skipaður í nefndina og hefur hann síðan tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Helgi Jóhannesson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu. Nefndin hélt alls 12 fundi og auk þess 18 sameiginlega fundi með nefnd sem skipuð var til að endurskoða lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta gildandi atvinnuréttindalögum skipstjórnarmanna til samræmis við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, en með lögum nr. 47/1987 um framkvæmd alþjóðasamþykktarinnar var samgönguráðherra heimilað að setja reglur til að framfylgja ákvæðum hennar.

Nefndirnar voru sammála um að fella úr réttindalögunum ákvæði um mönnun kaupskipa og hafa þær unnið sameiginlega drög að frumvarpi um það efni og ber það heitið frumvarp til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa og er það lagt fram samhliða frumvarpi þessu.

Í störfum sínum tók nefndin tillit til reglna hins Evrópska efnahagssvæðis og leggur til með frumvarpinu breytingar með hliðsjón af þeim reglum. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði grundvallarbreyting á réttindastigum skipstjórnarmanna, þ.e. að 2. stig stýrimannaskólanna veiti aðeins réttindi til skipstjóra og yfirstýrimanna á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum, en hingað til hefur 2. stig veitt réttindi til skipstjórastarfa á skipum allt að 400 rúmlestir að stærð bæði í siglingum á milli landa og innan lands og er það gert til samræmis við STCW-alþjóðasamþykktina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða núgildandi 1. gr. að öðru leyti en því að bætt er við nýrri málsgrein sem leiðir af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og réttindum ríkisborgara annarra ríkja þess.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skipstjóri á íslensku skipi skuli vera íslenskur ríkisborgari eða njóta réttinda sem slíkur. Er því gert ráð fyrir að ríkisborgarar aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis njóti sambærilegrar réttarstöðu og íslenskir ríkisborgarar í þessu efni.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins eru orðskýringar og hefur þeim verið breytt til samræmis við alþjóðasamþykktina um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að fellt verði úr lögunum ákvæði sem binda í lög fjölda stýrimanna á kaupskipum. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa og er þar miðað við að skipuð verði sérstök mönnunarnefnd kaupskipa sem ákveður lágmarksmönnun kaupskipa og að Siglingamálastofnun ríkisins gefi út mönnunarskírteini í samræmi við ákvarðanir mönnunarnefndar.

Þá er nýmæli í d-lið I. tölul. um að ekki sé skylt að hafa stýrimann á skipum 20 rúmlestir og minni.

Um 4. gr.

Grein þessi er í samræmi við 5. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að gerðar eru strangari kröfur til að vera yfirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum. 2. stig veitir samkvæmt frumvarpinu aðeins rétt til að vera yfirstýrimaður á kaupskipum allt að 200 rúmlestum að stærð í strandsiglingum, en veitti áður rétt til að vera stýrimaður á 400 rúmlesta skipum og minni. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af STCW-alþjóðasamþykktinni.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 6. gr. núgildandi laga. Ákvæði b-liðar I er nýmæli, en það kveður á um að handhafi atvinnuskírteinis sem skipstjóri á fiskiskipum allt að 200 rúmlestum hafi undirstýrimannsréttindi á skipum allt að 500 rúmlestum að stærð í innanlandssiglingum.

Ákvæði a-liðar II nýmæli. Nú er miðað við yfirstýrimannsréttindi á kaupskipum allt að 200 rúmlestum að stærð í strandsiglingum, en var áður miðað við 400 rúmlestir.

Við mat á siglingatíma skipstjóra- eða stýrimannsefnis er ekki gerður greinarmunur á tegundum skips.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi laga, en hér er gert ráð fyrir viðbótarnámsefni á námskeiðum til að auka við kunnáttu skipstjórnarmanna í meðferð véla, þar á meðal um málmtæringu af völdum rafgeyma og rafkerfa og meðferð þeirra, umgengni og meðferð eldsneytis og eldneytiskerfa, kunnáttu í meðferð nauðsynlegra verkfæra og varahluta í vélum, álagsstjórnun á vélum og undirbúning og frágang véla fyrir og eftir úthald. Þessi breyting miðar að því að auka öryggi áhafna smábáta, en hefur jafnframt það hagræði að sami maður getur gegnt samtímis skipstjórnar- og vélgæslustörfum.

Um 7. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. núgildandi laga.

Nú er gerð krafa til 24 mánaða siglingatíma vegna ótakmarkaðra skipstjóraréttinda á fiskiskipum, en siglingatími er 18 mánuðir samkvæmt gildandi lögum. Hins vegar er siglingatími nú ekki bundinn við tegund skips.

Á kaupskipum eru skipstjóraréttindi nú miðuð við 200 rúmlesta stærð skips og hafa réttindi þessi því verið þrengd til samræmis við alþjóðasamþykktina STCW. Heildarsiglingatími hefur verið lengdur í 24 mánuði að því er tekur til strandsiglinga á skipum

allt að 200 rúmlestum, en hins vegar er siglingatíminn óbreyttur vegna skipstjóraréttinda fyrir ótakmarkaða stærð og farsvið.

Efni 9. gr. laganna varðandi varðskip er fært í 8. gr. laganna. Ekki er um efnisbreytingu að ræða að öðru leyti en því að siglingatími á varðskipi er styttur úr 12 mánuðum í 6 mánuði.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að 9. gr. falli niður með hliðsjón af því að efni hennar hefur verið fært í lok 8. gr. laganna með 7. gr. þessa frumvarps.

Um 9. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum gefa lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík út atvinnuskírteini skipstjórnarmanna. Hér er miðað við að sýslumenn hafi þetta með höndum úti á landi með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á starfssviði sýslumanna í framhaldi af aðskilnaði framkvæmdarvalds og dómsvalds.

Um 10. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. mgr. 13. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hér er lagt til að Siglingamálastofnun ríkisins gefi út atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 16. gr. að öðru leyti en því að fyrirvari er um viðhald réttinda og heilsufar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

A. Hér er þeim sem fæddir eru árið 1945 eða fyrr og stundað hafa sjómennsku í ákveðinn tíma gefinn kostur á að afla sér tilskilinna réttinda fyrir 1. september 1996 á skipi 30 rúmlestir og minna með því að taka þátt í námskeiði í sjómanna- og skipstjórnarfræðum. Viðkomandi getur í stað þess að ganga undir próf fengið vottorð um að hann hafi setið námskeiðið og sé hæfur til skipstjórnarstarfa að mati námskeiðshaldara.

C. Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna
á íslenskum skipum.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta gildandi atvinnuréttindalögum skipstjórnarmanna til samræmis við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (svokölluð STCW-samþykkt). Þá eru lagðar til breytingar á gildandi atvinnuréttindalögum skipstjórnarmanna til samræmis við ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Í sérstöku frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu eru gerðar áþekkar breytingar á lögum um atvinnuréttindi vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Það skal tekið fram að þau námskeið sem um er getið í frumvarpinu verða haldin sem hluti af almennum námskeiðum stýrimannaskóla og Slysavarnafélags Íslands fyrir skipstjórnarmenn.

461. Frumvarp til laga [317. mál]

um áhafnir íslenskra kaupskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Inngangur og orðskýringar.

1. gr.

Hvert íslenskt kaupskip sem notað er til siglinga í atvinnuskyni skal uppfylla ákvæði laga þessara um lágmarkskröfur um atvinnuskírteini einstakra skipverja og fjölda manna í áhöfn.

Ákvæði laga þessara um atvinnuskírteini einstakra skipverja og fjölda manna í áhöfn skipa eru lágmarkskröfur og skulu ekki túlkuð til að hindra að fleiri séu í áhöfn skips en getið er um í lögum þessum, né að skipverjar ráði yfir atvinnuskírteinum sem séu umfram lágmarkskröfur laga þessara.

2. gr.

a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi tekið fram, kaupskip.
b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirvélstjóri er æðsti yfirmaður í vélarrúmi skips.
d. 1. vélstjóri táknar þann vélstjóra sem gengur yfirvélstjóra næst að völdum og mun bera ábyrgð á vélum þeim sem knýja skipið ef yfirvélstjóri verður ófær um það.
e. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.

f. Undirvélstjóri er hver sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri.
g. Undirstýrimaður er hver sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður/1. stýrimaður.
h. Loftskeytamaður er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera loftskeytamaður á skipi.
i. Talstöðvarvörður er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera talstöðvarvörður á skipi.
j. Vélavörður er hver sá sem hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
k. Matsveinn eða bryti er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera matsveinn eða bryti á skipi.
l. Fullgildur undirmaður er sá sem uppfyllt hefur þær kröfur sem gerðar eru til stöðunnar. Til þess að mega gegna vaktstöðu á siglingavakt í brú, í vélarrúmi og hafa á hendi stjórnun björgunarfara þarf viðkomandi að hafa tilskilin réttindi frá Siglingamálastofnun ríkisins eða sambærileg réttindi frá öðru viðurkenndu yfirvaldi, eða frá öðru ríki sem er aðili að STCW-samþykktinni.
m. Undirmenn eru allir undirmenn skips aðrir en fullgildir undirmenn.
n. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd eða lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.
o. Kaupskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip.
p. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
q. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
r. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
s. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.
t. GMDSS-kerfi er alþjóðlegt neyðarfjarskiptakerfi (Global Maritime Distress Safety System).
u. Mánuður telst 30 dagar.

II. KAFLI
Mönnun kaupskipa.

3. gr.

Fyrir íslensk kaupskip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af mönnunarnefnd kaupskipa, sbr. 11. gr. laga þessara. Fjöldi skipverja skal ákveðinn með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi skipverja og skips. Slík skilyrði skulu m.a. ná til eftirfarandi þátta:

1. að ávallt verði hægt að sinna öruggri siglingavakt í brú og í vélarrúmi, en þó með fullu tilliti til sjálfvirkni, svo sem viðurkennds viðvörunarbúnaðar vaktfrírra vélarrúma, og fyrirkomulags stjórn- og siglingatækja,
2. að ávallt verði hægt að sinna viðhaldi björgunar-, öryggis-, eldvarna- og fjarskiptabúnaðar,
3. að ávallt verði hægt að sinna viðhaldi annars öryggisbúnaðar,

4. að ávallt verði unnt að festa og leysa landfestar tryggilega,
5. að ávallt verði unnt að sinna heilbrigðis- og hollustuþörfum skipverja.

4. gr.

Við ákvörðun um fjölda skipverja og samsetningu áhafnar skal tekið tillit til skipulags vakta um borð, nauðsynlegs hvíldartíma og vinnusviðs skipverja.

5. gr.

Þeir skipverjar sem falla undir ákvæði STCW-alþjóðasamþykktarinnar skulu uppfylla lágmarkskröfur hennar og laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um menntun, reynslu, aldur og heilbrigði.

6. gr.

Undirmenn, sem starfa bæði á þilfari og í vél, skulu til viðbótar ákvæðum 5. gr. hafa vélavarðaréttindi eða sveinsréttindi af málmiðnaðarbraut eða hafa lokið viðurkenndu námi og þjálfun í rafsuðu. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um menntun þeirra manna sem ákvæði þetta tekur til.

7. gr.

Á hverju skipi skal vera skipstjóri. Skipstjórnarmenn og vélstjórar skulu hafa yfir að ráða eftirfarandi atvinnuskírteinum:

SKIP UNDIR 200 BRL. Í STRANDSIGLINGUM

STÆRÐ	SKIPSTJÓRI	STÝRIMAÐUR
0 - 30 brl.	30 tonna réttindi STCW regla II/3	30 tonna réttindi STCW regla II/3
0 - 200 brl.	2. stig + siglingatími STCW regla II/3	2. stig + siglingatími STCW regla II/3

SKIP AF ÓTAKMARKAÐRI STÆRÐ. FARSVIÐ ÓTAKMARKAÐ.

STÆRÐ	SKIPSTJÓRI	YFIRSTÝRIMAÐUR	UNDIRSTÝRIMENN
ótakmörkuð	3. stig + siglingatími STCW regla II/2	3. stig + siglingatími STCW regla II/2	2. stig + siglingatími STCW regla II/4

VÉLFRÆÐINGAR OG VÉLSTJÓRAR

STÆRÐ AÐALVÉLAR	YFIRVÉLSTJÓRI	1. VÉLSTJÓRI	AÐRIR UNDIRVÉLSTJÓRAR
750-2999 KW	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/3	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/3	3. stig + siglingatími STCW regla III/4 vaktstjóri í vél
> 3000 KW	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/2	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/2	

8. gr.

Kaupskip, önnur en farþegaskip, þar sem krafist er loftskeytamanna samkvæmt alþjóðareglum, mega sigla án loftskeytamanns enda séu þau búin samkvæmt GMDSS-fjarskiptakerfinu og tveir skipstjórnarmenn séu handhafar gilds talstöðvarskírteinis.

9. gr.

Öll kaupskip skulu hljóta skírteini til staðfestingar lágmarksfjölda skipverja, samsetningu áhafnarinnar og atvinnuskírteinakröfur fyrir hinar ýmsu stöður. Slík mönnunarskírteini skulu gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins í samræmi við ákvarðanir mönnunarnefndar kaupskipa.

III. KAFLI
Um hlutverk mönnunarnefndar kaupskipa.

10. gr.

Samgönguráðherra setur í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 47/1987 reglur um heildarmönnun íslenskra kaupskipa og felur mönnunarnefnd kaupskipa að sjá um framkvæmd þeirra, þar á meðal að ákveða mönnun kaupskipa skv. II. kafla laga þessara.

11. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd kaupskipa. Í mönnunarnefnd skulu eiga sæti sjö menn og jafnmargir varamenn. Skal einn aðalfulltrúi og varafulltrúi hans skipaður eftir tilnefningu hvers eftirtalinna hagsmunasamtaka: Farmanna og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga. Samgönguráðherra skipar, að höfðu samráði við framgreind hagsmunasamtök, formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

12. gr.

Við ákvarðanir sínar um áhafnir skipa getur mönnunarnefnd mælt svo fyrir að skipverji, sem ráðinn er til annarra starfa en þeirra er atvinnuréttindalög taka til, skuli hafa lokið námskeiði Slysavarnafélags Íslands eða jafngildu námskeiði um öryggis- og björgunarmál áður en hann er skráður í skiprúm.

13. gr.

Nú veldur sjúkdómur, dauði, strok eða önnur atvik sem skipstjóri eða útgerð máttu eigi sjá fyrir og eiga ekki sök á fækkun í áhöfn þannig að í bága fari við það sem fyrir er mælt í lögum þessum og skal skipstjóra þá heimilt að halda áfram ferð, enda telji hann ekki hættu á að sjóhæfni skips hafi svo raskast vegna þess að öryggisástæður banni. Skal hann þá skrá um það athugasemdir sína í leiðarbók, en gera jafnframt ráðstafanir til að kveðja til starfans nýjan mann svo fljótt sem verða má.

14. gr.

Mönnunarnefnd er heimilt, með hliðsjón af ákvæðum 3. gr., að herða á eða draga úr skilyrðum og kröfum um fjölda í áhöfn svo og að kveða á um sérstakar menntunar- eða þjálfunarkröfur varðandi skip, þar sem sérstakar aðstæður gera þess þörf fyrir einstök skip, sérstaklega hönnuð skip og skip sem annast staðbundin verkefni á takmörkuðu farsviði.

Einnig getur mönnunarnefnd þegar sérstaklega stendur á og að teknu tilliti til viðurkenndra alþjóðlegra samþykkta heimilað að maður, sem ekki er handhafi skírteinis sem krafist er, þó ekki skv. 7. og 8. gr. laga þessara, megi gegna slíkri stöðu, en þó aðeins til að ljúka einni ferð skips eða um takmarkaðan tíma sem eigi má lengri vera en 6 mánuðir.

15. gr.

Mönnunarnefnd tekur í samræmi við umsókn ákvörðun til bráðabirgða um fjölda í áhöfn skips sem er í smíðum svo og erlends skips sem fyrirhugað er að færa undir íslenskan fána.

Bráðabirgðaákvörðun er bindandi og verður þeirri ákvörðun ekki breytt nema þær forsendur hafi breyst sem úrslitum réðu um ákvörðunina.

16. gr.

Ákvarðanir sem mönnunarnefnd hefur tekið samkvæmt heimildum í lögum þessum eru endanlegar á sviði stjórnsýslunnar.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

17. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af tveimur nefndum sem skipaðar voru með bréfum samgönguráðherra, Halldórs Blöndal, dags. 8. desember 1992.

Samkvæmt skipunarbréfi annarrar nefndarinnar var verkefni hennar að endurskoða lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984. Í nefndinni áttu sæti Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðlaugur Gíslason, framkvæmdastjóri Stýrimannafélags Íslands, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Páll Hjartarson, deildarstjóri hjá Siglingamálastofnun ríkisins, og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Með bréfi samgönguráðherra dags. 14. janúar 1993 var Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, skipaður í nefndina og hefur hann síðan tekið þátt í störfum nefndarinnar.

Samkvæmt skipunarbréfi hinnar nefndarinnar var verkefni hennar að endurskoða lög

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984. Í nefndinni áttu sæti Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Páll Hjartarson, deildarstjóri hjá Siglingamálastofnun ríkisins, Björgvin Þór Jóhannsson, skólameistari Vélskóla Íslands, og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Ritari nefndanna var Helgi Jóhannesson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu. Nefndirnar hafa haldið alls 18 sameiginlega fundi.

Þær urðu sammála um að fella ákvæði réttindalaga um mönnun kaupskipa úr þeim lögum en fella þau ákvæði er varða heildarmönnun íslenskra kaupskipa í sérstakan lagabálk. Tillögur að frumvarpi til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa, sem hér eru lagðar fram, eru árangur starfa nefndanna.

Með frumvarpi þessu eru mönnunarákvæði kaupskipa í 2. gr. laga nr. 113/1984 og 4. gr. laga nr. 112/1984 um fjölda skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna færð úr atvinnuréttindalögum og efni þeirra fellt inn í frumvarp þetta. Tilgangur frumvarpsins er að breyta ákvæðum gildandi laga um fjölda skipstjórnarmanna, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum til samræmis við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna frá 1978 (STCW) og reglu 13, kafla V í alþjóðasamþykkt um öryggi sjófarenda (SOLAS). Með lögum nr. 47/1987 um framkvæmd STCW-samþykktarinnar var samgönguráðherra heimilað að setja reglur til að framfylgja ákvæðum hennar.

Í störfum sínum tók nefndin tillit til reglna hins Evrópska efnahagssvæðis og leggur til breytingar til samræmis við reglur þess, en í starfi sínu hafði nefndin í þessu efni hliðsjón af erlendri löggjöf, einkum danskri og norskri.

Í frumvarpi þessu er ekki kveðið sérstaklega á um lágmarksfjölda skipstjórnar- eða vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum. Hins vegar kveður frumvarpið á um fjölda í áhöfn kaupskipa og réttinda- og skírteiniskröfur til einstakra skipverja í áhöfninni. Þannig fela ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, í sér fyrstu íslensk lög um heildaráhöfn kaupskipa, en ákvæði beggja áðurnefndra alþjóðasamþykkta gera kröfur til aðildarríkja að þau setji löggjöf eða reglur um heildarmönnun kaupskipa og gefi út til skipa viðkomandi ríkis mönnunarskírteini að meðtöldum réttinda- og skírteiniskröfum til einstakra skipverja. Eins og kunnugt er hafa ekki áður verið til íslensk lög eða reglur um mönnun undirmanna á kaupskipum.

Lagt er til að þær breytingar verði gerðar frá því sem er í gildandi lögum að ákvörðun um fjölda skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum verði á hendi mönnunarnefndar kaupskipa og taki hún ákvarðanir um fjölda skipverja hvers skips með hliðsjón af tæknibúnaði, gerð og/eða verkefni viðkomandi skips. Á fund nefndarinnar kom formaður mönnunarnefndar samkvæmt núgildandi ákvæðum laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, Hafsteinn Hafsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands. Hann gaf nefndinni ýmsar upplýsingar um störf mönnunarnefndar og meðferð mála þar, en horft var til þeirrar reynslu við gerð frumvarps þessa. Hér er lagt til að skipuð verði sérstök mönnunarnefnd kaupskipa, en í réttindalögum hafa einungis verið ákvæði um yfirmenn kaupskipa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins fjallar um gildissvið laganna, en þau taka aðeins til skipa sem notuð eru í atvinnuskyni og fjalla um lágmarkskröfur einstakra skipverja og fjölda í áhöfn með tilliti til öryggis skipsins við siglingu þess og stendur því ekki í vegi að fleiri séu í áhöfn vegna breytilegrar notkunar á skipinu.

Um 2. gr.

Skilgreiningar þessar eru í samræmi við STCW-alþjóðasamþykktina og réttindalögin.

Um 3. gr.

II. kafli frumvarpsins fjallar um mönnun kaupskipa. Í gildandi lögum eru ákvæði um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum, en mönnunarnefnd er heimilt að ákveða frávik frá þeim reglum að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins.

Í frumvarpi þessu er ekki kveðið á um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum að öðru leyti en því að á hverju skipi skuli vera skipstjóri, en hins vegar er kveðið á um hvaða réttindastig skipstjórnar- og vélstjórnarmenn þurfa að uppfylla miðað við stærð skips og vélar og farsvið. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skipuð verði sérstök mönnunarnefnd kaupskipa sem taki ákvörðun um fjölda skipverja í áhöfn hvers kaupskips með hliðsjón af tæknibúnaði, gerð og/eða verkefni viðkomandi skips. Efnislega tekur þetta mið af dönskum lögum að öðru leyti en því að danska siglingamálastofnunin tekur ákvörðun um mönnun kaupskipa á fyrsta stigi, en ákvörðun hennar má skjóta til sérstakrar úrskurðarnefndar sem úrskurðar endanlega á sviði stjórnsýslunnar.

Um 4. gr.

Greinin er fyrst og fremst til að tryggja að skipverjar fái nauðsynlegan hvíldartíma eins og STCW-alþjóðasamþykktin gerir ráð fyrir.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því að einstakir skipverjar geti gegnt störfum bæði á þilfari og sem aðstoðarmenn í vélarrúmi, enda hafa þeir þá tilskilin réttindi sem greinin kveður á um.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að á hverju skipi skuli vera skipstjóri og hvaða atvinnuskírteini skipstjórnarmenn og vélstjórnarmenn að öðru leyti þurfi að hafa miðað við farsvið og stærð skips og vélar og er þar að finna tilvitnanir til STCW-reglna um atvinnuskírteini þessara manna.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um kröfu um fjarskiptakunnáttu skipstjórnarmanna á skipum þar sem ekki er sérstakur loftskeytamaður.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að Siglingamálastofnun ríkisins gefi út skírteini fyrir öll íslensk kaupskip til staðfestingar á lágmarksfjölda skipverja, svokölluð mönnunarskírteini, í samræmi við ákarðanir mönnunarnefndar kaupskipa. Slíkra mönnunarskírteina (Safe Manning Document) er nú krafist í hafnareftirliti með kaupskipum í öllum Evrópuríkjum, Bandaríkjunum, Kanada og í fjölda Asíuríkja og hefur vöntun á mönnunarskírteinum íslenskra kaupskipa þegar valdið eigendum þeirra miklum erfiðleikum og leitt til þess að skipunum hefur verið hótað stöðvunum í erlendum höfnum.

Um 10. gr.

Með 2. gr. laga nr. 47/1987 var samgönguráðherra heimilað að setja reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) árið 1981. Hér er gert ráð fyrir að samgönguráðherra setji slíkar reglur og feli mönnunarnefnd kaupskipa að sjá um framkvæmd þeirra, þar á meðal að ákveða mönnun kaupskipa skv. II. kafla.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að skipuð verði mönnunarnefnd kaupskipa sem ákveður mönnun kaupskipa sem verði grundvöllur mönnunarskírteina sem Siglingamálastofnun ríksins gefur út, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Miðað er við að nefndin verði skipuð þremur fulltrúum frá hvorum hagsmunahóp, þ.e. þrír frá stéttarfélögum og þrír frá útgerðum. Formaður verði skipaður af samgönguráðherra að höfðu samráði við þau hagsmunasamtök sem tilnefna í nefndina og fullnægi hann almennum dómaraskilyrðum. Miðað er við að varamenn verði skipaðir samkvæmt tilnefningu frá sömu aðilum og að varamaður formanns skuli jafnframt fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

Á því er byggt að í reglugerð verði nánar kveðið á um starfshætti nefndarinnar, þar á meðal að hagsmunaaðilar í mönnunarnefnd reyni að ná samkomulagi um mönnun kaupskipa og ef slíkt samkomulag næst ekki úrskurðar mönnunarnefnd um ágreiningsefnið. Samkomulag hagsmunaaðila skal ætíð vera í samræmi við ákvæði 3. gr. frumvarps þessa um mönnun kaupskipa og háð staðfestingu mönnunarnefndar á að öryggisþáttum verði fullnægt.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Grein þessi geymir reglur um bráðabirgðaákvarðanir mönnunarnefndar um fjölda í áhöfn skips sem er í smíðum eða erlends skips sem fyrirhugað er að færa undir íslenskan fána.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að ákvarðanir mönnunarnefndar kaupskipa verði endanlegar á sviði stjórnsýslunnar og er því ekki hægt að skjóta ágreiningsefninu til æðra stjórnvalds, þ.e. samgönguráðuneytis. Slík skipan er eðlileg í ljósi þess að hagsmunaaðilar eiga jafnmarga fulltrúa í nefndinni og að samgönguráðherra skipar oddamann nefndarinnar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta ákvæðum gildandi laga um fjölda skipstjórnarmanna, vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum til samræmis við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, svokallaða STCW-samþykkt. Þá eru lagðar til breytingar á gildandi lögum um mönnun kaupskipa til samræmis við ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skipuð verði sérstök mönnunarnefnd kaupskipa sem taki ákvörðun um fjölda skipverja í áhöfn hvers kaupskips með hliðsjón af tæknibúnaði, gerð og/eða verkefni viðkomandi skips. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins skal mönnunarnefnd skipuð sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Gera má ráð fyrir að kostnaður við mönnunarnefnd verði um 3–5 m.kr. á ári. Að öðru leyti verður ekki séð að frumvarpið felið í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

462. Nefndarálit [304. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin felur í sér að tilgreindir eru þeir þrír samningar EFTA-ríkjanna sem breytast.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið var einnig rætt um staðsetningu dómstóls EFTA, en upplýst var á fundinum að utanríkisráðherra Íslands og utanríkisviðskiptaráðherra Noregs áformuðu að flytja dómstólinn frá Genf til Lúxemborgar. Nefndin hefur ekki rætt til hlítar um staðsetningu dómstólsins og telur eðlilegt að Alþingi ræði hana frekar áður en kemur til flutnings hans um mitt ár 1995.

Guðmundur Árni Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Páll Pétursson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Geir H. Haarde.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.		Jón Helgason.

463. Breytingartillaga [304. mál]

við till. til þál. um fullgildingu samnings um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna sem áritaður var í Genf 13. desember 1994 (samningar milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um fastanefnd EFTA-ríkjanna og um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna).

464. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umr. fór fram 13. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hlutastofnana, þ.e. Pósts og síma, Ríkisútvarpsins, Rafmagnsveitna ríkisins, Húsnæðisstofnunar og Vegagerðarinnar. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Samkvæmt venju mættu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar til viðræðna við nefndina fyrir 3. umr. og gerðu grein fyrir efnahagshorfum. Þar kom fram að það lítur út fyrir að þróun efnahagsmála á þessu ári og horfur fyrir næstu ár séu talsvert hagstæðari en gert var ráð fyrir í Þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir Alþingi í haust.

Tillögur meiri hluta, er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs, leiða til hækkunar útgjalda að fjárhæð 3.210.100 m.kr.

Framvinda á því ári sem nú er senn liðið virðist ætla að verða nokkru hagstæðari en gert var ráð fyrir í Þjóðhagsáætlun frá því í haust. Þannig er talið að útflutningur vöru og þjónustu verði talsvert meiri en áætlað var eða aukist um 6,6% að magni til miðað við 2% í Þjóðhagsáætlun. Þessi munur stafar af meiri framleiðslu en búist var við í flestum greinum útflutnings og minnkun birgða. Þróun í útflutningi og þjónustu hefur orðið meiri og hagstæðari en gert var ráð fyrir. Að hluta má skýra þá hagstæðu þróun með bata í efnahagslífi á alþjóðavettvangi.

Viðskiptakjör hafa batnað meira undanfarna mánuði en búist var við. Munar þar mest um hækkun á verðlagi sjávarafurða. Verð á ýmsum öðrum útflutningsafurðum hefur einnig hækkað meira en gert var ráð fyrir.

Afgangur á viðskiptajöfnuði stefnir í að verða meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir. Reiknað er með að afgangurinn verði um 6 milljarðar kr. borið saman við 3 milljarða kr. í Þjóðhagsáætlun eða sem svarar 1,4% af landsframleiðslu.

Þjóðhagsstofnun spáir að landsframleiðsla aukist um 2,1% á komandi ári. Þetta er um 0,7% meiri aukning en gert var ráð fyrir í Þjóðhagsáætlun. Áætlað er að þjóðarútgjöld aukist um 3,3% á árinu 1995. Þetta er mun meiri aukning en í Þjóðhagsáætlun. Þar var gert ráð fyrir 2% aukningu.

Vegna aukinna umsvifa í þjóðarbúskapnum er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki, borið saman við Þjóðhagsáætlun, úr 4,8% í 4,6%.

Í Þjóðhagsáætlun var reiknað með 2 milljarða kr. afgangi á viðskiptajöfnuði en nú er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði hagstæður um 4,3 milljarða kr. á árinu 1995.

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði 0,5% meiri en í Þjóðhagsáætlun.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku nefndaráliti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu 109,4 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð. Hér er tvennt á ferðinni. Annars vegar breyttar þjóðhagsforsendur, fyrst og fremst á árinu 1994, sem skila sér í auknum tekjum bæði á árinu 1994 og 1995. Í grófum dráttum má meta þessi áhrif nálægt 2,5

milljörðum kr. umfram áætlun fjárlagafrumvarps. Þetta er nokkurn veginn sama fjárhæð og kemur fram sem viðbótartekjur á árinu 1994 frá því sem spáð var í haust að teknu tilliti til heldur meiri hagvaxtar og þjóðarútgjalda árið 1995. Hins vegar eru ýmsar breytingar frá fyrri áætlun sem tengjast ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í skattamálum, svo sem sérstök fjáröflun til vegaframkvæmda (bensíngjald, þungaskattur), niðurfelling „ekknaskatts", afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna, flýtifyrningar, óbreyttur afsláttur vegna hlutabréfakaupa og álagning hátekjuskatts. Þessi atriði eru ýmist til hækkunar eða lækkunar, en samanlagt má meta þau til tæplega 200 m.kr. lækkunar tekna frá fyrri áætlun.

Þegar allt er lagt saman er nú áætlað að tekjur ríkissjóðs á árinu 1995 verði 112,1 milljarður kr. eða 2,7 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

510 Bessastaðir: Viðfangsefni 6.01 Mannvirkjagerð lækkar um 10 m.kr. og verður 72 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hluta fjárlaganefndar.

01 Forsætisráðuneyti

221 Byggðastofnun: Framlag hækkar um 40 m.kr. og verður 250 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 5 m.kr. vegna starfs í Brussel í tengslum við EES-samninginn.

201 Háskóli Íslands: Viðfangsefni 1.02 Sameiginleg útgjöld hækkar um 20 m.kr. og verður 309,6 m.kr. Hækkunin er annars vegar vegna rannsóknarprófessora, 15 m.kr., og hins vegar til Rannsóknasjóðs Háskólans, 5 m.kr. Viðfangsefni 1.06 Kennslu- og vísindadeildir hækkar um 46 m.kr. og verður 1.038,8 m.kr. Hækkunin skiptist á deildir eftir reiknireglum fjármálanefndar háskólaráðs. Viðfangsefni 1.07 Alþjóðaskrifstofa hækkar um 4 m.kr. og verður 12,1 m.kr.

223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 1 m.kr. vegna stöðu framhaldsskólakennara. Á móti lækkar viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög á fjárlagalið 999 Ýmislegt um sömu fjárhæð.

355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2,5 m.kr. Hækkunin er ætluð til kaupa á fjarskiptatæki fyrir Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

359 Verkmenntaskólinn á Akureyri: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2,5 m.kr. og verður 3,1 m.kr.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2,5 m.kr. og verður 4,5 m.kr.

518 Fiskvinnsluskólinn: Viðfangsefni 1.02 Annað en kennsla hækkar um 2 m.kr. vegna námskeiðahalds.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Framlag lækkar um 20 m.kr. og verður 1.480 m.kr. Sjá skýringar við breytingartillögur við 5. gr. (B-hluta).
902 Þjóðminjasafn Íslands: Viðfangsefni 5.90 Verndun gamalla húsa hækkar um 18 m.kr. og er hækkunin m.a. ætluð Húsinu á Eyrarbakka.
905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 30 m.kr. og verður 147,8 m.kr.
919 Söfn, ýmis framlög: Viðfangsefni 1.90 Söfn, ýmis framlög hækkar um 4 m.kr. og verður 8 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.
980 Listskreytingasjóður: Þetta er nýr fjárlagaliður. Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.01 Listskreytingasjóður og er framlag 4 m.kr.
982 Listir, framlög: Viðfangsefni 1.30 Íslenska óperan hækkar um 12 m.kr. og verður 53,3 m.kr. Viðfangsefni 1.90 Listir, framlög hækkar um 3 m.kr. og verður 45,7 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.
983 Ýmis fræðistörf: Framlag til viðfangsefnisins 1.90 Ýmis fræðistörf er 14 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.
988 Æskulýðsmál: Framlag til viðfangsefnisins 1.90 Æskulýðsmál er 12,5 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.
989 Ýmis íþróttamál: Framlag til viðfangsefnisins 1.16 Íþróttafélög, styrkir er 14,5 m.kr. og framlag til viðfangsefnisins 1.90 Ýmis íþróttamál er 10,7 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.
999 Ýmislegt: Tekinn er inn nýr liður, 1.81 Hverarannsóknir í Hverageröi, og er framlag 1 m.kr. Viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög lækkar um 1 m.kr. og verður 10,5 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 93,1 m.kr. og verður 293,8 m.kr. Á móti falla niður þrjú viðfangsefni en framlag til þeirra nemur alls 93,1 m.kr. Viðfangsefnin eru: 1.21 Alþjóðaráðstefnur, 1.30 Upplýsinga- og kynningarstarfsemi og 1.50 Viðskiptaskrifstofa. Tekinn er inn nýr liður, 1.02 Varnarmálaskrifstofa. Framlag er 40,6 m.kr. og er flutt af fjárlagalið 102 Varnarmálaskrifstofa sem nú fellur niður. Vegna þessa tilflutnings hækka sértekjur um 5,6 m.kr. og verða 7,6 m.kr.
102 Varnarmálaskrifstofa: Liðurinn fellur niður og framlag flyst yfir á nýtt viðfangsefni undir aðalskrifstofu.
401 Alþjóðastofnanir: Viðfangsefni 1.58 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR hækkar um 22 m.kr. og verður 45,5 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,5 m.kr. vegna starfs í Brussel í tengslum við EES-samninginn.

190 Ýmis verkefni: Framlag til viðfangsefnisins 1.21 Landþurrkun er 0,5 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.90 Ýmis verkefni er 1 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti. Viðfangsefni 1.35 Landgræðslusjóður fellur brott en framlag er 3 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur lækkar um 5,1 m.kr. en á móti lækka sértekjur um sömu fjárhæð þannig að heildarbreyting á framlagi til fjárlagaliðarins er engin. Breytingin er vegna nýs fjárlagaliðar, 235 Aðfangaeftirlit ríkisins.

233 Yfirdýralæknir: Tekinn er inn nýr liður, 1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum, og er framlag 45 m.kr. Á móti hækka sértekjur fjárlagaliðarins um 45 m.kr. þannig að heildaráhrifin eru engin. Gert er ráð fyrir að sláturleyfishafi greiði embætti yfirdýralæknis fyrir að annast heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.

236 Aðfangaeftirlit ríkisins: Þetta er nýr fjárlagaliður en stofnunin var áður deild hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag á viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur verður 5,1 m.kr. Þar af verða launagjöld 3,1 m.kr., önnur gjöld 1,8 m.kr. og eignakaup 0,2 m.kr. Á móti verða sértekjur 5,1 m.kr. en gert er ráð fyrir að rekstur sé alfarið kostaður af sértekjum. Gjaldaliðum á fjárlagalið Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verður breytt til samræmis við millifærslu frá stofnuninni yfir á þennan fjárlagalið.

311 Landgræðsla ríkisins: Framlag á viðfangsefni 1.90 Fyrirhleðslur er 18,8 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

841 Fiskeldisrannsóknir: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur lækkar um 7 m.kr. og verður 22,4 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

851 Greiðslur vegna riðuveiki: Viðfangsefni 1.90 Almennur rekstur lækkar um 7 m.kr. og verður 80,2 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

202 Hafrannsóknastofnun: Tekinn er inn nýr liður, 1.42 Karfarannsóknir. Framlag er 15 m.kr.

204 Fiskistofa: Sértekjur fjárlagaliðarins lækka um 3,5 m.kr. þar sem horfið er frá því að innheimta sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna afla svokallaðra krókaleyfisbáta.

272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins: Viðfangsefni 6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins lækkar um 3 m.kr. og verður 21 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

111 Kosningar: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 15 m.kr. og verður 35 m.kr.

291 Húsnæði og búnaður dómstóla: Viðfangsefni 6.01 Húsnæði Hæstaréttar lækkar um 10 m.kr. og verður 90 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

302 Rannsóknarlögregla ríkisins: Viðfangsefni 1.02 Almennur rekstur hækkar um 4,5 m.kr. vegna tveggja rannsóknarlögreglumanna í skattrannsóknadeild stofnunarinnar.

331 Umferðarráð: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 3 m.kr. og verður 43,8 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

391 Húsnæði löggæslustofnana: Viðfangsefni 5.01 Viðhald húseigna lækkar um 1 m.kr. og verður 4 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

395 Landhelgisgæsla Íslands: Viðfangsefni 1.90 Almennur rekstur hækkar um 35 m.kr. til að tryggja rekstur björgunarþyrlu og til kaupa á tryggingum.

416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði: Framlag til embættisins hækkar um 1,4 m.kr. vegna lægri sértekna. Á móti lækkar viðfangsefni 1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður á fjárlagalið 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta, um sömu fjárhæð. Sértekjur lækka einnig um 0,5 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um innheimtu kostnaðar vegna löggæslu og fellur því sértekjuliðurinn brott.

413 –434 Ýmis sýslumannsembætti: Sértekjur nokkurra embætta lækka vegna endurskoðaðrar áætlunar um innheimtu kostnaðar vegna löggæslu. Lækkun sértekna skiptist á embætti sem hér segir:

	Þús. kr.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	400
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	1.500
Sýslumaðurinn í Búðardal	300
Sýslumaðurinn á Ísafirði	600
Sýslumaðurinn á Hólmavík	100
Sýslumaðurinn á Blönduósi	400
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	400
Sýslumaðurinn á Siglufirði	400
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	200
Sýslumaðurinn á Húsavík,	900
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	400
Sýslumaðurinn í Neskaupstað	200
Sýslumaðurinn á Eskifirði	800
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	400
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	900
Sýslumaðurinn í Keflavík	100

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta: Viðfangsefni 1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður lækkar um 1,4 m.kr. og verður 24,1 m.kr. Á móti hækkar framlag til sýslumannsins á Patreksfirði vegna lægri sértekna embættisins. Viðfangsefni 1.21 Óviss útgjöld lækkar um 5 m.kr. og verður 7,1 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

701 Biskup Íslands: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 5 m.kr. vegna húsaleigu. Viðfangsefni 6.23 Hóladómkirkja hækkar um 1 m.kr. og verður 3 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,5 m.kr. vegna starfs í Brussel í tengslum við EES-samninginn.

275 Húsaleigubætur: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur lækkar um 80 m.kr. og verður 320 m.kr. en gert er ráð fyrir að heildargreiðslur húsaleigubóta verði lægri en áætlað var í frumvarpi til fjárlaga. Á móti þessari lækkun hækkar framlag til fjárlagaliðarins 08-204 Lífeyristryggingar um 30 m.kr.

400 Málefni barna og ungmenna: Innbyrðis breytingar verða á fjárlagaliðnum en heildarframlag, 251,8 m.kr., er óbreytt. Viðfangsefni 1.90 Almennur rekstur fellur niður en á móti eru teknir inn fjórir nýir liðir: 1.01 Yfirstjórn, 31 m.kr., 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga, 87 m.kr., Móttöku- og meðferðarmiðstöð, 97,8 m.kr., og 6.01 Tæki og búnaður, 3 m.kr. Viðfangsefni 6.20 Bygging húsnæðis hækkar um 3 m.kr.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 18 m.kr. og verður 254,8 m.kr. Framlag til þriggja viðfangsefna breytist sem hér segir: Viðfangsefni 1.20 Sambýli hækkar um 5,8 m.kr. og verður 127,4 m.kr., viðfangsefni 1.21 Sambýli Akurgerði 20 hækkar um 5,5 m.kr. Liðurinn breytir jafnframt um heiti og orðast svo: 1.21 Heimili fyrir börn, Akurgerði 20. Viðfangsefni 1.64 Skammtímavistun Álfalandi 6 hækkar um 6,7 m.kr.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi: Viðfangsefni 1.60 Skammtímavistun hækkar um 3,7 m.kr. og verður 26 m.kr.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi: Viðfangsefni 1.40 Leikfangasöfn Vesturlandi hækkar um 0,6 m.kr. og verður 3,5 m.kr.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum: Viðfangsefni 1.40 Leikfangasöfn Vestfjörðum hækkar um 0,7 m.kr. og verður 4,8 m.kr.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 71 m.kr. og verður 2.018 m.kr. Hækkun er af tvennum toga. Annars vegar hækkar framlag um 36 m.kr. til samræmis við 0,4% hlut sjóðsins af áætlaðri hækkun skatttekna ríkissjóðs frá fjárlagafrumvarpi til fjárlaga. Hins vegar er hækkun um 35 m.kr. vegna aðgerða til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar.

981 Vinnumál: Viðfangsefni 1.90 Ýmislegt hækkar um 19 m.kr. og verður 29,4 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 394 m.kr. og verður 3.264 m.kr. Sjá nánar skýringar við breytingartillögur við 5. gr. (B-hluta).

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Framlag til viðfangsefnisins 1.30 Sjómannastofur er 1,1 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.31 Félagasamtök, styrkir er 21,7 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.90 Ýmis framlög er 8,2 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,5 m.kr. vegna starfs í Brussel í tengslum við EES-samninginn.

204 Lífeyristryggingar: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 30 m.kr. og verður 15.830 m.kr. vegna húsaleigubóta.

206 Sjúkratryggingar: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 170 m.kr. og verður 9.970 m.kr. Framlag hækkar um 160 m.kr. vegna endurmats á áætlunum í ljósi útkomu fyrstu 10 mánaða ársins 1994 og áætluð útgjöld hækka um 100 m.kr. þar sem fallið var frá að flýta gildistökuákvæðum lyfjalaga um verðlagningu og sölu á lyfjum. Á móti þessum hækkunum lækkar framlag um 35 m.kr. vegna læknavaktar í Reykjavík og flyst sú fjárveiting á fjárlagalið 500 Heilsuverndarstöð í Reykjavík. Fjárveiting að fjárhæð 25 m.kr. flyst yfir á fjárlagalið 371 Ríkisspítalar og lækkar þessi liður samsvarandi. Að lokum lækkar framlag til sjúkratrygginga um 30 m.kr. vegna áforma um að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni rekstur hjúkrunarheimila eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs.

350 Sjúkrahúsið Akranesi: Sértekjur lækka um 5 m.kr. þar sem fallið er frá breytingum á innheimtu vegna ferliverka.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Viðfangsefni 6.50 Nýbygging lækkar um 5 m.kr. og verður 35 m.kr. Breytingin er í samræmi við samning um framkvæmdina og er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans. Sértekjur fjárlagaliðarins lækka um 10 m.kr. þar sem fallið er frá breytingum á innheimtu vegna ferliverka.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 54 m.kr. og verður 56,5 m.kr. Liðurinn hækkar um 80 m.kr. þar sem sparnaður, sem var færður á þetta viðfangsefni, hefur verið færður á viðkomandi stofnanir. Á móti lækkar liðurinn um 26 m.kr. til móts við hækkun við 2. umr. fjárlaga til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

371 Ríkisspítalar: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 220 m.kr. og verður 7.064,9 m.kr. Hækkun um 145 m.kr. er í samræmi við samkomulag um lausn á fjárhagsvanda spítalans og hækkun um 50 m.kr. eru bætur vegna kjarasamninga. Hækkun um 25 m.kr. er vegna kaupa á hjartagangráðum og neföndunargrímum. Á móti lækkar framlag til sjúkratrygginga á fjárlagalið 206 Sjúkratryggingar um sömu fjárhæð. Viðfangsefni 6.70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð breytir um heiti vegna endurskoðunar á byggingarframkvæmdum á landspítalalóð. Liðurinn fær heitið 6.70 Nýframkvæmdir á landspítalalóð.

372 Borgarspítalinn: Liðurinn fellur brott og fjárveiting flyst yfir á fjárlagalið 375 Sjúkrahús Reykjavíkur.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti: Liðurinn fellur brott og fjárveiting flyst yfir á fjárlagalið 375 Sjúkrahús Reykjavíkur.

375 Sjúkrahús Reykjavíkur: Þetta er nýr fjárlagaliður og til hans flytjast fjárveitingar sem áður voru færðar á fjárlagaliðina 372 Borgarspítalinn og 373 St. Jósefsspítali, Landakoti. Þeir fjárlagaliðir falla niður. Framsetning hins nýja fjárlagaliðar kemur fram í breytingartillögu. Til viðbótar þeim fjárveitingum, sem færðar voru á fyrrgreinda fjárlagaliði, hækkar rekstrarframlag til Borgarspítala um 22,7 m.kr. vegna kjarasamninga og rekstrarframlag St. Jósefsspítala, Landakoti hækkar um 6,9 m.kr. af sömu ástæðum. Loks hækkar framlag til spítalans um 100 m.kr. og er það fært á viðfangsefni 1.33 Sjúkrahús Reykjavíkur, sameiginleg verkefni. Það er tímabundin fjárveiting og í samræmi við samning um lausn á fjárhagsvanda Borgarspítala.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Framlag til viðfangsefnisins 1.90 Ýmis framlög er 8 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði: Sértekjur lækka um 5 m.kr. þar sem fallið er frá breytingum á innheimtu vegna ferliverka.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 90 m.kr. og verður 251,6 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 40 m.kr. vegna sparnaðar í sjúkraflutningum sem ekki næst nema að takmörkuðum hluta á næsta ári og 50 m.kr. eru vegna frestunar á áformum um sparnað í heilsugæslustöðvum til ársins 1996. Á móti er framlag til fjárlagaliðarins 950 Rekstrarhagræðing lækkað um 15 m.kr.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 35 m.kr. vegna reksturs læknavaktar í Reykjavík. Á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 206 Sjúkratryggingar um sömu fjárhæð.

621 Áfengisvarnir og bindindismál: Framlag til viðfangsefnisins 1.90 Annað er 20,8 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

950 Rekstrarhagræðing: Viðfangsefni 1.90 Almennur rekstur lækkar um 15 m.kr. og verður 67,3 m.kr. Lækkunin kemur að hluta til á móti hækkun til fjárlagaliðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

09 Fjármálaráðuneyti

381 Uppbætur á lífeyri: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur lækkar um 20 m.kr. og verður 870 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

402 Fasteignamat ríkisins: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur lækkar um 2 m.kr. og lækkar þá tilfærsla til B-hluta. Á móti er tekinn inn nýr liður, 1.05 Yfirfasteignamatsnefnd, og er framlag 2 m.kr. Heildarbreyting er því engin.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Viðfangsefni 6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum hækkar um 100 m.kr. vegna ýmissa heimildarákvæða.

801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir: Viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur hækkar um 300 m.kr. og verður 12.300 m.kr. vegna endurskoðaðra áætlana um vaxtagreiðslur ríkisins.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir: Viðfangsefni 1.90 Aðild Íslands að EES o.fl. lækkar um 10 m.kr. og verður 40 m.kr. Á móti hækka framlög til nokkurra aðalskrifstofa ráðuneyta um 20 m.kr. alls en ráðgert er að stofna alls fjögur ný störf í Brussel.

999 Ýmislegt: Viðfangsefni 1.19 Ýmsar endurgreiðslur hækkar um 20 m.kr. vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda og virðisaukaskatts af björgunartækjum. Tekinn er inn nýr liður, 1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings. Framlag er 5 m.kr. og er einkum vegna sælgætisframleiðslu.

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,5 m.kr. vegna starfs í Brussel í tengslum við EES-samninginn.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar hækkar um 1,6 m.kr. og verður 28 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

211 Vegagerðin: Tekinn er inn nýr liður, 6.11 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála. Framlag er 1.250 m.kr. og er vegna sérstaks átaks í vegamálum á árunum 1995–99. Nokkrar millifærslur verða milli viðfangsefna fjárlagaliðarins en þær leiða ekki til breytinga á heildarfjárhæðum. Breytingar einstakra viðfangsefna verða sem hér segir: Viðfangsefni 5.05 Þjónustuviðhald hækkar um 4 m.kr., 5.10 Stofnviðhald lækkar um 81 m.kr., 6.10 Nýframkvæmdir hækkar um 148 m.kr., 6.40 Tilraunir hækkar um 29 m.kr. og að lokum lækkar viðfangsefni 6.55 Ferjur og flóabátar um 100 m.kr.

330 Vita- og hafnamál: Framlag til viðfangsefnisins 6.74 Lendingarbætur er 5 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

472 Flugvellir: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 17 m.kr. og verður 463 m.kr.

651 Ferðamálaráð: Tekinn er inn nýr liður, 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir, og framlag er 5 m.kr. Viðfangsefni 6.10 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994 hækkar um 20 m.kr. og verður 88 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,5 m.kr. vegna starfs í Brussel í tengslum við EES-samninginn.

240 Iðnaðarrannsóknir: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur lækkar um 1,5 m.kr. og verður 14,4 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

299 Iðja og iðnaður: Viðfangsefni 1.30 Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf lækkar um 1 m.kr. og viðfangsefni 1.40 Smáiðnaður í dreifbýli lækkar um 0,5 m.kr. Breytingarnar eru hluti af lækkunartillögu fjárlaganefndar. Framlag til viðfangsefnisins 1.50 Nýsköpun og markaðsmál er 7,4 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

371 Orkusjóður: Viðfangsefni 6.21 Styrking dreifikerfis í sveitum fellur niður en framlagið flyst yfir á nýtt viðfangsefni undir fjárlagalið 399 Ýmis orkumál.

399 Ýmis orkumál: Viðfangsefni 1.13 Hafsbotnsrannsóknir lækkar um 1 m.kr. og verður 3 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans. Tekinn er inn nýr liður, 1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum. Framlag er 100 m.kr. en á móti fellur niður 14,6 m.kr. fjárveiting til styrkingar dreifikerfis í sveitum sem færð var á fjárlagalið Orkusjóðs.

12 Viðskiptaráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.11 Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir lækkar um 0,3 m.kr. og viðfangsefni 1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál lækkar um 0,3 m.kr. Breytingarnar eru hluti af lækkunartillögu fjárlaganefndar.

301 Löggildingarstofan: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður lækkar um 0,4 m.kr. og verður 6,5 m.kr. Breytingin er hluti af lækkunartillögu meiri hlutans.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,5 m.kr. vegna starfs í Brussel í tengslum við EES-samninginn.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.23 Ýmis umhverfisverkefni hækkar um 4 m.kr. og verður 14 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.91 Ráðstefna um mengun í hafi frá landstöðvum. Framlag er 20,5 m.kr. og er ætlað til undirbúnings ráðstefnu gegn mengun frá landstöðvum.

301 Skipulagsstjóri ríkisins: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur lækkar um 2 m.kr. en á móti hækkar viðfangsefni 1.12 Skipulag miðhálendis um sömu fjárhæð. Sértekjur fjárlagaliðarins lækkar um 4 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands: Viðfangsefni 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 5 m.kr. vegna aukinna launagreiðslna í kjölfar kjarasamninga við veðurfræðinga.

Nefndinni hafa borist óskir fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta um leiðréttingar á gjaldategundum í 4. gr. Hér er eingöngu um að ræða breytingar á framsetningu fjárlagaliða og viðfangsefna en ekki neinar efnisbreytingar. Breytingar þessar eru sem hér segir:

1. Tilfærsla milli gjaldategunda á viðfangsefni í dóms- og kirkjumálaráðuneyti: Fjárlagaliður 701 Biskup Íslands, framlag að fjárhæð 12,1 m.kr. á viðfangsefni 1.21 Prestar og prófastar verði fært af öðrum gjöldum yfir á launagjöld.
2. Tilfærsla milli gjaldategunda á viðfangsefni í umhverfisráðuneyti. Á fjárlagalið 410 Veðurstofa Íslands breytast gjaldaliðir á viðfangsefni 1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug sem hér segir: Launagjöld lækka um 3,5 m.kr., önnur gjöld hækka um 2 m.kr., eignakaup hækka um 0,1 m.kr. og sértekjur lækka um 1,4 m.kr.

Nefndin hefur fallist á þessar breytingar og verða þær teknar upp í fjárlögum þegar þau verða prentuð eftir 3. umr., en ekki fluttar sérstakar breytingartillögur um þær.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR. (B-HLUTA)

B-hlutaáætlanir hafa verið endurmetnar frá því frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða á næsta ári. Í framhaldi af því gerir meiri hlutinn tillögu um breytingar á 13 áætlunum í B-hluta. Tillagan gerir ekki ráð fyrir gjaldskrárhækkunum umfram það sem fram kom í fjárlagafrumvarpi.

Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Miðað við útkomu yfirstandandi árs eru horfur á að lánveitingar sjóðsins á næsta ári verði heldur minni en gert var ráð fyrir þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram, eða sem nemur 170 m.kr. Þá hefur farið fram endurmat á hlutdeild ríkissjóðs í fjármögnun lánasjóðsins miðað við að eiginfjárstaða haldist óskert. Niðurstaða þeirrar athugunar er að hlutfall ríkisframlaga geti lækkað nokkuð frá því sem verið hefur, eða úr 54% í 51% af námsaðstoðinni. Framlag ríkissjóðs lækkar samkvæmt framansögðu um 20 m.kr. Einnig er nú gert ráð fyrir að ríkisábyrgðagjald falli niður og að lántökukostnaður lækki við það úr 4% í 2%, eða sem nemur 80 m.kr. Af þessum ástæðum er gert ráð fyrir að unnt verði að draga úr lántökum þannig að þær verði 230 m.kr. lægri en í fjárlagafrumvarpi.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Við 2. umr. fjárlaga var framlag til hljómsveitarinnar í A-hluta hækkað um 6 m.kr. Áætlun í B-hluta er nú breytt til samræmis við þá hækkun.

Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli. Sökum aukinnar samkeppni við aðrar fríhafnir hefur álagning lækkað. Er því talið að tekjur af seldum vörum og þjónustu verði 20 m.kr. lægri en í frumvarpi. Greiðsla í ríkissjóð lækkar um sömu fjárhæð og verður 560 m.kr.

Félagsmálaráðuneyti

270 Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild: Endurmat á forsendum, sem lagðar voru til grundvallar fjárlagatillögum sjóðsins í fjárlagafrumvarpi, hefur í för með sér að gera þarf nokkrar breytingar í áætlun sjóðsins, einkum varðandi vaxtagreiðslur og lánahreyfingar. Greiddir vextir hækka um 10 m.kr. og innheimtir um 135 m.kr. Greiddar afborganir hækka um 70 m.kr. og innheimtar um 55 m.kr. Þá aukast aðrar tekjur um 33 m.kr. Samanlagt leiða þessar breytingar til sjóðsaukningar að fjárhæð 143 m.kr.

271 Byggingarsjóður ríkisins: Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 var litið fram hjá innbyrðis viðskiptum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í reynd selur Byggingarsjóður ríkisins skuldabréf og endurlánar Byggingarsjóði verkamanna. Vegna þessa hækka tekin lán Byggingarsjóðs ríkisins um 300 m.kr. Jafnframt þarf að gera nokkrar leiðréttingar á áætluðum vaxtagreiðslum og lánahreyfingum vegna skekkju sem varð í útreikningum við gerð fjárlagatillagna. Þannig verða greiddir vextir um 538 m.kr. hærri en í frumvarpi og innheimtir vextir 231 m.kr. lægri. Greiddar afborganir lækka um 949 m.kr. og innheimtar um 500 m.kr. Útstreymi af sparimerkjareikningum lækkar um 100 m.kr. frá frumvarpi. Loks aukast lánveitingar til Byggingarsjóðs verkamanna um 80 m.kr. vegna endursölu- og almennra kaupleiguíbúða.

272 Byggingarsjóður verkamanna: Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 var gert ráð fyrir að sjóðurinn seldi skuldabréf beint. Í reynd er það Byggingarsjóður ríkisins sem selur skuldabréfin og endurlánar síðan Byggingarsjóði verkamanna. Af þessum sökum hækka tekin lán um 300 m.kr. Þá eru gerðar leiðréttingar á nokkrum skekkjum sem urðu í útreikningum við gerð fjárlagatillagna. Þannig hækka greiddir vextir um 222 m.kr. frá frumvarpi og innheimtir vextir um 84 m.kr. Aðrar tekjur lækka um 18,6 m.kr., en þá breytingu má rekja til vaxta og uppgjörs vegna framkvæmdalána. Afborganir lána lækka um 301 m.kr. en innheimtar afborganir hækka um 56 m.kr. Þá hækka lánveitingar um 580 m.kr. og í lántökum bætast 80 m.kr. vegna endursölu- og almennra kaupleiguíbúða við þær 300 m.kr. sem áður voru nefndar.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður: Endurskoðuð áætlun um sjóðinn gerir ráð fyrir að heimilt verði að verja allt að 62 m.kr. til lánveitinga og styrkja og til að kosta námskeiðahald. Einnig er áformað að draga úr kostnaði við þá þjónustu sem úthlutunarnefndir, sýslumenn og greiðsluaðilar hafa með höndum í tengslum við sjóðinn. Sá kostnaður er nú áætlaður 50 m.kr. Þá hefur náðst samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um áframhaldandi samvinnu um átaksverkefni til að draga úr atvinnuleysi og er stefnt að því að þau verði ekki minni að umfangi en í ár. Samkvæmt samkomulaginu munu sveitarfélögin hins vegar ekki leggja sjóðnum til sérstakt 600 m.kr. framlag vegna þeirra verkefna eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Loks bendir ný spá um atvinnuleysi fyrir árið 1995 til þess að það verði 0,3% lægra en áður var gert ráð fyrir, eða 4,6% að meðaltali í stað 4,9%. Að samanlögðu er nú miðað við að framlag úr A-hluta ríkissjóðs hækki um 394 m.kr. af þessum ástæðum.

Fjármálaráðuneyti

402 Fasteignamat ríkisins: Sú breyting verður á framsetningu að Yfirfasteignamatsnefnd fær sérstakt viðfangsefni í A-hluta fjárlaga. Við það lækkar launaliður stofnunarinnar í B-hluta um 2 m.kr. og jafnframt lækkar framlag úr ríkissjóði um sömu fjárhæð.

Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnun: Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um starfsemi fyrirtækisins aukast rekstrargjöldin um 235 m.kr. Áætlað er að auknar rekstrartekjur muni vega upp þau útgjöld og raunar bæta afkomuna um 107 m.kr. Jafnframt er nú gert ráð fyrir að greiðsluafgangur frá yfirstandandi ári verði 350 m.kr. meiri en ætlað var í fjárlagafrumvarpi. Fyrirhugað er að þessi afkomubati verði nær allur nýttur til aukinnar fjárfestingar. Þar vega þyngst um 300 m.kr. til sæsímastrengsins Canus milli Kanada og Bandaríkja Norður-Ameríku sem er framhald af Cantat-3 ljósleiðarastrengnum milli Evrópu og Kanada. Afganginum verður að mestu varið til framkvæmda við ljósleiðarakerfi innan bæjar og sjálfvirkt tilkynningarkerfi.

110 Söludeild Póst- og símamálastofnunar: Tekjur og gjöld söludeildar Póst- og símamálastofnunar breytast í samræmi við endurskoðaða rekstraráætlun fyrirtækisins. Hagnaður fyrirtækisins er nú talinn verða 31 m.kr. en var áætlaður 41 m.kr. í upprunanlegu frumvarpi.

330 Hafnabótasjóður: Við 2. umr. fjárlaga var framlag úr A-hluta til Hafnabótasjóðs lækkað úr 128 m.kr. í 40,6 m.kr. Áætlun í B-hluta er nú breytt til samræmis við þá lækkun og verða tilfærslur úr Hafnabótasjóði þá 15,6 m.kr. í stað 103 m.kr. í frumvarpi.

Iðnaðarráðuneyti

321 Rafmagnsveitur ríkisins: Gert er ráð fyrir nýju framlagi úr ríkissjóði að fjárhæð 100 m.kr. í samræmi við samkomulag sem gert hefur verið milli Rafmagnsveitna ríkisins, iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Framlagið greiðist af fjárlagaliðnum *11-399 Ýmis orkumál* í A-hluta og verður varið til styrkingar dreifikerfa í sveitum. Fjárfesting hækkar því um sömu fjárhæð og verður 640 m.kr.

371 Orkusjóður: Framlag úr ríkissjóði lækkar um 14,6 m.kr. og verður 28 m.kr. Í frumvarpi var gert ráð fyrir að framlagið væri greitt af *6.21 Styrking dreifikerfis í sveitum* undir *11-371 Orkusjóður* í A-hluta, en það færist nú yfir á *11-399 Ýmis orkumál* og verður hluti af 100 m.kr. framlagi til *Rafmagnsveitna ríkisins* vegna sömu verkefna. Við þessa breytingu falla þá jafnframt niður 14,6 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum hjá Orkusjóði í B-hluta.

Alþingi, 20. des. 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Einar K. Guðfinnsson.	Gunnlaugur Stefánsson.	Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal I.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp, hefur nefndin fjallað um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Til að skýra málið frekar fékk nefndin á fund sinn frá fjármálaráðuneyti Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra og Maríönnu Jónasdóttur deildarstjóra, sem og Þórð Friðjónsson þjóðhagsstofustjóra og Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun.

Þær breytingar, sem lúta að tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1995, koma einkum fram í breyttum þjóðhagshorfum en einnig í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (290. máli) sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar.

Breyttar þjóðhagsforsendur, fyrst og fremst á árinu sem er að líða, munu skila sér í auknum tekjum bæði á þessu ári og á árinu 1995. Meta má þessi áhrif nálægt 2,5 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlagafrumvarps. Hinar breytingarnar tengjast ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Þar er annars vegar aðallega um að ræða sérstaka fjáröflun til vegaframkvæmda (bensíngjald, þungaskattur), en hins vegar breytingar sem lagðar eru til í skattalagafrumvarpinu. Breytingar í því frumvarpi, sem áhrif hafa á tekjur ríkissjóðs, eru þær helstar að fellt verður niður efra þrep eignarskatts (ekknaskattur), „tvísköttun“ lífeyrisgreiðslna verður afnumin, sérstökum flýtifyrningarreglum komið á, framlenging verður á sérstökum tekjuskatti einstaklinga (hátekjuskatti) og afsláttur vegna hlutabréfakaupa verður óbreyttur. Þessar breytingar vega nokkurn veginn hver upp á móti annarri þannig að samanlagt er ekki gert ráð fyrir nema 200 millj. kr. lækkun tekna ríkissjóðs frá fyrri áætlun í því sambandi.

Samanlögð áhrif þessara breytinga fela í sér 2,679 milljörðum kr. hærri tekjur en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Heildartekjur eru því áætlaðar 112,092 milljarðar kr. Af þessu eru skatttekjur áætlaðar 104,472 milljarðar kr. eða 2,524 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir. Ekki er gert ráð fyrir mikilli breytingu á skatthlutföllum vegna þessara auknu tekna ríkissjóðs þar sem landsframleiðsla eykst samsvarandi.

Alþingi, 19. des. 1994.

Vilhjálmur Egilsson, varaform.
Guðmundur Árni Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.
Sólveig Pétursdóttir.

Viðauki.

Fjármálaráðuneytið,
efnahagsskrifstofa:

Tekjuhorfur ríkissjóðs 1994 og 1995.
(19. desember 1994.)

1. Breyttar þjóðhagsforsendur.

Þjóðhagsstofnun hefur nú endurskoðað spár sínar fyrir árin 1994 og 1995. Þrjár hagstærðir skipta mestu fyrir þróun tekna ríkissjóðs, þ.e. ráðstöfunartekjur og neysluútgjöld heimilanna og þróun almenns vöruinnflutnings. Þessar stærðir hafa allar tekið verulegum breytingum frá fyrri spám, sérstaklega hvað varðar árið 1994, en það er grunnur tekjuáætlunar fjárlaga 1995. Af þessum ástæðum er nú áætlað að tekjur ríkissjóðs árin 1994 og 1995 verði mun hærri en áður var reiknað með.

Árið 1994. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1994 (í desember 1993) var samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar gert ráð fyrir að landsframleiðsla *drægist saman um 2% árið 1994.* Samkvæmt endurskoðaðri spá er hins vegar talið að landsframleiðslan *aukist um 2%.* Frávikið er því 4%. Svipuð frávik koma fram í spá um breytingu einkaneyslu og þjóðarútgjalda, eða 3–4%. Einnig er nú spáð meiri hækkun launa en áður og ráðstöfunartekjur heimilanna eru taldar hækka um 2% árið 1994 samanborið við spá um 0,5% lækkun í forsendum fjárlaga. Þetta stafar m.a. af minna atvinnuleysi og meiri tekjubreytingum en áður var spáð. Mest er frávikið þó í innflutningi, en þar er nú gert ráð fyrir 4% aukningu samanborið við 4% samdrátt áður. Breyttar þjóðhagsforsendur skýra að langmestu leyti tekjuauka ríkissjóðs á árinu 1994, sjá nánar fskj. 1.

Árið 1995. Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá er nú gert ráð fyrir rúmlega 2% aukningu landsframleiðslu árið 1995, en í Þjóðhagsáætlun frá í september hafði verið reiknað með 1,4% aukningu. Munurinn er heldur meiri þegar litið er til þjóðarútgjalda, en þau eru talin aukast um 3,3% á næsta ári samanborið við 2% aukningu í fyrri spám. Þetta stafar fyrst og fremst af auknum opinberum framkvæmdum, en einnig er búist við að neysluútgjöld heimilanna aukist heldur meira, eða um 2,5% samanborið við 2% í fyrri spá. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði minna en áður var spáð og að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði því meiri, sjá nánar fskj. 2.

2. Tekjuhorfur ríkissjóðs 1994.

Nú liggja fyrir tölur um innheimtu ríkissjóðstekna fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins auk bráðabirgðatalna fyrir fyrri hluta desembermánaðar. Á þessum forsendum hefur tekjuáætlun fjárlaga fyrir yfirstandandi ár verið endurskoðuð. Nú er talið að tekjur ríkissjóðs árið 1994 geti orðið 109,3 milljarðar kr., eða rúmlega 5 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlaga. Í september hafði verið reiknað með að þetta frávik yrði um 2,6 milljarðar kr.

Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 1994.

Í milljónum króna	Fjárlög	September endur-skoðun	Desember endur-skoðun	Frávik frá fjár-lögum	Frávik frá september
Tekju- og eignarskattar ..	**21.345**	**22.243**	**22.941**	**1.596**	**698**
Einstaklingar	17.425	17.468	17.998	573	530
Fyrirtæki	3.920	4.775	4.943	1.023	168
Aðrir skattar	**75.376**	**77.020**	**78.801**	**3.425**	**1.781**
Innflutnings- og vörugjöld	7.934	7.666	8.004	70	338
Virðisaukaskattur	38.815	40.000	41.150	2.335	1.150
Hagnaður ÁTVR	6.370	6.600	6.600	230	0
Tryggingagjald	10.220	10.400	10.450	230	50
Bifreiðagjöld	8.270	8.140	8.335	65	195
Aðrir skattar	3.767	4.214	4.262	495	48
Aðrar tekjur	**7.425**	**7.502**	**7.602**	**177**	**100**
Vaxtatekjur	4.000	4.400	4.450	450	50
Aðrar tekjur	3.425	3.102	3.152	-273	50
Heildartekjur ríkissjóðs ..	**104.146**	**106.765**	**109.344**	**5.198**	**2.579**
Skatttekjur ríkissjóðs	**96.721**	**99.263**	**101.742**	**5.021**	**2.479**
Skatttekjur sem % af VLF .	***24,6***	***23,3***	***23,6***	***-1,0***	***0,3***

Tekjuauki ríkissjóðs árið 1994 stafar sem fyrr segir fyrst og fremst af breyttum þjóðhagsforsendum. Þannig virðast veltutölur benda til þess að nokkur umskipti hafi orðið um mitt þetta ár og innflutningstölur taka síðan verulegan kipp á haustmánuðum. Þannig birtist aukin innheimta undanfarna mánuði einkum í viðbótartekjum af veltusköttum sem sýnir að umsvif í efnahagslífinu hafa verið að aukast. Sem dæmi má nefna að innheimta virðisaukaskatts var einungis 900 m.kr. meiri til ágústloka en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagaáætlun, en nú í lok nóvember var innheimtan komin rúmlega 2 milljörðum kr. fram úr áætlun. Þessarar þróunar gætir einnig í innheimtu á tollum og vörugjöldum, enda sýna tölur um vöruinnflutning verulega aukningu milli ára. Til dæmis hefur innflutningur fólksbifreiða tekið kipp og aukist um tæplega 10% síðustu þrjá mánuði frá sama tíma í fyrra þótt enn gæti samdráttar á árinu öllu. Svipuð merki sjást í innflutningi atvinnubifreiða.

Annar mælikvarði á aukin umsvif eru staðgreiðsluskil á tekjuskatti einstaklinga, en þau veita ákveðnar vísbendingar um tekjuþróun. Tölur til nóvemberloka benda til þess að heildarlaunagreiðslur í landinu hafi hækkað um rúmlega 3% miðað við sama tíma í fyrra, en í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir að hækkunin yrði innan við 1%. Fyrstu átta mánuði ársins skilaði staðgreiðslan ríkissjóði 500 m.kr. umfram það sem búist hafði verið við og var talið að sérstakt átak í atvinnumálum, m.a. á vegum sveitarfélaganna, ætti þar hlut að máli og að aukningin yrði minni á árinu öllu. Tölur síðustu þriggja mánaða sýna hins vegar áframhaldandi aukningu og er nú útlit fyrir að innheimta ríkissjóðs á tekjuskatti einstaklinga verði um 500 m.kr. meiri á þessu ári en áætlað hafði verið.

Þá eru tekjur af skattlagningu fyrirtækja mun meiri en reiknað hafði verið með, bæði vegna hærri álagningar tekjuskatta og eignarskatta á þessu ári en áætlað var og betri innheimtu.

3. Tekjuáætlun fjárlaga 1995.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu 109,4 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð. Hér er tvennt á ferðinni. Annars vegar er um að ræða breyttar þjóðhagsforsendur, fyrst og fremst á árinu 1994, sem skila sér í auknum tekjum bæði á árinu 1994 og 1995. Í grófum drættum má meta þessi áhrif nálægt 2½ milljarði kr. umfram áætlun fjárlagafrumvarps. Þetta er nokkurn veginn sama fjárhæð og kemur fram sem viðbótartekjur á árinu 1994 frá því sem spáð var í haust að teknu tilliti til heldur meiri hagvaxtar og þjóðarútgjalda árið 1995.

Hins vegar eru ýmsar breytingar frá fyrri áætlun sem tengjast ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í skattamálum, svo sem sérstök fjáröflun til vegaframkvæmda (bensíngjald, þungaskattur), niðurfelling „ekknaskatts", afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna, flýtifyrningar, óbreyttur afsláttur vegna hlutabréfakaupa og álagning hátekjuskatts. Þessi atriði eru ýmist til hækkunar eða lækkunar, en samanlagt má meta þau til tæplega 200 millj. kr. lækkunar tekna frá fyrri áætlun.

Þegar allt er lagt saman er nú áætlað að tekjur ríkissjóðs á árinu 1995 verði 112,1 milljarður kr., eða 2,7 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Skatttekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 104,5 milljarðar kr., eða 2,6 milljörðum umfram fyrri spá. Þrátt fyrir auknar tekjur breytast skatthlutföll lítið þar sem landsframleiðsla eykst samsvarandi. Hlutfall skatttekna er áætlað 23,2% af landsframleiðslu, samanborið við 23,6% árið 1994. Hlutfall heildartekna af landsframleiðslu er 24,9%, samanborið við 24,4% árið 1994. Þetta eru lægstu hlutföll sem mælst hafa síðan 1987, sjá nánar meðfylgjandi línurit.

Drög að tekjuáætlun fjárlaga 1995.
— Helstu frávik frá frumvarpi. —

Í milljónum króna	Frumvarp 1995	Fjárlög 1995	Frávik
Tekjuskattar og eignarskattar	**22.530**	**22.750**	**220**
Einstaklingar	17.570	17.630	60
Fyrirtæki	4.960	5.120	160
Aðrir skattar	**79.418**	**81.722**	**2.304**
Innflutnings- og vörugjöld	8.292	8.719	427
Virðisaukaskattur	40.850	42.200	1.350
Hagnaður ÁTVR	6.865	6.865	0
Tryggingagjöld	10.900	10.900	0
Bifreiðagjöld	8.290	8.725	435
Aðrir skattar	4.221	4.313	92
Aðrar tekjur	**7.465**	**7.620**	**155**
Vaxtatekjur	4.500	4.600	100
Arðgreiðslur o.fl.	2.965	3.020	55
Heildartekjur ríkissjóðs	**109.413**	**112.092**	**2.679**
Skatttekjur ríkissjóðs	**101.948**	**104.472**	**2.524**
Skatttekjur sem % af VLF	***23,1***	***23,2***	***0,1***

Fskj. 1.

Þjóðhagsforsendur fyrir árið 1994.


	Fjárlög 1994	Endurskoðuð áætlun 1994	Frávik
I. Helstu þjóðhagsstærðir — magnbreytingar milli ára, %			
Einkaneysla	-1,6	2,1	3,7
Samneysla	-1,0	1,1	2,1
Fjárfesting	-2,6	0,0	2,6
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	-1,6	1,5	3,1
Útflutningur vöru og þjónustu	-3,6	6,6	10,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-2,5	3,3	5,8
Almennur vöruinnflutningur án olíu	-4,4	4,1	8,5
Verg landsframleiðsla	-2,0	2,0	4,0
Þjóðartekjur	-2,0	2,0	4,0
II. Launa- og verðlagsforsendur — meðalbreytingar milli ára, %			
Ráðstöfunartekjur á mann	-0,8	2,0	2,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-3,1	0,5	3,6
Þjóðartekjur á mann	-2,8	1,0	3,8
Framfærsluvísitala	2,4	1,5	-0,9
Byggingarvísitala	2,3	2,5	0,2
Lánskjaravísitala	1,9	1,8	-0,1
Meðalgengi	3,3	5,4	2,1
Innflutningsverð í erlendri mynt	2,0	2,0	-
Verðvísitala samneyslu	1,0	2,1	1,1
Verðvísitala landsframleiðslu	2,5	2,5	-
Viðskiptakjör, vörur	0,6	1,6	1,0
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	5,0	4,8	-0,2
III. Ýmsar forsendur			
Fjöldi innfluttra bíla	6.080	6.300	220
Fólksbílar	5.400	5.560	160
Atvinnubílar	680	740	60
Sala á bensíni, milljónir lítra	183	182	-1

Fskj. 2.

Þjóðhagsforsendur fyrir árið 1995.

	Frumvarp 1995	Fjárlög 1995
I. Helstu þjóðhagsstærðir — magnbreytingar milli ára, %		
Einkaneysla	2,0	2,5
Samneysla	1,6	2,0
Fjárfesting	2,2	5,2
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	2,0	2,9
Útflutningur vöru og þjónustu	1,1	0,4
Innflutningur vöru og þjónustu	2,9	3,7
Almennur vöruinnflutningur án olíu	3,4	5,0
Verg landsframleiðsla	1,4	2,1
Þjóðartekjur	1,8	3,0
II. Launa- og verðlagsforsendur — meðalbreytingar milli ára, %		
Ráðstöfunartekjur á mann	2,5	2,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	0,5	1,0
Þjóðartekjur á mann	0,8	2,0
Framfærsluvísitala	2,0	1,8
Byggingarvísitala	2,5	2,8
Lánskjaravísitala	2,5	2,6
Meðalgengi	0,0	0,4
Innflutningsverð í erlendri mynt	1,8	1,8
Verðvísitala samneyslu	2,6	2,6
Verðvísitala landsframleiðslu	2,5	2,6
Viðskiptakjör, vörur	1,6	2,3
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	4,9	4,6
III. Ýmsar forsendur		
Fjöldi innfluttra bíla	6.500	6.800
Fólksbílar	5.750	6.000
Atvinnubílar	750	800
Sala á bensíni, milljónir lítra	186	185

Tekjur ríkissjóðs



Fylgiskjal II.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt 25. gr. þingskapalaga vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein frumvarps til fjárlaga til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin hefur farið yfir tekjugreinina og er skemmst frá því að segja að þegar afgreiðsla nefndarinnar átti sér stað var yfirferð nefndarinnar á skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar ekki hafin. Þessi staðreynd hlýtur eðli málsins samkvæmt að setja mark sitt á umfjöllunina þar sem ekki liggur endanlega fyrir hvaða áhrif skattalagabreytingarnar hafa á tekjur ríkissjóðs.

Samkvæmt þeim gögnum, sem nefndin hefur fengið frá fjármálaráðuneytinu, má ætla að áhrif skattalagabreytinganna, sem tengjast yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. desember 1994, séu óveruleg fyrir ríkissjóð. Þess ber þó að geta að nefndin hefur ekki fengið í hendur neina áreiðanlega útreikninga á áhrifum skattabreytinga í tengslum við yfirlýsinguna. Nefndinni hefur einungis borist lausleg samantekt þar sem fram kemur að samanlögð niðurstaða þessara ráðstafana fyrir ríkissjóð séu tekjulækkun upp á 200 millj. kr. Í þessu sambandi er þó rétt að íteka að þegar þetta er skrifað situr meiri hluti nefndarinnar á fundi til þess að reyna að ná samkomulagi um breytingartillögur við skattalagafrumvarpið þannig að þessi tala kann að breytast.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun ríkisins fyrir árið 1994 frá því forsendur fjárlaga voru ákveðnar 1. september og endurskoðaðri þjóðhagsspá hefur tekjugrein fjárlagafrumvarpsins hækkað um 2.679 millj. kr. Það er ljóst samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum um breytingar á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins að búið er að ráðstafa öllum þessum bata og meiru til. Þessa staðreynd er vert að skoða í ljósi yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í upphafi þessa kjörtímabils varðandi markmið um að ná niður ríkissjóðshalla. Nú liggur fyrir að þegar betur árar í þjóðfélaginu á ekki að nota batann gagnvart ríkissjóði til þess að ná niður ríkissjóðshalla heldur á að eyða honum öllum fyrir fram samkvæmt þeim spám sem nú liggja fyrir. Minni hlutinn bendir á að spár þessar byggjast á því að sá bati, sem náðist á árinu 1994, haldist, m.a. vegna Smuguveiða og mikillar loðnuveiði, og um verði að ræða áframhaldandi hækkun á fiskmörkuðum erlendis. Því má ekki mikið út af bera til þess að þessar forsendur raskist.

Þá bendir minni hlutinn á að enn er aukið á hallann með því að nýta ekki þá tekjustofna sem tiltækir eru. Þar má m.a. benda á að samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar er hátekjuskattur lækkaður og tækifæri til þess að breikka eignarskattsstofn með því að taka inn fjármagnseign og/eða taka upp fjármagnsskatt er ekki nýtt. Þá má benda á að niðurfelling sérstaka stóreignaskattsins, „ekknaskattsins“, er órökrétt nema í tengslum við breikkun eignarskattsstofns eða upptöku fjármagnstekjuskatts.

Þetta ber m.a. að skoða í því ljósi að nú er mikill þrýstingur á hækkun vaxta og vonir standa til að fjárfesting aukist í atvinnulífinu. Við þessar aðstæður væri því afar æskilegt að ríkið drægi sig að einhverju leyti út af innlendum lánsfjármarkaði í stað þess að auka á spennuna með auknum fjárlagahalla. Það er skoðun minni hlutans að þetta kunni að hafa veruleg áhrif á þróun vaxta á næstunni.

Minni hlutinn vill að lokum ítreka að það þjónar takmörkuðum tilgangi að skila áliti sem þessu meðan þau vinnubrögð eru viðhöfð sem nú tíðkast á Alþingi. Þar á minni hlutinn við að nauðsynlegt fylgifrumvarp fjárlaga komi ekki fram fyrr en svo seint að ekki er hægt að viðhafa eðlilegan vinnuferil við framgang mála. Það endurspeglast m.a. í því hvað þetta mál varðar að nefndin skuli þurfa að skila umfjöllun um tekjugreinina áður en umfjöllun um skattalagafrumvörpin er lokið. Það er skoðun minni hlutans að hér verði Alþingi að setja framkvæmdarvaldinu stólinn fyrir dyrnar og gera kröfu um vandaðri vinnubrögð. Haldi þessu áfram vofir því miður stöðugt yfir sú hætta að það eigi sér stað handvömm við setningu flókinna laga. Dæmin sýna að slíkt hefur átt sér stað á umliðnum árum.

Alþingi, 20. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Finnur Ingólfsson.

465. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, ÁJ, EKG, GunnS, ÁMM).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-510 Bessastaðir. 601 Mannvirkjagerð.	
Fyrir „82.000“ kemur	72.000
2. Við 4. gr. 01-221 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „210.000“ kemur	250.000
3. Við 4. gr. 02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „240.000“ kemur	245.000
4. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 102 Sameiginleg útgjöld.	
Fyrir „289.600“ kemur	309.600
b. Við 106 Kennslu- og vísindadeildir.	
Fyrir „990.800“ kemur	1.036.800
c. Við 107 Alþjóðaskrifstofa.	
Fyrir „8.100“ kemur	12.100
5. Við 4. gr. 02-223 101 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.	
Fyrir „31.600“	32.600
6. Við 4. gr. 02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „1.200“ kemur	3.700

Þús. kr.

7. Við 4. gr. 02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri. 602 Sjávarútvegsbraut Dalvík, tæki og búnaður.
   Fyrir „600“ kemur 3.100
8. Við 4. gr. 02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. 601 Tæki og búnaður.
   Fyrir „2.000“ kemur 4.500
9. Við 4. gr. 02-518 Fiskvinnsluskólinn. 102 Annað en kennsla.
   Fyrir „11.200“ kemur 13.200
10. Við 4. gr. 02-872 101 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
   Fyrir „1.500.000“ kemur 1.480.000
11. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. 590 Verndun gamalla húsa.
   Fyrir „15.000“ kemur 33.000
12. Við 4. gr. 02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. 101 Almennur rekstur.
   Fyrir „117.800“ kemur 147.800
13. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög.
   a. Við 190 Söfn, ýmis framlög.
      Fyrir „4.000“ kemur 8.000
   b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Söfn, ýmis framlög (02-919 190).

1. Sæfiskasafn Höfnum	1.000
2. Fiska- og sjávarútvegssafn Akranesi	400
3. Minjasafn Akureyrar	500
4. Stríðsárasafn Reyðarfirði	400
5. Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	1.500
Óráðstafað	4.200
	8.000

14. Við 4. gr. Nýr liður:
   02-980 Listskreytingasjóður.
   601 Stofnkostnaður 4.000
15. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.
   a. Við 130 Íslenska óperan.
      Fyrir „41.300“ kemur 53.300
   b. Við 190 Listir, framlög.
      Fyrir „42.700“ kemur 45.700
   c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Listir, framlög (02-982 190).

1. Samband íslenskra lúðrasveita	300
2. Íslensk tónverkamiðstöð	5.600
3. Íslenska brúðuleikhúsið	400
4. Leikbrúðuland	1.000
5. Kammersveit Reykjavíkur	1.300

	Þús. kr.
6. Samtök um Edinborgarhúsið	1.500
7. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000
8. Sumartónleikar Skálholti	1.300
9. Listvinafélag Vestmannaeyja	300
10. Sumartónleikar Norðurlandi	300
11. Djassklúbbur Egilsstaða	300
12. Útileikhúsið	400
13. Tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	300
Óráðstafað	31.700
	45.700

16. Við 4. gr. 02-983 190 Ýmis fræðistörf. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ýmis fræðistörf (02-983 190).

1. Félag íslenskra náttúrufræðinga, náttúrufræðingatal	200
2. Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	2.500
3. Hið íslenska bókmenntafélag	1.000
4. Safnastofnun Austurlands, Húsasaga á Seyðisfirði	300
Óráðstafað	10.000
	14.000

17. Við 4. gr. 02-988 190 Æskulýðsmál. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Æskulýðsmál (02-988 190).

1. Æskulýðssamband Íslands	800
2. Landssamband Gideonfélaga	300
3. Skátaskólinn við Úlfljótsvatn	2.000
4. Landssamband hestamannafélaga	1.000
5. Landssamband KFUM og KFUK	6.000
Óráðstafað	2.400
	12.500

18. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.
    a. Við 116 Íþróttafélög, styrkir. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Íþróttafélög, styrkir (02-989 116):
Reykjanes:

1. Knattspyrnufélagið Reynir, uppbygging íþróttasvæðis	400

	Þús. kr.
2. Byggingardeild ÍBK, kaup á áhöldum	220
3. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, vélakaup	300
4. Íþróttafélagið Gerpla, fimleikagryfja	200
5. Knattspyrnufélagið Víðir, framkvæmdir við íþróttavöll	400
	1.520
Reykjavík:	
1. Skíðadeild Fram, skíðaskáli	300
2. Ungmennafélagið Fjölnir, kaup á tækjum	300
3. Íþróttafélag Reykjavíkur, kaup á tækjum	200
4. Íþróttafélag Reykjavíkur (skíðadeild), jarðýtuvinna	300
5. Knattspyrnufélag Reykjavíkur (fimleikadeild) kaup á tækjum	200
6. Skíðadeild Víkings, aðstöðuhús	200
	1.500
Vesturland:	
1. Golfklúbburinn Leynir, kaup á sláttuvél	200
2. Golfklúbbur Borgarness, kaup á vélum	300
3. Ungmennafélagið Íslendingur, endurbætur við sundlaug	200
4. Ungmennafélagið Stjarnan, lagfæring á íþróttaaðstöðu	200
5. Ungmennafélagið Dalamenn og N-Breiðf., uppbygging íþróttavallar	235
6. Ungmennafélag Grundarfjarðar, íþróttavöllur, tækjahús	300
	1.435
Vestfirðir:	
1. Golfklúbbur Bíldudals, áfrh. uppbygging	300
2. Ungmennafélag Barðastrandar, endurbætur við sundlaug	140
3. Ungmennafélag Tálknafjarðar, sparkvöllur	300
4. Íþróttafélagið Grettir, körfuboltaspjöld	200
5. Íþróttafélag Bílddælinga, hlaupabraut	300
	1.240
Norðurland vestra:	
1. Ungmennafélagið Hvöt, íþróttavöllur	400
2. Ungmennafélagið Vorboðinn, íþróttavöllur	300
3. Ungmennafélagið Neisti, völlur, áhöld og tæki	300
4. Ungmennafélagið Geisli, uppbygging íþróttasvæðis	200
5. Ungmennafélagið Fram, íþróttavöllur	200
6. Golfklúbburinn Ós, endurbætur við golfvöll	200
	1.600
Norðurland eystra:	
1. Skotfélag Akureyrar, uppbygging skotsvæðis	300
2. Golfklúbburinn Gljúfri, kaup á vélum	300
3. Knattspyrnufélag Akureyrar, grasvöllur, girðing	500

	Þús. kr.
4. Skotfélag Ólafsfjarðar, aðstöðuhús, útisvæði	200
5. Ungmennafélag Langnesinga, íþróttavöllur, fótboltavöllur	200
	1.500
Austurland:	
1. Golfklúbbur Djúpavogs, uppbygging golfvallar	300
2. Ungmennafélag Borgarfjarðar, endurbætur við íþróttavöll	200
3. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfvöllur, vélar	300
4. Skotfélag Austurlands, skotvöllur	300
5. Ungmennafélagið Vísir, íþróttavöllur	300
6. Golfklúbbur Hornafjarðar, völlur, skáli	200
7. Ungmennafélagið Hrafnk., íþróttaaðstaða	300
	1.900
Suðurland:	
1. Golfklúbbur Selfoss, kaup á sláttuvél	300
2. Golfklúbburinn Flúðir, skáli, vökvakerfi	200
3. Ungmennafélagið Trausti, íþróttavöllur	250
4. Ungmennafélagið Ármann, aðstöðuhús	300
5. Golfklúbburinn Hellu, endurb. aðstöðu	400
6. Skotfélag Suðurlands, bygging aðstöðu	200
7. Golfklúbbur Vestmannaeyja, endurbygging vallar	300
	1.950
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga	800
Ófyrirséð	1.055
	14.500

b. Við 190 Ýmis íþróttamál. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ýmis íþróttamál (02-989 190):	
1. Skáksamband Íslands	3.200
2. Bridgesamband Íslands	1.000
3. Glímusambandið	1.000
Óráðstafað	5.500
	10.700

19. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.
a. Nýr liður:
181 Hverarannsóknir í Hverageröi. 1.000

Þús. kr.

b. Við 190 Ýmis framlög.
Fyrir „11.500“ kemur 10.500
c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ýmislegt (02-999 190):

1. Kvenfélagasamband Íslands, til Leiðbeiningarstöðvar heimilanna	1.500
2. Landssamtökin heimili og skóli	300
3. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300
4. Skrúður	900
Óráðstafað	6.500
	10.500

20. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „200.700“ kemur 293.800
b. Nýr liður:
102 Varnarmálaskrifstofa 40.600
c. Við 121 Alþjóðaráðstefnur.
Liðurinn fellur brott.
d. Við 130 Upplýsinga- og kynningarstarfsemi.
Liðurinn fellur brott.
e. Við 150 Viðskiptaskrifstofa.
Liðurinn fellur brott.
f. Við 4 Sértekjur
Fyrir „2.000“ kemur 7.600
21. Við 4. gr. 03-102 101 Varnarmálaskrifstofa.
Liðurinn fellur brott.
22. Við 4. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir. 158 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR.
Fyrir „23.500“ kemur 45.500
23. Við 4. gr. 04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „70.300“ kemur 72.800
24. Við 4. gr. 04-190 Ýmis verkefni.
a. Við 121 Landþurrkun. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Landþurrkun (04-190 121):	Þús. kr.	
1. Mýrdalshrepppur, Dyrhólaós	50	
2. Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar, Holtsós ..	50	
3. Austur-Landeyjahreppur	250	
4. Vestur-Landeyjahreppur	50	
5. Djúpárhreppur	50	
6. Skaftárhreppur	50	
		500

Þús. kr.

b. Við 135 Landgræðslusjóður.
Liðurinn fellur brott.

c. Við 190 Ýmis verkefni. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ýmis verkefni (04-190 190):

Æðarræktarfélag Íslands	200
Óráðstafað	800
	1.000

25. Við 4. gr. 04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „179.800“ kemur 174.700
b. Við 4 Sértekjur
Fyrir „55.100“ kemur 50.000

26. Við 4. gr. 04-233 Yfirdýralæknir.
a. Nýr liður:
161 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 45.000
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „5.400“ kemur 50.400

27. Við 4. gr. Nýr liður:
04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins.
a. 101 Aðfangaeftirlit ríkisins 5.100
b. 4 Sértekjur 5.100

28. Við 4. gr. 04-311 Landgræðsla ríkisins. 190 Fyrirhleðslur. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Þús. kr.

Fyrirhleðslur (04-311 190):

a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	1.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	2.000	
3. Jökulsá í Lóni	1.000	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	7.500	
7. Þjórsá	500	
		13.000
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	600	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	2.000	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	500	

		Þús. kr.
6. Austurlandskjördæmi	1.500	
7. Suðurlandskjördæmi	1.000	
		5.800
		18.800
29. Við 4. gr. 04-841 101 Fiskeldisrannsóknir. Fyrir „29.400“ kemur		22.400
30. Við 4. gr. 04-851 190 Greiðslur vegna riðuveiki. Fyrir „87.200“ kemur		80.200
31. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun. Nýr liður: 142 Karfarannsóknir		15.000
32. Við 4. gr. 05-204 Fiskistofa. 4 Sértekjur. Fyrir „109.600“ kemur		106.100
33. Við 4. gr. 05-272 610 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Fyrir „24.000“ kemur		21.000
34. Við 4. gr. 06-111 110 Kosningar. Fyrir „20.000“ kemur		35.000
35. Við 4. gr. 06-291 Húsnæði og búnaður dómstóla. 601 Húsnæði Hæstaréttar. Fyrir „100.000“ kemur		90.000
36. Við 4. gr. 06-302 102 Rannsóknarlögregla ríkisins. Fyrir „165.600“ kemur		170.100
37. Við 4. gr. 06-331 Umferðarráð. 101 Yfirstjórn. Fyrir „46.800“ kemur		43.800
38. Við 4. gr. 06-391 Húsnæði löggæslustofnana. 501 Viðhald húseigna. Fyrir „5.000“ kemur		4.000
39. Við 4. gr. 06-395 Landhelgisgæsla Íslands. 190 Almennur rekstur. Fyrir „608.900“ kemur		643.900
40. Við 4. gr. 06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi. 4 Sértekjur. Fyrir „1.200“ kemur		800
41. Við 4. gr. 06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi. 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.		
42. Við 4. gr. 06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal. 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.		
43. Við 4. gr. 06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði. 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.		
44. Við 4. gr. 06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði. 4 Sértekjur. Fyrir „3.300“ kemur		2.700
45. Við 4. gr. 06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík. 4 Sértekjur. Fyrir „300“ kemur		200
46. Við 4. gr. 06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi. 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.		
47. Við 4. gr. 06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki. 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.		

Þús. kr.

48. Við 4. gr. 06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði. 4. Sértekjur.
Fyrir „1.200“ kemur 800
49. Við 4. gr. 06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði. 4 Sértekjur.
Liðurinn fellur brott.
50. Við 4. gr. 06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík. 4 Sértekjur.
Fyrir „1.100“ kemur 200
51. Við 4. gr. 06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „900“ kemur 500
52. Við 4. gr. 06-427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað. 4 Sértekjur.
Liðurinn fellur brott.
53. Við 4. gr. 06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „1.000“ kemur 200
54. Við 4. gr. 06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal. 4 Sértekjur.
Fyrir „500“ kemur 100
55. Við 4. gr. 06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli. 4 Sértekjur.
Fyrir „1.000“ kemur 100
56. Við 4. gr. 06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík. 4 Sértekjur.
Fyrir „2.400“ kemur 2.300
57. Við 4. gr. 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.
a. Við 110 Ýmis sameiginlegur kostnaður.
Fyrir „25.500“ kemur 24.100
b. Við 121 Óviss útgjöld.
Fyrir „12.100“ kemur 7.100
58. Við 4. gr. 06-701 Biskup Íslands.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „42.000“ kemur 47.000
b. Við 623 Hóladómkirkja.
Fyrir „2.000“ kemur 3.000
59. Við 4. gr. 07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „81.200“ kemur 83.700
60. Við 4. gr. 07-275 110 Húsaleigubætur.
Fyrir „400.000“ kemur 320.000
61. Við 4. gr. 07-400 Málefni barna og ungmenna.
a. Nýir liðir:
101 Yfirstjórn 31.000
120 Heimili fyrir börn og unglinga 87.000
150 Móttöku- og meðferðarstöð 97.800
601 Tæki og búnaður 3.000
b. Við 190 Málefni barna og ungmenna.
Liðurinn fellur brott.
c. Við 620 Bygging húsnæðis.
Fyrir „30.000“ kemur 33.000
62. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.
a. Við 120 Sambýli.
Fyrir „121.600“ kemur 127.400

	Þús. kr.
b. Liðurinn orðist svo:	
121 Heimili fyrir börn, Akurgerði 20	14.600
c. Við 164 Skammtímavistun Álfalandi 6.	
Fyrir „17.500“ kemur	24.200
63. Við 4. gr. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. 160 Skammtímavistun.	
Fyrir „22.300“ kemur	26.000
64. Við 4. gr. 07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. 140 Leikfangasöfn, Vesturlandi.	
Fyrir „2.900“ kemur	3.500
65. Við 4. gr. 07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. 140 Leikfangasöfn, Vestfjörðum.	
Fyrir „4.100“ kemur	4.800
66. Við 4. gr. 07-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
Fyrir „1.947.000“ kemur	2.018.000
67. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 190 Ýmislegt.	
Fyrir „10.400“ kemur	29.400
68. Við 4. gr. 07-984 110 Atvinnuleysistryggingasjóður.	
Fyrir „2.870.000“ kemur	3.264.000
69. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 130 Sjómannastofur. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
Sjómannastofur (07-999 130):	
Færeyska sjómannaheimilið	500
Óráðstafað	600
	1.100
b. Við 131 Félagasamtök, styrkir. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti þessa leið:	
Félagasamtök, styrkir (07-999 131):	
1. Landssamband aldraðra	300
2. Kvennaráðgjöfin	500
3. Félag heyrnarlausra	3.000
4. Æfingarstöð styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	1.500
5. Barnaheill	200
6. Þroskahjálp	2.500
7. Blindrafélagið	3.000
8. Ný dögun	500
9. Umsjónarfélag einhverfra	500
10. Daufblindrafélag Íslands	700

	Þús. kr.
11. Geðhjálp	3.500
12. Geðverndarfélag Akureyrar	300
Óráðstafað	5.200
	21.700

c. Við 190 Ýmis framlög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Félagsmál, ýmis framlög (07-999 190):

Íslensk ættleiðing	2.000
Óráðstafað	6.200
	8.200

70. Við 4. gr. 08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „121.700“ kemur 124.200
71. Við 4. gr. 08-204 110 Lífeyristryggingar.
Fyrir „15.800.000“ kemur 15.830.000
72. Við 4. gr. 08-206 110 Sjúkratryggingar.
Fyrir „9.800.000“ kemur 9.970.000
73. Við 4. gr. 08-350 Sjúkrahúsið Akranesi. 4 Sértekjur.
Fyrir „43.700“ kemur 38.700
74. Við 4. gr. 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.
a. Við 650 Nýbygging.
Fyrir „40.000“ kemur 35.000
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „162.000“ kemur 152.000
75. Við 4. gr. 08-370 101 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.
Fyrir „2.500“ kemur 56.500
76. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „6.844.900“ kemur 7.064.900
b. Við 670 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð. Liðurinn orðist svo:
670 Nýframkvæmdir á landspítalalóð 144.000
77. Við 4. gr. 08-372 Borgarspítalinn.
Liðurinn fellur brott.
78. Við 4. gr. 08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti.
Liðurinn fellur brott.
79. Við 4. gr. Nýr liður:
08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur.

a. 111 Borgarspítalinn	3.234.100
b. 121 St. Jósefsspítali, Landakoti	808.700

	Þús. kr.
c. 131 Sjúkrahús Reykjavíkur, barnadeild	50.000
d. 132 Sjúkrahús Reykjavíkur, augndeild	105.200
e. 133 Sjúkrahús Reykjavíkur, sameiginleg verkefni	100.000
f. 501 Viðhald	46.600
g. 601 Tæki og búnaður	35.000
h. 4 Sértekjur	618.300

80. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. 190 Ýmis framlög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heilbrigðismál, ýmis framlög (08-399 190):

1. Alnæmisssamtökin á Íslandi	500
2. Spoex	1.000
3. Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	400
4. Gigtarfélag Íslands	1.000
5. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
6. SEM	2.000
7. Náttúrulækningafélag Akureyrar	500
8. Heilsugæslustöðin Akureyri, þróunarverkefnið „Nýja barnið“	1.000
Óráðstafað	1.300
	8.000

81. Við 4. gr. 08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „49.500“ kemur 44.500

82. Við 4. gr. 08-500 110 Heilsugæslustöðvar, almennt.
Fyrir „161.600“ kemur 251.600

83. Við 4. gr. 08-510 101 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.
Fyrir „281.800“ kemur 316.800

84. Við 4. gr. 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál. 190 Annað. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Áfengisvarnir og bindindismál, annað (08-621 190):

1. Líknarfélagið Skjöldur	1.000
2. Líknarfélagið Konan	1.000
3. Stöðvun unglingadrykkju	1.000
4. Stórstúka Íslands	2.000
5. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	3.000
6. Líknarfélagið Þrepið	1.000
7. Krossgötur	1.500
Óráðstafað	10.300
	20.800

Þús. kr.

85. Við 4. gr. 08-950 190 Rekstrarhagræðing.
Fyrir „82.300“ kemur 67.300
86. Við 4. gr. 09-381 101 Uppbætur á lífeyri.
Fyrir „890.000“ kemur 870.000
87. Við 4. gr. 09-402 Fasteignamat ríkisins.
a. Við 101 Fasteignamat ríkisins.
Fyrir „26.500“ kemur 24.500
b. Nýr liður:
105 Yfirfasteignamatsnefnd 2.000
88. Við 4. gr. 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
Fyrir „310.000“ kemur 410.000
89. Við 4. gr. 09-801 110 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.
Fyrir „12.000.000“ kemur 12.300.000
90. Við 4. gr. 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir. 190 Aðild Íslands að EES o.fl.
Fyrir „50.000“ kemur 40.000
91. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt.
a. Við 119 Ýmsar endurgreiðslur.
Fyrir „20.000“ kemur 40.000
b. Nýr liður:
181 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 5.000
92. Við 4. gr. 10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „82.400“ kemur 84.900
93. Við 4. gr. 10-190 Ýmis verkefni.
a. Við 112 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar.
Fyrir „26.400“ kemur 28.000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112):

	Þús. kr.
a. Almennir styrkir:	
1. Knarrarnes, Mýrabátur	100
2. Snæfellsbær, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	80
3. Dalahérað	130
4. Reykhólahreppur	300
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu ..	100
6. Rauðasandshreppur	300
7. Vesturbyggð	400
8. Þingeyrarhreppur	300
9. Mýrahreppur	400
10. Mosvallahreppur, Önundarfjörður	100
11. Mjólkurflutningar í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi	250
12. Ögurhreppur	50
13. Reykjafjarðarhreppur	50
14. Hólmavík–Nauteyrarhreppur	150

	Þús. kr.	Þús. kr.
15. Snæfjallahreppur	100	
16. Árneshreppur	1.250	
17. Djúpavík og Gjögur	150	
18. Kaldrananeshreppur	150	
19. Skagahreppur	130	
20. Skefilsstaðahreppur	130	
21. Snjóbifreið í Skagafirði	100	
22. Fljótahreppur	200	
23. Björgunarsveitin Strákar	100	
24. Ólafsfjarðarsveit	100	
25. Svarfaðardalur	150	
26. Grýtubakkahreppur	100	
27. Hálshreppur	80	
28. Húsavík-Vopnafjörður-Egilsstaðir, sérleyfi	600	
29. Mývatnssveit	100	
30. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	100	
31. Fjallahreppur	400	
32. Öxarfjörður–Kópasker	50	
33. Þórshöfn	50	
34. Bakkafjörður	50	
35. Vopnafjörður	50	
36. Borgarfjörður eystri	300	
37. Hjaltastaðarhreppur	80	
38. Jökuldalur, vetrarflutningar	200	
39. Möðrudalur	100	
40. Snjóbifreið á Egilsstöðum	100	
41. Fjarðarheiði	500	
42. Oddsskarð	500	
43. Breiðdalsvík	200	
44. Djúpivogur–Hornafjörður, sérleyfi	300	
45. Svínafell í Nesjum	100	
46. Vestur–Skaftafellssýsla	300	
47. Mýrdalshreppur	100	
		9.630
b. Styrkir til flugfélaga:		
48. Flugfélag Vestmannaeyja	3.800	
49. Flugsamgöngur við Grímsey	1.600	
50. Flugsamgöngur við Gjögur	1.600	
51. Ernir hf.	4.600	
52. Flugfélag Austurlands hf.	4.600	
53. Flugfélag Norðurlands, sjúkraflug	800	
		17.000

	Þús. kr.
c. Óskipt	1.370
	28.000

94. Við 4. gr. 10-211 Vegagerðin.

a. Við 505 Þjónustuviðhald.	
Fyrir „1.411.000“ kemur	1.415.000
b. Við 510 Stofnviðhald.	
Fyrir „1.266.000“ kemur	1.185.000
c. Við 610 Nýframkvæmdir.	
Fyrir „2.103.000“ kemur	2.251.000
d. Nýr liður:	
611 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála	1.250.000
e. Við 640 Tilraunir.	
Fyrir „33.000“ kemur	62.000
f. Við 655 Ferjur og flóabátar.	
Fyrir „569.000“ kemur	469.000

95. Við 4. gr. 10-330 674 Lendingarbætur. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Lendingarbætur (10-330 674):		
a. Búðir, Staðarsveit	200	
b. Hnúksnes, Dalabyggð	400	
c. Skarðsstöð, Dalabyggð	1.450	
d. Gjögur, Árneshreppi	400	
e. Selvík, Skeflisstaðahreppi	850	
f. Reykir á Reykjaströnd, Skarðshreppi	300	
g. Málmey, Hofshreppi	300	
h. Papey, Djúpavogshreppi	600	
i. Drangar, Árneshreppi	100	
j. Reykjafjörður, Snæfjallahreppi	100	
Óráðstafað	300	
		5.000

96. Við 4. gr. 10-472 101 Rekstur flugvalla.

Fyrir „267.700“ kemur	284.700

97. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð.

a. Nýr liður:	
121 Fjölsóttir ferðamannastaðir	5.000
b. Við 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994.	
Fyrir „68.000“ kemur	88.000

98. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.

Fyrir „46.900“ kemur	49.400

99. Við 4. gr. 11-240 Iðnaðarrannsóknir. 101 Almennur rekstur.

Fyrir „15.900“ kemur	14.400

	Þús. kr.
100. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög.	
a. Við 130 Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf.	
Fyrir „5.000“ kemur	4.000
b. Við 140 Smáiðnaður í dreifbýli.	
Fyrir „11.000“ kemur	10.500
c. 150 Nýsköpun og markaðsmál. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
Nýsköpun og markaðsmál (11-299 150):	
Reykhólahreppur, rannsóknarverkefni í Flatey	500
Óráðstafað	6.900
	7.400
101. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður. 621 Styrking dreifikerfis í sveitum. Liðurinn fellur brott.	
102. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál.	
a. Við 113 Hafsbotnsrannsóknir.	
Fyrir „4.000“	3.000
b. Nýr liður:	
116 Styrking dreifikerfis í sveitum	100.000
103. Við 4. gr. 12-190 Ýmis verkefni.	
a. Við 111 Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir.	
Fyrir „800“ kemur	500
b. Við 190 Ýmis viðskipta- og bankamál.	
Fyrir „4.300“ kemur	4.000
104. Við 4. gr. 12-301 Löggildingarstofan. 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „6.900“ kemur	6.500
105. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „67.500“ kemur	70.000
106. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni.	
a. Við 123 Ýmis umhverfisverkefni.	
Fyrir „10.000“ kemur	14.000
b. Nýr liður:	
191 Ráðstefna um mengun í hafi frá landstöðvum	20.500
107. Við 4. gr. 14-301 Skipulagsstjóri ríkisins.	
a. Við 101 Skipulagsstjóri ríkisins.	
Fyrir „91.300“ kemur	89.300
b. Við 112 Skipulag miðhálendis.	
Fyrir „5.100“ kemur	7.100
c. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „78.000“	74.000

Þús. kr.

108. Við 4. gr. 14-410 Veðurstofa Íslands. 101 Almenn starfsemi.
Fyrir „213.000“ kemur 218.000

109. Við bætist ný gr., 7. gr., sem orðast svo:
Skattvísitala árið 1995 skal vera 103,92 stig miðað við 100 stig árið 1992.

466. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Guðmundi Bjarnasyni og Jóni Kristjánssyni.

Við 6. gr. Nýr liður:
5.6 Að heimila Ríkisútvarpinu að taka við mastri Lóranstöðvarinnar að Gufuskálum, undirbúa kaup á langbylgjusendi og taka til þess nauðsynleg lán.

467. Svar [279. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um hálkuvarnir á þjóðvegum.

1. *Hvaða reglur eru til viðmiðunar hjá Vegagerðinni um hálkuvarnir á þjóðvegum og hvenær voru þær settar?*

Í vinnureglum Vegagerðarinnar segir að á fjölförnustu vegum (umferð yfir 2.000 bílar á dag) skuli sandbera eða salta veg ef hann er háll vegna ísingar eða samanþjappaðs snævar.

Fáfarnari vegi, sem mokaðir eru 2–5 sinnum í viku, skal sandbera eða salta á hættulegum stöðum á mokstursdögum.

Myndist hættulegir svellbunkar á vegum, sem ekki eru mokaðir reglulega, er gert ráð fyrir lagfæringu á þeim.

2. *Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á þessum reglum?*

Vinnureglur Vegagerðarinnar eru nánari útfærsla á snjómokstursreglum sem samþykktar eru af samgönguráðherra. Er farið yfir þær í hvert sinn sem snjómokstursreglur eru endurskoðaðar, en það hefur gjarnan verið á tveggja til þriggja ára fresti, síðast í mars 1994. Allar endurskoðanir hafa leitt til aukningar á þjónustu og vinnureglurnar hafa þá einnig þróast í sömu átt.

468. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1995 til meðferðar eftir að 2. umr. lauk. Nefndin hefur farið yfir tekjuhlið frumvarpsins, fjallað um B-hlutastofnanir og 6. gr. frumvarpsins og afgreitt ýmis mál sem meiri hluti fjárlaganefndar og ríkisstjórn ákvað að fresta afgreiðslu á til 3. umr.

Ekki verður hjá því komist að nefna þau sérkennilegu vinnubrögð sem beitt hefur verið við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Upplýsingar voru að berast allt fram á síðustu stundu um mikilvæg atriði er snertu lokaafgreiðslu frumvarpsins sem varð til þess að útilokað var að fjalla á fullnægjandi hátt um ýmis grundvallaratriði í frumvarpinu. Sem dæmi má nefna breyttar þjóðhagsforsendur sem breyttu verulega tekjugreininni. Einnig má nefna að nauðsynleg fylgifrumvörp fjárlaga komu óvenju seint fram. Minni hluti nefndarinnar er sammála þeirri gagnrýni á vinnubrögð ríkisstjórnar og stjórnarmeirihluta sem fram kemur í nefndarálitum minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Þessi gagnrýni kemur m.a. fram í áliti minni hlutans á áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs og í áliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1994. Fjárlög hvers árs eru eitt mikilvægasta mál sem lagt er fyrir Alþingi. Þess vegna ber að gagnrýna harðlega þegar ekki er nægilega vel að verki staðið við undirbúning og afgreiðslu þeirra tillagna og frumvarpa sem tengjast afgreiðslu fjárlaganna. Það má til sanns vegar færa að lélegur árangur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í stjórn efnahagsmála eigi rætur að rekja til þeirra vinnubragða sem beitt hefur verið við afgreiðslu fjárlaga. Ekki verður séð að fylgt hafi verið mótaðri stefnu við stjórn ríkisfjármála.

Breyttar þjóðhagsforsendur.

Drög að endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árið 1995 voru kynnt fyrir fjárlaganefnd sl. mánudag, 19. desember. Þar kom m.a. fram að framvinda efnahagsmála hafi reynst hagstæðari síðari hluta ársins en útlit var fyrir. Horfurnar fyrir fjárlagaárið 1995 eru mun betri en gert var ráð fyrir í fyrri spá Þjóðhagsstofnunar. Helstu atriði endurskoðaðrar þjóðhagsspár eru eftirfarandi:

— Spáð er að landsframleiðslan aukist um 2,1% á árinu 1995 og að þjóðartekjur aukist um 3%. Þetta stafar m.a. af betri viðskiptakjörum og meiri þjóðarútgjöldum.
— Aukning þjóðarútgjalda er áætluð 3,3% á næsta ári. Hér skiptir mestu máli að gert er ráð fyrir 5,2% aukningu í fjárfestingum. Þetta skýrist einkum af auknum opinberum framkvæmdum.
— Reiknað er með að atvinnuleysi verði 4,6% í stað 4,8%.
— Talið er að viðskiptajöfnuður verði hagstæður um 4,3 milljarða kr. á árinu 1995.
— Spá um verðlag er hins vegar óbreytt.

Það vekur hins vegar athygli að Þjóðhagsstofnun telur rétt að taka fram að óvenjumikil óvissa ríkir um horfurnar í mörgum mikilvægum þáttum á næsta ári. Nefnir stofnunin fjögur atriði sem miklu máli skipta í því sambandi:

— Fiskafli gæti orðið minni en reiknað er með í þjóðhagsspá. Efast er um að loðnustofninn sé jafnsterkur og áður. Einnig er óvíst að Smuguveiðar gefi jafnmikinn afla og á þessu ári.
— Horfur hvað snertir verðlag á sjávarafurðum virðast um margt hagstæðari nú en áður var talið. Í spánni er reiknað með að það hækki í samræmi við almennar verðbreytingar í helstu viðskiptalöndum.
— Kjarasamningar standa fyrir dyrum og því ríkir óvissa um launaþróun á næsta ári. Niðurstöður þeirra geta haft mikil áhrif á efnahagsþróunina, ekki síst á þróun verðlags.
— Þá byggir endurskoðuð þjóðhagsspá á því að menn taki sig á við stjórnun efnahags- og ríkisfjármála og að afkoma hins opinbera á árinu 1995 verði betri en á þessu ári.

Atriðin, sem hér eru nefnd, benda ásamt ýmsu öðru til þess að í spá Þjóðhagsstofnunar sé of mikil bjartsýni, sérstaklega með tilliti til þess að nauðsynlegt er að fara varlega við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu. Sú hætta er fyrir hendi að gert verði út á framtíðina með tilheyrandi skuldasöfnun.

Hafa verður í huga að erfiðleikar ríkissjóðs við að afla lánsfjár á innanlandsmarkaði benda til þess að vöxtum sé haldið niðri með óeðlilegum hætti og þar sé hætt við sprengingu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, bæði fyrir atvinnulíf og heimili.

Hvað varðar það fjárlagaár sem nú er að líða varð útflutningur vöru og þjónustu nokkuð meiri en búist var við og hefur aukist milli áranna 1993 og 1994. Munar þar mestu um mikil framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins sem stafa af óvenjugóðri loðnuvertíð og háu verði á loðnuafurðum, stórauknum afla utan landhelgi, einkum úr Smugunni og af Reykjaneshrygg. Þá hækkaði verð á sjávarafurðum síðari hluta ársins. Þessi breyting er vissulega ánægjuefni og styður það sem minni hlutinn hélt fram í umræðu um fjárlög fyrir ári síðan, þ.e. að í þjóðhagsspá fyrir árið 1994 væri of mikil svartsýni, en það hefur gengið eftir.

Einnig var bent á að samdráttur í þorskafla á þessu veiðiári þyrfti ekki endilega að koma fram í samdrætti útflutningstekna og landsframleiðslu. Reynslan sýnir að mögulegt er að auka aðrar veiðar og í ríkari mæli en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Ef um lækkun raunvaxta yrði að ræða mundi það leiða til aukinna umsvifa í atvinnulífinu og þar með auka þjóðartekjur.

Þetta gekk eftir sem og ýmsar aðrar ábendingar minni hlutans við umræðu og afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1994. Hagstæðari efnahagsþróun hefur orðið til þess að halli ríkissjóðs á þessu ári mun verða minni en spár gerðu ráð fyrir, bæði í milljörðum króna talið og sem hlutfall af landsframleiðslu. Í raun hefði hallinn átt að verða enn minni í ljósi þess hagvaxtar sem verið hefur á árinu. Ef halli ríkissjóðs stendur í stað þrátt fyrir hagvöxt er dulinn halli að aukast en sá hluti hallans sem tengist slaka í þjóðarbúskapnum að minnka. Það er þessi duldi eða kerfislægi halli sem er vandamálið og á honum verður að taka.

Fyrir næsta ár er spáð 2% vexti landsframleiðslu og 3% vexti þjóðartekna. Ýmis óvissuatriði geta bent til að hér sé um fullbjartsýna spá að ræða, en í ljósi þess efnahagsbata sem nú þegar hefur átt sér stað og spárinnar fyrir næsta ár er mjög alvarlegt að afgreiða fjárlög með rúmlega 7 milljarða kr. halla.

Ríkisstjórnin hefur nú þegar tekið ákvörðun um að nýta batann til þess að lækka skatta á tekjuháum og þeim sem eiga miklar eignir. Þá hefur útgjaldaliður frumvarpsins verið hækkaður um tæpa 3,6 milljarða kr. á móti 2,7 milljarða kr. hækkun tekjuhliðar. Halli ríkissjóðs eykst því um 900 millj. kr. frá frumvarpi til fjárlaga og verður 7,4 milljarðar kr.

Skuldaþróun.

Fjárlagafrumvarpið fól það í sér að skuldir ríkissjóðs og hins opinbera í heild héldu áfram að aukast á næsta ári með sama hraða og átt hefur sér stað að undanförnu. Ekki verður séð að þær breytingar sem nú liggja fyrir snúi þessari þróun við. Í fylgitöflum með frumvarpinu kemur fram að heildarskuldir ríkissjóðs munu fara í nær 49% af landsframleiðslu á næsta ári, en þær voru nærri 32% í árslok 1991 og 31% í árslok 1992. Hreinar skuldir ríkissjóðs eru taldar munu verða rúmlega 31% af landsframleiðslu, samanborið við rétt rúmlega 16% á árunum 1990 og 1991, þ.e. hreinar skuldir ríkissjóðs hafa nær tvöfaldast sem hlutfall af landsframleiðslu á einu kjörtímabili.

Um næstu áramót er gert ráð fyrir að hreinar skuldir sveitarfélaga nemi um 3,7% af landsframleiðslu eða um 48% af tekjum þeirra. Þetta er þróunin sem blasir við þegar litið er á skuldir hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, sem gjarnan eru notaðar í alþjóðlegum samanburði. Heildarskuldir verða á næsta ári um 56% af landsframleiðslu samanborið við 33–36% þegar þessi ríkisstjórn tók við, en hreinar skuldir rúmlega 35% samanborið við rúmlega 17%.

Vextir.

Hreinar vaxtagreiðslur eru nú um 7% af tekjum ríkisins. Þessi mikla vaxtabyrði þrengir óneitanlega svigrúm til athafna. Vaxtagjöldin breytast mjög mikið við hvert prósentustig sem vextir hækka. Í tillögu meiri hlutans er gert ráð fyrir 300 millj. kr. aukningu vaxtagjalda frá því sem er í frumvarpi til fjárlaga. Það þýðir í raun að búist er við áframhaldandi hækkun vaxta á næsta ári.

Það er ljóst að hvorki viðvarandi halli ríkissjóðs eða skuldaþróunin skapa grundvöll fyrir varanlega lækkun vaxta eins og glögglega hefur komið fram að undanförnu. Áætlanir gera ráð fyrir að það dragi úr lánsfjárþörf hins opinbera. Á móti kemur að sú lækkun skulda atvinnufyrirtækja sem átt hefur sér stað að undanförnu mun líklega leiða til aukinna fjárfestinga sem aftur þrengir svigrúm ríkissjóðs á lánsfjármarkaðnum.

Þrátt fyrir betri horfur varðandi tekjur ríkissjóðs vegna batnandi ytri skilyrða er ljóst að ekki dregur úr hallarekstri svo nokkru nemi. Áfram skal haldið á þeirri braut sem við hefur blasað sem felst í því að eyða mun meira en aflað er. Samanlagðar hallatölur á starfstíma þessarar ríkisstjórnar stefna í a.m.k. 40 milljarða kr. með tilheyrandi skuldasöfnun ríkissjóðs.

Mennta- og menningarmál.

Þrátt fyrir fögur orð um gildi þekkingar og rannsókna hefur þessi ríkisstjórn gert harða atlögu að öllum þáttum skólakerfisins og kjörum námsmanna. Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur ekki farið varhluta af niðurskurðarstefnu hennar. Með lögum nr. 21 frá 1992 var sú óheillaákvörðun tekin að námsmenn fengu lán ekki greidd fyrr en áfanga var lokið og því neyðast námsmenn til að taka bankalán til framfærslu sinnar og sinna þar til námslán er afgreitt. Eins og að líkum lætur reynist það ýmsum erfitt að fá ábyrgðarmenn á slík lán, auk þess sem um verulegan vaxtakostnað er að ræða. Það þarf því engum að koma á óvart að dregið hefur úr lántökum úr sjóðnum. Ekki hefur verið vilji til að rýmka

reglur sjóðsins, heldur var framlagið til hans minnkað um 65 millj. kr. með fjáraukalögum ársins 1994. Og í fjárlögum fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir 50 millj. kr. niðurskurði á ríkisframlagi og nú birtist frekari niðurskurður, 20 millj. kr. Þessar aðgerðir hafa bitnað illilega á námsmönnum sem er mjög óverðskuldað þar sem fram kemur í töflu á bls. 356 í frumvarpi til fjárlaga að námsmenn standa mjög vel í skilum þegar til endurgreiðslu kemur svo að þar skeikar nær engu. Minni hlutinn harmar þessa aðför að Lánasjóðnum og telur hana hafa skaðað menntunarmöguleika námsmanna. Verði svo haldið áfram á sá skaði eftir að verða sýnilegri.

Um námsaðstoð við þá námsmenn sem dveljast verða fjarri heimilum sínum við framhaldsskólanám er lítið að segja. Framlag er hið sama og á fjárlögum yfirstandandi árs og nægir hvergi til að koma til móts við þann kostnað sem fjölskyldur þessara námsmanna bera.

Milli 2. og 3. umr. hefur tekist að fá nokkra leiðréttingu á erindum stýrimannaskólanna. Einnig er tryggt að málefni Fiskvinnsluskólans verði könnuð nánar. Þá hefur tekist að fá fjárveitingu til Námsgagnastofnunar þó að mikið vanti á að nægilega vel sé að stofnuninni búið. Til Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefur tekist að fá 100 millj. kr. viðbótarframlag sem skiptist þannig að safnið fær 30 millj. kr. en Háskóli Íslands 70 millj. kr. Alþjóðaskrifstofu Háskólans eru ætlaðar 4 millj. kr., Rannsóknasjóði 5 millj. kr. og vegna rannsóknarprófessora 15 millj. kr. en 46 millj. kr. eru ætlaðar til kennslu- og vísindadeilda. Varðandi Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er það að segja að framangreint framlag dugir ekki eigi stofnunin að fara af stað eins og þessari langþráðu menningarstofnun sæmir. Landsbókasafn er ekki bókageymsla, heldur síkvik uppspretta mennta og menningar í flóknu þjóðfélagi samtímans.

Vandræðaástandið varðandi grunn- og framhaldsskólana þarf ekki að fjölyrða um. Enn verður að fresta yfirtöku sveitarfélaganna á grunnskólunum þar sem fjárhagsgrundvöllur er fjarri því að vera tryggður. Einsetinn skóli og skólamáltíðir virðast enn vera fjarlægur draumur barna og foreldra þessa lands sem lítil von er til að rætist ráði sömu stjórnvöld för.

Tekist hefur að ná fram nokkrum leiðréttingum á framlögum til menningarmála milli 2. og 3. umr. Listskreytingasjóður fær 4 millj. kr. í stað þess að hverfa með öllu. Íslenska óperan hækkar um 12 millj. kr. og liðurinn Listir, framlög hækkar um 3 millj. kr. Sú nýlunda hefur verið samþykkt að skipting á þessum fjármunum er nú sýnileg á þingskjali og er þetta gert til þess að ekki fari milli mála hver ákvörðun fjárlaganefndar var. Þá hækka framlög til Kvikmyndasjóðs nú um 21,5 millj. kr.

Þjóðleikhúsinu var synjað um aukafjárveitingu við gerð fjáraukalaga ársins 1994. Vegna lagaskyldu stofnunarinnar varðandi óperuflutning var ráðist í að sýna óperuna Vald örlaganna á yfirstandandi ári og ekki síst til þess að gefa einum besta söngvara okkar sem gert hefur garðinn frægan erlendis tækifæri til að taka þátt í óperuflutningi á Íslandi. Raunar sýndi sig síðan að ótrúlegur fjöldi afbragðssöngvara hefur komið fram hér á landi á síðustu árum og tóku þeir einnig þátt í sýningunni með slíkum glæsibrag að hróður þeirra hefur einnig borist víða. Slík óperusýning er óhemjudýr þó að laun væru að verulegu leyti fengin utan að. Fjárvöntun á árinu 1994 er því um 30 millj. kr. Þar sem ekkert fékkst með fjáraukalögum til að jafna þennan halla er ljóst að lækkun um 1 millj. kr. á næsta ári veldur Þjóðleikhúsinu miklum erfiðleikum og hlýtur að þýða umtalsverðan samdrátt í sýningum hússins.

Leiklistaráhugi er meiri hér á landi en í nokkru nálægu landi eins og blómleg starfsemi áhugaleikhúsa um land allt er dæmi um. Þjóðleikhúsið hefur reynt að styðja þessa starfsemi með því að velja eina áhugamannasýningu ár hvert og bjóða þeim hópi húsið til sýningar á henni. Hefur þetta mælst frábærlega vel fyrir. Öll starfsemi hússins hefur auk þess verið mjög blómleg, enda áhorfendur fleiri en nokkru sinni síðustu ár undir forustu Stefáns Baldurssonar þjóðleikhússtjóra og Þuríðar Pálsdóttur, formanns þjóðleikhúsráðs. Eins og menn muna fór fram myndarleg endurnýjun salarkynna hússins fyrir skömmu, en hún kemur að litlu gagni ef starfseminni skorinn er svo þröngur stakkur sem nú horfir. Þessu mótmælir minni hlutinn.

Þá er óleystur vandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur ekki staðið í skilum við hljómsveitina og nemur nú skuld hans við hana 125 millj. kr. Seltjarnarneskaupstaður hefur heldur ekki staðið í skilum svo að ríkissjóður hefur orðið að hlaupa undir bagga með hljómsveitinni og nemur sú skuld nú 132 millj. kr. Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt þetta ástand og er nauðsynlegt að þessi þræta verði leyst.

Minni hlutinn gæti bent á fjölmargt annað tengt listum og menningu sem skorið hefur verið niður. Á það virðist enn skorta að stjórnvöld geri sér ljóst að mennt og menning er undirstaða hagvaxtar og framfara hverrar þjóðar. Þennan skilningsskort á eðli heilbrigðrar sjálfsvitundar þjóðarinnar ber að harma.

Almannatryggingar og heilbrigðisstofnanir.

Í nefndaráliti minni hlutans á þskj. 361 er bent á að ólíklegt sé að sparnaður sá, sem ráðgerður er í frumvarpinu á sviði heilbrigðis- og tryggingamála, muni nást á næsta ári. Reynslan segir okkur að ekki tókst að ná áætluðum sparnaði í ár. Nú hefur stjórnarmeirihlutinn áttað sig á því að sparnaðartillögurnar, eins og þær eru fram settar í fjárlagafrumvarpinu, eru óraunhæfar og eru lagðar til ýmsar breytingartillögur um auknar fjárveitingar. Lagt er til að lífeyristryggingar hækki um 30 millj. kr. þar sem nú er gert ráð fyrir lækkun fjárframlaga til húsaleigubóta. Húsaleigubæturnar áttu að hafa áhrif á greiðslur Tryggingastofnunar til lífeyrisþega sem fengið hafa uppbót á lífeyri vegna húsaleigukostnaðar. Spara átti 250 millj. kr., m.a. með lækkun á heimildarbótum sem eingöngu hafa farið til þeirra sem eru verst settir í þjóðfélaginu og með almennri endurskoðun á bótakerfi lífeyristrygginga. Þótt þessi fjárlagaliður hækki um 30 millj. kr. eins og áður er getið er enn gert ráð fyrir að lækka bætur til verst settu skjólstæðinga Tryggingastofnunarinnar í rúmar 200 millj. kr.

Í sjúkratryggingum átti að spara 420 millj. kr. Nú er lagt til að hækka fjárveitinguna um 260 millj. kr. Þar af eiga 30 millj. kr. að koma úr Framkvæmdasjóði aldraða. Þessi hækkun stafar m.a. af því að horfið er frá sparnaðaraætlunum upp á 100 millj. kr. vegna lyfjaútgjalda, en þó er enn ráðgert að spara 50 millj. kr. í útgjöldum til sjúkraþjálfunar sem telja verður vafasama ákvörðun, svo sem ítarlega var greint frá í nefndaráliti minni hlutans við 2. umr.

Þá er einnig ráðgert að taka upp svokallað tilvísanakerfi vegna sérfræðilæknisþjónustu og spara með því 100 millj. kr. Vitað er að ágreiningur er um málið innan stjórnarliðsins og því óvíst um árangur af þeim sparnaðarhugmyndum.

Nokkur lagfæring hefur orðið á fjárveitingum til sjúkrahúsa í breytingartillögum við fjáraukalög fyrir árið 1994 og fjárlög fyrir árið 1995. Enn vantar þó talsverðar upphæðir svo að reka megi sjúkrahúsin með óbreyttu umfangi á næsta ári auk þess sem ekki hefur verið greiddur allur uppsafnaður vandi á þessum stofnunum.

Fjárveitingar hafa hækkað til Borgarspítala og St. Jósefsspítala á Landakoti sem m.a. tengjast sameiningu þessara sjúkrahúsa. Ekki eru allir á einu máli um að með sameiningu þeirra séu stigin framfaraspor í þróun heilbrigðisþjónustu hér á landi. Ýmsir fullyrða að þetta muni leiða til aukins heildarkostnaðar til lengri tíma litið þegar samkeppni harðnar milli sjúkrahúsanna um takmarkaða fjármuni, um mannafla, um tækjakaup og um húsnæði. Þessari nýju stofnun, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, er ætlað að spara 180 millj. kr. á næsta ári miðað við óbreytta starfsemi. Auk þess skal hagræða eða afla sér tekna fyrir 30 millj. kr. samkvæmt óskilgreindri sparnaðarkröfu sem tengist því að fallið er frá innheimtu gjalds fyrir svokölluð ferliverk að upphæð 100 millj. kr. en sjúkrahúsunum er gert að spara 80 millj. kr. á öðrum sviðum í staðinn. Ljóst er því að á Sjúkrahúsi Reykjavíkur verður áfram um verulega rekstrarerfiðleika að ræða.

Gert var samkomulag milli fjármálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um að hækka fjárveitingu til Ríkisspítala fyrir árið 1995 um 195 millj. kr. Áætlaður halli fyrir næsta ár var 350–360 millj. kr. miðað við óbreyttan rekstur. Fjárvöntun er því um 160–170 millj. kr. Auk þess er óbættur halli frá yfirstandandi ári um 80 millj. kr. og hluti Ríkisspítala í sparnaði á móti áætluðum sértekjum af ferliverkum er 50 millj. kr. Þá hafa sérstök framlög, sem Ríkisspítalar fengu á þessu ári til að fjölga hjartaaðgerðum, að upphæð 50 millj. kr., verið felld niður. Ljóst er því að Ríkisspítala vantar um það bil 350 millj. kr. á næsta ári til að standa undir óbreyttum rekstri.

Ekkert tillit hefur verið tekið til óska spítalans um fjölgun stöðuheimilda, nauðsynlegar endurbætur á húsnæði, t.d. í fæðingarheimili og á kvennadeild, eða brýnustu tækjakaup, svo sem nauðsynlega endurnýjun á línuhraðli fyrir krabbameinslækningar. Þá er loforð heilbrigðisráðherra frá sl. vori um fjárveitingu til byggingar nýs barnaspítala, kr. 125 millj. kr. á ári í næstu þrjú ár, svikið. Ekki má skerða fjárveitingu til framkvæmda við K-bygginguna sem nauðsynlegt er að þoka áfram svo að sjúkrahúsið geti sem best fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru til háskólasjúkrahúss.

Í nýlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun segir m.a.: „Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á stöðugt bætta heilbrigðisþjónustu með því að gera stærstu sjúkrahúsunum kleift að nýta sem best þær miklu framfarir sem átt hafa sér stað á sviði læknavísinda að undanförnu.“ Varla er hægt að segja að það sé hátt risið á framkvæmd yfirlýsingarinnar að teknu tilliti til framangreindra upplýsinga. Nær væri að kalla hana auðvirðilega brandara.

Varðandi áframhaldandi framkvæmdir við K-bygginguna svokölluðu hefur yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð óskað eftir því að fá að bjóða út næsta áfanga sem áætlað er að kosti 250–275 millj. kr. og mundu þær framkvæmdir standa fram á árið 1996, fskj. I. Til að sú framkvæmdaáætlun geti gengið þarf að nýta að fullu þær 144 millj. kr. sem áætlaðar eru til framkvæmda á næsta ári samkvæmt frumvarpinu og skuldbinda 50–70 millj. kr. fram á árið 1996. Við þessum hugmyndum hefur ekkert svar fengist frá ráðuneytinu. Þvert á móti eru nú uppi hugmyndir um að taka hluta af fjárveitingum sem eiga að renna til K-byggingarinnar til þess að standa straum af byrjunarframkvæmdum við barnaspítalann. Framkvæmdir við barnaspítala eru nauðsynlegar en þær áttu að fjármagnast með öðrum hætti en að ganga inn á önnur framkvæmdasvið á vegum sjúkrahússins, sjá rammasamning um byggingu nýs barnaspítala frá 26. maí 1994 sem fylgir með sem fskj. II.

Að lokum nokkur orð um þá ákvörðun að leggja niður embætti héraðslæknis í Reykjavík og á Norðurlandi eystra. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til þessara embætta. Einum heilsugæslulækni í hvoru læknishéraði er ætlað að þjóna hlutverki héraðslæknis í 20% starfshlutfalli. Þetta verður að telja algerlega óviðunandi lausn. Hugmyndir voru uppi um að efla þessa starfsemi og færa með því verkefni smám saman frá ráðuneyti og landlæknisembætti út í héruðin en því miður virðist nú vera uppi sú stefna að miðstýra þessum verkum enn frekar en verið hefur og það sem verra er ekki er séð fyrir því á nokkurn hátt með fjárveitingum eða starfskrafti, hvorki í heilbrigðisráðuneyti né hjá landlæknisembætti, að hægt sé að sinna þeim margvíslegu verkefnum sem héraðslæknisembættunum er ætlað að sjá um. Héraðslæknir sinnir fjölmörgum verkefnum í heilbrigðisþjónustunni, svo sem vegna geðsjúkra, drykkjusjúkra og fíkniefnaneytenda og vegna sóttvarna. Hann annast rannsóknir á dauðsföllum utan sjúkrahúsa og skyldum málum auk þess sem hann veitir upplýsingar, umsagnir og sker úr um ýmis málefni sem ekki er fyrirséð hverjir muni sinna framvegis. Ljóst er að ekki er neinn mannafli hjá landlæknisembættinu og telja verður ólíklegt eða útilokað að einstakar heilsugæslustöðvar geti tekið að sér þetta verkefni, hvorki á Akureyri né í Reykjavík, öðruvísi en að til þess komi sérstakar fjárveitingar og stöðugildum verði fjölgað. Ekkert slíkt er að finna í þeim tillögum sem nú liggja fyrir Alþingi af hálfu stjórnarliða eða ríkisstjórnar. Þessum vinnubrögðum mótmælir minni hlutinn harðlega.

Húsnæðismálin.

Fulltrúar Húsnæðismálastofnunar ríkisins komu til viðræðna við fjárlaganefnd um málefni stofnunarinnar. Fram kom í þeim viðræðum að lífeyrissjóðir hafa aðeins keypt skuldabréf fyrir 2 milljarða kr. af 9 milljörðum kr. sem áætluð kaup voru. Fjármálaráðuneytið hefur hlaupið undir bagga og keypt húsnæðisbréf með aðstoð Seðlabankans. Húsnæðisbréfin hafa ekki selst á almennum markaði með 5% vaxtahámarki. Það er því ljóst að fjármögnun húsnæðiskerfisins gengur ekki eftir lögmálum markaðarins, miðað við núverandi stöðu. Það segir sitt um trú fjárfesta á efnahagsstjórninni í landinu.

Vanskil eru veruleg í húsbréfadeild byggingarsjóðanna, svo sem fram kemur í greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Vanskil greiðsluerfiðleikalána og lána í Byggingarsjóði verkamanna hafa einnig aukist og er þetta enn eitt merkið um versnandi fjárhagsstöðu almennings í landinu.

Umsóknum um greiðsluerfiðleikalán fer fjölgandi og eru þær nú um 1.400. Húsnæðisstofnun hefur unnið að skuldbreytingum í samvinnu við bankana en 1.100 umsóknum hefur verið vísað til hennar.

Umsóknir um 805 íbúðir liggja fyrir í félagslega kerfinu, en framkvæmdir þar eru komnar niður um 100 íbúðir til þess að fá fjármagn til að standa straum af húsaleigubótum. Stofnunin telur sig geta mætt kröfum um gerð samninga í ár sem stafar m.a. af því að almennur markaður á landsbyggðinni hefur hrunið og dæmi eru til þess að félagslegar íbúðir standi auðar af þeim sökum. Fram kom að íbúar í almennum kaupleiguíbúðum ráða fæstir við skuldbindingar sínar.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði 3.976 millj. kr. á næsta ári og voru þau miðuð við 4,9% atvinnuleysi.

Í breytingartillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs aukist um 394 millj. kr. Horfið er frá því að innheimta 600 millj. kr. gjald af sveitarfélögunum í sjóðinn til átaksverkefna. Upphæðin er til að bæta þennan tekjumissi en einnig er reiknað með 4,6% atvinnuleysi í endurskoðuðum forsendum fjárlaga í stað 4,9%. Allt er óljóst um hvernig þessar forsendur standast því spár um aukningu þjóðarframleiðslu á næsta ári eru háðar óvissu.

Atvinnuleysistryggingasjóði er ætlað að veita 52 millj. kr. til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga. Þetta er afleiðing af þeirri ákvörðun að hætta við innheimtu 600 millj. kr. frá sveitarfélögunum.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Átökin um þjónustuframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1994 voru leyst til bráðabirgða með samkomulagi við forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jöfnunarsjóðnum var gert að taka á sig 70 millj. kr. af vanskilum Innheimtustofnunar umfram 300 millj. kr., en 150 millj. kr. leystar með lántöku Innheimtustofnunar. Ekkert liggur fyrir um hvernig eða á hve löngum tíma lánið verður endurgreitt eða um skipan þessara mála á næsta ári, utan fyrirheit um setningu laga til að koma í veg fyrir að vanskilin lendi á Jöfnunarsjóðnum. Brýnt er að ekki verði gengið um of á fjárhag Jöfnunarsjóðsins, ekki síst með það í huga að hlutverk hans er mjög þýðingarmikið og fer vaxandi með auknu hlutverki sveitarfélaga með breyttri verkaskiptingu.

Samgöngumál.

Nú er svo komið að þeirri stefnu sem mörkuð var með lögum um flugmálaáætlun frá árinu 1987 hefur verið breytt í veigamiklum atriðum. Markaðir tekjustofnar til framkvæmda eru nú teknir til að standa undir rekstri flugvalla. Í allri kynningu og við samþykkt laganna á sínum tíma var margítrekað að þeim skyldi eingöngu varið til framkvæmdaverkefna. Álagning tekjustofnanna mætti talsverðri andstöðu, bæði vegna stöðu innanlandsflugsins og vegna þess að margir óttuðust að tekjustofnarnir yrðu notaðir til annarra hluta sem nú er komið á daginn. Það er því ljóst að framkvæmdir í flugmálum skerðast mjög, dragast á langinn og ekki verður hægt að fara eftir þeirri áætlun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Útlit er fyrir skerðingu á framkvæmdum á flugvöllum á Húsavík, Sauðárkróki og Egilsstöðum.

Það hefur verið varið 170 millj. kr. til framkvæmda við flugstjórnarmiðstöð í Reykjavík en flugmálaáætlun gerði ekki ráð fyrir þeim kostnaði.

Verulegar breytingar verða á vegáætlun samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans. Nú verður hætt við að ljúka hinu fyrra framkvæmdaátaki ríkisstjórnarinnar, en samkvæmt því átti að framkvæma fyrir 450 millj. kr. á næsta ári. Af því verður ekki. Þess í stað er nú áformað að hefja nýtt framkvæmdaátak sem standi í fjögur ár og til framkvæmda á næsta ári eru áætlaðar 1.250 millj. kr. Allt er þetta skollaleikur með tölur og sem dæmi má nefna að ríkisstjórnin ætlar að leggja fram 350 millj. kr. til framkvæmdaátaksins en á móti er vegafé skert um 275 millj. kr. Mismunurinn er 75 millj. kr. sem er þá hið eiginlega fjármagn sem lagt er fram úr ríkissjóði. Bætt innheimta þungaskatts á næsta ári er áformað að skili 100 millj. kr. og er þá framlag ríkisstjórnarinnar komið í mínus. Því er svo við að bæta að engar formlegar tillögur eru fram komnar um skiptingu þessa nýja framkvæmdaátaks, en fyrirhugað mun vera að þær verði að mestum hluta á höfuðborgarsvæðinu. Ekki skal úr því dregið að þörf er fyrir framkvæmdir þar en verði fjármagninu skipt samkvæmt höfðatölu sem heyrst hefur aukast ekki framkvæmdir á Austfjörð-

um og Vestfjörðum á næsta ári, heldur standa í stað. Verður það að teljast ámælisvert þar sem hér er um þau kjördæmi að ræða þar sem varanleg vegagerð er hvað styst á veg komin.

Liðurinn fyrirhleðslur sem þar 18,8 millj. kr. í fjárlagafrumvarpinu er engan veginn nægjanlegur til þess að mæta brýnustu þörf. Mesta þörfin mun vera við Markarfljót, Jökulsá á Dal og Skaftá og þarf um 20 millj. kr. á hverjum stað í fyrsta áfanga eða þrefalt hærri upphæð en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Talið er að þurfi um 100 millj. kr. árlega í nokkur ár til varnaraðgerða sem þegar eru fyrirséðar.

Orkumál.

Rarik er gert að skila arði í ríkissjóð sem nemur 100 millj. kr. Á sama tíma hefur fyrirtækið í vaxandi mæli verið að taka á sig alla endurnýjun á dreifikerfi í sveitum og fjármagnað það úr rekstri. Til dreifikerfis í sveitum eru nú áætlaðar 14,6 millj. kr. samkvæmt frumvarpi og nú skal hækka þá fjárveitingu um 85,6 millj. kr. og eru þar komnar arðgreiðslur Rarik. Hins vegar á ekki að taka arðgreiðslurnar úr rekstri Rarik heldur á að nota þær til að auka framkvæmdir við dreifikerfi í sveitum. Þegar upp er staðið eru það því Rafmagnsveiturnar sem bæði vinna og fjármagna verkið en ríkisstjórnin ætlar að þakka sér það með þessum millifærlsum.

Ekki hefur náðst neinn marktækur árangur í því að jafna húshitunarkostnað í landinu. Hlutföllin eru þau nú að kostnaður neytandans á hinum svokölluðu köldu svæðum er ívið hærri nú en í upphafi árs 1991 sé miðað við byggingarvísitölu.

Nú er lagt til að semja við orkusölufyrirtækin um aðgerðir til að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er mestur, en það er háð því að veiturnar taki á sig samsvarandi kostnað. Um er að ræða heimild í 6. gr.

Landhelgisgæslan.

Þau góðu tíðindi urðu á yfirstandandi ári að ráðist var í kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. En svo nauðsynleg sem sú fjárfesting var þá er nú einnig þörf á fjármagni til varahluta og reksturs. Það hefur hins vegar ekki verið gert í frumvarpi til fjárlaga en í breytingartillögum meiri hlutans er að finna 35 millj. kr. vegna varahluta. Til reksturs er ekkert áætlað en Gæslan hefur áætlað þá fjárþörf 92 millj. kr. miðað við sex mánaða rekstur þyrlunnar. Það virðist því ekki eiga að nota þyrluna neitt þótt búið sé að kaupa hana. Þá vantar enn fjárveitingu fyrir GPS-staðsetningartækjum sem nauðsynleg eru vegna reglna sem taka gildi 1. janúar 1995. Samanlagt er fjárþörf Landhelgisgæslunnar 164 millj. kr. þrátt fyrir breytingartillögur meiri hlutans.

6. grein.

Minni hlutinn telur að fara verði með gát í að opna heimildarákvæði í 6. gr. til úthlutunar fjármuna og telur að ef of langt sé gengið í þeim efnum sé brotin sú regla að Alþingi hafi fjárveitingavaldið. Einnig þarf að huga vel að því að í 6. gr. fjárlaga séu ekki heimildarákvæði handa ríkisstjórn um ýmis framkvæmdaratriði er þingið þarf að fjalla nánar og ítarlegar um en alla jafnan er gert um ákvæði 6. gr.

Í þessu sambandi vill minni hlutinn benda á nokkur atriði.

Í 6. gr., eins og hún lítur nú út með breytingartillögum meiri hlutans, er í lið 3.5.1 að finna ákvæði um að selja hlutabréf ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf. Fyrir þinginu er nú umdeilt frumvarp sama efnis sem rætt hefur verið ítarlega í þinginu og er nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Því verður að teljast afar óeðlilegt að lauma inn í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins heimildargrein sama efnis. Einnig er í lið 5.6 heimild til að breyta eignarhlut ríkisins í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar í hlutafé. Minni hlutinn telur að þessi heimild hafi ekki fengið nægilega umfjöllun í fjárlaganefnd til að hægt sé að samþykkja þetta ákvæði.

Að lokum vill minni hlutinn benda á lið 5.17 sem hljóðar svo:

„5.17 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1995 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 30 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Andvirði þessa verði lagt til markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi."

Minni hlutinn telur málefnið þarft og leggst ekki gegn fjárveitingu til markaðsátaks á sviði ferðamála. Hins vegar er með öllu óeðlilegt að veita ráðherrum heimildir í 6. gr. fjárlaga til þess að skerða rekstrar- og stofnkostnaðarfjárveitingar eins ráðuneytis sem fjárlaganefnd hefur nýlega ákveðið. Rétt er að nefndin ákveði hvernig þessara 30 millj. kr. verði aflað og hvar niðurskurður á að lenda ef þeirra er aflað með þeim hætti.

Lokaorð.

Að lokum vísar minni hlutinn til álits minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um 3. gr. frumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Þar eru m.a. gagnrýnd þau vinnubrögð sem viðgengist hafa á Alþingi undanfarna daga. Nauðsynleg fylgifrumvörp með fjárlögum koma of seint fram svo að ekki fæst nægur tími til ítarlegrar og vandaðrar málsmeðferðar. Umrætt álit er t.d. ritað áður en umfjöllun í efnahags- og viðskiptanefnd um tekjufrumvörp er lokið.

Minni hlutinn getur með engu móti tekið ábyrgð á þessum vinnubrögðum og þaðan af síður á þeirri efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Minni hlutinn mun því sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 21. des. 1994.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Jón Kristjánsson. Guðrún Helgadóttir.

Fylgiskjal I.

Bréf yfirstjórnar mannvirkjagerðar á landspítalalóð til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis.

(25. nóvember 1994.)

Í samræmi við framkvæmdaáætlanir YMÁL hefur útboð á undirbyggingu 2. áfanga K-byggingar verið undirbúið. Útboðsgögn liggja fyrir og hafa þau verið yfirfarin af Framkvæmdasýslu ríkisins. Til þessa útboðsverks heyra eftirfarandi verkþættir:

— Smíði lagnagangs.
— Endurnýjun stofnlagna.
— Jarðvinna fyrir 2. áfanga K-byggingar.
— Smíði á undirstöðum og gerð botnplötu.

Við ákvörðun á umfangi útboðsáfangans var hliðsjón höfð af eftirfarandi:

— Stjórn og samræming verks. Nálægð sjúkrahússins og rekstur þess gerir það að verkum að gera verður strangar kröfur til verktaka um stjórnun verks og samræmingu verkþátta. Umfang útboðsáfanga verður því að vera nægjanlega mikið til að verktökum, sem uppfylla þau skilyrði, finnist verkið áhugavert.
— Hagkvæmni framkvæmda. Verði framkvæmdir brotnar upp í mörg smáútboðsverk má búast við mörgum lágum tilboðum. Undirbúnings- og umsjónarkostnaður verður hins vegar hærri en ella. Þá aukast jafnframt líkur á árekstrum milli einstakra verktaka, ábyrgð þeirra verður óljósari og samskipti við verktaka verða flóknari, ekki síst fyrir fulltrúa notenda.
— Fagleg sjónarmið. Fagleg gæði eru háð þekkingu verktakans og reynsu hans af sambærilegum verkum. Vera má að lægri tilboð fáist þegar verk eru brotin niður eftir faggreinum, en á móti kemur að innra eftirlit stærri verktaka er skilvirkara en hjá litlum verktökum.

Í framkvæmdaáætlun YMÁL fyrir K-byggingu er gert ráð fyrir að byggingin verði reist í tveimur verkáföngum. Fyrra útboðsverkið — og það sem hér um ræðir — nær til undirbyggingar, þ.e. lagnagangs, stofnlagna, jarðvinnu húss og smíði sökkla og gólfplötu. Þetta verk er talið kosta 199 millj. kr. (bvt. 192,6 stig). Síðara útboðsverkið nær til yfirbyggingar, þ.e. uppsteypu hússins, þaksmíði, smíði skála og breytinga á aðalbyggingu sem af því leiða. Áætlaður kostnaður við þetta verk er 535 millj. kr. Auk þessara verka þarf að smíða nýja aðalrafmagnstöflu fyrir Landspítalann. Er áætlað að smíði töflunnar og tengd verk við spennistöð, tengingar og frágang rýmis fyrir raforkuvirki í U-byggingu muni kosta 41 millj. kr. Vinna þarf að smíði aðaltöflunnar samhliða smíði lagnagangs og lagningu stofnlagna í hann. Verður töflusmíðinni og tengingu nýrra stofnlagna við hana að vera lokið áður en hafist verður handa við jarðvinnu hússins.

Kostnaður við undirbyggingu og aðaltöflu er samkvæmt framansögðu áætlaður 240 millj. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir 144 millj. kr. fjárveitingu til K-byggingar á því ári. Þá er nú gert ráð fyrir að í árslok 1994 hafi YMÁL yfir að ráða 60 millj. kr. af fjárveitingu ársins 1994 sem nýta mætti til framkvæmda á árinu 1995. Ráðstöfunarfé yrði því alls 204 millj. kr. Þar af er áætlað að verja þurfi 32 millj. kr. til undirbúnings yfirbyggingar, tækjakaupa til krabbameinslækningadeildar samkvæmt samningi frá sl. ári og til almenns rekstrar- og stjórnunarkostnaðar. Að þessum liðum frátöldum yrði framkvæmdafé 1995 172 millj. kr. Skortir þá 68 millj. kr. á áætlaðan kostnað við smíði undirbyggingar og aðaltöflu.

YMÁL áformar að bjóða út smíði undirbyggingar og aðaltöflu á næstunni. Er ætlunin að haga útboði og verksamningum þannig að unnið verði fyrir 172 millj. kr. árið 1995, þ.e. smíði aðaltöflu verði lokið fyrir um 41 millj. kr. og 131 millj. kr. verði varið til undirbyggingar. Henni verði síðan lokið á árinu 1996 fyrir 68 millj. kr. sem koma yrðu af fjárveitingu þess árs. Hefur YMÁL ritað heilbrigðisráðuneytinu og farið þess á leit að það fallist á þá tilhögun sem hér hefur verið lýst og þar með þá skuldbindingu um 68 millj. kr. fjárveitingu á árinu 1996 sem í þessu felst.

Þess er hér með farið á leit að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fallist á að framkvæmdir við undirbyggingu verði boðnar út eins og að ofan greinir þegar leyfi ráðherra hefur verið veitt.

F.h. YMÁL,
virðingarfyllst,

Hallgrímur Snorrason,
formaður.

Fylgiskjal II.

Rammasamningur um byggingu nýs barnaspítala.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Ríkisspítalar og Kvenfélagið Hringurinn gera með sér samning um byggingu nýs barnaspítala, Barnaspítala Hringsins.

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um byggingu nýs barnaspítala og samkomulag heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra um fjármögnun gera samningsaðilar með sér eftirfarandi samning.

1. Að byggður verði nýr barnaspítali á lóð Landspítala. Um er að ræða nýtt hús við fæðingardeild Landspítalans, samtals um 4.000 m². Verktími verði þrjú ár. Heildarkostnaður er áætlaður 600 m.kr.
2. Fjármögnun framkvæmda verður sem hér segir:
   Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið beiti sér fyrir að á fjárlögum næstu þriggja ára verði 125 m.kr. á ári til byggingarinnar.
   Heilbrigðisráðuneytið leggi fram 20 m.kr. á árinu 1994.
   Kvenfélagið Hringurinn leggi fram úr Barnaspítalasjóði Hringsins 100 m.kr.
   Byggingarsjóður Nýja barnaspítalans leggi fram 20 m.kr.
   Ríkisspítalar leggi fram auk lóðar, vinnu við hönnun og tækniaðstoð.
   Miðað er við að Reykjavíkurborg leggi fram 100 m.kr., sbr. yfirlýsingu borgarstjóra þar um.
3. Kvenfélagið Hringurinn skipuleggi fjársafnanir og renni frjáls framlög einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja til Barnaspítalasjóðs Hringsins til kaupa á búnaði og tækjum.

4. Könnuð verði hagkvæmni þess að fram fari alútboð í verkið.
5. Undirbúningur að byggingunni hefjist 1. júní 1994 en verklok verði á árinu 1997. Samningur þessi er gerður í þríriti og heldur hver samningsaðili einu eintaki.

Reykjavík, 26. maí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Guðmundur Árni Stefánsson

Kvenfélagið Hringurinn
Elísabet Hermannsdóttir

Ríkisspítalar
Davíð Á. Gunnarsson

469. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Svavari Gestssyni, Valgerði Sverrisdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
110 Sumarmissiri	30.000

470. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Einarsdóttur og Kristínu Sigurðardóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 170 Atvinnumál kvenna.	
Fyrir „20.000“ kemur	200.000

471. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Svavari Gestssyni og Pétri Bjarnasyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-799 Heyrnleysingjaskólinn. 102 Annað en kennsla.	
Fyrir „12.600“ kemur	16.400

472. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
109 Kvennarannsóknir	10.000

473. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 03-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
112 Styrkir til kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking	5.000

474. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jóhanni Ársælssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 11-399 115 Niðurgreiðsla á rafhitun.	
Fyrir „397.000“ kemur	497.000

475. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

5.6 Að endurgreiða kostnað af endurteknum kosningum um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningum sem leitt hafa eða munu leiða af mistökum við undirbúning að kosningum um sameiningu sveitarfélaga á síðastliðnum tveimur árum.

476. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín frá fjármálaráðuneyti Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra, Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra, Snorra Olsen deildarstjóra, Maríönnu Jónasdóttur deildarstjóra og Braga Gunnarsson lögfræðing. Einnig fékk nefndin til sín Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Gylfa Arnbjörnsson og Ara Skúlason frá ASÍ, Pál Halldórsson og Birgi Björn Sigurjónsson frá BHMR, Rannveigu Sigurðardóttur frá BSRB, Þórarin V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá VSÍ, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jónas Fr. Jónsson frá Verslunarráði Íslands, Ólaf Jónsson frá Landssambandi aldraðra, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands og loks Stefán Pálsson, Ragnheiði Kristjánsdóttur og Reyni Ingibjartsson frá Búseta.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Í stuttu máli eru þær þessar:

Í fyrsta lagi er lagt til að tillögur um breytingar á ákvæðum um frádrátt vegna staðaruppbóta starfsmanna í utanríkisþjónustunni verði felldar brott þar sem fara þurfi betur ofan í málið.

Í öðru lagi er til að taka af allan vafa lagt til að í c-lið 2. gr. frumvarpsins verði vísað beint í 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þannig að skýrt sé að ákvæðið nái bæði til sjóða sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, sbr. Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóð sjómanna, og til þeirra sjóða er hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

Í þriðja lagi er lagt til að kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðum teljist frádráttarbær frá skatti. Tvenn skilyrði eru þó sett fyrir heimild til frádráttar, annars vegar að útboð bréfanna sé opið öllum einstaklingum með lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og hins vegar að keyptur stofnfjárhlutur sé bundinn í 10 ár frá útgáfu. Eðlilegt er að opna möguleika fyrir sparisjóði til að auka eigið fé með sambærilegum hætti og gildir um hlutafélög og samvinnufélög. Sparisjóðirnir hafa um margt sérstöðu í íslensku atvinnulífi og því þarf að sníða þau skilyrði sem sett eru fyrir skattaafslætti við kaup á stofnfjárhlutum við aðstæður.

Í fjórða lagi er lagt til að a-lið 3. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að auk launagreiðslna verði ákvæðinu ætlað að ná til verktakasamninga en ekki allra þeirra þjónustugreiðslna í smærri viðskiptum sem inntar eru af hendi á degi hverjum. Hugtakið verktakagreiðslur, sem rætt er um í frumvarpinu, er fremur óskýrt og gæti reynst mikið vandamál fyrir skattyfirvöld að túlka það í framkvæmd. Þá er einnig gert ráð fyrir að ákvæðið verði ekki lengur skyldubundið heldur verði skattstjóri látinn meta það hvenær ástæða er til að synja um frádrátt af þessum sökum.

Í fimmta lagi er lagt til að inn í þær málsgreinar ákvæða um barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur, sem fjalla um að ráðherra setji nánari reglur, m.a. um útborgun, séu tekin opinber gjöld til sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þá er einnig rýmkuð heimild til skuldajöfnunar vegna barnabótaaukans.

Í sjötta lagi er lögð til sú breyting að ekki þurfi lengur allir stjórnarmenn í skráðum félögum að undirrita skattframtal heldur verði nóg að þeir sem hafi heimild til að binda félagið undirriti framtalið.

Loks er lagt til að e-liður 2. gr., er varðar nýja frádráttarreglu vegna leigutekna af íbúðarhúsnæði, komi til framkvæmda strax á næsta ári vegna leigutekna ársins 1994, en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að ákvæðið komi til framkvæmda fyrr en árið 1996. Með þessu er stefnt að því að leggja traustan grunn að hinu nýja húsaleigubótakerfi.

Alþingi, 21. des. 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Guðjón Guðmundsson.

Ingi Björn Albertsson. Sólveig Pétursdóttir.

477. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GÁS, GuðjG, IBA, SP).

1. Við 2. gr.
   a. A- og b-liður falli brott.
   b. Í stað orðanna „sem hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis samkvæmt lögum“ í c-lið komi: skv. 2. gr. laga.
   c. Á eftir 4. mgr. d-liðar komi ný málsgrein er orðist svo:

      Enn fremur má draga frá tekjum samkvæmt þessum tölulið kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðum, sbr. lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt þessari málsgrein er að útboð slíkra stofnfjárbréfa sé opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og að eigi sé heimilt að innleysa stofnfjárhlut í 10 ár frá útgáfu.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „launa- og/eða verktakagreiðslur vegna vinnu, sbr. 92. gr., skal ekki heimilaður frádráttur“ í a-lið komi: launagreiðslur og/eða verktakasamninga vegna vinnu, sbr. 92. gr., að aðgættum ákvæðum 96. gr., er skattstjóra heimilt að synja um frádrátt.
3. Við 7. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við greinina bætist nýr stafliður, er verði a-liður, og orðist svo: 11. mgr. A-liðar orðast svo:

      Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.
   b. B-liður, er verði c-liður, orðist svo: Í stað 9. og 10. mgr. B-liðar kemur ný málsgrein er orðast svo:

      Barnabótaauki skal ákveðinn við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabótaauka, innheimtu ofgreidds barnabótaauka og skuldajöfnun barnabótaauka á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.
   c. Við bætist nýr stafliður er orðist svo: 10. mgr. C-liðar orðast svo:

      Reglur um skuldajöfnun vaxtabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.
4. Við 10. gr. Við greinina bætist nýr stafliður er orðist svo: 3. mgr. orðast svo:

   Framtalsskyldan hvílir á lögaðila. Sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal framtalinu fylgja ársreikningur, sbr. 1. mgr. Í skráðum félögum er nægilegt að þeir sem heimild hafa til að binda félagið undirriti framtalið.

5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Ákvæði laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1995. Ákvæði 6., 10., 11., 13., 14., 15. og 16. gr. koma til framkvæmda frá og með þeim tíma. Ákvæði 1. gr., c-liðar 2. gr., 3., 4. og 5. gr., a-, b-, c-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr. og 8., 9. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna og gjalda á árinu 1994 og eigna og skulda í lok þess árs og ákvörðun bóta á árinu 1995. Ákvæði a- og b-liðar 2. gr. og d- og e-liðar 7. gr. koma til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og staðgreiðslu á því ári.

478. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 08-206 110 Sjúkratryggingar.	
Fyrir „9.800 000“ kemur	9.785.000
2. Við 4. gr. 08-371 101 Ríkisspítalar.	
Fyrir „6.844.900“ kemur	6.859.900
3. Við 4. gr. 08-371 660 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður.	
Fyrir „74.000“ kemur	109.000

479. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög. Nýr liður:	
160 Jöfnunaraðstoð við skipasmíðar	70.000

480. Frumvarp til laga [318. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

262. gr. laganna orðast svo:

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, 2. mgr. 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, 1., 2. eða 7. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 11.

gr. laga um tryggingagjald og gegn 1. eða 6. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fyrr greinir.

Sömu refsingu skal sá sæta sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 3. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, IV. kafla laga um bókhald eða X. kafla laga um ársreikninga, þar á meðal til þess að leyna auðgunarbroti sínu eða annarra.

Verknaður telst meiri háttar brot skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef brotið lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert þeirra brota sem getur í 1. eða 2. mgr., hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir þau ákvæði fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efnisatriði frumvarpsins styðjast að mestu við samsvarandi ábendingar um úrbætur í skattamálum er fram komu í skýrslu fjármálaráðherra um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika og lögð var fyrir Alþingi 18. apríl 1986 og í skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði 18. nóvember 1992 um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim, en síðari skýrslan kom út á vegum fjármálaráðuneytisins í september 1993. Ábending umræddra nefnda um nýtt hegningarlagaákvæði var einn liður af mörgum í samfelldri heildaráætlun um aðgerðir gegn skattsvikum. Raunar má ætla að ýmsar aðrar aðgerðir, sem bent er á í skýrslunum, geti einnig orðið virk úrræði gegn skattsvikum, ekki síst ef áætlunin kemur til framkvæmda í heild sinni. Frumvarp þetta er þáttur í heildarendurskoðun viðurlagaákvæða í skattalögum og bókhaldslögum.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur. Annars vegar er stefnt að því að auka varnaðaráhrif refsiákvæðanna með því að leggja refsingu við hinum alvarlegri skattsvika- og bókhaldsbrotum í hegningarlögum. Hins vegar er stefnt að þyngri refsiviðurlögum í framkvæmd með því að herða og binda neðra refsimarkið þegar tilteknar aðstæður eru fyrir hendi.

Við það er miðað að dómur fyrir hegningarlagabrot hafi að öðru jöfnu meiri varnaðaráhrif en dómur fyrir sérrefsilagabrot. Sami háttur var á hafður í Danmörku þegar lögfest var í hegningarlögum árið 1971 ákvæði 289. gr. um meiri háttar skatta- og tollabrot. Þykir ákvæðið hafa gefið góða raun. Hliðstæð aðferð var höfð við lögfestingu 173. gr. a í íslensku hegningarlögunum að því er varðar meiri háttar ávana- og fíkniefnabrot, sjá lög nr. 64/1974. Aðferðin er í því fólgin að lögfesta eyðuákvæði um alvarleg brot gegn reglum sem lýst er efnislega í öðrum lögum, að hluta til eða að öllu leyti, bæði í umræddri 173. gr. a og ákvæði því sem hér er lagt til að lögfest verði, en að nokkru leyti byggð á verknaðarlýsingum annarra lagaákvæða, en að nokkru á sérstökum viðbótarskilyrðum í hegningarlagaákvæðunum sjálfum. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins gengur nokkuð lengra en umrætt ákvæði dönsku hegningarlaganna að því er varðar gildissvið, saknæmisskilyrði og refsimörk. Er það til marks um þá áherslu sem lögð er á það af þjóðfélagsins hálfu að vinna af alefli gegn þeirri útbreiddu meinsemd sem skattsvik eru orðin. Ekki þykir hins vegar fært né heldur til bóta að innlima refsiákvæði skattalaga í heild sinni í almenn hegningarlög. Þau verða ekki slitin úr samhengi við efnisreglur á viðkomandi

málasviði. Skattabrot verða ekki heldur flokkuð undir gildandi hegningarlagaákvæði, t.d. um auðgunarbrot.

Núverandi 262. gr. hegningarlaga fjallar um bókhaldsbrot. Ákvæðið er að ýmsu leyti gallað og ófullnægjandi. Það tekur til hvers kyns bókhaldsbrota, enda engin refsiákvæði í gildandi lögum um bókhald, nr. 51/1968. Það hefur óljósa verknaðarlýsingu að geyma og að mestu takmarkaða við brotaeindir. Refsimörkin eru mjög væg. Auk 262. gr. ber að nefna 158. gr. hegningarlaga sem tekur til vísvitandi rangfærslu skjala, að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur yfir meiri háttar brot einstaklinga gegn tilteknum skattalögum, þ.e. lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald og lögum um virðisaukaskatt. Þetta eru þau skattalög sem mesta þýðingu hafa varðandi skattsvik. Brot á öðrum skattalögum og á tollalögum falla ekki undir ákvæðið. Heppilegt þykir að hafa gildissvið ákvæðisins vel skilgreint að þessu leyti. Skipta þá ekki máli mismunandi skilgreiningar á skattahugtakinu og alls konar takmarkatilfelli í því sambandi.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er bundið við brot gegn ákvæðum nýsamþykktra laga um bókhald og laga um ársreikninga. Ákvæðið mótast af þeim áherslum sem koma fram í fyrrnefndum skýrslum, hertu bókhaldseftirliti, markvissri rannsókn og meðferð bókhaldsbrota og eðlilegum viðurlögum við slíkum brotum, hvort sem jafnframt er um skattalagabrot að ræða eða ekki. Má ætla að breytt stefna í þessu efni sé eitthvert mikilvægasta úrræðið til að herða skatteftirlit og draga úr skattsvikum með markvissum skattrannsóknum. Hið nýja hegningarlagaákvæði, sem hér er lagt til að lögfest verði, er þó háð þeirri forsendu að sjálfstæð refsiákvæði verði lögfest í lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Tilvísunin til IV. kafla bókhaldslaga og X. kafla laga um ársreikninga nær eðli máls samkvæmt hvorki til ákvæða þeirra um refsiábyrgð lögaðila né heldur ákvæða um tilraun og hlutdeild, enda taka ákvæði III. kafla hegningarlaga beint til brota þessara.

Saknæmisskilyrði refsiábyrgðar, bæði fyrir skattsvik og bókhaldsbrot, eru ásetningur eða stórfellt gáleysi. Eru það sömu skilyrði og hafa verið í skattalögunum, en varðandi bókhaldsbrotin táknar þetta rýmkun refsiábyrgðar þar sem gildandi ákvæði 262. gr. áskilur ásetning. Með því að leggja stórfellt gáleysi að jöfnu við ásetning er gætt hæfilegrar varúðar varðandi hlutfall sakar og verknaðar, en jafnframt eru líkur til að viðurlög verði ákvörðuð, m.a. með hliðsjón af sakarstigi. Á hinn bóginn er sönnunarmatið auðveldað með því að ekki þarf að draga nákvæma markalínu milli ásetnings og gáleysis hverju sinni.

Mælikvarðinn á það hvað teljist meiri háttar brot kemur fram í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins og er sameiginlegur fyrir skattsvik skv. 1. mgr. og bókhaldsbrot skv. 2. mgr. ákvæðisins. Auk þess er sjálfstætt viðbótaratriði um bókhaldsbrot í lok 2. mgr. sem mundi nægja til þess að gera brot meiri háttar þótt ekkert af almennu atriðunum í 3. mgr. væri fyrir hendi. Þetta sérstaka viðbótaratriði er fólgið í því að fremja bókhaldsbrot til þess að leyna auðgunarbroti sínu eða annarra. Með þessu er átt við hvers konar brot gegn ákvæðum XXVI. kafla hegningarlaga. Bókhaldsbrotið telst fullframið þegar það hefur verið framið í þessu skyni þótt auðgunarbrotið hafi ekki enn átt sér stað.

Hin almennu viðmiðunaratriði um meiri háttar brot eru fjögur talsins. Hvert þeirra um sig nægir til þess að byggja megi sakfellingu á 1. gr. frumvarpsins. Hið fyrsta lýtur verulegum fjárhæðum. Þetta er matskennt atriði, svipað og mikil eignaspjöll í 2. mgr. 257. gr. hegningarlaga. Yfirleitt mundi þetta ekki valda erfiðleikum í framkvæmd, svo sem ef um

milljónaundandrátt væri að ræða. Í vafatilvikum hlýtur sökunautur að njóta góðs af vafanum og málinu yrði lokið með fésekt á grundvelli ákvæða í viðkomandi lögum. Annað atriðið lýtur að sérstaklega vítaverðri aðferð við verknaðinn. Tekur hún til m.a. rangfærslu eða eyðileggingar á gögnum við bókhaldsbrotið, einkum þegar refsiskilyrði 158. eða 258. gr. hegningarlaga eru ekki til staðar. Þriðja atriðið varðar aðstæður er auka mjög saknæmi brots, t.d. ef um er að ræða framhaldsbrot eða aðra brotaeind, samvinnu fleiri en eins skattaðila eða aðstoð kunnáttumanna, svo sem lögfræðings eða löggilts endurskoðanda. Loks má í fjórða lagi byggja sakfellingu á ákvæðinu ef brot er ítrekað. Ítrekunartengsl eru milli allra þeirra brotategunda sem nefndar eru í 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins og milli þeirra einna. Líkist ákvæðið að þessu leyti 255. gr. hegningarlaga. Að öðru leyti fer um ítrekunarskilyrði eftir 71. gr. hegningarlaga.

Refsimörk eru þau sömu í 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. varðhald eða fangelsi allt að 6 árum. Refsihámarkið er hið sama og í framantöldum skattalögum og einnig í samræmi við hámarksrefsingu fyrir allflest auðgunarbrot. Það væri því óeðlilegt og gagnslítið að hækka hámarkið frá því sem nú er í skattalögunum. Sama hámark er hér ákveðið fyrir bókhaldsbrot og er veruleg breyting í því fólgin. Hins vegar er að því stefnt með ákvæðinu að herða refsimörkin að því er refsilágmark varðar. Samkvæmt ákvæðinu skal dæma í varðhald eða fangelsi ef brot telst meiri háttar. Refsivistardómur getur hér eins og endranær orðið skilorðsbundinn að hluta eða að öllu leyti. Þá má dæma mann til fésektar jafnframt refsivist, hvort sem refsivistin er skilorðsbundin eða ekki, samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga og bókhaldslaga sem vísað er til í 1. gr. frumvarpsins. Ætlast er til að dæmt sé annaðhvort eftir hinu nýja ákvæði hegningarlaga eftir atvikum, ásamt sekt samkvæmt nefndum ákvæðum, eða eftir fésektarákvæðum hinna einstöku skattalaga eða bókhaldslaga. Álitamál geta komið upp varðandi notkun almennra refsilækkunarheimilda hegningarlaga sem geta leitt til þess að refsing sé færð niður úr lágmarki, þ.e. hér niður í fésektir. Einna raunhæfast í því sambandi er 8. og 9. tölul. 1. mgr. 74. gr. hegningarlaga ef sökunautur hefur bætt að fullu tjón af broti sínu áður en dómur er upp kveðinn eða skýrt hreinskilnislega frá öllum atvikum að brotinu. Óheft notkun dómstóla á slíkri heimild gæti gert hið nýja ákvæði óvirkt að meira eða minna leyti. Til þess er auðvitað ekki ætlast af hálfu löggjafans. Þvert á móti er tekið mið af þeirri staðreynd að fremur fátítt er að dómstólar noti refsilækkunarheimildir til þess að færa refsingu niður fyrir hið lögmælta lágmark heldur láta þeir yfirleitt nægja að taka tillit til þeirra, sakborningi til málsbóta, innan hinna lögmæltu refsimarka.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Með frumvarpinu verða viðurlög hert við brotum á skatta- og bókhaldslögum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

481. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Páli Péturssyni og Jóni Helgasyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

5.6 Að verja hluta af jöfnunargjöldum sem lögð verða á samkvæmt ákvæðum GATT-samningsins til stuðnings sölu á landbúnaðarafurðum erlendis.

482. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Svavari Gestssyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

5.6 Að endurgreiða Ríkisspítölum allt að 30 millj. kr. á árinu 1995 eða helminginn af andvirði línuhraðals sem fest verða kaup á fyrir krabbameinslækningadeild Landspítalans.

483. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Svavari Gestssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 106 Kennslu- og vísindadeildir.	
Fyrir „990.800“ kemur	1.183.500

484. Frumvarp til laga [319. mál]

um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, orðast svo:

Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn eða eignarskatt skal hann greiða fésekt allt að tífaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektar-

fjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að telja fram til skatts varðar það brot fésektum er aldrei skulu nema lægri fjárhæð en tvöfaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem á vantar ef áætlun reyndist of lág við endurreikning skatts skv. 2. mgr. 96. gr. laganna og skal þá skattur af álagi dragast frá sektarfjárhæð skv. 106. gr. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga.

Skýri skattskyldur maður rangt eða villandi frá einhverjum þeim atriðum er varða framtal hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslu.

Verði brot gegn 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða fésekt allt að fjórfaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur þessari skattfjárhæð að viðbættum helmingi hennar. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem í 3. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skattframtöl annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að gegna skyldu sinni samkvæmt ákvæðum 91., 92. eða 94. gr. skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

2. gr.

30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, orðast svo:

Skýri gjaldskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hver sá launagreiðandi sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir fé af launagreiðslum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða ekki innt af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir skal greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggi við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Álag skv.1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi launagreiðandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda tilskilið launabókhald varðar það brot við refsiákvæði laga um bókhald, en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 19. gr., upplýsingaskyldu skv. 25. gr., misnotar skattkort, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Skýri skilaskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það launamann sem lætur greiða sér laun vitandi um að launagreiðandi hans hefur eigi haldið eftir af launum hans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem skylt er samkvæmt lögum þessum eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskil vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu fésekt, allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

3. gr.

40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, orðast svo:

Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um of og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri þessari skattfjárhæð. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði, skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald nema þyngri refsing liggi við brotinu skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Vanræki maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., upplýsingaskyldu skv. 38. gr. eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans skal sæta sektum þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

Verði brot skv. 1. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða og aldrei lægri fésekt en nemur þessari skattfjárhæð að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem í 4. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir var unnið á vegum fjármálaráðuneytisins og samið af Snorra Olsen, deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu, Skúla Eggert Þórðarsyni, skattrannsóknarstjóra ríkisins, og Jónatan Þórmundssyni prófessor. Frumvarpið er liður í heildarendurskoðun viðurlagaákvæða í skattalögum og bókhaldslögum. Annars vegar er um að ræða breytingar á eldri lögum, þ.e. frumvarp þetta til laga um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga, en hins vegar er um nýmæli að ræða. Ber þar fyrst að nefna frumvarp dómsmálaráðherra um 262. gr. almennra hegningarlaga sem er ný að því er skattsvikaþátt hennar varðar en verulega breytt og efld að því er bókhaldsþáttinn varðar. Þá eru ný ákvæði um viðurlög og málsmeðferð sem lagt er til að bætt verði við frumvörp þau til laga um bókhald og ársreikninga sem nú liggja fyrir Alþingi. Engum slíkum ákvæðum er til að dreifa í gildandi lögum. Með öllum þessum ákvæðum er stefnt að heilsteyptu og skilvirku átaki löggjafans gegn skattsvikum og bókhaldsbrotum.

Í frumvarpi þessu felast breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt. Óþarft er að gera breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem um þetta efni vísa til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1990, né heldur á lögum um tryggingagjald sem vísa til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 11. gr. laga nr. 113/1990.

Meginbreytingar þessa frumvarps lúta að nýskipan refsimarka í tengslum við hið nýja ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga sem gerð er tillaga um í öðru frumvarpi fluttu af dómsmálaráðherra. Í hegningarlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að brot gegn tilteknum ákvæðum í skattalögum geti talist meiri háttar brot skv. 262. gr. almennra hegningarlaga, að uppfylltum tilteknum viðbótarskilyrðum þess ákvæðis. Umrædd ákvæði skattalaga eru talin upp í 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga og auk þess er í viðkomandi ákvæðum þessa frumvarps vísað beint eða óbeint til 262. gr. Ef brot telst meiri háttar samkvæmt þessu varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum og heimilt er að beita margfeldissektum til viðbótar refsivist. Ef háttsemi telst ekki meiri háttar brot varðar það yfirleitt margfeldissekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem um er að ræða hverju sinni, en minnst tvöfaldri þessari fjárhæð. Felst veigamikil breyting í þessu ákvæði um lágmarkssektir. Nokkur ákvæði frumvarpsins hafa vægari refsimörk að geyma eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar.

Áhersla er lögð á það í frumvarpi þessu að skipa efni ákvæða með nýjum hætti þannig að flokkað sé saman það sem saman á og skýrar sé greint á milli mismunandi efnisatriða en gert er í gildandi lögum.

Í frumvarpi þessu er byggt á sömu saknæmisskilyrðum fyrir refsiábyrgð og í gildandi lögum, þ.e. ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi (gáleysi). Framsetning verknaðarlýsinga er í stórum dráttum sú sama. Fullframning athafnabrota er við það miðuð að skattskyldur maður hafi skýrt rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um tekjuskatt hans og eignarskatt. Í þessu felst að sök hins brotlega þarf að ná til þess að koma fram rangri álagningu sér í hag og baka þannig hinu opinbera tjón. Hins vegar er það ekki skilyrði laganna að tjón hafi hlotist af háttseminni. Með þessu fæst betri refsivernd fyrir ríkissjóð og aðra gjaldkrefjendur en ef tjón væri áskilið í einstökum tilfellum. Sama tilhögun er í öðrum ákvæðum frumvarpsins um athafnabrot að breyttu breytanda. Í mörgum ákvæðum frumvarpsins er aftur á móti á því byggt að brot sé fólgið í athafnaleysi. Í þeim tilvikum kann aðstaðan að vera sú að athafnaleysið verði lagt að jöfnu við athöfn, t.d. þegar vanrækt er að telja fram til skatts. Er þá skilyrði að með slíku athafnaleysi sé stefnt að undandrætti skatts og með því valdið tjóni eða þá að stórfellt gáleysi standi til slíkrar afleiðingar (óbeint athafnaleysi). Í öðrum tilvikum telst brot fullframið við aðgerðaleysið sem slíkt án tillits til afleiðinga, t.d. þegar vanrækt er að gefa lögskyldar upplýsingar (beint athafnaleysi). Sú fræðilega tilhögun ákvæðanna sem rakin er hér að framan er að mestu leyti sú sama og í gildandi lögum en er hér stuttlega reifuð til glöggvunar og til þess að gefa heildarmynd af uppbyggingu refsiákvæðanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins svara til 1. mgr. 107. gr. í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrri málsgreinin svarar til 1. málsl. núgildandi ákvæðis en seinni málsgreinin til 2. málsl. Í 1. mgr. er fjallað um athafnabrot fólgin í rangri eða villandi frásögn (yfirlýsingu) um eitthvað er máli skiptir varðandi skattákvörðun og getur því leitt til skattundandráttar. Í 2. mgr. er fjallað um það vanrækslubrot að telja ekki fram til skatts. Í báðum ákvæðunum þurfa saknæmisskilyrðin að ná til þess að koma fram ákveðinni afleiðingu, en sú afleiðing þarf þó ekki að vera komin fram, eins og áður var getið í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Bæði ákvæðin vísa til 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga og geta brot gegn 1. og 2. mgr. ákvæðis þessa því varðað við það ákvæði hegningarlaga ef skilyrði þess eru einnig uppfyllt.

Ef brot varðar við 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga liggja við brotinu þau viðurlög sem þar greinir, þ.e. varðhald eða fangelsi allt að sex árum. Á móti fellur niður 6. mgr. núgildandi 107. gr. laganna er fjallar um ítrekuð brot eða miklar sakir. Ef til sektarákvörðunar kemur, eingöngu eða til viðbótar refsivist, reynir á hin nýju refsimörk 1. mgr. sem að hámarki geta numið tífaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan er dreginn og að lágmarki tvöfaldri þessari skattfjárhæð. Gert er ráð fyrir óbreyttri reglu um frádrátt skatts af álagi, þannig að í reynd sé lágmarkssekt að jafnaði margfeldið 1,75 ofan á undandregna skattfjárhæð, miðað við að hámarksálagi sé beitt og að persónuafsláttur raski ekki útreikningi. Þar sem um margfeldissektir er að ræða er yfirleitt ekki ætlast til að almennar refsilækkunarheimildir séu nýttar til þess að færa sektir niður fyrir það lögbundna lágmark sem hér var lýst. Slík lækkun er þó sjálfsagt heimil í hreinum undantekningartilvikum. Aðrar refsiákvörðunarreglur, svo sem sú regla að hafa hliðsjón af greiðslugetu sökunautar eða efnahag, sbr. 51. gr. hegningarlaga, eiga oft ekki við og stundum alls ekki. Að því er sérstaklega varðar 2. mgr. ákvæðisins er ástæða til að taka fram að gagnslítið er eða þýðingarlaust að hafa tiltekið hámark margfeldissektar og gildir því 50. gr. hegningarlaganna um hámark fésektar (4 millj. kr.). Almennt er lágmark ótiltekin sekt en ef áætlun skattstjóra reynist vera of lág við endurreikning skatts skv. 2. mgr. 96. gr. laganna er við það miðað að sektin nemi aldrei lægri fjárhæð en tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem munar, að teknu tilliti til álags.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins svarar til 2. mgr. núgildandi ákvæðis. Eðlilegra þykir að miða við skattskyldan mann sem geranda fremur en „framteljanda“. Í annan stað er miðað við að umræddar upplýsingar geti ekki haft áhrif í stað þess að upplýsingarnar hafi í raun ekki haft áhrif. Verður raunar að ætla að það sé fyrri útgáfan sem felst í núgildandi ákvæði þrátt fyrir orðalag þess. Gert er ráð fyrir að ákvæðið sé óbreytt varðandi ákvörðun fésekta. Háttsemi þessi getur ekki fallið undir 262. gr. hegningarlaganna.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins svarar til 3. mgr. núgildandi ákvæðis. Engar efnisbreytingar eru á þessu ákvæði utan þess að lágmark fésektar nemur nú skattfjárhæðinni af þeim skattstofni sem undan var dreginn að viðbættum helmingi hennar. Margfeldislágmarkið er því 1,5 ofan á undandregna skattfjárhæð. Rétt þykir að skattur af álagi dragist frá sektarfjárhæð eins og í 1. og 2. mgr., þótt svo sé ekki í gildandi lögum. Háttsemi þessi getur ekki fallið undir 262. gr. hegningarlaganna.

Ákvæði 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins svarar til hluta af 4. mgr. núgildandi ákvæðis. Ákvæðið fjallar um háttsemi þeirra sem annaðhvort láta skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skattframtöl annarra aðila en hins brotlega sjálfs eða aðstoða aðra við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Ákvæðið á m.a. við um þá sem telja fram fyrir lögaðila eða ófjárráða menn, sbr. 91. gr. laganna. Sama á við um sérfróða menn og aðra sem taka að sér að aðstoða skattskylda menn eða lögaðila við framtalsgerð og annan erindrekstur til skattyfirvalda. Málsgreinin vísar til 1. mgr. frumvarpsákvæðis þessa um refsimörk, bæði um margfeldissektir og viðurlög skv. 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Leiðir af tilvísuninni að margfeldissekt yrði miðuð við skattfjárhæðina af þeim skattstofni sem undan er dreginn með upplýsingunum eða aðstoðinni. Í hegningarlagaákvæðinu er og vísað til þessarar málsgreinar ákvæðisins.

Ákvæði 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins svarar til hluta af 4. mgr. núgildandi ákvæðis. Samkvæmt því varðar það sektum eða varðhaldi, óháð ákvæði 1. mgr. um margfeldissektir og ákvæði 262. gr. hegningarlaga um refsivist, að vanrækja tilteknar skyldur, þ.e.

framtalsskyldu skv. 91. gr. laganna, skyldu til að skila launaskýrslum skv. 92. gr. og um upplýsingaskyldu skv. 94. gr. Brotin eru hrein athafnaleysisbrot og er þeim lýst í ákvæðinu án tillits til afleiðinga.

Ákvæði 7. mgr. 1. gr. frumvarpsins svarar til 7. mgr. núgildandi ákvæðis. Er ákvæði þetta efnislega óbreytt að öðru leyti en því að hámark fésektar fer eftir öðrum ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem við á, og getur því orðið margfeldissekt. Tilvísun til 262. gr. hegningarlaga er óþörf því að ákvæði III. kafla hegningarlaga eiga beint við ef á 262. gr. reynir.

Ákvæði 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins svarar til 5. mgr. núgildandi ákvæðis. Skýrar er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila í fyrri málslið ákvæðisins en gert er í gildandi lögum. Hún getur verið fyllilega sjálfstæð og án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Að sjálfsögðu koma einungis fésektir til greina sem refsing. Síðari málsliður málsgreinarinnar fjallar um fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans sem getur gerst sekur um hvaða brot á lögunum sem að framan greinir og getur sætt þeirri refsingu sem þar getur, en auk þess má samkvæmt þessu ákvæði gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda ef brotið er drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. frumvarpsins svara til 1. mgr. 30. gr. í gildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Fyrri málsgreinin fjallar um gjaldskylda einstaklinga sem eru ekki jafnframt launagreiðendur skv. 7. gr. laganna. Þessi málsgrein mun taka til fremur fárra einstaklinga í framkvæmd. Seinni málsgreinin tekur til launagreiðenda eins og þeir eru skilgreindir í nefndu ákvæði. Fyrri málsgreinin lýsir einungis athafnabrotum sem fólgin eru í því að skýra rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um staðgreiðsluskil. Í síðari málsgreininni er annars vegar fjallað um ranga eða villandi frásögn launagreiðanda um eitthvað það sem máli skiptir um staðgreiðsluskil hans og hins vegar um vanrækslu hans í tilteknum efnum, þ.e. ef hann hefur ekki haldið eftir staðgreiðslufé af launagreiðslum, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða ekki innt af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir. Í báðum ákvæðunum þurfa saknæmisskilyrði að ná til ákveðinnar afleiðingar sem út af fyrir sig þarf ekki að vera komin fram en er það oftast í reynd, eins og orðalag ákvæðanna bendir til. Bæði ákvæðin vísa til 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga og geta því brot gegn 1. og 2. mgr. ákvæðis þessa varðað við 1. mgr. 262. gr. ef skilyrðum hennar er fullnægt.

Ef brot varðar við 1. eða 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga liggja við brotinu þau viðurlög sem þar greinir, þ.e. varðhald eða fangelsi allt að sex árum. Á móti fellur niður 7. mgr. 30. gr. gildandi laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er fjallar um ítrekuð brot eða miklar sakir. Ef til sektarákvörðunar kemur, eingöngu eða til viðbótar refsivist, reynir á hin nýju refsimörk sem í 1. mgr. geta mest orðið tíföld sú skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og minnst tvöföld þessi skattfjárhæð. Ekki er gert ráð fyrir frádrætti álags í þessari málsgrein. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sama hámarki og lágmarki margfeldissektar og í 1. mgr. þessa ákvæðis, miðað við þá skattfjárhæð sem launagreiðandi vanrækti að halda eftir eða standa skil á. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laganna dregst frá sektarfjárhæðinni. Um ákvörðun margfeldissekta að öðru leyti er vísað til athugasemda við 1. gr. þessa frumvarps. Sá fyrirvari er gerður í 2. mgr. að ekki liggi þyngri refsing við brotinu skv. 247. gr. hegningarlaganna um fjárdrátt.

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins svarar til hluta af 2. mgr. 30. gr. gildandi laga. Ákvæðið fjallar um vanrækslu launagreiðanda að halda tilskilið launabókhald. Rétt þykir að vísa um sektarákvörðun til refsiákvæða laga um bókhald en meiri háttar brot af þessu tagi varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins svarar til hluta af 2. mgr. og 5. mgr. 30. gr. gildandi laga. Þar er kveðið á um ýmiss konar vanrækslubrot, svo sem vanrækslu á tilkynningar- og upplýsingaskyldu og um misnotkun skattkorta. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum eða varðhaldi, óháð ákvæðum 1. og 2. mgr. um margfeldissektir og ákvæði 262. gr. hegningarlaga um refsivist.

Ákvæði 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins svarar að mestu til 3. mgr. 30. gr. gildandi laga. Í ákvæði þessu er annars vegar fjallað um ranga eða villandi frásögn skilaskylds manns þegar upplýsingar hans geta ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Um skýringu á þessu ákvæði má vísa til athugasemda við 1. gr. Í annan stað fjallar ákvæðið um þá háttsemi launamanns að láta greiða sér laun þótt hann viti að launagreiðandi hans hefur ekki haldið eftir af launum hans svo sem skylt var lögum samkvæmt. Vakin er athygli á því að í þessu tilviki er áskilinn ásetningur launamannsins. Þá er einnig í ákvæðinu fjallað um ranga eða villandi frásögn launamanns um eitthvað sem varðar skilaskyldu eða greiðsluskil vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil. Gert er ráð fyrir að ákvæðið sé óbreytt varðandi ákvörðun fésekta. Háttsemi þessi getur ekki fallið undir ákvæði 262. gr. hegningarlaga.

Ákvæði 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins svarar til 4. mgr. 30. gr. gildandi laga. Engar efnisbreytingar eru á þessu ákvæði utan þess að lágmark fésektar nemur nú skattfjárhæðinni af þeim skattstofni sem undan var dreginn að viðbættum helmingi hennar. Margfeldislágmarkið er því 1,5 ofan á undandregna skattfjárhæð. Rétt þykir að skattur af álagi dragist frá sektarfjárhæð eins og í 2. mgr. þótt svo sé ekki í gildandi lögum. Háttsemi þessi getur ekki fallið undir 262. gr. hegningarlaganna.

Ákvæði 7. mgr. 2. gr. frumvarpsins svarar til 5. mgr. 30. gr. gildandi laga að meginefni til. Ákvæðið fjallar um háttsemi þeirra sem annaðhvort láta skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi skilaskyldu annarra aðila en hins brotlega sjálfs eða aðstoða aðra við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Um skýringar á efni þessa ákvæðis má vísa til sambærilegs ákvæðis í 1. gr. Málsgreinin vísar til 1. og 2. mgr. frumvarpsgreinar þessarar um refsimörk, bæði um margfeldissektir og um viðurlög skv. 262. gr. almennra hegningarlaga. Í hegningarlagaákvæðinu er og vísað til þessarar málsgreinar ákvæðisins.

Um 8. og 9. mgr. 2. gr. frumvarpsins er vísað til þess sem segir um 7. og 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins svarar til 1. mgr. 40. gr. í gildandi lögum um virðisaukaskatt. Verknaðarlýsing ákvæðisins er sú sama og í gildandi lögum. Ákvæðið vísar til 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga og getur því brot gegn 1. mgr. þessa ákvæðis varðað við umrætt ákvæði hegningarlaga að skilyrðum þess uppfylltum.

Ef brot varðar við 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga liggja við brotinu þau viðurlög sem þar greinir, þ.e. varðhald eða fangelsi allt að sex árum. Á móti fellur niður 6. mgr. 40. gr. núgildandi laga er fjallar um ítrekuð brot eða miklar sakir. Ef til sektarákvörðunar kemur, eingöngu eða til viðbótar refsivist, reynir á hin nýju refsimörk, þ.e. að hámarki tífalda skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um

of og að lágmarki tvöfalda þessa skattfjárhæð. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Um ákvörðun margfeldissekta að öðru leyti er vísað til athugsemda við 1. gr. þessa frumvarps.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins sækir efni sitt til 2. mgr. 40. gr. gildandi laga. Ákvæðið fjallar um vanrækslu skattskylds manns að halda tilskilið bókhald, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði. Rétt þykir að vísa um sektarákvörðun til refsiákvæða laga um bókhald en meiri háttar brot af þessu tagi varða við 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga.

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins lýsir ýmsum vanrækslubrotum og svarar til efnis í ákvæðum 2. og 4. mgr. 40. gr. gildandi laga. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum eða varðhaldi, óháð ákvæði 1. mgr. um margfeldissektir og ákvæði 262. gr. hegningarlaga um refsivist.

Ákvæði 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins sækir efni sitt til 2. mgr. 40. gr. gildandi laga. Ákvæðið fjallar um ranga eða villandi frásögn skattskylds manns þegar upplýsingar hans geta ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur. Um skýringu á þessu ákvæði er vísað til athugasemda við 1. gr. Ákvæðið er óbreytt varðandi ákvörðun fésekta. Háttsemin getur ekki fallið undir ákvæði 262. gr. hegningarlaga.

Ákvæði 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins svarar til 3. mgr. núgildandi ákvæðis 40. gr. Engar efnisbreytingar eru á þessu ákvæði utan þess að lágmark fésektar nemur nú skattfjárhæðinni sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða að viðbættum helmingi hennar. Margfeldislágmarkið er því 1,5 ofan á undandregna skattfjárhæð. Rétt þykir að skattur af álagi skv. 27. gr. laganna dragist frá sektarfjárhæð eins og í 1. mgr. þótt svo sé ekki í gildandi lögum. Háttsemi þessi getur ekki fallið undir 262. gr. hegningarlaganna.

Ákvæði 6. mgr. 3. gr. frumvarpsins svarar að mestu til 4. mgr. 40. gr. gildandi laga. Ákvæðið fjallar um háttsemi þeirra sem annaðhvort láta skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila en hins brotlega sjálfs eða aðstoða aðra við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Um skýringu á efni þessa ákvæðis má vísa til sambærilegs ákvæðis í 1. gr. Málsgreinin vísar til 1. mgr. frumvarpsákvæðis þessa um refsimörk, bæði um margfeldissektir og viðurlög skv. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Í hegningarlagaákvæðinu er og vísað til þessarar málsgreinar ákvæðisins.

Um 7. og 8. mgr. 3. gr. frumvarpsins er vísað til þess sem segir um 7. og 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

485. Frumvarp til laga [320. mál]

um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Lög þessi taka til eftirtalinna starfsheita:

1. verkfræðinga,
2. tæknifræðinga,
3. arkitekta (húsameistara),

4. byggingafræðinga,
5. húsgagna- og innanhússhönnuða,
6. iðnfræðinga,
7. landslagshönnuða og
8. skipulagsfræðinga.

2. gr.

Rétt til að nota starfsheiti þau sem lög þessi taka til eða orð sem fela í sér þau heiti hafa þeir menn einir sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra, sbr. 3. gr., eða þeir sem fengið hafa staðfestingu ráðherra á leyfi til að bera samsvarandi starfsheiti sem veitt hefur verið í ríki sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. 4. gr.

3. gr.

Engum má veita leyfi það er um ræðir í 2. gr. nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein.

Fagfélög þeirra starfsgreina sem lög þessi taka til skulu setja sér reglur um hvaða nám teljist leiða til fullnaðarprófs í viðkomandi starfsgrein. Þær reglur skulu taka gildi þegar þær hafa verið staðfestar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Rétt til að öðlast leyfi hafa þeir sem lokið hafa námi samkvæmt greindum reglum að mati ráðherra að fenginni umsögn viðkomandi fagfélags.

4. gr.

Ráðherra skal staðfesta leyfi til að bera starfsheiti sem lög þessi taka til samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfyllir skilyrði:

1. tilskipunar 85/384/EBE ef um arkitekt er að ræða,
2. tilskipunar 89/48/EBE ef um aðrar starfsstéttir er að ræða.

Áður en leyfi er staðfest skal leitað umsagnar viðkomandi fagfélags.

5. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi sem rísa kann um notkun starfsheita.

6. gr.

Ráðherra skal halda skrá um þá sem fengið hafa leyfi til að bera starfsheiti samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um rétt manna til að bera starfsheiti samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

9. gr.

EES-gerðir sem vísað er til í lögum þessum eru birtar í sérritinu EES-gerðir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, nr. S 34 á bls. 1–8 og bls. 125–140.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og lög nr. 46 11. maí 1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara breyta ekki rétti þeim sem menn hafa öðlast til að nota starfsheiti þau sem lög þessi taka til fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 3. maí 1994 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp vegna breytinga sem nauðsynlegar eru á lögum nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Í starfshópinn voru skipuð Gunnar Viðar, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var formaður hópsins, Hörður Lárusson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og Vífill Oddsson verkfræðingur. Jafnframt tóku Jakob Líndal arkitekt, Páll Á. Jónsson tæknifræðingur og Guðleifur M. Kristmundsson verkfræðingur þátt í störfum starfshópsins og sátu nokkra fundi hans.

Starfshópurinn skilaði drögum að frumvarpi 22. nóvember 1994.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað að koma í stað laga nr. nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og laga nr. 46 11. maí 1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga, en þessi tvenn lög fjalla um starfsheiti sem falla undir svið iðnaðarráðuneytisins. Núgildandi lög um þau starfsheiti hafa verið í stöðugri þróun frá 1937 þegar lög nr. 24/1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga voru sett. Þeim lögum var breytt 1963 með lögum nr. 44/1963. Sú breyting fólst í því að í stað starfsheitisins iðnfræðingur var starfsheitið tæknifræðingur tekið upp. Lögunum var aftur breytt 1968, sbr. lög nr. 73/1968, og starfsheitið byggingafræðingur tekið upp. Það starfsheiti hafði fallið undir starfsheitið iðnfræðingur en var ekki talið falla undir starfsheitið tæknifræðingur. Lögunum var enn breytt 1986 og 1989 og upp voru tekin starfsheitin húsgagna- og innanhússhönnuður og landslagshönnuður, sbr. lög nr. 62/1986 og lög nr. 44/1989. Sérlög voru sett 1982 um starfsheitið iðnfræðingur og skyldi það starfsheiti koma í stað starfsheitisins iðntæknir sem ekki hafði verið lögverndað, sbr. lög nr. 46/1982.

Ástæða þess að ráðuneytið telur þörf á nýjum lögum um starfsheiti þau sem undir það falla er margþætt. Í fyrsta lagi hefur borist ósk frá Félagi skipulagsfræðinga um að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað. Í öðru lagi óskuðu samtök verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta eftir endurskoðun á lögum nr. 62/1986, aðallega vegna þess mikla kostnaðar sem féll á einstaklinga sem þurftu að sækja um leyfi til að bera starfsheitin verkfræðingur, tæknifræðingur og arkitekt skv. 10. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, eins og hún hljóðaði fyrir breytingu með 1. gr. laga nr. 50/1994. Þótti sá kostnaður óeðlilegur í ljósi þess að ekki er um starfsréttindi að ræða heldur eingöngu rétt til að bera ákveðið starfsheiti. Í þriðja lagi hefur ríkt ágreiningur um það hver hafi endanlegt úrskurðarvald um það hverjir hafi rétt samkvæmt núgildandi lögum til að bera

ákveðin starfsheiti. Síðast en ekki síst hafa tvær tilskipanir ESB áhrif á þær reglur sem nú eru í gildi og gera breytingar nauðsynlegar. Nánar tiltekið er hér um að ræða tilskipun nr. 89/48/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár og tilskipun nr. 85/384 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í byggingarlist, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er þannig að tryggja að samræmdar reglur gildi um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir svið iðnaðarráðuneytisins, auk þess að gæta þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur tekið á sig með þátttöku í samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Þannig er gert ráð fyrir að réttur til starfsheitis geti stofnast á tvennan máta, við útgáfu leyfis af hálfu ráðherra eða við staðfestingu ráðherra á sams konar leyfi sem gefið hefur verið út erlendis. Viðkomandi fagfélögum er falið að setja skýrar reglur um hvaða nám teljist uppfylla kröfur þær sem gerðar eru hér á landi og þær reglur skulu staðfestar af ráðherra. Ráðherra hefur síðan úrskurðarvald ef til ágreinings kemur um hvort einstaklingur uppfylli skilyrði laganna um rétt til að bera ákveðið starfsheiti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki til allra starfsheita sem ráðuneytið hefur umsjón með, þ.e. bæði starfsheita sem nú er kveðið á um í lög nr. 62/1986 og lög nr. 46/1982. Enn fremur er lagt til að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað en svo hefur ekki verið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er talið upp til hvaða starfsstétta lögin taki. Er hér um að ræða sömu starfsstéttir og nú eru lögverndaðar, svo sem að ofan greinir, en jafnframt er lagt til að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað. Fallið er frá því að hafa dönsk eða önnur erlend heiti á viðkomandi starfsstéttum inni í frumvarpstextanum en ekki er um neina efnislega breytingu að ræða. Þykir óþarfi og fremur til lýta að hafa erlend heiti inni í lagatexta. Að því er varðar arkitekta eru hér nefnd tvö heiti á þeirri starfsstétt sem bæði verður að telja íslensk. Orðið húsameistari er notað í núgildandi lögum en er vart að finna annars staðar í íslenskum lögum. Þvert á móti hefur orðið arkitekt orðið ofan á t.d. í byggingarlögum, í skipulagslögum og í reglugerðum um þau málefni. Sama má segja um starfandi arkitekta að undantekning er ef þeir nota orðið húsameistari um starfsheiti sitt. Loks má nefna að fagfélag þeirra kallast Arkitektafélag Íslands. Ástæðu þessa má ef til vill rekja til þess að hætta kann að vera á að menn rugli saman orðunum húsameistari annars vegar og húsasmíðameistari hins vegar. Hér er því verið að viðurkenna þá málþróun sem orðið hefur, en heitinu húsameistari er engu að síður haldið í frumvarpinu þannig að mönnum verður áfram frjálst að nota það heiti sem það kjósa.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um lögverndun þeirra starfsheita sem frumvarpið nær til. Svo sem fram kemur í greininni geta menn öðlast rétt til að bera starfsheiti eftir tveimur leiðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ráðherra gefi út leyfi ef menn uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins og er þar gert ráð fyrir sömu framkvæmd og er að finna í núgildandi lögum nr. 62/1986. Hér er hins vegar um breytingu að ræða að því er varðar iðnfræðinga samkvæmt lögum nr. 46/1982 en þar er gert ráð fyrir að þeir sem lokið

hafa fullnaðarprófi í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands hafi rétt til að kalla sig iðnfræðinga án sérstaks leyfis ráðherra. Rétt þykir að sama regla gildi um allar starfsstéttir þær sem lögin taka til. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti erlend leyfi ef menn uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 4. gr. frumvarpsins. Þar er um nýjung að ræða en framkvæmdin er engu að síður svipuð því sem nú tíðkast.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um leyfisveitingar ráðherra í 1. mgr. en skilyrði til að öðlast leyfi er að menn hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein. Í 2. mgr. er síðan gert ráð fyrir að viðkomandi fagfélög setji sér reglur um hvaða nám, sem lokið hefur með prófgráðu, teljist vera fullnaðarmenntun í skilningi frumvarpsins. Ekki þótti rétt að tiltaka í lagatexta nöfn viðkomandi fagfélaga þar sem slíkt kann að vera breytingum háð. Þau fagfélög sem eiga við í dag eru Arkitektafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Byggingafræðingafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Iðnfræðingafélag Íslands, Félag íslenskra landslagsarkitekta og Félag skipulagsfræðinga. Gert er ráð fyrir að ráðherra staðfesti reglur félaganna og öðlast reglurnar ekki gildi fyrr en sú staðfesting hefur átt sér stað og reglurnar verið birtar.

Loks er kveðið á um að þeir sem hafa hlotið tilskilda menntun eigi rétt á leyfi til að bera starfsheiti. Er undir ráðherra komið hvenær þessu skilyrði telst fullnægt en honum ber að leita umsagnar viðkomandi fagfélags áður en ákvörðun er tekin. Er hér um sömu reglu að ræða og er að finna í núgildandi lögum nr. 62/1986 að því er flestar starfsstéttir varðar, en nefndarmenn voru sammála um að heppilegast væri að ráðuneytið hefði lokaorðið í þessu sambandi ef ágreiningur risi. Er slík regla enda í samræmi við reglur tilskipana ESB sem hér er verið að lögfesta.

Um 4. gr.

Regla sú sem hér er lagt til að verði lögfest felur í sér nýjung að því er þessar starfsstéttir varðar. Samkvæmt tilskipunum þeim sem nefndar eru í greininni ber að viðurkenna starfsréttindi manna sem koma frá öðrum ríkjum innan EES, enda uppfylli menntun sú sem þeir hafa ákveðin lágmarksskilyrði sem nánar eru tilgreind í tilskipununum. Hlutverk ráðherra yrði hér að sannreyna gildi slíkra vottorða og kanna hvort öllum skilyrðum sé fullnægt. Ef svo er ber ráðherra að staðfesta leyfi. Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem nánar verði tilgreind þau vottorð sem leggja þarf fram og hvaða kröfur séu gerðar til menntunar og starfsreynslu til að hljóta staðfestingu á leyfi til að bera starfsheiti.

Í 2. mgr. kemur fram sú regla að leitað skuli umsagnar viðkomandi fagfélags. Þessi regla er eðlileg ef litið er til þess að innan fagfélaga er að finna sérþekkingu á því námi og störfum sem í boði eru erlendis. Fagfélög eiga því betra með að greina hvort gögn þau er fylgja umsókn komi frá réttum aðilum og fullnægi settum reglum.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum er sambærilegt ákvæði við það sem hér er lagt til að verði lögfest, en þrengra að því leyti að það er bundið við ágreining um orðið „ingeniör“, sbr. 9. gr. laganna. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 44/1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, þar sem ákvæði þetta kom fyrst fram, var tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að tæknifræðingar gætu notað orðið „ingeniör“ þannig í samsettum starfsheitum að valdið gæti villu og ekki þannig

að stæld væru þau heiti sem verkfræðingar einir mega bera.

Hér er lagt til að ákvæði þetta verði víkkað út þannig að ráðherra geti skorið úr um ágreining sem kann að rísa vegna notkunar annarra starfsheita eða samsetningar á orðum sem gefa ákveðin starfsheiti til kynna. Ágreiningur af þessu tagi hefur komið upp og ljóst er að fremur má búast við að þeim tilfellum fjölgi eftir því sem þjóðfélagið verður fjölbreyttara og leiðum til menntunar fjölgar. Eðlilegt þykir að ráðherra verði fengið vald til að skera úr ágreiningi af þessu tagi.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að haldin verði skrá yfir alla þá sem fá leyfi til að bera starfsheiti eftir gildistöku laganna. Skrá sem þessi hefur ekki verið haldin hingað til en rétt þykir að taka upp slíkt verklag.

Um 7.–10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra manna sem hafa fullgild leyfi til að bera viðkomandi starfsheiti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið tekur það til allra starfsheita sem iðnaðarráðuneytið hefur umsjón með og kveðið er á um í lögum nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingarfræðinga, og lögum nr. 46/1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga. Auk þessara starfsheita er lagt til að bætt verði við starfsheitinu skipulagsfræðingur sem ekki hefur verið lögverndað fram að þessu.

Meginmarkmið þessarar lagasetningar er að samræma reglur um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir iðnaðarráðuneytið, taka af vafa um það hver hafi endanlegt úrskurðarvald um það hverjir hafi rétt til að bera ákveðin starfsheiti, en ágreiningur hefur verið um það. Þá eru breytingarnar nauðsynlegar til þess að taka tillit til tveggja tilskipana ESB sem hafa áhrif á þær reglur sem nú eru í gildi.

Ekki er að sjá að þessi lagabreyting hafi áhrif til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

486. Tillaga til þingsályktunar [321. mál]

um lagaráð Alþingis.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að setja á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kann á ákvæði stjórnarskrár.

Lagaráð skal skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Lagastofnun Háskólans, einum tilnefndum af Lögfræðingafélagi Íslands og einum tilnefndum af Dómarafélagi Íslands. Skulu þeir fullnægja skilyrðum um embættisgengi hæstaréttardómara.

Nefndir Alþingis og þingflokkar geta leitað álits lagaráðs.

Kostnaður við störf lagaráðs greiðist af Alþingi.

Greinargerð.

Alþingi skortir mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta er einkum bagalegt þegar um er að ræða viðkvæm deilumál er snerta stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þarf lagasamræmis. Við síðustu endurskoðun þingskapalaga var rædd sú hugmynd að setja á stofn sérstaka stjórnlaganefnd, skipaða alþingismönnum. Sú hugmynd hlaut ekki byr að því sinni.

Alþingismenn geta leitað ráðgjafar hjá skrifstofu Alþingis og enn fremur geta þingflokkarnir leitað sér lögfræðilegrar ráðgjafar hjá starfsmönnum eða annars staðar. Loks hafa ráðuneytin á sínum snærum lögfræðinga og leita einnig ráðgjafar annars staðar.

Þetta er þó ekki nægilegt þegar um viðkvæm og flókin úrlausnarefni er að ræða. Enginn óháður aðili er til staðar til að fást við slík mál. Að sjálfsögðu eru starfsmenn þingflokka háðir sínum flokkum og starfsmenn ráðuneyta lúta húsbóndavaldi ráðherra sinna. Sama kann að gilda þegar ráðherra velur tiltekna lögfræðinga til að kanna ákveðin mál. Að sjálfsögðu kemur til tortryggni hjá stjórnarandstöðu varðandi álit frá mönnum ráðherra og þingmenn annarra flokka kunna að rengja niðurstöður frá starfsmönnum þingflokks.

Ríkisendurskoðun var þar til 1987 deild í fjármálaráðuneyti og laut stjórn fjármálaráðherra. Þessu var breytt að tilhlutan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Ríkisendurskoðun gerð að óháðri sjálfstæðri stofnun undir Alþingi. Engum blandast hugur um að þetta var mikið framfaraspor. Ríkisendurskoðun öðlaðist sjálfstæði við það að verða óháð fjármálaráðherra og hefur eftir breytinguna getað beitt sér af öryggi og jafnvel beint gagnrýni að fjármálaráðherra. Þannig er Ríkisendurskoðun orðin öflug og þörf stofnun í stjórnkerfi okkar.

Meðal grannþjóða okkar er lögfræðilegri ráðgjöf við þjóðþingin háttað með ýmsu móti.

Danska þingið hefur látið taka saman yfirlit um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja og fylgir yfirlitið, dags. 5. september 1991, hér með sem fskj. II.

Í öllum þessum ríkjum hvílir sú *skylda* á þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma upp efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum.

Danir hafa til þessa beitt þeirri aðferð að forseti þingsins hefur, í samráði við þingskapalaganefndina, notið ráðgjafar lagadeildar og nefndadeildar þingsins og lagadeildar dómsmálaráðuneytis. Þetta hefur valdið gagnrýni og eru uppi hugmyndir um stofnun sérstaks lagaráðs þar sem álit dómsmálaráðuneytis gætu verið vilhöll.

Ekki leikur vafi á að sú skipan, sem Alþingi hefur búið við, er ófullnægjandi og ekki svo markviss sem víðast annars staðar. Að vísu getur Hæstiréttur dæmt endanlega í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Þetta er óskynsamleg skipan. Réttara væri að óháður aðili kæmist að niðurstöðu um álitamál strax er frumvarp væri til meðferðar. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur eftir sem áður síðasta orðið ef svo færi að á Alþingi væru samþykkt lög er einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Þess má að lokum geta að árið 1929 voru sett lög um laganefnd, nr. 48 frá 14. júní. Þessi lög hafa aldrei verið virk og sú skipan, sem þar var ákveðin, er ekki markviss, sjá fskj. I.

Nauðsyn ber til að koma upp sjálfstæðum óháðum aðila á vegum Alþingis til að fjalla um lögfræðileg álitamál og með því mætti forðast langvinnar deilur um viðkvæm úrlausnarefni.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt en ekki hlotið afgreiðslu. Síðan hafa þeir atburðir gerst er sýna enn frekar nauðsyn þess að stofnað verði lagaráð Alþingis.

Tvö fylgiskjöl fylgdu þingsályktunartillögu þessari. Þau eru samhljóða þeim tveimur fylgiskjölum sem prentuð voru með máli sama efnis er það var flutt á 116. löggjafarþingi 1992–93. Á fskj. I voru lög um laganefnd, nr. 48/1929, og á fskj. II minnisblað um lögfræðilegt og stjórnskipulegt eftirlit og sérfræðiþekkingu sem beitt er í tengslum við löggjafarstörf í nokkrum Evrópulöndum.

Um þessi fylgiskjöl vísast til þskj. 755, 441. mál 116. löggjafarþings, bls. 4300–4309 í A-deild Alþt. 1992–93. Sjá einnig þskj. 530, 338. mál 117. löggjafarþings, bls. 2259 í A-deild Alþt. 1993–94.

487. Svar [169. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um ferðakostnað ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra af ferðalögum til útlanda:

a. 25. febrúar – 31. desember 1992,

b. árið 1993,

c. 1. janúar – 31. október 1994?

Óskað er eftir að fram komi hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert farið var, hvert var tilefni ferðar og hve lengi ráðherra dvaldist samtals erlendis; upplýsingar um fargjöld, samanlagðan hótelkostnað (gisti- og fæðiskostnað), risnu, dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær, og heildargreiðslur til maka, sundurliðaðar í ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir upplýsingum til svars við fyrirspurninni frá öllum ráðuneytum og fara svör þeirra hér á eftir. Umbeðnar upplýsingar eru sundurgreindar og er sérstaklega gerð grein fyrir kostnaði hvers ráðuneytis um sig, en áfangastaður og tilefni ferða eru tilgreind í síðari hluta svarsins.

Rétt er að geta þess að sérstakt álag á dagpeningagreiðslur til ráðherra, sem nefnt er í fyrirspurninni, var afnumið í febrúar 1992 samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

KOSTNAÐUR RÁÐUNEYTA

Forsætisráðuneyti.

Ferðir Davíðs Oddssonar forsætisráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	7	
Dagafjöldi erlendis	31	
b. Fargjöld		616.650
c. Samanlagður hótelkostnaður		461.212
d. Risna		69.404
e. Dagpeningar		428.379
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		60.990
Dagpeningar		47.026
Samtals		1.683.661

Ferðir forsætisráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	7	
Dagafjöldi erlendis	32	
b. Fargjöld		713.245
c. Samanlagður hótelkostnaður		246.592
d. Risna		54.062
e. Dagpeningar		514.197
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		195.598
Dagpeningar		97.970
Samtals		1.821.664

Ferðir forsætisráðherra frá 1. jan. 1994 til 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	8	
Dagafjöldi erlendis	45	
b. Fargjöld		785.145
c. Samanlagður hótelkostnaður		755.248
d. Risna		245.996
Akstur		136.475
e. Dagpeningar		722.480
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		89.565
Dagpeningar		0
Samtals		2.734.909

Utanríkisráðuneyti.

Ferðir Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðh. 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	10	
Dagafjöldi erlendis	49	
b. Fargjöld		1.121.330
c. Samanlagður hótelkostnaður		430.987
d. Risna		38.247
e. Dagpeningar		696.746
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		521.890
Dagpeningar		255.177
Samtals		3.064.377

Ferðir utanríkisráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	15	
Dagafjöldi erlendis	67	
b. Fargjöld		1.994.860
c. Samanlagður hótelkostnaður		747.109
d. Risna		30.796
e. Dagpeningar		1.058.389
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		922.355
Dagpeningar		336.351
Samtals		5.089.860

Ferðir utanríkisráðherra frá 1. jan. 1994 til 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	11	
Dagafjöldi erlendis	56	
b. Fargjöld		1.445.530
c. Samanlagður hótelkostnaður		726.207
d. Risna		318.625
e. Dagpeningar		898.016
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		594.030
Dagpeningar		282.411
Samtals		4.264.819

Fjármálaráðuneyti.

Ferðir Friðriks Sophussonar fjármálaráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	5	
Dagafjöldi erlendis	21	
b. Fargjöld		430.200
c. Samanlagður hótelkostnaður		260.319
d. Risna		10.711
e. Dagpeningar		295.968
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		133.971
Dagpeningar		132.949
Samtals		1.264.118

Ferðir fjármálaráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	7	
Dagafjöldi erlendis	29	
b. Fargjöld		482.843
c. Samanlagður hótelkostnaður		459.201
d. Risna		50.171
e. Dagpeningar		462.624
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		47.230
Dagpeningar		87.381
Samtals		1.589.450

Ferðir fjármálaráðherra 1. jan. 1994 til 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	6	
Dagafjöldi erlendis	21	
b. Fargjöld		475.110
c. Samanlagður hótelkostnaður		374.424
d. Risna		11.469
e. Dagpeningar		278.724
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		62.020
Dagpeningar		48.927
Samtals		1.250.674

Menntamálaráðuneyti.

Ferðir Ólafs G. Einarssonar menntamálaráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	9	
Dagafjöldi erlendis	49	
b. Fargjöld		941.060
c. Samanlagður hótelkostnaður		372.146
d. Risna		60.196
e. Dagpeningar		698.014
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		187.440
Dagpeningar		86.131
Samtals		2.375.281

Ferðir menntamálaráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	9	
Dagafjöldi erlendis	51	
b. Fargjöld		880.499
c. Samanlagður hótelkostnaður		443.605
d. Risna		137.145
e. Dagpeningar		770.142
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		69.520
Dagpeningar		66.567
Samtals		2.405.298

Ferðir menntamálaráðherra 1. jan. 1994 til 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	6	
Dagafjöldi erlendis	25	
b. Fargjöld		614.150
c. Samanlagður hótelkostnaður		218.123
d. Risna		53.697
e. Dagpeningar		415.410
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		1.322.713

Sjávarútvegsráðuneyti.

Ferðir Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	3	
Dagafjöldi erlendis	25	
b. Fargjöld		357.680
c. Samanlagður hótelkostnaður		130.486
d. Risna		
e. Dagpeningar		327.876
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		194.960
Dagpeningar		134.220
Samtals		1.145.222

Ferðir sjávarútvegsráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	5	
Dagafjöldi erlendis	24	
b. Fargjöld		690.378
c. Samanlagður hótelkostnaður		151.253
d. Risna		12.083
e. Dagpeningar		386.467
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		1.240.181

Ferðir sjávarútvegsráðherra 1. jan. 1994 til 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	13	
b. Fargjöld		412.376
c. Samanlagður hótelkostnaður		47.199
d. Risna		0
e. Dagpeningar		217.185
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		14.830
Dagpeningar		33.563
Samtals		725.153

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Ferðir Þorsteins Pálssonar dóms- og kirkjumrh. 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	10	
b. Fargjöld		168.655
c. Samanlagður hótelkostnaður		173.972
d. Risna		
e. Dagpeningar		138.089
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		63.675
Dagpeningar		40.970
Samtals		585.361

Ferðir dóms- og kirkjumálaráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	11	
b. Fargjöld		208.170
c. Samanlagður hótelkostnaður		177.952
d. Risna		23.111
e. Dagpeningar		171.445
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		66.845
Dagpeningar		52.286
Samtals		699.809

Ferðir dóms- og kirkjumálaráðherra frá 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	1	
Dagafjöldi erlendis	5	
b. Fargjöld		148.380
c. Samanlagður hótelkostnaður		61.216
d. Risna		0
e. Dagpeningar		78.425
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		75.280
Dagpeningar		39.212
Samtals		402.513

Samgönguráðuneyti.

Ferðir Halldórs Blöndal samgönguráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	16	
b. Fargjöld		304.335
c. Samanlagður hótelkostnaður		124.609
d. Risna		0
e. Dagpeningar		223.464
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		173.675
Dagpeningar		83.923
Samtals		910.006

Ferðir samgönguráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	6	
Dagafjöldi erlendis	38	
b. Fargjöld		602.168
c. Samanlagður hótelkostnaður		66.075
d. Risna		106.665
e. Dagpeningar		606.570
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		476.020
Dagpeningar		243.702
Samtals		2.101.200

Ferðir samgönguráðherra frá 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	3	
Dagafjöldi erlendis	11	
b. Fargjöld		219.340
c. Samanlagður hótelkostnaður		65.155
d. Risna		0
e. Dagpeningar		168.092
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		67.280
Dagpeningar		25.185
Samtals		545.052

Landbúnaðarráðuneyti.

Ferðir Halldórs Blöndal landbúnaðarráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	18	
b. Fargjöld		365.440
c. Samanlagður hótelkostnaður		140.617
d. Risna		0
e. Dagpeningar		312.341
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		34.665
Dagpeningar		62.840
Samtals		915.903

Ferðir landbúnaðarráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	20	
b. Fargjöld		577.885
c. Samanlagður hótelkostnaður		148.397
d. Risna		1.105
e. Dagpeningar		427.684
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		103.360
Dagpeningar		122.476
Samtals		1.379.907

Ferðir landbúnaðarráðherra 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	3	
Dagafjöldi erlendis	14	
b. Fargjöld		435.115
c. Samanlagður hótelkostnaður		93.416
d. Risna		101.061
e. Dagpeningar		353.477
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		79.950
Dagpeningar		31.530
Samtals		1.098.539

Umhverfisráðuneyti.

Ferðir Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	5	
Dagafjöldi erlendis	35	
b. Fargjöld		568.863
c. Samanlagður hótelkostnaður		449.262
d. Risna		51.587
e. Dagpeningar		483.852
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		191.673
Dagpeningar		145.550
Samtals		1.893.787

Ferðir Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	3	
Dagafjöldi erlendis	18	
b. Fargjöld		431.199
c. Samanlagður hótelkostnaður		73.631
d. Risna		21.002
e. Dagpeningar		279.820
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		11.800
Dagpeningar		38.771
Samtals		856.223

Ferðir Össurar Skarphéðinssonar umhverfisráðherra 1993		
a. Fjöldi ferða	3	
Dagafjöldi erlendis	11	
b. Fargjöld		258.565
c. Samanlagður hótelkostnaður		89.574
d. Risna		4.061
e. Dagpeningar		172.110
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		524.310

Ferðir Össurar Skarphéðinssonar umhverfisráðherra 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	6	
Dagafjöldi erlendis	40	
b. Fargjöld		660.886
c. Samanlagður hótelkostnaður		379.001
d. Risna		61.403
e. Dagpeningar		656.572
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		1.757.862

Félagsmálaráðuneyti.

Ferðir Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	11	
b. Fargjöld		172.185
c. Samanlagður hótelkostnaður		73.154
d. Risna		0
e. Dagpeningar		154.104
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		399.443

Ferðir Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	19	
b. Fargjöld		316.873
c. Samanlagður hótelkostnaður		120.617
d. Risna		0
e. Dagpeningar		315.130
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		752.620

Ferðir Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	1	
Dagafjöldi erlendis	3	
b. Fargjöld		129.034
c. Samanlagður hótelkostnaður		26.047
d. Risna		0
e. Dagpeningar		47.314
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		202.395

Ferðir Guðmundar Árna Stefánssonar félagsmálaráðherra 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	12	
b. Fargjöld		236.640
c. Samanlagður hótelkostnaður		127.247
d. Risna		15.971
e. Dagpeningar		180.526
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		131.396
Dagpeningar		39.826
Samtals		731.606

Iðnaðarráðuneyti.

Ferðir Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	22	
b. Fargjöld		418.560
c. Samanlagður hótelkostnaður		256.194
d. Risna		37.340
e. Dagpeningar		312.764
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		131.110
Dagpeningar		78.162
Samtals		1.234.130

Ferðir Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	14	
b. Fargjöld		214.075
c. Samanlagður hótelkostnaður		131.291
d. Risna		16.287
e. Dagpeningar		215.276
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		93.325
Dagpeningar		68.847
Samtals		739.101

Ferðir Sighvats Björgvinssonar iðnaðarráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	15	
b. Fargjöld		217.219
c. Samanlagður hótelkostnaður		264.284
d. Risna		0
e. Dagpeningar		239.125
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		197.719
Dagpeningar		119.268
Samtals		1.037.615

Ferðir Sighvats Björgvinssonar iðnaðarráðherra 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	11	
b. Fargjöld		158.649
c. Samanlagður hótelkostnaður		104.320
d. Risna		37.198
e. Dagpeningar		171.181
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		111.074
Dagpeningar		85.632
Samtals		668.054

Viðskiptaráðuneyti.

Ferðir Jóns Sigurðssonar viðskiptaráðherra 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	5	
Dagafjöldi erlendis	25	
b. Fargjöld		446.750
c. Samanlagður hótelkostnaður		352.049
d. Risna		23.073
e. Dagpeningar		372.101
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		208.820
Dagpeningar		102.504
Samtals		1.505.297

Ferðir Jóns Sigurðssonar viðskiptaráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	3	
Dagafjöldi erlendis	15	
b. Fargjöld		424.140
c. Samanlagður hótelkostnaður		368.780
d. Risna		7.675
e. Dagpeningar		351.486
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		1.152.081

Ferðir Sighvats Björgvinssonar viðskiptaráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	1	
Dagafjöldi erlendis	8	
b. Fargjöld		118.100
c. Samanlagður hótelkostnaður		151.113
d. Risna		0
e. Dagpeningar		128.859
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		82.180
Dagpeningar		65.787
Samtals		546.039

Ferðir Sighvats Björgvinssonar viðskiptaráðherra 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	18	
b. Fargjöld		589.502
c. Samanlagður hótelkostnaður		313.650
d. Risna		49.380
e. Dagpeningar		289.934
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		302.400
Dagpeningar		119.857
Samtals		1.664.723

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Ferðir Sighvats Björgvinssonar heilbr.- og trmrh. 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	5	
Dagafjöldi erlendis	36	
b. Fargjöld (maki meðtalinn)		812.610
c. Samanlagður hótelkostnaður		490.596
d. Risna/annar kostnaður		128.628
e. Dagpeningar		500.874
f. Greiðslur til maka		
Dagpeningar		248.545
Samtals		2.181.253

Ferðir Sighvats Björgvinssonar heilbr.- og trmrh. árið 1993		
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	20	
b. Fargjöld		237.590
c. Samanlagður hótelkostnaður		362.314
d. Risna		0
e. Dagpeningar		248.422
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		132.930
Dagpeningar		124.453
Samtals		1.105.709

Ferðir Guðmundar Árna Stefánssonar heilbr.- og trmrh. árið 1993		
a. Fjöldi ferða	5	
Dagafjöldi erlendis	26	
b. Fargjöld		521.926
c. Samanlagður hótelkostnaður		339.102
d. Risna		0
e. Dagpeningar		428.148
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		249.917
Dagpeningar		123.733
Samtals		1.662.826

Ferðir Guðmundar Árna Stefánssonar heilbr.- og trmrh. 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	5	
Dagafjöldi erlendis	33	
b. Fargjöld		594.732
c. Samanlagður hótelkostnaður		800.653
d. Risna		0
e. Dagpeningar		544.788
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		67.430
Dagpeningar		97.649
Samtals		2.105.252

Ferðir Sighvats Björgvinssonar heilbr.- og trmrh. 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	1	
Dagafjöldi erlendis	4	
b. Fargjöld		0
c. Samanlagður hótelkostnaður		147.220
d. Risna/annar kostnaður		20.410
e. Dagpeningar		64.977
f. Greiðslur til maka		
Dagpeningar		32.252
Samtals		264.859

Samstarfsráðherra Norðurlanda.

Ferðir Eiðs Guðnasonar, samstarfsráðh. Norðurl., 25. febr. 1992 – 31. des. 1992	Fjöldi	Kr.
a. Fjöldi ferða	8	
Dagafjöldi erlendis	32	
b. Fargjöld (maki meðtalinn)		665.608
c. Samanlagður hótelkostnaður		297.296
d. Risna		12.512
e. Dagpeningar		457.529
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		122.943
Dagpeningar		62.973
Samtals		1.618.861

Ferðir Eiðs Guðnasonar samstarfsráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	13	
b. Fargjöld		342.455
c. Samanlagður hótelkostnaður		98.582
d. Risna		0
e. Dagpeningar		255.797
f. Greiðslur til maka		0
Samtals		696.834

Ferðir Sighvats Björgvinssonar samstarfsráðherra árið 1993		
a. Fjöldi ferða	4	
Dagafjöldi erlendis	15	
b. Fargjöld		325.600
c. Samanlagður hótelkostnaður		137.024
d. Risna		74.099
e. Dagpeningar		250.958
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		49.830
Dagpeningar		71.014
Samtals		908.525

Ferðir Sighvats Björgvinssonar samstarfsráðherra 1. jan. 1994 – 31. okt. 1994		
a. Fjöldi ferða	2	
Dagafjöldi erlendis	9	
b. Fargjöld		354.592
c. Samanlagður hótelkostnaður		77.955
d. Risna		6.594
e. Dagpeningar		182.720
f. Greiðslur til maka		
Fargjöld		333.640
Dagpeningar		90.904
Samtals		1.046.405

ÁFANGASTAÐUR OG TILEFNI FERÐA

Forsætisráðuneyti.

1992:	
Finnland	Norðurlandaráðsþing.
Frakkland	Bilderberg-fundur.
Finnland	RÖSE-ráðstefna.
Danmörk	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda.
Bretland	Viðræðufundir.
Spánn	IDU-leiðtogafundur.
Danmörk	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda.
1993:	
Noregur	Norðurlandaráðsþing.
Svíþjóð	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda.
Noregur	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda.
Kanada og Bandaríkin	Viðræður við varaforseta Bandaríkjanna og hátíðarhöld í Íslendingabyggðum.
Ungverjaland	EDU-fundur.
Austurríki	Leiðtogafundur Evrópuráðsins.
Álandseyjar	Norðurlandaráðsþing.
1994:	
Belgía	Leiðtogafundur NATO.
Sviss	World Economic Forum.
Svíþjóð	Norðurlandaráðsþing.
Japan	Boðsferð.
Finnland	Bilderberg-fundur.
Finnland	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda.
Belgía	Opinber heimsókn.
Belgía	Minningarathöfn um M. Wörner.

Utanríkisráðuneyti.

1992:	
Litáen, Belgía, Sviss og Svíþjóð	Heimsókn, fundur með F. Andriessen, GATT-fundur og viðræður við utanríkisviðskiptaráðherra Svíþjóðar.
Rússland og Tékkland	Fjölþjóðaráðstefna um frið í Miðausturlöndum og RÖSE-fundur.
Sviss	Fundur ráðgjafanefndar EFTA.
Portúgal og Spánn	Undirritun EES-samnings. Fundur með SÍF.
Finnland og Bandaríkin	RÖSE-fundur og ráðstefnan „Woman and the Sea".
Noregur	Fundur norrænna utanríkisráðherra.
Bandaríkin	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.
Slóvenía og Þýskaland	Heimsókn og útför Willy Brandt.
Danmörk	Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda.
England	Fréttafundur um samstarfsverkefni Íslands og Ítalíu í heilbrigðismálum og viðtal við Douglas Hurd.
1993:	
Sviss	Utanríkisráðherrafundur EFTA.
Belgía	Fundur utanríkisráðherra NATO.
Noregur	Norrænn ráðherrafundur.
Svíþjóð	Sjónvarpsþáttur um hvalveiðar.
Svíþjóð, Simbabwe, Malaví, Danmörk	Norrænn ráðherrafundur, SADCC-fundur, opinber heimsókn vegna þróunaraðstoðar í Malaví og EB/EFTA-fundur.
Belgía	Utanríkisráðherrafundur NATO.
Danmörk	Ráðherrafundur.
Svíþjóð	Norrænn ráðherrafundur.
Frakkland	Ráðherrafundur Evrópuráðsins.
Grikkland	Utanríkisráðherrafundur NATO.
Sviss	Ráðherrafundur EFTA.
Noregur	Utanríkis- og forsætisráðherrafundur Norðurlanda og
Svíþjóð	fundur norrænna utanríkis- og sjávarútvegsráðherra.
Bandaríkin	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og ráðstefna um viðskiptasambönd ríkjanna.
Noregur	Opinber heimsókn forseta Íslands.
Noregur, Ítalía, Belgía og England	Ráðherrafundur, RÖSE-fundur, NATO-fundur og hátíð í London vegna lýðveldisafmælis.
1994:	
Slóvakía og Austurríki	Opinber heimsókn og ráðherrafundur EFTA.
Noregur og Svíþjóð	Útför utanríkisráðherra Noregs og ráðherrafundur.
Kína, S-Kórea, Japan og Marokkó	Opinber heimsókn og ráðherrafundur.
Belgía	Utanríkisráðherrafundur EES.
Finnland	Ráðherrafundur EFTA.
Belgía og Þýskaland	Fundir með ESB-fulltrúum vegna formennsku Íslands í EFTA.
Belgía	Útför aðalframkvæmdastjóra NATO.
Danmörk	Ráðherrafundur.
Noregur	Ráðherrafundur Barentshafsráðsins.
Belgía	EES- og EFTA-fundir.
Bandaríkin	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, viðræður og fyrirlestur.
Sviss og Frakkland	EFTA-fundur og fundur með fransk-íslenska verslunarráðinu.

Fjármálaráðuneyti.

1992:	
Finnland	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda.
Ungverjaland	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.
England	Fundur með fulltrúum Morgan Securities Ltd.
Bandaríkin	Alþjóðabankafundur og ráðstefna.
Danmörk	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda.
1993:	
Noregur og Bretland	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda og viðræður.
Lúxemborg	Fjármálaráðherrafundur EFTA/ESB.
Frakkland	Fjármálaráðherrafundur OECD.
Bretland	Vegna lántöku ríkisins hjá Goldman Sachs.
Bandaríkin	Alþjóðabankafundur, fundir vegna Palestínu og ráðstefna Íslensk-ameríska verslunarráðsins.
Álandseyjar	Ráðherrafundur.
Belgía	EFTA-fundur.
1994:	
Bandaríkin	Samningar um kaup á ríkisskuldabréfum.
Danmörk	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda og ráðstefna Norðurlandaráðs.
Frakkland og Danmörk	OECD-fundur og fundur með norrænum umhverfis- og fjármálaráðherrum.
Danmörk	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda.
Belgía	Fjármálaráðherrafundur EFTA- og ESB-ríkja.
Spánn	Alþjóðabankafundur.

Menntamálaráðuneyti.

1992:	
Finnland	Norðurlandaráðsþing.
Noregur, Danmörk og Finnland	Ráðherrafundur Norðurlanda og opnun listahátíðar.
Finnland	Íslandsvika í Rovaniemi.
Danmörk	Opnun listsýningar.
Kanada	Heimsókn í Íslendingabyggðir.
Þýskaland og Danmörk	Opnun víkingasýningar og ráðherrafundur.
Noregur, Danmörk og Frakkland	Ráðherrafundir, skrifstofa ráðherranefndar.
Danmörk og England	Þing Norðurlandaráðs og opnun listsýningar.
Danmörk	Ráðherrafundur.
1993:	
Danmörk	Ráðherrafundur.
Danmörk	Ráðherrafundur og 100 ára afmæli Félags íslenskra stúdenta.
Noregur	Þing Norðurlandaráðs.
Bandaríkin	Fyrirlestur og fundir.
Svíþjóð og Noregur	Ráðherrafundir.
Malta	Ráðherrafundur og smáþjóðaleikar.
Frakkland	Stjórnarfundur UNESCO.
Álandseyjar og Svíþjóð	Þing Norðurlandaráðs og ráðherrafundur.
Svíþjóð og Danmörk	Ráðherrafundur og fundir með embættismönnum.

1994:

Svíþjóð og Danmörk	Ráðstefna um menntun og vísindi og ráðherrafundur.
Belgía og Svíþjóð	Ráðherrafundur og þing Norðurlandaráðs.
Frakkland og Danmörk	Ráðherrafundir.
England	Opnun Varde-listsýningarinnar.
Noregur	Fundur hjá Menningarsambandi Íslands og Noregs.
Danmörk	Opnun Íslandsviku.

Sjávarútvegsráðuneyti.

1992:

Grænland	Ráðstefna um sjávarspendýr.
Danmörk og Ítalía	Alþjóðleg sjávarútvegssýning og viðræður við söluaðila SÍF á Ítalíu.
Mexíkó	Opinber heimsókn.

1993:

Noregur og Danmörk	Fundir með sjávarútvegsráðherrum.
Noregur	Þing Norðurlandaráðs.
Þýskaland	Boðsheimsókn til Bremen
Svíþjóð, Noregur og Oman	Ráðherrafundir og opinber heimsókn.
Rússland	Opinber heimsókn.

1994:

Færeyjar	Fundur með sjávarútvegsráðherra.
Noregur	Opinber heimsókn.
Svíþjóð	Fundur norræna sjávarútvegsráðherra.
Bandaríkin	Heimsókn til Iceland Seafood.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

1992:

Finnland	Þing Norðurlandaráðs.
Kípur	Fundur dómsmálaráðherra Evrópuríkja.

1993:

Austurríki og Sviss	Fundur um mannréttindamál og fundur dómsmálaráðherra Evrópuríkja.
Svíþjóð	Fundur dómsmálaráðherra Norðurlanda.

1994:

Malta	Fundur dómsmálaráðherra Evrópuríkja.

Landbúnaðarráðuneyti.

1992:

Þýskaland	Heimsókn til landbúnaðarráðherra.
Frakkland	Ráðherrafundur OECD.
Danmörk	NEJS-fundur,
Holland	Ráðstefna.

1993:	
Finnland	Norrænn ráðherrafundur
Þýskaland	Equitana landbúnaðarsýning.
Álandseyjar	Fundur landbúnaðarráðherra Norðurlanda.
Ítalía	Ársfundur FAO.
1994:	
Þýskaland	Heimsókn til landbúnaðarráðherra.
Írland	FAO-fundur.
Finnland	NEJS-fundur.

Samgönguráðuneyti.

1992:	
Holland	Boðsferð vegna endurnýjunar Flugleiðavéla.
Þýskaland	Ferðakaupstefna ITB.
Litáen	Opinber heimsókn.
Ungverjaland	Ráðstefna um símamál.
1993:	
Egyptaland og Jórdanía	Opinber heimsókn.
Þýskaland	Boðsferð Flugleiða – opnun flugleiðar.
Spánn	Boðsferð Flugleiða – opnun flugleiðar.
Grænland	Ferðakaupstefna.
Kína	Opinber heimsókn.
Bandaríkin og Kanada	Fundir með ferða- og flugmálayfirvöldum og heimsókn til ICAO.
1994:	
Grænland	Viðræður við yfirvöld ferðamála.
Danmörk	Ráðstefna ECA.
Noregur	Norðurlandaráðsfundur.

Umhverfisráðuneyti.

1992 (Eiður Guðnason):	
Brasilía	UNCED-ráðstefna.
Spánn	Fundur um umhverfismál.
Noregur og Rússland	Fundir umhverfisráðherra.
Frakkland	Fundur um mengunarvarnir í NA-Atlantshafi.
Danmörk	Fundur aðildarríkja Montreal-samkomulagsins.
1993 (Eiður Guðnason):	
Holland	Alþjóðaráðstefna um framtíð Evrópu.
Bretland	Opinber heimsókn.
Sviss	Umhverfisráðherrafundur Evrópulanda.
Kenía	Fundur framkvæmdastjórnar UNEP.
1993 (Össur Skarphéðinsson):	
Bandaríkin	Fundur CSD-nefndar.
Grænland	Fundur um umhverfismál.
Danmörk	Fundur umhverfisráðherra Norðurlanda.

1994 (Össur Skarphéðinsson):

Svíþjóð	Norðurlandaráðsþing.
Bretland	Opinber heimsókn.
Svíþjóð	Fundur um umhverfismál.
Barbados og Kólumbía	Ráðstefna um sjálfbæra þróun smáríkja.
Danmörk	Ráðherrafundur.
Bandaríkin og Danmörk	Fundur í umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna og fundur með form. umhverfisnefndar Norðurlandaráðs.

Félagsmálaráðuneyti.

1992 (Jóhanna Sigurðardóttir):

Lettland	Ráðstefna um málefni kvenna í Eystrasaltsríkjum.
Bandaríkin	Ávarp á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra.

1993 (Jóhanna Sigurðardóttir):

Noregur og Svíþjóð	Ráðherrafundir.
Danmörk	Ráðherrafundur.
Slóvakía	Fundur félagsmálaráðherra Evrópuríkja.
Frakkland	Ráðherrafundur um fjölskyldumál.

1994 (Jóhanna Sigurðardóttir):

Sviss	Þing ILO.

1994 (Guðmundur Árni Stefánsson):

Finnland	Nordisk Forum.
Kanada og Bandaríkin	Ráðstefna vegna árs fjölskyldunnar og ávarp á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Iðnaðarráðuneyti.

1992 (Jón Sigurðsson):

Frakkland og England	Viðræður um sæstreng, framkvæmdir ÍSAL og fundur með fulltrúa IBRD.
Litáen og Danmörk	Fundur Norðurlandaráðs.
Bandaríkin	Fundur með forstjórum Atlantsálsfyrirtækja.

1993 (Jón Sigurðsson):

Þýskaland og Noregur	Viðræður við orkuráðherra Hamborgar og Norðurlandaráðsfundir.
Bandaríkin og Kanada	Fundir með álfyrirtækjum og matvælasýning.

1993 (Sighvatur Björgvinsson):

Noregur	Norrænn ráðherrafundur.
Tyrkland	Iðnsýning og viðræður við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

1994 (Sighvatur Björgvinsson):

Villmanstrand	Norrænn ráðherrafundur.
Tyrkland	Iðnsýning og fundir.

Viðskiptaráðuneyti.

1992 (Jón Sigurðsson):	
Bandaríkin	Ársfundur Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
Bretland	Fundur Evrópubankans.
Ungverjaland	Ársfundur Evrópubankans.
Norðurlöndin og Frakkland	OECD-fundur og norrænt málþing.
Bandaríkin	Fundur með nefndum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
1993 (Jón Sigurðsson):	
Noregur	Ráðherrafundur.
Danmörk, Grikkland, Bretl., Bandaríkin	Bilderberg-fundur, ársfundur Evrópubankans, fundir nefnda Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
Frakkland	OECD-fundur.
1993 (Sighvatur Björgvinsson):	
Bandaríkin	Ársfundur Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
1994 (Sighvatur Björgvinsson):	
Svíþjóð	Norrænn ráðherrafundur.
Rússland	Fundur Evrópubankans.
Frakkland	OECD-fundur.
Spánn	Ársfundur Alþjóðabankans.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

1992 (Sighvatur Björgvinsson):	
Finnland	Norðurlandaráðsþing.
Sviss	WHO-fundur.
Danmörk	Ráðherrafundur.
Sviss	WHO-fundur.
Danmörk	Norðurlandaráðsþing.
1993 (Sighvatur Björgvinsson):	
Noregur	Norðurlandaráðsþing.
Sviss	WHO-fundur.
1993 (Guðmundur Árni Stefánsson):	
Danmörk	Health-Care fundur.
Grikkland	WHO-fundur.
Noregur	Ráðstefna Norræna krabbameinsfélagsins.
Álandseyjar	Norðurlandaráðsþing.
Austurríki	Undirritun samnings um almannatryggingar.
1994 (Guðmundur Árni Stefánsson):	
Frakkland og Svíþjóð	Fundur um ávana- og fíkniefnamál, kynnisferð.
Svíþjóð	Norðurlandaráðsþing.
Sviss	WHO-fundur.
Noregur	Norrænn ráðherrafundur.
Finnland	Fundur um umhverfi og heilsufar.
1994 (Sighvatur Björgvinsson):	
Spánn	WHO-fundur.

Samstarfsráðherra Norðurlanda.

1992 (Eiður Guðnason):	
Danmörk og Litáen	Opnun skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar.
Finnland	Norðurlandaráðsþing.
Tékkland	Undirritun fríverslunarsamnings f.h. utanríkisráðherra.
Noregur	Ráðherrafundur.
Færeyjar	Ráðherrafundur.
Rússland	Ráðstefna Norðurlandaráðs.
Danmörk	Norðurlandaráðsþing.
Ítalía	Ráðherrafundur Vestur-Evrópusambandsins.
Danmörk	Ráðherrafundur.
1993 (Eiður Guðnason):	
Noregur	Ráðherrafundur.
Noregur	Þing Norðurlandaráðs.
Svíþjóð	Mr. SAM-fundur.
Færeyjar	Afmæli Norðurlandahússins.
1993 (Sighvatur Björgvinsson):	
Finnland og Danmörk	Mr. SAM-fundur og fundur með norrænu ráðherranefndinni.
Danmörk	Samstarfsráðherrafundur.
Álandseyjar	Þing Norðurlandaráðs.
Danmörk	Mr. SAM-fundur.
1994 (Sighvatur Björgvinsson):	
Egyptaland	Undirritun friðarsamnings Ísraels og Palestínu.
Tékkland og Slóvakía	Opinber heimsókn forseta Íslands.

488. Beiðni um skýrslu [322. mál]

frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um verkfall sjúkraliða.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur, Finni Ingólfssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Guðmundi Bjarnasyni, Guðna Ágústssyni, Jóni Helgasyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Stefáni Guðmundssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Jóni Kristjánssyni, Páli Péturssyni og Pétri Bjarnasyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráherra flytji Alþingi skýrslu um hvaða áhrif verkfall sjúkraliða hefur haft á:

1. öryggi sjúklinga,
2. þjónustu og umönnun sjúklinga,
3. bið eftir lífsnauðsynlegum læknisaðgerðum,
4. starfsálag og starfsaðstæður annarra heilbrigðisstétta í verkfallinu?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

489. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 457 [Fjárlög 1995].

Frá Guðmundi Bjarnasyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Finni Ingólfssyni og Jóni Kristjánssyni.

	Mkr.
a. Við 4110 Eignarskattur einstaklinga.	
Fyrir „1.490,0“ kemur	2.490,0
b. Við 412 Tekjuskattur einstaklinga, nettó.	
Fyrir „15.200“ kemur	14.600,0
c. Við 4271 Hluti af hagnaði ÁTVR.	
Fyrir „6.865,0“ kemur	7.065,0

490. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Guðmundi Bjarnasyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Jóni Kristjánssyni og Finni Ingólfssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 106 Kennslu- og vísindadeildir.	
Fyrir „990.800“ kemur	1.090.800
2. Við 4. gr. 02-720 190 Grunnskólar, óskipt.	
Fyrir „26.200“ kemur	86.200
3. Við 4. gr. 02-884 101 Jöfnun á námskostnaði.	
Fyrir „96.500“ kemur	146.500
4. Við 4. gr. 02-977 601 Þjóðarbókhlaða.	
Fyrir „240.000“ kemur	322.000
5. Við 4. gr. 02-978 Listasjóðir. Nýr liður:	
102 Listskreytingasjóður	8.000
6. Við 4. gr. 04-811 Búnaðarfélag Íslands. Nýr liður:	
697 Jarðræktarframlög	50.000
7. Við 4. gr. Nýr liður:	
04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.	
191 Loðdýrafóður	10.000
8. Við 4. gr. Nýr liður:	
08-310 Héraðslæknir í Reykjavík.	
101 Héraðslæknir í Reykjavík	7.000
9. Við 4. gr. Nýr liður:	
08-315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra.	
101 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	3.000
10. Við 4. gr. 11-399 115 Niðurgreiðsla á rafhitun.	
Fyrir „397.000“ kemur	447.000

491. Frumvarp til laga [323. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „45%“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 36%.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 12. gr. laganna og orðast svo:

Starfræktur skal sérstakur sjóður sem hafi það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi framleiðslufélagsins.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal vera:

1. 20% af námagjaldi framleiðslufélagsins til ársins 2001.
2. 68% af námagjaldi framleiðslufélagsins frá og með árinu 2002 til og með árinu 2010.
3. Allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda framleiðslufélagsins samkvæmt heimildum í fjárlögum hverju sinni.

Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa framleiðslufélagsins, einum fulltrúa Skútustaðahrepps, einum fulltrúa Húsavíkurbæjar, einum fulltrúa samgönguráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra og einum fulltrúa iðnaðarráðherra sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar.

Iðnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóð þennan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal skattstjóri endurákvarða tekjuskatt sölufélags og framleiðslufélags vegna tekna ársins 1993 samkvæmt lögum nr. 80/1966 og skal skatthlutfall við þá endurákvörðun vera 36%. Endurgreiða skal félögunum þann mismun sem kann að myndast við þessa endurákvörðun frá álagningu tekjuskatts félaganna á árinu 1994 vegna tekna ársins 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn bera með sér var ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á með samningi að þau félög sem stofnuð voru til að framleiða og selja kísilgúr úr Mývatni greiði hvort um sig einn tekjuskatt í stað annarra skatta. Skatthlutfallstalan var ákveðin 45% en jafnframt var ríkisstjórninni heimilað að kveða svo á að skattur framleiðslufélagsins fari eigi niður út tilteknu marki fyrir hvert skattár án tillits til tekna. Lágmarksskattgreiðsla þessi er 15.000 bandarískir dalir.

Á síðustu tveimur árum hafa verið gerðar breytingar á skattlagningu hlutafélaga hér á landi. Skatthlutfallið var lækkað úr 45% í 33%, en jafnframt var afnumin heimild til skattfrjáls framlags í fjárfestingarsjóð og skattfrjáls útborgun arðs lækkuð úr 15% af nafnverði hlutafjár í 10%.

Rétt þykir að gera hliðstæðar breytingar á skatthlutfallstölu laga nr. 80/1966 er í reynd urðu hjá innlendum fyrirtækjum. Fjármálaráðuneytið hefur metið það svo að umræddar breytingar á skattalögum hafi leitt til lækkunar á skatthlutfalli hlutafélaga um tæplega 6% af hagnaði eða um 17% af álögðum tekjuskatti. Svarar það til þess að lækka skatthlutfall laga nr. 80/1966 í 36–39%.

Í ljósi þessa alls er því lagt til að skatthlutfallstala 1. mgr. 9. gr. laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn verði lækkuð úr 45% í 36% og að breyting þessi verði látin gilda frá og með álagningu ársins 1994 vegna rekstrar á árinu 1993.

Hinn 7. apríl 1993 var námaleyfi Kísiliðjunnar hf. endurnýjað. Í námaleyfinu var mælt fyrir um stofnun sjóðs sem ætlað er að kosta undirbúning aðgerða til að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísiliðjunnar. Ráðstöfunarfé sjóðsins er tiltekinn hluti af námagjaldi verksmiðjunnar. Æskilegt þykir að renna styrkari stoðum undir nefndan sjóð. Í því skyni er lagt til að bætt verði við nýrri grein við lögin um kísilgúrverksmiðju við Mývatn þar sem tilvist, tilgangur og tekjur sjóðsins eru bundnar í lög. Jafnframt er lagt til að ráðstöfunarfé sjóðsins verði aukið með þeim hætti að heimilt verði að láta renna til sjóðsins allt að 20% af tekjum ríkisins sem hluthafa Kísiliðjunnar hf. Heimild þessi nær því ekki til skatttekna ríkisins af nefndri verksmiðju.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frumvarpið miðar að því annars vegar að lögfesta ákvæði í námaleyfi útgefnu af iðnaðarráðherra 7. apríl 1993 og breyta ákvæði um skatthlutfallstölu í 9. gr. laganna.

Í námaleyfinu, sem áformað er að verði 12. gr. laganna, er ákvæði um stofnun sérstaks sjóðs með það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna rekstrar verksmiðjunnar. Ráðstöfunarfé sjóðsins er 20% af námagjaldi framleiðslufélagsins til ársins 2001, en 68% af námaleyfisgjaldinu frá og með árinu 2002 til og með árinu 2010. Einnig skulu renna til sjóðsins allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda framleiðslufélagsins samkvæmt heimildum í fjárlögum hverju sinni. Þá er ákvæði um hvernig stjórn sjóðsins skuli skipuð.

Gjald fyrir námaleyfið er nú 130 kr. fyrir hverja smálest af fullunnum og þurrvegnum síunarefnum og aukavörum úr kísilgúr sem framleidd eru í verksmiðjunni á hverju almanaksári og seld og flutt þaðan. Það hefur gefið um 2,5–3,0 m.kr. á ári, en 20% af því mundi gefa sjóðnum 500–600 þús. kr. árlega. Árið 2002 er áformað að hækka gjaldið í

325 kr./smálest sem þýðir 7–8 m.kr. á ári og eftir hækkun hlutfallsgreiðslna til sjóðsins úr 20% í 68% koma í hans hlut 4,7–5,4 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að til ráðstöfunar verði til hluthafa 40–50 m.kr. á ári í formi arðs eða breytinga á hlutafé. Í hlut ríkisins kæmu af þeirri fjárhæð 20–25 m.kr. og þar af 4–5 m.kr. til sérstaka sjóðsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að breyta skatthlutfallstölu í 9. gr. laganna um kísilgúrverksmiðju við Mývatn úr 45% í 36% til samræmis við hliðstæðar breytingar á skattlagningu hlutafélaga hér á landi á síðustu tveimur árum eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs verði um 8,3 m.kr. árið 1994 sem breytist síðan í hlutfalli við afkomu fyrirtækisins.

492. Frumvarp til laga [324. mál]

um að fella úr gildi lög nr. 102 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Lög nr. 102 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fullgilda Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, með þeim breytingum sem gerðar voru á henni í Stokkhólmi 14. júlí 1967. Um er að ræða ákvæði 1.–12. gr. (oft nefnd efnisákvæði) sem einkum kveða á um grundvallarreglur varðandi vernd hugverkaréttinda (einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.). Ísland hefur frá árinu 1961 verið aðili að svonefndum Lundúnatexta samþykktarinnar frá árinu 1934 og hefur sá texti lagagildi hér á landi.

Stokkhólmsgerð þessa hluta samþykktarinnar felur ekki í sér neinar þær breytingar miðað við Lundúnatextann að breyta þurfi gildandi lögum um hugverkaréttindi hér á landi.

Ísland gerðist aðili að 13.–30. gr. Stokkhólmsgerðar samþykktarinnar árið 1984. Sá hluti fjallar aðallega um stjórnarstofnanir sem fara með málefni samþykktarinnar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Aðild að þessum hluta samþykktarinnar var forsenda þess að Ísland gæti gerst aðili að WIPO. Þessi hluti samþykktarinnar hefur ekki lagagildi.

Parísarsamþykktin er sáttmáli milli ríkja er kveður á um almennar leikreglur sem hverju ríki er skylt að fylgja varðandi vernd hugverkaréttinda í þágu þegnanna. Það leiðir af eðli og tilgangi samþykktarinnar að óeðlilegt er að hún gildi sem lög gagnvart þegnunum.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að samhliða því sem Ísland gerist aðili að breyttum efnisákvæðum samþykktarinnar frá 1967 verði lög nr. 102/1961, sem frá árinu 1984 hafa aðeins gilt um efnishluta hennar, felld úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um að fella úr gildi lög nr. 102 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fullgilda Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar með þeim breytingum sem gerðar voru á henni í Stokkhólmi 1967. Sú samþykkt kveður á um almennar reglur sem hverju ríki er skylt að fylgja varðandi vernd hugverkaréttinda. Eftir stendur samningur en lagaákvæðið er fellt niður.

Í fjárlögum er viðfangsefnið 11-299-1.17 Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar. Fjárveiting í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er 1,4 m.kr. Þessi áætlun er óbreytt og því ekki um breytingu á kostnaði að ræða.

493. Frumvarp til laga [325. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

2. gr. laganna hljóðar svo:

Verndar samkvæmt lögum þessum nýtur sá sem hannað hefur svæðislýsingu smárása í hálfleiðara eða sá aðili eða lögaðili er öðlast hefur rétt hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum um vernd svæðislýsinga smárása er kveðið á um í 2. gr. að verndin samkvæmt lögunum nái aðeins til íslenskra ríkisborgara og lögaðila. Undantekningu frá þessu er síðan að finna í 2. mgr. sömu greinar en þar segir að ráðherra geti með reglugerð veitt sama rétt til ríkisborgara þeirra ríkja sem veita íslenskum ríkisborgurum sams konar rétt. Þetta skilyrði um gagnkvæmni sem skilyrði verndar er undantekning í hugverkarétti sem vernd svæðislýsinga smárása telst falla undir. Ástæða þess að ákvæðið um gagnkvæmni var tekið upp í okkar löggjöf var sú að flest önnur ríki sem höfðu löggjöf um vernd smárása byggðu á gagnkvæmni. Var það gert til að knýja á um að sem flest ríki

settu lög sem tryggðu vernd svæðislýsinga smárása. Nú liggur fyrir að þegar nýgerður GATT-sáttmáli, sem tekur m.a. til flestra hugverkaréttinda, tekur gildi mun skylt að veita vernd á sviði allra hugverkaréttinda, þar með talinna svæðislýsinga smárása, á grundvelli „national treatment". Það þýðir að veita verður þegnum erlendra ríkja sama rétt og þegnum þess ríkis sem löggjöfina setur. Með tilliti til þess að Ísland hefur undirritað þennan nýja alþjóðasáttmála er hér með lagt til að vernd samkvæmt íslenskum lögum um svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum nái til allra sem hannað hafa slíka svæðislýsingu eða þeirra aðila sem öðlast hafa rétt hönnuðar án tillits til ríkisborgararétts.

Ástæða þess að lagt er til að þessi breyting taki gildi nú þegar er sú að vegna skuldbindinga okkar samkvæmt EES-samningnum liggur fyrir að við þurfum að veita ríkisborgurum ýmissa ríkja, sem ESB hefur komist að samkomulagi við um að veita vernd á gagnkvæmnisgrundvelli, sams konar vernd. Eins og okkar löggjöf er háttað er aðeins hægt að veita slíka vernd eftir tímafrekum og flóknum leiðum, þ.e. formlegar bréfaskriftir þarf til að fá formlega staðfestingu á gagnkvæmni og síðan þarf að setja reglugerð. Þar sem fyrir liggur að við gildistöku nýja GATT-sáttmálans verði okkur skylt að taka upp þann hátt sem hér er lagður til verður að telja hagkvæmast að þessi breyting verði gerð svo fljótt sem unnt er.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Frumvarpið miðar að því að rýmka heimildarákvæði í 2. gr. laganna til að veita vernd þeim fyrirtækjum og lögaðilum sem hanna svæðislýsingu smárása í hálfleiðara. Eins og nánar er rakið í athugasemdum við frumvarpið leiðir þessi lagabreyting af þátttöku Íslands í erlendu samstarfi eins og GATT og samningnum við EES. Núgildandi lagaákvæði miðast við að vernda íslenska ríkisborgara og þá sem hafa fasta búsetu hér á landi en verði þetta frumvarp að lögum verður að veita þeim þegnum erlendra ríkja sama rétt og þegnum þess ríkis sem setur löggjöfina.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps leiði af sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

494. Frumvarp til laga [326. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Úr 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna falla niður orðin: „ . . . stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða . . .“

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er verið að fullnægja skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með því að gerast aðili að almennum samningi um þjónustuviðskipti (General Agreement on Trade in Services, GATS) sem er einn af þeim samningum sem urðu til við lok Úrúgvæviðræðna GATT. Samkvæmt GATS hafa ríki skuldbundið sig til að beita reglum um bestu kjör (most favoured nation — m.f.n.) að því er varðar þjónustuviðskipti og einnig til að setja ekki takmarkanir á erlenda aðila umfram innlenda (landskjör eða national treatment) sem hyggjast veita þjónustu á yfirráðasvæði þeirra, nema að því leyti sem sérstakur fyrirvari er um það gerður í tilboði viðkomandi ríkis.

Ákvæði það sem hér er lagt til að verði fellt brott virðist á yfirborðinu fela í sér mikla takmörkun og gefa færi á að beita mismunun eftir þjóðerni eða öðrum högum, án þess að sú ástæða sé gefin upp. Í reynd hefur þessu ákvæði ekki verið beitt hin síðari ár í það minnsta, ef nokkru sinni. Einnig er ljóst að ákvæðið er ekki í samræmi við nútímaviðhorf um frjálsa samkeppni, svo sem þau birtast einkum í samkeppnislögum, nr. 8/1993. Ráðherra á algerlega frjálst mat um þjóðhagslega hagkvæmni þegar sótt er um verslunarleyfi fyrir nýjan aðila. Engar leiðbeiningar er að finna í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 7/1970, um breyting á lögum um verslunaratvinnu, um hvernig beri að túlka ákvæði þetta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt síðari breytingum.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé flutt til þess að fullnægja skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með aðild að almennum samningi um þjónustuviðskipti sem er einn af þeim samningum sem urðu til við lok Úrúgvæviðræðna GATT. Ákvæðið sem lagt er til að verði fellt brott er talið gefa færi á að beita mismunun

eftir þjóðerni eða öðrum högum án þess að ástæða hafi verið gefin upp. Í reynd mun þessu ákvæði ekki hafa verið beitt.

Ekki verður séð að þessi lagabreyting leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

495. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Lán úr ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 25 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að ferðamálasjóði verði heimilt að veita lán til allt að 25 ára í stað 15 ára samkvæmt gildandi lögum. Tilgangur þessa frumvarps er að styrkja stöðu ferðaþjónustunnar í landinu þannig að lánstími lána úr ferðamálasjóði geti orðið allt að 25 ár.

Í ljós hefur komið að mikill rekstrarvandi steðjar að hjá ýmsum í ferðaþjónustu, einkum hótelum á landsbyggðinni sem starfrækt eru allt árið. Þar er um að ræða viðvarandi rekstrarhalla vegna minni viðskipta, harðnandi samkeppni og mikinn vanda vegna þess að fjármagnskostnaður er mikill af þeim lánum sem tekin hafa verið til uppbyggingar þeirra. Breyting þessi horfir til þess að gera þessum hótelum kleift að greiða stofnlán á lengri tíma, en í mörgum tilfellum eru þessi hótel flaggskip ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og forsenda fyrir því að unnt sé að efla ferðaþjónustu á viðkomandi landsvæði.

Breyting þessi horfir einnig til að jafna stöðu ferðaþjónustunnar miðað við aðrar atvinnugreinar í þessu efni. Í því sambandi má nefna að í lögum um Iðnlánasjóð er miðað við að hámarkslánstími hjá sjóðnum sé 25 ár og sama gildir hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins um lán til nýrra bygginga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um skipulag ferðamála.

Tilgangur þessa frumvarps er að styrkja stöðu ferðaþjónustunnar í landinu þannig að

lánstími lána úr ferðamálasjóði geti orðið allt að 25 ár í stað 15 ára sem nú er samkvæmt gildandi lögum.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

496. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 465 [Fjárlög 1995].

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Guðrúnu J. Halldórsdóttur,
Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Einarsdóttur
og Kristínu Sigurðardóttur.

	Þús. kr.
Við 72. lið (08-206 110 Sjúkratryggingar).	
Fyrir „9.970.000“ kemur	10.020.000

497. Frumvarp til laga [328. mál]

um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var í Lúganó 16. september 1988 (Lúganósamninginn), ásamt þeim þremur bókunum sem honum fylgja og teljast óaðskiljanlegur hluti hans.

Samningurinn ásamt bókunum og yfirlýsingum sem honum fylgja er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lúganósamningurinn og þær þrjár bókanir sem honum fylgja skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Dómar, sem kveðnir eru upp í öðru samningsríki á grundvelli varnarþings skv. 1. tölul. 5. gr. og b-lið 1. tölul. 16. gr. Lúganósamningsins, skulu viðurkenndir og þeim fullnægt hér á landi þó að viðkomandi ríki hafi gert fyrirvara um að það muni ekki viðurkenna eða fullnægja íslenskum dómum í sambærilegum tilvikum.

Dómar, sem hvorki þarf að viðurkenna né fullnægja skv. 2. mgr. II. gr. í bókun nr. 1 við samninginn, fá ekki réttarverkanir hér á landi.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og Lúganósamningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

5. gr.

Við gildistöku 2. og 3. gr. laganna bætist ný málsgrein við 1. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, nr. 30 23. júní 1932, svohljóðandi:

Ákvæði samningsins gilda ekki um dóma og aðrar ákvarðanir sem hljóta viðurkenningu og fullnustu hér á landi samkvæmt ákvæðum Lúganósamningsins.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum,
gerður í Lúganó 16. september 1988.

INNGANGUR

AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM

SEM ER UMHUGAÐ um að styrkja á yfirráðasvæðum sínum réttarvernd þeirra manna sem þar eru búsettir,

SEM TELJA að í því skyni sé nauðsynlegt að ákvarða hið alþjóðlega dómsvald dómstóla sinna og að auðvelda viðurkenningu og koma á skjótvirkri málsmeðferð til að tryggja fullnustu á dómum, opinberlega staðfestum skjölum og réttarsáttum,

SEM GERA SÉR GREIN fyrir tengslum sín í milli, sem hafa komið fram á sviði efnahagsmála í fríverslunarsamningum milli Efnahagsbandalags Evrópu og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu,

SEM HAFA HLIÐSJÓN af Brusselsamningnum frá 27. september 1968 um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum eins og honum hefur verið breytt með aðildarsamningum eftir því sem Evrópubandalögin hafa stækkað,

SEM ERU SANNFÆRÐIR um að með því að láta meginreglur þess samnings einnig ná til ríkja, sem eru aðilar að þessum samningi, muni lagaleg og efnahagsleg samvinna í Evrópu styrkjast,

SEM ÓSKA að tryggja eins samræmda túlkun og unnt er á samningi þessum,

HAFA í þessum anda ÁKVEÐIÐ að gera með sér samning þennan og

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

I. HLUTI
GILDISSVIÐ
1. gr.

Samningur þessi gildir um einkamál, þar á meðal verslunarmál, án tillits til þess hvaða dómstóll fer með mál. Hann tekur sér í lagi ekki til skattamála, tollamála og stjórnsýslumála.

Samningurinn gildir ekki um:

1. persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi eða gerhæfi, fjármál hjóna, bréfarf eða lögarf,
2. gjaldþrot, nauðasamninga eða sambærilega málsmeðferð,
3. almannatryggingar,
4. gerðardóma.

II. HLUTI
VARNARÞING
1. kafli.
Almenn ákvæði.
2. gr.

Með þeim takmörkunum, sem greinir í samningi þessum, skal lögsækja menn, sem eiga heimili í samningsríki, fyrir dómstólum í því ríki, hvert sem ríkisfang þeirra er.

Þeir menn, sem ekki eru ríkisborgarar í því ríki þar sem þeir eiga heimili, skulu lúta sömu varnarþingsreglum og gilda um ríkisborgara þess ríkis.

3. gr.

Menn, sem eiga heimili í samningsríki, má aðeins lögsækja fyrir dómstólum í öðru samningsríki samkvæmt þeim reglum sem settar eru í 2.–6. kafla þessa hluta.

Sérstaklega má ekki beita eftirfarandi ákvæðum gegn þeim:

— í Belgíu: 15. gr. borgaralögbókar (Code civil — Burgerlijk Wetboek) og 638. gr. réttarfarslaga (Code judiciaire — Gerechtelijk Wetboek),
— í Danmörku: 2. og 3. mgr. 246. gr. réttarfarslaga (lov om rettens pleje),
— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: 23. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Zivilprozessordnung),
— í Grikklandi: 40. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Κ δικας πολιτικ ς δικονομ ας),
— í Frakklandi: 14. og 15. gr. borgaralögbókar (Code civil),
— á Írlandi: reglum þeim sem heimila að varnarþing byggist á því að stefna hafi verið birt varnaraðila meðan á tímabundinni dvöl hans á Írlandi stóð,
— á Íslandi: 77. gr. laga um meðferð einkamála í héraði,
— á Ítalíu: 2. gr. og 1. og 2. tölul. 4. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Codice di procedura civile),
— í Lúxemborg: 14. og 15. gr. borgaralögbókar (Code civil),
— í Hollandi: 3. mgr. 126. gr. og 127. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Wetboek van Burgerlijke Rechtsvordering),
— í Noregi: 32. gr. laga um meðferð einkamála (tvistemålsloven),
— í Austurríki: 99. gr. laga um dómsvald dómstóla (Jurisdiktionsnorm),
— í Portúgal: c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. og c-lið 65. gr. A laga um réttarfar í einkamálum (Código de Processo Civil) og 11. gr. laga um réttarfar í vinnumálum (Código de Processo de Trabalho),

— í Sviss: reglum um kyrrsetningarvarnarþing (for du lieu du séquestre/Gerichtsstand des Arrestortes/foro del luogo del sequestro) samkvæmt 4. gr. sambandsríkislaganna um alþjóðlegan einkamálarétt (loi fédérale sur le droit international privé/Bundesgesetz über das internationale Privatrecht/legge federale sul diritto internazionale privato),
— í Finnlandi: 2., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 1. gr. 10. kafla réttarfarslaga (oikeudenkäymiskaari/rättegångsbalken),
— í Svíþjóð: 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. 10. kafla réttarfarslaga (rättegångsbalken),
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi: reglum þeim sem heimila að varnarþing byggist á því:
  a) að stefna hafi verið birt varnaraðila meðan á tímabundinni dvöl hans í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi stóð, eða
  b) að varnaraðili eigi eignir í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, eða
  c) að sóknaraðili hafi komið fram aðför í eignum sem eru í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi.

4. gr.

Eigi varnaraðili ekki heimili í samningsríki ákvarða lög hvers samningsríkis um sig dómsvald dómstóla þess, sbr. þó ákvæði 16. gr.

Gegn varnaraðila, sem þannig er ástatt um, getur hver sá sem á heimili í samningsríki, hvert sem ríkisfang hans er, fært sér í nyt í því ríki þær varnarþingsreglur, sem þar gilda, á sama hátt og ríkisborgarar þess ríkis, og sérstaklega þær reglur sem tilgreindar eru í 2. mgr. 3. gr.

2. kafli.

Sérstakar varnarþingsreglur.

5. gr.

Mann, sem á heimili í samningsríki, má lögsækja í öðru samningsríki:

1. í málum, sem varða samninga, fyrir dómstóli þess staðar þar sem skuldbindinguna skyldi efna; í málum, sem varða vinnusamninga einstakra manna, er þessi staður þar sem launþeginn starfar að jafnaði eða, ef launþeginn starfar að jafnaði ekki í einu tilteknu landi, þá er þessi staður þar sem starfsstöð sú er sem réð hann til starfa,
2. í málum, sem varða framfærsluskyldu, fyrir dómstóli þess staðar þar sem sá sem rétt á til framfærslu á heimili eða dvelst að jafnaði eða, ef um slíka kröfu er að ræða í tengslum við mál um persónulega réttarstöðu manns, fyrir þeim dómstóli sem samkvæmt þeim lögum, sem við hann gilda, er bær til að fara með málið nema varnarþingið byggist einungis á ríkisfangi eins aðilans,
3. í málum um skaðabætur utan samninga fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð,
4. þegar krafist er skaðabóta eða þess að fyrra ástandi verði komið á og krafan á rót að rekja til refsiverðs verknaðar, fyrir þeim dómstóli þar sem opinbera málið er til meðferðar, að því tilskildu að dómstóllinn, samkvæmt þeim lögum sem við hann gilda, sé bær til að fara með kröfur borgararéttar eðlis,
5. vegna ágreinings, sem stafar af rekstri útibús, umboðsskrifstofu eða svipaðrar starfsemi, fyrir dómstóli þess staðar þar sem starfsemin er,
6. sem stofnanda, vörslumann eða rétthafa fjárvörslusjóðs, sem stofnaður hefur verið á grundvelli laga eða með skjali eða með munnlegum gerningi sem staðfestur er

skriflega, fyrir dómstóli í því samningsríki þar sem sjóðurinn á heimili,

7. vegna ágreinings um greiðslu launa, sem krafist er vegna björgunar í þágu farms eða farmgjalds, fyrir þeim dómstóli þar sem kyrrsetning farmsins eða farmgjaldskröfunnar:
   a) hefur verið gerð til tryggingar á þeirri greiðslu, eða
   b) hefði mátt fara fram en ábyrgð eða önnur trygging hefur verið sett;
   ákvæði þetta á þó einungis við ef því er haldið fram að varnaraðili eigi til réttar að telja í farminum eða farmgjaldskröfunni eða að hann hafi átt til slíks réttar að telja þegar björgun varð.

6. gr.

Mann, sem á heimili í samningsríki, má einnig lögsækja:

1. ef hann er einn af mörgum varnaraðilum, fyrir dómstóli þess staðar þar sem einhver þeirra á heimili,
2. sem þriðja mann í sakaukamáli eða sem þriðja mann í öðrum málum fyrir þeim dómstóli þar sem mál er upphaflega höfðað nema það hafi einungis verið höfðað í því skyni að koma í veg fyrir að hann yrði lögsóttur á réttu varnarþingi sínu,
3. í málum um gagnkröfu, ef hún á rót sína að rekja til sama samnings eða málsatvika og aðalkrafan byggist á, fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar,
4. í málum, sem varða samninga ef málið má sameina máli gegn sama varnaraðila og það varðar réttindi yfir fasteign, fyrir dómstóli í samningsríki þar sem fasteignin er.

6. gr. A.

Ef dómstóll í samningsríki hefur samkvæmt samningi þessum dómsvald í málum um ábyrgð sem stafar af notkun eða rekstri skips hefur sá dómstóll, eða hver sá dómstóll annar sem að lögum þess samningsríkis kemur í hans stað, einnig dómsvald í málum um takmörkun þessarar ábyrgðar.

3. kafli.

Varnarþing í vátryggingarmálum.

7. gr.

Í málum um vátryggingar skal ákvarða varnarþing eftir ákvæðum þessa kafla, sbr. þó 4. gr. og 5. tölul. 5. gr.

8. gr.

Vátryggjanda, sem á heimili í samningsríki, má lögsækja:

1. fyrir dómstólum í því ríki þar sem hann á heimili, eða
2. í öðru samningsríki fyrir dómstóli þess staðar, þar sem vátryggingartaki á heimili, eða
3. sé hann samvátryggjandi, fyrir dómstóli í samningsríki þar sem mál er höfðað gegn aðalvátryggjanda.

Nú á vátryggjandi ekki heimili í samningsríki en hefur útibú, umboðsskrifstofu eða svipaða starfsemi í samningsríki og skal þá í málum sem stafa af rekstri starfseminnar litið svo á sem hann eigi heimili í því ríki.

9. gr.

Í málum vegna ábyrgðartrygginga eða vátrygginga á fasteignum má enn fremur lögsækja vátryggjanda fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð. Þetta gildir einnig ef vátryggingarsamningur tekur bæði til fasteignar og lausafjár og hvort tveggja verður fyrir tjóni vegna sama atburðar.

10. gr.

Í málum vegna ábyrgðartrygginga má einnig lögsækja vátryggjandann fyrir dómstóli þar sem tjónþoli hefur höfðað mál gegn vátryggðum ef þau lög, sem við dómstólinn gilda, veita heimild til þess.

Ákvæði 7., 8. og 9. gr. gilda um mál sem tjónþoli höfðar beint gegn vátryggjanda þar sem slík bein málssókn er heimil.

Nú veita lög um slíka beina málssókn heimild til að draga vátryggingartaka eða vátryggðan inn í málið og hefur sami dómstóll þá einnig dómsvald gagnvart þeim.

11. gr.

Vátryggjandi má einungis höfða mál fyrir dómstólum í samningsríki þar sem varnaraðili á heimili, hvort sem hann er vátryggingartaki, vátryggður eða annar rétthafi, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 10. gr.

Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á rétt til að bera fram gagnkröfu fyrir þeim dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

12. gr.

Frá ákvæðum þessa kafla má aðeins víkja með samningi um varnarþing:

1. ef hann er gerður eftir að ágreiningur er risinn, eða
2. ef hann veitir vátryggingartaka, vátryggðum eða öðrum rétthafa heimild til málshöfðunar fyrir öðrum dómstólum en þeim sem nefndir eru í þessum kafla, eða
3. ef hann er gerður milli vátryggingartaka og vátryggjanda sem áttu báðir heimili eða dvöldust að jafnaði í sama samningsríki þegar samningurinn var gerður og hann veitir dómstólum þess ríkis dómsvald, jafnvel þótt tjónsatburðurinn kunni að verða erlendis enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis, eða
4. ef hann er gerður við vátryggingartaka sem ekki á heimili í samningsríki, nema um sé að ræða vátryggingu sem er lögboðin eða hún varðar fasteign í samningsríki, eða
5. ef hann varðar vátryggingarsamning sem tekur til eins eða fleiri áhættuflokka sem nefndir eru í 12. gr. A.

12. gr. A.

5. tölul. 12. gr. vísar til eftirfarandi áhættuflokka:

1. sérhvers tjóns á
   a) hafskipum, mannvirkjum undan ströndum eða á rúmsjó eða loftförum þegar tjónið á rætur að rekja til atburða sem tengjast notkun þeirra í atvinnuskyni,
   b) vörum í flutningi, nema farangri farþega, þegar flutt er að hluta eða öllu leyti með slíkum skipum eða loftförum,

2. sérhverrar ábyrgðar, nema vegna líkamstjóns á farþegum eða tjóns á farangri þeirra,
   a) sem á rætur að rekja til notkunar eða reksturs skipa, mannvirkja eða loftfara sem vísað er til í a-lið 1. tölul., að því leyti sem lög þess samningsríkis, þar sem loftfarið er skráð, banna ekki samninga um varnarþing í sambandi við vátryggingu gegn slíkri áhættu,
   b) á tjóni sem vörur valda í flutningi sem greinir í b-lið 1. tölul.,
3. sérhvers fjártjóns í tengslum við notkun eða rekstur skipa, mannvirkja eða loftfara sem vísað er til í a-lið 1. tölul., einkum taps á farmgjalds- eða leigutekjum,
4. sérhverrar áhættu sem tengist þeim áhættuflokkum sem nefndir eru í 1.–3. tölul.

4. kafli.
Varnarþing í neytendamálum.

13. gr.

Í málum vegna samninga, sem maður, hér eftir nefndur „neytandi“, gerir í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans, skal ákvarða varnarþing eftir ákvæðum þessa kafla, sbr. þó 4. gr. og 5. tölul. 5. gr., enda sé um að ræða:

1. samning um lausafjárkaup með afborgunarskilmálum, eða
2. samning um lán sem endurgreiða skal með afborgunum, eða annars konar lánafyrirgreiðslu, til að fjármagna kaup á lausafé, eða
3. annan samning um að láta af hendi lausafé eða þjónustu enda hafi
   a) undanfari samningsins verið sérstakt tilboð til neytandans í ríki því þar sem hann á heimili eða almenn auglýsing þar, og
   b) neytandinn gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar voru til samningsgerðarinnar í því ríki.

Nú á viðsemjandi neytandans ekki heimili í samningsríki en hefur útibú, umboðsskrifstofu eða svipaða starfsemi í samningsríki og skal þá í ágreiningi, sem stafar af rekstri starfseminnar, litið svo á að aðilinn eigi heimili í því ríki.

Kafli þessi gildir ekki um flutningssamninga.

14. gr.

Neytandi getur höfðað mál gegn hinum samningsaðilanum annaðhvort fyrir dómstólum í því samningsríki, þar sem sá aðili á heimili, eða fyrir dómstólum í því samningsríki þar sem hann sjálfur á heimili.

Hinn samningsaðilinn getur einungis höfðað mál gegn neytandanum fyrir dómstólum í því samningsríki þar sem neytandinn á heimili.

Ákvæði þessi hafa ekki áhrif á rétt til að koma að gagnkröfu fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

15. gr.

Frá ákvæðum þessa kafla má aðeins víkja með samningi:

1. sem gerður er eftir að ágreiningur er risinn, eða
2. sem heimilar neytandanum að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en þeim sem getið er um í þessum kafla, eða
3. sem gerður er af neytanda og samningsaðila hans sem áttu báðir heimili eða dvöldust að jafnaði í sama samningsríki þegar samningurinn var gerður og samningurinn veitir dómstólum þess ríkis dómsvald enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis.

5. kafli.
Skylduvarnarþing.
16. gr.

Eftirgreindir dómstólar hafa einir dómsvald, án tillits til heimilis:

1. a) í málum um réttindi yfir fasteign eða leigu fasteignar: dómstólar í því samningsríki þar sem fasteignin er;
   b) í málum um fasteignaleigusamninga, sem gerðir eru um tímabundin persónuleg afnot til allt að sex mánaða óslitið, skulu dómstólar í því samningsríki þar sem varnaraðili á heimili þó einnig hafa dómsvald, enda sé leigutaki persóna og hvorugur aðila eigi heimili í því samningsríki þar sem fasteignin er;
2. í málum um gildi, ógildi eða slit félaga eða annarra lögpersóna eða um ákvarðanir fyrirsvarsaðila þeirra: dómstólar í því samningsríki þar sem lögpersónan hefur aðsetur,
3. í málum um gildi skráninga í opinberar skrár: dómstólar í því samningsríki þar sem skráin er haldin,
4. í málum sem varða skráningu eða gildi einkaleyfa, vörumerkja, mynstra eða annarra svipaðra réttinda sem tilkynna þarf eða skrá: dómstólar í því samningsríki þar sem tilkynning eða beiðni um skráningu hefur verið lögð fram, hefur farið fram eða er talin hafa farið fram samkvæmt ákvæðum alþjóðasamnings,
5. í málum um fullnustu dóma: dómstólar í því samningsríki þar sem fullnusta hefur farið fram eða skal fara fram.

6. kafli.
Samningar um varnarþing.
17. gr.

1. Nú hafa aðilar samið um að dómstóll eða dómstólar í samningsríki skuli hafa dómsvald um ágreining sem þegar er risinn eða um ágreining sem kann að rísa í tengslum við tiltekin lögskipti þeirra og að minnsta kosti annar þeirra eða einn þeirra á heimili í samningsríki og skal þá einungis sá dómstóll eða þeir dómstólar hafa dómsvald. Slíkur samningur um varnarþing skal vera:
   a) skriflegur eða munnlegur og staðfestur skriflega, eða
   b) í formi sem er í samræmi við venjur sem aðilar hafa komið á sín í milli, eða
   c) í milliríkjaviðskiptum í formi sem er í samræmi við viðskiptavenjur sem aðilunum voru eða áttu að hafa verið kunnar og eru almennt þekktar og farið er almennt eftir af aðilum samninga af þeirri gerð á því viðskiptasviði sem um er að ræða.

   Hafi slíkt samkomulag verið gert milli aðila og hvorugur eða enginn þeirra á heimili í samningsríki geta dómstólar í öðrum samningsríkjum ekki skorið úr málinu nema sá dómstóll eða þeir dómstólar, sem samið hefur verið um, hafi vísað máli frá dómi vegna rangs varnarþings.
2. Dómstóll sá eða dómstólar í samningsríki, sem veitt hefur verið dómsvald með skjali sem stofnar fjárvörslusjóð, hafa einir dómsvald í málum gegn stofnanda, vörslumanni eða rétthafa ef mál snýst um lögskipti þessara aðila eða um réttindi þeirra eða skyldur samkvæmt reglum sjóðsins.

3. Samningar um varnarþing eða slík ákvæði í skjali, sem stofnar fjárvörslusjóð, hafa ekki gildi ef þau fara gegn ákvæðum 12. eða 15. gr. eða ef þau útiloka dómsvald þeirra dómstóla sem einir skulu hafa það samkvæmt 16. gr.
4. Hafi samningur um varnarþing einungis verið gerður í þágu annars aðilans eða eins þeirra heldur sá aðili rétti sínum til málshöfðunar fyrir hverjum þeim dómstóli öðrum sem hefur dómsvald samkvæmt samningi þessum.
5. Í málum um vinnusamninga einstakra manna hefur samkomulag um varnarþing einungis gildi ef það var gert eftir að ágreiningur er risinn.

18. gr.

Enda þótt önnur ákvæði samnings þessa veiti dómstóli í samningsríki ekki dómsvald hefur hann dómsvald ef varnaraðili sækir dómþing fyrir honum. Þetta gildir þó ekki ef þing er einungis sótt til að mótmæla varnarþingi eða ef annar dómstóll hefur einn dómsvald samkvæmt 16. gr.

7. kafli.

Könnun á varnarþingi og því hvort mál sé tækt til meðferðar.

19. gr.

Nú er dómstóli í samningsríki falið að skera úr ágreiningi sem í aðalatriðum varðar málefni sem dómstólar í öðru samningsríki hafa einir dómsvald um samkvæmt 16. gr. og skal hann þá sjálfkrafa vísa máli frá dómi.

20. gr.

Nú er maður, sem á heimili í samningsríki, lögsóttur fyrir dómstóli í öðru samningsríki og sækir þar ekki dómþing og skal dómstóllinn þá sjálfkrafa vísa máli frá dómi nema hann hafi dómsvald samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Dómstóllinn skal fresta meðferð málsins þar til sýnt er fram á að varnaraðilinn hafi átt kost á að taka á móti stefnu eða samsvarandi skjali svo tímanlega að hann hefði getað undirbúið vörn sína eða að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni.

Ákvæði 15. gr. Haagsamningsins frá 15. nóvember 1965 um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum eða verslunarmálum koma í stað ákvæða 2. mgr. ef senda skal úr landi stefnu eða tilkynningu um málshöfðun samkvæmt þeim samningi.

8. kafli.

„Litis pendens“ og skyldar kröfur.

21. gr.

Ef krafa, byggð á sömu málsástæðum og milli sömu aðila, er gerð fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum skal hver dómstóll, annar en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, sjálfkrafa fresta meðferð þess þar til fyrir liggur að sá dómstóll hafi dómsvald í málinu.

Þegar fyrir liggur að sá dómstóll, sem mál er fyrst höfðað fyrir, hafi dómsvald skulu aðrir dómstólar vísa málinu frá dómi í þágu hans.

22. gr.

Ef skyldar kröfur eru gerðar fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum getur hver dómstóll, annar er sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, frestað málsmeðferð sinni meðan málin eru til meðferðar á fyrsta dómstigi.

Dómstóll, sem mál er síðar höfðað fyrir, getur einnig vísað máli frá samkvæmt kröfu aðila ef lög, sem gilda við þann dómstól, heimila að skyldar kröfur séu sóttar sameiginlega og dómstóll sá, sem mál er fyrst höfðað fyrir, hefur dómsvald um báðar kröfurnar.

Með skyldum kröfum er í grein þessari átt við kröfur sem eru svo tengdar innbyrðis að æskilegt er að fara með þær og dæma sameiginlega til að koma í veg fyrir að ósamrýmanlegir dómar verði kveðnir upp ef dæmt er um hverja þeirra sérstaklega.

23. gr.

Ef fleiri dómstólar en einn eiga hver um sig einir dómsvald um kröfu skulu allir dómstólar, aðrir en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, vísa máli frá dómi í þágu þess dómstóls.

9. kafli.

Bráðabirgðaúrræði, þar með talin tryggingarúrræði.

24. gr.

Leita má til dómstóla í samningsríki um að beita réttarúrræðum til bráðabirgða, þar með talin tryggingarúrræði, sem lög þess ríkis kunna að heimila, enda þótt dómstólar í öðru samningsríki hafi dómsvald um efni málsins samkvæmt samningi þessum.

III. HLUTI
VIÐURKENNING OG FULLNUSTA

25. gr.

Í samningi þessum merkir „dómur“ sérhverja ákvörðun um málsúrslit sem tekin er af dómstóli í samningsríki, hverju nafni sem hún nefnist, svo sem dóm, úrskurð eða ákvörðun um fullnustu, svo og ákvörðun réttarritara um málskostnað.

1. kafli.

Viðurkenning.

26. gr.

Dómur, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki, skal viðurkenndur í öðrum samningsríkjum án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf.

Ef ágreiningur rís um það hvort dómur skuli viðurkenndur getur hver sá aðili, sem hagsmuna hefur að gæta, óskað, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. og 3. kafla þessa hluta, ákvörðunar um að dómurinn skuli viðurkenndur.

Ef viðurkenningin hefur þýðingu fyrir úrslit máls sem rekið er fyrir dómstóli í samningsríki og aðili ber hana fyrir sig hefur sá dómstóll dómsvald um viðurkenningarkröfuna.

27. gr.

Dómur skal ekki viðurkenndur:

1. ef viðurkenning hans væri andstæð allsherjarreglu í því ríki þar sem hennar er krafist,
2. ef hann er útivistardómur og varnaraðila var ekki réttilega birt stefna eða samsvarandi skjal svo tímanlega að hann gæti undirbúið vörn sína,
3. ef hann er ósamrýmanlegur dómi sem kveðinn hefur verið upp í máli milli sömu aðila í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist,
4. ef dómstóllinn í dómsríkinu hefur við ákvörðun sína tekið fyrst afstöðu til álitaefnis um persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi eða gerhæfi, fjármál hjóna, lögarf eða bréfarf og komist að niðurstöðu sem andstæð er lagaskilareglum í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist, nema sama niðurstaða hefði fengist ef beitt hefði verið lagaskilareglum þess ríkis,
5. ef hann er ósamrýmanlegur dómi, sem áður hefur verið kveðinn upp í ríki sem ekki er samningsríki, um sama sakarefni og milli sömu aðila, enda fullnægi sá dómur skilyrðum til viðurkenningar í því ríki þar sem viðurkenningar er krafist.

28. gr.

Dómur skal enn fremur ekki viðurkenndur ef hann brýtur gegn ákvæðum 3., 4. eða 5. kafla II. hluta, eða ef um er að ræða tilvik sem fjallað er um í 59. gr.

Auk þess má synja um viðurkenningu dóms ef um er að ræða tilvik sem fjallað er um í 3. mgr. 54. gr. B eða 4. mgr. 57. gr.

Við könnun á varnarþingsreglum þeim, sem vísað er til í 1. og 2. mgr., er dómstóll sá eða yfirvald það, sem viðurkenningarkrafan er sett fram við, bundið þeim niðurstöðum um málsatvik sem dómstóll upphafsríkisins byggði dómsvald sitt á.

Dómsvald dómstólsins í dómsríkinu verður ekki endurskoðað að öðru leyti en greinir í 1. og 2. mgr.; áskilnaður sá, sem vísað er til í 1. tölul. 27. gr. um samræmi við allsherjarreglu, tekur ekki til varnarþingsreglna.

29. gr.

Erlendan dóm má aldrei endurskoða að efni til.

30. gr.

Ef krafist hefur verið viðurkenningar fyrir dómstóli í samningsríki á dómi kveðnum upp í öðru samningsríki má dómstóllinn fresta málinu ef dómurinn hefur sætt málskoti með venjulegum hætti.

Ef krafist hefur verið viðurkenningar fyrir dómstóli í samningsríki á dómi kveðnum upp á Írlandi eða í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi má dómstóllinn fresta málinu ef fullnustu hefur verið frestað í dómsríkinu vegna málskots.

2. kafli.

Fullnusta.

31. gr.

Dómi, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki og fullnægja má í því ríki, skal fullnægja í öðru samningsríki þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið lýstur fullnustuhæfur þar.

Í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi skal þó fullnægja slíkum dómi í Englandi og Wales, í Skotlandi eða á Norður-Írlandi þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið skráður fullnustuhæfur í þeim hluta Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

32. gr.

1. Beiðnina skal leggja fram:
   — í Belgíu við „tribunal de première instance“ eða „rechtbank van eerste aanleg“,
   — í Danmörku við „byret“,
   — í Sambandslýðveldinu Þýskalandi hjá dómstjóra við deild í „Landgericht“,
   — í Grikklandi við „μονομ λ ς πρωτοδικ ο“,
   — á Spáni við „Juzgado de Primera Instancia“,
   — í Frakklandi hjá dómstjóra „tribunal de grande instance“,
   — á Írlandi við „High Court“,
   — á Íslandi hjá héraðsdómara,
   — á Ítalíu við „corte d'appello“,
   — í Lúxemborg hjá dómstjóra „tribunal d'arrondissement“,
   — í Hollandi hjá dómstjóra „arrondissementsrechtbank“,
   — í Noregi við „herredsrett“ eða „byrett“ sem „namsrett“,
   — í Austurríki við „Landesgericht“ eða „Kreisgericht“,
   — í Portúgal við „Tribunal Judicial de Círculo“,
   — í Sviss:
     a) ef dómur er til greiðslu peninga, hjá „juge de la mainlevée/Rechtsöffnungsrichter/giudice competente a pronunciare sul rigetto dell'opposizione“ eftir réttarfarsreglum 80. og 81. gr. sambandsríkislaganna um málssókn vegna skulda og gjaldþrot (loi fédérale sur la poursuite pour dettes et la faillite/Bundesgesetz über Schuldbetreibung und Konkurs/legge federale sulla esecuzione e sul fallimento),
     b) ef dómur er til annars en greiðslu peninga, hjá „juge cantonal d'exequatur compétent/zuständiger kantonaler Vollstreckungsrichter/giudice cantonale competente a pronunciare l'exequatur“,
   — í Finnlandi við „ulosotonhaltija/överexekutor“,
   — í Svíþjóð við „Svea Hovrätt“,
   — í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:
     a) í Englandi og Wales við „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, við „Magistrates' Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“,
     b) í Skotlandi við „Court of Session“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, við „Sheriff Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“,
     c) á Norður-Írlandi við „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, við „Magistrates' Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“.
2. Heimili þess, sem fullnustu er krafist hjá, ræður því hver dómstóll fer með mál. Eigi hann ekki heimili í því ríki þar sem fullnustu er krafist ræðst það af því hvar fullnusta á að fara fram.

33. gr.

Með beiðnina skal fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem fullnustu er krafist.

Beiðandi skal tilgreina réttarfarslegt aðsetur í umdæmi þess dómstóls sem beiðni er beint til. Ef lög þess ríkis, þar sem fullnustu er krafist, mæla ekki fyrir um slíkt aðsetur skal beiðandi tilnefna málflutningsumboðsmann.

Skjöl þau, sem í 46. og 47. gr. getur, skulu fylgja beiðni.

34. gr.

Dómstóll sá, sem beiðnina hefur til meðferðar, skal taka ákvörðun sína án tafar; á þessu stigi málsins skal þeim aðila, sem fullnustu er krafist hjá, ekki veitt færi á að gera athugasemdir við beiðnina.

Beiðninni má einungis synja af einhverri þeirri ástæðu sem tilgreind er í 27. og 28. gr.

Hinn erlenda dóm má aldrei endurskoða að efni til.

35. gr.

Þar til bær starfsmaður dómstólsins skal án tafar, á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum þess ríkis þar sem fullnustu er krafist, tilkynna beiðanda þá ákvörðun sem tekin hefur verið um beiðnina.

36. gr.

Nú er fullnusta heimiluð og getur þá sá aðili, sem fullnustu er krafist hjá, skotið ákvörðuninni til æðri réttar eða fengið hana endurupptekna innan eins mánaðar frá birtingu hennar.

Ef sá aðili á heimili í öðru samningsríki en því þar sem fullnustuheimild var veitt er frestur til málskots eða endurupptöku tveir mánuðir talið frá þeim degi er birting fór fram, annaðhvort fyrir honum sjálfum eða á heimili hans. Frest þennan má ekki lengja vegna mikillar fjarlægðar.

37. gr.

1. Málskoti eða ósk um endurupptöku á ákvörðun um að fullnusta sé heimil skal, samkvæmt reglum um réttarfar í umþrættum einkamálum, beina:
   — í Belgíu til „tribunal de première instance“ eða „rechtbank van eerste aanleg“,
   — í Danmörku til „landsret“,
   — í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til „Oberlandesgericht“,
   — í Grikklandi til „ φ τ ο“,
   — á Spáni til „Audiencia Provincial“,
   — í Frakklandi til „cour d'appel“,
   — á Írlandi til „High Court“,
   — á Íslandi til héraðsdómara,
   — á Ítalíu til „corte d'appello“,
   — í Lúxemborg til „Cour supérieure de justice“ sem áfrýjunardómstóls í einkamálum,
   — í Hollandi til „arrondissementsrechtbank“,
   — í Noregi til „lagmannsrett“,
   — í Austurríki til „Landesgericht“ eða „Kreisgericht“,
   — í Portúgal til „Tribunal da Relação“,

— í Sviss til „tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale“,
— í Finnlandi til „hovioikeus/hovrätt“,
— í Svíþjóð til „Svea Hovrätt“,
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:
a) í Englandi og Wales til „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court“,
b) í Skotlandi til „Court of Session“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Sheriff Court“,
c) á Norður-Írlandi til „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court“.

2. Niðurstöðu málskots eða endurupptöku verður aðeins hnekkt:
— í Belgíu, í Grikklandi, á Spáni, í Frakklandi, á Ítalíu, í Lúxemborg og í Hollandi með áfrýjun til ógildingar,
— í Danmörku með áfrýjun til „højesteret“ að fengnu leyfi dómsmálaráðherra,
— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi með „Rechtsbeschwerde“,
— á Írlandi með áfrýjun um lagaatriði til „Supreme Court“,
— á Íslandi með áfrýjun til Hæstaréttar,
— í Noregi með áfrýjun („kjæremål“ eða „anke“) til „Höyesteretts kjæremålsutvalg“ eða „Höyesterett“,
— í Austurríki, ef um er að ræða áfrýjun, með „Revisionsrekurs“ og, ef um er að ræða endurupptöku, með „Berufung“ með möguleika á „Revision“,
— í Portúgal með áfrýjun um lagaatriði,
— í Sviss með „recours de droit public devant le tribunal fédéral/staatsrechtliche Beschwerde beim Bundesgericht/ricorso di diritto pubblico davanti al tribunale federale“,
— í Finnlandi með áfrýjun til „korkein oikeus/högsta domstolen“,
— í Svíþjóð með áfrýjun til „högsta domstolen“,
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi með einum möguleika á áfrýjun um lagaatriði.

38. gr.

Dómstóll sá, sem máli er skotið til samkvæmt 1. mgr. 37. gr., getur að kröfu þess, sem málskots hefur krafist, frestað máli ef dóminum hefur verið skotið til æðra dóms á venjulegan hátt í dómsríkinu eða endurupptöku er krafist þar eða ef frestur til þessa er enn ekki liðinn. Í síðargreinda tilvikinu getur dómstóllinn ákveðið frest til að koma fram málskoti eða leggja fram kröfu um endurupptöku.

Hafi dómur verið kveðinn upp á Írlandi eða í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi skal litið á hvert það málskot, sem heimilað er í dómsríkinu, sem venjulegt málskot í merkingu 1. mgr.

Dómstóllinn getur einnig áskilið um fullnustu að sett verði trygging sem dómstóllinn ákvarðar.

39. gr.

Meðan frestur til málskots samkvæmt 36. gr. er ekki liðinn og þar til niðurstaða af slíku málskoti liggur fyrir má ekki gera aðrar ráðstafanir til fullnustu en þær sem miða að því að tryggja fullnustu í eignum þess aðila sem fullnustu er krafist hjá.

Ákvörðun um að heimila fullnustu felur í sér rétt til að beita slíkum tryggingarráðstöfunum.

40. gr.

1. Nú er beiðni um fullnustu synjað og getur beiðandi þá skotið þeirri ákvörðun, eða óskað endurupptöku hennar:
   — í Belgíu til „cour d'appel“ eða „hof van beroep“,
   — í Danmörku til „landsret“,
   — í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til „Oberlandesgericht“,
   — í Grikklandi til „ φ τ ο“,
   — á Spáni til „Audiencia Provincial“,
   — í Frakklandi til „cour d'appel“,
   — á Írlandi til „High Court“,
   — á Íslandi til héraðsdómara,
   — á Ítalíu til „corte d'appello“,
   — í Lúxemborg til „Cour supérieure de justice“ sem áfrýjunardómstóls í einkamálum,
   — í Hollandi til „gerechtshof“,
   — í Noregi til „lagmannsrett“,
   — í Austurríki til „Landesgericht“ eða „Kreisgericht“,
   — í Portúgal til „Tribunal da Relação“,
   — í Sviss til „tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale“,
   — í Finnlandi til „hovioikeus/hovrätt“,
   — í Svíþjóð til „Svea Hovrätt“,
   — í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:
     a) í Englandi og Wales til „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court“,
     b) í Skotlandi til „Court of Session“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Sheriff Court“,
     c) á Norður-Írlandi til „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court“.
2. Aðila þeim, sem fullnustu er krafist hjá, skal stefnt til að mæta fyrir dómstóli þeim sem máli er skotið til. Mæti hann ekki gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 20. gr., jafnvel þótt hann eigi ekki heimili í samningsríki.

41. gr.

Niðurstöðu máls, sem sætt hefur málskoti samkvæmt 40. gr., verður einungis hnekkt:
— í Belgíu, í Grikklandi, á Spáni, í Frakklandi, á Ítalíu, í Lúxemborg og í Hollandi með áfrýjun til ógildingar,
— í Danmörku með áfrýjun til „höjesteret“ að fengnu leyfi dómsmálaráðherra,
— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi með „Rechtsbeschwerde“,
— á Írlandi með áfrýjun um lagaatriði til „Supreme Court“,
— á Íslandi með áfrýjun til Hæstaréttar,
— í Noregi með áfrýjun („kjæremål“ eða „anke“) til „Höyesteretts kjæremålsutvalg“ eða „Höyesterett“,
— í Austurríki með „Revisionsrekurs“,
— í Portúgal með áfrýjun um lagaatriði,

— í Sviss með „recours de droit public devant le tribunal fédéral/staatsrechtliche Beschwerde beim Bundesgericht/ricorso di diritto pubblico davanti al tribunale federale“,
— í Finnlandi með áfrýjun til „korkein oikeus/högsta domstolen“,
— í Svíþjóð með áfrýjun til „högsta domstolen“,
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi með einum möguleika á áfrýjun um lagaatriði.

42. gr.

Nú hefur í erlendum dómi verið tekin afstaða til margra krafna og ekki er unnt að heimila fullnustu þeirra allra og skal þá dómstóllinn heimila fullnustu einnar þeirra eða fleiri.

Beiðandinn getur krafist fullnustu dóms að hluta til.

43. gr.

Hafi erlendur dómur mælt fyrir um févíti verður honum aðeins fullnægt í því ríki þar sem fullnustu er krafist ef fjárhæð févítisins hefur verið endanlega ákveðin af dómstólum í dómsríkinu.

44. gr.

Ef sá sem fullnustu krefst hefur í dómsríkinu að öllu leyti eða að hluta notið að lögum fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur eða verið undanþeginn kostnaði eða gjöldum skal hann við þá málsmeðferð, sem í 32.–35. gr. getur, njóta allrar þeirrar aðstoðar eða undanþágna frá kostnaði eða gjöldum sem framast eru veittar með lögum í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

Þó getur sá sem krefst fullnustu á úrskurði um framfærsluskyldu sem stjórnvald í Danmörku eða á Íslandi hefur kveðið upp nýtt sér í því ríki, þar sem fullnustu er krafist, það hagræði sem í 1. mgr. segir ef hann leggur fram yfirlýsingu frá danska dómsmálaráðuneytinu eða því íslenska, eftir því sem við á, um að hann fullnægi efnahagslegum skilyrðum til fjárhagslegrar aðstoðar að öllu leyti eða að hluta eða til undanþágu frá kostnaði eða gjöldum.

45. gr.

Aðili, sem krefst fullnustu í samningsríki á dómi sem upp hefur verið kveðinn í öðru samningsríki, verður ekki krafinn um neins konar tryggingu eða framlag á þeim forsendum að hann sé erlendur ríkisborgari eða að hann eigi ekki heimili eða dvöl í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

3. kafli.

Sameiginleg ákvæði.

46. gr.

Aðili, sem krefst viðurkenningar eða fullnustu á dómi, skal leggja fram:

1. endurrit dóms sem fullnægir nauðsynlegum skilyrðum til að sanna gildi hans;
2. ef um útivistardóm er að ræða, frumrit eða staðfest afrit af skjali sem sýnir að stefna eða samsvarandi skjal hafi verið birt þeim sem útivist varð hjá.

47. gr.

Aðili, sem krefst fullnustu, skal einnig leggja fram:

1. skjöl sem sýna að dómurinn sé fullnustuhæfur samkvæmt lögum dómsríkisins og hafi verið birtur;
2. ef það á við skjal sem sýnir að beiðandi hafi að lögum notið fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur í dómsríkinu.

48. gr.

Hafi þau skjöl, sem tilgreind eru í 2. tölul. 46. gr. og 2. tölul. 47. gr., ekki verið lögð fram getur dómstóllinn sett frest til framlagningar þeirra, tekið samsvarandi skjöl gild eða, ef dómstóllinn telur mál nægilega upplýst, fallið frá kröfu um framlagningu þeirra.

Ef dómstóllinn krefst þess skal leggja fram þýðingu á skjölunum; skal þýðingin staðfest af manni sem til þess er bær í einhverju samningsríkjanna.

49. gr.

Ekki verður krafist löggildingar eða svipaðra formsatriða að því er varðar skjöl þau sem fjallað er um í 46. og 47. gr. og 2. mgr. 48. gr., né að því er varðar málflutningsumboð.

IV. HLUTI
OPINBERLEGA STAÐFEST SKJÖL OG RÉTTARSÁTTIR

50. gr.

Opinberlega staðfest skjal, sem gefið hefur verið út og fullnustuhæft er í samningsríki, skal samkvæmt beiðni lýsa fullnustuhæft í öðru samningsríki samkvæmt þeim reglum sem greinir í 31. gr. og eftirfarandi greinum. Beiðni má aðeins synja ef fullnusta skjalsins væri andstæð allsherjarreglu í ríki því sem beiðni er beint til.

Skjalið skal fullnægja þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að sanna að það sé opinberlega staðfest skjal í ríki því sem það var gefið út í.

Ákvæðin í 3. kafla III. hluta gilda eftir því sem við á.

51. gr.

Sátt, sem gerð hefur verið fyrir dómstóli við meðferð máls og er fullnustuhæf í því ríki þar sem hún var gerð, má fullnægja í því ríki, þar sem fullnustu er krafist, með sömu skilyrðum og gilda um opinberlega staðfest skjöl.

V. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI

52. gr.

Þegar ákvarða skal hvort aðili eigi heimili í samningsríki þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn beita þeim lögum sem við hann gilda.

Ef aðili á ekki heimili í því ríki þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn, þegar hann tekur afstöðu til þess hvort aðilinn eigi heimili í öðru samningsríki, beita lögum þess ríkis.

53. gr.

Þegar beitt er ákvæðum samnings þessa skal telja aðsetur félags eða annarrar lögpersónu heimili þess. Þegar ákvarða skal um aðsetrið skal dómstóllinn þó beita þeim lagaskilareglum sem við hann gilda.

Þegar ákvarða skal hvort fjárvörslusjóður eigi heimili í samningsríki þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn beita þeim lagaskilareglum sem við hann gilda.

VI. HLUTI
BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

54. gr.

Ákvæðum samnings þessa skal einungis beita um dómsmál sem höfðuð eru og um opinberlega staðfest skjöl sem gefin eru út eftir að samningurinn öðlast gildi í dómsríkinu, og þegar krafist er viðurkenningar eða fullnustu á dómi eða opinberlega staðfestu skjali, í því ríki sem beiðni er beint til.

Þó skulu dómar, sem kveðnir eru upp eftir að samningur þessi öðlast gildi milli dómsríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til, í málum, sem höfðuð eru fyrir þann tíma, viðurkenndir og þeim fullnægt samkvæmt ákvæðum III. hluta ef dómsvald dómstólsins byggðist á hliðstæðum reglum og eru í II. hluta samnings þessa eða í samningi sem í gildi var milli dómsríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til þegar málið var höfðað.

Ef ágreiningur aðila varðar samning og þeir höfðu skriflega samið um það áður en samningur þessi öðlast gildi að írskar réttarreglur eða réttarreglur í hluta Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skuli gilda um samninginn skulu írskir dómstólar eða dómstólar í þeim hluta Stóra-Bretlands og Norður-Írlands halda dómsvaldi í málinu.

54. gr. A.

Í þrjú ár frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart Danmörku, Grikklandi, Írlandi, Íslandi, Noregi, Finnlandi eða Svíþjóð, eftir því sem við á, skal dómsvald dómstóla þeirra í sjóréttarmálum ekki einungis fara eftir ákvæðum II. hluta heldur einnig eftir ákvæðum í 1.–7. tölul. hér á eftir. Þó skulu ákvæði þessi falla úr gildi gagnvart hverju þessara ríkja þegar alþjóðasamningur um kyrrsetningu hafskipa, sem undirritaður var í Brussel 10. maí 1952, öðlast gildi gagnvart því.

1. Mann, sem á heimili í samningsríki, má lögsækja fyrir dómstólum í einhverju hinna áðurnefndu ríkja vegna sjóréttarkröfu ef skip það, sem krafan varðar, eða eitthvert annað skip í eigu hans hefur verið kyrrsett með ákvörðun dómstóls í því ríki til tryggingar kröfunni eða kyrrsetja hefði mátt skipið ef ábyrgð eða önnur trygging hefði ekki verið sett og:
   a) kröfuhafi á heimili í því ríki, eða
   b) til kröfunnar stofnaðist í því ríki, eða
   c) krafan hefur stofnast í þeirri ferð sem skip var í þegar kyrrsetning fór fram eða hefði mátt fara fram, eða
   d) krafan stafar af árekstri eða tjóni sem skip hefur valdið öðru skipi eða mönnum eða munum um borð í öðru hvoru þeirra vegna athafnar eða vanrækslu við stjórntök eða vegna þess að reglum var ekki fylgt, eða
   e) krafan er vegna björgunar, eða
   f) krafan er tryggð með veði eða öðrum tryggingarrétti í hinu kyrrsetta skipi.

2. Kröfuhafi getur komið fram kyrrsetningu á því skipi sem sjóréttarkrafa hans varðar eða á einhverju öðru skipi í eigu sama aðila og átti það skip þegar til kröfunnar stofnaðist. Þó má einungis kyrrsetja sama skip og sjóréttarkrafan varðar vegna þeirra krafna sem nefndar eru í o-, p- og q-lið 5. tölul. í grein þessari.
3. Skip skal talið í eigu sama eiganda þegar allir eignarhlutar í því eru í eigu sama manns eða manna.
4. Þegar um skipsleigu (þurrleigu) er að ræða og leigutaki er einn ábyrgur fyrir sjóréttarkröfu vegna þess skips getur kröfuhafi kyrrsett skipið eða eitthvert annað skip sem leigutaki á en ekki má kyrrsetja annað skip eigandans vegna slíkrar kröfu. Sama gildir ávallt þegar annar maður en eigandi skips er ábyrgur fyrir sjóréttarkröfu vegna skipsins.
5. Með „sjóréttarkröfu“ er átt við kröfu sem rekja má til eins eða fleiri eftirfarandi atriða:
   a) tjóns sem skip veldur með árekstri eða á annan hátt,
   b) mannsláts eða líkamstjóns sem skip hefur valdið eða verður í tengslum við rekstur skips,
   c) björgunar,
   d) samnings um notkun skips eða leigu samkvæmt skriflegum farmsamningi eða á annan hátt,
   e) samnings um flutning á vörum með skipi samkvæmt skriflegum farmsamningi eða á annan hátt,
   f) tjóns á vörum, þar á meðal farangri, sem fluttar eru með skipi,
   g) sameiginlegs sjótjóns,
   h) neyðarláns sem skipstjóri tekur (sjólán),
   i) dráttar,
   j) hafnsögu,
   k) afhendingar á vörum eða efni til rekstrar eða viðhalds skips án tillits til þess hvar afhending fór fram,
   l) smíði eða viðgerðar á skipi, búnaðar til skips eða gjalda og kostnaðar vegna hafnarlegu,
   m) launa skipstjóra, yfirmanna og áhafnar,
   n) útlagðs kostnaðar skipstjóra og útlagðs kostnaðar farmsendanda, farmsamningshafa eða umboðsmanna fyrir hönd skips eða eiganda þess,
   o) ágreinings um eignarrétt á skipi,
   p) ágreinings milli sameigenda skips um eignarhlut í því, umráð þess eða rekstur eða tekjur af því,
   q) veðréttar eða annars tryggingarréttar í skipi.
6. Í Danmörku skal litið svo á að hugtakið „kyrrsetning“ taki einnig, að því er varðar sjóréttarkröfur samkvæmt o- og p-lið 5. tölul. í grein þessari, til „forbud“ þar sem það er eina réttarfarsúrræðið vegna slíkra krafna samkvæmt 646.–653. gr. réttarfarslaga (lov om rettens pleje).
7. Á Íslandi skal litið svo á að hugtakið „kyrrsetning“ taki einnig, að því er varðar sjóréttarkröfur samkvæmt o- og p-lið 5. tölul. í grein þessari, til „lögbanns“ þar sem það er eina réttarfarsúrræðið vegna slíkra krafna samkvæmt III. kafla laga um kyrrsetningu og lögbann.

VII. HLUTI
AFSTAÐA TIL BRUSSELSAMNINGSINS OG ANNARRA SAMNINGA

54. gr. B.

1. Samningur þessi hindrar ekki að aðildarríki Evrópubandalaganna beiti samningi um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sem undirritaður var í Brussel 27. september 1968, eða bókun um túlkun dómstóls Evrópubandalaganna á þeim samningi, sem undirrituð var í Lúxemborg 3. júní 1971, eins og þeim hefur verið breytt með aðildarsamningum ríkja Evrópubandalaganna að þeim samningi og bókun, en samningar þessir allir og bókunin eru hér á eftir nefnd „Brusselsamningurinn".
2. Samningi þessum skal þó ávallt beita:
   a) við úrlausn um dómsvald ef varnaraðili á heimili í samningsríki sem ekki er aðili að Evrópubandalögunum eða ef dómstólum í slíku samningsríki er veitt dómsvald með 16. eða 17. gr. samnings þessa,
   b) um „litis pendens" eða skyldar kröfur, sbr. 21. og 22. gr., þegar mál er höfðað í samningsríki sem ekki er aðili að Evrópubandalögunum og í samningsríki sem er aðili að Evrópubandalögunum,
   c) við úrlausn um viðurkenningu og fullnustu þegar annaðhvort dómsríkið eða ríki það, sem beiðni er beint til, er ekki aðili að Evrópubandalögunum.
3. Auk þeirra ástæðna, sem tilgreindar eru í III. hluta, má synja um viðurkenningu eða fullnustu ef þær reglur, sem dómstóllinn hefur byggt dómsvald sitt á, eru aðrar en þær sem af samningi þessum leiðir og krafist er viðurkenningar eða fullnustu hjá aðila sem á heimili í samningsríki sem ekki er aðili að Evrópubandalögunum, nema dóminn megi ella viðurkenna eða honum megi fullnægja samkvæmt lögum í því ríki sem beiðni er beint til.

55. gr.

Að öðru leyti en því, sem leiðir af 2. mgr. 54. gr. og 56. gr., kemur samningur þessi, hvað aðildarríki hans varðar, í stað eftirfarandi samninga milli tveggja þeirra eða fleiri:

— samnings milli Sviss og Frakklands um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í París 15. júní 1869,
— samnings milli Sviss og Spánar um gagnkvæma fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Madríd 19. nóvember 1896,
— samnings milli Sviss og Þýska ríkisins um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Bern 2. nóvember 1929,
— samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 16. mars 1932,
— samnings milli Sviss og Ítalíu um viðurkenningu og fullnustu dóma sem undirritaður var í Róm 3. janúar 1933,
— samnings milli Svíþjóðar og Sviss um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Stokkhólmi 15. janúar 1936,
— samnings milli konungsríkisins Belgíu og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala er varða framfærsluskyldu og undirritaður var í Vín 25. október 1957,
— samnings milli Sviss og Belgíu um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Bern 29. apríl 1959,

— samnings milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma, sátta og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 6. júní 1959,
— samnings milli konungsríkisins Belgíu og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma, gerðardóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 16. júní 1959,
— samnings milli Austurríkis og Sviss um viðurkenningu og fullnustu dóma sem undirritaður var í Bern 16. desember 1960,
— samnings milli Noregs annars vegar og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Lundúnum 12. júní 1961,
— samnings milli Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og Austurríkis hins vegar með ákvæðum um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Vín 14. júlí 1961, ásamt breytingarbókun undirritaðri í Lundúnum 6. mars 1970,
— samnings milli konungsríkisins Hollands og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Haag 6. febrúar 1963,
— samnings milli Frakklands og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 15. júlí 1966,
— samnings milli Lúxemborgar og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Lúxemborg 29. júlí 1971,
— samnings milli Ítalíu og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma, sátta og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Róm 16. nóvember 1971,
— samnings milli Noregs og Sambandslýðveldisins Þýskalands um viðurkenningu og fullnustu dóma og fullnustuskjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Ósló 17. júní 1977,
— samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu og fullnægju á kröfum borgararéttarlegs eðlis sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 11. október 1977,
— samnings milli Austurríkis og Svíþjóðar um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Stokkhólmi 16. september 1982,
— samnings milli Austurríkis og Spánar um viðurkenningu og fullnustu dóma, sátta og fullnustuhæfra opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 17. febrúar 1984,
— samnings milli Noregs og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Vín 21. maí 1984 og
— samnings milli Finnlands og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Vín 17. nóvember 1986.

56. gr.

Samningar þeir, sem taldir eru í 55. gr., skulu halda gildi sínu á þeim sviðum sem samningur þessi tekur ekki til.

Þeir skulu enn fremur halda gildi sínu um dóma sem kveðnir eru upp og um opinberlega staðfest skjöl sem gefin eru út áður en samningur þessi öðlast gildi.

57. gr.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á samninga sem samningsríkin eru eða verða aðilar að og ákvarða dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum.
2. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að dómstóll í samningsríki, sem er aðili að samningi sem 1. mgr. tekur til, taki sér dómsvald samkvæmt þeim samningi enda þótt varnaraðili eigi heimili í samningsríki sem ekki er aðili að þeim samningi. Dómstóll sá, sem mál hefur til meðferðar, skal þó ávallt beita ákvæðum 20. gr. samnings þessa.
3. Dómar, sem kveðnir eru upp í samningsríki af dómstóli sem dómsvald hefur samkvæmt samningi sem 1. mgr. tekur til, skulu viðurkenndir og þeim fullnægt í öðrum samningsríkjum í samræmi við ákvæðin í III. hluta samnings þessa.
4. Auk þeirra ástæðna, sem tilgreindar eru í III. hluta, má synja um viðurkenningu eða fullnustu ef ríki það, sem beiðni er beint til, er ekki aðili að samningi sem 1. mgr. tekur til og sá maður, sem viðurkenningar eða fullnustu er krafist hjá, á heimili í því ríki, nema dóminn megi ella viðurkenna eða honum megi fullnægja samkvæmt lögum í því ríki sem beiðni er beint til.
5. Nú eru bæði dómsríkið og ríki það, sem beiðni er beint til, aðilar að samningi sem 1. mgr. tekur til og samningurinn tilgreinir skilyrði fyrir viðurkenningu eða fullnustu dóma og skulu þá þau skilyrði gilda. Ávallt má beita ákvæðum samnings þessa um málsmeðferð til viðurkenningar og fullnustu dóma.

58. gr.

— Engin. —

59. gr.

Samningur þessi er því ekki til fyrirstöðu að samningsríki skuldbindi sig gagnvart þriðja ríki með samningi um viðurkenningu og fullnustu dóma til þess að viðurkenna ekki dóma, sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum, gegn varnaraðilum sem eiga heimili eða dveljast að jafnaði í þriðja ríkinu ef svo stendur á sem í 4. gr. segir og dóminn mátti einungis byggja á varnarþingsreglu sem tilgreind er í 2. mgr. 3. gr.

Þó má samningsríki ekki skuldbinda sig gagnvart þriðja ríki til að viðurkenna ekki dóm sem kveðinn er upp í öðru samningsríki af dómstóli sem byggir dómsvald sitt á því að varnaraðili á eignir í því ríki eða á því að sóknaraðili hefur komið fram aðför í eign sem er í því ríki:

1. ef málið varðar eignarrétt eða umráðarétt yfir eigninni, miðar að því að öðlast ráðstöfunarrétt yfir henni eða varðar annan ágreining um eignina, eða
2. ef eignin hefur verið sett til tryggingar kröfu sem málið varðar.

VIII. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

60. gr.

Aðilar að samningi þessum geta orðið:

a) ríki sem eru aðilar að Evrópubandalögunum eða Fríverslunarsamtökum Evrópu þegar samningur þessi er lagður fram til undirritunar,
b) ríki sem gerast aðilar að Evrópubandalögunum eða Fríverslunarsamtökum Evrópu eftir að samningur þessi er lagður fram til undirritunar og
c) ríki sem boðin verður aðild í samræmi við b-lið 1. mgr. 62. gr.

61. gr.

1. Samning þennan skal leggja fram til undirritunar af hálfu ríkja sem eru aðilar að Evrópubandalögunum eða Fríverslunarsamtökum Evrópu.
2. Samningurinn er háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem undirrita hann. Fullgildingarskjölin skal afhenda svissneska sambandsráðinu til vörslu.
3. Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag þegar tvö ríki, og skal annað þeirra vera aðili að Evrópubandalögunum og hitt aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, hafa afhent fullgildingarskjöl sín.
4. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju öðru ríki sem undirritar hann fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að það ríki hefur afhent fullgildingarskjal sitt.

62. gr.

1. Þegar samningur þessi hefur öðlast gildi er aðild að honum heimil:
   a) ríkjum sem vísað er til í b-lið 60. gr.,
   b) öðrum ríkjum sem samkvæmt beiðni samningsríkis til vörsluaðilans hefur verið boðin aðild. Vörsluaðilinn skal því aðeins bjóða viðkomandi ríki aðild að hann, eftir að hafa kynnt efni þeirra yfirlýsinga sem ríkið hyggst gefa í samræmi við 63. gr., hefur fengið einróma samþykki þeirra ríkja, sem undirritað hafa samninginn, og samningsríkja sem vísað er til í a- og b-lið 60. gr.
2. Ef ríki, sem gerist aðili að samningnum, óskar að leggja fram nánari upplýsingar vegna bókunar nr. 1 skulu hafnar um það samningaviðræður. Svissneska sambandsráðið skal boða til samningaráðstefnu í því skyni.
3. Gagnvart ríki, sem gerist aðili, öðlast samningurinn gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag er aðildarskjal þess er afhent.
4. En gagnvart ríki, sem gerist aðili og vísað er til í a- eða b-lið 1. mgr., öðlast samningurinn einungis gildi að því er varðar samskipti þess og þeirra samningsríkja sem ekki hafa andmælt aðild þess fyrir fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalið er afhent.

63. gr.

Hvert það ríki, sem gerist aðili að samningi þessum, skal, þegar það afhendir aðildarskjal sitt, láta í té þær upplýsingar sem þörf er á vegna 3., 32., 37., 40., 41. og 55. gr. samnings þessa og veita, ef það á við, þær nánari upplýsingar sem mælt var fyrir um við samningaviðræðurnar vegna bókunar nr. 1.

64. gr.

1. Samningur þessi er í fyrstu gerður til fimm ára talið frá gildistökudegi samkvæmt 3. mgr. 61. gr. og á það einnig við um ríki sem síðar fullgilda hann eða gerast aðilar að honum.
2. Að loknu fimm ára tímabilinu framlengist samningurinn sjálfkrafa um eitt ár í senn.
3. Að loknu fimm ára tímabilinu getur sérhvert samningsríki, hvenær sem er, sagt samningnum upp með tilkynningu til svissneska sambandsráðsins.
4. Uppsögnin öðlast gildi við lok þess almanaksárs þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi er svissneska sambandsráðið veitti tilkynningu um uppsögn viðtöku.

65. gr.

Eftirtaldar bókanir fylgja samningi þessum:

— bókun nr. 1 um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu,
— bókun nr. 2 um samræmda túlkun samningsins,
— bókun nr. 3 um beitingu 57. gr.

Bókanir þessar skulu teljast óaðskiljanlegur hluti samningsins.

66. gr.

Sérhvert samningsríki getur farið fram á endurskoðun samnings þessa. Í því skyni skal svissneska sambandsráðið boða til endurskoðunarráðstefnu áður en sex mánuðir eru liðnir frá því farið var fram á endurskoðun.

67. gr.

Svissneska sambandsráðið skal tilkynna þeim ríkjum, sem áttu fulltrúa á ráðstefnu stjórnarerindreka í Lúganó og þeim ríkjum sem síðar hafa gerst aðilar að samningnum, um:

a) afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals,
b) gildistökudaga samnings þessa gagnvart samningsríkjunum,
c) sérhverja uppsögn sem móttekin er samkvæmt 64. gr.,
d) sérhverja yfirlýsingu sem móttekin er samkvæmt I. gr. a í bókun nr. 1,
e) sérhverja yfirlýsingu sem móttekin er samkvæmt I. gr. b í bókun nr. 1,
f) sérhverja yfirlýsingu sem móttekin er samkvæmt IV. gr. í bókun nr. 1,
g) sérhverja tilkynningu sem gerð er samkæmt VI. gr. í bókun nr. 1.

68. gr.

Samningur þessi, sem gerður er í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku, þar sem allir fjórtán textarnir eru jafngildir, skal varðveittur í skjalasafni svissneska sambandsráðsins. Svissneska sambandsráðið skal senda staðfest afrit samningsins til ríkisstjórnar sérhvers ríkis sem átti fulltrúa á ráðstefnu stjórnarerindreka í Lúganó og til ríkisstjórnar sérhvers ríkis sem aðili gerist að samningnum.

BÓKUN NR. 1
um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu.

SAMNINGSAÐILAR HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI SEM SKULU FYLGJA SAMNINGNUM:

I. gr.

Nú er maður, sem á heimili í Lúxemborg, lögsóttur fyrir dómstóli í öðru samningsríki samkvæmt 1. tölul. 5. gr. og getur hann þá mótmælt dómsvaldi þess dómstóls. Sæki varnaraðili ekki þing skal dómstóllinn sjálfkrafa vísa máli frá dómi.

Samningur um varnarþing, sem um ræðir í 17. gr., gildir því aðeins gagnvart manni sem á heimili í Lúxemborg að hann hafi samþykkt það berum orðum og sérstaklega hverju sinni.

I. gr. a.

1. Sviss áskilur sér rétt til að lýsa því yfir þegar það afhendir fullgildingarskjal sitt að dómur, sem kveðinn er upp í öðru samningsríki, muni hvorki verða viðurkenndur né honum fullnægt í Sviss ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
   a) dómsvald þess dómstóls, sem kvað dóminn upp, byggist einungis á 1. tölul. 5. gr. samnings þessa, og
   b) varnaraðili átti heimili í Sviss þegar málið var höfðað; hvað grein þessa varðar telst félag eða önnur lögpersóna eiga heimili í Sviss ef hún á þar skráð aðsetur og aðalstöðvar starfseminnar eru þar í reynd, og
   c) varnaraðili andmælir viðurkenningu eða fullnustu dómsins í Sviss enda hafi hann ekki afsalað sér rétti til að bera fyrir sig þá yfirlýsingu sem gert er ráð fyrir í þessari málsgrein.
2. Fyrirvara þessum skal ekki beita að því leyti sem undanþága hefur verið veitt frá 59. gr. svissnesku sambandsstjórnarskrárinnar þegar viðurkenningar eða fullnustu er leitað. Ríkisstjórn Sviss skal tilkynna þeim ríkjum, sem undirrita samning þennan, og þeim ríkjum, sem gerast aðilar að honum, um slíkar undanþágur.
3. Fyrirvari þessi fellur úr gildi 31. desember 1999. Hann má afturkalla hvenær sem er.

I. gr. b.

Sérhvert samningsríki getur lýst því yfir við undirritun eða þegar fullgildingar- eða aðildarskjal er afhent að það áskilji sér rétt, þrátt fyrir ákvæði 28. gr., til að synja um viðurkenningu og fullnustu dóma sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum ef dómsvald dómstólsins í dómsríkinu samkvæmt b-lið 1. tölul. 16. gr. byggist einungis á heimili varnaraðila í dómsríkinu og eignin er á landsvæði þess ríkis sem fyrirvarann gerði.

II. gr.

Án þess að raskað sé gildi ákvæða í landslögum, sem betri rétt veita, geta þeir, sem eiga heimili í samningsríki og sæta málshöfðun, vegna brots sem framið var af gáleysi, fyrir sakadómi í öðru samningsríki þar sem þeir eru ekki ríkisborgarar, valið sér löghæfan mann til að annast vörn sína, einnig þótt þeir mæti ekki sjálfir fyrir dómi.

Dómstóll sá, sem með málið fer, getur þó ákveðið að viðkomandi skuli sjálfur koma fyrir dóm; komi hann ekki fyrir dóm þarf hvorki að viðurkenna né fullnægja í öðrum samningsríkjum dómi að því er tekur til kröfu borgararéttar eðlis ef hann átti þess ekki kost að taka til varna í málinu.

III. gr.

Engan skatt, gjald eða þóknun, sem reiknast með hliðsjón af verðmæti þeirra hagsmuna sem í húfi eru, má leggja á í tengslum við meðferð fullnustubeiðni í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

IV. gr.

Réttarskjöl og utanréttarskjöl, sem gerð hafa verið í samningsríki og birta þarf manni í öðru samningsríki, skal framsenda með þeim hætti sem samningar eða samkomulag milli samningsríkjanna kveða á um.

Ef ríki það, þar sem birting skal fram fara, mótmælir því ekki með yfirlýsingu við svissneska sambandsráðið má einnig senda slík skjöl frá viðkomandi opinberum starfsmönnum í því ríki, þar sem skjal er samið, beint til viðkomandi opinberra starfsmanna í því ríki þar sem viðtakanda er að finna. Skal starfsmaðurinn í dómsríkinu þá senda samrit skjalsins til þess starfsmanns í því ríki, sem beiðni er send til, sem bær er til að afhenda það viðtakanda. Skjalið skal afhent með þeim hætti sem lög þess ríkis, sem beiðni er send til, mæla fyrir um. Afhendingin skal staðfest með vottorði sem senda skal beint til starfsmannsins í dómsríkinu.

V. gr.

Reglu 2. tölul. 6. gr. og 10. gr. um varnarþing í sakaukamálum eða í öðrum málum gegn þriðja manni má ekki beita í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á Spáni, í Austurríki eða í Sviss. Mann, sem á heimili í öðru samningsríki, má lögsækja fyrir dómstólum:

— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi samkvæmt 68., 72., 73. og 74. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Zivilprozessordnung) varðandi tilkynningar um málshöfðun til þriðja manns,
— á Spáni samkvæmt 1482. gr. borgaralögbókar (Code civile),
— í Austurríki samkvæmt 21. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Zivilprozessordnung) varðandi tilkynningar um málshöfðun til þriðja manns,
— í Sviss samkvæmt þeim ákvæðum sem eiga við um tilkynningar um málshöfðun til þriðja manns í kantónulögum um réttarfar í einkamálum.

Dómar, sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum í samræmi við 2. tölul. 6. gr. eða 10. gr., skulu viðurkenndir og þeim fullnægt í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á Spáni, í Austurríki og í Sviss samkvæmt III. hluta. Þau réttaráhrif, sem dómar, sem kveðnir eru upp í ríkjum þessum, geta haft gagnvart þriðja manni með því að beita ákvæðum 1. mgr., skal einnig viðurkenna í öðrum samningsríkjum.

V. gr. a.

Í málum, sem varða framfærsluskyldu, tekur hugtakið „dómstóll“ einnig til danskra, íslenskra og norskra stjórnvalda.

Í einkamálum tekur hugtakið „dómstóll“ einnig til hins finnska „ulosotonhaltija/överexekutor“.

V. gr. b.

Í málum milli skipstjóra og einhvers í áhöfn hafskips, sem skráð er í Danmörku, í Grikklandi, á Írlandi, á Íslandi, í Noregi, í Portúgal eða í Svíþjóð, um kaup eða önnur starfskjör skal dómstóll í samningsríki athuga hvort sendierindreka þeim eða ræðiserindreka, sem ber ábyrgð á skipinu, hafi verið tilkynnt um ágreininginn. Skal dómstóllinn fresta málinu á meðan honum hefur ekki verið tilkynnt um það. Hann skal sjálfkrafa vísa málinu frá dómi ef erindrekinn, þegar honum hefur verið tilkynnt um málið, hefur nýtt þær heimildir sem honum eru veittar í samningi um ræðissamband eða, sé slíkum samningi ekki til að dreifa, mótmælt dómsvaldinu innan þess frests sem til þess hefur verið veittur.

V. gr. c.

— Engin. —

V. gr. d.

Að öðru leyti en því, sem greinir um lögsögu Evrópsku einkaleyfisskrifstofunnar samkvæmt samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa sem undirritaður var í München 5. október 1973, skulu dómstólar hvers samningsríkis einir hafa dómsvald, án tillits til heimilis, í málum um skráningu eða gildi evrópsks einkaleyfis sem veitt er fyrir það ríki og einkaleyfið er ekki bandalagseinkaleyfi samkvæmt 86. gr. í samningi um evrópsk einkaleyfi fyrir hinn sameiginlega markað sem undirritaður var í Lúxemborg 15. desember 1975.

VI. gr.

Samningsríkin skulu tilkynna svissneska sambandsráðinu um texta sérhvers ákvæðis í löggjöf þeirra sem annaðhvort breytir þeim ákvæðum í lögum þeirra, sem nefnd eru í samningnum, eða skrá þeirri um dómstóla sem kemur fram í 2. kafla III. hluta.

BÓKUN NR. 2
um samræmda túlkun samningsins.

INNGANGUR

SAMNINGSAÐILAR

SEM VÍSA til 65. gr. samnings þessa,

SEM HAFA Í HUGA hin nánu tengsl milli samnings þessa og Brusselsamningsins,

SEM HAFA Í HUGA að dómstóll Evrópubandalaganna hefur samkvæmt bókun frá 3. júní 1971 vald til þess að skera úr um túlkun á ákvæðum Brusselsamningsins,

SEM ER KUNNUGT um úrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna um túlkun á Brusselsamningnum fram að undirritun samnings þessa,

SEM HAFA Í HUGA að samningaviðræður þær, sem voru undanfari þess að samningurinn var gerður, voru byggðar á Brusselsamningnum í ljósi þeirra úrlausna,

SEM VILJA, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, koma í veg fyrir mismunandi túlkun og ná eins samræmdri túlkun og unnt er á ákvæðum samningsins, og á ákvæðum þessa samnings og þeim ákvæðum Brusselsamningsins sem í öllum meginatriðum eru tekin upp í þennan samning,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Dómstólar hvers samningsríkis skulu, þegar þeir beita og túlka ákvæði samningsins, taka réttmætt tillit til þeirra meginsjónarmiða sem fram koma í úrlausnum dómstóla annarra samningsríkja sem máli skipta og varða ákvæði þessa samnings.

2. gr.

1. Samningsaðilar eru ásáttir um að koma á kerfi til að skiptast á upplýsingum um dóma sem kveðnir eru upp samkvæmt samningi þessum, svo og um dóma sem máli skipta og kveðnir eru upp samkvæmt Brusselsamningnum. Í kerfi þessu skal felast:
   — að þar til bær stjórnvöld sendi til sérstakrar miðstöðvar dóma sem kveðnir hafa verið upp á æðsta dómstigi og af dómstóli Evrópubandalaganna, svo og endanlega dóma sem sérstaka þýðingu hafa og kveðnir hafa verið upp samkvæmt samningi þessum eða Brusselsamningnum,
   — að miðstöðin flokki dóma þessa og semji og birti, eins og þörf krefur, þýðingar og úrdrætti,
   — að miðstöðin framsendi þau skjöl, sem máli skipta, til lögbærra stjórnvalda í öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum, svo og framkvæmdanefnd Evrópubandalaganna.
2. Miðstöðin er hjá ritara dómstóls Evrópubandalaganna.

3. gr.

1. Stofna skal fastanefnd vegna bókunar þessarar.
2. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af hverju ríki sem undirritað hefur samning þennan eða gerst aðili að honum.
3. Evrópubandalögin (framkvæmdanefnd, dómstóll og aðalskrifstofa ráðsins) og Fríverslunarsamtök Evrópu mega sækja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

4. gr.

1. Að ósk samningsaðila skal vörsluaðili samningsins boða til funda í nefndinni til að skiptast á skoðunum um hvernig samningurinn reynist, og einkum um
   — þróun fordæmisreglna samkvæmt þeim dómum sem sendir eru samkvæmt 1. undirlið 1. mgr. 2. gr.,
   — beitingu 57. gr. samningsins.
2. Í ljósi þessara skoðanaskipta getur nefndin einnig kannað hvort ástæða sé til að endurskoða einstök atriði samningsins og gert tillögur.

BÓKUN NR. 3
um beitingu 57. gr.

SAMNINGSAÐILAR HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði sem mæla fyrir um dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma, að því er varðar tiltekin málefni, og felast eða munu felast í ákvörðunum stofnana Evrópubandalaganna, skal, hvað samninginn varðar, fara með á sama hátt og samninga þá sem vísað er til í 1. mgr. 57. gr.
2. Nú telur samningsríki að ákvæði, sem felst í ákvörðun stofnana Evrópubandalaganna, samrýmist ekki samningnum og skulu samningsríkin þá þegar íhuga að breyta samningnum samkvæmt 66. gr., án þess þó að raskað sé gildi þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í bókun nr. 2.

YFIRLÝSING
frá fulltrúum ríkisstjórna þeirra ríkja, sem hafa undirritað Lúganósamninginn og eru aðilar að Evrópubandalögunum, um bókun nr. 3 um beitingu 57. gr. samningsins.

Við undirritun samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í Lúganó 16. september 1988

LÝSA FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUBANDALAGANNA

SEM HAFA Í HUGA þær skuldbindingar sem teknar hafa verið gagnvart aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu,

SEM ER UMHUGAÐ um að skaða ekki þá réttareiningu sem stofnað er til með samningnum,

ÞVÍ YFIR að þau muni gera allar ráðstafanir, sem í þeirra valdi standa, til að tryggja að virtar verði þær reglur um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma sem settar eru með samningnum þegar undirbúnar verða þær ákvarðanir sem fjallað er um í 1. mgr. bókunar nr. 3 um beitingu 57. gr.

YFIRLÝSING
frá fulltrúum ríkisstjórna þeirra ríkja sem hafa undirritað Lúganósamninginn og eru aðilar að Evrópubandalögunum.

Við undirritun samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í Lúganó 16. september 1988

LÝSA FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUBANDALAGANNA

ÞVÍ YFIR að þau telja rétt að dómstóll Evrópubandalaganna taki við túlkun Brusselsamningsins réttmætt tillit til fordæma sem úrlausnir samkvæmt Lúganósamningnum veita.

YFIRLÝSING
frá fulltrúum ríkisstjórna þeirra ríkja sem hafa undirritað Lúganósamninginn og eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu.

Við undirritun samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í Lúganó 16. september 1988

LÝSA FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU

ÞVÍ YFIR að þau telja rétt að dómstólar þeirra taki við túlkun samningsins réttmætt tillit til fordæma sem úrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóla í aðildarríkjum Evrópubandalaganna veita hvað varðar ákvæði Brusselsamningsins sem í öllum meginatriðum eru tekin upp í Lúganósamninginn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðalefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild verði veitt til að fullgilda af Íslands hálfu samning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var í Lúganó í Sviss 16. september 1988 og gengur undir nafninu Lúganósamningurinn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ákvæðum samningsins verði hrundið í framkvæmd hér á landi með því að veita efni hans lagagildi með sérstökum lögum sem kveði svo á að samningurinn skuli hafa gildi sem lög.

Auk þess er að finna í frumvarpinu nokkur önnur ákvæði sem lúta að framkvæmd Lúganósamningsins í sérstökum tilvikum. Þau ákvæði verða skýrð í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

2. Aðdragandi Brusselsamnings og Lúganósamnings.

Árið 1968 gerðu stofnríki Evrópubandalagsins (EB), þ.e. Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Þýskaland, með sér samning um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

Við samning þennan var bætt bókun árið 1971 sem fól í sér að dómstóll EB fékk vald til að túlka samninginn með bindandi hætti. Samningnum var breytt nokkuð árið 1978 er Danmörk, Írland og Stóra-Bretland og Norður-Írland gengu í EB, aftur árið 1982 er Grikkland varð aðili að EB og enn 1989 við aðild Spánar og Portúgals. Samningurinn frá 1968 ásamt síðari breytingum og bókun gengur almennt undir heitinu Brusselsamningurinn.

Brusselsamningurinn, sem aðildarríki Evrópubandalagsins ein geta orðið aðilar að, grundvallast á 220. gr. Rómarsáttmálans. Með því ákvæði er aðildarríkjum EB gert að samræma löggjöf sína með þjóðréttarsamningum um ýmis tiltekin efni. Tekur það m.a. til þess að einfalda reglur sem gilda um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma. Það er því ljóst að Brusselsamningurinn er gerður til að fullnægja skyldum samkvæmt þessu tiltekna ákvæði Rómarsáttmálans. Er það því aðeins rökrétt afleiðing þessa að ríki, sem standa utan EB, eiga þess ekki kost að gerast aðilar að honum.

Af hálfu aðildarríkja EB og EFTA, svo og af hálfu EB sem stofnunar, kom snemma fram áhugi á því að gera sérstakan fjölþjóðasamning sem hefði að geyma samsvarandi reglur og Brusselsamningurinn með því meginmarkmiði að samræmdar reglur giltu um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í öllum ríkjum EB og EFTA.

Vaxandi áhuga almennt á auknu samstarfi EB og EFTA má annars rekja til sameiginlegs ráðherrafundar ríkjanna í Lúxemborg í apríl 1984 en þar var gefin út sameiginleg yfirlýsing sem fól í sér ákveðna hvatningu til aukins samstarfs ríkjanna. Þetta samstarf leiddi m.a. til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem tók gildi 1. janúar 1994.

Samstarf aðildarríkja EB og EFTA um fjölþjóðasamning, sem hefði að geyma samsvarandi reglur og Brusselsamningurinn, hófst 1985 með stofnun sameiginlegs verkefnishóps. Niðurstaða þess starfs leiddi til Lúganósamningsins sem samþykktur var í Lúganó 16. september 1988 af fulltrúum 12 EB-ríkja og sex EFTA-ríkja. Samningurinn er gerður á fjórtán jafngildum tungumálum, þar á meðal öllum norrænu tungumálunum. Hefur hann í meginatriðum að geyma sama efni og Brusselsamningurinn. Lúganósamningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1992 þegar hann hafði verið staðfestur í samræmi við 61. gr. 1. júní 1994 höfðu tíu ríki fullgilt samninginn, þar af sex EB-ríki (Frakkland, Holland, Írland, Lúxemborg, Portúgal og Stóra-Bretland) og fjögur EFTA-ríki (Finnland, Noregur, Sviss og Svíþjóð).

Skýringar við Brusselsamninginn er m.a. að finna í ítarlegum skýrslum sem birtar hafa verið í EB-tíðindum (Official Journal (OJ)). Fyrsta skýrslan er frá 1968 eftir Jenard (OJ nr. C 59 frá 5. mars 1979, bls. 1 og 66), þá er skýrsla frá 1979 eftir Schlosser (OJ nr. C 59 frá 5. mars 1979, bls. 71), frá 1986 eftir Evrigenis og Kerameus (OJ nr. C 298 frá 24. nóvember 1986, bls. 1) og loks skýrsla frá 1990 eftir þá Almeida Cruz, Desantes Real og Jenard (OJ nr. C 189 frá 28. júlí 1990, bls. 35).

Skýringar við Lúganósamninginn má finna í skýrslu þeirra Jenard og Möller sem birt er í OJ nr. C 189 frá 28. júlí 1990, bls. 57, svo og í ritum Lennart Pålsson: Luganokonventionen, Norstedts juridik, Stokkhólmi 1992, og Stein Rognlien: Luganokonvensjonen, kommentarutgave, Juridisk Forlag, Oslo 1993, og enn fremur í bæklingi um „samhliðasamninginn" sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út 1988 og í grein eftir Stefán M. Stefánsson prófessor í Tímariti lögfræðinga, 1. hefti 1993, bls. 33–43, um samræmda túlkun Lúganósamningsins.

Í Lúganósamningnum er jafnan vísað til Evrópubandalaganna (í fleirtölu), þ.e. Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu, enda þótt þá þegar hafi verið farið að nota heitið Evrópubandalagið. Í kjölfar Maastricht-samninga EB-ríkjanna hefur samheitið Evrópusambandið (ESB) verið tekið upp og notað og er það heiti að jafnaði notað í greinargerð þessari. Þess ber að geta að heiti dómstóls Evrópubandalagsins hefur ekki breyst.

3. Aðalatriði Brusselsamningsins og Lúganósamningsins.

Eins og áður greinir eru ákvæði Brusselsamningsins og Lúganósamningsins mjög lík enda var gagngert unnið að samræmingu á efni þeirra. Þetta á þó ekki við um öll atriði, svo sem síðar verður vikið að.

Samræmi hefur þó náðst um aðalatriði en þau eru einkum þessi:

a. Samningarnir ná aðeins til einkamála (1. gr.). Þeir gilda því ekki um opinber mál og ekki um mál út af persónu-, sifja- og erfðarétti, mál út af almannatryggingum og fleiri önnur. Skatta-, tolla- og stjórnsýslumál eru og undanskilin sérstaklega, sbr. 1. gr.

b. Samningarnir teljast tvöfaldir samningar að því leyti að í þeim eru ekki aðeins ákvæði um viðurkenningu og aðfararhæfi dómsúrlausna heldur eru einnig settar fram alþjóðlegar varnarþingsreglur. Skuldbinda samningsríkin sig til að hafa ekki aðrar alþjóðlegar varnarþingsreglur í lögum sínum en þær sem samningarnir ákveða eða heimila sérstaklega. Þjóðréttarsamningar, sem aðeins fjalla um viðurkenningu og aðfararhæfi dómsúrlausna, án þess að fjalla um varnarþingsreglur, eru þar á móti stundum nefndir einfaldir samningar.

   Þegar um tvöfalda samninga er að ræða gilda að jafnaði sömu varnarþingsreglur í öllum samningsríkjunum að því er tekur til þeirra deilumála sem geta á einhvern hátt snert hagsmuni annars samningsríkis eða ríkisborgara þess. Þessu fylgir sá kostur að í samningum er strax tekin afstaða til þess hvaða mál það eru sem réttlæta að varnaraðili verði að þola dóm í útlöndum. Það verður því að jafnaði að sýna fram á sérstök tengsl varnaraðila við tiltekið ríki eða sakarefni sem réttlæti þetta. Þessi ákvörðun hefur verið tekin í báðum samningunum að því er varðar þá málaflokka sem þeir taka til. Dæmi: Ef maður er t.d. búsettur á Íslandi og tekur sér sumarhús á leigu í Þýskalandi en greiðir ekki leiguna eru tengsl hans við þýska hagsmuni orðin slík (samkvæmt ákvæðum Lúganósamningsins) að réttlætanlegt er að Íslendingurinn þurfi að þola málsókn í Þýskalandi og eftir atvikum dóm.

   Þegar samningi um samræmdar varnarþingsreglur hefur verið náð er eftirleikurinn auðveldari, þ.e. að setja reglur um það hvenær verði eða beri að viðurkenna og fullnægja dómum. Ljóst er að þjóðréttarsamningar um viðurkenningu og fullnustu dóma hljóta að byggjast á hugmyndum um gagnkvæma viðurkenningu á réttarkerfum í samningsríkjunum og þeim dómum sem þar eru kveðnir upp. Verður nánar að þessu vikið í h-lið hér á eftir. Af því leiðir að erlendir dómar verða viðurkenndir og

sæta almennt ekki endurskoðun í því ríki þar sem fullnusta á að fara fram eða þar sem reynir á viðurkenningu. Það liggur í augum uppi að þeim varnarástæðum ætti almennt að fækka sem varnaraðili getur haft uppi gegn dómi á viðurkenningar- eða fullnægjustigi þar sem hann á að geta komið þeim varnarástæðum sem varða alþjóðlegt varnarþing að fyrir dómstólum í því ríki þar sem dómur er kveðinn upp. Að vísu er þá eftir að tryggja að samningsríkin (og þó einkum dómstólar þeirra) beiti í raun umræddum varnarþingsreglum á sama hátt. Að því leyti er kerfið öðru vísi í aðildarríkjum ESB en í aðildarríkjum EFTA því að innan ESB starfar sérstakur dómstóll, dómstóll Evrópubandalagsins, sem hefur m.a. það hlutverk að samræma réttarframkvæmdina að þessu leyti. Þegar um svonefnda einfalda samninga er að ræða getur hins vegar orðið nauðsynlegt að vernda hagsmuni varnaraðila sérstaklega þegar óskað er eftir aðför í heimalandi hans, a.m.k. ef reglurnar um alþjóðlegt varnarþing eru mjög ólíkar í viðkomandi samningsríkjum. Í heild má því e.t.v. segja að tvöfaldir samningar stuðli frekar að samræmdri löggjöf í viðkomandi ríkjum og skapi meira réttaröryggi og skilvirkni en einföldu samningarnir.

c. Samningarnir eru byggðir á meginreglu um „frjálsa hreyfingu“ dóma. Hin samræmdu ákvæði um alþjóðlegt varnarþing leiða til þess að unnt er að hafa þau ákvæði í lágmarki sem á einhvern hátt takmarka viðurkenningu eða fullnustuhæfi dóma sem kveðnir eru upp í einu samningsríki og viðurkenna þarf eða fullnægja í öðru samningsríki. Þessi hefur orðið reyndin með Brusselsamningnum og vafalaust verður það sama uppi á teningnum að því er varðar Lúganósamninginn. Í sem stystu máli má segja að litlir möguleikar séu á því að koma í veg fyrir viðurkenningu á eða fullnustu eftir dómi sem kveðinn er upp í einu samningsríki, þótt varnir komi fram gegn gildi hans í öðru samningsríki, t.d. við aðför.

d. Aðalreglan er sú að menn skal lögsækja fyrir dómstólum þess samningsríkis þar sem þeir eiga heimili, þ.e. á heimilisvarnarþingi (2. gr.). Má nefna þessa reglu hina almennu varnarþingsreglu. Af þessari aðalreglu leiðir m.a. að búseta sóknaraðila ræður ekki úrslitum um varnarþing og heldur ekki ríkisfang varnaraðila eða dvalarstaður hans. Eigi varnaraðili heimili í þriðja ríki, þ.e. ríki sem ekki er aðili að samningunum, gilda þeir ekki heldur. Þá gilda aðeins venjulegar réttarfarsreglur viðkomandi ríkis, þar á meðal reglur um alþjóðlegt varnarþing.

e. Svonefndar sérstakar varnarþingsreglur gilda í vissum tilvikum og geta leitt til þess að lögsækja megi varnaraðila í öðru ríki en því sem hann á heimili í (2. kafli). Þessar varnarþingsreglur eru grundvallaðar á því að sýna megi fram á sérstakt samband milli sakarefnis og þess ríkis þar sem dómur er kveðinn upp sem réttlætir frávik frá aðalreglunni. Þann sem veldur skaðaverki má t.d. lögsækja fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburður varð, jafnvel þó að hann eigi heimili í öðru ríki. Sóknaraðili getur að jafnaði valið hvort hann lögsækir varnaraðila á sérstöku varnarþingi eða heimilisvarnarþingi.

Sérreglur eru um varnarþing í vátryggingarmálum (3. kafli) og neytendamálum (4. kafli) sem hafa einkum það hlutverk að tryggja hagsmuni vátryggingartaka og neytenda. Þá eru ákvæði um svonefnd skylduvarnarþing (5. kafli). Sérkenni þeirra er það að mál verður einungis höfðað á þeim stað sem mælt er fyrir um í samningunum og hvergi annars staðar. Mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, má t.d. aðeins dæma þar sem fasteignin er.

Loks leyfa samningarnir yfirleitt að gerðir séu samningar um varnarþing (17. gr.) og svipað gildir um það tilvik þegar mætt er á dómþingi og ekki eru gerðar athugasemdir um varnarþing (eins konar þegjandi samkomulag um varnarþing) (18. gr.).

f. Ef krafa á milli sömu aðila er til meðferðar fyrir dómstólum tveggja eða fleiri samningsríkja sem byggð er á sömu málsástæðum (21. gr.) eða ef skyldar kröfur eru til meðferðar í dómstólum tveggja eða fleiri samningsríkja samtímis (22. gr.) gilda sérstakar reglur sem eiga að koma í veg fyrir að tveir eða fleiri dómar gangi um efnið sem ekki fá samrýmst.

g. Samningarnir hafa að geyma sérstakar reglur sem miða að því að vernda hagsmuni varnaraðila sem ekki hefur mætt í máli (útivist) (20. gr.). Dómstóll í því ríki, sem hefur mál til meðferðar, verður þá í fyrsta lagi að rannsaka af sjálfsdáðum hvort hann hefur dómsvald í málinu og í öðru lagi verður dómstóllinn að fullvissa sig um að varnaraðili hafi fengið stefnu svo tímanlega að hann hefði getað undirbúið vörn sína. Útivistardómum má heldur ekki fullnægja í því ríki þar sem aðför á að fara fram nema varnaraðila hafi verið gefinn fullnægjandi kostur á að undirbúa vörn sína. Því má segja að þarna sé um tvöfaldan öryggisventil að ræða fyrir útivistaraðila.

h. Samningarnir byggja á meginreglu um að dóma eins samningsríkis skuli viðurkenna í öðrum samningsríkjum (26. gr.). Í samningunum eru taldar upp tæmandi þær ástæður sem geta leitt til þess að dóm skuli ekki viðurkenna og er þeim varnarástæðum þröngur stakkur skorinn (27. og 28. gr.). Dómar hljóta að jafnaði sjálfkrafa viðurkenningu (26. gr.). Þetta þýðir að ekki þarf að óska eftir viðurkenningu þeirra sérstaklega, hvorki með formlegum hætti né óformlegum. Erlendur dómur, sem þannig hlýtur viðurkenningu, hefur því sömu réttarverkun og innlendur dómur. Af því leiðir m.a. að sambærilegri reglu og fram kemur í 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður beitt um slíkan dóm þannig að hann verður ekki endurskoðaður af öðrum dómstólum (29. gr.). Í Lúganósamningnum er þó m.a. gerð sú undantekning að synja á um viðurkenningu ef dómur fer gegn varnarþingsákvæðum sem gilda í vátryggingarmálum og neytendamálum eða ákvæðum um skyldu varnarþing.

i. Sé þess óskað að dómsúrlausn verði gerð fullnustuhæf í öðru ríki þarf sérstaka umsókn um það sem verður að fullnægja tilteknum skilyrðum (46. og 47. gr.). Hins vegar eru þær varnir mjög takmarkaðar sem unnt er að hafa uppi gegn slíkri beiðni. Um það gilda sömu meginreglur og gerð var grein fyrir í h-lið.

j. Samningarnir koma í staðinn fyrir almenna þjóðréttarsamninga um sama efni sem aðildarríkin hafa undirgengist (55. gr.). Þeir samningar halda þó gildi sínu á þeim sviðum sem Brusselsamningurinn og Lúganósamningurinn ná ekki til (56. gr.). Hins vegar víkja samningarnir fyrir samningum um tiltekin svið sem samningsríkin hafa gert eða kunna að gera í framtíðinni (57. gr.). Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að talið er að slíkir samningar séu oft byggðir á sérsjónarmiðum sem réttlæti frávik frá umræddum samningum. Að auki eru önnur ríki oft aðilar að slíkum samningum. Lúganósamningurinn kemur því ekki í veg fyrir að dómstóll í samningsríki taki sér dómsvald samkvæmt sérsamningi, jafnvel þótt varnaraðili eigi heimili í samningsríki sem ekki er aðili að þeim sérsamningi. Hins vegar ber þess að gæta að synja má um viðurkenningu eða fullnustu dóms ef varnaraðili á heimili í samningsríki sem viðurkenningu eða fullnustu er beint að ef ríkið var ekki aðili að sérsamningi.

k. Í samningunum er leitast við að samræma túlkun beggja samninganna í samningsríkjunum. Aðildarríkjum ESB standa betri möguleikar til boða að þessu leyti því að dómstóll Evrópubandalagsins getur við viss skilyrði túlkað Brusselsamninginn þannig að bindandi sé fyrir dómstóla aðildarríkjanna og stjórnvöld þar. Með sérstakri bókun sem fylgir Lúganósamningnum (bókun nr. 2) kemur fram að dómstólar samningsríkjanna skuli taka „réttmætt tillit til“ dómsúrlausna hvers annars að því er varðar túlkun Lúganósamningsins. Þá er í bókuninni gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstakt kerfi sem á að tryggja að samningsríkin geti skipst á upplýsingum um dóma sem kveðnir eru upp samkvæmt samningunum. Enn fremur skal komið á fót fastanefnd þar sem eiga sæti fulltrúar allra samningsríkjanna og skulu þeir skiptast á skoðunum um það hvernig Lúganósamningurinn reynist í framkvæmd. Loks er þess að geta að í sérstökum yfirlýsingum sem fylgja samningnum lýsa ríkisstjórnir samningsríkjanna því yfir að þau telja rétt að tekið verði réttmætt tillit til allra dómaforddæma sem skapast við dómsúrlausnir á grundvelli Brusselsamningsins eða Lúganósamningsins.

4. Tengsl Brusselsamnings og Lúganósamnings.

Aðeins aðildarríki ESB eru eða geta orðið aðilar að Brusselsamningnum. Aðilar að Lúganósamningnum geta til að byrja með orðið aðildarríki ESB og EFTA (60. gr.). Fyrir þau aðildarríki ESB sem verða aðilar að báðum samningunum þýðir þetta að ýmist verður að beita Brusselsamningi eða Lúganósamningi eftir því hver atvik eru. Nánar mælir 54. gr. B í Lúganósamningnum fyrir um hvernig þessum tengslum skuli háttað. Þar segir að Lúganósamningurinn standi því ekki í vegi að aðildarríki ESB beiti Brusselsamningnum. Þetta þýðir m.a. að beita á Brusselsamningi ef varnaraðili á heimili í ESB-ríki og hann er lögsóttur fyrir dómstólum annars ESB-ríkis. Sama gildir um öll álitamál varðandi viðurkenningu og fullnustuhæfi dóma sem kveðnir eru upp í einu ESB-ríki en viðurkenna skal eða fullnægja í öðru ESB-ríki. Enn fremur á að beita Brusselsamningi þegar varnaraðili á heimili í þriðja ríki (þ.e. ríki sem stendur utan beggja bandalaganna) ef eins stendur á að öðru leyti. Að auki hefur dómstóll Evrópubandalagsins vald til að túlka Brusselsamninginn í öllum þessum tilvikum þegar mál eru löglega til hans lögð.

Lúganósamningnum verður hins vegar beitt um öll álitaefni varðandi dómsvald þegar varnaraðili á heimili í samningsríki sem ekki er aðili að ESB eða ef dómstólar í slíku samningsríki eiga dómsvald á grundvelli skylduvarnarþings (16. gr.) eða samningsvarnarþings (17. og 18. gr.). Dæmi: Vilji sækjandi t.d. lögsækja í Þýskalandi mann sem búsettur er á Íslandi ber að beita Lúganósamningi en ekki Brusselsamningi þegar úr því er skorið hvort þýskir dómstólar hafi dómsvald í málinu. Ástæðan er sú að Ísland er ekki aðili að ESB og hlítir því ekki Brusselsamningi. Með svipuðum hætti skal beita Lúganósamningi við úrlausn um viðurkenningu og fullnustu dóma þegar annaðhvort dómsríkið eða ríki það, sem fullnustubeiðni er beint til, er ekki aðili að ESB. Sé enn miðað við það dæmi sem fyrr er lýst bæri að beita Lúganósamningi en ekki Brusselsamningi um öll álitaefni um viðurkenningu eða fullnustu dóms ef beiðni um viðurkenningu eða fullnustu dómsins væri beint að dómstólum á Íslandi. Ástæðan er sú sama, þ.e. Ísland er ekki aðili að ESB. Loks gildir Lúganósamningurinn en ekki Brusselsamningurinn þó að dæminu sé snúið við og gert ráð fyrir að dómur sé kveðinn upp á Íslandi og að honum eigi að fullnægja í Þýskalandi. Ástæðan er sú að dómsríkið, þ.e. Ísland, er ekki aðili að ESB.

5. Tengsl við EES-samning.

Lúganósamningurinn varð til áður en samningaumleitanir um sérstakt Evrópskt efnahagssvæði (EES) hófust og er hann í sjálfu sér óháður þeirri samningsgerð. Telja verður þó víst að íslenskir viðskiptahagsmunir erlendis gætu farið forgörðum ef erlendir dómar frá EFTA-ríkjum og ESB-ríkjum fá ekki sömu meðferð hér á landi eins og í viðskiptum einstaklinga og lögpersóna í þessum ríkjum. Þar fyrir utan verndar Lúganósamningurinn íslenska viðskiptaaðila gegn notkun varnarþingsákvæða sem styðjast við ákvæði innlendra laga um alþjóðleg varnarþing, sbr. 2. mgr. 3. gr. Það er ekki forsenda fyrir aðild að EES að ríki fullgildi jafnframt Lúganósamninginn. Hins vegar eru viss tengsl á milli þessara tveggja samninga. Þannig má svo dæmi sé tekið nefna viðauka III við EES-samninginn um skaðsemisábyrgð. Þar er gert ráð fyrir að einstaklingur sé ábyrgur sem framleiðandi þegar hann flytur vörur inn á Evrópska efnahagssvæðið til sölu, leigu eða annarrar dreifingar. Þetta gildir án tillits til þess hvort hann var framleiðandi í raun og veru. Eftir fullgildingu Lúganósamningsins fellur þessi ábyrgð niður að mestu vegna þess að samkvæmt ákvæðum hans verður dómur í innflutningsríkinu á hendur framleiðanda vörunnar fullnustuhæfur á hendur honum þótt hann kunni að eiga heimili í öðru aðildarríki.

6. Íslenskur réttur varðandi gildi erlendra dómsúrlausna og alþjóðlegt varnarþing.

Hér verður gerð grein fyrir gildandi íslenskum rétti að því er varðar þrjú meginatriði sem Lúganósamningurinn tekur til, þ.e. aðfararhæfi dómsúrlausna annarra ríkja, viðurkenningu dómsúrlausna annarra ríkja og lagaákvæði um alþjóðlegt varnarþing. Lagaákvæði um þessi efni eru fábrotin hér á landi og veita ekki glögga vísbendingu um gildi erlendra dóma. Í fræðiritum hefur verið talið að erlendir dómar hafi ekki réttaráhrif hérlendis eða mjög takmörkuð réttaráhrif og ætla má að svipað gildi um íslenskar dómsúrlausnir erlendis. Ósamræmi ríkir í löggjöf þjóða um alþjóðlegt varnarþing. Finnist ekki þjóðréttarsamningur um það efni er viðbúið að hvert ríki fari sína leið í lagasetningu um það atriði.

6.1. Aðfararhæfi.

Í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, segir að aðför megi gera eftir dómum og úrskurðum uppkveðnum af íslenskum dómstólum og í 11. tölul. 1. mgr. sömu greinar segir að aðför megi gera samkvæmt úrlausnum eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir enda verði fullnusta kröfunnar talin samræmast íslensku réttarskipulagi. Aðfararhæfi erlendra dómsúrlausna er því háð þrenns konar skilyrðum. Í fyrsta lagi að íslenska ríkið hafi skuldbundið sig að þjóðarétti til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir. Íslenska ríkið þarf því að vera aðili að þjóðréttarsamningi þar sem slíka aðfararheimild er að finna. Í öðru lagi verður viðkomandi þjóðréttarsamningur að hafa öðlast lagagildi hér á landi, a.m.k. að því leyti sem aðfararheimildina varðar. Í þriðja lagi má ekki neitt það vera í aðfararheimildinni sem leiðir til þess að fullnustan brjóti í bága við íslenska réttarskipan. Fá dæmi eru af þjóðréttarsamningum sem Ísland er aðili að og fela í sér heimild til að gera aðför hér á landi samkvæmt erlendum dómsúrlausnum. Á sviði einkamála má helst nefna lög nr. 30/1932 sem kveða á um lagagildi samnings milli Norðurlanda um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra. Samkvæmt samningi þessum eru aðfararhæfir dómar frá einhverju Norðurlandanna bindandi og aðfarargrundvöllur í hinum að fullnægðum tilteknum skil-

yrðum. Sama gildir um réttarsáttir. Hér má einnig nefna lögtekna þjóðréttarsamninga milli Norðurlanda um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð (lög nr. 29/1931, með síðari breytingum), um gjaldþrotaskipti (lög nr. 21/1934) og um erfðir og skipti á dánarbúum (lög nr. 108/1935) en ákvæði þessara samninga geta leitt til þess að dómsúrlausnir um viðkomandi málefni í einu aðildarríki séu bindandi og eftir atvikum aðfararhæfar í öðrum aðildarríkjum. Fleiri dæmi má nefna, t.d. samning milli Norðurlanda um innheimtu meðlaga, sbr. lög nr. 93/1962, og samning milli sömu ríkja um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 95/1973.

6.2. Viðurkenning.

Um viðurkenningu erlendra dómsúrlausna gildir að mestu það sama og um aðfararhæfi, þ.e. erlendir dómar hafa almennt ekki réttaráhrif hér á landi. Í 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, kemur fram sú regla að ágreiningsefni verður ekki borið undir sama eða hliðsettan dómstól á nýjan leik eftir að dómur hefur um það gengið. Sé það gert verður síðara málinu vísað frá dómi. Hefur þetta verið nefnt neikvæð verkun (frávísunaráhrif) dóma. Talið hefur verið að erlendir dómar hafi ekki frávísunaráhrif hér á landi án sérstakrar lagaheimildar (slíkar lagaheimildir eru sumar nefndar hér að framan). Þetta þýðir í raun að íslenskir dómstólar mundu að jafnaði ekki vísa máli frá dómi þótt erlendur dómur um sama ágreiningsefni liggi fyrir heldur mundi dómstóllinn telja sér heimilt að prófa hinn erlenda dóm, bæði að því er varðar beitingu lagaatriða og sönnunaratriða, ef á það reyndi, og hnekkja honum ef efni stæðu til. Erlendur dómur verður samkvæmt þessu ekki heldur lagður til grundvallar í öðrum dómsmálum hér á landi án rannsóknar á staðreyndum og lagareglum. Erlendir dómar hafa því ekki svonefnda jákvæða verkun (bindandi fordæmisáhrif) hér á landi. Þó er talið að suma erlenda dóma, t.d. dóm sem kveður á um skilnað hjóna, verði að leggja til grundvallar hér á landi án þess að bein lagaheimild sé fyrir hendi, a.m.k. ef þeir eru í samræmi við góða siði og allsherjarreglu.

6.3. Alþjóðlegt varnarþing.

Í réttarfarslögum er landinu skipt í dómþinghár. Varnarþingsreglur mæla fyrir um í hvaða dómþinghá unnt sé að sækja mann til að svara til sakar. Er þá ljóst að íslenskir dómstólar hafa dómsvald í málinu. Þegar rætt er um alþjóðlegt varnarþing er það ekki skipting landsins í dómþinghár sem máli skiptir heldur hvort íslenskir dómstólar hafi yfirleitt dómsvald í máli og á sama hátt hvort maður þurfi að þola dóm hér á landi eða í einhverju öðru ríki. Reglurnar um alþjóðlegt varnarþing snerta því hagsmuni annars ríkis eða ríkisborgara þess. Hvert ríki getur að vísu sett sínar reglur um alþjóðlegt varnarþing. Þegar hins vegar kemur að því að gera þjóðréttarsamninga um viðurkenningu og fullnustu dóma koma þessar reglur í viðkomandi ríkjum venjulega til sérstakrar skoðunar því að visst samræmi þarf að vera í löggjöf ríkjanna um þetta efni.

Fá ákvæði um alþjóðlegt varnarþing hafa verið lögfest hér á landi. Þar er þó helst við að styðjast þau ákvæði íslenskra réttarfarslaga sem taka til eða geta tekið til manna, búsettra erlendis. Ber þar einkum að nefna 2. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála, svo og 43. gr. sömu laga.

7. Nánar um Lúganósamninginn.

Lúganósamningurinn skiptist í átta hluta sem aftur greinast í kafla og einstakar greinar. Greinarnar eru 69 talsins.

Í I. hluta samningsins (1. gr.) er fjallað um gildissvið hans. Í II. hluta er fjallað um varnarþing (2.–24. gr.), í III. hluta um viðurkenningu og fullnustu (25.–49. gr.) og í IV. hluta um opinberlega staðfest skjöl og réttarsáttir (50. og 51. gr.). Þá fylgir V. hluti (52. og 53. gr.) sem fjallar um almenn ákvæði og VI. hluti sem hefur að geyma bráðabirgðaákvæði (54. gr. og 54. gr. A). Síðan kemur VII. hluti sem fjallar um afstöðu til Brusselsamningsins og annarra samninga (54. gr. B–59. gr.) og loks VIII. hluti sem hefur að geyma lokaákvæði (60.–68. gr.).

Þrjár bókanir fylgja samningnum og skoðast þær óaðskiljanlegur hluti hans, sbr. 65. gr. Í bókun nr. 1 er fjallað um nánar tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu (I.–VI. gr.). Í bókun nr. 2 er fjallað um samræmda túlkun samningsins (1.–4. gr.) og í bókun nr. 3 er fjallað um beitingu 57. gr., sbr. og yfirlýsingu EB-ríkja um beitingu 57. gr.

Loks fylgja samningnum tvær yfirlýsingar sem fjalla um túlkun Brusselsamningsins annars vegar og Lúganósamningsins hins vegar.

Þess er fyrr getið að ákvæði Lúganósamningsins eru að mestu leyti efnislega samhljóða samsvarandi ákvæðum Brusselsamningsins. Jafnvel tölusetning greina er sú sama. Hins vegar eiga aðfararorð Lúganósamningsins, 54. gr. B, VIII. hluti, greinar Ia, Ib og VI í bókun nr. 1, bókanir nr. 2 og 3, svo og yfirlýsingarnar þrjár, sér ekki samsvörun í Brusselsamningi.

7.1. Gildissvið (1. gr.).

Lúganósamningurinn gildir aðeins á sviði einkamála, þar á meðal verslunarmála, og að sjálfsögðu einungis um þau einkamál sem hafa á sér vissan alþjóðlegan blæ. Opinber mál falla ekki undir samninginn. Samningurinn gildir ekki um skattamál, tollamál og stjórnsýslumál.

Sérstaklega eru undanskilin mál sem varða persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi og gerhæfi, svo og fjárhagsleg réttindi sem eiga rætur að rekja til hjúskapar eða erfða. Mál er varða framfærsluskyldu, hvort heldur er með maka eða barni, eru hins vegar ekki undanskilin og eiga því undir samninginn. Gjaldþrotamál eru undanþegin, svo og mál í sambandi við nauðasamninga og mál varðandi almannatryggingar og gerðardóma. Ástæður fyrir þessum undantekningum eru fleiri en ein. Stundum er ástæðan sú að opinberir hagsmunir eru í húfi sem samningsríkin vilja sjálf ráða yfir. Í öðrum tilvikum er löggjöf svo ólík í samningsríkjunum að erfitt hefði reynst að ná samkomulagi nema með því móti að draga úr þeirri skilvirkni sem samningurinn býður upp á. Í enn öðrum tilvikum er undantekning gerð þar sem unnið er að samræmingu á öðrum vígstöðvum. Þær ástæður eiga t.d. við um gerðardóma.

Mikilvægt atriði í þessu sambandi er að það er dómstóll þess ríkis sem dóm kveður upp sem sker úr því í tilteknu falli hvort mál falli undir Lúganósamninginn eða ekki. Slíkum dómi er að jafnaði ekki unnt að hnekkja síðar, t.d. við aðför í öðru ríki en dómsríki. Í samningnum felst því gagnkvæm viðurkenning á réttarkerfi samningsríkjanna að þessu leyti.

7.2. Varnarþing.

Reglur Lúganósamningsins um varnarþing eru settar fram í II. hluta hans og verður nánar að þeim vikið.

7.2.1. Almennt varnarþing (2.–4. gr.).

Það er aðalregla að menn megi lögsækja þar sem þeir eiga heimili, sbr. 2. gr., og skiptir þá ríkisfang ekki máli í því sambandi. Dæmi: Grískan ríkisborgara, sem búsettur væri á Íslandi, mætti því t.d. lögsækja á Íslandi. Dómur á hendur Grikkjanum mundi vera viðurkenndur og aðfararhæfur í öllum samningsríkjunum, jafnvel þótt Grikkinn síðar flyttist til einhvers samningsríkjanna, t.d. Grikklands.

Aðalregla þessi er reist á þeirri forsendu að heimili manna í samningsríki skapi þau tengsl sem eru nægjanleg til að réttlæta að honum sé gert skylt að hlíta dómi í því ríki. Samtímis er bannað að beita þann mann misrétti, að því er varnarþing snertir, sem búsettur er í tilteknu samningsríki en er ekki ríkisborgari þess. Sé vikið að dæminu hér að ofan felur þetta í sér að sömu varnarþingsákvæði verða að gilda samkvæmt íslenskum lögum varðandi Grikkjann og um aðra landsmenn. Eru íslenskar réttarfarsreglur í samræmi við þetta.

Sé enn miðað við dæmið hér að framan fer það líka eftir íslenskum reglum hver verður talinn eiga heimili á Íslandi ef deilur rísa um það atriði fyrir íslenskum dómstólum. Er þessi regla í samræmi við ákvæði Lúganósamningsins, sbr. 52. gr.

Varnarþingsreglurnar eru tæmandi taldar og leiða því m.a. til þess að engum íslenskum reglum um alþjóðlegt varnarþing má lengur beita gegn íbúum samningsríkjanna í málum sem falla undir samninginn og er þetta raunar sérstaklega tekið fram í 3. gr. Þannig verður t.d. 4. mgr. 32. gr. einkamálalaganna ekki beitt gegn mönnum sem heimili eiga í aðildarríki samningsins eftir lögtöku hans.

Allar venjulegar alþjóðlegar varnarþingsreglur gilda hins vegar samkvæmt Lúganósamningnum gagnvart borgurum þriðja ríkis, þar á meðal þær alþjóðlegu varnarþingsreglur sem í gildi eru skv. 4. gr. hans. Þetta hefur þá þýðingu að dómur, sem kveðinn er upp í samningsríki á slíkum forsendum, hefur full réttaráhrif í hinum samningsríkjunum. Ef Bandaríkjamanni er t.d. stefnt hér á landi með stoð í 4. mgr. 32. gr. einkamálalaganna og hann dæmdur til að greiða tiltekna fjárhæð og hann flyst síðar til einhvers samningsríkjanna eða flytur fjármuni sína frá Íslandi til einhvers þeirra mundi dómurinn vera viðurkenndur og aðfararhæfur í samningsríkjunum.

7.2.2. Sérstök varnarþing (5.–6. gr. A).

Með sérstöku varnarþingi er átt við að lögsækja megi mann í einu samningsríki þótt hann sé búsettur í öðru samningsríki þegar sérstaklega stendur á. Til þess að þetta teljist fær leið verða að vera fyrir hendi sérstök rök því til réttlætingar. Verður gerð nokkur grein fyrir þessum varnarþingum en þó ekki tæmandi. Þess skal getið að sérstöku varnarþingin eru valkvæð þannig að sóknaraðili getur að jafnaði valið hvort hann lögsækir varnaraðila á heimilisvarnarþingi skv. 2. gr. eða á sérstöku varnarþingi.

a. Efndavarnarþing (1. tölul. 5. gr.). Hafi aðilar gert með sér samning má ávallt sækja mann til efnda á þeim samningi fyrir dómstóli þess staðar þar sem efna skyldi samninginn. Íslendingur tekur t.d. á leigu skútu í Grikklandi en skilar henni ekki aftur á réttum tíma. Grískur eigandi skútunnar gæti sótt hinn íslenska leigutaka fyrir grískum dómstólum, ekki aðeins til efnda á samningnum, m.a. að skila sjálfri skútunni, heldur einnig til skaðabóta vegna tjóns sem kann að hafa orðið á henni. Getur síð-

arnefnd krafa ýmist staðið ein sér eða fylgt fyrri kröfunni. Ákvæði þetta tekur m.a. til krafna sem reistar eru á skaðsemisábyrgð.

Ef um er að ræða vinnusamninga einstakra manna má sækja mál fyrir dómstóli þess staðar þar sem launþeginn starfar að jafnaði, en starfi launþeginn að jafnaði ekki í einu tilteknu landi þá fyrir dómstóli þess staðar þar sem starfsstöð sú er sem réð hann til starfans.

b. Framfærsluvarnarþing (2. tölul. 5. gr.). Mál út af framfærsluskyldu, hvort sem er með barni eða maka, má sækja fyrir dómstóli þess staðar þar sem sá sem rétt á til framfærslu á heimili eða dvelst að jafnaði. Hér á landi er venjulega ekki farið í dómsmál út af kröfum af þessu tagi heldur eru þær úrskurðaðar af stjórnvöldum og eru aðfararhæfar. Samkvæmt V. gr. a í bókun nr. 1 telst slíkur úrskurður jafngildur dómi og verður við það jafnræði milli samningsríkja í þessu tilliti.

c. Brotavarnarþing (3. tölul. 5. gr.). Brotavarnarþing gildir um allar kröfur sem eiga rót að rekja til skaðaverks utan samninga. Ef Íslendingur veldur skaðabótaskyldu tjóni í Grikklandi með því að skemma bifreið er unnt að stefna honum fyrir dómstólum í Grikklandi og er hinn gríski dómur fullnustuhæfur á Íslandi ef því er að skipta.

d. Varnarþing í refsimáli (4. tölul. 5. gr.). Kröfur borgararéttar eðlis sem tengdar eru refsimáli má sækja þar sem refsimál er höfðað.

e. Varnarþing fjárvörslusjóðs. Í 6. tölul. 5. gr. eru sérstakar varnarþingsreglur um stofnendur, vörslumenn („trustees“) eða rétthafa fjárvörslusjóðs („trust“ samkvæmt enskum rétti).

f. Aðilasamlagsvarnarþing (1. tölul. 6. gr.). Ef lögsækja má marga menn búsetta í samningsríkjunum má höfða mál þar fyrir dómi þar sem einhver þeirra á heimili. Ef íslenskur aðili telur mann búsettan á Íslandi og annan búsettan í Frakklandi sameiginlega ábyrga vegna vanefnda á samningi getur hann sótt mál sitt á Íslandi gegn fyrrgreindum aðilum.

g. Varnarþing þriðja manns (2. tölul. 6. gr.). Þriðja mann má sækja í sakaukamáli eða sem þriðja mann í öðrum málum fyrir þeim dómstóli þar sem mál var upphaflega höfðað. Ákvæðið á ekki við um meðalgöngu þar sem þriðja manni er heimilað að stefna upphaflegum málsaðilum til að þola meðalgöngu sína og til að gæta að öðru leyti lögvarðra hagsmuna sinna af málsúrslitum. Hins vegar getur ákvæðið átt við ef annar hvor upphaflegu málsaðilanna stefnir þriðja manni til réttargæslu (réttargæslumaður verður þó að jafnaði ekki aðili málsins). Ákvæðið getur einnig átt við ef sóknaraðili stefnir þriðja manni inn í mál sem sakaukastefndum. Að sjálfsögðu verða þó að vera fyrir hendi skilyrði laga fyrir slíkri málsókn. Ákvæðið gildir þó ekki ef mál er einungis höfðað í því skyni að koma í veg fyrir að þriðji maður verði lögsóttur á réttu varnarþingi sínu.

h. Gagnkröfuvarnarþing (3. tölul. 6. gr.). Sækja má gagnkröfu á því varnarþingi þar sem aðalkrafa er þingfest en þó því aðeins að hana megi rekja til sama samnings eða málsatvika og aðalkrafan byggist á.

i. Varnarþing varðandi réttindi yfir fasteign. Ef varnaraðili er lögsóttur vegna réttinda yfir fasteign skv. 16. gr. skal höfða málið fyrir dómstóli þar sem fasteignin er. Skv. 4. tölul. 6. gr. má við slíka kröfu bæta öðrum kröfum um réttindi yfir fasteign sem sameina má því máli sem fyrir er, þ.e. ef kröfur eru samrættar. Ef ítalskur maður hefur dvalist um nokkurt skeið í íbúð hér á landi sem hann telur sig einan eiga og Íslendingur telur sig einnig eiganda íbúðarinnar getur sá síðarnefndi höfðað mál hér á landi og krafist viðurkenningar á eignarrétti sínum. Í þessu máli gæti Íslending-

urinn einnig gert kröfu um endurgjald fyrir leigu í þann tíma sem Ítalinn dvaldist í íbúðinni.

7.2.3. Varnarþing í vátryggingarmálum (7.–12. gr. A).

Markmið með þeim varnarþingsreglum, sem hér um ræðir, er að vernda annan samningsaðilann, þ.e. vátryggingartaka, þar sem taldar eru almennar líkur fyrir því að hann hafi verri stöðu við samningsgerð.

Aðalreglan er að vátryggjanda má lögsækja fyrir dómstóli í því ríki þar sem hann á heimili eða í öðru samningsríki fyrir dómstóli þess staðar þar sem vátryggingartaki á heimili. Sama gildir um útibú sem vátryggjandi rekur ef vátryggingin hefur verið tekin þar. Í málum vegna ábyrgðartrygginga eða vátrygginga á fasteignum má einnig lögsækja vátryggjanda fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburður varð. Vátryggjandi sjálfur má hins vegar að jafnaði aðeins höfða mál fyrir dómstóli í því samningsríki þar sem varnaraðili á heimili.

Frá framangreindum reglum má ekki víkja með samningi nema hann sé gerður eftir að ágreiningur er risinn eða ef hann veitir vátryggingartaka, vátryggðum eða öðrum réttháfa heimild til málshöfðunar fyrir öðrum dómstólum en nefndir hafa verið þannig að samningurinn feli í sér aukinn rétt fyrir þessa aðila. Fleiri undantekningar eru frá þessu svo sem nánar greinir í 7.–12. gr.

7.2.4. Varnarþing í neytendamálum (13.–15. gr.).

Markmið með varnarþingsreglum þessum er svipað og um varnarþing í vátryggingarmálum, þ.e. að vernda þann aðila sem ætla má að hafi almennt verri stöðu við samningsgerð. Um neytendamál er að ræða þegar menn gera vissar tegundir samninga án þess að þeir séu liður í atvinnu þeirra. Þessar samningstegundir eru nánar tiltekið:

1. samningar um lausafjárkaup með afborgunarskilmálum,
2. samningar um lán til að fjármagna kaup á lausafé sem endurgreiða skal með afborgunum eða annars konar lánafyrirgreiðslu, og
3. samningar um að láta af hendi lausafé eða þjónustu ef seljandi hefur gert neytanda sérstakt tilboð í heimalandi hans eða birt þar almenna auglýsingu og neytandinn gert þar sínar ráðstafanir af því tilefni.

Reglan er sú að neytandi getur höfðað mál gegn samningsaðila sínum, annaðhvort fyrir dómstóli í því samningsríki þar sem seljandi er til heimilis eða þar sem neytandinn sjálfur á heima. Seljandi getur á hinn bóginn aðeins höfðað mál gegn neytanda þar sem neytandinn á heima. Ef ágreiningurinn varðar rekstur útibús seljanda skal litið svo á að seljandi eigi heimili í því ríki þar sem útibú er.

Víkja má frá þessum varnarþingsreglum en einungis ef einhverju þessara skilyrða er fullnægt:

1. samningur er gerður eftir að ágreiningur er risinn,
2. samningur heimilar neytanda að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en þeim sem getið var að framan, eða
3. samningur er gerður af neytanda og samningsaðila hans sem, þegar samningurinn var gerður, áttu báðir heimili eða dvöldust að jafnaði í sama samningsríki, og samningurinn veitir dómstólum þess ríkis dómsvald, enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis.

7.2.5. Skylduvarnarþing (16. gr.).

Í sumum tilvikum býður Lúganósamningurinn aðeins upp á eitt tiltekið varnarþing í samningsríki sem skylt er að nota við málshöfðun. Ekki má víkja frá þessu með samningi eða á annan hátt. Ef mál er höfðað fyrir dómstóli í samningsríki í bága við slíkt ákvæði ber dómara í því ríki af sjálfsdáðum að vísa máli frá dómi. Gangi dómur andstætt þessu engu að síður nýtur hann hvorki viðurkenningar né aðfararhæfis í öðrum samningsríkjum.

Rökin fyrir því að mæla fyrir um sérstök skylduvarnarþing eru þau að sakarefnið telst svo tengt því samningsríki sem varnarþing er í, að því er tekur til löggjafar í því ríki og annarra atriða, að það væri óæskilegt eða óeðlilegt að dómsvald um það væri í öðru samningsríki. Ákvæðin um skylduvarnarþing gilda án tillits til þess hvort varnaraðili er búsettur í samningsríki eða ekki. Er þetta frábrugðið því sem gildir um sérstök varnarþing. Tilvikin eru annars þessi:

a. Mál um réttindi yfir fasteign eða leigu fasteignar má aðeins sækja í því samningsríki sem fasteignin er í. Þó er gerð undantekning um mál um fasteignaleigusamninga sem gerðir eru um tímabundin persónuleg afnot til allt að sex mánaða óslitið. Slík mál verða annaðhvort höfðuð í því ríki þar sem fasteignin er eða þar sem varnaraðili á heimili, enda sé leigutaki persóna og hvorugur aðila á heimili í því samningsríki þar sem fasteignin er. Ef Íslendingur tekur á leigu bústað í Grikklandi af grískum manni í tvær vikur og greiðir ekki leigugjaldið verður að sækja hann um greiðslu leigunnar fyrir viðkomandi dómstóli í Grikklandi. Hafi maður búsettur í Þýskalandi verið leigusali má þó höfða málið á Íslandi.
b. Mál um gildi og ógildi eða slit félaga eða annarra lögpersóna eða um ákvarðanir fyrirsvarsmanna þeirra skal höfða þar sem lögpersónan hefur aðsetur.
c. Mál um gildi skráninga í opinbera skrá skal höfða fyrir dómstólum þess samningsríkis þar sem skráin er haldin.
d. Mál, sem varða skráningu eða gildi einkaleyfa, vörumerkja, mynstra eða annarra svipaðra réttinda sem tilkynna þarf eða skrá, skal höfða fyrir dómstólum þess samningsríkis þar sem tilkynning eða beiðni um skráningu hefur verið lögð fram, hefur farið fram eða er talin hafa farið fram samkvæmt ákvæðum þjóðréttarsamnings.
e. Í málum um fullnustu dóma hafa dómstólar þess samningsríkis einir dómsvald þar sem fullnusta hefur farið fram eða skal fara fram.

7.2.6. Samningsvarnarþing (17. og 18. gr.).

Aðilum er heimilt að gera samninga um varnarþing ef þeir fullnægja skilyrðum sem nánar greinir í 17. og 18. gr. Þau eru einkum þessi:

1. að minnsta kosti annar samningsaðili eða einn þeirra skal eiga heimili í samningsríki,
2. aðilar skulu í samningnum vísa til tiltekins dómstóls eða dómstóla í samningsríki,
3. samningsaðilar verða að vera búsettir hver í sínu samningsríki.

Heimilt er að gera slíkan samning bæði í tengslum við ágreining sem þegar er risinn eða um ágreining sem kann að rísa í tengslum við tiltekin lögskipti aðila. Samningur þarf þó annaðhvort að vera skriflegur eða munnlegur og staðfestur skriflega eða í formi sem er í samræmi við venjur sem aðilar hafa komið á sín í milli eða vera í samræmi við viðskiptavenjur þegar um milliríkjaviðskipti er að ræða. Þegar slíkur samningur liggur fyrir hefur enginn annar dómstóll dómsvald í málinu. Það skal þó tekið fram að samningur um varnarþing getur ekki haggað ákvæðum samningsins um skylduvarnarþing. Þá skal

líka tekið fram að hafi samningur um varnarþing einungis verið gerður í þágu annars aðilans eða eins þeirra heldur sá aðili rétti sínum til málshöfðunar fyrir hverjum þeim dómstóli öðrum sem hefur dómsvald samkvæmt samningnum. Þetta er mikilvægt ákvæði sem leiðir m.a. til þess að varnarþingsákvæði í fyrir fram gerðum samningseyðublöðum mundu almennt ekki fá staðist nema að takmörkuðu leyti. Þess skal loks getið að hugsanlegt er að enginn eða hvorugur aðila eigi heimili í samningsríki en geri samt samning um alþjóðlegt varnarþing í samningsríki. Í slíku tilviki hafa dómstólar annarra samningsríkja en þess sem samningur tók til ekki dómsvald nema sá dómstóll sem samið var um hafi vísað máli frá sér vegna rangs varnarþings. Liggi hins vegar slík frávísun fyrir geta dómstólar annarra samningsríkja dæmt í málinu ef lög viðkomandi ríkis um alþjóðlegt varnarþing standa til þess.

Loks er tekið fram að í málum um vinnusamninga einstakra manna hefur samkomulag einungis gildi ef það er gert eftir að ágreiningur er risinn.

Í 18. gr. er einnig gert ráð fyrir þegjandi samþykki um varnarþing. Í stuttu máli segir að dómstóll í samningsríki hafi dómsvald ef varnaraðili sækir þar dómþing. Þetta gildir þó ekki ef hann mætir til þess eins að mótmæla varnarþingi. Reglan gildir heldur ekki um skylduvarnarþing skv. 16. gr.

7.3. Könnun á varnarþingi og því hvort mál sé tækt til meðferðar (19. og 20. gr.).

Þegar þannig stendur á að dómstóli í samningsríki er falið að skera úr ágreiningi sem í aðalatriðum varðar málefni sem dómstólar annars samningsríkis hafa einir dómsvald um skal hann sjálfkrafa vísa máli frá dómi (19. gr.). Hér er því um skyldu dómstóls að tefla. Reglan telst nauðsynleg til þess að unnt sé að framfylgja ákvæðunum í 16. gr. um skylduvarnarþing.

Um útivistarmál, þ.e. þegar stefndi hefur aldrei mætt, gildir sú regla að dómstóll skal af sjálfsdáðum vísa máli frá nema hann hafi dómsvald samkvæmt ákvæðum samningsins. Þetta þýðir með öðrum orðum að dómstóll á sjálfkrafa að rannsaka hvort varnarþing sé rétt ef varnaraðili mætir ekki í máli. Enn fremur skal dómstóll fresta meðferð málsins þangað til sannað er að varnaraðili hafi átt kost á að taka á móti stefnu eða samsvarandi skjali svo tímanlega að hann hefði getað undirbúið vörn eða að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni, 20. gr. Hér má bæta við að í sumum samningsríkjunum eru reglur um stefnubirtingu þær að það telst nægjanleg stefnubirting að senda stefnu til tiltekins embættismanns í því ríki þar sem dóm skal upp kveða eða jafnvel með afhendingu stefnu til póstþjónustu. Það er ekki öruggt að slík stefna komist nokkurn tíma til skila. Úr þessu er bætt með fyrrgreindri reglu um að allar nauðsynlegar ráðstafanir verði að gera til birtingar. Enn fremur koma ákvæði Haagsamningsins um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum eða verslunarmálum frá 15. nóvember 1965 til skjalanna. Mörg samningsríkjanna eru aðilar að þessum samningi og gildir hann alfarið um birtingu fyrir þau ríki sem eru aðilar að honum, sbr. 3. mgr. 20. gr. Loks skal hvorki viðurkenna né fullnægja útivistardómi ef varnaraðila var ekki réttilega birt stefna svo tímanlega að hann gæti undirbúið vörn sína, sbr. 27. gr.

7.4. „Litis pendens“ og skyldar kröfur (21.–23. gr.).

Ef krafa, byggð á sömu málsástæðum og milli sömu aðila, er gerð fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum skal hver dómstóll, annar en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, sjálfkrafa fresta meðferð þess þar til fyrir liggur að sá dómstóll hafi dómsvald í málinu. Ef hins vegar það liggur fyrir að sá dómstóll, sem mál er fyrst höfðað fyrir, hafi

dómsvald skulu aðrir dómstólar vísa málinu frá dómi í þágu hans, 21. gr.

Markmiðið með reglunni er að koma í veg fyrir að ósamrýmanlegir dómar gangi um sama sakarefni. Það getur t.d. verið hætta á slíku ef ágreiningur rís um framkvæmd samnings. Gæti þá verið að báðir aðilar reyndu að höfða mál, t.d. í heimaríki sínu, ef varnarþingsákvæðin leyfðu það.

Þegar um skyldar kröfur er að ræða geta síðari dómstólar frestað málsmeðferð. Skyldar kröfur eru þær kröfur kallaðar sem eru svo tengdar innbyrðis að æskilegt er að dæma um þær sameiginlega til að koma í veg fyrir ósamrýmanlega dóma, 22. gr.

Loks segir í 23. gr. að ef fleiri dómstólar en einn eigi hver um sig einir dómsvald um kröfu skuli allir dómstólar, aðrir en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, vísa máli frá dómi í þágu þess dómstóls.

7.5. Bráðabirgðaúrræði (24. gr.).

Þó að dómstóll í einu samningsríki hafi dómsvald um efni máls má leita til dómstóla annars samningsríkis um að beita réttarúrræðum til bráðabirgða, þar með talin tryggingarúrræði sem lög þess ríkis kunna að heimila. Ef staðfestingarmál skal fylgja í kjölfarið verður að höfða það en þá yrði að fresta staðfestingarmálinu uns dómur er fallinn í fyrsta málinu. Ef grískur maður hefur t.d. réttilega höfðað mál gegn Íslendingi í Grikklandi getur hann, ef íslensk lög heimila, gert kyrrsetningu hér á landi ef Íslendingurinn á hér eignir. Ber þá að höfða staðfestingarmál hér en staðfestingarmálinu verður að fresta þar til dómurinn í Grikklandi er fallinn.

7.6. Viðurkenning dóma (25.–30. gr.).

Í 25. gr. segir að í samningnum merki „dómur“ sérhverja ákvörðun um málsúrslit sem tekin er af dómstóli í samningsríki, hverju nafni sem hún nefnist, svo sem dóm, úrskurð eða ákvörðun um fullnustu, svo og ákvörðun réttarritara um málskostnað.

Aðalreglan er sú að dómar, sem kveðnir eru upp í samningsríki, skulu viðurkenndir í öðrum samningsríkjum án nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar, 26. gr. Stundum getur aðili þó haft lögvarða hagsmuni af því að fá dóm viðurkenndan sérstaklega. Þetta getur verið þegar hinn erlendi dómur er einungis viðurkenningardómur þó að hann hafi fjallað um aðfararhæft efni (t.d. þegar maður hefur með dómi verið viðurkenndur sem eigandi tiltekins hlutar sem er í vörslu annars manns) eða þegar veita á honum aukin réttaráhrif, t.d. gegn stjórnvaldi eða þriðja manni. Í slíkum tilvikum er unnt að krefjast sérstakrar viðurkenningar.

Í þessu sambandi má geta 30. gr. Þar segir að hafi verið krafist viðurkenningar fyrir dómstóli í samningsríki á dómi, kveðnum upp í öðru samningsríki, megi dómstóllinn fresta málinu ef dómurinn hefur sætt málskoti með venjulegum hætti.

Stundum verða dómar þó ekki viðurkenndir. Í samningnum eru taldar upp tæmandi þær ástæður sem unnt er að setja fram eða nota má gegn viðurkenningu dóms sem kveðinn hefur verið upp í öðru samningsríki, sbr. nánar 27. og 28. gr. Öðrum varnarástæðum verður því alls ekki komið að og tekið er sérstaklega fram að erlendan dóm megi aldrei endurskoða að efni til, 29. gr. Umræddar ástæður eru í sjálfu sér að mestu þær sömu og hafa má uppi gegn fullnustu dóms.

Helstu varnarástæður sem unnt er að koma fram með gegn viðurkenningu dóms eru:

1. ef viðurkenning hans væri andstæð allsherjarreglu í viðkomandi ríki,
2. ef um útivistardóm er að ræða og stefna ekki réttilega birt eða svo tímanlega að varnaraðili gæti undirbúið vörn sína,

3. ef hann er ósamrýmanlegur öðrum dómi sem kveðinn hefur verið upp í máli milli sömu aðila í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist, og
4. ef ekki hefur verið farið eftir varnarþingsreglum sem gilda í vátryggingarmálum eða neytendamálum eða um skylduvarnarþing. Dómstólar í síðara ríkinu eru þó bundnir af niðurstöðu dómstóls í dómsríki um málsatvik þegar þeir meta síðastgreint atriði. Einnig felst í umræddum ákvæðum með gagnályktun að dómstólar í síðara ríkinu eru bundnir af úrlausnum dómstóla dómsríkisins um varnarþing í öðrum tilvikum en hér greinir.

7.7. Fullnusta dóma (31.–45. gr.).

a. Aðalreglan er sú að dómi, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki og fullnægja má í því ríki, skuli fullnægja í öðru samningsríki þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið lýstur fullnustuhæfur þar, 31. gr. Beiðni um þetta skal venjulega leggja fram hjá viðkomandi undirrétti, hér á landi hjá héraðsdómara, sbr. 32. gr. Með beiðni skal fara með þeim hætti sem lög mæla fyrir um í því ríki þar sem fullnustu er krafist, 33. gr. Mikilvægt er að beiðandinn verður að tilgreina réttarfarslegt aðsetur sitt í umdæmi þess dómstóls sem beiðni er beint til (þar sem m.a. á að vera unnt að birta honum stefnur eða tilkynningar) eða málflutningsumboðsmann sem hefur heimild til að taka á móti tilkynningum ef lög þess ríkis, þar sem fullnustu er krafist, mæla ekki fyrir um slíkt réttarfarslegt aðsetur.

   Dómstóll sá, sem beiðni hefur til meðferðar, skal taka ákvörðun um fullnustu án tafar og án þess að varnaraðila sé gert viðvart um beiðnina, sbr. 34. gr. Þessi regla er réttlætt með því að samningurinn sé þannig úr garði gerður að fyrir fram séu lítil líkindi á því að unnt sé að hnekkja dómi sem kveðinn er upp í einu samningsríki við fullnustu í öðru samningsríki. Að auki eigi varnaraðili þess kost að fá ákvörðunina endurskoðaða.

   Aðeins má synja beiðni af einhverri þeirri ástæðu sem tilgreind er í 27. og 28. gr. (sbr. 7.6). Séu engar slíkar ástæður fyrir hendi eða sjáanlegar tekur viðkomandi dómari (hér á landi héraðsdómari) beiðni til greina.

b. Varnaraðili getur fengið ákvörðun dómara endurskoðaða ef fullnusta hefur verið heimiluð hjá honum. Hér á landi færi þetta fram með endurupptöku málsins hjá viðkomandi héraðsdómara og ber þá að gefa varnaraðila kost á að koma að sínum sjónarmiðum. Úrskurði héraðsdómara er síðan unnt að skjóta til Hæstaréttar. Við málskot eða endurupptöku getur varnaraðili þó aðeins borið fyrir sig þau tilvik til ógildingar sem vikið er að í 27. og 28. gr. Tekið skal fram að dómstig eru venjulega þrjú í samningsríkjunum og kemur því ekki til endurupptöku nema í þeim sumum. Loks skal þess getið að frestur til málskots eða endurupptöku er tveir mánuðir frá birtingu ákvörðunar viðkomandi dómara ef varnaraðili á heima í öðru samningsríki en því þar sem fullnustuheimild var veitt, sbr. 36. gr., en annars er þessi frestur einn mánuður.

c. Ef beiðni um fullnustu er synjað getur beiðandi skotið þeirri ákvörðun til æðri dóms eða óskað endurupptöku hennar, 40.–41. gr. Hér á landi mundi hann snúa sér til héraðsdómara með beiðni um endurupptöku. Endurupptakan á að fara fram þannig að báðum (öllum) aðilum sé gefinn kostur á að mæta og koma að sínum sjónarmiðum í málinu. Unnt er að skjóta til Hæstaréttar þeirri ákvörðun sem héraðsdómari tekur í endurupptökumálinu. Sambærilegir möguleikar til málskots eru í hinum samningsríkjunum.

d. Ef máli hefur verið skotið til æðra dóms á venjulegan hátt í ríki því þar sem dómur var kveðinn upp getur dómstóllinn í því ríki þar sem fullnustu er krafist frestað máli eftir kröfu varnaraðila. Þetta getur hann líka gert ef málskotsfrestur er ekki liðinn. Dómstóllinn getur þó gefið aðilum ákveðinn frest til að taka ákvörðun um málskot, sbr. nánar 38. gr.
e. Sá sem hefur að lögum notið fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur eða verið undanþeginn kostnaði eða gjöldum í sambandi við hann í því ríki þar sem dómur var kveðinn upp hefur einnig rétt á samsvarandi fyrirgreiðslu í ríki því þar sem fullnustu er krafist. Þá er og sérstaklega tekið fram að sá sem krefst fullnustu verði ekki krafinn um neins konar tryggingu eða framlag á þeim forsendum að hann sé erlendur ríkisborgari eða að hann eigi ekki heimili eða dvöl í því ríki þar sem fullnustu er krafist. Samkvæmt þessu er ljóst að aðfararbeiðandi verður ekki látinn sæta verri kjörum í fullnusturíki en gildir fyrir borgara þess, sbr. nánar 44. og 45. gr.

7.8. Sameiginleg ákvæði (46.–48. gr.).

Ef aðili krefst viðurkenningar eða fullnustu á dómi þarf hann að leggja fram tiltekin gögn. Viss skjöl skulu fylgja beiðninni. Þar er aðallega um að ræða rétt endurrit dómsins, svo og stefnubirtingarvottorð, ef um útivistardóm er að ræða, og skjöl sem sýna að dómurinn sé fullnustuhæfur og hafi verið birtur samkvæmt lögum dómsríkisins, sbr. nánar 46. og 47. gr. Loks þarf, ef um það er að ræða, að leggja fram skjal sem sýnir að fullnustubeiðandi hafi að lögum notið fjárhagslegrar aðstoðar við málareksturinn, sbr. 3. mgr. 33. gr.

Í 48. gr. eru ákvæði um þau úrræði sem viðkomandi dómstóll hefur ef ekki eru lögð fram skjöl þau sem greinir í 2. tölul. 46. gr. og 2. tölul. 47. gr. Þá segir í 49. gr. að ekki verði krafist löggildingar eða svipaðra formsatriða að því er varðar skjöl þau sem fjallað er um í 46. og 47. gr. og 2. mgr. 48. gr., né að því er varðar málflutningsumboð.

7.9. Opinberlega staðfest skjöl og réttarsáttir (50. og 51. gr.).

Í sumum ríkjum hafa opinberir aðilar heimild til að lýsa tiltekin skjöl fullnustuhæf (acts autentiques). Þetta líkist því ef unnt væri að gera utanréttarsátt fullnustuhæfa með staðfestingu lögbókanda eða með öðrum álíka hætti. Það sem skilur skjöl þessi frá öðrum aðfararheimildum er að aðfararheimild verður ekki til með atbeina dómara heldur fyrir tilstilli opinbers aðila sem annaðhvort hefur tekið þátt í að semja skjalið eða hefur staðfest falsleysi þess og að efni þess samræmist lögum viðkomandi ríkis. Slík skjöl þekkjast í nokkrum ríkjum Suður-Evrópu en þekkjast t.d. ekki á Norðurlöndum. Um þessi skjöl og réttarsáttir gilda allar sömu réttarfarsreglur og lýst var í kafla 7.8. Varnir gegn þeim koma því m.a. sjaldan til greina, sbr. nánar 50. og 51. gr.

7.10. Almenn ákvæði (52. og 53. gr.).

Svo sem fram kom í kafla 7.2.1 skiptir oft miklu máli að ákveða hvar maður á heimili. Í stuttu máli skal um það atriði beita lögum þess ríkis þar sem dómur er kveðinn upp. Verði dómstóll í dómsríki í undantekningartilfellum að dæma um það hvort aðili eigi heimili annars staðar en í dómsríkinu skal beita lögum viðkomandi ríkis. Með félög eða aðrar lögpersónur gildir það að þau teljast eiga heimili á aðsetri sínu. Það er mismunandi eftir löggjöf einstakra ríkja hvert er aðsetur lögpersónu. Sum ríki láta ákvæði í samþykktum ráða úrslitum um þetta en önnur fara eftir því hvar aðalstöðvar eru og enn aðrar lausnir eru þekktar. Að íslenskum lögum fer ákvörðun um hvort heimili félags er hér

á landi eftir heildarmati á því hversu það er í raun tengt íslenskum lögum og hagsmunum. Í því sambandi skiptir máli hvar aðalstöðvar félags eru í raun og einnig hvað samþykktir segja um þetta, sbr. nánar 52.–53. gr.

7.11. Bráðabirgðaákvæði (54. gr. og 54. gr. A).

Í 54. gr. og 54. gr. A er að finna bráðabirgðaákvæði. Í 7. gr. alþjóðasamnings um kyrrsetningu hafskipa, sem undirritaður var í Brussel 10. maí 1952, er að finna varnarþingsreglur sem svara til þeirra sem fram koma í bráðabirgðaákvæðinu í 54. gr. A. Með þessu ákvæði er þeim ríkjum, sem ekki hafa undirritað alþjóðasamninginn um kyrrsetningu hafskipa (þar á meðal Íslandi), gefinn aðlögunartími í þrjú ár frá því Lúganósamningurinn öðlast gildi gagnvart þeim til að verða aðili að honum og njóta þannig strax þeirra reglna sem fram koma í 7. gr. hans.

7.12. Afstaða til Brusselsamningsins og annarra samninga (54. gr. B–59. gr.).

54. gr. B hefur að geyma reglur um það hvenær eigi að beita Brusselsamningi og hvenær Lúganósamningi. Um þetta hefur verið fjallað í 4. kafla.

Í 55. gr. eru taldir upp þeir samningar sem verða óvirkir við gildistöku Lúganósamningsins, sbr. þó 2. mgr. 54. gr. og 56. gr. Þar á meðal eru tveir Norðurlandasamningar sem Ísland hefur undirritað, annars vegar samningur um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 16. mars 1932 og hins vegar samningur milli sömu ríkja um viðurkenningu og fullnægju á kröfum borgararéttarlegs eðlis sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 11. október 1977. Í 56. gr. kemur fram sú regla að samningar þeir, sem getið er í 55. gr., skuli halda gildi sínu á þeim sviðum sem Lúganósamningurinn tekur ekki til og einnig hafa þeir gildi um dóma sem kveðnir eru upp áður en Lúganósamningurinn öðlast gildi. Í Norðurlandasamningunum má finna ákvæði sem halda gildi sínu þrátt fyrir að Lúganósamningurinn öðlist gildi.

Í 57. gr. kemur fram sú regla að Lúganósamningurinn hafi ekki áhrif á samninga sem samningsríkin eru eða verða aðilar að og ákvarða dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum. Sem dæmi um þetta má nefna vissa sjóréttarsamninga og Varsjársamning frá 12. október 1929 um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

59. gr. hefur að geyma nánari reglur um rétt aðildarríkis til að gera samninga við þriðju ríki sem ganga út á að viðurkenna ekki dóma, sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum, gegn varnaraðilum sem eiga heimili eða dveljast að jafnaði í viðkomandi þriðja ríki. Þetta á við þegar dómsvaldið er einungis byggt á þeim reglum sem gilda um alþjóðlegt varnarþing í viðkomandi ríki.

7.13. Lokaákvæði (60.–69. gr.).

Lokaákvæðin hafa m.a. að geyma reglur um undirritun, staðfestingu, hverjir geti orðið aðilar að samningnum, hvenær hann taki gildi og um endurskoðun samningsins. Þessi ákvæði skýra sig sjálf að mestu leyti.

Af 3. mgr. 61. gr. verður ljóst að samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag þegar tvö ríki, og skal annað þeirra vera aðili að Evrópubandalaginu og hitt aðili að EFTA, hafa afhent fullgildingarskjöl sín. Þessi tími er nú þegar kominn og hefur samningurinn því tekið gildi.

Tekið skal sérstaklega fram að 62. gr. heimilar ríkjum utan ESB og EFTA, með vissum skilyrðum, að gerast aðilar að Lúganósamningnum.

Í Lúganósamningnum er ekkert tekið fram um lendur eða landsvæði sem kunna að vera undir einhvers konar yfirráðum samningsaðila svo sem er í 60. gr. Brusselsamningsins. Talið er þó alveg víst að samningurinn geti átt við slíkar lendur eða landsvæði í Evrópu, a.m.k. eftir yfirlýsingu þess samningsaðila (móðurríkis) sem í hlut á, m.a. Svalbarða, Jan Mayen, Færeyjar og Grænland, auk Ermarsundseyja og eyjarinnar Manar. Við samningsgerð var og gengið út frá því af hálfu Frakklands, Spánar, Portúgals og Hollands að Lúganósamningurinn gilti beint fyrir allar lendur eða landsvæði sem þessum ríkjum tilheyrðu.

63. gr. mælir fyrir um upplýsingaskyldu samningsríkis í tengslum við aðild samningsins.

64.–68. gr. þarfnast ekki skýringa.

7.14. Bókanir.

Lúganósamningnum fylgja þrjár bókanir sem teljast óaðskiljanlegur hluti hans, sbr. 65. gr.

Bókun nr. 1 hefur að geyma ýmis ákvæði um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu dóma. Þar eru fyrirvarar og sérákvæði er varða einstök lönd. Í V. gr. a kemur m.a. efnislega fram að íslenskir meðlagsúrskurðir eru taldir jafngildir dómum. Þykir ekki ástæða til að víkja nánar að efni bókunarinnar.

Bókun nr. 2 fjallar um samræmda túlkun á Lúganósamningnum og hefur áður, sbr. k-lið 3. kafla, verið vikið að því efni.

Í bókun nr. 3 kemur fram að aðildarríki ESB hafa gert fyrirvara að því er varðar þær ákvarðanir stofnana Evrópusambandsins sem geta haft áhrif á Lúganósamninginn. Fara stofnanir þessar (nefndin, ráðið og þingið) með vald sem er í raun lagasetningarvald. Sumar af þeim ákvörðunum, sem stofnanir Evrópusambandsins taka, hafa þannig beint lagagildi í aðildarríkjunum og eru einnig beint bindandi fyrir borgara í þeim ríkjum eins og hver önnur lög. Heimild til þessarar lagasetningar er að finna í Rómarsáttmálanum og er tilgangurinn fyrst og fremst sá að auðvelda lagasamræmingu og samruna aðildarríkjanna. Evrópusambandið hefur þá stefnu að gera ekki þjóðréttarsamninga sem gætu með einhverju móti hindrað eða heft það að þessum tilgangi verði náð. Fyrirvarinn er tilkominn þar sem fyrirsvarsaðilar Evrópusambandsins telja hugsanlegt að stofnanir þeirra muni taka ákvarðanir í framtíðinni sem kunni að fara í bága við Lúganósamninginn. Fyrirvarinn gengur út á að með slíkar ákvarðanir skuli fara með sama hætti og sérsamninga þá sem vikið var að í j-lið 3. kafla, Þar var sýnt fram á að þjóðréttarsamningar sem ákvörðuðu dómsvald eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum gætu vikið ákvæðum Lúganósamningsins til hliðar að því leyti sem efni þeirra tekur til. Enn fremur var því lýst að dómstóll í samningsríki, sem væri aðili að slíkum samningi, gæti tekið sér dómsvald samkvæmt honum enda þótt varnaraðili ætti heimili í samningsríki sem ekki væri aðili að slíkum sérsamningi. Nú er þess að gæta að EFTA-ríkin hafa engin samsvarandi úrræði og stofnanir Evrópusambandsins til að setja lög í aðildarríkjunum og því mætti segja að ekki ríkti fullkomið jafnræði milli aðila Lúganósamningsins (þ.e. ríkja ESB annars vegar og ríkja EFTA hins vegar) að þessu leyti. Þrennt ber þó að hafa í huga í þessu sambandi. Í fyrsta lagi getur varnaraðili mótmælt slíku varnarþingi ef hann á heimili í því ríki sem viðurkenning eða fullnusta beinist að og það ríki er ekki aðili að ESB. Í öðru lagi geta þau samningsríki sem telja ákvarðanir stofnana Evrópusambandsins fara í bága við

Lúganósaminginn krafist endurskoðunar hans. Loks hafa aðildarríki ESB gefið yfirlýsingu um að þau muni gera ráðstafanir til að tryggja að við undirbúning ákvarðana sem fjallað er um í bókun nr. 3 verði virtar reglur Lúganósamningsins um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma.

7.15. Yfirlýsingar.

Þrjár yfirlýsingar fylgja Lúganósamningnum. Tvær þeirra eru frá fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkja ESB. Gerð hefur verið grein fyrir efni þeirrar fyrri í kafla 7.14. Í þeirri síðari segir að ríki ESB telji rétt að dómstóll Evrópubandalagsins taki réttmætt tillit til dómafordæma sem skapast við framkvæmd Lúganósamningsins við túlkun Brusselsamningsins. Ástæða þessarar yfirlýsingar er sú að með samningnum er stefnt að lagasamræmingu í samningsríkjunum og nær sá tilgangur að sjálfsögðu einnig til túlkunar þeirra.

Loks fylgir yfirlýsing frá fulltrúum ríkisstjórna þeirra ríkja sem ekki eru aðilar að ESB um að þessi ríki telji rétt að dómstólar þeirra taki réttmætt tillit til þeirra fordæma sem dómstóll Evrópubandalagsins markar varðandi ákvæði Brusselsamningsins við túlkun Lúganósamningsins. Rökin fyrir þessu eru þau sömu og fyrr voru nefnd.

8. Helstu fjárhagslegu áhrif Lúganósamningsins.

Ætla má að Lúganósamningurinn muni hafa í för með sér hagræði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ljóst er að það mun spara útgjöld og koma í veg fyrir tafir og óþægindi að unnt er að höfða mál á því varnarþingi á samningssvæðinu sem eðlilegast er og að dómur þar er aðfararhæfur hvar sem er á svæðinu.

Hugsanlegt er að innlendir dómstólar verði fyrir auknu álagi vegna mála sem höfðuð verða með stoð í Lúganósamningnum. Þó má ætla að þetta álag muni jafnast út vegna mála sem ætla má að höfðuð verði í öðrum aðildarríkjum á grundvelli samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skal sá sem fullnustu krefst njóta allrar þeirrar aðstoðar eða undanþága frá kostnaði eða gjöldum sem framast eru veittar með lögum í því ríki þar sem fullnustu er krafist ef hann hefur að öllu leyti eða að hluta notið að lögum fjárhagslegrar aðstoðar við málareksturinn eða verið undanþeginn kostnaði eða gjöldum við þá málsmeðferð sem um getur í 32.–35. gr. samningsins. Þetta þýðir væntanlega að sá sem hefur notið fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur í dómsríki skuli sjálfkrafa njóta fjárhagslegrar aðstoðar við fullnustu hér á landi og það án tillits til tekna hans og e.t.v. annarra skilyrða sem nú eru í lögum. Þessi regla kann því e.t.v. að leiða til aukinna útgjalda að því leyti sem reglur um fjárhagslega aðstoð við málarekstur eru frjálslegri í öðrum aðildarríkjum en hér á landi.

Í heild má ætla að ólíklegt sé að Lúganósamningurinn muni hafa í för með sér verulegan kostnað fyrir íslenska ríkið eða valda dómstólum landsins verulega auknu starfsálagi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er stjórnvöldum veitt heimild til að fullgilda Lúganósamninginn ásamt bókunum hans fyrir Íslands hönd.

Samningurinn í heild sinni ásamt bókunum og yfirlýsingum sem honum fylgja er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpinu, annars vegar íslenski textinn sem verður fylgiskjal með lögunum og hins vegar enski textinn sem er prentaður sem fylgiskjal III.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að ákvæði Lúganósamningsins skuli hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um bókanir hans. Þær þrjár yfirlýsingar sem fylgja fá hins vegar ekki lagagildi enda er efni þeirra þannig að ekki er ástæða til þess. Ástæðan fyrir því að þörf er á að lögtaka Lúganósamninginn er sú að mörg ákvæði hans eru með þeim hætti að þau veita einstaklingum og lögaðilum réttindi og leggja á þá skyldur. Slík ákvæði eru til þess fallin að hafa svonefnd bein réttaráhrif. Af sömu ástæðum verður að reikna með því að dómstólar skuli beita þessum ákvæðum og túlka þau. Til að ná þessum áhrifum fram er nauðsynlegt að lögtaka sjálf samningsákvæðin. Sú aðferð að lögtaka þjóðréttarsamninga í heild eða að verulegu leyti er ekki algeng hér á landi en þekkist samt. Í því sambandi má nefna lög nr. 30/1932 um viðurkenningu og fullnægju norrænna dóma og lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem meginmál EES-samningsins var tekið í lög ásamt tilteknum ákvæðum í viðaukum hans. Fleiri dæmi má nefna, svo sem lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Þess skal og getið að Brusselsamningurinn sem EB-ríki hafa sín í milli og fjallar um sama efni og Lúganósamningurinn var lögtekinn í heild í flestum ef ekki öllum aðildarríkjum EB, þar á meðal í Danmörku, á sínum tíma.

Þó að mörg ákvæði Lúganósamningsins séu til þess fallin að hafa bein réttaráhrif eru þó önnur ákvæði þess eðlis að þau kveða aðeins á um skyldur aðildarríkjanna sjálfra. Engu að síður þykir eðlilegt að taka samninginn í heild sinni í íslensk lög enda eru mörg fordæmi fyrir þeirri aðferð. Það verður síðan hlutverk dómstólanna að skera úr um hvaða ákvæði hans það eru sem eiga að fá bein réttaráhrif hér á landi og hver ekki.

Hafa verður í huga að Lúganósamningurinn er einnig þjóðréttarsamningur og því háður þeim lagareglum um túlkun sem um það gilda. Skal þá fyrst nefnt að hann er saminn á 14 tungumálum sem öll eru jafn rétthá, sbr. 69. gr. samningsins. Í annan stað skal nefnt að við túlkun og beitingu Lúganósamningsins verður að taka tillit til ýmissa erlendra dómsúrlausna og jafnvel skýringarrita sem fyrir liggja um ákvæði hans. Að öðrum kosti er hætt við að ekki verði unnt að ná því meginmarkmiði samningsins að honum verði beitt og hann túlkaður með sama eða svipuðum hætti í öllum aðildarríkjunum.

Þess skal að lokum getið að verði Lúganósamningurinn lögfestur hér á landi ber að líta á hann sem sérlög með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga, einkum réttarfarsákvæðum. Þetta þýðir að ákvæði hans skuli skýrð svo að þau gangi framar öðrum ósamrýmanlegum ákvæðum nema atvik leiði ótvírætt til annarrar niðurstöðu.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er vísað til 1. tölul. 5. gr. og b-liðar 1. tölul. 16. gr. Lúganósamningsins.

Með I. gr. a í bókun nr. 1 við Lúganósamninginn hefur Sviss áskilið sér rétt til að dómar samkvæmt 1. tölul. 5. gr. samningsins skuli hvorki viðurkenndir né þeim fullnægt í Sviss þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Þessi fyrirvari stafar af ákvæðum í stjórnarskrá Sviss og mun gilda hið lengsta til 31. desember 1999. Þrátt fyrir þennan fyrirvara af hálfu Sviss þykir ekki ástæða til annars en að viðurkenna og fullnægja svissneskum dómum sem kunna að ganga gegn aðila sem er búsettur hér á landi.

Samkvæmt I. gr. b í sömu bókun getur ríki gert fyrirvara um viðurkenningu og fullnustu dóma sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum ef dómsvald dómstólsins í dómsríkinu byggist á ákvæðum b-liðar 1. tölul. 16. gr. Ákvæði þetta fjallar um svonefnt

skylduvarnarþing í málum um fasteignaleigusamninga sem gerðir eru um tímabundin persónuleg afnot til allt að sex mánaða óslitið. Frakkland hefur gert þennan fyrirvara. Ef Ísland gerir ekki sérstakan fyrirvara um þetta mundi væntanlega leiða af gagnkvæmnissjónarmiðum og af 21. gr. Vínarsamningsins frá 1969 um alþjóðlegan samningarétt (Ísland er þó ekki aðili að þessum samningi en samningurinn er af mörgum talinn gildandi þjóðaréttur) að sambærilegir dómar frá þeim ríkjum, sem gera fyrirvarann, yrðu heldur ekki viðurkenndir né þeim fullnægt hér á landi. Ekki þykir þó ástæða til annars en að viðurkenna og veita fullnustu dómum frá dómstólum þeirra samningsríkja sem ganga á grundvelli fyrrgreinds varnarþings þó að ekki sé um gagnkvæmni á þessu sviði að ræða. Þess er og sérstaklega að geta að umrætt varnarþingsákvæði er byggt á líkum sjónarmiðum og gildandi íslensk lög, sbr. 34. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 91/1991.

Í 2. mgr. II. gr. bókunar nr. 1 er ákveðið að ekki þurfi að viðurkenna eða fullnægja dómi sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki þegar svo stendur á að dæmt hefur verið um kröfu borgararéttar eðlis í refsimáli ef varnaraðili átti þess ekki kost að taka til varna í málinu. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins kveður á um að slíkir dómar sem kveðnir kunna að vera upp í öðru samningsríki skuli hvorki hljóta viðurkenningu né þeim fullnægt hér á landi.

Um 4. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. Lúganósamningsins öðlast hann gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag þegar tvö ríki, og skal annað þeirra vera aðili að EB en hitt að EFTA, hafa afhent fullgildingarskjöl sín. Þessu skilyrði hefur nú verið fullnægt. Skv. 4. mgr. sömu greinar öðlast samningurinn gildi gagnvart hverju öðru ríki sem undirritar hann fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að það ríki hefur afhent fullgildingarskjal sitt.

Þegar fullgildingarskjal Íslands hefur verið afhent mun utanríkisráðuneytið birta auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda um hvenær samningurinn tekur gildi gagnvart Íslandi.

Um 5. gr.

Af 55. og 56. gr. Lúganósamningsins leiðir að Norðurlandasamningurinn um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932 skal víkja fyrir Lúganósamningnum á þeim sviðum sem hann nær til. Af því leiðir að Norðurlandasamningurinn heldur gildi sínu á öðrum sviðum sem Lúganósamningurinn nær ekki til.

Fylgiskjal I.

Dómar uppkveðnir af dómstól Evrópubandalagsins um túlkun Brusselsamningsins frá 27. september 1968.[1]

1. Inngangur.

130. Bókunin frá 3. júní 1971 hefur fengið dómstól Evrópubandalagsins vald til að taka ákvörðun um túlkun Brusselsamningsins.

Í samningnum frá 9. október 1978 um inngöngu Danmerkur, Írlands og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands er í 30. gr. kveðið á um að dómstóllinn hafi enn fremur vald til að taka ákvörðun að því er varðar túlkun á þeim samningi. Ákvæði 10. gr. samnings frá 25. október 1982 um inngöngu Grikklands inniheldur hliðstætt ákvæði.

Frá 1. júní 1988 eru EB-stofnríkin sex ásamt Danmörku, Írlandi og Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi aðilar að bókuninni.

Að því er varðar umfang þessarar bókunar vísast til bls. 66–70 í skýrslu Jenard og 255. og 256. tölul. í skýrslu Schlosser.

Rétt er þó að hafa í huga að bókunin veitir möguleika á tvenns konar réttarúrræðum: annars vegar að leita eftir forúrskurði og hins vegar málskoti til að leysa úr réttaróvissu. Síðarnefnda úrræðinu hefur enn ekki verið beitt. Það að leita eftir forúrskurði um álitaefni felur í sér að dómstóll lands, sem á að taka afstöðu til álitaefnis um túlkun samningsins eða bókunarinnar, getur lagt álitaefnið fyrir dómstól EB og frestað málinu uns hann hefur tekið ákvörðun.

Frá því bókunin öðlaðist gildi 1. september 1975 hefur dómstóllinn kveðið upp nærri 60 dóma (sjá 3. lið hér á eftir) og nokkur mál eru þar nú til meðferðar (sjá 4. lið hér á eftir).

Eins og þegar hefur verið nefnt í athugasemdum við bókun nr. 2 (sjá 112. og 116. tölul.) var samþykkt í viðræðunum um Lúganósamninginn að ákvæði Brusselsamningsins skuli skilin með sama hætti og dómstóllinn hefur túlkað þau og að skýrsla þessi skuli geyma umsögn um hina ýmsu dóma sem dómstóllinn hefur kveðið upp.

Þetta er tilgangurinn með kafla þessum.

Dómarnir eru ekki raktir í tímaröð, heldur með vísun til þeirra greina Brusselsamningsins, bókunarinnar sem honum er tengd og bókunarinnar frá 1971 sem dómstólinn hefur túlkað þar sem þessi háttur hefur virst vera haganlegastur.

Það er aðeins niðurstaða dómanna sem er birt í þessum kafla, en ekki forsendur, nema í alveg sérstökum málum. Þessari skýrslu er ekki ætlað að annast greiningu á dómum dómstólsins, heldur aðeins að rekja þá túlkun sem dómstóllinn hefur látið frá sér á ýmsum greinum.

---

[1] Kafli þessi er þýðing á útdrætti sem birtur var í skýrslu Jenard og Möller í EB-tíðindum nr. C 189 frá 28. júlí 1990, bls. 97–110.

2. Efni dómanna.

131. *1. Gildissvið samningsins.*

Réttarfarsreglur landslaga víkja fyrir ákvæðum samningsins á þeim sviðum sem hann tekur til (dómur frá 13. nóvember 1979 í máli 25/79 Sanicentral/Collin, Ds. 1979, bls. 3423–3431).

2. 1. mgr. 1. gr.: Einkamál, þar á meðal verslunarmál.

1. Dómstóllinn hefur látið uppi sjálfstæða skilgreiningu á hugtakinu einkamál, þar á meðal verslunarmál. Hann slær því föstu að úrlausn, sem fellur í ágreiningsmáli milli opinbers stjórnvalds og einstaklings, þar sem hið opinbera stjórnvald hefur beitt „stjórnsýslulegri heimild", falli utan gildissviðs samningsins (dómur frá 14. október 1976 í máli 29/76 LTU/Eurocontrol, Ds. 1976, bls. 1541–1552).
2. Hann kemst að sömu niðurstöðu í dómi frá 16. desember 1980 í máli 814/79 hollenska ríkið/Rüffer þar sem hann slær því föstu að hugtakið „einkamál, þar á meðal verslunarmál", taki ekki til dómsmála sem höfðuð eru af stjórnvaldsstofnun fyrir opinberar vatnaleiðir, í þessu tilviki hollenska ríkinu, í því skyni að fá bætt útgjöld við að fjarlægja flak sem stofnunin hafði fjarlægt eða látið fjarlægja samkvæmt alþjóðasamningi (Ds. 1980, bls. 3807–3822).
3. Vinnusamningar falla undir gildissvið samningsins (dómur frá 13. nóvember 1979 í máli 25/79 Sanicentral/Collin, Ds. 1979, bls. 3423–3431).

3. 2. mgr. 1. gr.

1.a. Persónuleg réttarstaða manna.

1. Úrlausnir dómstóla, þar sem í skilnaðarmáli er veitt leyfi til að beita bráðabirgðaúrræðum, falla ekki undir gildissvið samningsins þegar úrræðin snerta eða eru nátengd persónulegri réttarstöðu þeirra manna sem skilnaðarmálið tekur til eða varða fjármunaréttarleg atriði sem eru bein afleiðing hjúskaparins eða slita hans (dómur frá 27. mars 1979 í máli 143/78 De Cavel J./De Cavel L., Ds. 1979, bls. 1055–1068).
2. Á hinn bóginn tekur samningurinn annars vegar til fullnustu ákvörðunar um bráðabirgðaúrræði sem franskur dómstóll tók í skilnaðarmáli þar sem öðrum aðilanum var gert að greiða mánaðarlegan lífeyri, og hins vegar til mánaðarlegra bótagreiðslna til bráðabirgða samkvæmt frönskum dómi, uppkveðnum á grundvelli 270. gr. o.áfr. í borgaralögbókinni (Code civil).

Dómstóllinn telur framfærsluskylduna falla undir gildissvið samningsins og telur að meðferð viðbótarkröfu þurfi ekki nauðsynlega að vera tengd meðferð aðalkröfu.

Það sem ræður úrslitum um hvort viðbótarkrafa falli undir gildissvið samningsins er undir hvaða réttarsvið krafan fellur, en ekki til hvaða sviðs aðalkrafan telst (dómur frá 6. mars 1980 í máli 120/79 De Cavel L./De Cavel J., Ds. 1980, bls. 731–742).

1.b. Fjármál hjóna.

1. Hugtakið „fjármál hjóna“ nær ekki aðeins til fjármála sem í lögum einstakra ríkja eru sniðin sérstaklega og einvörðungu að hjúskapnum, heldur enn fremur til allra fjármunaréttarlegra málefna sem stafa beint af hjúskapnum eða slitum hans (dómur frá 27. mars 1979 í máli 143/78 De Cavel Jacques/De Cavel Louise, Ds. 1979, bls. 1055–1068).
2. Beiðni um bráðabirgðaúrræði sem hefur það að markmiði að endurheimta skjal til að koma í veg fyrir að það verði notað sem sönnunargagn í máli varðandi umsjón eiginmanns með eign eiginkonunnar fellur ekki undir gildissvið samningsins ef þessi umsjón stendur í nánum tengslum við þau eignarréttartengsl sem leiðir beint af hjúskapnum (dómur frá 31. mars 1982 í máli 25/81 W./H., Ds. 1982, bls. 1189–1205).

2. Gjaldþrot.

Dómur, uppkveðinn af frönskum einkamáladómstóli yfir raunverulegum forsvarsmanni lögpersónu skv. 99. gr. franskra laga frá 13. júlí 1967 þar sem honum er gert að greiða fjárhæð til gjaldþrotabúsins, skal talinn kveðinn upp í gjaldþrotamáli eða svipuðu máli (dómur frá 22. febrúar 1979 í máli 133/78 Gourdain/Nadler, Ds. 1979, bls. 733–746).

4. 1. tölul. 5. gr.: Mál sem varða samninga.

1. Ákveða skal þann stað þar sem skuldbindingu skal efna á grundvelli þeirra laga sem beita skal um hina umdeildu skuldbindingu samkvæmt lagaskilareglum við þann dómstól sem málinu er stefnt fyrir (dómur frá 6. október 1976 í máli 12/76 Tessili/Dunlop, Ds. 1976, bls. 1473–1487).
2. Ef efndastaður samningsskuldbindingar er ákveðinn af aðilunum með samkomulagi sem er gilt samkvæmt landslögum þeim sem gilda um samninginn er dómstóllinn á þeim stað bær til að kveða á um ágreining varðandi þessa skuldbindingu á grundvelli 1. tölul. 5. gr., óháð því hvort formkröfur skv. 17. gr. eru uppfylltar (dómur frá 17. janúar 1980 í máli 56/79 Zelger/Salintri, Ds. 1980, bls. 89–98).
3. Hugtakið „skuldbinding“ í 1. tölul. 5. gr. vísar til þeirrar samningsskuldbindingar sem er grundvöllur málsóknar og að því er snertir einkaumboðssamning á það við þá skuldbindingu sem hvílir á birgjanum (dómur frá 6. október 1976 í máli 14/76 De Bloos/Boyer, Ds. 1976, bls. 1497–1511).
4. Sóknaraðila er enn fremur fært að nota efndavarnarþing skv. 1. tölul. 5. gr. samningsins þegar aðilarnir deila um það hvort komist hafi á samningur sem hin umþrædda krafa er byggð á (dómur frá 4. mars 1982 í máli 38/81 Effer/Kantner, Ds. 1982, bls. 825–836).
5. Í tilvikum þar sem krafa er byggð á ýmsum skuldbindingum sem eiga rót sína í umboðssamningi milli launþega sem er ekki sjálfstæður og fyrirtækis er það sú skuldbinding sem einkennir samninginn, þ.e. staðurinn þar sem framkvæma á vinnuna, sem hafa ber í huga við beitingu 1. tölul. 5. gr. samningsins (dómur frá 26. maí 1982 í máli 133/81 Ivenel/Schwab, Ds. 1982, bls. 1891–1902).

6. Hugtakið „mál sem varða samninga“ skal líta á sem sjálfstætt hugtak. Skuldbindingar um að greiða peningafjárhæð, sem rísa af félagsaðild milli félags og félagsmanna þess, skulu teljast falla undir hugtakið „mál sem varða samninga“ óháð því hvort hlutaðeigandi skuldbindingar byggja beint á félagsskráningunni eða á ákvörðunum sem eru teknar af stofnunum félagsins (dómur frá 22. mars 1983 í máli 34/82 Peters/Znav, Ds. 1983, bls. 987–1004).
7. Sú skuldbinding, sem er afgerandi við ákvörðun á efndastað skv. 1. tölul. 5. gr., er í máli sem varðar þóknun til arkitekts sem hafði fengið byggingarverkefni framselt, sú samningsskuldbinding sem beinlínis liggur til grundvallar í málinu.

   Í málinu var skuldbindingin greiðsla fjárhæðar sem átti að greiðast á þeim stað þar sem varnaraðili átti heimili.

   Staðurinn, þar sem greiðsla á að fara fram, er ákveðinn samkvæmt þeim lögum sem gilda um samninginn (dómur frá 15. janúar 1987 í máli 266/85 Shenavai/Kreischer, OJ nr. C 39 frá 17. febrúar 1987, bls. 3).
8. a) Að því er snertir álitaefnið, hvort kröfu um bætur fyrir skyndilega og ólögmæta riftun samnings eigi að meðhöndla sem mál er varðar samninga eða mál um bætur utan samninga, hefur dómstóllinn dæmt að „mál um ólögmæta riftun sjálfstæðs samnings um umboð og um greiðslu umboðsþóknunar samkvæmt slíkum samningi sé mál sem varðar samning skv. 1. tölul. 5. gr. Brusselsamningsins“ (dómur frá 8. mars 1988 í máli nr. 9/87 Arcado/Haviland, OJ nr. C 89 frá 6. apríl 1988, bls. 9).
   b) Ítrekað er að orðin „mál sem varða samninga“ skuli skoðast sem *„sjálfstætt“* hugtak (dómur frá 22. mars 1983 í máli 34/82 Peters/Znav).
   c) Bætur fyrir ólögmæta riftun samnings er rökstudd sem vanefnd á að standa við samningsskuldbindingu.
   d) Að lokum vísar dómstóllinn til Rómarsamningsins frá 19. júlí 1980 um það hvaða lögum skuli beita um samningsskuldbindingar, en skv. 10. gr. hans falla áhrif vanefndar að nokkru eða öllu leyti á skuldbindingum sem leiða af samningi, og þar af leiðandi sú samningsréttarlega ábyrgð sem hvílir á þeim aðila sem á sök á vanefndinni, undir gildissvið þeirra laga sem gilda um samninginn (dómur frá 8. mars 1988 í máli 9/87 Arcado/Haviland, OJ nr. C 89 frá 6. apríl 1988, bls. 9).

5. 2. tölul. 5. gr.: Mál sem varða framfærsluskyldu.

Framfærsluskylda fellur undir gildissvið samningsins, einnig þótt verið sé að fjalla um viðskeytta kröfu í tengslum við hjónaskilnaðarmál (dómur frá 6. mars 1980 í máli 120/79 De Cavel L./De Cavel J., Ds. 1980, bls. 731).

6. 3. tölul. 5. gr.: Mál um skaðabætur utan samninga.

1. Hugtakið „sá staður þar sem tjónsatburðurinn varð“ ber að skilja svo að það taki bæði til þess staðar þar sem tjónið varð og enn fremur þess staðar þar sem tjóninu var valdið.

Af þessu leiðir að sóknaraðili getur valið um hvort hann lögsækir varnaraðila fyrir dómstóli á þeim stað þar sem tjónið varð eða fyrir dómstóli þar sem sú athöfn átti sér stað sem var orsök tjónsins (dómur frá 30. nóvember 1976 í máli 21/76 Bier, Reinwater/Mines de potasse d'Alsace, Ds. 1976, bls. 1735–1748).

2. a) Hugtakið „mál um skaðabætur utan samninga“ í 3. tölul. 5. gr. samningsins ber að skoða sem sjálfstætt hugtak sem nær yfir sérhverja kröfu um að á varnaraðila verði lögð skaðabótaábyrgð sem ekki snertir samning í skilningi 1. tölul. 5. gr.
   b) Dómstóll, sem er bær skv. 3. tölul. 5. gr. til að kveða á um þann hluta kröfu sem byggist á reglunum um bætur utan samninga, er ekki bær til þess að kveða á um aðra þætti sömu kröfu sem styðst við aðrar reglur (dómur frá 27. september 1988 í máli 189/87 Kalfelis/Schröder, OJ nr. C 281 frá 4. nóvember 1988, bls. 18).

7. 5. tölul. 5. gr.: Hugtakið „útibú, umboðsskrifstofa eða svipuð starfsemi“.

1. Umboðsaðila samkvæmt einkaumboðssamningi er ekki unnt að líta á sem stjórnanda hlutaðeigandi birgja í útibúi, umboðsskrifstofu eða svipaðri starfsemi á vegum hins síðarnefnda í þeim skilningi sem 5. tölul. 5. gr. gerir ráð fyrir þegar hann lýtur ekki eftirliti hans eða stjórn (dómur frá 6. október 1976 í máli 14/76 De Bloos/Bouyer, Ds. 1976, bls. 1497–1511).
2. Dómstóllinn leggur *sjálfstæða* túlkun í hugtakið „rekstur útibús, umboðsskrifstofu eða svipaðrar starfsemi“:
   a) Hugtakið útibú, umboðsskrifstofa eða svipuð starfsemi gerir ráð fyrir að reksturinn fari fram frá bækistöð sem út á við kemur fram sem varanlegur umboðsaðili aðalstarfseminnar, með stjórn og þannig búin efnislega að hún geti samið við þriðja mann, þannig að hann, þótt honum sé kunnugt um að hugsanlega stofnist réttarsamband við aðalstarfsemina sem hefur aðsetur erlendis, þurfi ekki að leita beint þangað, heldur geti hann gert samninga á hinni rekstrarlegu bækistöð sem er umboðsaðili fyrir aðalstarfsemina.
   b) Hugtakið rekstur nær yfir:
      (1) Ágreining um réttindi eða skyldur innan eða utan samninga í tengslum við eiginlegan rekstur viðkomandi útibús, umboðsskrifstofu eða svipaðrar starfsemi, svo sem ágreining um leigumála húsnæðis sem þessi starfsemi hefur komið sér fyrir í eða ráðningu starfsmanns sem er ráðinn til starfa þar á staðnum.
      (2) Ágreining um þær skuldbindingar sem hin rekstrarlega bækistöð, eins og lýst er hér að framan, hefur tekist á hendur fyrir hönd aðalstarfseminnar og sem á að efna í samningsríki því þar sem bækistöðinni hefur verið komið fyrir.
      (3) Ágreining um skuldbindingar utan samninga sem leiðir af þeirri starfsemi sem hlutaðeigandi útibú, umboðsskrifstofa eða svipuð starfsemi, í þeim skilningi sem að framan greinir, hefur tekist á hendur vegna aðalstarfseminnar á þeim stað þar sem bækistöðinni hefur verið komið fyrir (dómur frá 22. nóvember 1978 í máli 33/78 Somafer/Ferngas, Ds. 1978, bls. 2183–2195).

3. „Sjálfstæður umboðsaðili“ uppfyllir ekki þau skilyrði sem eru dæmigerð fyrir útibú þegar hann getur að eigin vild skipulagt starfsemi sína, svo framarlega sem fyrirtækið sem hann er fulltrúi fyrir getur ekki bannað honum að vera samtímis fulltrúi fleiri fyrirtækja og svo framarlega sem hann sér aðeins um að framsenda pantanir til aðalstarfseminnar án þess að eiga þátt í framgangi eða efnd pantananna (dómur frá 18. mars 1981 í máli 139/80 Blanckaert & Willems/Trost, Ds. 1981, bls. 819–830).
4. 5. tölul. 5. gr. ber að túlka með þeim hætti að lögpersónu sem hefur verið komið á fót í aðildarríki megi lögsækja samkvæmt ákvæðinu þótt ekki sé rekið útibú, umboðsskrifstofa eða starfsemi án sjálfstæðrar stöðu í hlutaðeigandi öðru aðildarríki þegar atvinnurekstur lögpersónunnar fer þar fram hjá félagi sem er sjálfstætt en ber sama nafn og hefur sömu stjórn sem fer með og gerir samninga fyrir lögpersónuna og sem það notar með sama hætti sem umboðsaðila sinn (dómur frá 9. desember 1987 í máli 218/86 Schotte/Rotschild, OJ nr. C 2 frá 6. janúar 1988, bls. 3).

7.a. 1. tölul. 6. gr.: Tilvik þegar margir eru lögsóttir.

Til þess að unnt sé að beita 1. tölul. 6. gr. þarf að liggja fyrir að hinar ýmsu kröfur séu þannig af sömu rót runnar, sem einn og sami stefnandi getur haft uppi gegn hinum ýmsu varnaraðilum, að það sé æskilegt að lagður verði dómur á þær samtímis þannig að komast megi hjá því að úrlausnirnar, ef þær yrðu dæmdar hver í sínu lagi, verði ósamræmanlegar (dómur frá 27. september 1988 í máli 189/87 Kalfelis/Schröder, OJ nr. C 281 frá 4. nóvember 1988, bls. 18).

8. 13. gr.: Lausafjárkaup með afborgunarskilmálum og lán sem endurgreiða skal með afborgunum.

Dómstóllinn gefur óbeint sjálfstæða skýringu á hugtakinu „lausafjárkaup með afborgunarskilmálum“ þar sem hann slær því föstu að þetta hugtak beri ekki að skilja svo að það taki til kaupa félags á vél hjá öðru félagi gegn greiðslu með víxlum sem falla í gjalddaga með afborgunum.

Hin hagstæða varnarþingsregla er aðeins áskilin kaupendum sem þarfnast verndar (dómur frá 21. júní 1978, mál 150/77 Bertrand/Ott, Ds. 1978, bls. 1431–1447).

Það athugist að þessari grein var breytt með samningnum frá 1978 þannig að hún er í samræmi við dóminn.

9. 1. tölul. 16. gr.: Mál varðandi fasteignir.

1. Hugtakið „mál um . . . leigu fasteignar“ ber ekki að túlka svo að það taki til samnings um leigu á rekstri fyrirtækis sem er rekið í fasteign sem leigusali hefur tekið á leigu frá þriðja manni.

   1. tölul. 16. gr. má ekki túlka rúmar en markmið ákvæðisins krefst (dómur frá 14. desember 1977 í máli 73/77 Sanders/Van der Putte, Ds. 1977, bls. 2382–2391).
2. 1. tölul. 16. gr. gildir um alla samninga um leigu fasteigna (dómur frá 15. janúar 1985 í máli 241/83 Rösler/Rottwinkel, Ds. 1985, bls. 99–129).

Það er ekki tekið tillit til þessa vægast sagt umdeilda dóms í Lúganósamningnum (sjá 50. og 51. tölul.). Dómurinn svarar heldur ekki til þess skilnings sem höfundar samningsins frá 1968 höfðu (sjá bls. 35 í skýrslu Jenard og 164. tölul. í skýrslu Schlossers).

3. 1. tölul. 16. gr. ber að túlka svo að í ágreiningsmáli, þar sem ákveða þarf hvort fyrir hendi sé leigusamningur um fasteign sem er í tveimur aðildarríkjum (í þessu tilviki Belgíu og Hollandi), eru dómstólar í báðum ríkjunum hver fyrir sig einir bærir til að kveða á um þann hluta fasteignarinnar sem er í ríki þeirra (dómur frá 6. júlí 1988 í máli 158/87 Scherens/Maenhout og van Poucke, OJ nr. C 211 frá 11. ágúst 1988, bls. 7).

10.4. tölul. 16. gr.: Mál varðandi einkaleyfi.

Sjá dóm frá 15. nóvember 1983 í máli 288/82 Duijinstee/Goderbauer, Ds. 1983, bls. 3663–3679.

11.5. tölul. 16. gr.: Málsókn til að verjast fullnustu.

Málsókn, sem er hafin til að verjast fullnustu, eins og fjallað er um í 767. gr. þýsku laganna um réttarfar í einkamálum (Zivilprozessordnung), fellur sem slík undir varnarþingsregluna í 5. tölul. 16. gr. samningsins, en síðarnefnda ákvæðið heimilar hins vegar ekki að gagnkröfu í máli til að verjast fullnustu sem er rekið fyrir dómstólum í samningsríki, þar sem fullnustustaðurinn er, sé haldið fram til að mæta kröfu sem fullnustu er óskað á þegar sjálfstæð greiðsla á hlutaðeigandi gagnkröfu mundi falla utan við valdsvið nefndra dómstóla.

Samkvæmt skilningi dómstólsins er hér um að ræða augljósa misbeitingu réttarfarsreglna af hálfu stefnanda með það að markmiði að fá óbeint dæmda hjá þýskum dómstólum kröfu sem dómsvald þeirra samkvæmt samningnum nær ekki til (dómur frá 4. júlí 1985 í máli 220/84 AS Autoteile/Malhe, Ds. 1985, bls. 2267–2279).

12.17. gr.: Samningar um varnarþing.

1. a) Krafa, sem nefnd er í 1. mgr. 17. gr. um að samningur um varnarþing skuli vera skriflegur, telst því aðeins uppfyllt að því er varðar almenna viðskiptaskilmála samningsaðilanna sem eru prentaðir á bakhlið samningseyðublaðs að skýlaust sé vísað til þessara viðskiptaskilmála í samningi þeim sem samningsaðilarnir undirrita.

   b) Hafi samningur verið gerður með skírskotun til fyrra tilboðs, þar sem vísað var til almennra viðskiptaskilmála samningsaðila sem hafa að geyma varnarþingsákvæði, telst ákvæðið í 1. mgr. 17. gr. um að hann skuli vera skriflegur því aðeins uppfyllt að tilvísunin sé skýlaus og að viðsemjandi sem sýnir almenna aðgát geti þannig gengið úr skugga um það (dómur frá 14. desember 1976 í máli 24/76 Colzani/Ruwa, Ds. 1976, bls. 1831–1843).

2. a) Hafi samningur verið gerður munnlega teljast formkröfur 1. mgr. 17. gr. því aðeins uppfylltar að skrifleg staðfesting seljanda með tilkynningu um almenna viðskiptaskilmála hans hafi verið skriflega samþykkt af kaupanda.

b) Þeirri staðreynd að kaupandi hefur ekki borið fram mótmæli gegn einhliða staðfestingu viðsemjanda síns er því aðeins unnt að jafna við samþykki á varnarþingsskilmálunum að munnlegi samningurinn hafi verið liður í viðvarandi viskiptasambandi aðilanna sem stofnað var til á grundvelli almennra viðskiptaskilmála samningsaðilanna sem hafa að geyma varnarþingsákvæði (dómur frá 14. desember 1976 í máli 25/76 Segoura/Bonakdarian, Ds. 1976, bls. 1851–1863).

3. a) 1. mgr. 17. gr. má ekki túlka svo að hún útiloki samning þess efnis að aðeins megi lögsækja annan hvorn tveggja aðila kaupsamnings, sem eiga heimili í mismunandi ríkjum, fyrir dómstólum í ríki því þar sem þeir eiga heimili.
   b) Ákvæðið má ekki túlka svo að það útiloki að sá dómstóll, sem ágreiningur hefur verið lagður fyrir samkvæmt varnarþingssamningi af því tagi sem að ofan er lýst, geti tekið til greina skuldajöfnuð gegn kröfu sem stendur í tengslum við réttarágreininginn (dómur frá 9. nóvember 1978 í máli 23/78 Meeth/Glacetal, Ds. 1978, bls. 2133–2144).
4. a) Réttarfarsreglur landslaga víkja fyrir ákvæðum samningins á þeim sviðum sem falla undir gildissvið hans, og
   b) í dómsmálum, sem höfðuð eru eftir gildistöku samningsins, skulu varnarþingsákvæði í vinnusamningum, sem gerðir eru fyrir gildistöku samningsins, teljast gildir þótt þeir væru ógildir samkvæmt landslögum þeim sem giltu þegar samningurinn var gerður (dómur frá 13. nóvember 1979 í máli 25/79 Sanicentral/Collin, Ds. 1979, bls. 3423–3431).
5. Ef efndastaður samningsréttarlegrar skuldbindingar hefur verið ákveðinn af aðilum með samningi, sem gildur er að þeim landslögum sem gilda um samninginn, er dómstóll á þeim stað bær til þess að leysa úr ágreiningi varðandi þessa skuldbindingu samkv. 1. tölul. 5. gr. samningsins, óháð því hvort formskilyrði 17. gr. séu uppfyllt (dómur frá 17. janúar 1980 í máli 56/79 Zelger/Salinitri, Ds. 1980, bls. 89–98).
6. Túlka ber 17. gr. á þann veg að landslög samningsríkis geti ekki hindrað að samningur um varnarþing sé gildur eingöngu vegna þess að það tungumál sem notað er sé ekki það tungumál sem mælt er fyrir um í þeirri löggjöf (dómur frá 24. júní 1981 í máli 150/81 Elefanten Schuh/Jacqmain, Ds. 1981, bls. 1671–1690).
7. Túlka ber 17. gr. á þann veg að þegar fyrir liggur vátryggingarsamningur milli vátryggjanda og tryggingartaka, sem hefur gert samning í sína þágu og til hagsbóta fyrir þriðja mann, þá geti þriðji maður líka, án þess að hafa persónulega undirritað varnarþingsákvæði í vátryggingarsamningnum, borið það fyrir sig ef því er að skipta (dómur frá 14. apríl 1983 í máli 201/83 Gerling/Ammistrazione del Tesoro dello Stato, Ds. 1983, bls. 2503–2518).
8. Að því er varðar farmskírteini hefur dómstóllinn kveðið upp eftirfarandi dóm:
   a) Farmskírteini það, sem farmflytjandi afhendir sendanda, má líta á sem „samning“, „staðfestan skriflega“ milli aðilanna í skilningi 17. gr. samningsins: varnarþingsreglan er gild ef aðilarnir hafa undirritað farmskírteinið. Ef varnarþingsákvæðið er að finna í almennu skilmálunum skal sendandi hafa samþykkt ákvæðið skýlaust og skriflega. Í farmskírteini því

sem undirritað er af báðum aðilum skal vera skýlaus tilvísun til almennu skilmálanna. Ef viðvarandi viðskiptasamband ríkir milli farmflytjanda og sendanda, sem í heild sinni ræðst af skilmálum í farmskírteini farmflytjanda, gildir varnarþingsákvæðið, jafnvel þótt ekki liggi fyrir skriflegt samþykki fyrir því.

b) Farmskírteinið sem farmflytjandi afhendir sendanda getur gagnvart þriðja manni sem er handhafi farmskírteinisins aðeins verið talið sem „samningur", „staðfestur skriflega" í skilningi 17. gr., ef þessi þriðji maður er bundinn af samningi við farmflytjandann í samræmi við þær réttarreglur í landslögum sem gilda, og ef farmskírteinið er skrifleg staðfesting á þeim samningi og uppfyllir með þeim hætti formkröfurnar í 17. gr. (dómur frá 19. júní 1984 í máli 71/83 Russ/Nova-Goeminne, Ds. 1984, bls. 2417–2436).

9. Dómstóll í samningsríki hefur dómsvald skv. 18. gr. ef sóknaraðili í máli, sem er til meðferðar fyrir þessum dómstóli, hreyfir ekki mótmælum gegn framborinni gagnkröfu, sem ekki byggist á sama samningi eða sömu atvikum og aðalkrafan í málinu, þó að samningur hafi verið gerður um gagnkröfuna með gildum hætti skv. 17. gr. og dómstóll í hinu samningsríkinu hefur einn dómsvald samkvæmt þeim samningi (dómur frá 7. mars 1985 í máli 48/84 Spitzley/ Sommer, Ds. 1985, bls. 787–800).
10. Túlka ber 1. mgr. 17. gr. á þann veg að formkrafa ákvæðisins telst uppfyllt þegar leitt hefur verið í ljós að varnarþingsákvæðið hefur verið ákveðið með skýru munnlegu samkomulagi, að skrifleg staðfesting *eins aðila* samningsins hefur gengið til hins aðilans og að sá síðarnefndi hafi ekki borið fram mótmæli (dómur frá 11. júlí 1985 í máli 221/84 Berghoefer/Asa, Ds. 1985, bls. 2699–2710).
11. Samningur um varnarþing telst ekki hafa verið gerður til hagsbóta fyrir annan aðilann, sbr. 3. mgr. 17. gr. samningsins, eingöngu vegna þess að aðilarnir hafa samið um að dómsvaldið skuli vera hjá tilteknum dómstóli eða dómstólum í samningsríki þar sem sá aðili á heimili.

    Samkvæmt skilningi dómstólsins skulu ákvæði sem tilgreina skýlaust þann aðila sem samið er til hagsbóta fyrir og ákvæði, sem enda þótt þau tilgreini fyrir hvaða dómstól hvor aðila á að stefna hinum veita öðrum aðilanum meira valfrelsi um varnarþing, teljast vera ákvæði sem samkvæmt hljóðan sinni aðeins er samið um til hagsbóta fyrir annan aðilann (dómur frá 24. júní 1986 í máli 22/85, Anterist/Credit Lyonnais, OJ nr. C 196 frá 5. ágúst 1986).
12. 17. gr. ber að túlka á þann veg að svo fremi að skriflegur samningur, sem hefur að geyma varnarþingsákvæði og sem samkvæmt efni sínu er aðeins unnt að framlengja með skriflegum samningi, er runninn úr gildi, en er samt sem áður áfram réttarlegur grundvöllur samningssambands milli aðilanna, uppfylli ákvæðið þær formreglur sem eru ákveðnar í greininni ef aðilarnir geta samkvæmt gildandi lögum framlengt upprunalega samninginn án þess að það gerist skriflega, eða ef annar aðilanna annars staðfestir varnarþingsákvæðið skriflega eða öll þau ákvæði sem fleytt er áfram með þegjandi samkomulagi, og sem meðal annars tekur til þessa ákvæðis án þess að hinn aðilinn sem hefur móttekið staðfestinguna hreyfi mótmælum (dómur frá 11.

nóvember 1986 í máli 313/85 Iveco Fiat/van Hool, OJ nr. C 308 frá 2.12.1986, bls. 4).

13.18. gr.: Þegjandi samþykki.

1. a) 18. gr. gildir líka þegar aðilarnir hafa gert samning um að dómstólar í öðru ríki skuli fara með dómsvald þar sem 17. gr. er ekki meðal þeirra undantekninga sem 18. gr. nefnir.
   b) 18. gr. gildir þegar varnaraðili hefur ekki aðeins borið fram mótmæli gegn dómsvaldi dómstóls heldur einnig lagt fram kröfu um efnisatriði, svo fremi að mótmælin um dómsvaldið, ef þau eru ekki borin fram á undan sérhverjum efnislegum mótmælum, eiga sér þó ekki stað eftir það tímamark sem telja má unnt að koma fram vörnum í samræmi við réttarfar samkvæmt landslögum fyrir þann dómstól sem málinu er stefnt fyrir (dómur frá 24. júní 1981 í máli 150/81 Elefanten Schuh/Jacqmain, Ds. 1981, bls. 1671–1690).

   Sjá enn fremur dóm frá 22. október 1981 í máli 27/81 Rohr/Ossberger, dóm frá 31. mars 1982 í máli 25/81 W/H og dóm frá 14. júlí 1983 í máli 201/82 Gerling/Amministrazione del Tesoro delle Stato.
2. Dómstóll í samningsríki hefur dómsvald skv. 18. gr. samningsins frá 27. september 1968 um dómsvald dómstóla og um fullnustu dóma í einkamálum, þar á meðal verslunarmálum, þegar sóknaraðili máls sem er til meðferðar hjá þeim dómstóli hefur ekki uppi mótmæli gegn því að fram sé lögð gagnkrafa, sem ekki á rót í sama samningi eða sömu atvikum og aðalkrafan í málinu, og samningur hefur verið gerður um svo gilt sé skv. 17. gr. þannig að dómstólar í öðru samningsríki fá einir dómsvald (dómur frá 7. mars 1985 í máli 48/84 Spitzley/Sommer, Ds. 1985, bls. 787–800).

14.19. gr.: Könnun á varnarþingi.

Samkvæmt 19. gr. á dómstóll í samningsríki að lýsa því sjálfkrafa yfir að hann skorti dómsvald í öllum tilvikum þegar hann kemst að því að dómstóll í öðru samningsríki hafi einn dómsvald skv. 16. gr. samningsins þrátt fyrir að réttarfarsreglur í löggjöf landsins um málskot til ógildingar takmarki vald dómstólsins til að leggja dóm á þær málsástæður sem aðilarnir hafa borið fram (dómur frá 15. nóvember 1983 í máli 288/82 Duijnstee/Goderbauer, Ds. 1983, bls. 3663–3679).

15.21. gr.: „Litis pendens".

1. Sjá dóm frá 7. júní 1984 í máli 129/83 Zelger/Salinitri.
2. Hugtakið „litis pendens", sbr. 21. gr., tekur til tilvika þar sem annar samningsaðilinn fer þess á leit við dómstól í samningsríki að hann lýsi ógildan eða felli úr gildi alþjóðlegan sölusamning á sama tíma og hinn aðilinn krefst þess hjá dómstóli í öðru samningsríki að samningurinn verði efndur eftir efni sínu.

   Það athugist enn fremur að hugtök þau, sem notuð eru í 21. gr. til að ákveða hvort fyrir liggi „litis pendens", ber samkvæmt skilningi dómstólsins að skoða sem *sjálfstæð* hugtök (dómur frá 8. desember 1987 í máli 144/86 Gubisch/Palumbo, OJ nr. C 8 frá 13. janúar 1988, bls. 3).

16.22. gr.: Skyldar kröfur.

22. gr. fjallar ekki um reglur um dómsvald dómstóla.

Hún gildir aðeins þegar innbyrðis tengd mál eru höfðuð fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum (dómur frá 24. júní 1981 í máli 150/81 Elefanten Schuh/Jacqmain, Ds. 1981, bls. 1671–1690).

17.24. gr.: Bráðabirgðaúrræði, þar með talin tryggingarúrræði.

1. Það er ekki eðli bráðabirgðaúrræðanna í sjálfu sér heldur eðli þeirra réttinda sem þeim er ætlað að vernda sem ræður úrslitum um það hvort gildissvið samningsins nær til þeirra (dómur frá 27. mars 1979 í máli 143/78 De Cavel Jacques/De Cavel Louise, Ds. 1979, bls. 1055–1068).
2. Að því er varðar fullnustu dómsúrlausna sem heimila bráðabirgðaúrræði, þar með talin tryggingarúrræði, vísast til 27. gr. hér á eftir (dómur frá 21. maí 1980 í máli 125/78 Denilauler/Couchet, Ds. 1980, bls. 1553–1572).
3. Bráðabirgðaúrræði, þar á meðal tryggingarúrræði sem snerta atriði sem eru útilokuð frá gildissviði samningsins, er ekki unnt að draga undir gildissvið hans með skírskotun til 24. gr. (dómur frá 31. mars 1982 í máli 25/81 W./H., Ds. 1982, bls. 1189–1205).

18.26. gr.: Viðurkenning.

Erlend dómsúrlausn, sem er viðurkennd skv. 26. gr., á *að meginreglu til* að hafa sömu áhrif í því ríki sem beiðninni er beint til og í dómsríkinu.

Þetta gildir þó með fyrirvara um þær varnarástæður sem eru ákveðnar í samningnum (dómur frá 4. febrúar 1988 í máli 145/86 Hoffmann/Krieg; sjá enn fremur í tengslum við sama mál túlkun dómstólsins á 1. og 3. tölul. 27. gr., 31. gr. og 36. gr., OJ nr. C 63 frá 8. mars 1988, bls. 6).

19.1. tölul. 27. gr.: Allsherjarregla.

Beiting ákvæðisins um allsherjarreglu, sem á aðeins við í alveg sérstökum tilvikum, ... er undir öllum kringumstæðum útilokuð þegar álitaefnið er að erlendur dómur er ósamrýmanlegur innlendum dómi. Slík álitaefni á að leysa á grundvelli 3. tölul. 27. gr. er varðar það þegar erlendur dómur er ósamrýmanlegur dómi milli sömu aðila sem kveðinn hefur verið upp í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist (dómur frá 4. febrúar 1988 í máli 145/86 Hoffmann/Krieg, OJ nr. C 63 frá 8. mars 1988, bls. 6).

20.2. tölul. 27. gr.: Vernd varnaraðila til að gæta hagsmuna sinna undir rekstri málsins.

1. Dómar, sem heimila bráðabirgðaúrræði, þar á meðal tryggingarúrræði, sem kveðnir eru upp án þess að sá aðili sem þeir beinast gegn hafi fengið tilkynningu og sem á að fullnægja án þess að birting hafi átt sér stað fyrir fram, falla ekki undir reglurnar um viðurkenningu og fullnustu í III. hluta samningsins (dómur frá 21. maí 1980 í máli 125/78 Denilauler/Couchet, Ds. 1980, bls. 1553–1572).

2. Túlka ber 2. tölul. 27. gr. sem hér segir:
   a) Hugtakið „stefna eða samsvarandi skjal“ nær yfir skjal eins og greiðsluáskorun (Zahlungsbefehl) í þýskum rétti.
   b) Dómur á borð við aðfararhæfa ávörðun (Vollstreckungsbefehl) samkvæmt þýskum rétti fellur ekki undir hugtakið „stefna eða samsvarandi skjal“.
   c) Við ákvörðun á því hvort varnaraðili hafi getað gætt hagsmuna sinna í skilningi 2. tölul. 27. gr. á dómstóll í viðurkenningar- og fullnusturíkinu eingöngu að taka tillit til þess frests — á borð við þann sem gildir samkvæmt þýskum rétti til að hreyfa mótbárum (Widerspruch) — sem varnaraðili hefur til umráða til að afstýra því að útivistardómur sem fullnægja má á grundvelli samningsins gangi.
   d) 2. tölul. 27. gr. gildir enn fremur þegar varnaraðili hefur óskað eftir endurupptöku á dómi þeim sem gekk í útivistarmáli og dómstóll í dómsríkinu hefur vísað þeirri beiðni frá með þeim rökum að frestur til þess sé liðinn.
   e) Jafnvel þótt dómstóll í dómsríkinu hafi, að lokinni sérstakri málsmeðferð með andmælarétti, komist að því að birtingin eða tilkynningin hafi farið fram samkvæmt settum reglum, áskilur 2. tölul. 27. gr. að dómstóllinn í viðurkenningar- og fullnusturíkinu framkvæmi athugun á því hvort birtingin eða tilkynningin hafi átt sér stað svo tímanlega að varnaraðili hafi getað gætt hagsmuna sinna í málinu.
   f) Dómstóll í viðurkenningar- og fullnusturíkinu getur að jafnaði takmarkað könnun sína við að ganga úr skugga um hvort fresturinn, reiknað frá þeim tíma þegar birtingin eða tilkynningin fór fram samkvæmt settum fyrirmælum, hafi veitt varnaraðila nægilega langan tíma til að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins; þó getur dómstóllinn tekið afstöðu til þess hvort í því sérstaka máli sem er til meðferðar séu fyrir hendi alveg einstakar aðstæður, þannig að birting, þótt hún hafi farið fram samkvæmt settum fyrirmælum, hafi ekki verið nægileg til þess að unnt sé að reikna frestinn frá nefndu tímamarki.
   g) 52. gr. samningsins og þær aðstæður að dómstóll í viðurkenningar- og fullnusturíkinu hefur komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðili hafi samkvæmt lögum þess ríkis átt heimili á landsvæði ríksins þegar upphafsskjalið var birt eða tilkynnt hefur ekki áhrif á svör þau sem að ofan greinir (dómur frá 16. júní 1981 í máli 166/80 Klomps/Michel, Ds. 1981, bls. 1593–1612).
3. Dómstóllinn í viðurkenningar- og fullnusturíkinu getur, þegar hann telur að ákvæði 2. tölul. 27. gr. séu uppfyllt, neitað að viðurkenna eða fullnægja dómi, jafnvel þótt dómstóll í dómsríkinu, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 20. gr., sbr. 15. gr. Haagsamningsins frá 15. nóvember 1965, hafi talið nægilega í ljós leitt að varnaraðili sem sætti útivist hafi átt þess kost að fá upphafsskjalið í hendur nægjanlega tímanlega til að hafa getað gætt hagsmuna sinna undir rekstri málsins (dómur frá 15. júlí 1982 í máli 228/81 Pendy Plastic Products/Pluspunkt, Ds. 1982, bls. 2723–2737).

4. a) 2. tölul. 27. gr. gildir, að því leyti sem það snertir þá kröfu sem þar er gerð til að upphafsskjal skuli birt eða tilkynnt nægjanlega tímanlega, enn fremur þegar birtingin eða tilkynningin hefur átt sér stað innan frests sem ákveðinn er af dómstólnum í dómsríkinu eða þegar varnaraðili átti eingöngu eða jafnframt heimili innan lögsögu nefnds dómstóls í dómsríkinu.
   b) Dómstóll í viðurkenningar- og fullnusturíkinu getur við könnun á því hvort birting fór fram nægjanlega tímanlega enn fremur tekið tillit til sérstakra aðstæðna sem orðið hafa eftir að birtingin fór fram samkvæmt settum reglum.
   c) Það að sóknaraðila verður eftir að birting fór fram kunnugt um nýtt heimilisfang varnaraðila og það að varnaraðila er um að kenna að hið birta málsskjal hefur ekki komist til vitundar hans eru atriði sem dómstóllinn í viðurkenningar- og fullnusturíkinu getur tekið til álita við könnun á því hvort birting hafi átt sér stað nægjanlega tímanlega (dómur frá 11. júní 1985 í máli 49/84 Debaecker & Plouvier/Bouwman, Ds. 1985, bls. 1179–1803).

21.3. tölul. 27. gr.: Ósamrýmanlegir dómar.

Erlendur dómur, sem skyldar eiginmann til að greiða eiginkonu sinni meðlag á grundvelli þeirrar framfærsluskyldu sem gildir milli hjóna, er skv. 3. tölul. 27. gr. ósamrýmanlegur innlendum dómi um slit á hlutaðeigandi hjúskap (dómur frá 4. febrúar 1988 í máli 145/86 Hoffmann/Krieg, OJ nr. C 63 frá 8. mars 1988, bls. 6).

22.30. og 38. gr.: Hugtakið „venjulegt málskot eða endurupptaka".

Dómstóllinn hefur látið í ljós *sjálfstæða* skilgreiningu á hugtakinu „venjulegt málskot eða endurupptaka". Með „venjulegu málskoti eða endurupptöku" er átt við sérhvert réttarúrræði sem:

a) getur leitt til þess að sá dómur, sem er andlag viðurkenningar- eða fullnustumeðferðarinnar, verði felldur úr gildi eða honum breytt, og
b) hrinda þarf af stað í dómsríkinu innan frests sem ákveðinn er með lögum og leiðir af dómnum sjálfum (dómur frá 22. nóvember 1977 í máli 43/77 Industrial Diamond/Riva, Ds. 1977, bls. 2175–2191).

23.31. gr.: Fullnusta.

1. Ákvæði samningsins koma í veg fyrir að aðili, sem í samningsríki hefur fengið dóm sem er honum í vil og sem skv. 31. gr. er unnt að árita um fullnustu í öðru samningsríki, geti hjá dómstóli í síðarnefnda ríkinu lagt fram kröfu um að hinn málsaðilinn verði dæmdur til einhvers sem hann hefur þegar verið dæmdur til í fyrrnefnda ríkinu (dómur í máli 42/76 De Wolf/Cox, Ds. 1976, bls. 1759–1768).
2. Erlendum dómi, sem er áritaður um fullnustu í samningsríki skv. 31. gr. og sem enn þá er fullnustuhæfur í dómsríkinu, er ekki unnt að fullnægja í því ríki sem beiðni er borin fram í þegar löggjöf síðarnefnda ríkisins heimilar ekki lengur að fullnægja megi dómnum af ástæðum sem ekki falla undir gildissvið samningsins.

Í þessu tilviki er erlendur dómur þar sem eiginmaður er skyldaður til að greiða eiginkonu sinni meðlag á grundvelli þeirrar framfærsluskyldu sem gildir milli hjóna ósamrýmanlegur innlendum dómi um slit hlutaðeigandi hjúskapar (dómur frá 4. febrúar 1988 í máli 145/86 Hoffmann/Krieg, OJ nr. C 63 frá 8. mars 1988, bls. 6).

24.33. gr.: Val um réttarfarslegt aðsetur.

1. a) 2. mgr. 33. gr. ber að túlka með þeim hætti að krafa ákvæðisins um val á réttarfarslegu aðsetri skal vera uppfyllt samkvæmt reglum í löggjöf þess ríkis sem beiðni er beint til, og svo fremi að sú löggjöf tilgreini ekki tímamark til að þetta formskilyrði sé uppfyllt skal það *í síðasta lagi* vera uppfyllt í sambandi við birtingu dómsins þar sem áritun um fullnustu er tilkynnt.

   b) Réttaráhrif þess að vikið er til hliðar reglum um val á réttarfarslegu aðsetri skulu skv. 33. gr. samningsins ákveðin samkvæmt löggjöf þess ríkis sem beiðni er beint til að því tilskildu að gætt sé markmiðs samningsins, þ.e. að löggjöf þess ríkis sem beiðni er beint til hafi að leiðarljósi markmið samningsins; hin leyfðu viðurlög geta þannig hvorki borið brigður á gildi þess dóms sem tekur við beiðninni um fullnustu né borið brigður á þau réttindi sem sá hefur sem fullnustunni er beint gegn (dómur frá 10. júlí 1986 í máli 198/85 Carron/Sambandslýðveldið Þýskaland, OJ nr. C 209 frá 20. ágúst 1986, bls. 5).

25.36. gr.: Tilkynning um fullnustuheimild.

1. a) 36. gr. samningsins kemur í veg fyrir að þriðji maður sem mál varðar geti með málskoti eða endurupptöku borið brigður á ákvörðun þar sem tilkynnt er fullnustuheimild á erlendum dómi þó að í landslögum fullnusturíkisins sé heimild fyrir slíkan þriðja mann að hefjast handa um að nýta sér slík réttarúrræði.

   b) Samkvæmt skilningi dómstólsins setur samningurinn reglur um tilkynningu fullnustuheimilda sem eru *sjálfstæðar* og tæmandi, þar á meðal varðandi réttarúrræði. Af þessu leiðir að 36. gr. er því til fyrirstöðu að þriðji maður hefjist handa um réttarúrræði sem eru heimil samkvæmt landslögum gegn ákvörðun um tilkynningu um fullnustuheimild.

   c) Þar sem samningurinn er takmarkaður við að setja reglur um tilkynningar um fullnustuheimild og þær varða ekki sjálfa fullnustuna, sem lýtur eftir sem áður hlutaðeigandi landslögum, getur þriðji maður sem það varðar notað réttarúræði gegn fullnustunni sem heimil eru samkvæmt landslögum í því ríki þar sem nauðungarfullnustan fer fram (dómur frá 2. júlí 1985 í máli 148/84 Deutsche Genossenschaftsbank/Brasserie du Pecheur, Ds. 1985, bls. 1981–1993).

2. Greinina ber að túlka á þann veg að sá aðili, sem hefur skv. 31. gr. ekki mótmælt ákvörðun um að leyfa fullnustu (í þessu tilviki innan mánaðar frá því ákvörðun um tilkynningu um fullnustuheimild hefur verið birt), getur ekki lengur borið fram gild mótmæli gegn fullnustu dómsins sem hann hefði getað gert í tengslum við mótmæli gegn fullnustuheimildinni, og þannig að þessari reglu skal beitt ex officio af dómstólum í því landi sem beiðninni er

beint til. Þessi regla gildir *þó* ekki ef hún hefur í för með sér að landslög verði þar með skyldug til að láta réttaráhrif innlends dóms, sem ekki fellur undir gildissvið samningsins (hjónaskilnaðarmál), vera háð því hvort hann sé viðurkenndur í því ríki þar sem dómurinn sem fullnustu er leitað á er kveðinn upp (dómur frá 4. febrúar 1988 í máli 145/86 Hoffmann/Krieg, OJ nr. C 63 frá 8. mars 1988, bls. 6).

26.37. gr.: Tilkynning um fullnustuheimild.

1. a) 2. mgr. 37. gr. skal túlka á þann veg að hún leyfi aðeins málskot til ógildingar og í Sambandslýðveldinu Þýskalandi „Rechtsbeschwerde" að því er varðar ákvörðunina í málskotsmálinu.
   b) Ákvæði þetta verður ekki rýmkað þannig að það heimili einnig réttarúrræði gegn öðrum ákvörðunum en endanlegum dómum í málskots- eða endurupptökumálinu eins og t.d. réttarúrræði gegn réttarfarsúrskurðum eða bráðabirgðaúrskurðum um að sönnunarfærsla eigi fram að fara (dómur frá 27. nóvember 1984 í máli 258/83 Brennero/Wendel, Ds. 1984, bls. 3971–3984).

27.38. gr.: Tilkynning um fullnustuheimild.

1. Sjá að framan 20. tölul. að því er varðar hugtakið „venjulegt málskot eða endurupptaka".
2. 2. mgr. 38. gr. samningsins frá 27. september 1968 um dómsvald dómstólanna og um fullnustu dóma í einkamálum, þar á meðal verslunarmálum, ber að túlka á þann veg að dómstóll, sem fjallar um málskot dóms sem heimilar fullnustu og sem byggður er á ákvæðum samningsins, geti þá fyrst skilyrt fullnustuna um að sett verði trygging þegar hann tekur ákvörðun í málskotsmálinu (dómur frá 27. nóvember 1984 í máli 258/83 Brennero/Wendel, Ds. 1984, bls. 3971–3984).

28.39. gr.: Tilkynning um fullnustuheimild.

1. a) Samkvæmt ákvæðinu í 39. gr. samningsins getur sá aðili, sem sett hefur fram beiðni og fengið heimild fyrir fullnustu á því tímabili sem nefnt er í ákvæðinu, þegar hafist handa á grundvelli ákvæðisins um ráðstafanir til að tryggja fullnustu í eignum þess aðila sem fullnustan beinist gegn án þess að unnt sé að krefjast sérstaks leyfis til þess.
   b) Sá aðili, sem fengið hefur fullnustuheimild, getur beitt þeim tryggingarúrræðum sem greinir í 39. gr. fram til þess að frestur skv. 36. gr. til málskots eða endurupptöku er liðinn eða ef málskot eða endurupptaka hefur átt sér stað fram til þess að dómur gengur í málinu um málskotið eða endurupptökuna.
   c) Sá aðili, sem hafist hefur handa um tryggingarúrræði sem í 39. gr. samningsins greinir, er ekki skyldur til að höfða staðfestingarmál varðandi þessi úrræði í samræmi við landslög hlutaðeigandi ríkis (dómur frá 3. október 1985 í máli nr. 119/84 Capelloni/Pelkmans, Ds. 1985, bls. 3147–3164).

29.40. gr.: Tilkynning um fullnustuheimild.

Áfrýjunardómstóll sá, sem fjallar um málskot sem málskotsaðili hefur beint til hans, á skv. 1. málsl. 2. mgr. 40. gr. samningsins líka að stefna þeim aðila sem fullnustunnar er krafist hjá til að mæta þegar beiðni um fullnustuheimild var synjað af þeirri ástæðu einni fyrir lægra dómstigi að skort hafi á að skjöl væru lögð tímanlega fram.

Skýringin á þessu er sú að í samningnum er skýrt kveðið á um að varðandi málskot gildi andmælareglur og að það gildi óháð því hversu víðfeðm ákvörðunin var á fyrra dómstigi (dómur frá 12. júlí 1984 í máli firma P/firma K, Ds. 1984, bls. 3033–3043).

30.54. gr.: Gildissvið samningsins hvað tíma snertir.

Það leiðir af 54. gr. samningsins að eina nauðsynlega og nægjanlega skilyrðið til að reglur samningsins gildi um réttarágreining, sem risinn er fyrir gildistöku samningsins, er að dómsmál hafi verið höfðað eftir þetta tímamark. Þetta gildir einnig þótt samið hafi verið um varnarþingsákvæði áður en samningurinn tók gildi og það talið ógilt samkvæmt þeim lögum sem gilda um það; í umræddu tilviki er um að ræða vinnusamning sem gerður var milli fransks launþega og þýsks fyrirtækis og frönsk lög giltu um hann (dómur frá 13. nóvember 1979 í máli 25/79 Sanicentral/Collin, Ds. 1979, bls. 3423–3431).

31.55. og 56. gr.: Tvíhliða samningar.

Í 1. mgr. 56. gr. samningsins er kveðið á um að þeir tvíhliða samningar, sem nefndir eru í 55. gr., skuli halda gildi sínu á þeim sviðum sem samningurinn tekur ekki til, og því getur dómstóllinn í því ríki, sem beiðni er beint til, beitt þeim um úrlausnarefni sem, þótt þau falli ekki undir 2. mgr. 1. gr., falla utan gildissviðs samningsins. Þetta gildir um þýsk-belgíska samninginn frá 1958 sem heldur gildi sínu að því er snertir „einkamál, þar á meðal verslunarmál“, óháð þeirri sjálfstæðu skilgreiningu sem dómstóllinn hefur gefið þessu hugtaki í tengslum við túlkun samningsins frá 1968 (dómur frá 14. júlí 1977 í málum sem voru sameinuð, 9/77 og 10/77 Bavaria og Germanair/Eurocontrol, Ds. 1977, bls. 1517–1527).

32.2. mgr. I. gr. í bókun sem fylgir samningnum.

Maður sem á heima í Lúxemborg er aðeins bundinn af samningi um dómsvald dómstólanna ef hann er að finna í ákvæði:

2. sem fjallar ekki um annað, og
3. sem „sérstaklega“ er undirritaður af þessum aðila þar sem undirskrift, sem tekur til alls samningsins, er ekki nægjanleg í þessu tilliti. Þó er ekki nauðsynlegt að samninginn um dómsvaldið sé að finna í sérstöku skjali (dómur frá 6. maí 1980 í máli 784/79 Porta-Leasing/Prestige International, Ds. 1980, bls. 1517).

33.II. gr. í bókun sem fylgir samningnum.

1. Með „broti sem framið er af gáleysi“ er átt við sérhvert brot þar sem skilgreining laganna áskilur ekki að ákærði hafi framið brot af ásetningi.

2. II. gr. bókunarinnar gildir líka um sérhvert refsimál sem varðar brot framin af gáleysi að því leyti sem kærður „er dreginn til einkaréttarlegrar ábyrgðar vegna þeirra verknaðarþátta í lögbrotinu sem hann er ákærður fyrir, eða að unnt sé að halda slíkri ábyrgð fram síðar gegn honum“ (dómur frá 26. maí 1981 í máli 157/80 varðandi refsimál gegn S.E. Rinkau, Ds. 1981, bls. 1391–1484).

34.2. gr. í bókun frá 3. júní 1971.

Dómstólar á fyrri dómstigum, sem hafa ekki heimild til að dæma í áfrýjunarmálum, eru ekki bærir til að biðja dómstólinn um að gefa forúrskurð um túlkun samningsins.

Sjá úrskurð dómstólsins frá 9. nóvember 1983 í máli 80/83 Habourdin/Italocremona (Ds. 1983, bls. 3639–3641) og úrskurð frá 28. mars 1984 í máli 56/84 Von Gallera/Maître (Ds. 1984, bls. 1769–1772).

132. **3. Skrá yfir dóma dómstólsins frá 6. október 1976 til 27. september 1988.**

I.	6.10.1976	mál 12/76	Tessili/Dunlop	1. tölul. 5. gr.	Ds. 1976 bls. 1473–1487
II.	6.10.1976	mál 14/76	De Bloos/Bouyer	1. tölul. 5. gr. og 5. tölul. 5. gr.	Ds. 1976 bls. 1497–1511
III.	14.10.1976	mál 29/76	LTU/Eurocontrol	1. gr.	Ds. 1976 bls. 1541–1552
IV.	30.11.1976	mál 21/76	Reinwater/ Potasse d'Alsace	3. tölul. 5. gr.	Ds. 1976 bls. 1735–1748
V.	30.11.1976	mál 42/76	De Wolf/Cox	31. gr.	Ds. 1976 bls. 1759–1768
VI.	14.12.1976	mál 24/76	Colzani/Ruwa	1. mgr. 17. gr.	Ds. 1976 bls. 1831–1843
VII.	14.12.1976	mál 25/76	Segoura/Bonakdarian	1. mgr. 17. gr.	Ds. 1976 bls. 1851–1863
VIII.	14. 7.1977	mál 9/77 og 10/77	Bavaria-Germanair/ Eurocontrol	56. gr.	Ds. 1977 bls. 1517–1527
IX.	22.11.1977	mál 43/77	Diamond/Riva	30. og 38. gr.	Ds. 1977 bls. 2175–2191
X.	14.12.1977	mál 73/77	Sanders/Van der Putte	1. tölul. 16. gr.	Ds. 1977 bls. 2382–2392
XI.	21. 6.1978	mál 150/77	Gertrand/Ott	13. gr.	Ds. 1977 bls. 1431–1447
XII.	9.11.1978	mál 23/78	Meeth/Glacetal	17. gr.	Ds. 1978 bls. 2133–2144
XIII.	22.11.1978	mál 33/78	Somafer/Ferngas	5. tölul. 5. gr.	Ds. 1978 bls. 2183–2195
XIV.	22. 2.1979	mál 133/78	Gourdain/Nadler	2. tölul. 2. mgr. 1. gr.	Ds. 1979 bls. 733–746
XV.	27. 3.1979	mál 143/78	De Cavel J./ De Cavel L.	2. mgr. 1. gr. og 24. gr.	Ds. 1979 bls. 1055–1068
XVI.	13.11.1979	mál 25/79	Sanicentral/Collin	17. og 54. gr.	Ds. 1979 bls. 3423–3431
XVII.	17.11.1980	mál 56/79	Zelger/Salinitri	1. tölul. 5. gr. og 2. tölul. 17. gr.	Ds. 1980 bls. 89–98
XVIII.	6. 3.1980	mál 120/79	De Cavel L./ De Cavel J.	2. tölul. 5. gr. og 24. gr.	Ds. 1980 bls. 731

XIX.	6. 5.1980	mál 784/79	Porta Leasing/Prestige International	2. mgr. 1. gr. í bókun	Ds. 1980 bls. 1517
XX.	21. 5.1980	mál 125/79	Denilauler/Couchet	III. hluti	Ds. 1980 bls. 1553
XXI.	16.12.1980	mál 814/79	Hollenska ríkið/ Ruffer	1. gr.	Ds. 1980 bls. 3807–3822
XXII.	18. 3.1981	mál 139/80	Blanckert-Willems/ Trost	5. tölul. 5. gr.	Ds. 1981 bls. 819–830
XXIII.	26. 5.1981	mál 157/80	Rinkau	II. gr. í bókun	Ds. 1980 bls.1 391–1404
XXIV.	16. 6.1981	mál 166/80	Klomps/Michel	2. tölul. 27. gr.	Ds. 1981 bls. 1593–1612
XXV.	24. 6.1981	mál 150/80	Elefanten Schuh/ Jacqmain	17. og 18. gr. og 1. mgr. 22. gr.	Ds. 1981 bls. 1671–1698
XXVI.	22.10.1981	mál 27/81	Rohr/Ossberger	18. gr.	Ds. 1981 bls. 2431–2448
XXVII.	4. 3.1982	mál 38/81	Effer/Kantner	1. tölul. 5. gr.	Ds. 1982 bls. 825–836
XXVIII.	31. 3.1982	mál 25/81	C.H.S./G.J.H.	1., 18. og 24. gr.	Ds. 1982 bls. 1189–1205
XXIX.	26. 5.1982	mál 133/81	Ivenel/Schwab	1. tölul. 5. gr.	Ds. 1982 bls. 1891–1902
XXX.	15. 7.1982	mál 228/81	Pendy Plastic Products/ Pluspunkt	3. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 27. gr.	Ds. 1981 bls. 2723–2737
XXXI.	22. 3.1983	mál 34/82	Peters/Znav	1. tölul. 5. gr.	Ds. 1982 bls. 987–1104
XXXII.	14. 7.1983	mál 201/82	Gerling/ Amministrazione del Tesore dello Stato	17. og 18. gr.	Ds. 1983 bls. 2503–2518
XXXIII.	21. 9.1983	(úrskurður) mál 157/82	Verheezen/Müller	1. og 50. gr.	—
XXXIV.	15.11.1983	mál 288/82	Dujinstee/Goderbaurer	4. tölul. 16. gr. og 19. gr.	Ds. 1983 bls. 3663–3679
XXXV.	9.11.1983	(úrskurður) mál 80/83	Habourdin/ Italocremona	2. gr. í bókun frá 3. júní 1971	Ds. 1983 bls. 3639–3641
XXXVI.	7. 6.1984	mál 129/83	Zelger/Salinitri	21. gr.	Ds. 1984 bls. 2397–2409
XXXVII.	19. 6.1984	mál 71/83	Russ/Goeminne	17. gr.	Ds. 1984 bls. 2417–2436
XXXVIII.	12. 7.1984	mál 178/83	P./K.	40. gr.	Ds. 1984 bls. 3033–3043
XXXIX.	27.11.1984	mál 258/83	Brennero/Wendel	37. og 38. gr.	Ds. 1984 bls. 3971–3984
XL.	15. 1.1985	mál 241/83	Rösler/Rottwinkel	1. tölul. 16. gr.	Ds. 1985 bls. 99–129
XLI.	7. 3.1985	mál 48/84	Spitzler/Sommer	17. og 18. gr.	Ds. 1985 bls. 787–800
XLII.	11. 6.1985	mál 49/84	Debaecker og Plouvier/ Bouwman	27. gr.	Ds. 1985 bls. 1779–1803
XLIII.	2. 7.1985	mál 148/84	Genossenschaftsbank/ Brasserie du Pecheur	36. gr.	Ds. 1985 bls. 1981–1993
XLIV.	4. 7.1985	mál 228/84	AS-Autoteile s./Malhe	5. tölul. 16. gr.	Ds. 1985 bls. 2267–2279
XLV.	11. 7.1985	mál 221/84	Berghoeffer/ASA	17. gr.	Ds. 1985 bls. 2699–2710
XLVI.	3.10.1985	mál 119/84	Capelloni-Aquilini/ Pelkmans	39. gr.	Ds. 1985 bls. 3147–3164

XLVII.	24. 6.1986	mál 22/85	Anterist/Crédit Lyonnais	17. gr.	OJ nr. C 196 frá 5.8.1986, bls. 5
XLVIII.	10. 7.1986	mál 198/85	Carron/R.F.A.	33. gr.	OJ nr. C 209 frá 20.8.1986, bls. 5
XLIX.	11.11.1986	mál 313/85	Iveco Fiat/ Van Hool	17. gr.	OJ nr. C 308 frá 2.12.1986, bls. 4
L.	15. 1.1987	mál 266/85	Shenavai/Kreischer	1. tölul. 5. gr.	OJ nr. C 39 frá 17.2.1987, bls. 3
LI.	8.12.1987	mál 144/86	Gubisch M./ Palumbo	21. gr.	OJ nr. C 8 frá 13.1.1988, bls. 3
LII.	9.12.1987	mál 218/86	Schotte/Rothschild	5. tölul. 5. gr.	OJ nr. C 2 frá 6.1.1988, bls. 3
LIII.	4. 2.1988	mál 145/85	Hoffmann/Krieg	26., 27, 31. og 36. gr.	OJ nr. C 63 frá 7.3.1988, bls. 6
LIV.	8. 3.1988	mál 9/87	Arcado/S.A.Haviland	1. tölul. 5. gr.	OJ nr. C 89 frá 6.4.1988, bls. 9
LV.	6. 7.1988	mál 158/87	Schrens/Maenhout	1. tölul. 16. gr.	OJ nr. C 211 frá 11.8.1988, bls. 7
LVI.	27. 9.1988	mál 189/87	Kalfelis/Schröder	3. tölul. 5. gr. og 1. tölul. 6. gr.	OJ nr. C 281 frá 4.11.1988, bls. 18

4. Mál sem voru til meðferðar 1. febrúar 1989.

133. ...[1]

Fylgiskjal II.

SÍÐARI TÚLKANIR EB-DÓMSTÓLSINS Á BRUSSEL-SAMNINGNUM FRÁ 27. SEPTEMBER 1968

Mál 32/88 Six Constructions Ltd gegn Paul Humbert.

(Dómur 15. febrúar 1989; Ds. 1989–2, bls. 341.)

Málið varðaði 1. tölul. 5. gr. um vinnusamninga sem efna ber í fleiri en einu ríki.

Paul Humbert var ráðinn hjá Six Constructions Ltd er hafði verið stofnað samkvæmt löggjöf í arabíska furstadæminu Sharjah en hafði starfsstöð í Brussel. Uns honum var sagt upp störfum hafði Humbert starfað fyrir fyrirtækið í Líbíu, Zaire og Abu Dhabi.

EB-dómstóllinn taldi í fyrsta lagi að ekki bæri að túlka 1. tölul. 5. gr. á þann veg að efndastaður teljist vera starfsstöðin þar sem hann var ráðinn til starfa þegar svo stendur á að erfitt eða ókleift er að slá því föstu í hvaða ríki vinnan verður innt af hendi. Einnig í þessu tilviki skal túlka 1. tölul. 5. gr. á þann veg að sú skuldbinding, sem leggja ber til grundvallar samkvæmt vinnusamningum, sé sú skylda sem er einkennandi fyrir þessa gerð samninga, sérstaklega skyldan til að inna umsamda vinnu af hendi. EB-dómstóllinn lét hér í ljós álit á túlkun Brusselsamningsins eins og hann hljóðaði áður en breytingar urðu vegna aðildarsamnings Spánar og Portúgals 1989, en þá var Brusselsamningnum breytt til samræmis við 1. tölul. 5. gr. Lúganósamningsins (jafnvel þótt nýja orðalagið í Brusselsamningnum veiti aðeins *launþega* rétt til að höfða mál þar sem sú starfs-

[1] Sjá fskj. II.

stöð er sem réð hlutaðeigandi til starfa). Þessi hluti af túlkun EB-dómstólsins er því lítt áhugaverður gagnvart Lúganósamningum.

Dómstóllinn taldi í öðru lagi að hinar sérstöku varnarþingsreglur í 5. og 6. gr. séu valkvæðar gagnvart aðalreglunum í 2. og 3. gr. Ef beiting 1. tölul. 5. gr. á vinnusamninga leiðir til að efndastaður í máli því, sem er til meðferðar, liggur utan við landsvæði samningsríkjanna verður afleiðingin sú að ekki er unnt að beita ákvæðinu í málinu, og verður þá að hverfa aftur til reglunnar um heimili varnaraðila í 2. gr.

Mál 115/88 P.A. Reichert o.fl. gegn Dresdner Bank.

(Dómur 10. janúar 1990; Ds. 1990–1, bls. 27.)

Málið varðaði hugtakið „mál um réttindi yfir fasteign" í 1. tölul. 16. gr.

Dómstóllinn leit þannig á að þetta hugtak eigi að sæta sjálfstæðri túlkun samkvæmt Bandalagsrétti. Það á með öðrum orðum ekki að sæta túlkun samkvæmt lögum þar sem fasteignin er (lex rei sitae).

16. gr. má ekki túlka rúmar en markmið ákvæðisins krefst. Rökin, sem ráða úrslitum um að dómstólar í því ríki þar sem eignin er hafi einir dómsvald, eru að þessir dómstólar eru best í stakk búnir til að kynna sér raunverulegar aðstæður og beita þeim réttarreglum, þar á meðal venjurétti, sem beita skal um aðstæðurnar — sem venjulega eru réttarreglur þess lands þar sem fasteignin er.

1. tölul. 16. gr. nær því ekki til allra mála um réttindi yfir fasteign, heldur aðeins til þeirra mála þar sem taka þarf afstöðu á gildissviði samningsins um mörk fasteignar eða hvað henni tilheyrir, eignarhald eða umráð hennar, eða tilvist annarra óbeinna eignarréttinda í eigninni, þar sem ætlunin er að veita rétthöfum vernd að því er varðar þær heimildir sem tengjast rétti þeirra.

Í þessu tilviki var 1. tölul. 16. gr. ekki beitt í máli sem lánardrottinn höfðaði í því skyni að fá ógiltan samning um sölu eða gjafagerning fasteignar sem skuldari hafði gert (actio pauliana samkvæmt frönskum rétti).

Mál 220/88 Dumez France og Tracoba gegn Hessische Landesbank (Heleba) o.fl.

(Dómur 11. janúar 1990; Ds. 1990–1, bls. 49.)

Málið varðaði túlkun á 3. tölul. 5. gr. um skaðabætur utan samninga.

Dómstóllinn taldi að hin valkvæðu varnarþing í 2. kafla II. hluta séu undantekning frá aðalreglunni um að mál skuli höfða fyrir dómstóli í því ríki þar sem varnaraðili á heimili. Þessar undantekningar eru rökstuddar með því að til staðar sé sérstakt náið samband milli ágreiningsefnisins og annarra dómstóla en dómstólanna í heimaríki varnaraðila. Að því er varðar samning sem ætlað er að auðvelda viðurkenningu og fullnustu úrlausna dómstóla utan þess ríkis þar sem þær eru kveðnar upp þá er af þessum ástæðum nauðsynlegt að vinna gegn því að fleiri varnarþing verði til en nauðsynlegt er. Ella yrði hætta á að ósamrýmanlegum dómum fjölgi, sbr. 3. tölul. 27. gr.

Í málinu var þetta talið leiða til að hugtakið „dómstóll þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð" beri að skilja svo að það taki aðeins til þess staðar þar sem sú athöfn átti sér stað, er leiðir til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem beint hefur valdið tjónþola tjóni. Hugtakið veitir með öðrum orðum ekki sóknaraðila, sem heldur því fram að hann hafi orðið fyrir tjóni sem hann telur að hafi hlotist vegna skaða sem aðrir, sem eru beinir tjónþolar, hafa orðið fyrir vegna tjónsatburðarins, rétt til að lögsækja tjónvald á þeim stað þar sem sóknaraðili hefur sjálfur sannreynt eignatjón.

Mál 305/88 Isabelle Lancray SA gegn Peters und Sickert KG.

(Dómur 3. júlí 1990; Ds. 1990–7, bls. 2725.)

Málið varðaði 2. tölul. 27. gr. sem setur það skilyrði fyrir viðurkenningu útivistardóms að stefna eða samsvarandi skjal hafi verið réttilega birt svo tímanlega að varnaraðili gæti undirbúið vörn sína nægilega.

Dómstóllinn leit þannig á að „réttilega“ og „tímanlega“ væru skilyrði sem bæri að líta á saman, bæði þyrftu að vera uppfyllt áður en nokkur skylda lægi fyrir samkvæmt samningnum til að viðurkenna dóminn. Enda þótt dómur hafi verið birtur varnaraðila tímanlega þannig að hlutaðeigandi gæti undirbúið vörn sína þurfi ekki að viðurkenna hann ef hann var ekki réttilega birtur.

Bæði dómstóll í dómsríkinu og dómstóll í ríkinu þar sem viðurkenningar er beiðst skulu ganga úr skugga um að stefna eða samsvarandi skjal hafi verið tímanlega birt. Könnunin skal í báðum tilvikum fara eftir lögum dómsríkisins, þar á meðal eftir alþjóðlegum samningum sem kynnu að koma til álita. Þetta gildir einnig um það álitaefni hvort unnt sé að bæta úr ágöllum við birtinguna.

Mál 365/88 Kongress Agentur Hagen GmbH gegn Zeehaghe BV.

(Dómur 15. maí 1990, Ds. 1990–5, bls. 1860.)

Málið varðaði 2. tölul. 6. gr. um lögsókn gegn þriðja manni.

Dómstóllinn taldi í fyrsta lagi að varnaraðili í upphaflega málinu geti líka notfært sér 2. tölul. 6. gr. til að lögsækja þriðja mann sem er endurkröfuskyldur í því tilviki þar sem dómsvald dómstólsins í upphaflega málinu byggir á 1. tölul. 5. gr.

Í öðru lagi er engin skylda fólgin skv. 2. tölul. 6. gr. til að taka til greina beiðni um að lögsækja þriðja mann. 2. tölul. 6. gr. kveður aðeins á um hvaða dómstóll er bær, en ekki hvaða aðrar formkröfur þurfi að vera uppfylltar til að taka gilda lögsókn gegn þriðja manni. Hér getur hlutaðeigandi dómstóll beitt réttarfarslögum lands síns við úrlausn um það hvort slík lögsókn hafi næga lagastoð. (Í sjálfu málinu var lögsókn synjað af hollenskum dómstóli á fyrsta og öðru dómsstigi með þeim rökstuðningi að slík útvíkkun málsins mundi seinka upphaflega málinu og flækja það.) Beiting landsréttar má hins vegar ekki leiða til að hin ætluðu áhrif samningsins á þessu sviði takmarkist. Sérstaklega má ekki rökstyðja neitun með því að þriðji maður eigi heimili í öðru samningsríki en því þar sem málið er til meðferðar.

Mál 214/89 Powell Duffryn plc gegn Wolfgang Petereit.

(Dómur 10. febrúar 1992.)

Málið varðaði 17. gr. um samninga um varnarþing eins og greinin hljóðar eftir aðildarsamning Danmerkur, Írlands og Bretlands frá 1978. Orðahljóðan 17. gr. Lúganósamningsins er önnur.

Dómstóllinn taldi að samningur um varnarþing geti uppfyllt kröfurnar í 17. gr., einnig þótt hann sé tekinn í samþykktir hlutafélags og samþykktur í samræmi við landslög og samþykktir félagsins, og efni hans fjallar um að dómstóll í samningsríki skuli vera bær til að útkljá deilumál milli félagsins og hluthafanna.

Talið var að formkröfurnar í 17. gr. væru uppfylltar að því er snertir sérhvern hluthafa, án tillits til þess hvernig hlutanna er aflað, þegar samningurinn um varnarþing kemur fram í samþykktum félagsins og þær eru aðgengilegar fyrir hluthafann eða hafa verið færðar í opinbera skrá.

Mál 261/90 Mario Reichert, Hans-Heinz Reichert og Ingeborg Kockler gegn Dresdner Bank.

(Dómur 26. mars 1992.)

Málið varðaði 3. tölul. 5. gr., 5. tölul. 16. gr. og 24. gr.

3. tölul. 5. gr. um mál um skaðabótaábyrgð utan samninga verður ekki beitt um málsókn lánardrottins sem krefst ógildingar á afsali yfir fasteign sem að mati lánardrottins vísvitandi víkur rétti hans til hliðar. Í umræddu máli reyndi á beitingu actio pauliana samkvæmt frönskum rétti. EB-dómstóllinn leit svo á að markmiðið með slíkri málsókn hefði ekki verið að fá skuldarann dæmdan skaðabótaskyldan vegna þess tjóns sem lánardrottinn hafði beðið við afsalið, heldur að fá réttaráhrif afsalsins ógilt gagnvart skuldara.

Ekki var heldur unnt að beita 5. tölul. 16. gr. um mál varðandi fullnustu dóma í tengslum við actio pauliana fransks réttar. Jafnvel þótt actio pauliana samkvæmt frönskum rétti hefði það markmið að vernda lánardrottin, m.a. með hliðsjón af síðari fullnustu, var markmið málsóknarinnar ekki að leysa úr ágreiningi við fullnustuna eða með notkun annarra fullnustuúrræða.

24. gr. um bráðabirgðaúrræði var heldur ekki unnt að beita þar sem actio pauliana samkvæmt frönskum rétti hafði ekki að markmiði að viðhalda raunverulegu eða réttarlegu ástandi þar til efnislegur dómur í málinu lægi fyrir.

Mál 280/90 Elisabeth Hacker gegn Euro-Relais GmbH.

(Dómur 26. febrúar 1992.)

Í þessu máli reyndi á 1. tölul. 16. gr. um leigu fasteignar eins og ákvæðið hljóðaði áður en breyting var gerð með aðildarsamningi Spánar og Portúgals 1989, en þá var 1. tölul. 16. gr. breytt á þann veg — með vissum breytingum — að Brusselsamningurinn var færður í sama horf og Lúganósamningurinn.

Dómstóllinn taldi að 1. tölul 16. gr. verði ekki beitt um samninga þar sem ferðaskipuleggjandi, sem heimili á í samningsríki, skuldbindur sig gagnvart viðskiptavini, búsettum í sama ríki, til að útvega honum afnot orlofshúss í öðru samningsríki um nokkra vikna skeið og til að taka við bókun viðskiptavinar um gistingu þegar ferðaskipuleggjandinn er ekki eigandi húsnæðisins.

Mál 26/1991 Jakob Handte & Co GmbH, Maschinenfabrik, gegn Société Traitements mécano-chimiques des surfaces (TMCS).

(Dómur 17. júní 1992.)

Talið var að 1. tölul. 5. gr. um efndavarnarþing verði ekki beitt í máli sem kaupandi höfðar gegn framleiðanda söluhlutar þegar framleiðandinn er ekki seljandi í því sambandi og málsóknin tekur til þess að heimta bætur á grundvelli þess að hluturinn sé haldinn galla og hæfi ekki því hlutverki sem honum var ætlað að þjóna. Þetta var rökstutt með því að ekki var samningsréttarsamband milli kaupanda og framleiðanda þannig að hugsanleg ábyrgð framleiðanda mundi í flestum aðildarríkjum ekki verða talin ábyrgð innan samninga. Þá var enn fremur vísað til þess að vel kynni að vera að framleiðandanum væri ókunnugt um hver kaupandinn væri eða búseta hans.

Mál 89/91 Sherson Lehmann Hutton Inc. gegn TVB (Treuhandgesellschaft für Vermögensverwaltung und Beteiligung mbH).

(Dómur 19. janúar 1993.)

Hinar sérstöku reglur um varnarþing í neytendamálum vernda aðeins neytandann þegar neytandinn sjálfur kemur fram sem sóknaraðili eða varnaraðili í dómsmáli. Sóknaraðili sem átt hefur viðskipti vegna atvinnustarfsemi sinnar getur ekki borið þær fyrir sig. Málið var höfðað af framsalshafa (TVB) sem krafðist bóta fyrir tjón sem framseljandinn, þýskur dómari, hafði beðið í gjaldeyrislokaviðskiptum sem Shearson Lehmann Hutton Inc. hafði komið á á umboðssölugrundvelli. TVB hafði byggt málsókn sína á þeirri málsástæðu að Shearson Lehmann Hutton Inc. hafði ekki upplýst framseljandann nægilega um áhættuþátt viðskiptanna.

Mál 123/91 Manalmet GmbH gegn Breindeis Ltd.

(Dómur 12. nóvember 1992.)

2. tölul. 27. gr. kemur í veg fyrir viðurkenningu og fullnustu útivistardóms ef stefna eða samsvarandi skjal hefur ekki verið réttilega birt varnaraðila. Þetta gildir þó svo að sá aðili fái síðar vitneskju um útivistardóminn, en hefur látið hjá líða að nýta sér tiltæk réttarúrræði til að fá málið tekið upp að nýju. Þetta var rökstutt með því að þegar dómur liggur á annað borð fyrir geti varnaraðili eftir atvikum átt örðugt með að fá fullnustunni frestað. Réttarfarsleg staða varðaraðila gæti þar að auki versnað á annan hátt.

Mál 172/91 Volker Sonntag gegn Hans Maidmann o.fl.

(Dómur 21. apríl 1993.)

Hugtakið „einkamál" í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. tekur til skaðabótamáls fyrir sakadómi gegn kennara við opinberan skóla sem í skólaferðalagi hafði valdið nemanda tjóni með því að hafa á ólögmætan hátt, af ásetningi eða gáleysi, virt að vettugi eftirlitsskyldu sína, og þetta gildir óháð því hvort fyrir liggi opinberar félagslegar tryggingar.

Túlka ber 2. mgr. 37. gr. svo að ákvæðið útiloki að þriðji maður, sem hefur lögvarðra hagsmuna að gæta, geti með réttarúrræðum borið brigður á niðurstöðu málskots eða endurupptöku máls skv. 36. gr.; þetta gildir einnig þegar þriðji maður getur samkvæmt landslögum í viðurkenningar- eða fullnusturíkinu beitt réttarúrræði.

Það er því aðeins ekki unnt að viðurkenna niðurstöðu dóms á grundvelli ástæðna sem greinir í 2. tölul. 27. gr. að varnaraðili hafi ekki mætt í því máli sem dómurinn var kveðinn upp í. Varnaraðili getur þess vegna ekki borið þetta ákvæði fyrir sig þegar hann hefur mætt. Varnaraðili telst hafa mætt í skilningi 2. tölul. 27. gr. þegar hann í skaðabótamáli í tengslum við refsimál hefur tekið til varna við meðferð refsimálsins með atbeina verjanda sem hann hefur sjálfur valið, en hefur ekki tekið afstöðu til kröfu borgararéttar eðlis sem fjallað var um við munnlega meðferð málsins á meðan verjandinn var einnig til staðar.

Fylgiskjal III.

CONVENTION
on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters
done at Lugano on 16 September 1988

PREAMBLE

THE HIGH CONTRACTING PARTIES TO THIS CONVENTION,

ANXIOUS to strengthen in their territories the legal protection of persons therein established,

CONSIDERING that it is necessary for this purpose to determine the international jurisdiction of their courts, to facilitate recognition and to introduce an expeditious procedure for securing the enforcement of judgments, authentic instruments and court settlements,

AWARE of the links between them, which have been sanctioned in the economic field by the free trade agreements concluded between the European Economic Community and the States members of the European Free Trade Association,

TAKING INTO ACCOUNT the Brussels Convention of 27 September 1968 on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters, as amended by the Accession Conventions under the successive enlargements of the European Communities,

PERSUADED that the extension of the principles of that Convention to the States parties to this instrument will strengthen legal and economic cooperation in Europe,

DESIRING to ensure as uniform an interpretation as possible of this instrument,

HAVE in this spirit DECIDED to conclude this Convention and

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

TITLE I
SCOPE
Article 1

This Convention shall apply in civil and commercial matters whatever the nature of the court or tribunal. It shall not extend, in particular, to revenue, customs or administrative matters.

The Convention shall not apply to:

1. the status or legal capacity of natural persons, rights in property arising out of a matrimonial relationship, wills and succession;

2. bankruptcy, proceedings relating to the winding-up of insolvent companies or other legal persons, judicial arrangements, compositions and analogous proceedings;
3. social security;
4. arbitration.

TITLE II
JURISDICTION
Section 1
General provisions
Article 2

Subject to the provisions of this Convention, persons domiciled in a Contracting State shall, whatever their nationality, be sued in the courts of that State.

Persons who are not nationals of the State in which they are domiciled shall be governed by the rules of jurisdiction applicable to nationals of that State.

Article 3

Persons domiciled in a Contracting State may be sued in the courts of another Contracting State only by virtue of the rules set out in Sections 2 to 6 of this Title.

In particular the following provisions shall not be applicable as against them:

— in Belgium: Article 15 of the civil code (Code civil — Burgerlijk Wetboek) and Article 638 of the judicial code (Code judiciaire — Gerechtelijk Wetboek),
— in Denmark: Article 246 (2) and (3) of the law on civil procedure (Lov om rettens pleje),
— in the Federal Republic of Germany: Article 23 of the code of civil procedure (Zivilprozessordnung),
— in Greece: Article 40 of the code of civil procedure (Κ δικας πολιτικ ς δικονομ ας),
— in France: Articles 14 and 15 of the civil code (Code civil),
— in Ireland: the rules which enable jurisdiction to be founded on the document instituting the proceedings having been served on the defendant during his temporary presence in Ireland,
— in Iceland: Article 77 of the Civil Proceedings Act (lög um meðferð einkamála í héraði),
— in Italy: Articles 2 and 4, Nos 1 and 2 of the code of civil procedure (Codice di procedura civile),
— in Luxembourg: Articles 14 and 15 of the civil code (Code civil),
— in the Netherlands: Articles 126 (3) and 127 of the code of civil procedure (Wetboek van Burgerlijke Rechtsvordering),
— in Norway: Section 32 of the Civil Proceedings Act (tvistemaalsloven),
— in Austria: Article 99 of the Law on Court Jurisdiction (Jurisdiktionsnorm),
— in Portugal: Articles 65 (1) (c), 65 (2) and 65A (c) of the code of civil procedure (Código de Processo Civil) and Article 11 of the code of labour procedure (Código de Processo de Trabalho),
— in Switzerland: le for du lieu du séquestre/Gerichtsstand des Arrestortes/foro del luogo del sequestro within the meaning of Article 4 of the loi fédérale sur le droit international privé/Bundesgesetz über das internationale Privatrecht/legge federale sul diritto internazionale privato,

— in Finland: the second, third and fourth sentences of Section 1 of Chapter 10 of the Code of Judicial Procedure (oikeudenkäymiskaari/rättegångsbalken),
— in Sweden: the first sentence of Section 3 of Chapter 10 of the Code of Judicial Procedure (Rättegångsbalken),
— in the United Kingdom: the rules which enable jurisdiction to be founded on:
  (a) the document instituting the proceedings having been served on the defendant during his temporary presence in the United Kingdom; or
  (b) the presence within the United Kingdom of property belonging to the defendant; or
  (c) the seizure by the plaintiff of property situated in the United Kingdom.

Article 4

If the defendant is not domiciled in a Contracting State, the jurisdiction of the courts of each Contracting State shall, subject to the provisions of Article 16, be determined by the law of that State.

As against such a defendant, any person domiciled in a Contracting State may, whatever his nationality, avail himself in that State of the rules of jurisdiction there in force, and in particular those specified in the second paragraph of Article 3, in the same way as the nationals of that State.

Section 2

Special jurisdiction

Article 5

A person domiciled in a Contracting State may, in another Contracting State, be sued:

1. in matters relating to a contract, in the courts for the place of performance of the obligation in question; in matters relating to individual contracts of employment, this place is that where the employee habitually carries out his work, or if the employee does not habitually carry out his work in any one country, this place shall be the place of business through which he was engaged;
2. in matters relating to maintenance, in the courts for the place where the maintenance creditor is domiciled or habitually resident or, if the matter is ancillary to proceedings concerning the status of a person, in the court which, according to its own law, has juridiction to entertain those proceedings, unless that jurisdiction is based solely on the nationality of one of the parties;
3. in matters relating to tort, delict or quasi-delict, in the courts for the place where the harmful event occurred;
4. as regards a civil claim for damages or restitution which is based on an act giving rise to criminal proceedings, in the court seised of those proceedings, to the extent that that court has jurisdiction under its own law to entertain civil proceedings;
5. as regards a dispute arising out of the operations of a branch, agency or other establishment, in the courts for the place in which the branch, agency or other establishment is situated;
6. in his capacity as settlor, trustee or beneficiary of a trust created by the operation of a statute, or by a written instrument, or created orally and evidenced in writing, in the courts of the Contracting State in which the trust is domiciled;

7. as regards a dispute concerning the payment of remuneration claimed in respect of the salvage of a cargo or freight, in the court under the authority of which the cargo or freight in question:
   (a) has been arrested to secure such payment, or
   (b) could have been so arrested, but bail or other security has been given;
   provided that this provision shall apply only if it is claimed that the defendant has an interest in the cargo or freight or had such an interest at the time of salvage.

Article 6

A person domiciled in a Contracting State may also be sued:

1. where he is one of a number of defendants, in the courts for the place where any one of them is domiciled;
2. as a third party in an action on a warranty or guarantee or in any other third party proceedings, in the court seised of the original proceedings, unless these were instituted solely with the object of removing him from the jurisdiction of the court which would be competent in his case;
3. on a counterclaim arising from the same contract or facts on which the original claim was based, in the court in which the original claim is pending;
4. in matters relating to a contract, if the action may be combined with an action against the same defendant in matters relating to rights in rem in immovable property, in the court of the Contracting State in which the property is situated.

Article 6A

Where by virtue of this Convention a court of a Contracting State has jurisdiction in actions relating to liability arising from the use or operation of a ship, that court, or any other court substituted for this purpose by the internal law of that State, shall also have jurisdiction over claims for limitation of such liability.

Section 3

Jurisdiction in matters relating to insurance

Article 7

In matters relating to insurance, jurisdiction shall be determined by this Section, without prejudice to the provisions of Articles 4 and 5 (5).

Article 8

An insurer domiciled in a Contracting State may be sued:

1. in the courts of the State where he is domiciled; or
2. in another Contracting State, in the courts for the place where the policyholder is domiciled; or
3. if he is a co-insurer, in the courts of a Contracting State in which proceedings are brought against the leading insurer.

An insurer who is not domiciled in a Contracting State but has a branch, agency or other establishment in one of the Contracting States shall, in disputes arising out of the operations of the branch, agency or establishment, be deemed to be domiciled in that State.

Article 9

In respect of liability insurance or insurance of immovable property, the insurer may in addition be sued in the courts for the place where the harmful event occurred. The same applies if movable and immovable property are covered by the same insurance policy and both are adversely affected by the same contingency.

Article 10

In respect of liability insurance, the insurer may also, if the law of the court permits it, be joined in proceedings which the injured party has brought against the insured.

The provisions of Articles 7, 8 and 9 shall apply to actions brought by the injured party directly against the insurer, where such direct actions are permitted.

If the law governing such direct actions provides that the policy-holder or the insured may be joined as a party to the action, the same court shall have jurisdiction over them.

Article 11

Without prejudice to the provisions of the third paragraph of Article 10, an insurer may bring proceedings only in the courts of the Contracting State in which the defendant is domiciled, irrespective of whether he is the policy-holder, the insured or a beneficiary.

The provisions of this Section shall not affect the right to bring a counterclaim in the court in which, in accordance with this Section, the original claim is pending.

Article 12

The provisions of this Section may be departed from only by an agreement on jurisdiction:

1. which is entered into after the dispute has arisen; or
2. which allows the policy-holder, the insured or a beneficiary to bring proceedings in courts other than those indicated in this Section; or
3. which is concluded between a policy-holder and an insurer, both of whom are at the time of conclusion of the contract domiciled or habitually resident in the same Contracting State, and which has the effect of conferring jurisdiction on the courts of that State even if the harmful event were to occur abroad, provided that such an agreement is not contrary to the law of the State; or
4. which is concluded with a policy-holder who is not domiciled in a Contracting State, except in so far as the insurance is compulsory or relates to immovable property in a Contracting State; or
5. which relates to a contract of insurance in so far as it covers one or more of the risks set out in Article 12A.

Article 12A

The following are the risks referred to in Article 12 (5):

1. any loss of or damage to:
   (a) sea-going ships, installations situated off shore or on the high seas, or aircraft, arising from perils which relate to their use for commercial purposes;
   (b) goods in transit other than passengers' baggage where the transit consists of or includes carriage by such ships or aircraft;

2. any liability, other than for bodily injury to passengers or loss of or damage to their baggage;
   (a) arising out of the use or operation of ships, installations or aircraft as referred to in (1) (a) above in so far as the law of the Contracting State in which such aircraft are registered does not prohibit agreements on jurisdiction regarding insurance of such risks;
   (b) for loss or damage caused by goods in transit as described in (1) (b) above;
3. any financial loss connected with the use or operation of ships, installations or aircraft as referred to in (1) (a) above, in particular loss of freight or charter-hire;
4. any risk or interest connected with any of those referred to in (1) to (3) above.

Section 4

Jurisdiction over consumer contracts

Article 13

In proceedings concerning a contract concluded by a person for a purpose which can be regarded as being outside his trade or profession, hereinafter called „the consumer", jurisdiction shall be determined by this Section, without prejudice to the provisions of Articles 4 and 5 (5), if it is:

1. a contract for the sale of goods on instalment credit terms; or
2. a contract for a loan repayable by instalments, or for any other form of credit, made to finance the sale of goods; or
3. any other contract for the supply of goods or a contract for the supply of services, and
   (a) in the State of the consumer's domicile the conclusion of the contract was preceded by a specific invitation addressed to him or by advertising, and
   (b) the consumer took in that State the steps necessary for the conclusion of the contract.

Where a consumer enters into a contract with a party who is not domiciled in a Contracting State but has a branch, agency or other establishment in one of the Contracting States, that party shall, in disputes arising out of the operations of the branch, agency or establishment, be deemed to be domiciled in that State.

This Section shall not apply to contracts of transport.

Article 14

A consumer may bring proceedings against the other party to a contract either in the courts of the Contracting State in which that party is domiciled or in the courts of the Contracting State in which he is himself domiciled.

Proceedings may be brought against a consumer by the other party to the contract only in the courts of the Contracting State in which the consumer is domiciled.

These provisions shall not affect the right to bring a counterclaim in the court in which, in accordance with this Section, the original claim is pending.

Article 15

The provisions of this Section may be departed from only by an agreement:

1. which is entered into after the dispute has arisen; or
2. which allows the consumer to bring proceedings in courts other than those indicated in this Section; or

3. which is entered into by the consumer and the other party to the contract, both of whom are at the time of conclusion of the contract domiciled or habitually resident in the same Contracting State, and which confers jurisdiction on the courts of that State, provided that such an agreement is not contrary to the law of that State.

Section 5
Exclusive jurisdiction
Article 16

The following courts shall have exclusive jurisdiction, regardless of domicile:

1. (a) in proceedings which have as their object rights in *rem* in immovable property or tenancies of immovable property, the courts of the Contracting State in which the property is situated;
   (b) however, in proceedings which have as their object tenancies of immovable property concluded for temporary private use for a maximum period of six consecutive months, the courts of the Contracting State in which the defendant is domiciled shall also have jurisdiction, provided that the tenant is a natural person and neither party is domiciled in the Contracting State in which the property is situated;
2. in proceedings which have as their object the validity of the constitution, the nullity or the dissolution of companies or other legal persons or associations of natural or legal persons, or the decisions of their organs, the courts of the Contracting State in which the company, legal person or association has its seat;
3. in proceedings which have as their object the validity of entries in public registers, the courts of the Contracting State in which the register is kept;
4. in proceedings concerned with the registration or validity of patents, trade marks, designs, or other similar rights required to be deposited or registered, the courts of the Contracting State in which the deposit or registration has been applied for, has taken place or is under the terms of an international convention deemed to have taken place;
5. in proceedings concerned with the enforcement of judgments, the courts of the Contracting State in which the judgment has been or is to be enforced.

Section 6
Prorogation of jurisdiction
Article 17

1. If the parties, one or more of whom is domiciled in a Contracting State, have agreed that a court or the courts of a Contracting State are to have jurisdiction to settle any disputes which have arisen or which may arise in connection with a particular legal relationship, that court or those courts shall have exclusive jurisdiction. Such an agreement conferring jurisdiction shall be either:
   (a) in writing or evidenced in writing, or
   (b) in a form which accords with practices which the parties have established between themselves, or
   (c) in international trade or commerce, in a form which accords with a usage of which the parties are or ought to have been aware and which in such trade or commerce is widely known to, and regularly observed by, parties to contracts of the type involved in the particular trade or commerce concerned.

Where such an agreement is concluded by parties, none of whom is domiciled in a Contracting State, the courts of other Contracting States shall have no jurisdiction over their disputes unless the court or courts chosen have declined jurisdiction.

2. The court or courts of a Contracting State on which a trust instrument has conferred jurisdiction shall have exclusive jurisdiction in any proceedings brought against a settlor, trustee or beneficiary, if relations between these persons or their rights or obligations under the trust are involved.
3. Agreements or provisions of a trust instrument conferring jurisdiction shall have no legal force if they are contrary to the provisions of Article 12 or 15, or if the courts whose jurisdiction they purport to exclude have exclusive jurisdiction by virtue of Article 16.
4. If an agreement conferring jurisdiction was concluded for the benefit of only one of the parties, that party shall retain the right to bring proceedings in any other court which has jurisdiction by virtue of this Convention.
5. In matters relating to individual contracts of employment an agreement conferring jurisdiction shall have legal force only if it is entered into after the dispute has arisen.

Article 18

Apart from jurisdiction derived from other provisions of this Convention, a court of a Contracting State before whom a defendant enters an appearance shall have jurisdiction. This rule shall not apply where appearance was entered solely to contest the jurisdiction, or where another court has exclusive jurisdiction by virtue of Article 16.

Section 7

Examination as to jurisdiction and admissibility

Article 19

Where a court of a Contracting State is seised of a claim which is principally concerned with a matter over which the courts of another Contracting State have exclusive jurisdiction by virtue of Article 16, it shall declare of its own motion that it has no jurisdiction.

Article 20

Where a defendant domiciled in one Contracting State is sued in a court of another Contracting State and does not enter an appearance, the court shall declare of its own motion that it has no jurisdiction unless its jurisdiction is derived from the provisions of this Convention.

The court shall stay the proceedings so long as it is not shown that the defendant has been able to receive the document instituting the proceedings or an equivalent document in sufficient time to enable him to arrange for his defence, or that all necessary steps have been taken to this end.

The provisions of the foregoing paragraph shall be replaced by those of Article 15 of the Hague Convention of 15 November 1965 on the service abroad of judicial and extrajudicial documents in civil or commercial matters, if the document instituting the proceedings or notice thereof had to be transmitted abroad in accordance with that Convention.

Section 8
Lis Pendens — related actions
Article 21

Where proceedings involving the same cause of action and between the same parties are brought in the courts of different Contracting States, any court other than the court first seised shall of its own motion stay its proceedings until such time as the jurisdiction of the court first seised is established.

Where the jurisdiction of the court first seised is established, any court other than the court first seised shall decline jurisdiction in favour of that court.

Article 22

Where related actions are brought in the courts of different Contracting States, any court other than the court first seised may, while the actions are pending at first instance, stay its proceedings.

A court other than the court first seised may also, on the application of one of the parties, decline jurisdiction if the law of that court permits the consolidation of related actions and the court first seised has jurisdiction over both actions.

For the purposes of this Article, actions are deemed to be related where they are so closely connected that it is expedient to hear and determine them together to avoid the risk of irreconcilable judgments resulting from separate proceedings.

Article 23

Where actions come within the exclusive jurisdiction of several courts, any court other than the court first seised shall decline jurisdiction in favour of that court.

Section 9
Provisional, including protective, measures
Article 24

Application may be made to the courts of a Contracting State for such provisional, including protective, measures as may be available under the law of that State, even if, under this Convention, the courts of another Contracting State have jurisdiction as to the substance of the matter.

TITLE III
RECOGNITION AND ENFORCEMENT
Article 25

For the purposes of this Convention, „judgment" means any judgment given by a court or tribunal of a Contracting State, whatever the judgment may be called, including a decree, order, decision or writ of execution, as well as the determination of costs or expenses by an officer of the court.

Section 1
Recognition
Article 26

A judgment given in a Contracting State shall be recognized in the other Contracting States without any special procedure being required.

Any interested party who raises the recognition of a judgment as the principal issue in a dispute may, in accordance with the procedures provided for in Section 2 and 3 of this Title, apply for a decision that the judgment be recognized.

If the outcome of proceedings in a court of a Contracting State depends on the determination of an incidental question of recognition that court shall have jurisdiction over that question.

Article 27

A judgment shall not be recognized:

1. if such recognition is contrary to public policy in the State in which recognition is sought;
2. where it was given in default of appearance, if the defendant was not duly served with the document which instituted the proceedings or with an equivalent document in sufficient time to enable him to arrange for his defence;
3. if the judgment is irreconcilable with a judgment given in a dispute between the same parties in the State in which recognition is sought;
4. if the court of the State of origin, in order to arrive at its judgment, has decided a preliminary question concerning the status or legal capacity of natural persons, rights in property arising out of a matrimonial relationship, wills or succession in a way that conflicts with a rule of the private international law of the State in which the recognition is sought, unless the same result would have been reached by the application of the rules of private international law of that State;
5. if the judgment is irreconcilable with an earlier judgment given in a non-contracting State involving the same cause of action and between the same parties, provided that this latter judgment fulfils the conditions necessary for its recognition in the State addressed.

Article 28

Moreover, a judgment shall not be recognized if it conflicts with the provisions of Sections 3, 4 or 5 of Title II or in a case provided for in Article 59.

A judgment may furthermore be refused recognition in any case provided for in Article 54B (3) or 57 (4).

In its examination of the grounds of jurisdiction referred to in the foregoing paragraphs, the court or authority applied to shall be bound by the findings of fact on which the court of the State of origin based its jurisdiction.

Subject to the provisions of the first and second paragraphs, the jurisdiction of the court of the State of origin may not be reviewed; the test of public policy referred to in Article 27 (1) may not be applied to the rules relating to jurisdiction.

Article 29

Under no circumstances may a foreign judgment be reviewed as to its substance.

Article 30

A court of a Contracting State in which recognition is sought of a judgment given in another Contracting State may stay the proceedings if an ordinary appeal against the judgment has been lodged.

A court of a Contracting State in which recognition is sought of a judgment given in Ireland or the United Kingdom may stay the proceedings if enforcement is suspended in the State of origin by reason of an appeal.

Section 2

Enforcement

Article 31

A judgment given in a Contracting State and enforceable in that State shall be enforced in another Contracting State when, on the application of any interested party, it has been declared enforceable there.

However, in the United Kingdom, such a judgment shall be enforced in England and Wales, in Scotland, or in Northern Ireland when, on the application of any interested party, it has been registered for enforcement in that part of the United Kingdom.

Article 32

1. The application shall be submitted:
   — in Belgium, to the tribunal de première instance or rechtbank van eerste aanleg,
   — in Denmark, to the byret,
   — in the Federal Republic of Germany, to the presiding judge of a chamber of the Landgericht,
   — in Greece, to the μονομ λ ς πρωτοδικ ο,
   — in Spain, to the Juzgado de Primera Instancia,
   — in France, to the presiding judge of the tribunal de grande instance,
   — in Ireland, to the High Court,
   — in Iceland, to the héraðsdómari,
   — in Italy, to the corte d'appello,
   — in Luxembourg, to the presiding judge of the tribunal d'arrondissement,
   — in the Netherlands, to the presiding judge of the arrondissementsrechtbank,
   — in Norway, to the herredsrett or byrett as namsrett,
   — in Austria, to the Landesgericht or the Kreisgericht,
   — in Portugal, to the Tribunal Judicial de Círculo,
   — in Switzerland:
      (a) in respect of judgments ordering the payment of a sum of money, to the juge de la mainlevée/Rechtsöffnungsrichter/giudice competente a pronunciare sul rigetto dell'opposizione, within the framework of the procedure governed by Articles 80 and 81 of the loi fédérale sur la poursuite pour dettes et la faillite/Bundesgesetz über Schuldbetreibung und Konkurs/legge federale sulla esecuzione e sul fallimento;

(b) in respect of judgments ordering a performance other than the payment of a sum of money, to the juge cantonal d'exequatur compétent/zuständiger kantonaler Vollstreckungsrichter/giudice cantonale competente a pronunciare l'exequatur,

— in Finland, to the ulosotonhaltija/överexekutor,

— in Sweden, to the Svea hovrätt,

— in the United Kingdom:

(a) in England and Wales, to the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment to the Magistrates' Court on transmission by the Secretary of State;

(b) in Scotland, to the Court of Session, or in the case of a maintenance judgment to the Sheriff Court on transmission by the Secretary of State;

(c) in Northern Ireland, to the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment to the Magistrates' Court on transmission by the Secretary of State.

2. The jurisdiction of local courts shall be determined by reference to the place of domicile of the party against whom enforcement is sought. If he is not domiciled in the State in which enforcement is sought, it shall be determined by reference to the place of enforcement.

Article 33

The procedure for making the application shall be governed by the law of the State in which enforcement is sought.

The applicant must give an address for service of process within the area of jurisdiction of the court applied to. However, if the law of the State in which enforcement is sought does not provide for the furnishing of such an address, the applicant shall appoint a representative *ad litem*.

The documents referred to in Articles 46 and 47 shall be attached to the application.

Article 34

The court applied to shall give its decision without delay; the party against whom enforcement is sought shall not at this stage of the proceedings be entitled to make any submissions on the application.

The application may be refused only for one of the reasons specified in Articles 27 and 28.

Under no circumstances may the foreign judgment be reviewed as to its substance.

Article 35

The appropriate officer of the court shall without delay bring the decision given on the application to the notice of the applicant in accordance with the procedure laid down by the law of the State in which enforcement is sought.

Article 36

If enforcement is authorized, the party against whom enforcement is sought may appeal against the decision within one month of service thereof.

If that party is domiciled in a Contracting State other than that in which the decision authorizing enforcement was given, the time for appealing shall be two months and shall run from the date of service, either on him in person or at his residence. No extension of time
may be granted on account of distance.

Article 37

1. An appeal against the decision authorizing enforcement shall be lodged in accordance with the rules governing procedure in contentious matters:
   — in Belgium, with the tribunal de première instance or rechtbank van eerste aanleg, in Denmark, with the landsret,
   — in the Federal Republic of Germany, with the Oberlandesgericht,
   — in Greece, with the φ τ ο,
   — in Spain, with the Audiencia Provincial,
   — in France, with the cour d'appel,
   — in Ireland, with the High Court,
   — in Iceland, with the héraðsdómari,
   — in Italy, with the corte d'appello,
   — in Luxembourg, with the Cour supérieure de justice sitting as a court of civil appeal,
   — in the Netherlands, with the arrondissementsrechtbank,
   — in Norway, with the lagmannsrett,
   — in Austria, with the Landesgericht or the Kreisgericht,
   — in Portugal, with the Tribunal da Relação,
   — in Switzerland, with the tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale,
   — in Finland, with the hovioikeus/hovrätt,
   — in Sweden, with the Svea hovrätt,
   — in the United Kingdom:
      (a) in England and Wales, with the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment with the Magistrates' Court;
      (b) in Scotland, with the Court of Session, or in the case of a maintenance judgment with the Sheriff Court;
      (c) in Northern Ireland, with the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment with the Magistrates' Court.
2. The judgment given on the appeal may be contested only:
   — in Belgium, Greece, Spain, France, Italy, Luxembourg and in the Netherlands, by an appeal in cassation,
   — in Denmark, by an appeal to the højesteret, with the leave of the Minister of Justice,
   — in the Federal Republic of Germany, by a Rechtsbeschwerde,
   — in Ireland, by an appeal on a point of law to the Supreme Court,
   — in Iceland, by an appeal to the Hæstiréttur,
   — in Norway, by an appeal (kjæremål or anke) to the Høyesteretts Kjæremålsutvalg or Høyesterett,
   — in Austria, in the case of an appeal, by a Revisionsrekurs and, in the case of opposition proceedings, by a Berufung with the possibility of a Revision,
   — in Portugal, by an appeal on a point of law,

— in Switzerland, by a recours de droit public devant le tribunal fédéral/staatsrechtliche Beschwerde beim Bundesgericht/ricorso di diritto pubblico davanti al tribunale federale,
— in Finland, by an appeal to the korkein oikeus/högsta domstolen,
— in Sweden, by an appeal to the högsta domstolen,
— in the United Kingdom, by a single further appeal on a point of law.

Article 38

The court with which the appeal under Article 37 (1) is lodged may, on the application of the appellant, stay the proceedings if an ordinary appeal has been lodged against the judgment in the State of origin or if the time for such an appeal has not yet expired; in the latter case, the court may specify the time within which such an appeal is to be lodged.

Where the judgment was given in Ireland or the United Kingdom, any form of appeal available in the State of origin shall be treated as an ordinary appeal for the purposes of the first paragraph.

The court may also make enforcement conditional on the provision of such security as it shall determine.

Article 39

During the time specified for an appeal pursuant to Article 36 and until any such appeal has been determined, no measures of enforcement may be taken other than protective measures taken against the property of the party against whom enforcement is sought.

The decision authorizing enforcement shall carry with it the power to proceed to any such protective measures.

Article 40

1. If the application for enforcement is refused, the applicant may appeal:
— in Belgium, to the cour d'appel or hof van beroep,
— in Denmark, to the landsret,
— in the Federal Republic of Germany, to the Oberlandesgericht,
— in Greece, to the φ τ ο,
— in Spain, to the Audiencia Provincial,
— in France, to the cour d'appel,
— in Ireland, to the High Court,
— in Iceland, to the héraðsdómari,
— in Italy, to the corte d'appello,
— in Luxembourg, to the Cour supérieure de justice sitting as a court of civil appeal,
— in the Netherlands, to the gerechtshof,
— in Norway, to the lagmannsrett,
— in Austria, to the Landesgericht or the Kreisgericht,
— in Portugal, to the Tribunal da Relação,
— in Switzerland, to the tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale,
— in Finland, to the hovioikeus/hovrätt,
— in Sweden, to the Svea hovrätt,
— in the United Kingdom:

(a) in England and Wales, to the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment to the Magistrates' Court;
(b) in Scotland, to the Court of Session, or in the case of a maintenance judgment to the Sheriff Court;
(c) in Northern Ireland, to the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment to the Magistrates' Court.

2. The party against whom enforcement is sought shall be summoned to appear before the appellate court. If he fails to appear, the provisions of the second and third paragraphs of Article 20 shall apply even where he is not domiciled in any of the Contracting States.

Article 41

A judgment given on an appeal provided for in Article 40 may be contested only:
— in Belgium, Greece, Spain, France, Italy, Luxembourg and in the Netherlands, by an appeal in cassation,
— in Denmark, by an appeal to the højesteret, with the leave of the Minister of Justice,
— in the Federal Republic of Germany, by a Rechtsbeschwerde,
— in Ireland, by an appeal on a point of law to the Supreme Court,
— in Iceland, by an appeal to the Hæstiréttur,
— in Norway, by an appeal (kjæremål or anke) to the Høyesteretts kjæremålsutvalg or Høyesterett,
— in Austria, by a Revisionsrekurs,
— in Portugal, by an appeal on a point of law,
— in Switzerland, by a recours de droit public devant le tribunal fédéral/staatsrechtliche Beschwerde beim Bundesgericht/ricorso di diritto pubblico davanti al tribunale federale,
— in Finland, by an appeal to the korkein oikeus/högsta domstolen,
— in Sweden, by an appeal to the högsta domstolen,
— in the United Kingdom, by a single further appeal on a point of law.

Article 42

Where a foreign judgment has been given in respect of several matters and enforcement cannot be authorized for all of them, the court shall authorize enforcement for one or more of them.

An applicant may request partial enforcement of a judgment.

Article 43

A foreign judgment which orders a periodic payment by way of a penalty shall be enforceable in the State in which enforcement is sought only if the amount of the payment has been finally determined by the courts of the State of origin.

Article 44

An applicant who, in the State of origin, has benefited from complete or partial legal aid or exemption from costs or expenses, shall be entitled, in the procedures provided for in Articles 32 to 35, to benefit from the most favourable legal aids or the most extensive exemption from costs or expenses provided for by the law of the State addressed.

However, an applicant who requests the enforcement of a decision given by an administrative authority in Denmark or in Iceland in respect of a maintenance order may, in the State addressed, claim the benefits referred to in the first paragraph if he presents a statement from, respectively, the Danish Ministry of Justice or the Icelandic Ministry of Justice to the effect that he fulfils the economic requirements to qualify for the grant of complete or partial legal aid or exemption from costs or expenses.

Article 45

No security, bond or deposit, however described, shall be required of a party who in one Contracting State applies for enforcement of a judgment given in another Contracting State on the ground that he is a foreign national or that he is not domiciled or resident in the State in which enforcement is sought.

Section 3

Common provisions

Article 46

A party seeking recognition or applying for enforcement of a judgment shall produce:

1. a copy of the judgment which satisfies the conditions necessary to establish its authenticity;
2. in the case of a judgment given in default, the original or a certified true copy of the document which establishes that the party in default was served with the document instituting the proceedings or with an equivalent document.

Article 47

A party applying for enforcement shall also produce:

1. documents which establish that, according to the law of the State of origin, the judgment is enforceable and has been served;
2. where appropriate, a document showing that the applicant is in receipt of legal aid in the State of origin.

Article 48

If the documents specified in Articles 46 (2) and 47 (2) are not produced, the court may specify a time for their production, accept equivalent documents or, if it considers that it has sufficient information before it, dispense with their production.

If the court so requires, a translation of the documents shall be produced; the translation shall be certified by a person qualified to do so in one of the Contracting States.

Article 49

No legalization or other similar formality shall be required in respect of the documents referred to in Articles 46 or 47 or the second paragraph of Article 48, or in respect of a document appointing a representative *ad litem*.

TITLE IV
AUTHENTIC INSTRUMENTS AND COURT SETTLEMENTS
Article 50

A document which has been formally drawn up or registered as an authentic instrument and is enforceable in one Contracting State shall, in another Contracting State, be declared enforceable there, on application made in accordance with the procedures provided for in Articles 31 *et seq.* The application may be refused only if enforcement of the instrument is contrary to public policy in the State addressed.

The instrument produced must satisfy the conditions necessary to establish its authenticity in the State of origin.

The provisions of Section 3 of Title III shall apply as appropriate.

Article 51

A settlement which has been approved by a court in the course of proceedings and is enforceable in the State in which it was concluded shall be enforceable in the State addressed under the same conditions as authentic instruments.

TITLE V
GENERAL PROVISIONS
Article 52

In order to determine whether a party is domiciled in the Contracting State whose courts are seised of a matter, the Court shall apply its internal law.

If a party is not domiciled in the State whose courts are seised of the matter, then, in order to determine whether the party is domiciled in another Contracting State, the court shall apply the law of that State.

Article 53

For the purposes of this Convention, the seat of a company or other legal person or association of natural or legal persons shall be treated as its domicile. However, in order to determine that seat, the court shall apply its rules of private international law.

In order to determine whether a trust is domiciled in the Contracting State whose courts are seised of the matter, the court shall apply its rules of private international law.

TITLE VI
TRANSITIONAL PROVISIONS
Article 54

The provisions of this Convention shall apply only to legal proceedings instituted and to documents formally drawn up or registered as authentic instruments after its entry into force in the State of origin and, where recognition or enforcement of a judgment or authentic instrument is sought, in the State addressed.

However, judgments given after the date of entry into force of this Convention between the State of origin and the State addressed in proceedings instituted before that date shall be recognized and enforced in accordance with the provisions of Title III if jurisdiction was founded upon rules which accorded with those provided for either in Title II of this Convention or in a convention concluded between the State of origin and the State addressed which was in force when the proceedings were instituted.

If the parties to a dispute concerning a contract had agreed in writing before the entry into force of this Convention that the contract was to be governed by the law of Ireland or of a part of the United Kingdom, the courts of Ireland or of that part of the United Kingdom shall retain the right to exercise jurisdiction in the dispute.

Article 54A

For a period of three years from the entry into force of this Convention for Denmark, Greece, Ireland, Iceland, Norway, Finland and Sweden, respectively, jurisdiction in maritime matters shall be determined in these States not only in accordance with the provisions of Title II, but also in accordance with the provisions of paragraphs 1 to 7 following. However, upon the entry into force of the International Convention relating to the arrest of sea-going ships, signed at Brussels on 10 May 1952, for one of these States, these provisions shall cease to have effect for that State.

1. A person who is domiciled in a Contracting State may be sued in the courts of one of the States mentioned above in respect of a maritime claim if the ship to which the claim relates or any other ship owned by him has been arrested by judicial process within the territory of the latter State to secure the claim, or could have been so arrested there but bail or other security has been given, and either:
   (a) the claimant is domiciled in the latter State; or
   (b) the claim arose in the latter State; or
   (c) the claim concerns the voyage during which the arrest was made or could have been made; or
   (d) the claim arises out of a collision or out of damage caused by a ship to another ship or to goods or persons on board either ship, either by the execution or non-execution of a manoeuvre or by the non-observance of regulations; or
   (e) the claim is for salvage; or
   (f) the claim is in respect of a mortgage or hypothecation of the ship arrested.
2. A claimant may arrest either the particular ship to which the maritime claim relates, or any other ship which is owned by the person who was, at the time when the maritime claim arose, the owner of the particular ship. However, only the particular ship to which the maritime claim relates my be arrested in respect of the maritime claims set out under 5. (o), (p) or (q) of this Article.
3. Ships shall be deemed to be in the same ownership when all the shares therein are owned by the same person or persons.
4. When in the case of a charter by demise of a ship the charterer alone is liable in respect of a maritime claim relating to that ship, the claimant may arrest that ship or any other ship owned by the charterer, but no other ship owned by the owner may be arrested in respect of such claim. The same shall apply to any case in which a person other than the owner of a ship is liable in respect of a maritime claim relating to that ship.
5. The expression „maritime claim" means a claim arising out of one or more of the following:
   (a) damage caused by any ship either in collision or otherwise;
   (b) loss of life or personal injury caused by any ship or occurring in connection with the operation on any ship;
   (c) salvage;

(d) agreement relating to the use or hire of any ship whether by charterparty or otherwise;
(e) agreement relating to the carriage of goods in any ship whether by charterparty or otherwise;
(f) loss of or damage to goods including baggage carried in any ship;
(g) general average;
(h) bottomry;
(i) towage;
(j) pilotage;
(k) goods or materials wherever supplied to a ship for her operation or maintenance;
(l) construction, repair or equipment of any ship or dock charges and dues;
(m) wages of masters, officers or crew;
(n) master's disbursements, including disbursements made by shippers, charterers or agents on behalf of a ship or her owner;
(o) dispute as to the title to or ownership of any ship;
(p) disputes between co-owners of any ship as to the ownership, possession, employment or earnings of that ship;
(q) the mortgage or hypothecation of any ship.

6. In Denmark, the expression „arrest" shall be deemed as regards the maritime claims referred to under 5. (o) and (p) of this Article, to include a „forbud", where that is the only procedure allowed in respect of such a claim under Articles 646 to 653 of the law on civil procedure (lov om rettens pleje).
7. In Iceland, the expression „arrest" shall be deemed, as regards the maritime claims referred to under 5. (o) and (p) of this Article, to include a „lögbann", where that is the only procedure allowed in respect of such a claim under Chapter III of the law on arrest and injunction (lög um kyrrsetningu og lögbann).

TITLE VII
RELATIONSHIP TO THE BRUSSELS CONVENTION AND TO OTHER CONVENTIONS

Article 54B

1. This Convention shall not prejudice the application by the Member States of the European Communities of the Convention on Jurisdiction and the Enforcement of Judgments in Civil and Commercial Matters, signed at Brussels on 27 September 1968 and of the Protocol on interpretation of that Convention by the Court of Justice, signed at Luxembourg on 3 June 1971, as amended by the Conventions of Accession to the said Convention and the said Protocol by the States acceding to the European Communities, all of these Conventions and the Protocol being hereinafter referred to as the „Brussels Convention".
2. However, this Convention shall in any event be applied:
   (a) in matters of jurisdiction, where the defendant is domiciled in the territory of a Contracting State which is not a member of the European Communities, or where Article 16 or 17 of this Convention confer a jurisdiction on the courts of such a Contracting State;

(b) in relation to a *lis pendens* or to related actions as provided for in Articles 21 and 22, when proceedings are instituted in a Contracting State which is not a member of the European Communities and in a Contracting State which is a member of the European Communities;

(c) in matters of recognition and enforcement, where either the State of origin or the State addressed is not a member of the European Communities.

3. In addition to the grounds provided for in Title III recognition or enforcement may be refused if the ground of jurisdiction on which the judgment has been based differs from that resulting from this Convention and recognition or enforcement is sought against a party who is domiciled in a Contracting State which is not a member of the European Communities, unless the judgment may otherwiese be recognized or enforced under any rule of law in the State addressed.

Article 55

Subject to the provisions of Articles 54 (2) and 56, this Convention shall, for the States which are parties to it, supersede the following conventions concluded between two or more of them:

— the Convention between the Swiss Confederation and France on jurisdiction and enforcement of judgments in civil matters, signed at Paris on 15 June 1869,

— the Treaty between the Swiss Confederation and Spain on the mutual enforcement of judgments in civil or commercial matters, signed at Madrid on 19 November 1896,

— the Convention between the Swiss Confederation and the German Reich on the recognition and enforcement of judgments and arbitration awards, signed at Berne on 2 November 1929,

— the Convention between Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden on the recognition and enforcement of judgments, signed at Copenhagen on 16 March 1932,

— the Convention between the Swiss Confederation and Italy on the recognition and enforcement of judgments, signed at Rome on 3 January 1933,

— the Convention between Sweden and the Swiss Confederation on the recognition and enforcement of judgments and arbitral awards signed at Stockholm on 15 January 1936,

— the Convention between the Kingdom of Belgium and Austria on the reciprocal recognition and enforcement of judgments and authentic instruments relating to maintenance obligations, signed at Vienna on 25 October 1957,

— the Convention between the Swiss Confederation and Belgium on the recognition and enforcement of judgments and arbitration awards, signed at Berne on 29 April 1959,

— the Convention between the Federal Republic of Germany and Austria on the reciprocal recognition and enforcement of judgments, settlements and authentic instruments in civil and commercial matters, signed at Vienna on 6 June 1959,

— the Convention between the Kingdom of Belgium and Austria on the reciprocal recognition and enforcement of judgments, arbitral awards and authentic instruments in civil and commercial matters, signed at Vienna on 16 June 1959,

— the Convention between Austria and the Swiss Confederation on the recognition and enforcement of judgments, signed at Berne on 16 December 1960,

— the Convention between Norway and the United Kingdom providing for the reciprocal recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at London on 12 June 1961,

— the Convention between the United Kingdom and Austria providing for the reciprocal recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters, signed at Vienna on 14 July 1961, with amending Protocol signed at London on 6 March 1970,
— the Convention between the Kingdom of the Netherlands and Austria on the reciprocal recognition and enforcement of judgments and authentic instruments in civil and commercial matters, signed at The Hague on 6 February 1963,
— the Convention between France and Austria on the recognition and enforcement of judgments and authentic instruments in civil and commercial matters, signed at Vienna on 15 July 1966,
— the Convention between Luxembourg and Austria on the recognition and enforcement of judgements and authentic instruments in civil and commercial matters, signed at Luxembourg on 29 July 1971,
— the Convention between Italy and Austria on the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters, of judicial settlements and of authentic instruments, signed at Rome on 16 November 1971,
— the Convention between Norway and the Federal Republic of Germany on the recognition and enforcement of judgments and enforceable documents, in civil and commercial matters, signed at Oslo on 17 June 1977,
— the Convention between Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden on the recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at Copenhagen on 11 October 1977,
— the Convention between Austria and Sweden on the recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at Stockholm on 16 September 1982,
— the Convention between Austria and Spain on the recognition and enforcement of judgments, settlements and enforceable authentic instruments in civil and commercial matters, signed at Vienna on 17 February 1984,
— the Convention between Norway and Austria on the recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at Vienna on 21 May 1984, and
— the Convention between Finland and Austria on the recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at Vienna on 17 November 1986.

Article 56

The Treaty and the conventions referred to in Article 55 shall continue to have effect in relation to matters to which this Convention does not apply.

They shall continue to have effect in respect of judgments given and documents formally drawn up or registered as authentic instruments before the entry into force of this Convention.

Article 57

1. This Convention shall not affect any conventions to which the Contracting States are or will be parties and which in relation to particular matters, govern jurisdiction or the recognition or enforcement of judgments.
2. This Convention shall not prevent a court of a Contracting State which is party to a convention referred to in the first paragraph from assuming jurisdiction in accordance with that convention, even where the defendant is domiciled in a Contracting State which is not a party to that convention. The court hearing the action shall,

in any event, apply Article 20 of this Convention.

3. Judgments given in a Contracting State by a court in the exercise of jurisdiction provided for in a convention referred to in the first paragraph shall be recognized and enforced in the other Contracting States in accordance with Title III of this Convention.
4. In addition to the grounds provided for in Title III, recognition or enforcement may be refused if the State addressed is not a contracting party to a convention referred to in the first paragraph and the person against whom recognition or enforcement is sought is domiciled in that State, unless the judgment may otherwise be recognized or enforced under any rule of law in the State addressed.
5. Where a convention referred to in the first paragraph to which both the State of origin and the State addressed are parties lays down conditions for the recognition or enforcement of judgments, those conditions shall apply. In any event, the provisions of this Convention which concern the procedures for recognition and enforcement of judgments may be applied.

Article 58
(None)

Article 59

This Convention shall not prevent a Contracting State from assuming, in a convention on the recognition and enforcement of judgments, an obligation towards a third State not to recognize judgments given in other Contracting States against defendants domiciled or habitually resident in the third State where, in cases provided for in Article 4, the judgment could only be founded on a ground of jurisdiction specified in the second paragraph of Article 3.

However, a Contracting State may not assume an obligation towards a third State not to recognize a judgment given in another Contracting State by a court basing its jurisdiction on the presence within that State of property belonging to the defendant, or the seizure by the plaintiff of property situated there:

1. if the action is brought to assert or declare proprietary or possessory rights in that property, seeks to obtain authority to dispose of it, or arises from another issue relating to such property, or
2. if the property constitutes the security for a debt which is the subject-matter of the action.

TITLE VIII
FINAL PROVISIONS
Article 60

The following may be parties to this Convention:

(a) States which, at the time of the opening of this Convention for signature, are members of the European Communities or of the European Free Trade Association;
(b) States which, after the opening of this Convention for signature, become members of the European Communities or of the European Free Trade Association;
(c) States invited to accede in accordance with Article 62 (1) (b).

Article 61

1. This Convention shall be opened for signature by the States members of the European Communities or of the European Free Trade Association.
2. The Convention shall be submitted for ratification by the signatory States. The instruments of ratification shall be deposited with the Swiss Federal Council.
3. The Convention shall enter into force on the first day of the third month following the date on which two States, of which one is a member of the European Communities and the other a member of the European Free Trade Association, deposit their instruments of ratification.
4. The Convention shall take effect in relation to any other signatory State on the first day of the third month following the deposit of its instrument of ratification.

Article 62

1. After entering into force this Convention shall be open to accession by:
   (a) the States referred to in Article 60 (b);
   (b) other States which have been invited to accede upon a request made by one of the Contracting States to the depositary State. The depositary State shall invite the State concerned to accede only if, after having communicated the contents of the communications that this State intends to make in accordance with Article 63, it has obtained the unanimous agreement of the signatory States and the Contracting States referred to in Article 60 (a) and (b).
2. If an acceding State wishes to furnish details for the purposes of Protocol 1, negotiations shall be entered into to that end. A negotiating conference shall be convened by the Swiss Federal Council.
3. In respect of an acceding State, the Convention shall take effect on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession.
4. However, in respect of an acceding State referred to in paragraph 1 (a) or (b), the Convention shall take effect only in relations between the acceding State and the Contracting States which have not made any objections to the accession before the first day of the third month following the deposit of the instrument of accession.

Article 63

Each acceding State shall, when depositing its instrument of accession, communicate the information required for the application of Articles 3, 32, 37, 40, 41 and 55 of this Convention and furnish, if need be, the details prescribed during the negotiations for the purposes of Protocol 1.

Article 64

1. This Convention is concluded for an initial period of five years from the date of its entry into force in accordance with Article 61 (3), even in the case of States which ratify it or accede to it after that date.
2. At the end of the initial five-year period, the Convention shall be automatically renewed from year to year.
3. Upon the expiry of the initial five-year period, any contracting State may, at any time, denounce the Convention by sending a notification to the Swiss Federal Council.

4. The denunciation shall take effect at the end of the calendar year following the expiry of a period of six months from the date of receipt by the Swiss Federal Council of the notification of denunciation.

Article 65

The following are annexed to this Convention:
— a Protocol 1, on certain questions of jurisdiction, procedure and enforcement,
— a Protocol 2, on the uniform interpretation of the Convention,
— a Protocol 3, on the application of Article 57.

These Protocols shall form an integral part of the Convention.

Article 66

Any Contracting State may request the revision of this Convention. To that end, the Swiss Federal Council shall issue invitations to a revision conference within a period of six months from the date of the request for revision.

Article 67

The Swiss Federal Council shall notify the States represented at the Diplomatic Conference of Lugano and the States who have later acceded to the Convention of:
(a) the deposit of each instrument of ratification or accession;
(b) the dates of entry into force of this Convention in respect of the Contracting States;
(c) any denunciation received pursuant to Article 64;
(d) any declaration received pursuant to Article Ia of Protocol 1;
(e) any declaration received pursuant to Article Ib of Protocol 1;
(f) any declaration received pursuant to Article IV of Protocol 1;
(g) any communication made pursuant to Article VI of Protocol 1.

Article 68

This Convention, drawn up in a single original in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Icelandic, Irish, Italian, Norwegian, Portuguese, Spanish and Swedish languages, all fourteen texts being equally authentic, shall be deposited in the archives of the Swiss Federal Council. The Swiss Federal Council shall transmit a certified copy to the Government of each State represented at the Diplomatic Conference of Lugano and to the Government of each acceding State.

PROTOCOL 1
on certain questions of jurisdiction, procedure and enforcement

THE HIGH CONTRACTING PARTIES HAVE AGREED UPON THE FOLLOWING PROVISIONS, WHICH SHALL BE ANNEXED TO THE CONVENTION:

Article I

Any person domiciled in Luxembourg who is sued in a court of another Contracting State pursuant to Article 5 (1) may refuse to submit to the jurisdiction of that court. If the defendant does not enter an appearance the court shall declare of its own motion that it has no jurisdiction.

An agreement conferring jurisdiction, within the meaning of Article 17, shall be valid with respect to a person domiciled in Luxembourg only if that person has expressly and specifically so agreed.

Article Ia

1. Switzerland reserves the right to declare, at the time of depositing its instrument of ratification, that a judgment given in another Contracting State shall be neither recognized nor enforced in Switzerland if the following conditions are met:
   (a) the jurisdiction of the court which has given the judgment is based only on Article 5 (1) of this Convention; and
   (b) the defendant was domiciled in Switzerland at the time of the introduction of the proceedings; for the purposes of this Article, a company or other legal person is considered to be domiciled in Switzerland if it has its registered seat and the effective centre of activities in Switzerland; and
   (c) the defendant raises an objection to the recognition or enforcement of the judgment in Switzerland, provided that he has not waived the benefit of the declaration foreseen under this paragraph.
2. This reservation shall not apply to the extent that at the time recognition or enforcement is sought a derogation has been granted from Article 59 of the Swiss Federal Constitution. The Swiss Government shall communicate such derogations to the signatory States and the acceding States.
3. This reservation shall cease to have effect on 31 December 1999. It may be withdrawn at any time.

Article Ib

Any Contracting State may, by declaration made at the time of signing or of deposit of its instrument of ratification or of accession, reserve the right, notwithstanding the provisions of Article 28, not to recognize and enforce judgments given in the other Contracting States if the jurisdiction of the court of the State of origin is based, pursuant to Article 16 (1) (b), exclusively on the domicile of the defendant in the State of origin, and the property is situated in the territory of the State which entered the reservation.

Article II

Without prejudice to any more favourable provisions of national laws, persons domiciled in a Contracting State who are being prosecuted in the criminal courts of another Contracting State of which they are not nationals for an offence which was not intentionally committed may be defended by persons qualified to do so, even if they do not appear in person.

However, the court seised of the matter may order appearance in person; in the case of failure to appear, a judgment given in the civil action without the person concerned having had the opportunity to arrange for his defence need not be recognized or enforced in the other Contracting States.

Article III

In proceedings for the issue of an order for enforcement, no charge, duty or fee calculated by reference to the value of the matter in issue may be levied in the State in which enforcement is sought.

Article IV

Judicial and extrajudicial documents drawn up in one Contracting State which have to be served on persons in another Contracting State shall be transmitted in accordance with the procedures laid down in the conventions and agreements concluded between the Contracting States.

Unless the State in which service is to take place objects by declaration to the Swiss Federal Council, such documents may also be sent by the appropriate public officers of the State in which the document has been drawn up directly to the appropriate public officers of the State in which the addressee is to be found. In this case the officer of the State of origin shall send a copy of the document to the officer of the State applied to who is competent to forward it to the addressee. The document shall be forwarded in the manner specified by the law of the State applied to. The forwarding shall be recorded by a certificate sent directly to the officer of the State of origin.

Article V

The jurisdiction specified in Articles 6 (2) and 10 in actions on a warranty or guarantee or in any other third party proceedings may not be resorted to in the Federal Republic of Germany, in Spain, in Austria and in Switzerland. Any person domiciled in another Contracting State may be sued in the courts:

— of the Federal Republic of Germany, pursuant to Articles 68, 72, 73 and 74 of the code of civil procedure (Zivilprozessordnung) concerning third-party notices,
— of Spain, pursuant to Article 1482 of the civil code,
— of Austria, pursuant to Article 21 of the code of civil procedure (Zivilprozessordnung) concerning third-party notices,
— of Switzerland, pursuant to the appropriate provisions concerning third-party notices of the cantonal codes of civil procedure.

Judgments given in the other Contracting States by virtue of Article 6 (2) or 10 shall be recognized and enforced in the Federal Republic of Germany, in Spain, in Austria and in Switzerland in accordance with Title III. Any effects which judgments given in these States may have on third parties by application of the provisions in the preceding paragraph shall also be recognized in the other Contracting States.

Article Va

In matters relating to maintenance, the expression „court" includes the Danish, Icelandic and Norwegian administrative authorities.

In civil and commercial matters, the expression „court" includes the Finnish ulosotonhaltija/överexekutor.

Article Vb

In proceedings involving a dispute between the master and a member of the crew of a sea-going ship registered in Denmark, in Greece, in Ireland, in Iceland, in Norway, in Portugal or in Sweden concerning remuneration or other conditions of service, a court in a Contracting State shall establish whether the diplomatic or consular officer responsible for the ship has been notified of the dispute. It shall stay the proceedings so long as he has not been notified. It shall of its own motion decline jurisdiction if the officer, having been duly notified, has exercised the powers accorded to him in the matter by a

consular convention, or in the absence of such a convention has, within the time allowed, raised any objection to the exercise of such jurisdiction.

Article Vc
(None)

Article Vd

Without prejudice to the jurisdiction of the European Patent Office under the Convention on the grant of European patents, signed at Munich on 5 October 1973, the courts of each Contracting State shall have exclusive jurisdiction, regardless of domicile, in proceedings concerned with the registration or validity of any European patent granted for that State which is not a Community patent by virtue of the provision of Article 86 of the Convention for the European patent for the common market, signed at Luxembourg on 15 December 1975.

Article VI

The Contracting States shall communicate to the Swiss Federal Council the text of any provisions of their laws which amend either those provisions of their laws mentioned in the Convention or the lists of courts specified in Section 2 of Title III.

PROTOCOL 2
on the uniform interpretation of the Convention

PREAMBLE THE HIGH CONTRACTING PARTIES,

HAVING REGARD to Article 65 of this Convention,

CONSIDERING the substantial link between this Convention and the Brussels Convention,

CONSIDERING that the Court of Justice of the European Communities by virtue of the Protocol of 3 June 1971 has jurisdiction to give rulings on the interpretation of the provisions of the Brussels Convention,

BEING AWARE of the rulings delivered by the Court of Justice of the European Communities on the interpretation of the Brussels Convention up to the time of signature of this Convention,

CONSIDERING that the negotiations which led to the conclusion of the Convention were based on the Brussels Convention in the light of these rulings,

DESIRING to prevent, in full deference to the independence of the courts, divergent interpretations and to arrive at as uniform an interpretation as possible of the provisions of the Convention, and of these provisions and those of the Brussels Convention which are substantially reproduced in this Convention,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

The courts of each Contracting State shall, when applying and interpreting the provisions of the Convention, pay due account to the principles laid down by any relevant decision delivered by courts of the other Contracting States concerning provisions of this Convention.

Article 2

1. The Contracting Parties agree to set up a system of exchange of information concerning judgments delivered pursuant to this Convention as well as relevant judgments under the Brussels Convention. This system shall comprise:
   — transmission to a central body by the competent authorities of judgments delivered by courts of last instance and the Court of Justice of the European Communities as well as judgments of particular importance which have become final and have been delivered pursuant to this Convention or the Brussels Convention,
   — classification of these judgments by the central body including, as far as necessary, the drawing-up and publication of translations and abstracts,
   — communication by the central body of the relevant documents to the competent national authorities of all signatories and acceding States to the Convention and to the Commission of the European Communities.
2. The central body is the Registrar of the Court of Justice of the European Communities.

Article 3

1. A Standing Committee shall be set up for the purposes of this Protocol.
2. The Committee shall be composed of representatives appointed by each signatory and acceding State.
3. The European Communities (Commission, Court of Justice and General Secretariat of the Council) and the European Free Trade Association may attend the meetings as observers.

Article 4

1. At the request of a Contracting Party, the depositary of the Convention shall convene meetings of the Committee for the purpose of exchanging views on the functioning of the Convention and in particular on:
   — the development of the case-law as communicated under the first indent of Article 2 (1),
   — the application of Article 57 of the Convention.
2. The Committee, in the light of these exchanges, may also examine the appropriateness of starting on particular topics a revision of the Convention and make recommendations.

PROTOCOL 3
on the application of Article 57

THE HIGH CONTRACTING PARTIES HAVE AGREED AS FOLLOWS:

1. For the purposes of the Convention, provisions which, in relation to particular matters, govern jurisdiction or the recognition or enforcement of judgments and which are, or will be contained in acts of the institutions of the European Communities shall be treated in the same way as the conventions referred to in Article 57 (1).
2. If one Contracting State is of the opinion that a provision contained in an act of the institutions of the European Communities is incompatible with the Convention, the Contracting States shall promptly consider amending the Convention pursuant to Article 66, without prejudice to the procedure established by Protocol 2.

DECLARATION
by the representatives of the Governments of the States signatories to the Lugano Convention which are members of the European Communities on Protocol 3 on the application of Article 57 of the Convention

Upon signature of the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters done at Lugano on 16 September 1988,

THE REPRESENTATIVES OF THE GOVERNMENTS OF THE MEMBER STATES OF THE EUROPEAN COMMUNITIES,

taking into account the undertakings entered into *vis-à-vis* the member states of the European Free Trade Association,

anxious not to prejudice the unity of the legal system set up by the Convention,

declare that they will take all measures in their power to ensure, when Community acts referred to in paragraph 1 of Protocol 3 on the application of Article 57 are being drawn up, respect for the rules of jurisdiction and recognition and enforcement of judgments established by the Convention.

DECLARATION
by the Representatives of the Governments of the States signatories to the Lugano Convention which are members of the European Communities

Upon signature of the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters done at Lugano on 16 September 1988,

THE REPRESENTATIVES OF THE GOVERNMENTS OF THE MEMBER STATES OF
THE EUROPEAN COMMUNITIES

declare that they consider as appropriate that the Court of Justice of the European Communities, when interpreting the Brussels Convention, pay due account to the rulings contained in the case-law of the Lugano Convention.

DECLARATION
by the Representatives of the Governments of the States signatories to the Lugano Convention which are members of the European Free Trade Association

Upon signature of the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters done at Lugano on 16 September 1988,

THE REPRESENTATIVES OF THE GOVERNMENTS OF THE MEMBER STATES OF THE EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

declare that they consider as appropriate that their courts, when interpreting the Lugano Convention, pay due account to the rulings contained in the case law of the Court of Justice of the European Communities and of courts of the Member States of the European Communities in respect of provisions of the Brussels Convention which are substantially reproduced in the Lugano Convention.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

Með frumvarpinu er lagt til að Alþingi fullgildi svokallaðan Lúganósamning um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

Kostnaðaráhrif samningsins eru óveruleg.

498. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 10-472 680 Flugvellir, framkvæmdir.	
Fyrir „323.000“ kemur	390.000

499. Frumvarp til laga [329. mál]

um leigubifreiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Leiguakstur.

Lög þessi taka til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar, sem taka fleiri en átta farþega, falla þó ekki undir lög þessi. Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker samgönguráðuneytið úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar.

2. gr.

Bifreiðastöðvar.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að allar leigubifreiðar í sveitarfélaginu í hverjum flokki fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu sveitarstjórnar. Þar sem viðurkenndar bifreiðastöðvar eru starfandi er öllum sem aka utan þessara stöðva bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

3. gr.

Skilyrði til aksturs.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka bifreið í leiguakstri:

1. hafa fullnægjandi starfshæfni, þar með talin fullnægjandi ökuréttindi,
2. hafa óflekkað mannorð,
3. hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu,
4. hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð,
5. vera 70 ára eða yngri.

4. gr.

Takmörkun á fjölda bifreiða.

Samgönguráðuneytinu er heimilt með reglugerð að takmarka fjölda bifreiða í leiguakstri enda komi til meðmæli viðkomandi sveitarstjórna og héraðsnefnda. Þar sem sveitarstjórnir og héraðsnefndir eru eigi sammála sker samgönguráðuneytið úr. Bifreiðafjöldi skal ákveðinn í samráði við sveitarstjórnir, héraðsnefndir og félög bifreiðastjóra.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

Takmörkun á fjölda bifreiða er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa skv. II. kafla laga þessara.

II. KAFLI

Leiguakstur fóksbifreiða.

5. gr.

Atvinnuleyfi.

Þeim einum sem hafa atvinnuleyfi er heimilt að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða eru atvinnuleyfi gefin út af umsjónarnefnd fólksbifreiða en utan takmörkunarsvæða fer eftir nánari reglum sem samgönguráðherra setur.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt. Atvinnuleyfishafi er háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar svo sem þau eru á hverjum tíma.

Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skilríki til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leiguakstur í forföllum leyfishafa.

6. gr.

Veiting atvinnuleyfa.

Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr.

Þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 3. gr. og skal tekið tillit til starfsreynslu við akstur á fólki við veitingu atvinnuleyfa. Þó er heimilt að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má þá gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga.

7. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Sá einn getur fengið atvinnuleyfi sem á fólksbifreið og hefur það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Frá skilyrðum um aðalatvinnu má víkja á svæðum þar sem íbúar eru færri en 5.000.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

a. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
b. vaktaskipta á álagstímum,
c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Samgönguráðherra er heimilt að fela umsjónarnefnd fólksbifreiða eða félögum bifreiðastjóra að setja reglur um þessar undanþágur og annast framkvæmd þeirra. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur.

Heimilt er að svipta leyfishafa atvinnuleyfi tímabundið ef hann brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar, en fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa.

8. gr.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

Þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri skipar samgönguráðherra þriggja manna umsjónarnefnd fólksbifreiða. Sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega tilnefna einn mann, bifreiðastöð eða bifreiðastöðvar sameiginlega einn mann og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Ráðherra getur ákveðið að fjölga í nefndinni á ákveðnum svæðum ef ástæða þykir til.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða hefur með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um leigubifreiðar á svæðinu, úthlutun atvinnuleyfa og afturköllun þeirra, svo og eftirlit með þjónustu fólksbifreiðastöðva.

Samgönguráðherra ákveður laun nefndarmanna. Laun þeirra og annan kostnað af störfum umsjónarnefnda greiðir ríkissjóður.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

10. gr.

Samgönguráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laganna er samgönguráðherra heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu og til bifreiðastjóra sem jafnframt er fullgildur leiðsögumaður.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum þar til öðruvísi verður ákveðið af réttum aðilum.

Þeir sem hafa atvinnuleyfi eða stunda akstur leigubifreiða utan takmörkunarsvæða við gildistöku laga þessara eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 3. gr. skulu þeir sem stunda akstur leigubifreiða við gildistöku laga þessara halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra.

Þeir sem stunda leiguakstur á fólksbifreið utan takmörkunarsvæða við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér atvinnuleyfis á árinu 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 117. löggjafarþingi vorið 1994 en varð þá ekki útrætt. Það er flutt nú að miklu leyti óbreytt en breytingatillögur hafa verið felldar inn í meginmál laga nr. 77/1989 og lagt fram frumvarp til nýrra laga um leigubifreiðar.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Tilgangur þess er einkum að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum til samræmis við niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu vegna kæru Sigurðar Á. Sigurjónssonar leigubifreiðastjóra á hendur íslenska ríkinu. Dómurinn taldi ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem gera það að skilyrði fyrir atvinnuleyfi leigubifreiðastjóra að þeir séu félagar í stéttarfélagi leigubifreiðastjóra, brjóta gegn mannréttindasáttmála Evrópu.

Markmið frumvarpsins er því að fella úr gildi lögbundna skylduaðild fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra að stéttarfélögum sínum og bregðast við þeim aðstæðum sem af þessari breytingu getur leitt.

I. Aðdragandi að setningu laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Við meðferð frumvarps til laga um leigubifreiðar á Alþingi árið 1989 gerði samgöngunefnd neðri deildar Alþingis sérstaka athugun á ákvæði 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, sem fjallaði um félagsskyldu þeirra bifreiðastjóra sem nytu takmörkunar. Í greinargerð með þessu ákvæði frumvarpsins segir:

„Með 1. mgr. er því slegið föstu að allir bifreiðastjórar, sem njóta takmörkunar, skuli vera í sama stéttarfélagi á sínu svæði. Þetta á að sjálfsögðu við hverja stétt fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra. Þetta kemur annars vegar í veg fyrir að sama stéttin klofni í tvö eða fleiri stéttarfélög á sama svæði og hins vegar að einstakir bifreiðastjórar, sem takmörkunar njóta, geti staðið utan félags. Stéttarfélag á frumkvæði að því að takmörkun verði komið á, atbeina þess þarf til að framkvæma

hana, og félagið hefur á hendi nauðsynlegt fyrirsvar fyrir stéttina gagnvart hinu opinbera. Því er óhjákvæmilegt að skylda alla bifreiðastjóra, sem njóta þessa skipulags, til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði, enda er hagsmunum þeirra sjálfra best borgið með þessum hætti. Ljóst er af nýgengnum dómi Hæstaréttar að reglugerðarákvæði dugir ekki til að skylda bifreiðastjóra til félagsaðildar. Þar þarf lagaákvæði að koma til svo örugglega sé um hnútana búið."

Samgöngunefndin leitaði álits lögfræðinga og prófessors við Háskóla Íslands um efni þessarar greinar. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja ekki til breytingar á þessu ákvæði frá þeim texta sem upphaflega var í frumvarpinu.

Í dómi Hæstiréttar Íslands frá 15. desember 1988 var litið svo á að 73. gr. stjórnarskrárinnar hefði aðeins verið „ætlað að tryggja félagsstofnunina sem slíka en ekki rétt manna til að standa utan félaga". Í umræddum dómi kemur fram sú skýring Hæstaréttar á 73. gr. stjórnarskrár að ákvæðið verndi ekki svokallað neikvætt félagafrelsi, þ.e. rétt manna til að neita að vera í eða ganga í félag. Telur Hæstiréttur að umrætt ákvæði stjórnarskrár fari hvorki í bága við alþjóðasamninga, um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem samþykktir voru á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, né ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950. Í dóminum segir:

„Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að ósamræmi sé milli 73. gr. stjórnarskrárinnar og þeirra ákvæða alþjóðasamþykkta, er hann vísar til og rakin eru í héraðsdómi, og myndi enda ekki sjálfkrafa hagga settum stjórnarskrárákvæðum. Verður ekki fallist á þá skoðun áfrýjanda, að efni standi nú til að skýra þessa grein stjórnarskrárinnar svo, að hún mæli fyrir um rétt manna til að neita að ganga í félag eða að vera í félagi. Af þessu stjórnarskrárákvæði verður heldur ekki dregin sú ályktun, að óheimilt sé að gera félagsaðild að skilyrði atvinnuleyfis."

II. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Mannréttindasáttmáli Evrópu var gerður á vegum Evrópuráðsins og undirritaður af aðildarríkjum þess árið 1950. Ísland undirritaði árið 1953 fullgildingarskjal varðandi sáttmálann og hefur síðan fullgilt viðauka 1–8. Á grundvelli sáttmálans var sett á stofn mannréttindanefnd Evrópu og Mannréttindadómstóll Evrópu. Nefndin getur tekið við erindum, m.a. frá einstaklingum sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi sem verndar njóta samkvæmt samningnum. Takist ekki sátt í máli semur nefndin skýrslu um málið og lætur álit í ljós hvort um sé að ræða brot á skyldum samningsaðila. Einstaklingur getur ekki lagt mál fyrir dómstólinn, heldur aðeins nefndin og samningsríki. Mannréttindanefndin annast flutning mála fyrir dómstólnum sem hún skýtur þangað.

Þann 25. júní 1992 gekk dómur á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstólnum, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningnum vegna kæru Þorgeirs Þorgeirssonar rithöfundar. Í framhaldi af því skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um viðbrögð við dómnum. Í starfi sínu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja til að sáttmálinn yrði lögtekin hér á landi, en sú niðurstaða var einkum byggð á því að lögfesting sáttmálans yrði til að auka réttaröryggi. Frumvarp þess efnis var lagt fram á Alþingi haustið 1993 og er það orðið að lögum.

III. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu.

Þann 15. maí 1992 úrskurðaði mannréttindanefndin í máli Sigurðar Á. Sigurjónssonar og komst að þeirri niðurstöðu með 17 atkvæðum gegn 1 að félagsskylda kæranda að Bifreiðastjórafélaginu Frama fæli í sér brot gegn 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Með bréfi dags. 16. júlí 1992 tilkynnti nefndin dómsmálaráðuneytinu að hún hafi skotið málinu til dómstólsins og fór málflutningur fyrir dómstólnum fram í febrúar sl.

Þann 30. júní 1993 var kveðinn upp dómur hjá Mannréttindadómstól Evrópu vegna kæru Sigurðar Á. Sigurjónssonar leigubílstjóra á hendur íslenska ríkinu. Dómstóllinn telur að ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem skylda leigubifreiðastjóra á svæðum þar sem takmörkun er í gildi til að vera í félagi leigubifreiðastjóra brjóti í bága við ákvæði 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi, þar sem ákvæðið verndar einnig rétt manna til að vera utan félags. Í forsendum dómsins kemur eftirfarandi fram:

Í 1. mgr. 11. gr. sáttmálans segir að menn hafi rétt til að mynda félög, þar á meðal stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum. Í ákvæðinu felst einnig réttur til að vera ekki í félagi, þ.e. svokallað neikvætt félagafrelsi og því fari ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem kveða á um að til að fá eða halda atvinnuleyfi þurfi aðild að Bifreiðastjórafélaginu Frama — stéttarfélagi leigubifreiðastjóra, gegn 1. mgr. 11. gr. sáttmálans. Jafnframt er vísað til ýmissa sáttmála og samþykkta alþjóðastofnana er vernda neikvæða félagafrelsið.

Í 2. mgr. 11. gr. sáttmálans er kveðið á um að réttur þessi skuli ekki háður öðrum takmörkunum en lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilbrigði eða siðgæði, eða réttindum eða frelsi annarra. Dómurinn telur að skylduaðild að Frama hafi verið komið á með lögum og ætlunin hafi verið að vernda réttindi annarra bílstjóra, en dregið verði í efa hvort nauðsyn hafi borið til að kveða á um skylduaðild þegar borið sé saman annars vegar réttindamissir og þvingun kæranda og hins vegar hagsmunir tengdum hlutverki Frama við framkvæmd og eftirlit með leiguakstri.

IV. Helstu breytingar með frumvarpinu.

— Gerðar eru nauðsynlegar breytingar í framhaldi af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu og afnumin skylda bifreiðastjóra til að vera í einu og sama stéttarfélagi á þeim svæðum þar sem heimiluð hefur verið takmörkun á fjölda bifreiða sem nota á til leiguaksturs.

— Lagt er til að samgönguráðherra geti falið umsjónarnefnd fólksbifreiða eða félögum bifreiðastjóra að setja reglur um undanþáguveitingar skv. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins og annast framkvæmd þeirra. Hið svokallaða innra eftirlit verði því hér eftir á hendi annars þessara, þar á meðal að fylgjast með að þeir sem aka í forföllum leyfishafa uppfylli skilyrði laga og reglna um leigubifreiðar.

— Lagt er til að sama regla varðandi hámarksaldur gildi um alla atvinnubifreiðastjóra sem lög þessi taka til, þ.e. jafnt fólks-, sendi- og vörubifreiðastjóra á takmörkunarsvæðum sem utan þeirra, sbr. 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ákveðinn gildistökufrestur er þó gagnvart þeim bifreiðastjórum sem þessi regla hefur ekki þegar náð til með 1. mgr. 9. gr. núgildandi laga, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

V. Brottfall leyfis vegna aldurs.

Undanfarin ár hefur átt sér stað umræða hvort og við hvaða aldursmark atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs eigi að falla brott. Það fyrirkomulag sem nú ríkir og byggir á útgáfu atvinnuleyfa hefur staðið frá árinu 1955 og er fjöldi atvinnuleyfa á höfuðborgarsvæðinu bundinn við 570 atvinnuleyfi. Miðað er við að hver einstaklingur hafi eitt atvinnuleyfi og aki sjálfur eigin bifreið. Segja má að hver og einn leyfishafi hafi einhvers konar einkaleyfi til að bjóða upp á þessa þjónustu. Samhliða þessu einkaleyfi eða starfsvernd hefur löggjafinn talið sér rétt og skylt að gæta einnig hagsmuna og réttar þeirra sem þjónustuna nota þannig að þjónustan verði eftir sem áður góð og örugg.

Almenningur á þá kröfu að þeir sem slíkt einkaleyfi hafa séu góðir, hæfir og fullfrískir ökumenn og geti þjónustað viðskiptavininn, t.d. borið ferðatöskur og annan farangur. Í ljósi þessa og fjölda kvartana á sínum tíma gerði ráðuneytið það að tillögu sinni að kveða á um 75 ára aldurshámark leyfishafa til leigubifreiðaaksturs í frumvarpi til laga um leigubifreiðar sem lagt var fram á Alþingi vorið 1989. Í meðferð frumvarpsins á Alþingi var hámarksaldurinn lækkaður í 71 ár, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Með lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem tóku gildi 1. júlí 1989, var í fyrsta sinn kveðið á um í lögum að atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs félli niður við ákveðinn hámarksaldur leyfishafa. Ákvæði þessa efnis hafði áður verið í 16. gr. reglugerð nr. 293/1985 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík, en skv. 19. gr. hennar var gildistöku ákvæðisins um aldurshámark frestað um 3 ár frá gildistöku reglugerðarinnar og kom það fyrst til framkvæmda 1. júlí 1988. Þá áttu leyfishafar sem orðnir voru 75 ára að leggja inn atvinnuleyfi sín.

Þrír leigubifreiðastjórar, sem gert var að leggja inn atvinnuleyfi sín í samræmi við þessa reglu, töldu ákvæðið ekki hafa lagastoð og báru fram kvörtun við umboðsmann Alþingis. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að ofannefnt ákvæði reglugerðar um hámarksaldur hafi ekki átt sér viðhlítandi lagastoð, þannig að því verði beitt gagnvart leyfishöfum sem höfðu leyfi við gildistöku ákvæðisins. Jafnframt sagði umboðsmaður í áliti sínu: „... ég tel ástæðu til, að lög um leigubifreiðaakstur verði tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild. Í þeirri endurskoðun verði meðal annars fjallað um það, hvaða skilyrðum menn verði að fullnægja til að geta fengið og haldið leyfum til leigubifreiðaaksturs, og um nýtingu slíkra atvinnuleyfa". Í framhaldi af niðurstöðu umboðsmanns Alþingis var hafist handa við heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar. Frumvarp þess efnis var lagt fram í ársbyrjun 1989 og varð að lögum 1. júní 1989 og tóku gildi 1. júlí 1989.

Einn leigubifreiðastjóri, sem gert var að leggja inn atvinnuleyfi sitt í samræmi við ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, höfðaði mál á hendur samgönguráðherra og byggði á því að með því að svipta sig atvinnuleyfinu vegna aldurs á grundvelli laga og reglugerða um leigubifreiðar sé brotinn á honum réttur sem honum beri samkvæmt stjórnskipulegri jafnræðisreglu. Hann taldi sig beittan ójafnræði eða misrétti sem fælist annars vegar í því að bifreiðastjórar sendi-, vöru- og langferðabifreiða séu ekki háðir sams konar ákvæðum um aldurshámark og hins vegar ekki heldur þeir bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur á fólksbifreiðum á þeim svæðum þar sem fjöldi leigubifreiða til fólksflutninga hefur ekki verið takmarkaður. Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm sinn í málinu 3. júní 1993. Í forsendum dómsins er staðfest það mat héraðsdómara að til grundvallar ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989 um aldursmark bifreiðastjóra leigubifreiða til fólksflutninga liggi almenn og hlutlæg sjónarmið og gætt hafi verið jafnræðis við setningu lag-

anna þar sem þau ná til allra sem eins eru settir. Brytu lögin því ekki jafnræðisreglu íslensks stjórnskipunarréttar.

Með frumvarpi þessu er miðað við að atvinnuréttindi allra sem lögin ná til falli brott við lok 70 ára aldurs atvinnubifreiðastjóra, sbr. 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Samhliða þessu frumvarpi verður flutt frumvarp til breytinga á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994, og kveðið á um sams konar reglur hjá bifreiðastjórum langferðabifreiða og flutningabifreiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er samhljóða núgildandi 1. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, og fjallar um skilgreiningar og starfssvið einstakra leigubifreiðastjórastétta.

Um 2. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga. Eina breytingin er að í stað bæjarstjórnar kemur sveitarstjórn og með því er greinin samræmd 4. gr. fumvarpsins. 2. mgr. er samhljóða 3. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í stað stéttarfélags kemur félag. Sú breyting miðar að því að koma í veg fyrir misskilning þar sem félög bifreiðastjóra eru ekki stéttarfélög í skilningi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að allir bifreiðastjórar í leiguakstri verði að uppfylla sömu skilyrði til að stunda slíkan akstur. Fram til þessa hafa einungis fólksbifreiðastjórar í leiguakstri á svæðum þar sem takmörkun hefur verið ákveðin þurft að uppfylla skilyrði sem þessi, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Allir fólksbifreiðastjórar í leiguakstri verða að uppfylla skilyrði þessi til að fá útgefið atvinnuleyfi, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Sama gildir um alla sendi- og vörubifreiðastjóra sem stunda leiguakstur. Bifreiðastöðvum ber að fylgjast með að þeir sem þar eru í afgreiðslu uppfylli þessi skilyrði, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Skilyrði þau sem hér er kveðið á um eru efnislega í samræmi við þau skilyrði sem nú eru í 8. gr. laganna. Þau eru einnig í samræmi við þau skilyrði sem sett hafa verið öðrum bifreiðastjórum í framhaldi af aðild Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, sbr. lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum, og lög um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994. Nánari skýringar og leiðbeiningar um þessi skilyrði verða gefin út með reglugerð.

Með 5. tölul. er lagt til að sama regla varðandi hámarksaldur gildi um alla atvinnubifreiðastjóra sem lögin taka til, þ.e. jafnt fólks-, sendi- og vörubifreiðastjóra. Ákveðinn gildistökufrestur er þó gagnvart þeim bifreiðastjórum sem þessi regla hefur ekki þegar náð til með 1. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Eðlilegt þykir að sama regla gildi um allan akstur í atvinnuskyni. Samhliða þessu frumvarpi verður flutt frumvarp til breytinga á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994, og er í þeim kveðið á um sams konar reglu hjá bifreiðastjórum hópbifreiða og flutningabifreiða.

Um 4. gr.

Það hefur verið meginefni laga um leigubifreiðar að fjalla um heimildir til að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæðum viðkomandi félaga bifreiðastjóra, en þetta á við um fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar. Þróun mála hefur orðið misjöfn eftir því um hvaða flokk bifreiða er að ræða.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1989 er fellt brott, en það kveður á um skyldu bifreiðastjóra í sömu grein til að vera í einu og sama stéttarfélagi. Þessi skylda hefur aðeins náð til bifreiðastjóra í hverjum flokki bifreiða á þeim svæðum þar sem takmörkun er í gildi. Í gildi er takmörkun á félagssvæðum fimm fólksbifreiðastjórafélaga, 28 vörubifreiðastjórafélaga og þriggja sendibifreiðastjórafélaga. Bifreiðastjórum á þeim svæðum þar sem takmörkun á fjölda bifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs verður áfram í gildi er heimilt hér eftir að ganga úr félaginu, sem bað um takmörkun, og vera utan félags eða stofna nýtt félag.

Í 4. gr. er miðað við að ákvæði um heimild til takmörkunar verði efnislega samhljóða núgildandi ákvæði 5. gr. laganna og samgönguráðuneytinu verði heimilt að takmarka fjölda allra leigubifreiða. Verði slík takmörkun ákveðin er miðað við að um hana gildi II. kafli laganna, þ.e. með útgáfu atvinnuleyfa, hvort sem er á sviði fólks-, sendi- og vörubifreiða, sem gefin verði út af sérstökum umsjónarnefndum.

Vörubifreiðastjórar hafa í flestum tilvikum notið takmörkunar og skv. 8. gr. reglugerðar nr. 121/1990 um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, hefur takmörkun verið ákveðin á félagssvæðum 28 vörubifreiðastjórafélaga.

Sendibifreiðastjórar hafa í mjög fáum tilvikum notið takmörkunar, þar sem félög þeirra hafa yfirleitt ekki óskað eftir takmörkun. Þó njóta þrjú félög sendibifreiðastjóra takmörkunar, en það er á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Vestmannaeyjum, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 121/1990.

Í takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða hefur falist að öllum utanfélagsmönnum hefur verið bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989. Takmörkunin hefur verið framkvæmd með þeim hætti að í reglugerð er ákveðin hámarkstala vörubifreiða og sendibifreiða á viðkomandi félagssvæði. Nýir félagar hafa síðan verið teknir inn í stað þeirra sem hætta störfum og félagið auglýst eftir umsóknum um félagsréttindi til að fylla töluna á ný, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 121/1990. Það eru því félögin sjálf sem ráðið hafa hverjir bætast við í stéttina og öðlast rétt til að stunda leiguakstur á þess sviði. Sú starfsvernd sem vörubifreiðastjórar hafa notið á grundvelli þessara laga og reglna hefur aðeins verið bundin við leiguakstur á vörubílum af hefðbundinni gerð og tekur ekki til verktakastarfsemi á sviði flutninga.

Í frumvarpi þessu er miðað við að samgönguráðuneytinu verði heimilt að takmarka fjölda sendi- og vörubifreiða, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Verði slík takmörkun ákveðin er miðað við að um hana gildi II. kafli laganna, þ.e. með útgáfu atvinnuleyfa.

Fjöldi fólksbifreiða er nú takmarkaður á fimm stöðum á landinu, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Takmörkun er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa til einstakra leigubifreiðastjóra sem sérstakar umsjónarnefndir annast. Þetta atvinnuleyfakerfi hefur nú staðið í áratugi og er orðið mjög fast í sessi. Til þess að koma þessu takmörkunarkerfi á þurfti í upphafi að liggja fyrir beiðni frá viðkomandi félagi, síðan þurfti atbeina félagsins til þess að halda kerfinu við. Jafnframt var til þess ætlast að allir atvinnuleyfishafar á viðkomandi félagssvæði væru meðlimir félagsins og

að lokum var félagsaðildin lögbundin. Með því átti m.a. að tryggja að félagið væri í fyrirsvari fyrir alla stéttina.

Um II. kafla.

II. kafli frumvarpsins er í meginatriðum í samræmi við IV. kafla núgildandi laga að öðru leyti en því að uppsetningu kaflans hefur verið breytt. Þá er það nýmæli að allir fólksbifreiðastjórar í leiguakstri þurfi atvinnuleyfi. Fram til þessa hafa einungis verið gefin út atvinnuleyfi á þeim svæðum þar sem heimiluð hefur verið takmörkun á fjölda bifreiða, en utan þeirra hefur ekki verið krafist sérstaks leyfis, hvorki frá samgönguráðuneyti né viðkomandi sveitarstjórnum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú grundvallarregla að allir bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur fólksbifreiða þurfa til þess atvinnuleyfi. Eins og áður er komið fram hafa slík atvinnuleyfi aðeins verið gefin út á takmörkunarsvæðum. Þetta tekur þó ekki til þeirra bifreiðastjóra sem leysa leyfishafa af tímabundið samkvæmt reglum þar um, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Þeir bifreiðastjórar þurfa hins vegar eftir sem áður að uppfylla skilyrði 3. gr. frumvarpsins. Byggt er á því að svokallaðar umsjónarnefndir úthluti atvinnuleyfum þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda bifreiða, en utan þeirra fari eftir reglugerð sem samgönguráðuneytið setur.

2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er í samræmi við 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. er kveðið á um það nýmæli að bifreiðastjórar, jafnt leyfishafar sem launþegar, þurfa að hafa í bílnum skilríki um að þeir hafi heimild til að stunda leiguakstur með fólk. Tekur þetta ákvæði jafnt til þeirra sem hafa atvinnuleyfi á takmörkunarsvæðum sem utan þeirra. Þykir þetta horfa til öryggis fyrir þá sem nýta sér þjónustu leigubifreiða.

Um 6. gr.

1. mgr. fjallar um veitingu atvinnuleyfa til fólksbifreiðastjóra utan takmörkunarsvæða, en þar er lagt til að allir þeir sem uppfylla skilyrði 3. gr. eigi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi.

2. mgr. fjallar um veitingu atvinnuleyfa á svæðum þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguasktri. Reynslan hefur sýnt að umsækjendur um atvinnuleyfi eru yfirleitt margfalt fleiri en þau atvinnuleyfi sem eru laus til úthlutunar. Lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, byggja á því að starfsreynsla við akstur á fólki ráði í meginatriðum úthlutun atvinnuleyfa ef ekki er haldið sérstakt námskeið þar sem prófárangur ræður úthlutun, sbr. 3. mgr. 8. gr. núgildandi laga. Hvers konar starfsreynsla við akstur á fólki er nú metin jöfnu, þ.e. akstur hópbifreiða eða leigubifreiðar. Hins vegar höfðu launþegar í leigubifreiðastjórastétt forgang við veitingu atvinnuleyfa í þrjú ár frá gildistöku laga nr. 77/1989, þ.e. til 1. júlí 1992. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir óbreyttum reglum við úthlutun atvinnuleyfa á takmörkunarsvæðum.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að grundvöllur atvinnuleyfanna er að leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Þetta ákvæði er samhljóða 2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga.

2. mgr. er samhljóða 4. mgr. 9. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að samgönguráðherra geti falið umsjónarnefnd eða félögum bifreiðastjóra að setja reglur um undanþáguveitingar skv. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins og annast framkvæmd þeirra. Hið svokallaða innra eftirlit verði því hér eftir á hendi annars þessara aðila, þar á meðal að fylgjast með að þeir sem aka í forföllum leyfishafa uppfylli skilyrði laga og reglna um leigubifreiðar. Miðað er við að sá aðili sem hefur þetta með höndum geti gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að annast þetta eftirlit og falið það sérstökum eftirlitsmönnum eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Jafnframt eiga bifreiðastöðvar að hafa eftirlit með að reglum þessum sé fylgt, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Til að mæta þeim kostnaði sem af þessu eftirliti hlýst er miðað við að ráðherra verði heimilt að kveða á um sérstakt gjald fyrir veittar undanþágur.

4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 9. gr. núgildandi laga.

5. mgr. er í samræmi við 1. og 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga. Miðað er við að atvinnuleyfi falli úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa, en sú regla kemur jafnframt fram í 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er málsgreinin í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989. Í reglugerð nr. 308/1989 er kveðið á um að sambýlismaður eða sambýliskona skoðist sem eftirlifandi maki hafi sambúðin staðið yfir í að minnsta kosti tvö ár samkvæmt þjóðskrá.

Um 8. gr.

Nú eru starfandi umsjónarnefndir fólksbifreiða á þremur svæðum, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Þær eru allar þriggja manna, þ.e. einn frá bifreiðastjórafélögum, einn frá sveitarfélögum og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fleiri en eitt félag geti verið starfandi á svæðum þar sem takmörkun á fjölda bifreiða hefur verið heimiluð. Með hliðsjón af því er hér lagt til að hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega tilnefni einn mann og bifreiðastöð eða bifreiðastöðvar sameiginlega tilnefni einn mann og samgönguráðherra skipi formann án tilnefningar.

2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 10. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, eiga lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, að hafa eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Eftir að lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, tóku gildi hafa verið sett lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, en skv. 5. gr. þeirra er skylt að löggilda öll mælitæki sem notuð eru hér á landi til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu og skatt- og gjaldstofna. Það er Löggildingarstofan sem löggildir mælitæki, hefur eftirlit með mælitækjum, löggildir vigtarmenn og sér að öðru leyti um að lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt, sbr. 15. gr. laga nr. 100/1992. Hér er efni 11. gr. fært til samræmis við lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, og Löggildingarstofunni fengið það hlutverk að löggilda og hafa eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla í fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, er við það miðað að samgönguráðuneyti setji tvær reglugerðir á grundvelli laganna, annars vegar um fólksbifreiðar og hins vegar um vörubifreiðar og sendibifreiðar. Áður voru settar reglugerðir fyrir hvert félagssvæði fyrir sig í hverjum flokki bifreiða.

Með 8. gr. reglugerðar nr. 308/1989 um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, var kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða á félagssvæðum fimm bifreiðastjórafélaga, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Reglugerðin leysti af hólmi 21 reglugerð, sem gilti fyrir hvert svæði og felld var niður takmörkun á fjölda leigubifreiða á Akranesi, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Neskaupstað, Hveragerði, Vestmannaeyjum og Grindavík. Ástæðan fyrir því að takmörkun var ekki heimiluð á þessum svæðum var að ráðuneytið setti sér þá starfsreglu að heimila ekki takmörkun nema fjöldi bifreiða væri a.m.k. sjö.

Með 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 307/1989, ásamt síðari breytingum um vörubifreiðar og sendibifreiðar sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, var kveðið á um takmörkun á fjölda vörubifreiða á félagssvæðum 28 vörubifreiðastjórafélaga og þriggja sendibifreiðastjórafélaga. Reglugerðin leysti af hólmi 38 reglugerðir sem giltu fyrir hvert svæði vöru- og sendibifreiðastjórafélaga.

Með hliðsjón af því að í 4. gr. frumvarpsins er miðað við að takmörkun verði framkvæmd með svipuðum hætti í hverjum flokki bifreiða fyrir sig og þykja ekki efni til að hafa sérstaka reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar sem notaðar eru til leiguaksturs, heldur verði heimilt að gefa út eina reglugerð fyrir allar leigubifreiðar.

Í 2. mgr. er lagt til að samgönguráðherra geti þrátt fyrir ákvæði II. kafla veitt tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagna (limousine). Með eðalvögnum er átt við glæsilega fólksbifreið oft með skilrúmi milli bílstjóra og farþegarrýmis. Slíkar bifreiðar eru búnar sérþægindum fyrir farþega, t.d. með bílasíma. Þær eru notaðar til sérstakrar viðhafnarþjónustu, t.d. við brúðkaup og heimsóknir erlendra gesta. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ráðherra geti veitt atvinnuleyfi til bifreiðastjóra þegar hann er jafnframt leiðsögumaður samkvæmt reglum sem um það gilda. Atvinnuleyfi samkvæmt þessari málsgrein eru bundin við tiltekna þjónustu og eru utan við þann heildarfjölda fólksbifreiða sem ákveðinn er með takmörkunarreglugerð. Þeir sem sækja um atvinnuleyfi þessi þurfa sem atvinnuleyfishafar að uppfylla skilyrði 3. gr. laganna.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. núgildandi laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 14. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hér er lagt til að felldar verði niður tvær málsgreinar í 14. gr., þar sem þær eiga ekki lengur við.

Í 1. mgr. 14. gr. núgildandi laga segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr., sem fjallar skyldu til að vera í einu og sama félagi þar sem takmörkun er í gildi, sé ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu þar sem önnur tilhögun hefur tíðkast. Ákvæði þetta var sett vegna þess að á Suðurnesjum, en þar var takmörkun í gildi, hafði verið stofnað nýtt félag og því starfandi tvö félög á svæðinu. Í 3. gr. frumvarpsins er 1. mgr. 5. gr. laganna, sem fjallar um félagsskyldu, felld niður og þjónar þessi undanþáguheimild því ekki neinum tilgangi lengur.

Í 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga segir að þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 8. gr. skuli launþegar í leigubifreiðastjórastétt hafa forgang við veitingu atvinnuleyfa næstu þrjú ár frá gildistöku laganna. Lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, tóku gildi 1. júlí 1989 og rann forgangsréttur launþeganna því út 1. júlí 1992 og er því eðlilegt að fella ákvæðið brott úr lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. er lagt til að þeir sem stunda akstur leigubifreiða við gildistöku laganna verði frumvarp þetta að lögum haldi atvinnuréttindum sinum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda akstur leigubifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra. Þessi aðlögunartími tekur til þeirra bifreiðastjóra sem þessi regla um hámarksaldur hefur ekki þegar náð til með 1. mgr. 9. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er þeim sem stunda leiguakstur fólksbifreiða þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda bifreiða veittur kostur á að uppfylla skilyrði laganna og sækja um atvinnuleyfi fyrir 1. janúar 1996.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar.

Tilgangur þessa frumvarps er að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum til samræmis við niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu um félagsskyldu.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að samgönguráðherra sé heimilt að fela umsjónarnefnd fólksbifreiða eða félögum bifreiðastjóra að annast innra eftirlit. Frumvarpið gerir ráð fyrir að innheimt verði gjald til að mæta kostnaði sem stofnað er til vegna þessa.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka. Kostnaður við starf umsjónarnefnda fólksbifreiða er um 1½ m.kr. á ári.

500. Fyrirspurn [330. mál]

til félagsmálaráðherra um athugun á lágmarksframfærslukostnaði.

Frá Kristínu Sigurðardóttur.

1. Hverjar voru niðurstöður nefndar sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis frá 20. desember 1990 til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis?
   a. Var munur á framfærslukostnaði eftir kyni og þá hver?
   b. Var munur á framfærslukostnaði eftir aldri og þá hver?
   c. Var munur á framfærslukostnaði eftir búsetu og þá hver?

d. Hver var meðalframfærslukostnaður einstaklings hér á landi?
e. Hverjar voru aðrar niðurstöður nefndarinnar?
2. Á hvern hátt hafa niðurstöðurnar verið nýttar?
3. Er ætlunin að viðhalda og endurnýja þessar upplýsingar reglulega eða verða þær einungis framreiknaðar?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á síðasta ári síðasta kjörtímabils, þ.e. 20. desember 1990, var samþykkt ályktun frá Alþingi sem hljóðaði svo eftir meðferð þingsins:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis. Nefndin kanni meðal annars hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.

Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991."

Stefán Valgeirsson var flutningsmaður.

Rétt er að minna á að sami ráðherra sat fyrir og eftir kosningar.

501. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995.

Frá fjármálaráðherra.

Við 6. gr. Nýr liður:

4.15 Að kaupa eignir Rafveitu Akraness, Rafveitu Borgarness, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins eða ganga til stofnunar sameiginlegs orkufélags fyrrgreindra aðila ef viðunandi samningar nást. Samningar og nauðsynleg lántaka skulu háð samþykki iðnaðarráðherra og fjárlaganefndar Alþingis.

502. Fjáraukalög [66. mál]

fyrir árið 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 351 (sbr. 66) með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1994 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1994:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 619 000**
Beinir skattar	898 000	
Óbeinir skattar	1 644 000	
Vaxtatekjur	400 000	
Aðrar tekjur	-323 000	
Gjöld		**6 023 300**
Samneysla	1 862 400	
Rekstrargjöld	1 852 400	
Viðhald	10 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1 763 700	
Vaxtagjöld	-300 000	
Fjárfesting	2 697 200	
Stofnkostnaður	2 228 300	
Fjármagnstilfærslur	468 900	
Gjöld umfram tekjur		**3 404 300**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		7 580 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**10 984 300**
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**10 984 300**
Lántökur		11 000 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**15 700**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1994 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	60 300	
01 Forsætisráðuneyti	433 000	
02 Menntamálaráðuneyti	15 300	
03 Utanríkisráðuneyti	55 300	
04 Landbúnaðarráðuneyti	88 400	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	-192 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	611 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	74 700	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 920 000	
09 Fjármálaráðuneyti	2 413 800	
10 Samgönguráðuneyti	443 500	
11 Iðnaðarráðuneyti	93 000	
14 Umhverfisráðuneyti	7 000	
Samtals		6 023 300

Eftirtaldir liðir 3. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

01–221 Byggðastofnun

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		370 000
6 01 Byggðastofnun	370 000	
Gjöld samtals		370 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	370 000	
5 Gjöld samtals		**370 000**

02–997 Uppgjör við sveitarfélög

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		14 000
6 01 Uppgjör við sveitarfélög	14 000	
Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	14 000	
5 Gjöld samtals		**14 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–811 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			40 000
6 97	Jarðræktarframlög	40 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	40 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	65 000	
	Gjöld samtals		65 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	65 000	
5	Gjöld samtals		**65 000**
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 000
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	10 000	
1 81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	3 000	
	Gjöld samtals		13 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**13 000**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

503. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1995.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 383 (sbr. 1) með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	M.kr.	M.kr.
Tekjur		**112.092,0**
Beinir skattar	22.750,0	
Óbeinir skattar	81.722,0	
Vaxtatekjur	4.600,0	
Aðrar tekjur	3.020,0	
Gjöld		**119.528,3**
Samneysla	49.200,4	
Rekstrargjöld	45.794,1	
Viðhald	3.406,3	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	46.426,6	
Vaxtagreiðslur	12.300,0	
Fjárfesting	11.601,3	
Stofnkostnaður	8.163,9	
Fjármagnstilfærslur	3.437,4	
Gjöld umfram tekjur		**7.436,3**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		960,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	8.310,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-7.350,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		500,0
Viðskiptareikningar		500,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**9.396,3**
Afborganir af teknum lánum		12.500,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**21.896,3**
Lántökur		21.900,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**3,7**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1995 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.276,7**
	Embætti forseta Íslands	48,2	
	Alþingi og stofnanir þess	1.030,4	
	Ríkisstjórn	68,6	
	Annað	129,5	
01	**Forsætisráðuneyti**		**523,8**
	Ráðuneyti	97,7	
	Annað	426,1	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.943,6**
	Ráðuneyti	266,0	
	Háskólar og rannsóknir	2.903,4	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.689,2	
	Grunnskólar og sérskólar	5.500,8	
	Námsaðstoð	1.590,2	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.251,4	
	Annað	742,6	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.787,5**
	Ráðuneyti	376,4	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	138,0	
	Sendiráð og fastanefndir	635,3	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir	637,8	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.912,9**
	Ráðuneyti	107,7	
	Landbúnaðarstofnanir	496,3	
	Skógrækt og landgræðsla	405,1	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.319,0	
	Ýmis framlög	584,8	
	Flutt		27.444,5

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1995 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.370,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.490,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
4111	Eignarskattur félaga	1.200,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	220,0	
4118	Erfðafjárskattur	310,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**18.900,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	15.200,0	
4126	Tekjuskattur félaga	3.700,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**480,0**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	480,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.650,0**
4200	Tollar	1.650,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**279,0**
42154	Kartöflugjald	133,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35,0	
4217	Jöfnunartollur	111,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**117,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	117,0	
	Flutt		24.796,0

	Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		27.444,5
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**1.110,9**
	Ráðuneyti	202,0	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	908,9	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.744,0**
	Ráðuneyti	166,6	
	Dómsmál	550,7	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	2.119,6	
	Sýslumenn	2.025,4	
	Fangelsismál	431,0	
	Kirkjumál	450,7	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**9.328,6**
	Ráðuneyti	98,0	
	Húsnæðismál	928,0	
	Stjórnsýslustofnanir	150,7	
	Málefni barna og ungmenna	261,8	
	Málefni fatlaðra	1.916,3	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.018,0	
	Vinnumál	3.801,4	
	Rekstrarhagræðing	20,0	
	Annað	134,4	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**46.227,9**
	Ráðuneyti	131,0	
	Tryggingamál	26.859,6	
	Sjúkrastofnanir	16.909,7	
	Heilsugæsla	1.740,1	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	181,8	
	Rekstrarhagræðing	67,3	
	Annað	338,4	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**18.348,9**
	Ráðuneyti	408,5	
	Skatta- og tollamál	1.558,3	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2.445,0	
	Vextir	12.300,0	
	Rekstrarhagræðing	3,1	
	Annað	1.634,0	
	Flutt		108.204,8

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		24.796,0
423	**Vörugjöld**		**11.425,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.100,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.650,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.635,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	2.950,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	90,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**42.200,0**
4250	Virðisaukaskattur	42.200,0	
426	**Skattar af orku**		**88,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	88,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.873,0**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.865,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**77,0**
42801	Skemmtanaskattur	67,5	
42802	Miðagjald	9,5	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**944,0**
4290	Aukatekjur	935,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**10.900,0**
43001	Tryggingagjald	10.900,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**7.169,0**
4310	Þinglýsingar	112,0	
4311	Stimpilgjald	2.435,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.575,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	640,0	
43131	Bifreiðagjald	1.875,0	
43142	Vitagjald	58,0	
43143	Skipaskoðunargjald	64,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	350,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	60,0	
	Flutt		104.472,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		108.204,8
10	**Samgönguráðuneyti**		**9.182,8**
	Ráðuneyti	243,5	
	Vegamál	7.425,0	
	Siglingamál	877,5	
	Flugmál	494,4	
	Ferðamál	142,4	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.090,7**
	Ráðuneyti	59,2	
	Iðnaðarmál	227,5	
	Orkumál	804,0	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**173,3**
	Ráðuneyti	78,6	
	Viðskiptamál	94,7	
13	**Hagstofa Íslands**		**148,6**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**728,1**
	Ráðuneyti	161,5	
	Náttúruvernd	175,1	
	Skipulagsmál	106,7	
	Rannsóknir	284,8	
	Gjöld samtals		119.528,3

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		104.472,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**100,0**
4719	Sala eigna	100,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.600,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.900,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.700,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.570,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	560,0	
48206	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.000,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	150,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		112.092,0
	Gjöld umfram tekjur		7.436,3
	Samtals		119.528,3

4. gr.

Samhljóða þskj. 383 (sbr. 1) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 426, 465 og 473.

5. gr.

Samhljóða þskj. 383 (sbr. 1) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 456.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1995 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1995 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1995 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

2.1 Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

2.2 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

2.3 Að fella niður eða endurgreiða vörugjald vegna innflutnings og endurbyggingar á gömlum strætisvagni á vegum Strætisvagna Reykjavíkur.

2.4 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt er til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2.5 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

2.6 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðir gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti, enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

2.7 Að endurgreiða þeim sem hafa með höndum skattskylda útleigu á hótel- og gistiherbergjum eða annarri gistiþjónustu eftir 1. janúar 1995 þann virðisaukaskatt sem greiddur var á árinu 1993 vegna fjárfestingar í fasteignum og búnaði í gistirými. Endurgreiðslan skal vera 20% af eignfærðri nýfjárfestingu á árinu 1993 sem greiddur var virðisaukaskattur af. Endurgreiðslan getur ekki tekið til fasteigna og búnaðar sem keypt hefur verið, yfirtekið eða leigt af öðrum aðilum í gistiþjónustu. Jafnframt er heimilt að endurgreiða aðilum sem skráðir voru frjálsri skráningu samkvæmt reglugerð nr. 487/1992 þann útskatt sem þeir skiluðu á grundvelli hennar. Endurgreiðslur samkvæmt heimild þessari takmarkast við 10 m.kr. Fjármálaráðherra getur falið ríkisskattstjóra að setja nánari reglur um framkvæmd heimildarinnar.

2.8 Að fella niður stimpilgjöld í tengslum við leigu Flugleiða hf. á B 737-400 flugvélum (TF-FIA og TF-FIB).

Ráðstöfun eigna

3.1 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar 75% eignarhluta ríkisins í húseignininni Lindinni, gömlum hússtjórnarskóla á Laugarvatni.

3.2 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólabyggingum að Laugalandi í Eyjafirði.
3.3 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.
3.4 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi í Reykjavík.
3.5 Að selja núverandi sendiherrabústað í París og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.6 Að selja fyrrum skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Washington.
3.7 Að selja núverandi sendiherrabústað í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.8 Að selja húsnæði fyrir varamann sendiherra í Stokkhólmi.
3.9 Að selja húsnæði fyrir varamann sendiherra í Ósló.
3.10 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktarinnar á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.
3.11 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
3.12 Að selja fasteign Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
3.13 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
3.14 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.15 Að selja jörðina Syðri-Tungu í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.16 Að selja jörðina Hvol I í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.17 Að selja jörðina Kvisti í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.18 Að selja jörðina Smiðjuhólsveggi í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
3.19 Að selja Þuríðarstaði í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
3.20 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.21 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
3.22 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.
3.23 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi og kaupa annað hentugra.
3.24 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði og kaupa annað hentugra.
3.25 Að selja fasteignina Sólborg á Akureyri.
3.26 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Sólheimum 7 í Reykjavík og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.27 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Efstasundi 86 í Reykjavík og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.28 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Tindum á Kjalarnesi og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.29 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Suðurgötu 40, Hafnarfirði.
3.30 Að selja fasteignina Laugaveg 114 í Reykjavík og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.
3.31 Að selja starfsmannaíbúðir að Víðigrund 2 og Víðigrund 16 á Sauðárkróki og nýta andvirði sölunnar til kaupa á nýjum embættisbústað.
3.32 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.33 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
3.34 Að selja fasteignina Illugagötu 55, Vestmannaeyjum.
3.35 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
3.36 Að selja fasteignina Eyrarveg 10, Seyðisfirði.

3.37 Að selja fasteignina Pólgötu 8, Ísafirði.
3.38 Að selja fasteignina Grenigrund 33, Akranesi.
3.39 Að selja fasteignina Borgarhlíð 6A, Akureyri.
3.40 Að selja fasteignina Suðurgötu 22, Reykjavík og kaupa annað hentugra húsnæði fyrir Biskupsstofu.
3.41 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Sléttahrauni 34, Hafnarfirði.
3.42 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Álfaskeiði 78, Hafnarfirði.
3.43 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Eskihlíð 14, Reykjavík.
3.44 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Leirubakka 10, Reykjavík.
3.45 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Barmahlíð 21, Reykjavík.
3.46 Að selja jörðina Þykkvabæ II, Skaftárhreppi.
3.47 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf.
3.48 Að selja jörðina Malarrif í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.49 Að selja jörðina Heyklif í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.
3.50 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í jörðinni Gufuskálar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.51 Að selja jörðina Sauðanes-Engidalur í landi Siglufjarðar.
3.52 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
3.53 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
3.54 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
3.55 Að selja fasteignina Huldubraut 21, Kópavogi.
3.56 Að selja fasteignina Hvannhólma 2, Kópavogi.
3.57 Að selja fasteignina Dverghamra 37, Vestmannaeyjum.
3.58 Að selja fasteignina Lágholt 16, Stykkishólmi.
3.59 Að selja fasteignina Þjóðbraut 11, Akranesi.
3.60 Að selja fasteignina Víðigrund 5, Sauðárkróki.
3.61 Að selja fasteignina Flugskýli nr. 7 á Reykjavíkurflugvelli.
3.62 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hringbraut 58, Hafnarfirði.
3.63 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Skúlagötu 56, Reykjavík.
3.64 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hríseyjargötu 6, Akureyri.
3.65 Að selja prestssetrið Bólstað í Bólstaðarhlíðarprestakalli, Húnavatnssýslu.
3.66 Að selja prestssetrið Túngötu 6, Suðureyri, í Staðarprestakalli, Ísafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.67 Að selja prestssetrið Bakkatún, Bíldudal, í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.68 Að selja prestssetrið Túngötu 28, Tálknafirði, Tálknafjarðarprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.69 Að selja prestssetrið Hlíðarveg 71, Ólafsfirði, Ólafsfjarðarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.70 Að selja prestssetrið Hólaveg 17, Dalvík, Dalvíkurprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.71 Að selja allt að 21 ha landspildu úr jörðinni Mosfelli í Mosfellsbæ.
3.72 Að selja fasteignina Reynilund 4 í Garðabæ og nota andvirðið til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.
3.73 Að selja fasteignina Lindarflöt 41 í Garðabæ og nota andvirðið til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.
3.74 Að selja fasteignina Blesugróf 27 í Reykjavík og nota andvirðið til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.

3.75 Að afhenda Sambandi austur-húnvetnskra kvenna eignarhluta ríkissjóðs í húsum þeim sem Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hefur haft til afnota undir starfsemi sína.
3.76 Að selja embættisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirði sölunnar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.77 Að selja embættisbústað að Brekkubyggð 14 og starfsmannaíbúð að Þverbraut 1, Blönduósi, og verja andvirði sölunnar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.78 Að selja Engihlíð 9, Reykjavík, og verja andvirði sölunnar til húsnæðiskaupa fyrir Ríkisspítala.
3.79 Að selja jörðina Geirbjarnarstaði í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.80 Að semja við Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið um yfirtöku og afnot eigna ríkissjóðs að Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi, að höfðu samráði við menntamálaráðherra og fjárlaganefnd.
3.81 Að selja eignarhluta Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í fasteigninni Lækjargötu 22 í Hafnarfirði.
3.82 Að semja um makaskipti á Hofgarðatjörn í Staðarsveit ásamt landi umhverfis hana og jörðinni Syðri-Tungu í sömu sveit, í samráði við landbúnaðarráðherra.
3.83 Að selja jörðina Horn í Skorradal og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.84 Að selja jörðina Kvígsstaði í Andakílshreppi og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.85 Að selja eignarhlut Bændaskólans á Hvanneyri í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, svo og rafveitu skólans, og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.86 Að selja embættisbústað að Svarfaðarbraut 20, Dalvík.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.2 Að kaupa íbúðarhús og bílskúr að Skógum fyrir Héraðsskólann að Skógum.
4.3 Að kaupa húsnæði fyrir tækjastöð Brunamálastofnunar ríkisins.
4.4 Að ganga til samninga um kaup á húsnæði í Garðabæ fyrir útibú frá sýslumanninum í Hafnarfirði.
4.5 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi.
4.6 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
4.7 Að endurnýja lóðarleigusamning um núverandi sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
4.8 Að kaupa húseignina T-634 innan varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.
4.9 Að kaupa jarðirnar Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu, og taka til þess nauðsynleg lán.
4.10 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.11 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
4.12 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
4.13 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
4.14 Að kaupa húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.15 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands.

4.16 Að kaupa húsnæði fyrir Norrænu eldfjallastöðina og taka til þess nauðsynleg lán.
4.17 Að kaupa húsnæði fyrir læknamóttöku í Hrísey, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.18 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Reyðarfirði, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.19 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.20 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæslustöðina Sólvang í Hafnarfirði, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.21 Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi skipulagsstjóra ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
4.22 Að kaupa aukinn hlut í Stjórnsýsluhúsinu á Akranesi fyrir embætti sýslumannsins á Akranesi og Skattstofu Vesturlands, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.23 Að kaupa og selja íbúðar- og útihús á jörðinni Gufudal í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.24 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu í Reykjavík til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
4.25 Að kaupa eignir Rafveitu Akraness, Rafveitu Borgarness, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins eða ganga til stofnunar sameiginlegs orkufélags fyrrgreindra aðila ef viðunandi samningar nást. Samningar og nauðsynleg lántaka skulu háð samþykki iðnaðarráðherra og fjárlaganefndar Alþingis.

Ýmsar heimildir

5.1 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
5.2 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
5.3 Að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna.
5.4 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1995, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
5.5 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis, fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna.
5.6 Að breyta eignarhlut ríkisins í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar í hlutafé.
5.7 Að láta allt að 20% arðs af tekjum ríkisins í Kísiliðjunni hf. renna til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
5.8 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
5.9 Að fella niður skuld Útflutningsráðs Íslands við ríkissjóð frá árunum 1988–1994.
5.10 Að semja við orkusölufyrirtækin um aðgerðir til að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er dýrastur og greiða allt að 50 m.kr. í mótframlag úr ríkissjóði umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja.
5.11 Að semja um uppgjör og fella niður skuldir í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum.
5.12 Að greiða allt að 25 m.kr. til sérstaks átaks um þróun á vistvænum landbúnaðarafurðum enda komi sama fjárhæð úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

5.13 Að heimila Ríkisútvarpinu að kanna kaup á langbylgjusendi og loftneti enda taki Ríkisútvarpið við mastri Lóranstöðvarinnar að Gufuskálum.
5.14 Að undirbúa aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu grasкögglaverksmiðja.
5.15 Að semja við Dalvíkurkaupstað um uppgjör á rekstri Dalvíkurdeildar Verkmenntaskólans á Akureyri.
5.16 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
5.17 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1995 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 30 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Andvirði þessa verði lagt til markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi.
5.18 Að ganga til samninga við Valbjörn hf. um greiðslu bóta vegna úreldingar fiskiskipsins Hauks GK 25.

7. gr.

Skattvísitala árið 1995 skal vera 103,92 stig miðað við 100 stig árið 1992.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

Reykjavík:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	8.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	8.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	5.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	5.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	10.000	
6. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðhald og endurbætur	15.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	12.000	
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	6.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, viðhald	3.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald	2.000	
11. Sjómannaskólinn í Reykjavík	15.000	
12. Skóli í Borgarholti, nýbygging	125.281	
		214.281
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi, viðhald	4.000	
nýbygging	49.906	
búnaður	15.000	
2. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	5.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja, viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	35.000	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	48.153	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	3.000	
6. Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði, viðhald	1.000	
		166.059
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands, viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	10.000	
heimavist	2.000	
		15.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða, verknámshús	10.000	
viðhald	4.000	
		14.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
byggingarframkvæmdir	29.387	
byggingarframkvæmdir, heimavist	8.150	
heimavist, stækkun	2.000	
		39.537
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	3.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir VMA og MA	50.000	
3. Framhaldsskólinn á Húsavík,		
byggingarframkvæmdir	15.400	
heimavist	2.000	
4. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir, sundlaug	3.000	
		79.400
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum,		
viðhald	7.000	
íþróttahús	2.000	
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	21.138	
verknámsbygging	2.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, viðhald	1.000	
4. Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, viðhald	1.000	
		35.138
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	42.585	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
byggingarframkvæmdir	20.000	
búnaður	3.000	
3. Skólar á Laugarvatni, byggingarframkvæmdir	50.000	
		117.585
Héraðsskólar, viðhald		18.000
Óskipt, viðhald		12.000
		711.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Söfn, ýmis framlög (02-919 190).		
1. Sæfiskasafn Höfnum	1.000	
2. Fiska- og sjávarútvegssafn Akranesi	400	
3. Minjasafn Akureyrar	500	
4. Stríðsárasafn Reyðarfirði	400	
5. Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	1.500	
Óráðstafað	4.200	
		8.000
3. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).		
1. Atli Heimir Sveinsson	900	
2. Árni Kristjánsson	900	
3. Ásgerður Búadóttir	900	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	900	
5. Halldór Laxness	900	
6. Hannes Pétursson	900	
7. Helgi Skúlason	900	
8. Indriði G. Þorsteinsson	900	
9. Jón Nordal	900	
10. Jón úr Vör	900	
11. Jórunn Viðar	900	
12. Kristján Davíðsson	900	
13. María Markan	900	
14. Matthías Johannessen	900	
15. Sigfús Halldórsson	900	
16. Stefán Hörður Grímsson	900	
17. Thor Vilhjálmsson	900	
		15.300
4. Listir, framlög (02-982 190).		
1. Samband íslenskra lúðrasveita	300	
2. Íslensk tónverkamiðstöð	5.600	
3. Íslenska brúðuleikhúsið	400	
4. Leikbrúðuland	1.000	
5. Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
6. Samtök um Edinborgarhúsið	1.500	
7. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	
8. Sumartónleikar Skálholti	1.300	
9. Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
10. Sumartónleikar Norðurlandi	300	
11. Djassklúbbur Egilsstaða	300	
12. Útileikhúsið	400	
13. Tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	300	
Óráðstafað	31.700	
		45.700

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Ýmis fræðistörf (02-983 190).		
1. Félag íslenskra náttúrufræðinga, náttúrufræðingatal ...	200	
2. Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	2.500	
3. Hið íslenska bókmenntafélag	1.000	
4. Safnastofnun Austurlands, Húsasaga á Seyðisfirði ...	300	
Óráðstafað	10.000	
		14.000
6. Æskulýðsmál (02-988 190).		
1. Æskulýðssamband Íslands	800	
2. Landssamband Gideonfélaga	300	
3. Skátaskólinn við Úlfljótsvatn	2.000	
4. Landssamband hestamannafélaga	1.000	
5. Landssamband KFUM og KFUK	6.000	
Óráðstafað	2.400	
		12.500
7. Íþróttafélög, styrkir (02-989 116).		
Reykjanes:		
1. Knattspyrnufélagið Reynir, uppbygging íþróttasvæðis .	400	
2. Byggingardeild ÍBK, kaup á áhöldum	220	
3. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, vélakaup	300	
4. Íþróttafélagið Gerpla, fimleikagryfja	200	
5. Knattspyrnufélagið Víðir, framkvæmdir við íþróttavöll	400	
		1.520
Reykjavík:		
1. Skíðadeild Fram, skíðaskáli	300	
2. Ungmennafélagið Fjölnir, kaup á tækjum	300	
3. Íþróttafélag Reykjavíkur, kaup á tækjum	200	
4. Íþróttafélag Reykjavíkur (skíðadeild), jarðýtuvinna ...	300	
5. Knattspyrnufélag Reykjavíkur (fimleikadeild) kaup á tækjum	200	
6. Skíðadeild Víkings, aðstöðuhús	200	
		1.500
Vesturland:		
1. Golfklúbburinn Leynir, kaup á sláttuvél	200	
2. Golfklúbbur Borgarness, kaup á vélum	300	
3. Ungmennafélagið Íslendingur, endurbætur við sundlaug	200	
4. Ungmennafélagið Stjarnan, lagfæring á íþróttaaðstöðu	200	
5. Ungmennafélagið Dalamenn og N-Breiðf., uppbygging íþróttavallar	235	
6. Ungmennafélag Grundarfjarðar, íþróttavöllur, tækjahús	300	
		1.435

Vestfirðir:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Golfklúbbur Bíldudals, áfrh. uppbygging	300	
2. Ungmennafélag Barðastrandar, endurbætur við sundlaug	140	
3. Ungmennafélag Tálknafjarðar, sparkvöllur	300	
4. Íþróttafélagið Grettir, körfuboltaspjöld	200	
5. Íþróttafélag Bílddælinga, hlaupabraut	300	
		1.240
Norðurland vestra:		
1. Ungmennafélagið Hvöt, íþróttavöllur	400	
2. Ungmennafélagið Vorboðinn, íþróttavöllur	300	
3. Ungmennafélagið Neisti, völlur, áhöld og tæki	300	
4. Ungmennafélagið Geisli, uppbygging íþróttasvæðis	200	
5. Ungmennafélagið Fram, íþróttavöllur	200	
6. Golfklúbburinn Ós, endurbætur við golfvöll	200	
		1.600
Norðurland eystra:		
1. Skotfélag Akureyrar, uppbygging skotsvæðis	300	
2. Golfklúbburinn Gljúfri, kaup á vélum	300	
3. Knattspyrnufélag Akureyrar, grasvöllur, girðing	500	
4. Skotfélag Ólafsfjarðar, aðstöðuhús, útisvæði	200	
5. Ungmennafélag Langnesinga, íþróttavöllur, fótboltavöllur	200	
		1.500
Austurland:		
1. Golfklúbbur Djúpavogs, uppbygging golfvallar	300	
2. Ungmennafélag Borgarfjarðar, endurbætur við íþróttavöll	200	
3. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfvöllur, vélar	300	
4. Skotfélag Austurlands, skotvöllur	300	
5. Ungmennafélagið Vísir, íþróttavöllur	300	
6. Golfklúbbur Hornafjarðar, völlur, skáli	200	
7. Ungmennafélagið Hrafnk., íþróttaaðstaða	300	
		1.900
Suðurland:		
1. Golfklúbbur Selfoss, kaup á sláttuvél	300	
2. Golfklúbburinn Flúðir, skáli, vökvakerfi	200	
3. Ungmennafélagið Trausti, íþróttavöllur	250	
4. Ungmennafélagið Ármann, aðstöðuhús	300	
5. Golfklúbburinn Hellu, endurb. aðstöðu	400	
6. Skotfélag Suðurlands, bygging aðstöðu	200	
7. Golfklúbbur Vestmannaeyja, endurbygging vallar	300	
		1.950
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga	800	
Ófyrirséð	1.055	
		14.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Ýmis íþróttamál (02-989 190).		
1. Skáksamband Íslands	3.200	
2. Bridgesamband Íslands	1.000	
3. Glímusambandið	1.000	
Óráðstafað	5.500	
		10.700
9. Ýmislegt (02-999 190).		
1. Kvenfélagasamband Íslands, til Leiðbeiningarstöðvar heimilanna	1.500	
2. Landssamtökin heimili og skóli	300	
3. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
4. Skrúður	900	
Óráðstafað	6.500	
		10.500
10. Landþurrkun (04-190 121).		
1. Mýrdalshrepppur, Dyrhólaós	50	
2. Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar, Holtsós	50	
3. Austur-Landeyjahreppur	250	
4. Vestur-Landeyjahreppur	50	
5. Djúpárhreppur	50	
6. Skaftárhreppur	50	
		500
11. Ýmis verkefni (04-190 190).		
Æðarræktarfélag Íslands	200	
Óráðstafað	800	
		1.000
12. Fyrirhleðslur (04-311 190).		
a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	1.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	2.000	
3. Jökulsá í Lóni	1.000	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	7.500	
7. Þjórsá	500	
		13.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	600	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	2.000	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	500	
6. Austurlandskjördæmi	1.500	
7. Suðurlandskjördæmi	1.000	
		5.800
		18.800

13. Sjómannastofur (07-999 130).

Færeyska sjómannaheimilið	500	
Óráðstafað	600	
		1.100

14. Félagasamtök, styrkir (07-999 131).

1. Landssamband aldraðra	300	
2. Kvennaráðgjöfin	500	
3. Félag heyrnarlausra	3.000	
4. Æfingarstöð styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	1.500	
5. Barnaheill	200	
6. Þroskahjálp	2.500	
7. Blindrafélagið	3.000	
8. Ný dögun	500	
9. Umsjónarfélag einhverfra	500	
10. Daufblindrafélag Íslands	700	
11. Geðhjálp	3.500	
12. Geðverndarfélag Akureyrar	300	
Óráðstafað	5.200	
		21.700

15. Félagsmál, ýmis framlög (07-999 190).

Íslensk ættleiðing	2.000	
Óráðstafað	6.200	
		8.200

16. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	20.500	
2. Grundarfjörður, H1	15.000	
3. Stykkishólmur, sjúkrahús	7.200	
4. Stykkishólmur, H2	4.800	
5. Þingeyri, H1	7.200	
6. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	30.000	
7. Hvammstangi, sjúkrahús	9.000	
8. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
9. Akureyri, H2	7.000	
10. Húsavík, sjúkrahús og H2	4.000	
11. Vopnafjörður	4.500	
12. Eskifjörður, H2	12.000	
13. Laugarás, H2	15.000	
14. Keflavík, sjúkrahús, D-álma	20.000	
15. Kópavogur, H2	20.000	
16. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	25.000	
		213.200
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Höfn í Hornafirði	14.000	
2. Hjúkrunarheimili Eskifirði	3.000	
3. Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði	15.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
5. Hella	7.000	
6. Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	10.000	
		55.000

17. Heilbrigðismál, ýmis framlög (08-399 190).

1. Alnæmisssamtökin á Íslandi	500	
2. Spoex	1.000	
3. Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	400	
4. Gigtarfélag Íslands	1.000	
5. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
6. SEM	2.000	
7. Náttúrulækningafélag Akureyrar	500	
8. Heilsugæslustöðin Akureyri, þróunarverkefnið „Nýja barnið“	1.000	
Óráðstafað	1.300	
		8.000

18. Áfengisvarnir og bindindismál, annað (08-621 190).

1. Líknarfélagið Skjöldur	1.000
2. Líknarfélagið Konan	1.000
3. Stöðvun unglingadrykkju	1.000
4. Stórstúka Íslands	2.000
5. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	3.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Líknarfélagið Þrepið	1.000	
7. Krossgötur	1.500	
Óráðstafað	10.300	
		20.800

19. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112).

a. Almennir styrkir:	
1. Knarrarnes, Mýrabátur	100
2. Snæfellsbær, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	80
3. Dalahérað	130
4. Reykhólahreppur	300
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	100
6. Rauðasandshreppur	300
7. Vesturbyggð	400
8. Þingeyrarhreppur	300
9. Mýrahreppur	400
10. Mosvallahreppur, Önundarfjörður	100
11. Mjólkurflutningar í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi	250
12. Ögurhreppur	50
13. Reykjafjarðarhreppur	50
14. Hólmavík–Nauteyrarhreppur	150
15. Snæfjallahreppur	100
16. Árneshreppur	1.250
17. Djúpavík og Gjögur	150
18. Kaldrananeshreppur	150
19. Skagahreppur	130
20. Skefilsstaðahreppur	130
21. Snjóbifreið í Skagafirði	100
22. Fljótahreppur	200
23. Björgunarsveitin Strákar	100
24. Ólafsfjarðarsveit	100
25. Svarfaðardalur	150
26. Grýtubakkahreppur	100
27. Hálshreppur	80
28. Húsavík–Vopnafjörður–Egilsstaðir, sérleyfi	600
29. Mývatnssveit	100
30. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	100
31. Fjallahreppur	400
32. Öxarfjörður–Kópasker	50
33. Þórshöfn	50
34. Bakkafjörður	50
35. Vopnafjörður	50
36. Borgarfjörður eystri	300
37. Hjaltastaðarhreppur	80
38. Jökuldalur, vetrarflutningar	200

	Þús. kr.	Þús. kr.
39. Möðrudalur	100	
40. Snjóbifreið á Egilsstöðum	100	
41. Fjarðarheiði	500	
42. Oddsskarð	500	
43. Breiðdalsvík	200	
44. Djúpivogur–Hornafjörður, sérleyfi	300	
45. Svínafell í Nesjum	100	
46. Vestur–Skaftafellssýsla	300	
47. Mýrdalshreppur	100	
		9.630
b. Styrkir til flugfélaga:		
1. Flugfélag Vestmannaeyja	3.800	
2. Flugsamgöngur við Grímsey	1.600	
3. Flugsamgöngur við Gjögur	1.600	
4. Ernir hf.	4.600	
5. Flugfélag Austurlands hf.	4.600	
6. Flugfélag Norðurlands, sjúkraflug	800	
		17.000
Óskipt		1.370
		28.000

20. Hafnamannvirki (10-330 670).

Vesturland:		
1. Akranes	13.300	
2. Snæfellsbær	7.300	
3. Grundarfjörður	12.400	
4. Stykkishólmur	14.700	
		47.700
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	3.000	
2. Tálknafjörður	12.700	
3. Þingeyri	13.100	
4. Flateyri	100	
5. Suðureyri	8.200	
6. Bolungarvík	9.600	
7. Ísafjörður	34.400	
8. Súðavík	4.500	
9. Norðurfjörður	5.000	
10. Drangsnes	1.200	
		91.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
1. Blönduós	11.000	
2. Skagaströnd	9.000	
3. Sauðárkrókur	3.000	
4. Siglufjörður	32.900	
		55.900
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	26.000	
2. Hrísey	1.700	
3. Akureyri	43.000	
4. Grenivík	14.800	
5. Grímsey	5.200	
6. Húsavík	14.700	
7. Kópasker	1.300	
8. Raufarhöfn	8.100	
9. Þórshöfn	18.000	
		132.800
Austurland:		
1. Vopnafjörður	7.300	
2. Seyðisfjörður	10.400	
3. Neskaupstaður	18.000	
4. Eskifjörður	3.300	
5. Fáskrúðsfjörður	18.700	
6. Stöðvarfjörður	1.300	
7. Djúpivogur	12.700	
8. Höfn í Hornafirði	19.500	
		91.200
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	16.200	
2. Þorlákshöfn	45.000	
		61.200
Reykjanes:		
1. Grindavík	9.700	
2. Sandgerði	45.900	
3. Keflavík, Njarðvík, Hafnir	36.900	
4. Hafnarfjörður	7.600	
5. Garðabær	100	
		100.200
		580.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
21. Lendingarbætur (10-330 674).		
1. Búðir, Staðarsveit	200	
2. Hnúksnes, Dalabyggð	400	
3. Skarðsstöð, Dalabyggð	1.450	
4. Gjögur, Árneshreppi	400	
5. Selvík, Skeflisstaðahreppi	850	
6. Reykir á Reykjaströnd, Skarðshreppi	300	
7. Málmey, Hofshreppi	300	
8. Papey, Djúpavogshreppi	600	
9. Drangar, Árneshreppi	100	
10. Reykjafjörður, Snæfjallahreppi	100	
Óráðstafað	300	
		5.000
22. Sjóvarnargarðar (10-330 680).		
1. Akranes	5.000	
2. Flateyri	5.000	
3. Skagaströnd	2.500	
4. Hrísey	200	
5. Höfn	50.000	
6. Stokkseyri	3.400	
7. Sandgerði	2.300	
8. Herdísarvík	2.000	
9. Gerðahreppur	2.300	
10. Vatnsleysustrandarhreppur	1.000	
11. Bessastaðahreppur	2.000	
12. Hafnarfjörður	500	
		76.200
Óskipt		800
		77.000
23. Nýsköpun og markaðsmál (11-299 150).		
Reykhólahreppur, rannsóknarverkefni í Flatey	500	
Óráðstafað	6.900	
		7.400

504. Svar [252. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um húshitunarkostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var raunkostnaður húshitunar fyrir meðalíbúð á „köldu svæðunum" á árunum 1990–93 og það sem af er árinu 1994?

Í meðfylgjandi töflu er sýnt raforkuverð til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins fyrir tímabilið 1990–94. Allar tölur eru færðar til meðalverðlags ársins 1994 miðað við vísitölu framfærslukostnaðar (vísitala 170,2), þó þannig að verðlag er uppfært einu sinni á ári. Miðað er við orkuþörf til að hita 429,9 rúmmetra hús sem er talin 32.887 kwst. á ári. Í töflunni koma fram allar breytingar sem orðið hafa á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, niðurgreiðslum ríkissjóðs, afslætti Landsvirkjunar á heildsölugjaldskrá vegna rafhitunar og loks virðisaukaskatti.

Árlegur húshitunarkostnaður með rafmagni á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins árin 1990-1994 á meðalverðlagi ársins 1994 miðað við framfærslutölu vísitölukostnaðar.

Tímabil	Gjaldskrá Rarik: Orkugjald kr/ári	Gjaldskrá Rarik: Fastagjald kr/ári	Gjaldskrá Rarik: Alls kr/ári	Niðurgreiðsla ríkissjóðs kr/ári	Afsláttur Landsvirkjunar kr/ári	Samtals án VSK kr/ári	VSK kr/ári	Endurgreiddur VSK kr/ári	Greiðsla notanda kr/ári
1/1-28/2 1990	110.089	12.887	122.976	-24.250	-11.933	86.793	0	0	86.792
1/3-31/12 1990	110.089	12.887	122.976	-24.250	-6.159	92.567	0	0	92.566
Árið 1990	**110.089**	**12.887**	**122.976**	**-24.250**	**-7.092**	**91.634**	**0**	**0**	**91.634**
1/1-31/5 1991	108.121	12.712	120.833	-24.250	-6.159	90.424	0	0	90.424
1/6-30/6 1991	108.121	12.712	120.833	-34.849	-6.575	79.409	0	0	79.409
1/7-30/9 1991	113.527	13.370	126.897	-34.849	-6.575	85.473	0	0	85.472
1/10-31/12 1991	119.293	14.027	133.320	-34.849	-6.575	91.896	0	0	91.896
Árið 1991	**112.300**	**13.209**	**125.509**	**-30.464**	**-6.403**	**88.642**	**0**	**0**	**88.642**
Árið 1992	**115.000**	**13.523**	**128.523**	**-33.595**	**-6.339**	**88.590**	**0**	**0**	**88.590**
1/1-31/7 1993	114.817	13.508	128.325	-34.101	-7.916	86.308	12.083	-7.492	90.900
1/8-31/12 1993	119.156	14.006	133.162	-34.101	-7.916	91.145	12.760	-7.911	95.994
Árið 1993	**116.636**	**13.717**	**130.353**	**-34.101**	**-7.916**	**88.336**	**12.367**	**-7.668**	**93.035**
1/1-26/2 1994	119.051	14.000	133.051	-33.600	-7.800	91.651	12.831	-7.955	96.527
1/3-31/12 1994	119.051	14.000	133.051	-37.800	-9.000	86.251	12.075	-7.487	90.839
Árið 1994	**119.051**	**14.000**	**133.051**	**-37.121**	**-8.806**	**87.124**	**12.197**	**-7.562**	**91.759**

505. Frumvarp til laga [331. mál]

um matvæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, heilnæmi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með alhliða fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla. Lögin taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum.

Lyf, sbr. lyfjalög, tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Matvæli skulu vera þannig gerð og fram boðin að þau valdi ekki heilsutjóni og viðskipti með þau blekki ekki á neinn hátt.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

4. gr.

Matvæli eru samkvæmt lögum þessum hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, sbr. þó einnig 2. mgr. 2. gr.

Framleiðsla er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Dreifing er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Efni og hlutir eru allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.

Umbúðir eru allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Örverur eru lífverur sem geta valdið skemmdum í matvælum eða verið heilsuspillandi vegna neyslu þeirra, en einnig eru tilteknar örverur notaðar til framleiðslu matvæla.

Hráefni eru öll efni, önnur en bætiefni, aukefni, bragðefni og varnarefni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Aukefni eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra.

Bragðefni eru efni sem notuð eru til að hafa áhrif á bragðeiginleika matvæla. Þau teljast ekki til aukefna.

Bætiefni eru vítamín, steinefni, þar með talin snefilefni, og lífsnauðsynlegar fitu- og amínósýrur.

Aðskotaefni eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.

Varnarefni eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu og við geymslu matvæla.

Opinbert eftirlit er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.

Innra eftirlit er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu vörunnar.

Faggilding er formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknastofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt settum reglum. Markmiðið er að sannreyna hæfni, kunnáttu og áreiðanleika viðkomandi.

III. KAFLI
Stjórn og skipan.

5. gr.

Umhverfisráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðherrum. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna. Einnig fer hann með yfirstjórn mála er varða innflutning og útflutning búfjárafurða, smitsjúkdóma búfjár, meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og heilbrigðisskoðun eldisfisks. Yfirdýralæknir er ráðgjafi landbúnaðarráðherra um þessi mál.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings þeirra. Fiskistofa er sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um þessi mál.

8. gr.

Samstarfsráð skal vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og matvælaeftirlit og fjalla um framkvæmd matvælaeftirlits, sbr. IX. kafla laganna. Ráðið skipa einn fulltrúi tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, annar af Fiskistofu og sá þriðji tilnefndur af yfirdýralækni, og skulu varamenn tilnefndir af sömu aðilum. Ráðið skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur sem skulu staðfestar af ráðherrum sem fara með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Ráðið gerir tillögu um úrlausn ágreiningsmála sem varða framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt skal ráðið fá til umsagnar allar tillögur að lögum og reglugerðum um matvæli og matvælaeftirlit.

Samstarfsráð gerir árlega skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og skal hún kynnt ráðherrum, opinberum eftirlitsaðilum og samtökum hagsmunaaðila sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla.

IV. KAFLI
Framleiðsla og dreifing.

9. gr.

Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu tilkynna um starfsemi sína til fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands og hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla.

10. gr.

Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu haga starfsemi sinni þannig að þau skorti ekki eðlilega hollustu eða geti valdið heilsutjóni. Jafnframt skal þess gætt að matvælin óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.

Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu eða dreifingu matvæla, skal gæta ýtrasta hreinlætis og þrifnaðar við meðferð þeirra og hafa þekkingu á eða fá nauðsynlega fræðslu um rétta meðferð matvæla. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera ábyrgð á að þessi fræðsla fari fram.

Þeim sem haldnir eru sjúkdómum, sem hætta er á að geti dreifst með matvælum, er óheimilt að starfa við meðferð matvæla. Eftirlitsaðilar, sbr. IX. kafla laganna, geta að höfðu samráði við landlækni gert kröfu um reglubundna heilsufarsskoðun starfsfólks.

11. gr.

Óheimilt er að hafa á boðstólum eða dreifa matvælum sem blekkt geta kaupanda eða móttakanda varðandi uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif þeirra.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um með hvaða hætti hafa má matvæli á boðstólum eða dreifa á annan hátt þannig að gefið er í skyn að varan sé sérstaklega ætluð tilteknum hópum, svo sem vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum.

12. gr.

Matvæli, sem finnast á framleiðslustað eða í húsakynnum framleiðslustaðar, skulu talin framleidd þar nema annað verði sannað. Matvæli teljast jafnframt höfð á boðstólum á dreifingarstað ef þau er þar að finna.

Á sama hátt skulu efni, hlutir og annað, sem tengist framleiðslu matvæla, talin notuð við framleiðslu ef það er að finna á framleiðslustað eða í húsakynnum framleiðslustaðar. Jafnframt telst slíkur varningur hafður á boðstólum á dreifingarstað ef hann er þar að finna.

Ákvæði greinarinnar eiga ekki við ef sannanlega er um sýni af tilbúinni vöru að ræða eða þegar eftirlitsaðila hefur verið tilkynnt um að unnið sé að vöruþróun.

13. gr.

Matvæli skal geyma þannig að þau verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Geymsluskilyrði skulu vera í samræmi við ákvæði um geymslu matvæla sem sett eru með reglugerðum og er framleiðandi eða eftir atvikum dreifandi ábyrgur fyrir réttri geymslu vörunnar.

Eigandi eða umráðandi flutningstækis er ábyrgur fyrir því að tækið uppfylli þær kröfur sem settar eru um flutning matvæla.

V. KAFLI
Umbúðir og merking þeirra.

14. gr.

Þeim sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli, eða fyrir vörur sem notaðar eru við framleiðslu matvæla, er skylt að gæta þess að umbúðir geti ekki spillt þeirri vöru sem þær eru ætlaðar fyrir, þannig að hún verði hættuleg eða varasöm heilsu manna, gæði hennar rýrni eða varan teljist óneysluhæf. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera sömu skyldur.

15. gr.

Matvælaumbúðir skulu merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda eða dreifanda með aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd/lagarmál.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að gera frekari kröfur um umbúðamerkingar en fram koma í þessari grein og á sama hátt er heimilt að gera vægari kröfur til merkingar tiltekinna vörutegunda eða vöruflokka.

VI. KAFLI
Sérreglur um efnainnihald.

16. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um heiti, framleiðslu og samsetningu matvæla þegar slíkt er talið nauðsynlegt til að stuðla að heilbrigði eða til að tryggja hagsmuni framleiðenda og neytenda.

Þegar vöruheiti er bundið við tiltekna vörutegund samkvæmt þessari grein er ekki heimilt að nota sama heiti á aðrar vörur eða veita einhverjar þær upplýsingar sem gætu orðið til þess að neytendur villtust á vörunni og öðrum vörum sem hafa annan uppruna eða aðra samsetningu.

17. gr.

Ráðherra skal með reglugerðum setja ákvæði um notkun aukefna, bragðefna, varnarefna og bætiefna við framleiðslu matvæla og um leyfilegt magn aðskotaefna í matvælum.

VII. KAFLI
Framkvæmd og fræðslustarfsemi.

18. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd laga þessara setja ráðherrar reglugerðir um atriði sem lög þessi ná til. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og dreifingu matvæla, efnainnihald, viðmiðunarmörk fyrir örverur, umbúðir, matvælaeftirlit og matvælarannsóknir.

19. gr.

Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralæknir og Fiskistofa skulu, hver á sínu sviði, sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um þau málefni sem lög þessi ná til. Jafnframt skulu þessir aðilar vinna að eflingu fræðslustarfs fyrir þá sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla og veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um matvæli og meðferð þeirra, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Menntamálaráðuneytið setur ákvæði í námskrá skóla sem undir það heyra um kennslu í matreiðslu, örverufræði, matvælafræði, næringarfræði og um neytendamálefni, hefur eftirlit með fræðslunni og fylgist með því að fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi.

VIII. KAFLI
Leyfisveitingar.

20. gr.

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Heimilt er að binda slíkar leyfisveitingar ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir yfirstjórn sjávarútvegs- eða landbúnaðarráðherra er leyfisveiting annars vegar í höndum Fiskistofu og hins vegar í höndum yfirdýralæknis.

Leyfisveiting og endurnýjun leyfa er háð því að eftirlits- og leyfisgjald sé greitt, sbr. og 25. og 26. gr., og leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla má fella úr gildi ef sá sem slíkt leyfi hefur gerist sekur um ítrekuð eða alvarleg brot á lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Þeir sem annast leyfisveitingu geta endurskoðað veitt leyfi ef framleiðandi eða dreifandi ráðgerir að taka í notkun framleiðslutækni sem ekki hefur áður verið almennt í notkun og skal viðkomandi eftirliti tilkynnt um slíkar fyrirætlanir.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. og III. og IX. kafla laganna geta ráðherrar, að höfðu samráði við samstarfsráð, gert með sér samkomulag um að einn og sami aðili annist leyfisveitingar og eftirlit vegna tiltekinnar starfsemi.

IX. KAFLI
Matvælaeftirlit.

22. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum aðilum. Hollustuvernd ríkisins skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Þá er ráðherra, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

Yfirdýralæknir hefur yfirumsjón opinbers eftirlits með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. laga þessara.

Fiskistofa hefur með höndum opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla sem falla undir ákvæði 7. gr. laganna.

23. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að opinberir eftirlitsaðilar skuli hljóta faggildingu. Það sama á við um aðra aðila sem kunna að taka að sér eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Ráðherrum er einnig heimilt að ákveða að rannsóknir og útgáfa vottorða vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skuli framkvæmd af aðilum sem hlotið hafa faggildingu.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða með hvaða hætti komið skal á innra eftirliti framleiðenda og dreifenda matvæla og hvort og þá með hvaða skilyrðum það getur verið þáttur í opinberu eftirliti.

Samstarfsráð skal vera ráðherrum til ráðgjafar um lagasetningu og framkvæmd mála varðandi faggildingu rannsóknar- og eftirlitsaðila og einnig varðandi innra eftirlit.

24. gr.

Matvælaframleiðendum og dreifendum er skylt að láta aðilum, sem fara með eftirlit samkvæmt lögum þessum, endurgjaldslaust í té nauðsynleg sýni til rannsókna og veita þeim allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast við framkvæmd eftirlitsins. Jafnframt er skylt að veita óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum þar sem framleiðsla eða dreifing matvæla á sér stað.

Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um framleiðslu- og verslunarleynd er þeir kunna að komast að við leyfisveitingar, sbr. VIII. kafla, og framkvæmd eftirlits.

X. KAFLI
Rekstrarkostnaður og gjaldtaka.

25. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra getur sett gjaldskrá vegna kostnaðar að því er varðar starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis vegna matvælaeftirlits, sbr. 22. gr. Þá skulu ráðherrar setja gjaldskrár vegna opinberra matvælarannsókna. Gjald samkvæmt þessum ákvæðum má taka lögtaki og setur hlutaðeigandi ráðherra reglugerð með nánari ákvæðum um upphæð þess, gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að innheimtu gjaldsins.

Eftirlitsgjöld heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna matvælaeftirlits skulu vera samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

26. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða samkvæmt VIII. og IX. kafla laganna, sbr. 6. mgr. 17. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það sama gildir um setningu gjaldskrár vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukefna eða annarra slíkra leyfisveitinga.

27. gr.

Þegar rökstuddur grunur leikur á að vara eða starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglugerða settra samkvæmt þeim og ekki liggja fyrir vottorð faggiltra aðila sem sýna annað er heimilt að gera kröfu um að hlutaðeigandi framleiðandi eða dreifandi greiði nauðsynlegan rannsóknarkostnað.

XI. KAFLI
Valdsvið og þvingunarúrræði.

28. gr.

Þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni er ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaðaraðgerðir sem geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við landlækni, Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralækni og Fiskistofu áður en til slíkra aðgerða er gripið.

29. gr.

Eftirlitsaðila er heimilt að stöðva eða takmarka framleiðslu og dreifingu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Þegar eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt, sbr. og 9. mgr. 27. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Þegar eftirlitsaðili stöðvar dreifingu vöru, svo sem inn- eða útflutning, og hætta er talin á að vörunni verði þrátt fyrir það dreift á markað þar sem eftirlit er í höndum annars aðila er eftirlitsaðilum skylt að hafa samráð sín á milli eða gera viðeigandi ráðstafanir, allt eftir eðli málsins.

30. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila gilda að öðru leyti ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

XII. KAFLI
Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

31. gr.

Sá er sekur gerist um brot gegn ákvæðum þessara laga skal greiða allan kostnað sem leitt hefur af útvegun sýna, rannsóknum og öðru sem af því hefur hlotist. Um málsmeðferð, úrskurði og viðurlög gilda að öðru leyti ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

XIII. KAFLI
Gildistaka.

32. gr.

Með lögum þessum, sem taka gildi 1. júní 1995, falla úr gildi ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum, og ákvæði um matvæli í 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samstarfsráð, sbr. 8. gr., skal taka til starfa þegar við samþykkt laganna og skal ráðið vinna að undirbúningi fyrir gildistöku þeirra.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram til kynningar á 116. löggjafarþingi. Á 117. löggjafarþingi var frumvarp þetta enn lagt fram sem 85. mál, þskj. 88, og mælt fyrir því. Þegar frumvarpið var lagt fram á 116. löggjafarþingi fylgdi því ítarleg greinargerð um starf nefndar þeirrar sem samdi frumvarpið ásamt lýsingu á þróun matvælamála hér á landi og erlendis. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, að mestu óbreytt. Þó hafa nokkrar breytingar verið gerðar, m.a. með hliðsjón af umsögnum sem bárust til heilbrigðis- og tryggingarnefndar á 117. löggjafarþingi. Þann 1. júní 1994 færðust málefni er varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með því Hollustuvernd ríkisins í heild yfir til umhverfisráðuneytis frá heilbrigðisráðuneyti. Því hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu með tilliti til þess að umhverfisráðherra fer nú með yfirstjórn þessa málaflokks, sbr. lög nr. 54/1994. Hér verða rakin helstu nýmæli frumvarpsins ásamt athugasemdum við einstakar greinar þess. Að öðru leyti er vísað í greinargerð þá er birtist með frumvarpinu er það var lagt fram í fyrsta sinn á 116. löggjafarþingi.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. varðandi einkaheimili eru ný en sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf annarra ríkja.

Flestar skilgreiningar 4. gr. eru nýjar og er nánar fjallað um þær í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir samræmdri yfirstjórn matvælalöggjafar og eftirlits á vegum þriggja ráðuneyta, sbr. 5.–8. gr., en áður hafa ákvæði um stjórnun þessa málaflokks verið í sérlögum án þess að þar sé fjallað um samskipti eða samræmingu á starfsemi ráðuneyta eða stofnana þeirra. Í 8. gr. er fjallað um samstarfsráð stofnana sem fara með eftirlit og ráðgjöf og er það nýtt ráð sem ætlað er að samræma og styrkja yfirstjórn og lagasetningu um matvæli og matvælaeftirlit.

Ákvæði um þekkingu og fræðslu í 2. mgr. 10. gr. eru ný og eru sett fram með tilliti til þess að framleiðendur og dreifendur eiga að bera ábyrgð á eigin vöru og að vandað sé til framleiðslu og meðferðar hennar. Í 3. mgr. sömu greinar er að finna nýmæli að því er varðar samræmingu á heimildum eftirlitsaðila um að gera kröfu til heilsufarsskoðunar starfsfólks sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Sett eru ákvæði um sérfæði í 2. mgr. 11. gr. og þá m.a. fæðu sem ætluð er börnum. Hér er höfð hliðsjón af umfangsmikilli og ítarlegri löggjöf annarra ríkja og ESB á þessu sviði og því eru sett ný ákvæði um þennan málaflokk.

Í 2. mgr. 12. gr. eru ákvæði sem eru hliðstæð núgildandi ákvæðum sem fram koma í 1. mgr. greinarinnar.

Skýr ákvæði um ábyrgð eiganda eða umráðanda flutningstækis hafa ekki verið í lögum og eru því ný, sbr. 2. mgr. 13. gr.

Ákvæði 15. gr. um umbúðamerkingar eru ítarlegri en áður og taka m.a. mið af þeirri áherslu sem lögð er á góðar umbúðamerkingar í löggjöf annarra ríkja og má nefna Bandaríkin og ESB í því samhengi.

Ný ítarleg ákvæði um fræðslustarfsemi er að finna í 19. gr. og er talið mikilvægt að ná markmiðum greinarinnar fram til að stuðla að bættri framleiðslu og meðferð matvæla og til að auka þekkingu og skilning neytenda.

Í 3. mgr. 20. gr. er ákvæði um tilkynningarskyldu þegar ný framleiðslutækni er tekin í notkun.

Ákvæði í 21. gr. varðandi samræmingu á starfsemi eftirlitsaðila hefur ekki verið í matvælalögum og miðar að því að koma í veg fyrir skörun verkefna þar sem hægt er að koma því við.

Verksvið eftirlitsaðila er skilgreint í 22. gr. og kemur þar skýrt fram hver verkaskipting aðila er með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps og sérlaga sem þeir starfa eftir.

Í 23. gr. er fjallað um þætti sem varða ný viðhorf varðandi eftirlit þar sem lögð er áhersla á innra eftirlit framleiðenda og dreifenda, auk þess sem fjallað er um faggildingu, sbr. skilgreiningar í 4. gr. frumvarpsins.

Ákvæði um þagnarskyldu og aðrar skyldur eftirlitsaðila í 2. mgr. 24. gr. eru ný í matvælalögum.

Gjaldskrárheimildir eru þær sömu fyrir ríkisstofnanir sem tilgreindar eru í 25. gr., en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tekur gjöld samkvæmt gildandi ákvæðum laga nr. 81/1988. Ákvæði 26. og 27. gr. taka einnig mið af því að samræma heimildir til gjaldtöku og þá með það í huga að sá aðili sem eftirlit beinist að eða sækir tiltekna þjónustu taki þátt í kostnaði vegna þess.

Í sérstökum tilvikum getur orðið nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem ekki eiga við undir eðlilegum kringumstæðum og er tekið á þessu í 28. gr. með samráði heilbrigðisyfirvalda og eftirlitsaðila.

Með 29. gr. eru heimildir eftirlitsaðila við eftirlit samræmdar og er talið eðlilegt að þessir aðilar starfi á grundvelli sömu heimilda og að þeir hafi samráð í ákveðnum tilvikum, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Valdsvið og þvingunarúrræði eru á sama hátt samræmd með 30. gr. og það sama gildir um málsmeðferð, úrskurði og viðurlög í 31. gr.

Með ákvæðum til bráðabirgða er þegar við samþykkt laganna gert ráð fyrir auknu samstarfi eftirlitsaðila, sbr. 1. tölul. um samstarfsráð, auk þess sem skoða skal grundvöll fyrir samræmingu á starfsemi aðila sem í dag sinna matvælaeftirliti, sbr. bráðabirgðaákvæði um endurskoðun laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 1. gr. nær tilgangur laganna ekki eingöngu til öryggis matæla og hollustuhátta, heldur einnig óréttmætra viðskiptahátta (blekkinga), og á það síðarnefnda ekki síst við um umbúðamerkingar, auglýsingar og aðra kynningu og upplýsingamiðlun. Afdráttarlaus ákvæði um þessa þætti eru talin mikilvæg og má benda á að Evrópusambandið leggur mikla áherslu á umbúðamerkingar og rétta kynningu matvæla gagnvart neytendum og kemur þetta fram í tilskipunum bandalagsins. Norðurlöndin hafa lengi lagt áherslu á þessa þætti í matvælalöggjöf og það sama gildir um önnur mikilvæg viðskiptaríki eins og Bandaríkin.

Um 2. gr.

Gildissvið laganna er víðtækt og sést þetta vel þegar skoðaðar eru skilgreiningar á framleiðslu og dreifingu í 4. gr. Lögin ná til allra matvæla, sbr. skilgreiningu þeirra í 4. gr., og er neysluvatn þar með talið. Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. um einkaheimili eru ný og marka ekki breytingu frá þeim starfsháttum sem tíðkast hafa í matvælaeftirliti. Hins vegar er talið rétt að skilgreina gildissvið þannig að friðhelgi einkaheimila sé ljós nema þar fari fram leyfisskyld starfsemi sem undir eðlilegum kringumstæðum er ekki heimil á slíkum stöðum. Sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf annarra ríkja. Þá telst áfengi til matvæla, sbr. 2. mgr. 2. gr., og er þetta í samræmi við núgildandi löggjöf og ýmis ákvæði í matvælalöggjöf Evrópubandalagsins. Hins vegar er það ekki algilt að áfengir drykkir teljist til matvæla og má þar sem dæmi nefna löggjöf í Finnlandi.

Tóbak er skilgreint sem neysluvara í eldri lögum, en ekki er talið rétt að telja tóbak til matvæla og er því vísað til sérlaga um tóbaksvarnir. Einnig er vísað til lyfjalaga þar sem lyf teljast ekki til matvæla, en í lyfjalögum og reglugerðum samkvæmt þeim er að finna nánari aðgreiningu lyfja og almennra neysluvara. Rétt er að geta þess að bætiefni, náttúruvörur og hollefni (heilsuvörur) teljast til matvæla þegar vörurnar falla ekki undir skilgreiningu lyfja vegna magns bætiefna eða innihalds efna sem hafa þekktar lyfjaverkanir.

Ekki var talin ástæða til að láta lög þessi ná yfir eftirlit með sjúkdómum og meindýrum á plöntum sem framkvæmt er af Rannsóknastofnun landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 51/1981, með síðari breytingum. Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að um er að ræða sérhæfða starfsemi sem nær ekki aðeins til matjurta og því ekki talið rétt að skilgreina hana sérstaklega í matvælalögum. Þá er ekki talið rétt að Rannsóknastofnun landbúnaðarins fái sama vægi og aðrir eftirlitsaðilar í þessum lögum vegna ofangreinds eftirlits.

Um 3. gr.

Í þessari grein er vikið að þeim markmiðum laganna sem fram koma í 1. gr., sbr. athugasemdir við hana, en hér er sérstaklega tekið á heilsutjóni vegna neyslu matvæla og óréttmætum viðskiptaháttum (blekkingum). Með þessu er tekið á meginmarkmiðum laganna og vísað til þeirrar ábyrgðar sem hvílir á framleiðendum og dreifendum matvæla með hliðsjón af meginmarkmiðum og tilgangi laganna.

Um 4. gr.

Í stað þess að aðgreina matvæli og tilteknar neysluvörur eins og gert er í gildandi lögum eru matvæli skilgreind í 4. gr. þannig að allar neysluvörur, sem lögin ná til, teljast matvæli. Því verður ekki lengur nauðsynlegt að tala um matvæli og aðrar neysluvörur. Skilgreiningar á framleiðslu og dreifingu eru nýjar og eru ekki síst gerðar í þeim tilgangi að einfalda allan lagatexta. Þannig nægir í lagatexta að tilgreina dreifanda þegar átt er við innflytjanda, umboðsaðila, innlendan dreifingaraðila og smásöluaðila.

Skilgreining efna og hluta er einnig ný og tekur mið af umfangsmikilli löggjöf sem sett verður á þessu sviði og má m.a. vísa til löggjafar ESB í því samhengi. Umbúðir eru einnig skilgreindar nánar í greininni.

Hinir ýmsu efnisþættir í matvælum hafa ekki áður verið skilgreindir í lögum. Þetta á t.d. við um örverur og má einnig nefna að skilgreining orðsins bætiefni er víðtækari en almennur skilningur á því orði hefur verið. Þá hefur orðið varnarefni ekki komið áður fyrir í íslenskri matvælalöggjöf og má líta á það sem nýyrði í þessu samhengi. Skilgreining varnarefna nær ekki aðeins til notkunar þeirra við framleiðslu og geymslu fullunn-

inna matvæla, heldur einnig matvæla, svo sem korns, sem notuð eru sem hráefni við framleiðslu annarra vörutegunda.

Skilgreining opinbers eftirlits hefur ekki komið fyrir áður í matvælalögum, en kemur hér fram í greininni, m.a. með hliðsjón af ákvæðum um opinbert eftirlit og hlutverk þess í matvælalöggjöf ESB. Skilgreiningar innra eftirlits og faggildingar eru nýjar og taka mið af breyttum áherslum í matvælaeftirliti í tengslum við innri markað í Evrópu (ESB/EES) og í öðrum ríkjum, svo sem Bandaríkjunum og Kanada.

Um 5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessu frumvarpi en ekki er gerð tillaga um breytingu á starfsemi annarra ráðuneyta eða stofnana sem sinna matvælaeftirliti, sbr. yfirstjórn þeirra og starfsemi á tilteknum sviðum löggjafar og eftirlits skv. 6. og 7. gr. og jafnframt 22. gr. frumvarpsins. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar og er einnig ætlað að annast eða hafa yfirumsjón með starfsemi nefnda sem nú sinna tilteknum sérverkefnum á matvælasviði. Má þar nefna aukefnanefnd og íslensku matvælarannsóknanefndina. Einnig hefur verið rætt um slíka starfsemi vegna starfa Alþjóðlegu staðlaskrárnefndarinnar um matvæli.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn landbúnaðarráðherra samkvæmt gildandi sérlögum og hlutverk yfirdýralæknis sem ráðgjafa ráðherrans á þessu sviði.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn sjávarútvegsráðherra og verksvið Fiskistofu. Vakin er athygli á því að hér er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með yfirumsjón mála er varðar meðferð, flutning og vinnslu sjávarafurða og eldisfisks vegna útflutnings og er það breyting frá ákvæðum laga nr. 93/1992.

Um 8. gr.

Lögð er áhersla á aukið samstarf ráðuneyta og stofnana sem fjallað er um í 5.–7. gr. og í þeim tilgangi er lagt til að skipað verði samstarfsráð. Ráðið verður skipað fulltrúum stofnana sem fara með yfirumsjón eftirlits, þ.e. Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis. Er ráðinu ætlað að hefja störf þegar frumvarpið er samþykkt og vinna þá að undirbúningi fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði þar að lútandi. Samstarfsráð mun vinna að samræmingu matvælaeftirlits og er einnig falið mikilvægt hlutverk varðandi samræmingu löggjafar á þessu sviði, en löggjafarhlutverk er á hendi þriggja ráðherra.

Þess má geta að einnig er tekið á samskiptum eftirlitsaðila í 21. og 29. gr. og þá í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvíverknað og skörun verksviðs og bæta framkvæmd eftirlits með auknu samstarfi aðila. Telja verður ákvæði um samstarfsráð og önnur ákvæði sem varða samstarf eftirlitsaðila meðal helstu nýmæla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Tilkynningarskylda, sem lögð er á framleiðendur og dreifendur matvæla, er til að tryggja að hægt sé að hafa gott yfirlit yfir þá aðila sem reka slíka starfsemi. Um starfsleyfi er nánar fjallað í 20. gr. en vikið er að starfsleyfi hér til aðgreiningar frá tilkynningarskyldu sem er annars eðlis. Í 2. mgr. er vikið að tilkynningarskyldu vegna umbúða

eða efna sem notuð eru við framleiðslu matvæla og er ekki síður mikilvægt að hafa eftirlit með þessum þáttum, þó svo starfsemin sem slík sé ekki háð starfsleyfi á sama hátt og framleiðsla og dreifing matvæla. Fordæmi er fyrir tilkynningarskyldu af þessu tagi í íslenskum reglum, svo sem varðandi aukefni í matvælum.

Um 10. gr.

Um ákvæði þessarar greinar má segja að þar er kveðið skýrar á um ábyrgð framleiðenda og dreifenda en áður hefur verið gert í lögum og reglugerðum á matvælasviði. Þetta er í samræmi við þá þróun sem er að verða varðandi ábyrgð þessara aðila á eigin vöru og þá ekki síst með tilliti til heilnæmis og hollustu vörunnar. Ákvæði þessa kafla, V. kafla, um umbúðamerkingar og XI. kafla um valdsvið og þvingunarúrræði eiga í raun að vera sambærileg við og ná sama tilgangi og ákvæði frumvarps um öryggi framleiðsluvöru sem lagt var fyrir Alþingi á 116. og 117. löggjafarþingi, en varð ekki að lögum. Matvælalöggjöfin mun því gilda um mál sem varða öryggi matvæla og upplýsingagjöf með tilliti til þess.

Af nýmælum má nefna ákvæði um þekkingu og fræðslu í 2. mgr. 10. gr. og er mikilvægt að þessu verði fylgt eftir, sbr. og 19. gr. frumvarpsins. Einnig ákvæði varðandi sjúkdóma og heilsufarsskoðun í 3. mgr. sömu greinar þar sem þau gilda fyrir alla eftirlitsaðila en hliðstæð ákvæði eru í reglugerð um verksvið heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Um 11. gr.

Hér er vikið að mikilvægum atriðum sem varða eitt af meginmarkmiðum laganna um réttmæta viðskiptahætti. Ákvæði þessi geta átt við um misnotkun aukefna, svo sem þegar litarefni eða bindiefni eru notuð til að villa fyrir um gæði vörunnar og einnig kynningu og umbúðamerkingar sem nánar er vikið að í næsta kafla.

Það sama getur átt við um ákvæði í 2. mgr. 11. gr. varðandi sérfæði eða aðrar vörur sem auglýstar eru, kynntar og merktar þannig að þær séu ætlaðar tilteknum hópum fólks vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Mikilvægt er að hafa heimild til að setja reglur um þessa þætti, bæði til að tryggja gæði vörunnar og réttmæta markaðssetningu hennar. Rétt að geta þess að á þessum málum er tekið í tilskipunum ESB um matvæli. Má þar sem dæmi nefna almennt sérfæði og barnamat.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við breytingu sem gerð var á gildandi lögum, sbr. lög nr. 5/1985, þar sem sönnunarbyrði er lögð á framleiðanda eða dreifanda, svo sem ef óstimplað kjöt eða önnur matvæli sem ekki samræmast lögum eða reglum finnast á framleiðslustað eða í dreifingu.

Ákvæði í 2. mgr. ná til efna, hluta og annars sem notað er við framleiðslu matvæla og eru þau sett fram til samræmis við 1. mgr. en eiga við aðra þætti eins og óleyfileg aukefni eða umbúðir sem ekki standast reglur.

Í 3. mgr. er fjallað um það að ákvæði greinarinnar eigi ekki við ef sannanlega er um sýni af tilbúinni vöru að ræða eða þegar eftirlitsaðila hefur verið tilkynnt um að unnið sé að vöruþróun. Sönnunarbyrðin er lögð á framleiðanda eða dreifanda.

Um 13. gr.

Geymsla matvæla og flutningur þeirra við rétt geymsluskilyrði eru þættir sem geta haft veruleg áhrif á gæði og heilnæmi vörunnar. Mikilvægt er að taka á þessum þáttum við framleiðslu og dreifingu, þar með töldum flutningi, og þarf skýrar lagaheimildir til stuðnings reglum sem um þetta fjalla, sbr. heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 og reglugerð nr. 557/1993 um hraðfryst matvæli. Könnun, sem Hollustuvernd ríkisins gerði á árinu 1992, sýnir að mikill misbrestur er varðandi réttar geymsluaðstæður við flutning matvæla og flutningur fiskafurða á opnum bílpöllum er annað dæmi sem flestir þekkja til.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ábyrgð þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir, svo og þeirra sem nota þær umbúðir fyrir vörur sem þeir framleiða eða dreifa. Almenn ákvæði um þessa þætti er að finna í gildandi matvælalögum en fáar sértækar reglur hafa verið settar um umbúðir og efni sem geta borist úr þeim í matvæli. Í tilskipunum ESB eru hins vegar umfangsmiklar reglur á þessu sviði og ljóst að úrbóta er þörf hér á landi.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um umbúðamerkingar og eru ákvæði þessi í samræmi við þær reglur sem nú gilda um merkingu umbúða fyrir matvæli. Einnig samræmast ákvæði greinarinnar þeim kröfum sem gerðar eru til umbúðamerkinga í tilskipunum ESB. Þess má geta að í gegnum tíðina hafa nokkur ráðuneyti sett reglur um merkingu matvæla og því tímabært að setja þennan þátt í fastari skorður og samræma bæði kröfur um merkingu umbúða og eftirlit með þeim.

Ákvæði 2. mgr. taka mið af því að veittar eru undanþágur frá tilteknum ákvæðum um merkingar þegar umbúðir eru litlar og jafnframt því að í reglugerðum eru gerðar frekari kröfur til umbúðamerkinga en fram koma í 1. mgr. Dæmi um þetta er merking næringargildis og ýmsar fullyrðingar um heilsufarslega þætti.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga við um setningu sérstakra reglna um ákveðnar vörur, svo sem mjólkurvörur og kjötvörur, þar sem markmiðið getur verið að staðla vörurnar með tilliti til ákveðinna efnisþátta. Tilgangurinn getur bæði verið heilsufarslegs eðlis, svo sem manneldissjónarmið, og að tryggja að neytendur fái þá vöru sem þeir eiga rétt á þegar tiltekið vöruheiti er valið, óháð því hver framleiðandi hennar er. Vitað er að nú eru t.d. seldar kjötvörur með líkum heitum en nokkuð ólíkar að samsetningu. Ekki er tekið á þessum þáttum á þennan hátt í núgildandi löggjöf þó heimildir til setningar slíkra reglna séu fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar geta einnig átt við um tilteknar framleiðsluaðferðir og má sem dæmi nefna lífræna ræktun matvæla. ESB hefur reglur um lífræna ræktun og hér er því lagalegur stuðningur fyrir setningu reglna um slíkar aðferðir eða vörur eða aðra þætti sem greinin nær til.

Gert er ráð fyrir að hagsmunir neytenda og framleiðenda fari í flestum tilvikum saman og að samráð sé haft við þessa aðila um gerð reglna á þessu sviði, en ef ágreiningur er um setningu reglna getur annar málsaðili ekki hindrað setningu þeirra ef um ótvíræða hagsmuni hins aðilans er að ræða.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram að setja skuli reglur um tiltekin efni í matvælum. Ekki er tekið á þessu á þennan hátt í núgildandi löggjöf en heimildir til að setja slíkar reglur eru fyrir hendi þó svo ráðherra sé þar ekki beinlínis falið að setja reglur um tiltekna efnisþætti eins og fram kemur í þessari grein. Talið er rétt að leggja sérstaka áherslu á setningu reglna um þessa efnisþætti með hliðsjón af gildandi reglum hér á landi, í öðrum ríkjum og hjá ESB.

Um 18. gr.

Framkvæmd laganna felst í setningu reglna um þá þætti sem lögin ná til og er framkvæmdin í höndum ráðherra sem fara með yfirstjórn mála. Í þeim tilgangi að samræma lagasetningu er samstarfsráði ætlað mikilvægt hlutverk í þessum lögum eins og áður hefur verið vikið að og er í því samhengi bent á ákvæði 8. og 23. gr.

Um 19. gr.

Ekki hefur áður í lögum verið tekið á ýmsum þeirra þátta sem fjallað er um í þessari grein, en þar er fjallað ítarlega um fræðslumál. Auk stofnana, sem starfa við ráðgjöf og matvælaeftirlit, er í 2. mgr. þessarar greinar fjallað um hlutverk menntamálaráðuneytisins varðandi fræðslu á matvæla- og manneldissviði. Er hér um mikilvæg ákvæði að ræða, ekki síst með hliðsjón af því að matvælaframleiðsla er mikilvægasta atvinnugrein sem stunduð er hér á landi. Markmiðið er að styrkja fræðslu bæði fyrir almenning og svo þá sem vinna við framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. og ákvæði 2. mgr. 10. gr.

Umfang íslensks matvælaiðnaðar má glögglega sjá þegar skoðaðar eru tölur yfir ársverk í iðngreinum frá 1990. Þá voru 11.706 ársverk í matvælaiðnaði en ársverk í almennum iðnaði, þar með töldum matvælaiðnaði, voru 23.231. Hlutur matvælaiðnaðar í almennum iðnaði er því 50,4% en til samanburðar voru ársverk í byggingarstarfsemi 12.380 þetta ár og fellur þar undir hvers kyns mannvirkjagerð og viðhald. Þessar tölur ættu að sýna hver fræðsluþörfin á matvælasviði er og hve brýnt mál þetta er fyrir íslensku þjóðina vegna þeirra hagsmuna sem tengjast matvælaiðnaði hér á landi.

Um 20. gr.

Um leyfisveitingar hefur ekki verið fjallað í lögum á þann hátt sem hér er gert en ákvæði um þessi atriði er að finna bæði í sérlögum og reglugerðum á matvælasviði. Ótvíræðar heimildir eru í greininni til að binda starfsleyfi ákveðnum skilyrðum, auk þess sem endurskoðun leyfa er heimil, m.a. ef ráðgert er að taka í notkun nýja framleiðslutækni. Hér er ekki átt við minni háttar breytingar eða framleiðslutækni sem áður hefur verið beitt, heldur umfangsmeiri breytingar. Slíkum ákvæðum má beita ef ætlunin væri að hefja geislun matvæla eða aðrar framleiðsluaðferðir sem skoða verður með tilliti til heilnæmis eða hollustu matvæla.

Um 21. gr.

Skörun á verksviði eftirlitsaðila er fyrir hendi og með ákvæðum þessarar greinar er skapaður möguleiki til að skipa málum þannig að aðeins einn aðili annist leyfisveitingar og eftirlit með tiltekinni starfsemi. Fiskvinnsla, sem vinnur vöru bæði til útflutnings og innanlandsneyslu, á samkvæmt lögum að vera undir eftirliti Fiskistofu og skoðunarstofu hvað útflutning varðar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna innanlandsneyslu. Sama gildir um eftirlit með framleiðslu og dreifingu á eldisfiski. Skörun og tvíverknað

eftirlitsaðila má fyrirbyggja með samkomulagi milli ráðherra í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Um 22. gr.

Skipting opinbers eftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er með sama hætti og nú er samkvæmt gildandi lögum um matvæli og sérlögum um tiltekna flokka matvæla.

Ekki var talið raunhæft að sameina starfsemi eftirlitsaðila á þessu stigi, en í 2. mgr. bráðabirgðaákvæða kemur fram að stefnt er að endurskoðun laganna innan fimm ára. Er þá m.a. gert ráð fyrir að skoðað verði hvort rétt er að samræma starfsemi opinbers eftirlits með matvælum á vegum eins aðila. Ýmis ákvæði frumvarpsins miða hins vegar að því að auka samstarf og samskipti opinberra aðila við framkvæmd eftirlits og lagasetningu um matvæli.

Um 23. gr.

Meðal helstu nýmæla frumvarpsins eru þau ákvæði sem fram koma í greininni um faggildingu rannsóknar- og eftirlitsaðila og um innra eftirlit framleiðenda og dreifenda matvæla. Þessi ákvæði tengjast þeim nýju viðhorfum sem eru uppi, ekki síst innan sameiginlegs markaðar í Evrópu, hvað varðar breyttar áherslur í matvælaeftirliti með aukinni gæðastjórnun, bæði af hálfu hagsmunaaðila og opinberra aðila sem hafa eftirlitshlutverki að gegna.

Í tilskipunum ESB eru ákvæði um innra eftirlit, svo sem vegna fiskafurða, og nýlega hafa verið samþykktar ESB-reglur um innra eftirlit við framleiðslu, dreifingu, tilreiðslu og aðra meðferð matvæla. Því er nauðsynlegt að hafa heimildarákvæði í lögum til setningar slíkra reglna. Hér á landi og í Kanada er nú gerð krafa um innra eftirlit í fiskiðnaði og í Bandaríkjunum er fiskvinnslufyrirtækjum boðið að taka upp ákveðið eftirlitskerfi gegn gjaldi og geta fyrirtækin síðan notað þennan þátt í sinni starfsemi við markaðssetningu vörunnar.

Grein þessi gerir ráð fyrir að aðrir en opinberir aðilar geti haft eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, en eftirlit þeirra getur ekki tengst opinberu eftirliti nema um það séu settar nánari reglur. Ráðherrum er heimilt að setja slíkar reglur og jafnframt er þeim heimilt að gera kröfu um að aðilar, sem sinna eftirlitsstörfum á matvælasviði, skuli hljóta faggildingu.

Um 24. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er tryggt að eftirlitsaðilar hafa fullan aðgang að eftirlitsskyldri starfsemi og þeim gögnum sem nauðsynlegt er að skoða við eftirlit. Jafnframt er í 2. mgr. tryggt að eftirlitsaðilar gæti trúnaðar og séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd.

Um 25. gr.

Hér er bæði byggt á nýjum ákvæðum og ákvæðum sem er að finna í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nokkuð var rætt um að setja ákvæði um samræmda gjaldtöku af innlendri framleiðslu og innfluttum matvælum, miðað við framleiðslumagn eða verðgildi, þannig að hægt væri að fella aðrar gjaldskrár úr gildi. Horfið var frá þessum hugmyndum vegna fyrirsjáanlegra erfiðleika við innheimtu og síðan skiptingu fjármagns milli eftirlitsaðila, auk þess sem ekki náðist samkomulag við hagsmunaaðila um endurskoðun gjaldskrárákvæða.

Matvælarannsóknir eru í dag framkvæmdar samkvæmt gjaldskrám sem settar hafa verið fyrir þær stofnanir sem slíkum störfum sinna. Ákvæði greinarinnar um opinberar matvælarannsóknir eru því í samræmi við framkvæmd þeirra í dag.

Gjaldskrárheimildir aðila, sem tengjast eftirliti, eru samræmdar með ákvæðum þessarar greinar og er markmiðið að þeim verði beitt þannig að tekið verði mið af raunverulegum kostnaði vegna matvælaeftirlits og matvælarannsókna. Gert er ráð fyrir að ákvæðum 21. gr. verði beitt þegar um skörun á verksviði eftirlitsaðila er að ræða en hver sem niðurstaða í slíkum málum verður skal þess gætt að eftirlitsskyldur aðili greiði ekki gjöld til fleiri en eins aðila vegna matvælaeftirlits.

Um 26. gr.

Það sama á við hér og um 25. gr. að framan en þessi grein varðar gjaldtöku vegna starfsleyfa og sérstakrar þjónustu sem hagsmunaaðilar leita eftir, svo sem vegna útgáfu vottorða eða umsókna um heimild til notkunar tiltekinna efna eða annarra slíkra leyfisveitinga.

Um 27. gr.

Ekki hefur áður verið fjallað á þann hátt sem hér er gert um greiðslu rannsóknarkostnaðar af hálfu framleiðenda og dreifenda þegar rökstuddur grunur er á að starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglna. Mikilvægt er að bregðast við þegar grunur leikur á að ákvæði laga og reglna séu ekki uppfyllt og sérstaklega ef um hættu á heilsutjóni getur verið að ræða. Eftirlitsaðilar fá á ýmsan hátt, m.a. gegnum samstarf við önnur ríki, upplýsingar og gögn sem gefa tilefni til sérstakra aðgerða. Hafi hagsmunaaðili, sem eftirlit beinist gegn, engin gögn til að hrekja þær grunsemdir sem fram koma er talið eðlilegt að hann standi undir kostnaði við rannsóknir á vöru sem hann er ábyrgur fyrir.

Um 28. gr.

Greinin er ný og með ákvæðum hennar er samskiptum eftirlitsaðila og heilbrigðisyfirvalda skipað í ákveðinn farveg sem verður að teljast mikilvægur þegar mál af þessum toga koma upp. Rétt er að taka fram að 28. gr. yrði aðeins beitt ef um mjög alvarlega hættu getur verið að ræða. Dæmi um þetta eru hugsanlegar afleiðingar af slysum í kjarnorkuverum og alvarleg tilvik matareitrana.

Um 29. gr.

Með þessari grein er verið að samræma valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila og er m.a. stuðst við ákvæði þar að lútandi í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í 3. mgr. greinarinnar, þar sem tekið er á framleiðslu og dreifingu matvæla sem dæmd eru óhæf til útflutnings eða dreifingar innan lands, er einnig fjallað um samskipti eftirlitsaðila í þeim tilgangi að tryggja sem besta framkvæmd eftirlits.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um förgun matvæla og er rétt að taka fram að um hana geta einnig gilt önnur lög og reglur, svo sem vegna mengunarvarna, sem ber að virða við ákvörðunartöku um hvernig að henni er staðið.

Um 30. gr.

Það telst til nýmæla í þessari grein og 29. gr. að öllum eftirlitsaðilum er ætlað að starfa eftir sömu ákvæðum hvað valdsvið og þvingunarúrræði varðar.

Um 31. gr.

Á sama hátt og fyrir valdsvið og þvingunarúrræði er með 31. gr. verið að samræma málsmeðferð, úrskurði og viðurlög, hvort sem eftirlitið beinist að fiskafurðum, kjöti eða öðrum matvælum.

Um 32. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði úr gildi ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, en það sama gildir ekki um þau ákvæði laganna sem aðeins varða nauðsynjavörur. Í stað ákvæða laganna um nauðsynjavörur er gert ráð fyrir að koma muni lög um öryggi framleiðsluvöru. Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru var lagt fram á 116. og 117. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Ef frumvarp um öryggi framleiðsluvöru verður samþykkt á undan þessu frumvarpi verður að breyta fumvarpinu þannig að lög nr. 24/1936 verði í heild felld úr gildi. Málum er hins vegar öfugt farið ef ný matvælalög verða samþykkt fyrst og verður þá að gera breytingu á frumvarpi til laga um öryggi framleiðsluvöru þannig að ákvæði laga nr. 24/1936 um nauðsynjavörur verði felld úr gildi.

Gert er ráð fyrir að ákvæði um matvæli í 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, falli einnig úr gildi. Í bráðabirgðaákvæðum þeirra laga kemur fram að ákvæði 17. gr. skuli gilda þar til fyllri ákvæði hafi verið sett um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum og mengun matvæla af völdum slíkra efna. Ákvæði þessa frumvarps um aðskotaefni og þá sérstaklega varnarefni komi í stað þeirra ákvæða sem eru í áðurnefndum lögum og þau megi því fella úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðum til bráðabirgða er samstarfsráði falið að hefja þegar undirbúning að gildistöku laganna. Með þessu er samstarf eftirlitsaðila og þeirra sem fara með yfirstjórn laganna tryggt þegar við samþykkt frumvarpsins.

Ákvæði um endurskoðun laganna er talið mikilvægt, ekki síst með hliðsjón af þeirri öru þróun og miklu breytingum sem nú eru fyrirsjáanlegar með sameiginlegum markaði í Evrópu og aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Á því tímabili sem tilgreint er í 2. mgr. mun einnig fást meiri reynsla af samstarfi opinberra eftirlitsaðila og því raunhæft að ræða hvort grundvöllur er til frekari samræmingar á starfsemi þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um matvæli.

Markmið laganna er að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu matvæla og að merkingar þeirra séu fullnægjandi. Með frumvarpinu er eftirlit með matvælum samræmt og valdsvið hvers stjórnvalds skýrt. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem eru talin nauðsynleg vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Loks eru ákvæði um fræðslustarfsemi um matvæli.

Frumvarpið er fyrst og fremst samræming á matvælaeftirliti, auk þess sem lögin eru færð í nútímalegra horf. Breytingar frá gildandi lögum eiga ekki að leiða til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Ákvæði um gjaldtöku stofnana eru samræmd og veitt er víðtækari heimild til gjaldtöku hjá eftirlitsstofnunum í sjávarútvegi og landbúnaði. Kostnaður af samstarfsráði, sem skal vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og framkvæmd eftirlits, á að rúmast innan fjárheimilda þeirra stofnana er málið varðar.

Með frumvarpinu á að koma í veg fyrir skörun á verksviði eftirlitsaðila og tvöfalda gjaldtöku og á það því að leiða til hagræðis. Nefndin, sem samdi frumvarpið, taldi það ekki í sínum verkahring að skoða frekari samræmingu á starfsemi eftirlits- og rannsóknaraðila og annarra þeirra sem starfa að forvörnum á matvælasviði. Bent er á í athugasemdum með frumvarpinu að full ástæða sé til slíkrar athugunar og tekur fjármálaráðuneytið undir það.

Með tilkomu samnings um Evrópskt efnahagssvæði hafa kröfur um matvælaeftirlit aukist og eru lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, nú til endurskoðunar m.a. vegna þess. Mun umfang matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins að líkindum aukast og rekstrarkostnaður þess hækka. Ef ástæða þykir til að breyta lögunum mun kostnaðarmat fylgja því frumvarpi.

506. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín frá fjármálaráðuneyti Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra, Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra, Snorra Olsen deildarstjóra, Maríönnu Jónasdóttur deildarstjóra og Braga Gunnarsson lögfræðing.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 27. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm., með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Guðjón Guðmundsson.	Finnur Ingólfsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

507. Svar [28. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ragnars Elbergssonar og Steingríms J. Sigfússonar um skuldir Vegasjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar verða heildarskuldir Vegasjóðs um næstkomandi áramót vegna sérstaks framkvæmdaátaks í atvinnumálum á þessu kjörtímabili, að meðtöldum lántökum á yfirstandandi ári, framreiknað á núgildandi verðlagi?*
2. *Hvernig skiptast lántökurnar á einstök ár?*
3. *Hvernig hefur verið staðið að lántökum, hver eru lánskjör og skilmálar?*
4. *Hvernig verður endurgreiðslum háttað, á hvaða árum verða endurgreiðslurnar og hverjar verða þær í heild, sundurliðað á einstök ár, að meðtöldum öllum kostnaði?*

Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 1993 ákvað ríkisstjórnin að auka framkvæmdir í vegamálum á árunum 1993–95. Markmiðið var að draga tímabundið úr atvinnuleysi vegna erfiðs atvinnuástands.

Fjáröflun til sérstaks átaks í atvinnumálum, sem runnið hefur til Vegasjóðs, er sem hér segir (í m.kr.):

	Breytilegt verðlag	Verðlag í okt. '94 (bygg.vísitala)
Árið 1993	1.550	1.600
Árið 1994	900	900
Samtals		**2.500**

Samkvæmt vegáætlun á að færa í ríkissjóð af mörkuðum tekjum Vegasjóðs þessi sömu ár sem hér segir (í m.kr.):

	Breytilegt verðlag	Verðlag í okt. '94 (bygg.vísitala)
Árið 1993	344	355
Árið 1994	370	370
Samtals		**725**

Við endanlegt uppgjör á skuldum Vegasjóðs vegna framkvæmdaátaksins ber að draga frá þessar millifærslur úr Vegasjóði í ríkissjóð eins og þær verða endanlega. (Til greina kemur einnig að draga frá eldri millifærslur úr Vegasjóði, en þær eru um 750 m.kr. árin 1987–92 á verðlagi í október 1994.)

Veitt hefur verið fé til þessa átaks í atvinnumálum á fjárlögum hverju sinni. Fjármögnun þess er hluti af almennri fjáröflun ríkissjóðs og því hafa ekki verið tekin sérstök lán þess vegna. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um þessa ákvörðun var tekið fram að með þessu væri verið að flýta framkvæmdum vegna erfiðs efnahagsástands. Ætlunin var að draga úr opinberum framkvæmdum að átakinu loknu þegar aðstæður gæfu tilefni til.

Þegar ríkisstjórnin tók ákvörðun um að beita sér fyrir þessu sérstaka átaki í atvinnumálum var við það miðað að endurgreiðsla lánsins hæfist ekki fyrr en lokið væri skuldagreiðslum Vegasjóðs við Reykjavíkurborg.

Samkvæmt samningi frá 1991 lýkur þeim endurgreiðslum á árinu 1998. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nánari tilhögun endurgreiðslna.

508. Frumvarp til lánsfjárlaga [3. mál]

fyrir árið 1995.

(Eftir 2. umr., 27. des.)

I. KAFLI

Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 21.250 m.kr. á árinu 1995.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1995 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 8.320 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 3.800 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegs, allt að 2.380 m.kr.
3. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 1.980 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 150 m.kr.

II. KAFLI

Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1995 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–8. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.900 m.kr, sbr. 9. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 6.680 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.

4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 13.000 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 1.600 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóði, allt að 2.600 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóði, allt að 150 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1995:

1. Íþróttasamband Íslands, allt að 40 m.kr. til þátttöku í stækkun Laugardalshallar gegn veði í eignarhluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöllinni.
2. Flugmálastjórn, allt að 70 m.kr. til endurnýjunar á flugvél.
3. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, allt að 800 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Undirbúningsfélag Orkubús Borgarfjarðar, allt að 380 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
5. Innheimtustofnun sveitarfélaga, allt að 150 m.kr. til greiðsluflæðisjöfnunar.
6. Hita- og vatnsveita Akureyrar, allt að 2.200 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
7. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 61 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

8. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 7. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

9. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skal rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

10. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

11. gr.

Lög nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána, falla úr gildi 1. janúar 1995. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að breyta útistandandi ábyrgðarheimildum í lán, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

12. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allar skuldir atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og afhenda Byggðastofnun allar eignir atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar. Jafnframt falla úr gildi 1. janúar 1995 ákvæði 20. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

13. gr.

Vegagerðinni, vélamiðstöð, er heimilt að yfirtaka allar skuldir Hríseyjarhrepps vegna kaupa á ferjunni Sæfara.

IV. KAFLI

Gildistökuákvæði.

14. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1995. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1996 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

509. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni og Sólveigu Pétursdóttur.

1. Við 1. gr. Í stað „21.250“ komi: 21.900.
2. Við 3. gr. Í stað „8.320“ komi: 8.310.
3. Við III. kafla. Við kaflann bætist ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. allt að 50 m.kr. gegn skilyrðum sem fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra setja.

510. Svar [249. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Þuríðar Bernódusdóttur um veiðar umfram kvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða skip hafa veitt umfram kvóta og hverjar hafa sektir þeirra verið frá árinu 1991? Hvernig eru viðurlögin reiknuð á einstakar tegundir?

Ráðuneytið leitaði til embættis ríkislögmanns og óskaði eftir því að embættið léti ráðuneytinu í té álit sitt á hvort því væri heimilt að birta opinberlega lista yfir þá aðila sem látnir hafa verið sæta upptöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Ráðuneytinu hefur borist álit ríkislögmanns og er það birt sem fylgiskjal. Er það niðurstaða ríkislögmanns að birting þessara upplýsinga sé óheimil þar sem til þess skorti sérstaka lagaheimild.

Með vísan til álits ríkislögmanns telur ráðuneytið að því sé ekki fært að birta þær upplýsingar sem fyrri hluti fyrirspurnarinnar lýtur að. Þar sem síðari hlutinn er svo tengdur þeim fyrri mun ráðuneytið ekki svara þeim þætti nema þess verði sérstaklega óskað.

Fylgiskjal.

Embætti ríkislögmanns:

Minnisblað um birtingu lista yfir aðila sem sætt hafa upptöku samkvæmt lögum nr. 32/1976 eða gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 37/1992.
(21. desember 1994.)

Með bréfi ráðuneytisins dags. 13. þessa mánaðar er þess farið á leit að embætti ríkislögmanns „láti ráðuneytinu í té álit sitt á því hvort birta megi opinberlega lista yfir þá aðila sem látnir hafa verið sæta upptöku samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eða gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla". Verði opinber birting slíkra upplýsinga talin óheimil óskar ráðuneytið eftir áliti á því hvort annað gildi um fyrirspurnir sem komi frá Alþingi.

Í bréfi ráðuneytisins er tekið fram að það hafi jafnan verið afstaða þess að veita ekki umræddar upplýsingar og hafi ráðuneytið m.a. synjað Alþingi um slíkar upplýsingar vegna fyrirspurnar í nóvember 1985. Nú hafi nýverið verið borin fram fyrirspurn á Alþingi til sjávarútvegsráðherra um veiðar umfram kvóta og sé ráðuneytið þeirrar skoðunar að birting umræddra upplýsinga gætu haft mikil varnaðaráhrif og sé því vilji til að birta þær verði talið að lög leyfi.

Tilgangur með setningu laga þeirra sem erindi ráðuneytisins fjallar um var öðru fremur að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskstofna. Þetta kemur glöggt fram í athugasemdum með frumvörpunum þegar þau voru lögð fram á Alþingi. Þar kom jafnframt fram að mjög oft geti reynst erfitt eða jafnvel ógerlegt þegar landað er ólöglegum sjávarafla að sanna að um sök hafi verið að ræða eða um önnur þau atriði sem sönnun verður að liggja fyrir um til þess að sektir verði dæmdar. Því hafi ekki þótt rétt að gera upptöku ólöglegs afla eða greiðslu sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla háða því að um refsiverðan verknað hafi verið að ræða.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 32/1976 úrskurðaði sjávarútvegsráðuneytið hvort um ólöglegan sjávarafla hefði verið að ræða og hvert skyldi vera andvirði hins ólöglega afla sem gera skyldi upptækan. Samkvæmt núgildandi lögum nr. 37/1992 leggur Fiskistofa á gjald vegna ólögmæts sjávarafla, en nefnd þriggja manna skipaðra af sjávarútvegsráðherra hefur úrskurðarvald um álagningu gjaldsins. Úrskurð ráðuneytisins um upptöku afla samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1976 mátti bera undir almenna dómstóla eða vísa til meðferðar sakadóms væri refsimál höfðað. Þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra féllu úr gildi 1. september 1992. Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992 eða um ábyrgð á greiðslum má bera undir dómstóla.

Stjórnsýsluákvarðanir þær sem teknar eru samkvæmt þessum lagaákvæðum eru íþyngjandi og fela í sér refsikennd viðurlög óháð því hvort um refsiverðan verknað hafi verið að ræða.

Í lögum þeim sem ráðuneytið vísar til í erindi sínu eru ákvæði um að stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögunum skuli teknar með skriflegum og rökstuddum úrskurðum og sendar þeim aðilum sem hagsmuna hafa að gæta, sbr. hér einnig 2. gr. reglugerðar nr. 249/1988 um upptöku ólöglegs sjávarafla. Í lögunum eru ekki ákvæði um opinbera birtingu ákvarðana sem teknar eru á grundvelli þeirra og í gögnum við setningu laganna er ekki að finna vísbendingu um hver hafi verið vilji löggjafans í því efni. Verður því að leita svara til annarra réttarheimilda.

Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um skyldu stjórnvalda til þess að veita aðgang að skjölum og öðrum gögnum, svo og til birtingar á ákvörðunum sínum, lúta að rétti aðila máls hverju sinni og eru því ekki beint til leiðbeiningar hér.

Skráðum réttarreglum um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart almenningi er ekki til að dreifa. Á einstökum sviðum hafa aftur á móti verið sett lagaákvæði sem tryggja aðgang almennings að vissum tilgreindum upplýsingum, sbr. t.d. lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, svo og 2. mgr. 145. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, varðandi aðgang að hlutafélagaskrá og ársreikningum hlutafélaga. Á öðrum sviðum hafa verið sett ákvæði um skyldu stjórnvalda til birtingar á tilgreindum upplýsingum, sbr. hér t.d. 1. mgr 12. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, um útgáfu árlegrar skýrslu um starfsemi embættisins, sbr. einnig 2. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, um skyldu Ríkisendurskoðunar til að gefa Alþingi árlega skýrslu um samninga um skuldbreytingu vegna ógreidds tekjuskatts eða eignarskatts. Einnig má nefna ákvæði 12. gr. laga nr. 12/1986 um árlega heildarskýrslu um störf Ríkisendurskoðunar sem lögð skal fyrir Alþingi, sbr. enn 14. gr. laga nr. 30/1992 um útgáfu úrskurða yfirskattanefndar. Það er sammerkt þessum útgáfum eða birtingum að nafna einstaklinga eða lögaðila er ekki getið, jafnvel þó skýr lagaákvæði standi til að Alþingi sé gefin skýrsla um beitingu ívilnandi heimilda, sbr. ákvæði 2. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Á enn öðrum sviðum hefur löggjafinn sett ákvæði sem leggja bann við því að gefnar verði tilteknar upplýsingar, sbr. hér ákvæði 32. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar er kveðið á um skyldur starfsmanna til að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara að lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Leiðbeiningar um þessa þagnarskyldu er ekki að finna í umfjöllun Alþingis þegar lögin voru sett. Þá má nefna ákvæði laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. er án sérstakrar lagaheimildar lagt bann við því að skýrt sé frá tilgreindum upplýsingum nema með samþykki hlutaðeigandi og er undanþága frá þessari reglu bundin heimild tölvunefndar og að brýnir almannahagsmunir krefji. Skal þá þörfin á að veita upplýsingarnar ótvírætt vega þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum. Öðrum upplýsingum, sem ekki eru eins persónulegar og fjallað er um í 1. mgr. 5. gr., er því aðeins heimilt að skýra frá án samþykkis hins skráða að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna. Hins vegar er heimilt að skýra frá upplýsingum ef eigi er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna, sbr. lokamálsgrein 5. gr. Í 3. mgr. 1. gr. laganna eru persónuupplýsingar skilgreindar sem upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna var tekið fram að um sé að ræða matskennda viðmiðun og að fyrir fram verði ekki afmarkað hverjar upplýsingar sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Loks skal nefnt að skv. 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, setur dómsmálaráðherra í reglugerð ákvæði um sakaskrá og aðgang að henni. Ákvæði reglugerðar nr. 249/1992 um sakaskrá ríkisins takmarka aðgang að upplýsingum úr sakaskrá við tiltekna opinbera aðila og aðila sjálfan, sbr. 11. gr. Í 12. og 13. gr. er að finna heimildir fyrir ríkissaksóknara til að veita öðrum aðilum upplýsingar úr sakaskrá enda séu þær nauðsynlegar til að gætt verði viðurkenndra lögmætra hagsmuna við meðferð einstakra mála.

Þær réttarheimildir sem nú hafa verið raktar og venjur sem farið hefur verið eftir við birtingu stjórnvaldsákvarðana leiða í ljós að upplýsingar um hagi einstaklinga eða lögpersóna eru almennt ekki birtar opinberlega nema fyrir því sé ótvíræð lagaheimild eða eðli máls leiði til þess. Er þetta í samræmi við grundvallarreglur um friðhelgi einkalífs.

Ekki verður séð að beinir almannahagsmunir krefjist þess að vikið verði frá þessari meginreglu og birtar opinberlega upplýsingar um aðila sem látnir hafi verið sæta upptöku samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eða gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Er þá jafnframt haft í huga að um refsikennd viðurlög er að ræða án þess að fyrir liggi hvaða atferli hafi verið refsivert. Er það álit embættis ríkislögmanns að birting þessara upplýsinga sé óheimil án sérstakrar heimildar í lögum.

Réttur alþingismanns til að óska upplýsinga frá ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess með fyrirspurn á Alþingi skv. 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp, takmarkast samkvæmt eðli máls við upplýsingar sem heimilt er að lögum að gera opinberar.

511. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir orðinu „vaxtabætur“ í 7. tölul. 28. gr. laganna kemur: námsmannabætur.
2. Við 2. gr. Við c-lið bætist nýr málsliður er orðist svo: Örorkulífeyrisþegar, er eiga réttindi í þeim lífeyrissjóðum sem um ræðir í 1. málsl., skulu einnig njóta sama skattahagræðis við útgreiðslu.
3. Við 7. gr. Við greinina bætist nýr stafliður er orðist svo: Við bætist nýr stafliður, D-liður, með fyrirsögninni **Námsmannabætur** er orðast svo: Ríkissjóður skal greiða bætur til þeirra námsmanna er eiga rétt á eftirágreiddum námslánum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Bæturnar skulu nema sem svarar 80% af lántökukostnaði sem þeir hafa þurft að greiða vegna lána hjá bönkum eða sparisjóðum fram að útborgunardegi námslánsins. Lán, sem myndar bótarétt samkvæmt þessari grein, getur aldrei numið hærri fjárhæð en viðkomandi námsmaður á rétt á samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna hverju sinni. Lækkun á tekjuskattsstofni framfæranda skv. 4. tölul. 1. mgr. 66. gr. skerðir ekki rétt námsmanns samkvæmt þessari grein.

512. Nefndarálit [278. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir næsta ár kom óvenjuseint fram. Nefndin hefur aðeins haft örfáa daga til að fjalla um þau mál sem frumvarpið snertir og ber að gagnrýna það sérstaklega. Löngu var ljóst hvaða lögum þyrfti að breyta vegna skerðinga af ýmsu tagi, sbr. fjárlög fyrir árið 1995, þótt einstaka atriði hafi bæst við síðan. Það er allt á sömu bókina lært hjá ríkisstjórnarflokkunum, ágreiningur og seinagangur við ákvarðanatöku veldur því að ríkisfjármálin eru komin í eindaga og allt of skammur tími gefst til að fjalla málefnalega um inntak og afleiðingar þeirra ákvarðana sem verið er að taka. Enn einu sinni skal gagnrýnd sú aðferð að hrúga inn í einn lagabálk alls óskyldum málum og athygli er vakin á athugasemdum sem ritari efnahags- og viðskiptanefndar setti fram skriflega þar sem bent var á að samkvæmt íslensku stjórnarskránni ber að ræða öll lagafrumvörp þrisvar sinnum og því óeðlilegt að taka inn ný og óskyld mál eftir 1. umr., jafnvel mál sem ekki snerta útgjöld ríkisins á neinn hátt. Ný mál á að leggja fram í nýju frumvarpi. Minni hlutinn fór þess á leit að kallað yrði eftir áliti forseta Alþingis á því hvort rétt væri að málum staðið, en þegar þetta er ritað er það álit ekki komið fram.

Eitt helsta einkenni frumvarpsins eru hin svokölluðu þrátt-fyrir-ákvæði þar sem löggiltir tekjustofnar ríkisstofnana og sjóða eru skertir. Þar kennir margra grasa og hefði verið þörf á að fara vandlega ofan í einstaka liði og kanna hvernig þeir koma við þær stofnanir sem í hlut eiga. Það var ekki gert að þessu sinni vegna tímaskorts, nema hvað kallað var á fulltrúa húsafriðunarsjóðs og ferðamála og fulltrúa menntamálaráðuneytisins vegna Þjóðarbókhlöðuskattsins.

Grunnskólinn.

Fjórða árið í röð er frestað framkvæmd nokkurra ákvæða grunnskólalaga í þeim tilgangi að spara 180 millj. kr. Enn eitt árið er heimiluð fjölgun í bekkjum umfram það sem lögin segja til um, en á þessu ári var þessi heimild nýtt í 26 tilvikum, þar af 12 í Reykjavík (sjá álit minni hluta menntamálanefndar). Þá er því enn frestað að koma á máltíðum í skólum, athvörfum fyrir nemendur, svo og því sem alvarlegast er, að lengja kennslutímann. Með þeim niðurskurði sem framkvæmdur var í grunnskólum landsins 1991 var kennsla skorin verulega niður. Nú hefur verið ákveðið að skila sex stundum á viku til baka, en það breytir ekki því að kennslustundafjöldi er langt frá því sem hann ætti að vera hefði lögum verið framfylgt. Enn eitt árið bitnar niðurskurður ríkisstjórnarinnar á þeim sem síst skyldi og það er augljóst að það mun taka mörg ár að vinna upp þann mikla skaða sem unninn hefur verið í skólakerfinu í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Á sama tíma og framlög til grunnskólans eru skert er verið að fjalla um nýtt frumvarp til laga um grunnskólann þar sem gert er ráð fyrir flutningi hans yfir til sveitarfélaganna, svo og stórfelldum breytingum á skólastarfinu. Þessar breytingar munu kosta sveitarfélögin milljarða króna umfram það sem ríkið ver nú til reksturs grunnskólans. Það á sem sagt að velta yfir á sveitarfélögin því sem ríkið hefur ekki treyst sér til að framkvæma í skólamálum. Minni hlutinn mótmælir harðlega framgöngu ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á Alþingi í skólamálum og mun greiða atkvæði gegn þessum hluta frumvarpsins.

Málefni fatlaðra.

Í þessum kafla laganna er gert ráð fyrir að verja megi allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til tiltekinna rekstrarverkefna sem tíunduð eru í frumvarpinu. Þetta hlutfall er nú 25%. Hér er verið að fara þá leið að taka sífellt meira fé úr sjóðnum til rekstrar í stað framkvæmda, líkt og gert hefur verið í Framkvæmdasjóði aldraðra. Nú er svo komið að aðeins 35% þess fjár sem aflað er í sjóðinn fer til framkvæmda. Þessi þróun veldur áhyggjum og þarf að skoða mun betur hvaða afleiðingar hún mun hafa fyrir aðbúnað fatlaðra í landinu. Að öðru leyti er vísað til umsagnar minni hluta félagsmálanefndar sem mælir ekki sem samþykkt þessa ákvæðis.

Atvinnuleysistryggingar.

Enn einu sinni eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar enda er reynslan af margra ára stöðugu atvinnuleysi að koma í ljós. Í þessum kafla laganna sem reyndar hefur tekið nokkrum breytingum meðan á vinnslu málsins stóð er verið að leita eftir heimild til að greiða atvinnulausu fólki launauppbót. Ákvörðun um þetta var tekin sl. sumar og því ekki seinna vænna að leita heimildar Alþingis nú rétt fyrir jól! Horfið var frá þeim breytingartillögum meiri hlutans að banna styrki til varanlegrar atvinnusköpunar eins og ætlunin var, en þess í stað er sett 62 millj. kr. þak á ýmis slík útgjöld þar á meðal kostnað vegna námskeiða. Þá er heimilt að veita styrki til sérstakra verk-

efna á vegum sveitarfélaga gegn því að dregið verði samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Er þetta í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaganna í landinu sem ekki verður gert að leggja fram 600 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð eins og ætlunin var.

Embætti héraðslæknis í Reykjavík og á Norðurlandi eystra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að embætti héraðslækna í Reykjavík og á Norðurlandi eystra verði í lögð niður sem sjálfstæð embætti en þess í stað heimilað að ráða einn af heilsugæslulæknum umdæmanna í 20% starf um fjögurra ára skeið. Þessi leið hefur verið farin úti á landsbyggðinni og fer tvennum sögum af því hvernig það hafi gefist. Fjölmenn læknishéruð eins og Reykjavík og Norðurland eystra hafa verulega sérstöðu vegna þeirra mála sem þar koma upp, einkum þó Reykjavík þar sem skipulag heilbrigðismála er með nokkuð öðrum hætti en tíðkast á landsbyggðinni. Minni hlutinn leggst gegn þessari breytingu, enda er hún gerð án samráðs við borgaryfirvöld og í andstöðu við þá sem sinna heilsugæslu á viðkomandi svæðum.

Það vill oft gleymast að í höfuðborginni er að finna hærra hlutfall aldraðra, fatlaðra og fátækra en í öðrum sveitarfélögum, m.a. vegna þeirrar þjónustu sem boðið er upp á og ekki er til staðar annars staðar. Þá hefur borgin ýmis einkenni stórborga eins og vandamál vegna fíkniefna, heimilislausra o.fl., auk þess sem félagsleg vandamál hafa því miður farið vaxandi í kjölfar atvinnuleysis og samdráttar. Þúsundir borgarbúa eru án heimilislækna eða heilsgæslustöðva og um 40% þeirra sem skráðir eru hjá heilsugæslustöðvunum búa utan þess svæðis sem stöðin á að þjóna. Allt kallar þetta á bætta heilbrigðisþjónustu, yfirsýn og aðila sem geta brugðist skjótt við ýmiss konar vanda sem upp kemur. Embætti héraðslæknis í Reykjavík hefur sinnt þessari hlið mála, t.d. þegar dauðsföll verða í heimahúsum, en samkvæmt upplýsingum starfandi héraðslæknis í Reykjavík fer þeim fjölgandi. Þá sinnir héraðslæknirinn nauðungarvistun, hann er kallaður til þegar þörf er á ýmiss konar úrskurðum, t.d. um það hvort opna megi líkkistur, brenna lík, fjarlægja líffæri o.fl. Undir hann heyra sóttvarnir í borginni, hann er fulltrúi í almannavarnanefnd borgarinnar, hann er í svæðisstjórn fatlaðra og hann skipuleggur bráðavaktir á sjúkrahúsum borgarinnar. Hvert eiga þessi störf að fara?

Það kom fram á fundi efnahags- og viðskiptanefndar að engin fagleg rök liggja að baki þeirri ákvörðun að leggja embætti héraðslæknanna niður, einungis sparnaðaráform (8 millj. kr.). Engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma þeim störfum til annarra aðila sem héraðslæknirinn í Reykjavík hefur sinnt. Í heilbrigðisráðuneytinu eru ýmsar hugmyndir á ferðinni, en ekkert hefur verið ákveðið annað en það að landlæknisembættið skuli sinna hluta starfanna. Það verður að draga í efa að það sé við hæfi að landlæknisembættið fari að sinna alls konar úrskurðarmálum í Reykjavík sem geta síðan hugsanlega komið til úrskurðar embættisins sem æðsta valds í heilbrigðismálum. Hugmyndir eru uppi um það að lögregluyfirvöld taki að sér það sem að þeim snýr og að læknavaktin í borginni sinni ýmiss konar bráðaþjónustu. Ekkert er frágengið og ekkert fjármagn til að sinna þjónustunni, nema 700 þús. kr. til landlæknisembættisins sem þar á bæ er reyndar talið allt of lítið. Þá hefur alls ekki verið sýnt fram á að sparnaður náist með því að dreifa störfunum á marga aðila. Það verður ekki annað séð en að verið sé að stefna þjónustu við borgarbúa í hættu og mótmælir minni hlutinn því harðlega að þannig sé staðið að verki.

Hvað varðar embætti héraðslæknis á Norðurlandi eystra er það að segja að allir sem til þekkja telja að vel hafi tekist til með uppbyggingu þess embættis eftir að það var gert að fullu starfi fyrir nokkrum árum. Með því hefur verið að myndast vísir að stjórnsýslu og faglegri yfirstjórn í heilbrigðismálum úti á landsbyggðinni, um leið og verkefnum héraðslæknis er þar með sinnt á stærsta þéttbýlisstað landsbyggðarinnar og viðkomandi kjördæmi. Það væri því meira í samræmi við yfirlýst markmið um að dreifa verkefnum og valdi að efla þessi stjórnsýsluembætti í heilbrigðismálum úti í kjördæmunum en að leggja þau niður. Í því sambandi hafa verið settar fram athyglisverðar hugmyndir um að stækka svæði héraðslæknis á Akureyri. Minni hlutinn er sömuleiðis andvígur því að leggja þetta embætti niður og leggur til að viðkomandi greinar verði felldar brott frumvarpinu.

Flugmálaáætlun.

Í þessum kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að gjald það sem innheimt er skv. 5. gr. laganna verði varið til rekstrar flugvalla og framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun. Þetta þýðir að um 70 millj. kr. verða nú teknar í rekstur sem áður hefðu farið til framkvæmda. Ljóst er að þetta mun enn seinka því að markmið flugmálaáætlunar um að koma ástandi flugsamgöngumannvirkja hér á landi í viðunandi horf og hér er enn eitt skrefið stigið í þá átt að taka markaða tekjustofna sem ætlað var að verja til framkvæmda til reksturs. Minni hlutinn leggst gegn þessu, enda væri nær að endurskoða viðkomandi lög og að fara rækilega í gegnum reksturinn í stað þess að skerða tekjustofna með þessum hætti, ekki síst í ljósi þess að teknanna er aflað með sérstakri viðbótarskattlagningu á farþega og flugrekstur og því var hátíðlega lofað á sínum tíma að allar tekjurnar mundu renna til uppbyggingar á viðkomandi sviði.

Þrátt-fyrir-ákvæðin.

Í II. kafla laganna er að finna 20 ákvæði af ýmsu tagi þar sem lögbundnir tekjustofnar eru skertir og það fjármagn sem átti að renna til viðkomandi mála er tekið til handargagns af ríkissjóði. Við 2. og 3. umr. fjárlaga urðu nokkrar breytingar á þessum liðum vegna harðra mótmæla og gagnrýni á fjárlaganefndarmenn. Þannig fær Kvikmyndasjóður nokkru meira fé en áætlað hafði verið og eins var atlögunni að Listskreytingasjóði hrundið í bili. Eftir eru þó allmörg mjög umdeilanleg mál sem varða t.d. Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, húsafriðunarsjóð, ferðamálasjóð, skerðingu á vegafé o.fl. Enginn tími gafst til þess að fara ofan í þessi skerðingarákvæði, en ljóst má vera að víða er verið að skapa vandamál sem leysa þarf síðar. Má þar sem dæmi nefna húsafriðun í landinu sem er afar brýn, en til þeirra atvinnuskapandi verkefna er varið allt of litlu fjármagni. Þá eru það sérkennilegir stjórnarhætti að taka hluta af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar til annarra verkefna en vísa stofnuninni síðan út á lánamarkaðinn með öllum þeim kostnaði sem því fylgir.

Breytingar á lögum um almannatryggingar.

Efnahags- og viðskiptanefnd sendi kafla frumvarpsins til viðkomandi fagnefnda. Þegar bréf barst frá heilbrigðis- og trygginganefnd kom í ljós að þar var að finna nokkrar tillögur sem snerta breytingar á lögum um almannatryggingar. Ekki reyndist samstaða milli stjórnarflokkanna um málið og varð niðurstaðan sú að hluti tillagnanna var dreginn til baka.

Með þeim tillögum sem fyrir liggja er lagt til að húsaleigubætur teljist ekki til tekna. Þannig er verið að koma í veg fyrir að húsaleigubætur skerði aðrar bætur hjá örorku- og ellilífeyrisþegum. Þó skerðast þær bætur sem fólk fær nú vegna húsnæðis. Þá er lögð til leiðrétting á tekjuviðmiðunum í samræmi við verðlagsþróun. Minni hlutinn telur hér vera um réttlætismál að ræða og styður þessar breytingar.

Meðferð og mat á sláturafurðum.

Þessi kafli frumvarpsins er dæmi um alls óskylt mál sem tekið er upp milli umræðna án þess að málið hafi nokkuð verið rætt í þingsölum. Hér er um það að ræða að innheimta á gjald vegna eftirlits dýralækna með sláturafurðum. Minni hlutinn telur rétt að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar beri ábyrgð á þessari gjaldtöku, enda hefur enginn tími gefist til að kanna málið og hvað í því felst.

Alþingi, 28. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form. | Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. | Steingrímur J. Sigfússon.

Finnur Ingólfsson.

Nefndarálitinu fylgdu sex fylgiskjöl. Á fskj. I var birt greinargerð um starfsemi héraðslæknisembættisins í Reykjavík eftir Helga Guðbergsson yfirlækni, á fskj. II greinargerð yfirlækna heilsugæslustöðvanna um héraðslæknisembættið í Reykjavík, á fskj. III ályktun stjórnar heilsugæsluumdæmis Vesturbæjar, á fskj. IV bókun stjórnar heilsugæsluumdæmis Miðbæjar, á fskj. V bókun stjórnar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og á fskj. VI ályktun borgarráðs. Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

513. Svar [244. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um undanþágur fyrir réttindalausa skipstjórnarmenn.

1. *Hversu margar undanþágur hafa verið veittar réttindalausum skipstjórnarmönnum sl. þrjú ár:*
   a. *skipstjórum,*
   b. *stýrimönnum,*
   c. *vélstjórum?*

Fyrst er til að svara að undanþágunefnd veitir engar undanþágur til réttindalausra skipstjórnarmanna. Undanþáguveitingar til skipstjórnarmanna miðast við að umsækjandi hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem krafist er fyrir þá stöðu sem sótt er um. Einu undanþágur, sem eru veittar til manna með engin starfsréttindi, eru til vélavarða og byggjast að hluta til á því að ekki er krafist siglingatíma til starfsréttinda vélavarða.

Eftirfarandi skilyrði gilda um veitingu undanþágu til réttindalausra vélavarða:

a. Að umsækjandi sé fæddur 1955 eða fyrr og hafi starfað á undanþágu í 16 mánuði eða meira sem vélstjóri eða vélavörður. Undanþága er veitt í allt að sex mánuði.
b. Að umsækjandi gefi yfirlýsingu um að hann fari í nám innan tiltekins tíma og miðast undanþágan við það tímabil.
c. Að umsækjandi sé fæddur 1960 eða fyrr og hafi starfað á undanþágu í a.m.k. átta mánuði. Í þessu tilviki er hægt að veita undanþágu í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn.

Á árunum 1991–93 voru eftirtaldar undanþágur veittar:

	1991	1992	1993
Skipstjórar	23	22	29
Stýrimenn	122	102	104
Vélstjórar	158	124	153
Vélaverðir	112	96	120
Alls	**415**	**344**	**406**

2. *Er unnt að veita smábátaeigendum, sem margir hafa aðeins stutta skólagöngu að baki en hafa stundað sjómennsku um langt árabil, undanþágu frá því að taka próf til að öðlast vélstjórnar- eða skipstjóraréttindi, e.t.v. miðað við ákveðinn aldur?*

Samkvæmt gildandi atvinnuréttindalögum frá árinu 1984 þarf skipstjóri á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna að hafa svokölluð 30 tonna réttindi sem menn fá á námskeiðum sem lýkur með prófum. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með prófunum samkvæmt lögum.

Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna þarf að hafa vélavörð á skipum með 75–220 kw. vél. Sá sem hefur lokið vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.

Nú hefur komið í ljós að mikið vantar á að lögunum sé framfylgt. Vélavörður er almennt ekki um borð í skipum þessarar stærðar en auk þess eru allmargir skipstjórar réttindalausir, þ.e. hafa ekki 30 tonna réttindin. Við þessum vanda verður að bregðast með einhverjum hætti.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á þessum ákvæðum atvinnuréttindalaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að fram til 1. september 1996 geti sá sem er fæddur árið 1945 eða fyrr og stundað hefur skipstjórn lengur en átta ár fengið réttindi sem skipstjóri á skipi 30 rúmlestir og minna þegar hann hefur setið námskeið í sjómanna- og skipstjórnarfræðum. Í stað þess að gangast undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið námskeið og sé hæfur til skipstjórnarstarfa að mati námskeiðshaldara.

Jafnframt er lögð til sú breyting á lögunum um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna að vélgæslumaður megi vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 20 rúmlestum þegar útivera er skemmri en 24 klst. á veturna og 36 klst. á sumrin. Menntamálaráðuneytið hefur breytt námskrá 30 tonna námskeiða og bætt inn kennslu í vélfræði.

Verði frumvarpið að lögum á ekkert að vera því til fyrirstöðu að réttindalausir menn sem fullnægja skilyrðum um aldur og starfsreynslu fái réttindi án þess að taka próf.

514. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Heimild bifreiðastjóra til að stunda akstur samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok 70 ára aldurs þeirra.

2. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi **ákvæði til bráðabirgða:**

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur samkvæmt lögum þessum halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra til að stunda akstur bifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bifreiðastjórum langferðabifreiða sem annast akstur samkvæmt lögum þessum, annaðhvort sem leyfishafar eða launþegar, sé ekki heimilt að annast þennan akstur í atvinnuskyni lengur en til loka 70 ára aldurs. Er það gert til að samræma starfsskilyrði þeirra sem stunda akstur í atvinnuskyni. Með lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, var lögbundið 70 ára aldurstakmark leigubifreiðastjóra fólksbifreiða. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um leigubifreiðar og frumvarp til laga um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994, en þau mæla fyrir um sams konar reglu hjá bifreiðastjórum leigubifreiða og flutningabifreiða. Með samþykkt þessara frumvarpa verður komið á fullu jafnræði milli allra þeirra sem stunda akstur að atvinnu.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að starfandi bifreiðastjórum verði veittur ákveðinn aðlögunartími. Er það í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um leigubifreiðar og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Tilgangur þessa frumvarps er að banna bifreiðastjórum langferðabifreiða að stunda þennan akstur í atvinnuskyni eftir lok 70 ára aldurs.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

515. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með flutningabifreið eða vagnlest umfram þá hámarkshleðslu sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Heimild bifreiðastjóra til að stunda akstur flutningabifreiða samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok 70 ára aldurs þeirra.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Til að stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum þarf sérstakt leyfi. Samgönguráðuneytið veitir slík leyfi til einstaklinga og fyrirtækja eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Til að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi að uppfylla skilyrði 2. gr. laganna.

Þeir sem stunda akstur flutningabifreiða við gildistöku laga þessara eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur flutningabifreiða halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda akstur flutningabifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra.

Þeir sem stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér flutningaleyfis á árinu 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Það er flutt samhliða frumvarpi til laga um leigubifreiðar og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987. Tilgangur þess er m.a. sá að leggja til að sett verði sama regla um hámarksaldur bifreiðastjóra flutningabifreiða eins og hjá öðrum atvinnubifreiðastjórum, þ.e. að heimild til aksturs falli niður þegar viðkomandi bifreiðastjóri verður 71 árs. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, er lagt til að þessi regla gildi einnig um bifreiðastjóra hópbifreiða.

Með lögum nr. 47/1994 voru settar reglur sem nauðsynlegar voru í framhaldi af aðild Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Í þeim lögum er kveðið á um vöruflutninga á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins og svokallaða gestaflutninga. Þau lög kváðu hins vegar ekki á um að sérstakt leyfi þurfi til flutninga innlendra aðila hér á landi með flutningabifreiðum. Hér er gert ráð fyrir að til að stunda slíka flutninga þurfi þeir flutningaaðilar jafnframt að uppfylla skilyrði laganna og hafa leyfi samgönguráðuneytis.

Leitað hefur verið álits fjölmargra aðila sem stunda vöruflutninga á landi eða eru tengdir atvinnugreininni með einum eða öðrum hætti. Það er samdóma álit þessara aðila að það sé löngu tímabært að taka upp flutningaleyfi hér á landi og gera ákveðnar lágmarkskröfur til vöruflytjenda um reynslu, þekkingu og fjárhagsstöðu. Meðal annars hefur verið bent á að á síðustu árum hafa fjölmargir aðilar sem lítið eða ekkert hafa komið nálægt vöruflutningum hafið starfsemi af miklum vanefnum og þekkingarskorti. Flutningabifreiðar og tæki hafi verið keypt með kaupleigusamningum og kunnáttu á rekstri, bókhaldi og kvöðum um greiðslu skatta og lögmætan aðbúnað verið mjög ábótavant. Mörg dæmi séu um að aðilar í vöruflutningum hafi orðið gjaldþrota með miklar skuldir á bakinu, t.d. þungaskatt, virðisaukaskatt og viðskiptaskuldir. Slík skipan mála sé ekki til þess fallin að stuðla að heilbrigðri uppbyggingu í atvinnugreininni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. er til að samræma hana skilgreiningum reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Auk þess er lagt til að sett verði sama regla um hámarksaldur bifreiðastjóra flutningabifreiða eins og hjá öðrum atvinnubifreiðastjórum, þ.e. að heimild til aksturs falli niður þegar viðkomandi bifreiðastjóri verður 71 árs. Í frumvarpi til laga um leigubifreiðar er lagt til að þessi regla verði sett um alla leigubifreiðastjóra. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, er lagt til að þessi regla gildi einnig um bifreiðastjóra hópbifreiða. Með samþykkt þessara frumvarpa verður komið á fullu jafnræði milli allra þeirra sem stunda akstur að atvinnu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að leyfi þurfi til innanlandsflutninga hér á landi sem og til flutninga á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins og gestaflutninga, eins og nú er áskilið með lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994. Verði frumvarp þetta að lögum verða þeir sem ætla að stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum að afla sér leyfis og uppfylla skilyrði laganna um óflekkað mannorð, fjárhagsstöðu og starfshæfni sem nánar verður skilgreind í reglugerð.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með hliðsjón af því að lagt er til að sett verði regla um hámarksaldur bifreiðastjóra flutningabifreiða er settur ákveðinn gildistökufrestur eða aðlögunartími fyrir þá bifreiðastjóra sem stunda akstur flutningabifreiða við gildistöku laganna verði frumvarp þetta að lögum. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um leigubifreiðar og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987.

Þeim aðilum sem stunda akstur flutningabifreiða við gildistöku laga þessara, verði frumvarp þetta að lögum, er veittur ákveðinn frestur til að sækja um tilskilin leyfi, þ.e. til 1. janúar 1996.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994.

Tilgangur þessa frumvarps er að banna bifreiðastjórum flutningabifreiða að stunda þennan akstur í atvinnuskyni eftir lok 70 ára aldurs.

Jafnframt er lagt til að sérstakt leyfi þurfi til að stunda þennan akstur.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

516. Lánsfjárlög [3. mál]

fyrir árið 1995.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Samhljóða þskj. 508 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 21.900 m.kr. á árinu 1995.

3. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 8.310 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 3.800 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegs, allt að 2.380 m.kr.
3. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 1.980 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 150 m.kr.

14. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. allt að 50 m.kr. gegn skilyrðum sem fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra setja.

15. gr. hljóðar svo:

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1995. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1996 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

16. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

517. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

(Eftir 2. umr., 28. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar skal gera á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Þó skal Fasteignamat ríkisins að jafnaði annast fyrstu virðingu.
b. Á eftir lokamálslið 2. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Sjái Fasteignamat ríkisins ástæðu til getur það framkvæmt endurmat, húseiganda og vátryggingafélagi að kostnaðarlausu.
c. 3. mgr. verður svohljóðandi:
   Breyta skal vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.
d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi:
   Með reglugerð er heimilt að ákveða að húseigendur greiði árlegt umsýslugjald af brunabótamati húseignar til Fasteignamats ríkisins. Viðkomandi vátryggingafélag innheimtir þetta gjald og skilar til Fasteignamatsins. Umsýslugjald þetta skal aldrei vera hærra en 0,03‰ (prómill) af brunabótamati húseignar.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er eigi heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Hafi ákvörðun verið tekin um að veita und-

anþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignar þá er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar. Rísi ágreiningur um bótafjárhæð skal málinu skotið til gerðardóms sem ráðherra setur nánari ákvæði um í reglugerð, sbr. 5. gr. laga þessara.

3. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Öll iðgjöld og matskostnaður af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði samkvæmt ákvæðum laga um nauðungarsölu.

4. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

Hafi brunatrygging húss, sem tekin hefur verið, fallið niður af ástæðum sem húseiganda verður ekki um kennt ber Sambandi íslenskra tryggingafélaga að bæta honum tjón á húseign hans af völdum eldsvoða.

Samband íslenskra tryggingafélaga skal endurkrefja vátryggingafélög, sem hafa með höndum brunatryggingar húsa, um kostnað vegna slíkra bótagreiðslna nema í ljós verði leitt hver ber ábyrgð á að vátrygging féll niður og skal sambandið þá endurkrefja þann aðila. Kostnaði skal skipt á félögin í hlutfalli við bókfærð iðgjöld þeirra í lögboðnum brunatryggingum húsa hér á landi. Skal í því efni miðað við nýjustu upplýsingar um markaðshlutdeild félaganna við uppgjörsdag tjóns.

Skilyrði starfsleyfis lögboðinna brunatrygginga húseigna er að félag skuldbindi sig til að taka þátt í þessari tilhögun um greiðslu bóta vegna óvátryggðra húseigna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

518. Breytingartillögur [278. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Finni Ingólfssyni.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
   6.3. Ráðherra er heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.
2. 8. gr. falli brott.
3. 9. gr. falli brott.

519. Þingsályktun [304. mál]

um fullgildingu samnings um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna sem áritaður var í Genf 13. desember 1994 (samningar milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um fastanefnd EFTA-ríkjanna og um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna).

520. Lög [303. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Samhljóða þskj. 396.

521. Frumvarp til laga [105. mál]

um afnám laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum, o.fl.

(Eftir 2. umr., 28. des.)

1. gr.

Lög nr. 35 29. maí 1992, um forfallaþjónustu í sveitum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 41 15. maí 1990, um Búnaðarmálasjóð:

a. Hlutfallstala skv. A-lið 2. gr. verður: 0,55%, í stað „0,75%“.
b. Hlutfallstala skv. B-lið 2. gr. verður: 1,1%, í stað „1,5%“.
c. Úr 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin: „Til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, sbr. lög nr. 32/1979 . . . . . 0,200% 0,400%“.
d. 3. mgr. 4. gr. fellur brott.

3. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ljúka innheimtu þeirra gjalda til forfallaþjónustu í sveitum sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1995.

II.

Stjórn forfallaþjónustu í sveitum skal þrátt fyrir ákvæði 1. gr. starfa áfram til 1. apríl 1995 og sjá um að ljúka uppgjöri á málefnum forfallaþjónustunnar og að útdeila tekjuafgangi til framleiðenda.

Réttur einstakra framleiðenda til endurgreiðslu er háður því að viðkomandi framleiðandi hafi greitt til þjónustunnar eftir 31. ágúst 1994. Endurgreiðsla skal fara fram í sömu hlutföllum og hver og einn framleiðandi greiddi í Búnaðarmálasjóð vegna þjónustunnar á því tímabili.

522. Nefndarálit [229. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Róbert T. Árnason, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, Kristin F. Árnason, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu, Stefán H. Jóhannesson sendiráðinaut, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, sem jafnframt er formaður samstarfsnefndar fimm ráðuneyta sem vinnur að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Nefndinni var afhent af ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins yfirlit sem birt eru sem fylgiskjöl I og II þar sem tilgreindar eru helstu lagabreytingar sem nauðsynlegar eru vegna aðildar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Þá var nefndinni kynnt yfirlýsing frá fyrrgreindri samstarfsnefnd ráðuneyta vegna fullgildingar samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sjá fskj. III. Þá barst nefndinni bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, sjá fskj. IV. Einnig var lagt fyrir nefndina til upplýsingar bréf frá Peter D. Sutherland, framkvæmdastjóra GATT, til forsætisráðherra Íslands dags. 22. desember 1994 sem og svarbréf Davíðs Oddssonar dags. 23. desember 1994. Í bréfi framkvæmdastjóra GATT segir m.a.:

„Mér skilst að nú sé unnið að því á Alþingi að veita heimild til fullgildingar og þar kunni hið sama að gilda og á þingum annars staðar að umræður taki mið af pólitískum viðhorfum til innlendra laga sem nauðsynleg eru til að framkvæma samninginn, jafnvel þótt slík lagasetning sé ekki tæknilega nauðsynleg, áður en til fullgildingar kemur.“

Nefndin telur að þetta bréf framkvæmdastjórans staðfesti ótvírætt að Alþingi hefur svigrúm og tíma til að vinna að slíkri lagasetningu þrátt fyrir að heimildin til fullgildingar sé veitt.

Nefndin minnir á mikilvægan fyrirvara í GATT-tilboði Íslands um varnir gegn dýrasjúkdómum og nauðsyn þess að þeirra sé gætt við framkvæmd samningsins.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndin telur mikilvægt að Ísland sé eitt af stofnríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Alþingi, 28. des. 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Páll Pétursson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Jón Helgason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.		Geir H. Haarde.

Fylgiskjal I.

Helstu atriði lagasetningar um landbúnaðarafurðir vegna GATT-samninga.
(28. desember 1994.)

Í tollalög koma eftirfarandi viðaukar:

Viðauki I: Tolltaxtar.
Viðauki IIA: Tollbindingar á búvörum samkvæmt GATT-tilboði.
Viðauki III: Listi yfir vörur samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi.
Listi yfir vörur samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi.

Tollskrá landbúnaðarafurða verður mun sundurliðaðri en nú.

Í lög koma ákvæði sem:

a. gefa innflutning frjálsan frá aðildarríkjum GATT eða samkvæmt öðrum milliríkjasamningum,
b. gefa heimild til að tryggja sveigjanleika í gjaldakerfi,
c. veita heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á vörur samkvæmt fríverslunarsamningum og þeim reglum sem þeir samningar kveða á um,
d. ákveða framkvæmd sem lýtur að ákvæðum um lágmarksaðgang og ríkjandi aðgang.

Meðfylgjandi er listi yfir lög (sjá fskj. III), sem ákveðið er að breyta vegna GATT-samninga. Auk þess er verið að athuga frekari lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast.

Fylgiskjal II.

MINNISBLAÐ
um nauðsynlegar lagabreytingar vegna aðildar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.
(28. desember 1994.)

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum fjármálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, sem sæti eiga í nefnd er fjallar um nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum í kjölfar væntanlegrar gildistöku Gatt-Úrúgvæ-samkomulagsins hér á landi, sbr. þingsályktunartillögu þessa efnis, hefur verið ákveðið að leggja til að frumvörp til breytinga á eftirtöldum lögum verði lögð fyrir Alþingi:

Tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Lögum um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, nr. 78/1993, 2. gr.

Lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, 2. mgr. 75. gr. Frestur til breytinga er veittur í eitt ár frá gildistöku samningsins. Lagt til að beðið verði með breytingar á ákvæðum þessara laga.

Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Lögum um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl., nr. 32/1933. Verða felld niður.

Lögum um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk, nr. 88/1949. Verða felld niður.

Lögum um verslunaratvinnu, nr. 41/1968, með síðari breytingum, 1. málsl. 3. mgr. 10. gr.

Lögum um hlutafélög, nr. 32/1978. Frumvarp hefur þegar verið lagt fram á Alþingi.

Lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Frumvarp er þegar orðið að lögum, nr. 121/1993.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Frumvarp hefur þegar verið lagt fram á Alþingi.

Fylgiskjal III.

Yfirlýsing frá samstarfsnefnd fimm ráðuneyta um markmið lagabreytinga vegna fullgildingar samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.
(21. desember 1994.)

Markmiðið með þeirri breytingu á tollalögum, sem gerð verður vegna WTO-samningsins, er að tollar og fyrirkomulag þeirra verði ákveðið þannig að stýra megi innflutningi með tilliti til innlendrar landbúnaðarstefnu og veita megi innlendri framleiðslu þá vernd sem henni er óumdeilanlega nauðsynleg til þess að geta lagað sig að breyttum að-

stæðum. Með því yrði jafnframt tryggt að ekki yrði raskað þeim forsendum sem búvörusamningurinn byggist á.

Í því tollakerfi, sem komið verður á, verður gert ráð fyrir að stjórnvöld geti með breytingum á tollum dregið úr eða takmarkað innflutning á búvörum ef hann samræmist ekki eða stefnir í tvísýnu árangri þeirrar landbúnaðarstefnu sem fylgt er hér á landi, þar á meðal framkvæmd búvörusamningsins. Á sama hátt verði gert ráð fyrir að með lækkun tolla verði unnt að tryggja innflutning á búvörum að því marki sem innlend framleiðsla nær ekki að uppfylla eftirspurn með eðlilegum hætti.

Í því stjórnkerfi, sem að framan greinir, verði landbúnaðarráðuneytinu tryggt forræði og efnislegar ákvarðanir um mál sem snerta landbúnað og stefnu í landbúnaðarmálum.

Fylgiskjal IV.

Bréf landbúnaðarnefndar.

(28. desember 1994.)

Landbúnaðarnefnd Alþingis fjallaði á fundi sínum í dag um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (229. mál) og breytingartillögu utanríkismálanefndar við þá tillögu. Nefndin leggur áherslu á að afgreiðslu tillögunnar verði hraðað svo að Ísland geti orðið í hópi þeirra þjóða sem fullgilt hafa samninginn þegar stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fer fram.

Gatt-samningurinn kemur til með að hafa víðtæk áhrif á íslenskan landbúnað í framtíðinni. Hyggja ber sérstaklega að því að landbúnaðurinn fái ráðrúm til að aðlagast þeim breytingum, annað mundi leiða til ófarnaðar. Jafnframt er vakin athygli á að í Gatt-samningnum felast sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað sem mikilvægt er fyrir Íslendinga að leggja rækt við. Nefndin telur að með þeim áherslum sem fram koma í breytingartillögu utanríkismálanefndar, sérstaklega þar sem kveðið er á um forræði landbúnaðarráðherra, sé gengið til fulls á móts við framangreind sjónarmið. Landbúnaðarnefnd gerir því ekki tillögur til breytinga.

Egill Jónsson, formaður.
Gísli S. Einarsson.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Ragnar Arnalds.
Eggert Haukdal.
Guðni Ágústsson.

523. Breytingartillaga [229. mál]

við till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (BBj, PP, ÓRG, GÁS, JHelg, LMR, ÁRÁ, GHH).

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem undirritaður var í Marakess í Marokkó 15. apríl 1994.

Alþingi ítrekar að þrátt fyrir fullgildingu samningsins gildi óbreytt skipulag á innflutningi landbúnaðarvara þar til lögum hefur verið breytt með hliðsjón af samningnum. Þær lagabreytingar, þar með taldar tollabreytingar, skulu gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd. Landbúnaðarráðherra verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar.

524. Frumvarp til laga [209. mál]

um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr., 28. des.)

1. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögra mánaða til 15 vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis í flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Öll hross sem flutt eru úr landi skulu heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni. Skoðun skal ávallt miða við þær kröfur sem gerðar eru í innflutningslandi. Einungis er heimilt að flytja úr landi heilbrigð og rétt sköpuð hross og skulu þau merkt með þeim hætti að ekki verði um villst. Dýralæknir á útflutningshöfn skal ganga úr skugga um að útflytjendur skili skrá yfir útflutningshross og að merkingar séu í samræmi við þá skrá og upprunavottorð. Skrá þessi fylgir hrossunum í flutningsfari. Heimilt er yfirdýralækni að ráða sérstakan dýralækni til að hafa eftirlit með útflutningi hrossa.

Gjald fyrir skoðun á útflutningshrossum greiðist úr útflutningssjóði.

3. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða, svo sem rými, loftræsting, brynningartæki og aðstaða til fóðrunar, skal vera með þeim hætti að sem best verði að hrossunum búið. Yfirdýralæknir eða fulltrúi hans skal líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt.

Á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með viðurkenndum flutningaskipum eða með flugvélum.

4. gr.

Hrossum, sem flutt eru úr landi, skal fylgja vottorð frá Búnaðarfélagi Íslands er staðfesti uppruna hrossins og ætterni.

Innlendir hrossaræktendur og samtök þeirra eiga forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum sem áformað er að flytja úr landi. Búnaðarfélag Íslands getur óskað eftir því við landbúnaðarráðuneytið að það fresti útflutningi á þeim í allt að tvær vikur á meðan forkaupsréttur er boðinn. Við boð á forkaupsrétti skal miða við uppgefið útflutningsverð.

Hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 5. og 6. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur.

5. gr.

Útflutningsgjald skal leggja á hvert útflutt hross og skal það innheimt við útgáfu upprunavottorðs. Það skal vera 8.000 kr. að hámarki og breytast árlega, 1. febrúar, samkvæmt vísitölu búfjárræktar sem útgefin er af Hagstofu Íslands. Útflutningsgjaldið greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum, útgáfu upprunavottorða; 5% af gjaldinu skal greiða í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins sem starfar skv. 15. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, og 15% af gjaldinu skal greiða í Búnaðarmálasjóð. Eftirstöðvum hvers árs skal varið til útflutnings- og markaðsmála, að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Stjórnartíðindum og þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

6. gr.

Skipa skal fimm manna nefnd, útflutnings- og markaðsnefnd er hafi það hlutverk að vera ráðgefandi um málefni er snerta útflutning á hrossum og gera tillögur um ráðstöfun á eftirstöðvum útflutningsgjalds, sbr. 5. gr. Búnaðarfélag Íslands, Félag hrossabænda, yfirdýralæknir og hrossaútflytjendur skulu tilnefna aðila í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið kröfur um heilbrigði er taki mið af kyni og aldri hrossa sem flytja á úr landi, skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og meðferð þeirra upplýsinga sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upprunavottorð byggist á.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. apríl 1995. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1958, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 67/1969, lög nr. 39/1986, 53. gr. laga nr. 10/1983, lög nr. 40/1993 og lög nr. 41/1994, um breytingar á þeim lögum.

525. Nefndarálit [229. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, sem leysir GATT-samninginn af hólmi, er margþættur. Í honum er að finna mörg atriði til hagsbóta fyrir þær þjóðir sem munu eiga aðild að honum, t.d. ný ákvæði um hugverk, en á hinn bóginn vantar í hann þær áherslur í umhverfismálum sem Kvennalistinn telur nauðsynlegar við gerð svo mikilvægs alþjóðlegs viðskiptasamnings. Stofnanaþáttur samningsins hefur enn fremur vakið spurningar um hvort verið sé að færa yfirþjóðlegri stofnun meira vald en æskilegt er.

Minni hlutinn er sammála þeirri niðurstöðu, sem samstarfsnefnd fimm ráðuneyta hefur komist að, að forræði þess hluta samningsins, sem varðar landbúnaðarmál, verði í höndum landbúnaðarráðherra. Þrátt fyrir að stuttur tími hafi gefist til umfjöllunar um samninginn á yfirstandandi þingi vill fulltrúi Kvennalistans í utanríkismálanefnd greiða fyrir því að samningurinn verði fullgildur fyrir áramót, ekki síst í ljósi þess að um það hefur náðst víðtæk samstaða allra flokka. Kostir og gallar samningsins vega nokkuð jafnt að mati fulltrúa Kvennalistans og mun minni hlutinn því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. des. 1994.

Anna Ólafsdóttir Björnsson,
frsm.

526. Lög [307. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1994, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Samhljóða þskj. 421.

527. Lög [282. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Samhljóða þskj. 349.

528. Lög [105. mál]

um afnám laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Samhljóða þskj. 521.

529. Lög [281. mál]

um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Samhljóða þskj. 348.

530. Lög [209. mál]

um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Alþingi 28. des.)

Samhljóða þskj. 524.

531. Frumvarp til laga [334. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit dýralækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Eftirlitsgjaldið miðast við raunkostnað, en má þó ekki vera hærra en 2,50 kr. á hvert kíló kjöts miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1995. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa komið fram athugasemdir frá eftirlitsaðilum heilbrigðisyfirvalda í Evrópusambandinu og Bandaríkjum Norður-Ameríku um að nauðsynlegt sé að breyta því fyrirkomulagi sem hér gildir um greiðslu fyrir heilbrigðisskoðun kjötskoðunardýralækna og aðstoðarmanna þeirra, þ.e. heilbrigðisskoðun á lifandi dýrum, á sláturafurðum og nauðsynlegum mælingum á aðskotaefnum. Í dag greiða sláturleyfishafar eftirlitsaðila beint fyrir kostnaðinn við eftirlitið en krafan er að kostnaður við eftirlitið verði greiddur af opinberum aðila sem síðan innheimti þann kostnað hjá sláturleyfishöfum eins og lagt er til hér. Vert er að taka sérstaklega fram að þessi meðferð á gjaldtökunni hefur engin áhrif til aukins kostnaðar í þessari framleiðslu hvort heldur varðar framleiðendur eða neytendur.

Fyrir liggur að ekki muni fást viðurkenning á sláturhúsum til útflutnings sláturafurða til Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku nema breyting verði gerð á núverandi fyrirkomulagi.

532. Frumvarp til laga [335. mál]

um samræmda neyðarsímsvörun.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal eigi síðar en 31. desember 1995 koma upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir Ísland til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og um sjúkraflutninga og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsímsvörun þessi skal jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Samræmt neyðarsímanúmer fyrir Ísland skal vera 112 og er óheimilt að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi fyrir aðra starfsemi.

Póst- og símamálastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem leyfi hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að allir notendur síma geti jafnan náð sambandi við símanúmerið 112.

Óheimilt er að nota orðin neyðarnúmer og neyðarsímanúmer ein sér eða í samsetningum fyrir aðra starfsemi hér á landi en samræmt neyðarnúmer samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Til að sinna viðtöku og úrvinnslu tilkynninga sem berast um samræmt neyðarsímanúmer skal koma upp vaktstöð eða vaktstöðvum. Dómsmálaráðherra er heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri eða stofnun hlutafélags um hann. Verði stofnað hlutafélag samkvæmt þessari heimild fer dómsmálaráðherra með hlut ríkisins í félaginu.

Rekstraraðila vaktstöðvar er heimilt að semja við þá aðila, sem sinna neyðarþjónustu, um að vaktstöðin sinni boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þágu neyðarþjónustuaðila. Sama gildir um vöktun aðvörunarkerfa. Samningar um slíka þjónustu eru háðir samþykki dómsmálaráðherra.

4. gr.

Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar eða vaktstöðva að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir selda þjónustu skv. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. þessarar greinar, greiðist að hálfu af ríkissjóði og sveitarfélögunum. Hlutur sveitarfélaganna skal greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Óski aðili sem sinnir neyðarþjónustu eftir að vaktstöð sinni boðun eða annarri þjónustu í hans þágu skal greitt fyrir þá þjónustu samkvæmt sérstökum samningi.

5. gr.

Þeim aðilum, opinberum og einkaaðilum, sem sinna neyðarþjónustu á Íslandi skal skylt að gefa vaktstöð neyðarsímsvörunar hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og nánar um fyrirkomulag á upplýsingagjöfinni.

6. gr.

Vaktstöð samkvæmt lögum þessum er heimilt að skrá og hljóðrita tilkynningar sem þangað berast. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um geymslu og notkun skránna.

7. gr.

Starfsmenn vaktstöðvar skulu gæta þagmælsku um atriði, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

8. gr.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Dómsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er lög þessi taka til, landssamtökum björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglur um starfssvið nefndarinnar.

9. gr.

Þeim sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar er skylt að gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni.

10. gr.

Verði maður uppvís að því að senda vísvitandi ranga tilkynningu til vaktstöðvar samkvæmt lögum þessum eða misnota að öðru leyti þjónustu vaktstöðvar við boðun hjálparliðs skal það varða refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu var dreift til kynningar á 117. löggjafarþingi og það er nú lagt fram óbreytt frá þeirri útgáfu. Á undanförnum árum hefur oftlega verið bent á að fyrirkomulag neyðarsímsvörunar í landinu sé ófullnægjandi. Til dæmis eru a.m.k. um 150 neyðarsímanúmer í símaskrá og mjög mismunandi hvernig svörun er háttað. Á mörgum svæðum landsins er ekki um að ræða sólarhringsvöktun hjá neinum viðbragðsaðila. Fjölmargir aðilar hafa leitað lausna á þessu máli á liðnum árum en niðurstaða hefur ekki orðið um ásættanlega lausn á landsvísu.

Með samræmdri neyðarsímsvörun þarf að uppfylla skyldur stjórnvalda til að annast og halda opinni þjónustu til að veita viðtöku tilkynningum um bruna, slys, óhöpp, yfirvofandi eignatjón og önnur neyðartilvik. Er ljóst að rík skylda hvílir á stjórnvöldum um að unnt sé að koma tilkynningu um neyðartilvik til hlutaðeigandi stjórnvalds þegar löggjafinn hefur kveðið á um að hið opinbera skuli halda uppi tiltekinni neyðarþjónustu.

Einnig ber að nefna að í bókun 31 með EES-samningnum er ákvæði um það að EFTA-ríkin skuli tryggja að símanúmerið 112 sé tekið upp sem eina evrópska neyðarnúmerið í samræmi við ákvæði ákvörðunar EB-ráðsins 91/396/EBE. Tryggja skal að hringingum í neyðarnúmerið sé svarað og með þær farið á viðunandi hátt sem best henti skipulagi innlendra neyðarkerfa og í samræmi við tæknilega getu þeirra.

Athugasemdir með lagafrumvarpi þessu eru samhljóða athugasemdum með frumvarpi sama efnis á þskj. 1208, 622. mál 117. löggjafarþings, bls. 5081–5089 í A-deild Alþt. 1993–94.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samræmt neyðarnúmer.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að koma upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir allt landið til að sinna viðtöku neyðartilkynninga í einu símanúmeri, 112, sem gildir fyrir allt landið. Lengi hefur staðið til að koma á slíku neyðarsímanúmeri og með EES-samningnum skuldbindur íslenska ríkið sig til að taka upp sameiginlegt evrópskt neyðarnúmer fyrir árslok 1995. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar eða vaktstöðva, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir selda þjónustu, verði greiddur að hálfu af ríkissjóði og að hálfu af sveitarfélögum.

Stofn- og upphafskostnaður neyðarvaktstöðvar er talinn vera sem hér segir (í m.kr.):

Stjórnbúnaður síma- og fjarskiptakerfis	20
Tölvukerfi (vélbúnaður)	10
Hugbúnaður	10
Þjálfun starfsmanna	3
Annað (svo sem varaafl og innréttingar)	5
Samtals	**48**

Rekstrarkostnaður í eftirfarandi áætlun er miðaður við að komið verði á fót sjálfstæðri neyðarvaktstöð með eigin framkvæmdastjórn, skrifstofu og starfsliði. Gert er ráð fyrir 14 starfsmönnum, þremur til fjórum á vakt hverju sinni. Stærð húsnæðis er áætluð um 100 fermetrar. Miðað við að stofnfjárfesting verði afskrifuð á fimm árum og fjármagnskostnaður verði 8% getur árlegur rekstrarkostnaður orðið sem hér segir (í m.kr.):

Laun og launatengd gjöld (varðstöð)	25,0
Stjórnunarkostnaður (laun framkv.stjóra og stjórnar)	4,5
Þjálfun o.fl., starfsmannatengd útgjöld	5,0
Rekstur skrifstofu (laun og áhöld)	1,2
Húsaleiga	0,6
Símakostnaður og tækjaleiga	1,5
Viðhald á tækjabúnaði	0,5
Annað ófyrirséð	0,8
Rekstrarkostnaður fyrir afskriftir	**31,1**
Afskriftir stofnkostnaðar	9,0
Fjármagnskostnaður	2,3
Rekstrarkostnaður samtals	**50,4**

Ofangreindur rekstrarkostnaður er talinn um 50 m.kr. og felur í sér fjármagnskostnað og afskriftir af 45 m.kr. í stofnkostnaði. Það þýðir að gert er ráð fyrir að allur stofnkostnaður nema 3 m.kr. kostnaður við þjálfun starfsmanna verði tekinn að láni og greiddur úr rekstri með afskriftum. Ýtrasti rekstrarkostnaður ríkissjóðs er því talinn geta numið helmingi, 25,2 m.kr., á ári og upphafskostnaður að auki helmingi af þjálfunarkostnaði, 1,5 m.kr. Er þá ekki gert ráð fyrir að neyðarsímsvörun verði kostuð með sérstöku þjónustugjaldi, enda ekki leitað eftir heimild til þess í frumvarpinu þótt sá möguleiki sé ræddur í athugasemdum þess. Verði slíkt gjald hins vegar tekið upp verður hreinn kostnaður ríkissjóðs lægri.

Líta verður svo á að hér sé um hámark kostnaðar að ræða þar sem ofangreind áætlun gengur út frá því að neyðarsímsvörun verði sjálfstæð stofnun með eigin rekstur og stjórn. Þegar er búið að kanna að heppilegt geti orðið að bjóða þennan rekstur út eða semja við eina eða fleiri stofnanir sameiginlega um rekstur neyðarsímsvörunarinnar, sjá athugasemd við 3. gr. frumvarpsins. Við þessi skilyrði getur kostnaðurinn lækkað talsvert þótt ekki sé hægt að leggja áreiðanlegt mat á hversu mikið sá kostnaður gæti komið til með að lækka.

533. Frumvarp til laga [336. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

I. KAFLI
Fullt nafn og nafngjöf.

1. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn, millinafn, ef því er að skipta, og kenninafn.

Eiginnöfn og millinafn mega aldrei vera fleiri en þrjú samtals.

2. gr.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

3. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess, um leið og skírnar er óskað, skýra honum frá því nafni eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé eiginnafn eða millinafn sem barn á að hljóta ekki á mannanafnaskrá, sbr. 22. gr., skal prestur eða forstöðumaður trúfélags hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn eða millinafn sem ekki er á mannanafnaskrá skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu vísað til mannanafnanefndar.

II. KAFLI
Eiginnöfn.

4. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn eftir því sem greinir í lögum þessum.

5. gr.

Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

III. KAFLI
Millinöfn.

6. gr.

Heimilt er að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns þess eða eiginnafna. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng.

Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Eignarfallsmyndir eiginnafna eru ekki heldur heimilar sem millinöfn. Millinöfn sem eru mynduð með sama hætti og föður- og móðurnöfn, sbr. 3. mgr. 8. gr., eru einnig óheimil.

Millinafn sem víkur frá ákvæðum 2. mgr. er heimilt þegar svo stendur á að eitthvert alsystkini þess sem á að bera nafnið, foreldri, afi eða amma ber eða hefur borið nafnið sem eiginnafn eða millinafn.

Millinafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Millinafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

7. gr.

Ættarnafn er einungis heimilt sem millinafn í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein.

Hver maður sem ber ættarnafn í þjóðskrá má breyta því í millinafn, sbr. 15. gr.

Hver maður sem ekki ber ættarnafn en á rétt til þess má bera það sem millinafn.

Maður má bera ættarnafn sem millinafn hafi eitthvert alsystkini hans, foreldri, afi eða amma borið það sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn.

Maður á og rétt á að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn. Honum er einnig heimilt að taka sér nafnið sem millinafn beri maki hans það sem millinafn skv. 2. eða 3. mgr.

Þeir sem fá eða taka sér millinafn skulu kenna sig til föður eða móður.

IV. KAFLI
Kenninöfn.

8. gr.

Kenninöfn eru tvenns konar, föður- eða móðurnöfn og ættarnöfn.

Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo, sbr. 5. mgr. Heimilt er þó að ófeðrað barn sé kennt til afa síns.

Föður- og móðurnöfn eru mynduð þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum og millinafni, ef því er að skipta, kemur nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu son ef karlmaður er en dóttir ef kvenmaður er.

Nú óskar maður þess að hann eða barn hans beri kenninafn sem dregið er af erlendu eiginnafni foreldris og má þá með úrskurði mannanafnanefndar laga kenninafnið að íslensku máli.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá ber ættarnafn við gildistöku þessara laga, má bera það áfram. Sama gildir um niðja hans hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá er kenndur til föður eða móður maka síns við gildistöku þessara laga, má kenna sig svo áfram.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

9. gr.

Íslenskur ríkisborgari má ekki taka sér ættarnafn maka síns.

Maður, sem við gildistöku þessara laga ber ættarnafn maka síns, má bera það áfram. Eftir að hjúskap lýkur er honum og heimilt að bera ættarnafn fyrrverandi maka síns. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðherra úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hinn fyrri maki gengur í hjúskap að nýju. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðherra reisir úrskurð sinn á því hvort þyngri séu á metum hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru borin fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

Hafi annað íslenskra hjóna tekið upp föður- eða móðurnafn hins við búsetu erlendis er því skylt að leggja það niður við flutning til landsins. Sama gildir um niðja þeirra.

V. KAFLI
Nafnréttur manna af erlendum uppruna.

10. gr.

Ákvæði 2. og 5. gr. taka ekki til barns hér á landi ef báðir foreldrar þess eru erlendir ríkisborgarar. Sama gildir um ófeðrað barn erlendrar móður.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið eitt eiginnafn og/eða millinafn sem víkur frá ákvæðum 5.–7. gr. ef unnt er að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris. Barnið skal þó ávallt bera eitt eiginnafn sem samrýmist 5. gr.

11. gr.

Nú fær maður sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og má hann þá halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um börn manns sem fær íslenskt ríkisfang með lögum og öðlast íslenskt ríkisfang með honum, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952.

Ákvæði 1. mgr. taka enn fremur til manna sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

Þeim sem fyrir gildistöku laga þessara hafa fengið íslenskt ríkisfang með því skilyrði að þeir breyttu nöfnum sínum skal með leyfi dómsmálaráðherra heimilt að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér, þó þannig að eiginnöfn þeirra og millinöfn verði ekki fleiri en þrjú samtals, sbr. 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um niðja þeirra.

12. gr.

Erlendur ríkisborgari sem stofnar til hjúskapar við Íslending má taka upp ættarnafn maka síns ef til er eða kenna sig til föður hans eða móður og skal kenninafn hans þá dregið af sama eiginnafni og kenninafn maka hans.

VI. KAFLI
Nafnbreytingar.

A. Eiginnöfn og millinöfn.

13. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni og/eða millinafni skv. 2. mgr. 6. gr., þar með talið að taka nafn eða nöfn til viðbótar því eða þeim sem hann ber eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber ef telja verður að ástæður mæli með því.

Nafnbreyting barns undir 16 ára aldri er háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir standi þeir báðir að beiðni um nafnbreytinguna. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess og hafi orðið breyting á forsjánni frá því barninu var gefið nafn skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur dómsmálaráðherra engu að síður heimilað nafnbreytingu ef ótvíræðir hagsmunir barns mæla með því.

Sé barn undir 16 ára aldri ættleitt eftir að því var gefið nafn má gefa því nafn eða nöfn í ættleiðingarbréfi í stað hinna fyrri eða til viðbótar nafni eða nöfnum sem það hefur áður hlotið.

Breyting á eiginnafni eða millinafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

Það er skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

B. Kenninöfn.

14. gr.

Breytingar á kenninöfnum samkvæmt þessari grein gilda um börn yngri en 16 ára.

Nú gengur móðir ófeðraðs barns í hjónaband og má þá kenna barnið til stjúpföður þess.

Heimilt er með leyfi dómsmálráðherra að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

Ákvörðun skv. 2. og 3. mgr. skal háð samþykki stjúpforeldris.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Breyting á kenninafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

15. gr.

Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið eða tekið það upp sem millinafn, sbr. 2. mgr. 7. gr., og kennt sig svo sem segir í 3. mgr. 8. gr.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni eldri en 16 ára að taka upp nýtt kenninafn ef telja verður að gildar ástæður mæli með því.

17. gr.

Nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, hvort sem um er að ræða breytingar tilkynntar Þjóðskrá eða samkvæmt leyfi dómsmálaráðherra, skulu einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

VII. KAFLI
Skráning og notkun nafns.

18. gr.

Við skráningu kenninafns barns í þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 3. mgr. 8. gr. nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 5. mgr. 8. gr.

Allar nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra, skulu tilkynntar Þjóðskrá.

Breyting á eiginnafni, millinafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð í þjóðskrá.

19. gr.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað í þjóðskrá á hverjum tíma.

20. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns í þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

VIII. KAFLI
Mannanafnanefnd.

21. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir að fengnum tillögum heimspekideildar Háskóla Íslands en einn að fenginni tillögu lagadeildar Háskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem heimil teljast skv. 5. og 6. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum þessum.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Nefndin skal birta niðurstöður úrskurða sinna árlega.

23. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því mál berast nefndinni.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

25. gr.

Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skal Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf er Hagstofu Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæð dagsekta miðast við lánskjaravísitölu í janúar 1995 og breytist í samræmi við breytingar hennar. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

26. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra þjóða á því sviði.

27. gr.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, skal setja skýrar reglur um skráningu nafna í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá.

II.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 5. ágúst 1993. Í nefndinni áttu sæti Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, formaður, dr. Halldór Ármann Sigursson prófessor og sr. Hjálmar Jónsson prófastur. Með nefndinni hefur starfað Áslaug Þórarinsdóttir, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu. Á fund nefndarinnar komu Markús Sigurbjörnsson, þáverandi lagaprófessor, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár.

Í skipunarbréfum nefndarmanna var þeim falið að „endurskoða lög um mannanöfn, nr. 37/1991, og semja frumvarp til breytinga á lögunum“. Að höfðu samráði við dómsmálaráðherra töldu nefndarmenn þó rétt að semja frumvarp til nýrra mannanafnalaga.

Við starf sitt hafa nefndarmenn tekið mið af lögum nr. 37/1991 en jafnframt litið til eldri laga um mannanöfn á Íslandi (nr. 31/1913 og 54/1925) og frumvarpa til laga um mannanöfn sem lögð voru fyrir 75. löggjafarþing 1955 og 92. löggjafarþing 1971. Enn fremur hafa nefndarmenn kynnt sér sögu íslenskrar nafnalöggjafar að öðru leyti og athugað nafnalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem ástæða reyndist til. Einkum hefur nefndin þó stuðst við þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 37/1991 og litið til þeirrar gagnrýni á lögin sem fram hefur komið.

Lög nr. 37/1991, um mannanöfn.

Lög nr. 37/1991 leystu af hólmi lög nr. 54/1925, um mannanöfn, og voru ekki sett að ástæðulausu. Lögin frá 1925 voru ágripskennd og ófullkomin og framkvæmd þeirra um margt í ólestri. Lögð voru fram frumvörp til endurskoðunar þeirra ásamt rækilegum greinargerðum árin 1955 og 1971 en hvorugt náði fram að ganga. Skriður komst enn á málið með ályktun kirkjuþings árið 1986 en í greinargerð með henni segir m.a.: „Mannanöfn hafa breyst mikið, eldri nöfn jafnvel horfið og ný komið í staðinn. Sum hinna nýju nafna orka mjög tvímælis, eru jafnvel afkáraleg og geta orðið þeim sem þau bera til ama. Nafnið er hluti af persónu hvers einstaklings. Persónu- og tilfinningatengsl hvers manns við nafn sitt eru náin og sterk. Því ber að vanda mjög til nafngjafa. Ljóst er að á því er nokkur misbrestur. Aðhald er lítið í þessum efnum og samræmdar reglur nánast engar."

Þremur árum síðar, með bréfi þáverandi menntamálaráðherra, Svavars Gestssonar, dagsettu 2. október 1989, var enn skipuð nefnd til að endurskoða mannanafnalögin frá 1925 og leiddi sú nefndarskipun til þess að loks tókst að setja ný lög í þeirra stað.

Ýmislegt í lögum nr. 37/1991 var mjög til bóta. Þar voru t.d. settar skýrar reglur um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig að nafngjöf skal standa og hver frestur til þess er.
2. Þau skilyrði sem eiginnöfn og kenninöfn skulu fullnægja.
3. Skráningu og notkun nafna.
4. Nafnbreytingar.
5. Nafnrétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar, svo og þeirra sem hafa erlent ríkisfang en eru búsettir hér á landi.

Á meðal mikilvægra nýmæla í lögunum voru þessi:

1. Þar er kveðið á um skipun mannanafnanefndar sem m.a. hefur það hlutverk að semja mannanafnaskrá og skera úr ágreiningi um mannanöfn.
2. Yfirstjórn mannanafnamála er færð frá menntamálaráðherra til dómsmálaráðherra.
3. Erlendir menn sem gerast íslenskir ríkisborgarar eru ekki lengur skyldaðir til að kasta nafni sínu heldur nægir að þeir taki sér eitt íslenskt nafn til viðbótar eiginnafni sínu.
4. Kynjamisrétti eldri mannanafnalaga er að mestu útrýmt, m.a. með ákvæði sem heimilar að ættarnöfn gagni í kvenlegg.

Margt af þessu var auðsæilega mjög til bóta og í samræmi við nýjan tíðaranda. Lögin horfðu auk þess til meiri festu um mannanöfn en verið hafði og var ekki vanþörf á því.

Gagnrýni á lög nr. 37/1991.

Þótt framför væri að mannanafnalögunum frá 1991 sættu þau brátt nokkurri gagnrýni almennings. Beindist gagnrýnin einkum að 2. gr. laganna og framkvæmd hennar, en greinin hljóðar svo: „Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni."

Ákvæði 1. málsl. 1. gr. felur það í sér að öll eiginnöfn af erlendum uppruna eru óheimil nema því aðeins að þau hafi unnið sér hefð í íslensku máli, hvort sem þau eru löguð að almennum reglum íslensks máls og hérlendum ritvenjum eða ekki.

Af þeirri grunnreglu 2. gr. að eiginnöfn séu annaðhvort karlmanns- eða kvenmannsnöfn leiðir einnig að ekki má gefa „kynlaus“ millinöfn eins og nöfn sem enda á *-fjörð, -nes, -dal* og *-feld*. Sama máli gegnir um eignarfallsmyndir eins og *Eggerts* og *Guðrúnar*. Þegar Alþingi fjallaði um frumvarp til laga nr. 37/1991 kom reyndar fram tillaga um að millinöfn yrðu leyfð en hún náði ekki fram að ganga.

Í samræmi við ákvæði 2. gr. og grunnreglu hennar hefur mannanafnanefnd hafnað öllum tökunöfnum sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli og öllum „kynlausum“ millinöfnum og hefur það sætt gagnrýni.

Þessi gagnrýni er að hluta sprottin af því að með lögum nr. 37/1991 var komið á aðhaldi sem ekki var til staðar áður. Flest ákvæði laga nr. 54/1925 höfðu verið þverbrotin um langa hríð og það látið átölulaust en lögum nr. 37/1991 hefur hins vegar verið framfylgt og þau eru auk þess skýrari en lögin frá 1925. Því er stundum haldið fram að það sé þjóðareinkenni Íslendinga að vilja gjarnan setja öðrum reglur en síður fara eftir þeim sjálfir. Ef rétt er þarf það ekki að vekja furðu þótt sumir landsmenn hafi ekki tekið því vel að þurfa nú að fara að settum reglum um mannanöfn.

Meginástæða gagnrýninnar er þó sú að ákvæði 2. gr. laga nr. 37/1991 um eiginnöfn eru of ströng. Með greininni er í fyrsta sinn í sögunni tekið alveg fyrir að ný tökunöfn skjóti rótum hér á landi og þar skortir einnig heimild fyrir millinöfnum, jafnvel þótt sá síður að gefa slík nöfn hefði, þegar lögin voru sett, náð nokkurri útbreiðslu og fengið að þróast að mestu afskiptalaust um alllangt skeið.

Lög nr. 37/1991 byggðust í veigamiklum atriðum á frumvarpinu frá 1971 og það byggðist aftur að verulegu leyti á frumvarpinu frá 1955. Þau sjónarmið um eiginnöfn sem fram koma í lögunum eiga því að nokkru rætur í öðrum tíðaranda en þeim sem nú er ríkjandi. Fjarað hefur undan þessum sjónarmiðum, m.a. vegna stóraukinna samkipta Íslendinga við erlenda menn. Þetta kemur glöggt fram í skoðanakönnun sem Gallup á Íslandi gerði seinni hluta árs 1994. Spurt var: „Til eru lög um mannanöfn á Íslandi. Finnst þér að það eigi að vera takmörkun á hvaða nöfn má gefa eins og er í lögunum eða á þetta að vera alveg frjálst?“

Niðurstöðurnar voru þessar:

1. Meiri takamarkanir en nú vildu innan við 1%.
2. Ánægðir með núgildandi lög voru um 21%.
3. Aukið frjálsræði en þó einhverjar takmarkanir vildu um 45%.
4. Algert frjálsræði vildu um 34%.

Reyndar skiptir verulegu máli hvernig orðalag er í könnunum af þessu tagi og því verður að túlka þessar niðurstöður varlega. Þannig sýnist afar ósennilegt að 34% þjóðarinnar mundu svara játandi ef spurt væri: „Finnst þér að foreldrar eigi að fá að gefa börnum sínum nöfnin *Skessa, Hel, Þrjótur* og *Satanus* ef þeim sýnist svo?“ Það verður með öðrum orðum að draga þá niðurstöðu mjög í efa að rúmlega þriðjungur þjóðarinnar vilji algert frelsi í nafngiftum þegar alls er gætt. Einsýnt er þó að túlka má niðurstöður Gallups á þann veg að mikill meiri hluti fólks vilji aukið frjálsræði í nafngiftum.

Eiginnafnaákvæði 2. gr. laga nr. 37/1991 eru auðsæilega gölluð og að því leyti óraunsæ að þau fara í bág við almannavilja. Engu að síður er athyglisvert að gagnrýni á lög nr. 37/1991 skuli nær eingöngu hafa beinst að þessari grein. Starf nefndarinnar hefur leitt í ljós að ýmsar aðrar greinar laganna þarfnast einnig endurskoðunar, ekki síst greinar sem lúta að jafnræði borgaranna og nafnrétti manna af erlendum uppruna.

Meginhugmyndir og markmið nefndarinnar.

Nefndarmenn telja brýnt að unnið sé að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða en álíta hins vegar að yfirleitt sé farsælla að vinna að því markmiði með fræðslu og áróðri en með lögboði. Nafn manns er einn mikilvægasti þáttur sjálfsímyndar hans og varðar fyrst og fremst einkahagi hans en síður almannahag. Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns hlýtur og að vera ríkur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum að sama skapi takmarkaður. Sumir nafnsiðir eru þó þess eðlis að þeir snerta ekki síður veigamikla hagsmuni samfélagsins en einkahagi manna og er réttur löggjafans til afskipta af þeim þá meiri en ella. Eins og hér kemur fram síðar lítur nefndin svo á að þetta eigi einkum við um íslenska kenninafnasiðinn.

Markmið nefndarinnar hafa einkum verið þessi:

1. Að auka frelsi í nafngiftum frá því sem nú er, einkum með því að heimila aðlöguð erlend nöfn, jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli, og með því að heimila millinöfn, sjá síðar í þessum athugasemdum.
2. Að jafna nafnrétt manna eftir því sem kostur er, m.a. með því að auka rétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar.
3. Að stuðla að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en sem kenninöfn.

Enn fremur hefur nefndin lagt áherslu á að gera uppbyggingu frumvarpsins sem rökréttasta og gæta samræmis en á það skortir nokkuð í lögum nr. 37/1991.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru dregin saman ýmis ákvæði um fullt nafn og nafngjöf. Sáralitlar breytingar eru gerðar frá samsvarandi ákvæðum í gildandi mannanafnalögum og því verður hér aðeins fjallað mjög stuttlega um greinar kaflans.

Um 1. gr.

Hér svarar 1. mgr. til 1. málsl. 20. gr. laga nr. 37/1991 að því breyttu að nú er gert ráð fyrir þremur flokkum nafna, þ.e. millinöfnum auk eiginnafna og kenninafna. Eðlilegt þykir að skilgreining á hugtakinu „fullt nafn“ sé fremst í lögunum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að eiginnöfn og millinöfn megi aldrei vera fleiri en þrjú samtals og er það því óbreytt frá lögum nr. 37/1991 að ekki er heimilt að gefa fleiri en þrjú nöfn.

Um 2. gr.

Þessi grein er óbreytt 4. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að röð málsgreina hefur verið snúið við.

Um 3. gr.

Þessi grein svarar til 5. gr. gildandi mannanafnalaga og er óbreytt efnislega að öðru leyti en því að felld hefur verið niður 2. mgr. 5. gr. sem hljóðar svo:

„Hafi barn verið skírt skemmri skírn má, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt skv. 1. mgr. 4. gr., gefa barni nýtt nafn í stað þess sem því var áður gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.“

Á þetta ákvæði hefur aldrei reynt og sýnist það því óþarft. Vilji forráðamenn breyta nafni barns síns við þær aðstæður sem um getur í málsgreininni er þeim í lófa lagið að gera það með leyfi dómsmálaráðherra skv. 1. mgr. 13. gr., enda hefur þeirri málsgrein nú verið breytt á þann veg að ekki er lengur áskilið að ástæður nafnbreytingar þurfi að vera gildar.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar um eiginnöfn. Hin fyrri er óbreytt 1. gr. laga nr. 37/1991 en hin síðari kemur í stað 2. gr. þeirra laga og felur í sér umtalsverða rýmkun á henni.

Um 4. gr.

Þessi grein samsvarar 1. gr. laga nr. 37/1991 og er alveg óbreytt. Tekið er fram að hverju barni skuli gefa eiginnafn og að forsjármenn barns hafi bæði rétt og skyldu til þess. Af sjálfu leiðir því að notkun a.m.k. eins eiginnafns er skylda og að menn geta ekki notað millinafn sem sitt eina eða fyrsta nafn.

Um 5. gr.

Þessi grein svarar til 2. gr. í gildandi lögum um mannanöfn, nr. 37/1991. Mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á greininni, enda hefur hún verið umdeildasta grein mannanafnalaganna frá 1991.

Í 1. mgr. segir að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli og þar er einnig kveðið á um að nafnið skuli ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi og skuli ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Í 1. málsl. er kveðið á um að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu en skuli að öðrum kosti hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Þarna er því sú breyting að ekki er lengur tilskilið að eiginnafn skuli að jafnaði vera íslenskt. Þessi breyting felur í sér mikla rýmkun því að fjöldi tökunafna, sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli, getur tekið íslenska eignarfallsendingu.

Með íslenskri eignarfallsendingu er átt við eignarfallsendingu sem á sér hliðstæðu í íslensku máli, annaðhvort í mannanöfnum eða hinum almenna orðaforða málsins. Á meðal nafna sem taka íslenska eignarfallsendingu eru t.d. flest nöfn sem eru endingarlaus í nefnifalli, öll karlmannsnöfn sem enda á *-i* í nefnifalli og öll kvenmannsnöfn sem hafa nefnifallsendinguna *-a*.

Þessu ákvæði um eignarfallsendingu er ætlað að tryggja að ný tökunöfn lagist að reglum íslensks máls að nokkru marki að minnsta kosti og stefni íslenska beygingakerfinu ekki í voða. Þegar þannig stendur á að endingarleysi í eignarfalli á sér kerfisbundnar samsvaranir í íslensku máli verður þó að fallast á það í tökunöfnum. Dæmi um slíkt er t.d. karlmannsnafnið *Ross*, sbr. íslenska nafnorðið *foss*.

Á tímabilinu frá 1. nóvember 1991 til 1. september 1994 hafnaði mannanafnanefnd samtals 237 beiðnum um eiginnöfn og nafnritanir. Þessar hafnanir má flokka á eftirfarandi hátt:

	Stúlknanöfn	**Drengjanöfn**	**Samtals**
Millinöfn	42	48	90
Ritmyndir	9	4	13
Önnur nöfn	87	47	134
Samtals	**138**	**99**	**237**

Sú breyting sem hér er lögð til að nægjanlegt sé að nafn geti tekið íslenska eignarfallsendingu (eða hafi unnið sér hefð) varðar ekki millinöfn og ritmyndir sem síðar verður vikið að. Á hinn bóginn hefur þessi breyting mikil áhrif á meðferð beiðna um nöfn í þriðja flokknum, „önnur nöfn".

Einungis 9 af 87 stúlknanöfnum í flokknun „önnur nöfn" geta ekki tekið íslenska eignarfallsendingu svo að sæmilega fari, þ.e.: Apríl, Dawn, Hildegard, Lillian, Maí, Maj, May, Miriam, Nathalie. Á meðal hinna 78 stúlknanafnanna í þessum flokki eru t.d. þessi, sem nú verða öll heimil: Adama, Amel, Anetta, Annabella, Aretta, Aþanasía, Aþena, Belinda, Bella, Benney, Bergetta, Bergitta, Bína, Blín, Bogga, Dýrley, Dön, Edna, Emelíta, Gauja, Georgía, Giddý, Hallý, Hanný.

Af 47 drengjanöfnum í flokknum „önnur nöfn" geta aðeins eftirfarandi fimm nöfn ekki tekið íslenska eignarfallsendingu með góðu móti (en reyndar hefur nánari athugun leitt í ljós að *Nikolai* hefur unnið sér hefð í íslensku máli og er því heimilt þrátt fyrir að eignarfallsmynd þess sé á reiki): Casey, Eddý, Jean, Mooney, Nikolai. Á meðal hinna 42 drengjanafnanna í þessum flokki eru t.d. þessi: Alf, Bert, Davor, Elentínus, Elinór, Evan, Garibaldi, Gerald, Húgó, Maggi, Manfreð, Manúel, Marselíus, Mekkínó, Októ, Orvar, Preben.

Að sjálfsögðu er oft matsatriði hvort nafn getur tekið íslenska eignarfallsendingu eða ekki og verður að eftirláta mannanafnanefnd að meta það hverju sinni.

Þetta ákvæði hefur jafnframt í för með sér að heimil verða blendingsnöfn, sett saman af íslenskum nafnstofni eða íslenskri nafnrót, erlendu viðskeyti og íslenskri nefnifallsendingu, t.d. *Sigmundsína* og *Sigurðína*.

Ákvæði 2. gr. gildandi mannanafnalaga þess efnis að eiginnafn skuli vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli gefur vísbendingu um hvað skuli teljast „nafn". Þannig er t.d. unnt að halda því fram að gælunöfn eins og *Frissi, Bíbí* og *Gudda* séu ekki „íslensk nöfn" í skilningi laga nr. 37/1991 og þar eð þau hafa ekki heldur unnið sér hefð í íslensku máli eru þau óheimil. Það orðalag 5. gr., sem nú er lagt til, felur hins vegar ekki í sér neina slíka vísbendingu um hvað skuli teljast „nafn" og þar eru því engin þrengjandi ákvæði um nafnstofna. Þetta hefur í för með sér að ýmsar merkingarlausar stafarunur verða heimilir nafnstofnar (svo fremi þær brjóti ekki gegn öðrum ákvæðum laganna). „Nöfn" eins og *Skjarpur* og *Skunnar* verða því heimil, rétt eins og *Garpur* og *Gunnar*. Sömuleiðis verða ofannefnd gælunöfn heimil. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing þeirrar ákvörðunar að heimila óhefðuð erlend nöfn eins og *Vilma*. Nafnstofninn *Vilm-* er merkingarlaus stafaruna í íslensku máli og engin leið er að skilgreina hugtakið „nafnstofn" þannig að *Vilm-* teljist tækur nafnstofn en *Skunn-, Friss-* og *Gudd-* ekki. Það er t.d. alveg ófær leið að setja það sem skilyrði að nafnstofninn verði að koma fyrir í raunverulegu nafni í einhverjum tilteknum tungumálum, t.d. germönskum málum. Engin tök sýnast á að gera mun á þeim málum og öðrum með frambærilegum rökum og ekki eru held-

ur tiltækar hér á landi neinar tæmandi upplýsingar um raunveruleg nöfn í þeim.

Nokkrar almennar takmarkanir eiga þó við um nafnstofna. Einstakir bókstafir teljast t.d. ekki tækir nafnstofnar. Nafnstofnar mega heldur ekki vera til ama, sbr. 3. mgr., og þeir mega ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Dæmi um hið síðastnefnda eru stofnar sem brjóta gegn hljóðskipunarlögum íslenskrar tungu, þ.e. þeim reglum sem gilda um það hvernig hljóð raðast saman í íslensku. Þannig eru *tsj, dsj* og *djí* ótæk hljóðasambönd í íslensku og nöfnin *Tsjækovski* og *Jean* („dsjín“ eða „djín“ í framburði) því óheimil. Að sjálfsögðu þarf einnig að vera unnt að kveða að öllum nöfnum og nafnstofnum.

Hið aukna frjálsræði, sem ákvæði 1. málsl. um íslenska eignarfallsendingu hefur í för með sér, heimilar auðsæilega mörg nöfn sem ýmsir telja óæskileg. Eins og áður segir er þetta óhjákvæmileg afleiðing þess að heimila aðlöguð tökunöfn sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það sýnist og vafasamt að stjórnvöld setji strangar reglur í þessum efnum. Ríkjandi smekkur veldur því að litlar sem engar líkur eru á að stafarunur eins og *Skunnar* verði teknar upp sem eiginnöfn, jafnvel þótt þær séu ekki bannaðar með lögum.

Í 1. málsl. er kveðið á um að þau nöfn sem ekki geta tekið íslenska eignarfallsendingu skuli hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Þessi hluti málsliðarins er samhljóða hefðarákvæði í 1. málsl. 2. gr. gildandi laga en hefur allt annað gildissvið. Ákvæðið heimilar tökunöfn sem hafa unnið sér hefð jafnvel þótt vafi kunni að leika á um það hvort þau taka íslenska eignarfallsendingu. Nauðsynlegt er að um þetta efni séu settar sem skýrastar reglur svo að unnt sé að gæta jafnræðis borgaranna gagnvart lögunum við framkvæmd þeirra. Mannanafnanefnd hefur sett ákveðnar reglur um hvaða skilyrðum tökunöfn þurfi að fullnægja til þess að teljast hafa unnið sér hefð samkvæmt gildandi lögum. Þessar reglur hafa gefist vel og sýnist því fara best á að hafa þær sem næst óbreyttar, ekki síst þegar haft er í huga að þær fá nú miklu þrengra gildissvið en áður og eru nú fyrst og fremst til rýmkunar á því ákvæði að eiginnöfn skuli geta tekið eignarfallsendingu, sbr. framannefnt dæmi um *Nikolai*. Þau ákvæði reglnanna, sem eðlilegt er að áfram verði stuðst við, eru þessi:

1. Ung tökunöfn eru þau tökunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál eftir 1703. Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju einu af eftirfarandi skilyrðum:
   a. Það er nú borið af a.m.k. 20 Íslendingum.
   b. Það er nú borið af 15–19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri.
   c. Það er nú borið af 10–14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri.
   d. Það er nú borið af 5–9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr).
   e. Það er nú borið af 1–4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr).
   f. Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað.
2. Hefð ungs tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntalinu 1910 né síðar.

3. Gömul tökunöfn eru þau tökunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál 1703 eða fyrr. Hefð gamals tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntölunum 1845 og 1910 né síðar. Hefð tökunafna sem hafa unnið sér menningarhelgi rofnar þó ekki. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnum íslenskum fornritum í nafnmynd sem ekki brýtur í bág við íslenskt málkerfi.

Þótt nauðsynlegt sé að áfram verði stuðst við skýrar reglur í þessu efni er ljóst að það mun nú heyra til undantekninga að á þær reyni. Reglurnar þarf auðsæilega að endurskoða á svo sem áratugar fresti.

Ákvæði 2. málsl. um að eiginnafn megi ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi svarar til 2. málsl. 2. gr. gildandi laga og er efnislega óbreytt. Íslenskt málkerfi er samsafn þeirra reglna sem unnið hafa sér hefð í íslensku máli. Þessu ákvæði er því einkum ætlað að koma í veg fyrir að rótgrónum nöfnum sé breytt til horfs sem stríðir gegn hefð þeirra. Afbakanir eins og *Guðmund* og *Þorstein* (í nefnifalli) eru því óheimilar. Enn fremur kemur ákvæðið í veg fyrir nýmyndanir sem brjóta í bág við íslenskar orðmyndunarreglur, t.d. þríliðuð nöfn eins og *Guðmundrún, Guðmundpáll* og *Ragnhildmundur*. Ákvæðið hindrar einnig að teknir séu inn í íslenskt mál nafnstofnar af erlendum uppruna sem eru ósamrýmanlegir íslenskum hljóðskipunarreglum, sbr. fyrrnefnd dæmi um *Tjækovski* og *Jean*. Hins vegar hindrar ákvæðið ekki notkun neinna nafna eða nafnmynda sem þegar hafa unnið sér hefð í íslensku, t.d. endingarlausra nafna eins og *Erling* og *Svanberg*.

Í 3. málsl. 1. mgr. er tekið fram að eiginnöfn skuli rituð í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þeirra. Með almennum ritreglum íslensks máls er vísað til auglýsingar menntamálaráðherra um íslenska stafsetningu nr. 132/1974 í Stjórnartíðindum B, ásamt auglýsingu um breytingu á þeirri auglýsingu, nr. 261/1977 í Stjórnartíðundum B. Ekkert samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum. Nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um rithátt nafna því að ekki er unnt að líta svo á að ritvenjur falli undir ákvæði 2. málsl. um íslenskt málkerfi. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að hróflað sé við rithætti rótgróinna nafna en jafnframt veitt heimild fyrir ritmyndum sem hafa unnið sér hefð, t.d. *Zóphonías, Walter* og *Esther*. Enn fremur hefur þetta ákvæði þau áhrif að tökunöfn, sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli, eru óheimil nema ritháttur þeirra sé í samræmi við íslenskar ritvenjur. Ritmyndin *Vilma* er því heimil en *Wilma* ekki.

Í 2. mgr. segir að stúlku skuli gefið kvenmannsnafn en dreng karlmannsnafn. Þetta ákvæði kemur í stað 2. mgr. 2. gr. gildandi laga, en þar segir að hvorki megi gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn. Ákvæðið hefur í för með sér að ekkert eiginnafn getur talist vera bæði karlmanns- og kvenmannsnafn nema hefð sé fyrir því að gefa það báðum kynjum. Þannig er t.d. óheimilt að gefa drengjum nafnið *Ilmur* og stúlkum nöfnin *Sturla* og *Blær*. Á sama hátt er óheimilt að gefa stúlkum nafnið *Sigurður* þótt hægt væri að beygja það eins og kvenmannsnafn (þ.e. eins og *Sigríður*). Þetta ákvæði hefur enn fremur í för með sér að mannanafnanefnd verður að skera úr um það hverju sinni hvort tökunafn, sem ekki hefur unnið sér hefð í íslensku máli, t.d. *Robin*, skuli heimilt sem karlmannsnafn eða sem kvenmannsnafn.

Í 3. mgr. er kveðið á um að eiginnafn megi ekki vera nafnbera til ama. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. málsl. 1 mgr. 2. gr. gildandi laga. Ekki þykir annað fært en hafa þetta ákvæði áfram í lögum. Það eru auðsæilega mikilvægir hagsmunir barna að þeim séu ekki gefin nöfn sem telja verður ósiðleg, niðrandi eða meiðandi, eins og t.d. *Skessa, Þrjótur* eða *Hel*. Ákvæðið er þó vandmeðfarið því að erfitt er að leggja hlutlægt mat á ama. Besta tryggingin fyrir því að gætt sé jafnræðis borgaranna við framkvæmd ákvæð-

isins er að því sé beitt mjög varlega. Þannig sýnast ekki rök til að beita ákvæðinu sérstaklega gegn gælunöfnum eða yfirhöfuð á grundvelli nafnformsins eins. Eðlilegt er því að ákvæðinu sé því aðeins beitt að telja megi merkingu nafns neikvæða eða óviðulega. Samsvarandi ákvæði í gildandi lögum hefur einungis verið beitt tvívegis, til synjunar kvenmannsnöfnunum *Villimey* og *Rist*.

Tillögur nefndarmanna um eiginnöfn miða að því að auka frjálsræði í nafngiftum umtalsvert frá því sem nú er án þess þó gefa þær með öllu frjálsar. Nefndarmenn telja þó einnig koma til greina að ganga enn lengra í frjálsræðisátt með því að fella 1. mgr. 5. gr. alveg niður. Greinin hljóðaði þá svo:

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

Með þessu móti mundi greinin aðeins vernda brýnustu hagsmuni barna en ekki fela í sér nein þrengjandi ákvæði um form nafna.

Þótt nefndarmenn hafi rætt þennan kost og telji hann koma til álita mæla þeir ekki með honum. Hann hefði m.a. í för með sér að hvers kyns afbakanir á rótgrónum nöfnum yrðu heimilar, t.d. *Zigurd* og *Gúdmúnd* í stað *Sigurður* og *Guðmundur*. Enn fremur leiddi þessi kostur til þess að margliðuð nöfn eins og *Ragnhildmundur* og stafarunur sem brjóta gegn hljóðskipunarlögum íslenskrar tungu yrðu heimilar. Þótt þessi leið væri farin yrði ekki komist hjá því að gefa út mannanafnaskrá þar sem skorið væri úr um hvaða nöfn væru karlmannsnöfn og hver kvenmannsnöfn og opinber mannanafnaskrá með hvers kyns afbökunum er til tjóns eins.

Um III. kafla.

Með þessum kafla er heimilaður nýr flokkur nafna, svokölluð millinöfn. Um er að ræða nöfn eins og *Önfjörð, Vatnsnes, Sædal, Mosfells* og *Bláfeld*.

Nöfn þessi eru að því leyti eins og ættarnöfn að þau eru borin af báðum kynjum en frábrugðin þeim að því leyti að þau eru ekki kenninöfn. Í faglegri umræðu um mannanöfn hafa nöfn af þessu tagi stundum verið nefnd viðurnöfn en það þótti nefndarmönnum ekki heppilegt heiti og ákváðu því að nota það heiti sem almenningi er tamast, millinöfn, enda var það heiti einnig notað í 3. mgr. 1. gr. frumvarps þess um mannanöfn sem lagt var fyrir 92. löggjafarþing 1971. Eins og síðar verður vikið að svipar tillögum nefndarinnar um millinöfn til ákvæða dönsku mannanafnalaganna, nr. 193/1981, um nöfn sem á dönsku eru nefnd *mellemnavn*.

Ástæður þess að nefndin leggur þetta nýmæli til eru einkum þessar:

1. Allmikil ásókn er í að fá að gefa millinöfn. Um það bil 38% af þeim nöfnum sem mannanafnanefnd hafnaði frá 1. nóvember 1991 til 1. september 1994 voru millinöfn (90 af 237). Með því að heimila þau er frjálsræði um nafngiftir því aukið verulega og telur nefndin það eftirsóknarvert markmið.
2. Lítt var amast við millinöfnum allt til þess að lög nr. 37/1991, um mannanöfn, tóku gildi. Fjöldi manna ber því nöfn af þessu tagi.
3. Algengt er að margir í sömu fjölskyldu beri sama millinafn og því tengist notkun þeirra mjög vitund fólks um uppruna sinn og tilfinningum þess í garð náinna ættingja. Reynslan sýnir að synjun slíkra nafna veldur þeim sem í hlut eiga oft miklu angri og vekur hörð viðbrögð þeirra. Stjórnvaldsaðgerð sem veldur borgurunum hugarangri getur að sjálfsögðu verið réttlætanleg þegar mikilvægir hagsmunir samfélagsins eru í húfi. Ekki verður séð að hagsmunir samfélagsins af því að banna millinöfn séu nægjanlega ríkir til þess að réttlæta slíkt bann.

4. Menningarlegir hagsmunir samfélagsins af því að varðveita íslenska kenninafnasiðinn (föður- og móðurnafnakerfið) eru ótvíræðir, eins og vikið verður að síðar í þessari greinargerð. Ættarnöfn hafa þann höfuðókost að þau stefna þessum sið í voða. Auk þess leiðir ættarnafnakerfið oftast til þess að kenninöfn kvenna víkja fyrir kenninöfnum karla. Millinöfnin hafa hvorugan af þessum ókostum en geta hins vegar haft þann sama kost og ættarnöfnin að auka samkennd fjölskyldna og vitund fólks um uppruna sinn, þ.e. þegar margir í sömu fjölskyldu eða ætt bera sama millinafn. Þeirri mótbáru er reyndar stundum hreyft gegn millinöfnum að þau séu eða geti verið „dulbúin ættarnöfn“, menn taki oft að nota millinafn sem ættarnafn og leggi af föður- eða móðurnafn sitt. Eftir að Hagstofa Íslands tók að fylgja reglum um skráningu nafna jafnfast eftir og nú er raunin virðist þessi ótti þó vera ástæðulaus.
5. Með millinafnakerfinu er þeim sem nú bera ættarnafn gert kleift að kenna sig til föður eða móður að íslenskum sið án þess að þurfa jafnframt að kasta ættarnafninu. Upptaka millinafna á því að geta orðið íslenska kenninafnasiðnum til eflingar.
6. Eins og vikið verður að síðar felst verulegt misrétti í ákvæðum gildandi mannanafnalaga um ættarnöfn. Nokkur hópur manna hefur val sem þorri fólks hefur ekki. Millinafnakerfið dregur úr þessari mismunun. Viss tegund af nöfnum verður nú öllum heimil, reyndar ekki sem kenninöfn en sem millinöfn.

Við þetta er því að bæta að upphafleg hugmynd nefndarinnar var sú að öll ættarnöfn breyttust smám saman í millinöfn, eins og vikið verður að síðar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er veitt almenn heimild fyrir millinöfnum, tekið fram að eiginnöfn ásamt millinafni megi aldrei vera fleiri en þrjú samtals og kveðið á um að millinöfn séu ekki kynbundin, þ.e. að dreng og stúlku megi gefa sama millinafn.

Í 2. mgr. eru almennar reglur um myndun og form millinafna. Í 1. málsl. er tekið fram að millinöfn skuli annaðhvort dregin af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli og að þau skuli ekki hafa nefnifallsendingu. Nefndarmenn ræddu það sjónarmið að þetta kynnu að vera of strangar takmarkanir en eftir nokkrar umræður varð samkomulag um núverandi orðalag málsgreinarinnar. Millinöfn eru nýmæli og því sýnist réttlætanlegt að setja þeim nokkrar skorður. Dæmi um millinöfn sem eru dregin af íslenskum orðstofnum eru öll eftirtalin nöfn: *Önfjörð, Vatnsnes, Sædal, Mosfells* og *Bláfeld.* Samkvæmt orðalagi málsgreinarinnar eru millinöfn eins og *Marcher* og *Öder* hins vegar óheimil (nema í sérstökum tilvikum eins og síðar víkur að) þar sem þau eru ekki dregin af íslenskum orðstofnum og hafa ekki heldur unnið sér hefð í íslensku máli. Loks eru millinöfn eins og *Vídalín* heimil á grundvelli hefðar þótt þau séu ekki dregin beint af íslenskum orðstofnum (heldur af útlenskuðum formum íslenskra orðstofna). Nöfn eins og *Sædalur* og *Ön(undar)fjörður* þykja ótæk millinöfn, einkum á stúlkum, og því er hér sett það ákvæði að millinöfn skuli ekki hafa nefnifallsendingu. Ákvæðið hefur í för með sér að t.d. *Gígja* og *Gauti* eru (almennt) óheimil sem millinöfn (en að sjálfsögðu heimil sem eiginnöfn, *Gígja* sem kvenmannsnafn og *Gauti* sem karlmannsnafn, og þess utan hafa allir þeir sem bera *Gígja* sem ættarnafn rétt til þess að taka það upp sem millinafn, sbr. hér síðar).

Rétt er að taka fram að hugtakið „hefð“ hefur hér sömu merkingu og í 5. gr. Mat á hefð millinafna byggist því á sömu reglum og mat á hefð eiginnafna, sbr. athugasemdir við 5. gr. Þó er sá munur á að þegar hefð eiginnafns er metin er aðeins litið til hefðar þess sem annaðhvort karlmannsnafns eða kvenmannsnafns (þ.e. takmörkuð notkun nafns sem karlmannsnafns getur ekki styrkt hefð þess sem kvenmannsnafns eða öfugt þegar um eiginnöfn er að ræða). Enn fremur skal tekið fram að með hugtakinu „íslenskur orðstofn“ er átt við orðstofna sem fest hafa rætur í íslensku máli hvort sem þeir eru upphaflegir í málinu eða ekki. *Áldal* væri því heimilt millinafn engu síður en *Sædal*.

Í 2. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að jafnvel þótt nöfn séu endingarlaus í nefnifalli séu þau óheimil sem millinöfn hafi þau aðeins unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að endingarlaus eiginnöfn eins og *Þórdís, Agnes, Hermann, Jón* og *Erling* séu gefin sem millinöfn.

Í 3. málsl. 2. mgr. er tekið fram að eignarfallsmyndir eiginnafna séu óheimilar sem millinöfn. Um er að ræða nafnmyndir eins og *Egils* og *Guðrúnar*. Ákvæðið kemur því í veg fyrir „dulbúin“ tvöföld kenninöfn eins og í *Jón Guðrúnar Egilsson* og *María Egils Guðrúnardóttir*. Aðrar eignarfallsmyndir eru hins vegar heimilar sem millinöfn, t.d. *Mosfells* og *Sædals*. Sumum kann raunar að þykja óþarft að reisa skorður við tvöföldum kenninöfnum en það varð engu að síður niðurstaða nefndarinnar, enda eiga tvöföld kenninöfn sér enga almenna hefð í íslensku máli.

Í 4. málsl. 2. gr. er loks tekið fram að millinöfn, sem eru mynduð eins og föður- eða móðurnöfn, séu óheimil. Er þetta í samræmi við íslenska hefð og þá stefnu nefndarinnar að tvöföld kenninöfn skuli ekki leyfð.

Í 3. mgr. er veitt heimild fyrir millinöfnum jafnvel þótt þau fullnægi ekki skilyrðum 2. mgr. standi svo á að þau hafi tíðkast í fjölskyldu þess sem nafnið á að bera. Nokkuð algengt er að nöfn af þessu tagi, svo sem eignarfallsmyndir eiginnafna, hafi tíðkaðst í ákveðnum fjölskyldum. Þykir ótækt annað en að heimila þessum tilteknu fjölskyldum áframhaldandi notkun þessara nafna, úr því að millinöfn eru á annað borð leyfð. Millinöfn, sem gefin eru skv. 3. mgr., eru ekki öllum heimil og skulu því ekki færð á mannanafnaskrá.

Í 4. mgr. er kveðið á um að millinöfn skuli rituð í samræmi við almennar ritvenjur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess og í 5. mgr. er tekið fram að millinafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Sams konar ákvæði eru í 5. gr. um eiginnöfn og þarfnast þau því ekki sérstakra skýringa hér.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að ættarnöfn séu aðeins heimil sem millinöfn í ákveðnum undantekningartilvikum sem gerð er grein fyrir í 2.–5. mgr.

Sú meginregla að ættarnöfn skuli ekki almennt heimil sem millinöfn styðst við þá ríkjandi skoðun í persónurétti, bæði íslenskum og erlendum, að ættarnöfn njóti mun ríkari nafnverndar en eiginnöfn.

Það kann reyndar að vera umdeilanlegt hvaða ættarnöfn skuli njóta þeirrar nafnverndar sem um ræðir. Ættarnöfn hafa komist á hér á landi með mjög mismunandi hætti. Um ýmis þeirra gildir að menn hafa keypt einkarétt til þeirra og er þar annars vegar um að ræða ættarnöfn sem tilkynnt voru til Stjórnarráðsins fyrir 1. janúar 1915 og hins vegar ættarnöfn sem menn tóku sér á árunum 1915–25 á grundvelli laga um mannanöfn, nr. 41/1913. Síðarnefndu nöfnin skyldu ekki ganga til annarra niðja en barna, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1925, en gerðu það þó átölulaust allt tímbilið 1925–91. Fjölmörg ættarnöfn hafa

borist hingað til lands með erlendum mönnum og enn önnur hafa menn fæddir hérlendis af íslensku foreldri tekið sér án þess að sú aðgerð þeirra ætti sér nokkra lagastoð. Þótt ættarnöfn séu til komin með svo ólíkum hætti sem raun ber vitni ber að líta til þess að lög nr. 37/1991 lögleiddu öll ættarnöfn sem voru í þjóðskrá 1. nóvember 1991. Verður því að telja að öll ættarnöfn í þjóðskrá njóti nafnverndar. Nafnverndin nær reyndar einnig til ættarnafns sem ekki er lengur í þjóðskrá svo lengi sem einhver hefur rétt til að bera það sem ættarnafn en eftir að sá réttur fellur niður fellur nafnverndin einnig niður og verður nafnið þá almennt heimilt sem millinafn. Þegar svona stendur á verður einhver þeirra sem réttinn eiga að reka hans, ella er nafnið öðrum heimilt sem millinafn ef það fullnægir skilyrðum 2. mgr. 6. gr. Erfitt er að setja tímamörk um það hvenær réttarins skal rekið en eðlilegt virðist þó að líta svo á að hann falli niður að ákveðnum tíma liðnum, t.d. ef maðurinn sjálfur, alsystkini hans og forfeður hafa ekki notað nafnið í hálfa öld.

Um rétt til ættarnafns gildir sú almenna regla sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins að hann hafa þeir og aðeins þeir sem bera nafnið í þjóðskrá við gildistöku laganna og niðjar þeirra. Álitamál um nafnvernd ættarnafna sem falla út af þjóðskrá munu því ekki rísa fyrr en að alllöngum tíma liðnum eftir gildistöku laganna.

Í 11. gr. dönsku mannanafnalaganna, nr. 193/1981, er kveðið á um að hverjum manni sé heimilt að bera millinafn sem fullnægir einu af þremur skilyrðum:

1. Nafnið er borið sem millinafn af föður eða móður mannsins.
2. Nafnið er manninum heimilt sem ættarnafn.
3. Nafnið tengist manninum sérstaklega.

Heimildirnar í 2. og 3. tölul. eru allvíðtækar og fela m.a. í sér að menn geta fengið ættarnafn eða millinafn hálfsystkinis eða stjúpforeldris sem millinafn, enn fremur geta menn fengið sem millinafn sérhvert það ættarnafn sem hefur verið borið af einhverjum forföður í 1., 2. eða 3. lið, barni umsækjandans, fósturforeldri hans, eða systkini foreldris hans (að tilskildu samþykki barns, fósturforeldris eða systkinis foreldris) og þar að auki sérhvert það ættarnafn sem umsækjandinn getur sýnt fram á að hann (eða barn hans sé um nafngjöf að ræða) tengist með einhverjum þeim hætti öðrum sem telja verður sérstakan fyrir hann (eða barn hans), t.d. þannig að hefð sé fyrir notkun nafnsins í ætt hans jafnvel þótt ættin hafi ekki átt upphaflegan rétt til nafnsins.

Nefndin hefur tekið nokkurt mið af þeim hugmyndum sem fram koma í ákvæðum dönsku mannafnalagananna um millinöfn en telur jafnframt að dönsku reglurnar geti ekki átt við nema að litlu leyti hér á landi og séu allt of flóknar í framkvæmd. Nefndin leggur því til að einungis verði gerðar fáar og einfaldar undantekningar frá þeirri meginreglu að ættarnöfn séu óheimil sem millinöfn. Þessar undantekningar eru raktar í 2.–5. mgr. 7. gr. Í 2. mgr. er þeim sem bera ættarnafn heimilað að breyta því í millinafn og vísað til 15. gr. um nánari ákvæði um slíka nafnbreytingu. Ákvæðið brýtur að sjálfsögðu engan rétt á þeim sem bera ættarnöfn en gerir þeim kleift að kenna sig til föður eða móður að íslenskum sið án þess að þurfa jafnframt að kasta ættarnafni sínu. Þennan millinafnsrétt er ekki unnt að takmarka við þá sem bera ættarnafnið heldur verður hann að ná til allra sem eiga rétt til ættarnafnsins og er sérstaklega kveðið á um það í 3. mgr., að öðrum kosti yrðu þeir sem í hlut eiga fyrst að taka nafnið upp sem ættarnafn og breyta því síðan í millinafn og eru það að sjálfsögðu alveg óþarfir vafningar. Í 4. mgr. er mönnum heimilað að bera ættarnafn sem millinafn hafi alsystkini þeirra, foreldri, afi eða amma borið nafnið sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn. Rétt þykir að fjalla sérstaklega um þetta ákvæði og verður það gert hér á eftir. Í 5. mgr. er mönnum loks leyft að taka sér ættar-

nafn maka síns sem millinafn, hvort sem makinn sjálfur breytir því í millinafn eða ekki. Í 1. mgr. 8. gr. er lagt bann við því að íslenskir ríkisborgarar taki sér ættarnöfn maka sinna eftirleiðis (sem kenninöfn) og verða ástæður þess raktar síðar. Rétt þykir hins vegar að koma nokkuð til móts við þá sem í hlut eiga með því að heimila þeim ættarnöfnin sem millinöfn.

Í öllum þessum tilvikum gildir ávallt einu hvort nafnið fullnægir skilyrðum 2. mgr. 6. gr. eða ekki (og verða því erlend ættarnöfn heimil sem millinöfn í fjölskyldum sem eiga ættir að rekja til útlanda, t.d. *Marcher* og *Öder*).

Eins og fyrr segir þykir rétt að fjalla sérstaklega um 4. mgr., en þar segir að menn megi bera ættarnafn sem millinafn hafi alsystkini þeirra, foreldri, afi eða amma borið nafnið sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn. Með þessu ákvæði er m.a. gætt réttar þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir því að það veldur því að nánustu afkomendur þeirra sem borið hafa erlend ættarnöfn en lagt þau af (t.d. Öder) geta tekið þau upp sem millinöfn. Nánustu niðjar innfæddra Íslendinga sem leggja ættarnafn sitt af eða breyta því í millinafn hafa einnig rétt til að bera það sem millinafn og er sá réttur tryggður með orðalagi 4. mgr. Auk þess hafa fjarlægari niðjar sama rétt ef nánustu ættingjar þeirra nýta sér hann (en að öðrum kosti fellur hann niður). Í 4. mgr. er einnig kveðið á um að menn eigi rétt til að bera ættarnafn sem millinafn ef náið skyldmenni hefur borið nafnið sem eiginnafn, þ.e. fyrir gildistöku laganna (og þar af leiðandi á tíma þegar hugtakið „millinafn“ hafði enga stöðu í íslenskri nafnalöggjöf og viðkomandi nöfn urðu því að teljast vera eiginnöfn). Rökin fyrir þessu eru einkum þessi:

1. Mjög margar af þeim umsóknum um millinöfn, sem mannanafnanefnd berast, eru einmitt um nöfn sem eru ættarnöfn en hafa jafnframt tíðkast sem eiginnöfn í fjölskyldu umsækjandans. Ef mönnum er meinað að bera eða gefa nafnið þegar svona stendur á nær sú breyting að heimila millinöfn ekki tilgangi sínum nema að takmörkuðu leyti og horfir ekki til þess aukna frjálsræðis í nafngiftum sem að er stefnt.
2. Notkun þeirra nafna sem um ræðir sem eiginnafna/millinafna hefur verið látin átölulaus og hefur því unnið sér nokkurn hefðarrétt.
3. Um mörg ættarnöfn í þjóðskrá gildir að þau eru miklu algengari sem eiginnöfn/millinöfn en sem ættarnöfn. Ef þeim fjölskyldum, sem hafa notað þessi nöfn sem eiginnöfn/millinöfn, væri meinað að gera það eftirleiðis væri um að ræða oftúlkun á nafnvernd ættarnafna. Það sýnast með öðrum orðum ekki rök til þess að láta nafnrétt þeirra sem bera viðkomandi nöfn sem eiginnöfn/millinöfn víkja með öllu fyrir nafnrétti þeirra sem bera þau sem ættarnöfn. Óbreytt er að einungis hinir síðarnefndu hafa rétt til nafnsins sem ættarnafns.

Ekki er vitað til þess að mál hafi verið höfðað fyrir íslenskum dómstóli vegna notkunar ættarnafns sem eiginnafns/millinafns og sannar sagan því að þeir sem bera ættarnöfn hér á landi amast ekki við slíkri notkun þeirra. Jafnframt sýnir reynslan af störfum mannanafnanefndar að synjun um nöfn sem eru ættarnöfn en hafa tíðkast sem eiginnöfn/millinöfn í tilteknum fjölskyldum veldur oft miklu angri þeirra sem í hlut eiga. Tillaga nefndarinnar er því hvort tveggja í senn sanngjörn málamiðlun og það fyrirkomulag sem ætla má að mestur friður verði um.

Í 6. mgr. 7. gr. er loks tekið fram að þeir sem fá eða taka sér millinafn skuli kenna sig til föður eða móður. Ákvæðið kemur í veg fyrir notkun tvöfaldra ættarnafna og er í samræmi við þá stefnu sem kemur fram annars staðar í frumvarpinu að tvöföld kenninöfn skuli ekki heimil.

Réttur til millinafna skv. 7. gr. og 3. mgr. 6. gr. er ekki almennur heldur ættbundinn. Þau nöfn sem um er að ræða færast því ekki á mannanafnaskrá.

Við nafngjöf og nafntilkynningu fer eins um millinöfn og eiginnöfn að öðru leyti en því að taka verður skýrt fram í skírnarskýrslu eða nafntilkynningu hvort nafn sé eiginnafn eða millinafn, enda hafa þessir flokkar nafna ólíka stöðu að ýmsu leyti. Aðeins má gefa eitt millinafn, engin skylda er að gefa slíkt nafn og það getur aldrei verið stofn í föður- eða móðurnafni.

Í 1. mgr. 13. gr. kveður á um að dómsmálaráðherra sé heimilt að leyfa breytingu á eiginnafni og/eða millinafni, þar með talda upptöku viðbótarnafns ef ástæður mæla með því. Þetta ákvæði nær þó ekki til upptöku millinafns skv. 7. gr. eða 3. mgr. 6. gr. Þeir sem í hlut eiga hafa ættbundinn rétt til þessara nafna og eiga því auðsæilega ekki að þurfa að tíunda ástæður sínar í sérstakri umsókn til ráðherra. Nægilegt er að þeir tilkynni vilja sinn til Þjóðskrár og að hún gangi síðan úr skugga um hvort þær ástæður, sem taldar eru í 3. mgr. 6. gr. og 7. gr., eigi við. Hér skiptir þó máli hvort millinafnið er hrein viðbót eða kemur í stað einhvers eiginnafns eða millinafns, beri menn tvö eða þrjú nöfn. Eigi millinafn að að koma í stað annars nafns verður að sækja um niðurfellingu hins síðarnefnda til dómsmálaráðherra skv. 1. mgr. 13. gr.

Um IV. kafla.

Íslendingar eru eina þjóðin á Norðurlöndum og þótt miklu víðar væri leitað sem tekist hefur að varðveita þann ævaforna sið að menn séu kenndir til föður eða móður. Þessi forni kenninafnasiður markar Íslendingum mikla sérstöðu og er nátengdur tilfinningu þeirra fyrir sögu þeirra, menningu og sjálfstæði. Nöfn nútímafólks eru flest með sama sniði og nöfn áa þess um aldir. *Vigdís Finnbogadóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Guðrún Ósvífursdóttir* og *Snorri Sturluson*, allt eru þetta nöfn sem vitna um órofa samhengi íslenskrar menningar og tungu, samhengi sem á sér naumast sinn líka annars staðar í heiminum. Auk þess að vera forn, sérstakur og þjóðlegur hefur íslenski kenninafnasiðurinn þann mikla kost að kenninöfn kvenna víkja ekki fyrir kenninöfnum karla. Nöfn eru mjög mikilvægur þáttur sjálfshugmyndar fólks og má því hiklaust telja að þetta einkenni íslenska kenninafnakerfisins stuðli að sterkari sjálfsímynd kvenna og þar með betri stöðu þeirra í samfélaginu en ella væri. Allar rannsóknir á ævi og kjörum kvenna og að sjálfsögðu einnig á ætterni þeirra eru og auðveldari en ella fyrir þá sök að þær halda nafni sínu óbreyttu frá vöggu til grafar, koma fram í öllum skrám og skjölum sem fullveðja og sjálfstæðir einstaklingar.

Það væri óbætanlegur skaði ef Íslendingar glötuðu þeim merkilega arfi sem kenninafnasiður þeirra er. Þeir hafa þá skyldu við sjálfa sig, afkomendur sína og umheiminn að reyna eftir fremsta megni að varðveita þennan arf.

Sáralitlar rannsóknir hafa verið gerðar á sögu ættarnafna á Íslandi og verður því fátt um hana fullyrt. Engu að síður er unnt að staðhæfa að notkun ættarnafna hefur færst mjög í aukana á undanförnum áratugum. Í manntalinu 1855 voru ættarnöfn borin af einstaklingum fæddum hér á landi 108 talsins en í manntali 1910 er sambærileg tala 297. Samkvæmt athugun sem nefndin hefur unnið upp úr gögnum frá Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, voru ættarnöfn íslenskra ríkisborgara hér á landi 2.227 talsins 21. október 1994. Þessar tölur um fjölda ættarnafna eru hér dregnar saman í töflu:

Ár	Ættarnöfn
1855	108
1910	297
1994	2.227

Aðeins eru talin með nöfn íslenskra ríkisborgara sem voru búsettir hér á landi 21. október 1994 en hvorki þeirra fjölmörgu Íslendinga í þjóðskrá sem búa í öðrum löndum og bera erlent ættarnafn né þeirra erlendu ríkisborgara sem búa hér á landi. Ættarnöfn sem enda á -son valda því að ekki er unnt að fá alveg nákvæma tölu um fjölda ættarnafna nema með mikilli fyrirhöfn og kostnaði. Auk þess eru tölurnar í töflunni ekki alveg sambærilegar því að tölurnar fyrir 1855 og 1910 miðast aðeins við fólk fætt hér á landi en í gögnum Hagstofu Íslands um fjölda ættarnafna 1994 er ekki greint á milli íslenskra ríkisborgara eftir fæðingarstað heldur aðeins eftir búsetu. Þar á móti vegur að ýmsir af þeim Íslendingum sem nú búa erlendis eiga eftir að flytja erlend ættarnöfn með sér hingað til lands og enn fremur að ættarnöfn margra erlendra ríkisborgara hér á landi munu skjóta hér rótum. Hvernig sem þetta er metið er auðsætt að ættarnöfnum hefur fjölgað stórkostlega hér á landi á þessari öld. Þessi fjölgun er athyglisverð í ljósi þess að upptaka nýrra ættarnafna hefur verið ólögleg allar götur frá 1925.

Flest ættarnöfn eru aðeins borin af örfáum mönnum en fjöldi íslenskra ríkisborgara sem báru ættarnöfn í þjóðskrá 21. október 1994 og voru þá búsettir hér á landi reyndist þó vera um 13.000 eða um 5% íbúa landsins. Tölur frá fyrri tíð um fjölda þeirra sem hafa borið ættarnöfn eru ekki tiltækar en naumast þarf að fara í grafgötur um að ekki aðeins fjöldi heldur einnig tíðni ættarnafna hefur aukist mjög á undanförnum áratugum og heldur enn áfram að aukast hröðum skrefum.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, hefur tekið saman tölur um fjölda nafnbreytinga á tímabilinu frá 1. nóvember 1991 til 30. júní 1994. Þessi samantekt leiðir m.a. eftirfarandi í ljós:

	Konur	Karlar	Samtals
Ættarnafn tekið upp í karllegg	164	172	336
Ættarnafn tekið upp í kvenlegg	119	106	225
Ættarnafn maka tekið upp	70	4	74
Samtals	**323**	**282**	**635**
Ættarnafn fellt niður	33	25	58
Ættarnafn maka fellt niður	13	–	13
Samtals	**46**	**25**	**71**

Upptaka ættarnafns samkvæmt heimildarákvæðum gildandi mannanafnalaga þar um er því um níu sinnum algengari en niðurfelling ættarnafns.

Í 4. mgr. 9. gr. gildandi laga um mannanöfn er lagt bann við upptöku nýrra ættarnafna á Íslandi. Þrátt fyrir þetta bann koma lögin hvorki í veg fyrir fjölgun ættarnafna né aukna tíðni þeirra í kenninafnaflóru Íslendinga og veldur því einkum tvennt:

1. Ættarnöfn ganga nú bæði í karl- og kvenlegg og það stuðlar að aukinni tíðni þeirra ættarnafna sem þegar hafa fest rætur á Íslandi.
2. Ný ættarnöfn berast stöðugt inn í málið. Þessi nöfn berast með margvíslegum hætti en þó einna helst með börnum erlendra karla og íslenskra kvenna. Þessi börn bera oft eða oftast hið erlenda ættarnafn föður síns og heimilt er að nafnið gangi áfram til niðja þeirra í fyllingu tímans, sbr. 1. málsl. 11. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991.

Flest algengustu ættarnöfnin eru kunnugleg, svo sem *Thorarensen, Blöndal, Hansen, Thoroddsen* og *Bergmann*. Sé hins vegar litið til fátíðari ættarnafna, þ.e. þeirra ættarnafna sem nú eru að hasla sér völl hér á landi, kemur í ljós að þau eru með allt öðru yfirbragði. Svo að dæmi sé tekið er hvert eftirfarandi 109 ættarnafna nú borið af þremur íslenskum körlum búsettum hér á landi: Adessa, Andreasen, Antoniussen, Banine, Bauer, Becker, Bek, Berry, Bjarkan, Blanco, Brekkan, Brown, Bruun, Busk, Cabrera, Carlsen, Cassata, Chelbat, Cilia, Datye, Danielsen, Davidsen, Edelstein, Eldon, Elmers, Eyvinds, Falkner, Franklín, Frenandez, Foss, Garðars, Glad, Guðmann, Haarde, Haelser, Haralz, Haugen, Heide, Hersir, Hinz, Hopkins, Hounslow, Hólmjárn, Huntingdon-Williams, Huybens, Hvanndal, Ívars, Jabali, Jepsersen, Jessen, Jimma, Kaldalóns, Kale, Kaspersen, Kazmi, Kinstry, Kuran, Lee, Lefever, Lemarquis, Lyngmó, Martinez, McKee, Melax, Melstað, Melsteð, Meyer, Miller, Mortensen, Naabye, Nardeau, Nilsen, Ormslev, Pajdak, Passaro, Pollock, Radmanesh, Randrup, Reed, Reykjalín, Reyndal, Reynis, Rist, Rosdahl, Rossen, Rósinkranz, Said, Sanchez, Sen, Shahin, Solheim, Spencer, Stanojev, Strand, Torp, Turner, Tönsberg, Urbancic, Weihe, Weisshappel, Wessman, Wheat, White, Wolfram, Woll, Wöhler, Överby og Özcan.

Af þessum 109 nöfnum eru einungis 19 sem geta talist íslensk og er þó öllu til tjaldað, svo sem *Franklín, Eldon* og *Haralz*.

Einhver af þessum nöfnum eru vísast borin af fólki sem á eftir að hverfa af landi brott en þó er ástæða til að ætla að flest þeirra muni breiðast út hér á landi. Ýmis af algengustu ættarnöfnum hér á landi bárust hingað til lands með erlendum mönnum sem tóku sér bólfestu hér og er engin ástæða til að ætla að þetta verði með öðrum hætti eftirleiðis en hingað til. Hér má t.d. telja nöfnin *Hansen*, nú borið af 234 íslenskum ríkisborgurum hér á landi, *Möller* (160), *Olsen* (155), *Nielsen* (129), *Richter* (76) og *Hall* (74). Nokkru fátíðari nöfn í þessum flokki eru t.d. *Schram* (58), *Mogensen* (43), *Diego* (30), *Kröyer* (30) og *Cortes* (21). Innan fárra áratuga kann því að fara svo að tugir eða hundruð manna beri ýmis af þeim ættarnöfnum sem nú eru einungis borin af örfáum einstaklingum, t.d. *Brown, Bruun, Busk, Cabrera, Carlsen, Cassata, Chelbat, Cilia* og *Datye* eða *Turner, Tönsberg, Urbancic, Weihe, Weisshappel, Wessman, Wheat, White, Wolfram, Woll, Wöhler, Överby* og *Özcan*.

Einsýnt er að ættarnöfn eru í hraðari sókn hér á landi en menn gera sér almennt grein fyrir, svo hraðri að íslenska kenninafnasiðnum stendur af henni veruleg ógn. Verði ekkert að gert kann svo að fara að ekki líði margir áratugir þar til kenninafnaflóra Íslendinga einkennist af ættarnöfnum sem þar á ofan verða flest útlend og með æðiframandlegum blæ. Reyndar er nú þegar svo komið að ættarnöfn karla eru nú nokkru fleiri en föðurnöfn þeirra en ættarnöfn kvenna allmiklu fleiri en föðurnöfn þeirra.

Hér er raunar um fleira að tefla en örlög íslenska kenninafnasiðarins. Ákvæði gildandi mannanafnalaga um kenninöfn mismuna þegnum landsins eftir ætt, uppruna og jafnvel kynferði. Helstu dæmin um mismunun eru þessi:

1. Flestir innfæddir Íslendingar eiga ekki val um neitt annað en föður- eða móðurnafn en aðrir geta valið á milli slíks nafns og ættarnafns, jafnvel þótt ættarnafnið eigi í sumum tilvikum rætur að rekja til sjálftöku sem ekki átti sér neina lagastoð.
2. Ættarnöfn þeirra sem eru Íslendingar að fæðingu ganga til niðja þeirra en ekki ættarnöfn þeirra sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt með lögum (nema til þeirra barna þeirra sem eru 16 ára og eldri þegar þeir fá ríkisborgararéttinn, sbr. lið 4 hér á eftir).
3. Útlendir karlar hafa í raun lakari nafnrétt en útlendar konur, þótt þeir eigi þess kost að taka sér kenninafn íslensks maka síns (t.d. Jónsdóttir) getur það ekki talist raunverulegt „val".
4. Þess eru jafnvel dæmi að alsystkini hafi ólíkan nafnrétt. Börn þeirra sem fá íslenskan ríkisborgararétt með lögum og hafa náð 16 ára aldri mega halda ættarnafni sínu en yngri alsystkini þeirra ekki.

Auðsætt er að við svo búið má ekki standa.

Unnt er að útrýma þessari mismunun með því að lögleiða almennt ættarnafnakerfi hér á landi og leyfa upptöku nýrra íslenskra ættarnafna. Með því móti ynnist einnig það að komið væri í veg fyrir þau hraklegu örlög að kenninöfn Íslendinga verði fyrst og fremst útlend ættarnöfn. Reynsla annarra þjóða bendir til þess að þar sem ættarnöfn fá að þrífast óáreitt við hlið föðurnafna fari ættarnöfnin ávallt með sigur af hólmi og því má búast við að íslensk ættarnöfn hömluðu betur gegn útbreiðslu erlendra ættarnafna en föður- og móðurnöfnin íslensku gera. Þessi aðgerð mundi hins vegar leiða til þess að íslenski kenninafnasiðurinn liði brátt undir lok og er því alls ófýsilegur kostur.

Önnur leið út úr þessum ógöngum væri að banna ættarnöfn með öllu hér á landi en þótt ýmsum kunni að þykja sú leið æskileg verður að telja hana ófæra. Það er auðsætt brot á mannréttindum að taka af mönnum þau nöfn sem þeir bera. Eins og minnst var á í athugasemdum við III. kafla hugðist nefndin því leggja til að farinn yrði sá meðalvegur í þessu efni að öll ættarnöfn breyttust smám saman í millinöfn, með því móti að ófæddir niðjar þeirra sem nú bera ættarnöfn mættu bera þau sem millinöfn ásamt föður- eða móðurnafni en ekki sem ættarnöfn (þó með þeirri undantekningu að barn mætti fá ættarnafn ef það ætti alsystkini sem þegar bæri nafnið). Það orðalag sem nefndin hafði í huga var nokkurn veginn eftirfarandi: „Hver maður skal kenna sig til föður eða móður þannig að . . . Maður sem ber ættarnafn má þó bera það áfram en það gengur ekki til niðja hans. Þó er ávallt heimilt að barn fái sama kenninafn og alsystkini þess."

Í upphaflegum hugmyndum nefndarinnar var, eins og nú, enn fremur gert ráð fyrir að niðjar þeirra sem nú bera ættarnöfn mættu bera þau sem millinöfn.

Áður er minnst á nafnvernd ættarnafna. Nefndin dregur ekki í efa að ættarnöfn njóti ríkrar verndar fyrir hvers konar misnotkun, þar á meðal gegn því að maður taki upp ættarnafn annars manns í heimildarleysi. Á hinn bóginn telur nefndin ekki sýnt að réttur þeirra sem bera ættarnöfn sé svo ríkur að almannavaldinu sé um aldur og ævi ókleift að breyta stöðu ættarnafna í nafnakerfi þjóðarinnar, enda feli breytingin ekki í sér skerðingu á sjálfum einkaréttinum til nafnsins (sem millinafns) og sé gerð með þeim hætti að allir sem þegar bera ættarnöfn fái að bera þau áfram óáreittir. Í þessu sambandi má og minna á að lög nr. 54/1925 skertu rétt margra sem báru ættarnöfn mun freklegar en hér er til umræðu. Þótt sú skerðing næði ekki fram að ganga vegna aðgerðarleysis ríkisvaldsins breytir það því ekki að löggjafinn taldi hana framkvæmanlega.

Í starfi sínu varð nefndin þess hins vegar áskynja að víða væri hörð andstaða gegn því að nokkuð yrði hróflað við ættarnöfnum. Hefur nefndin því ekki talið raunhæft að halda þessari tillögu til streitu. Nefndin telur þó enn að þessi millinafnaleið sé besta leiðin út úr þeim ógöngum sem kenninafnakerfi Íslendinga hefur ratað í.

Þar eð nefndin telur sér ekki fært að leggja þennan kost til gerir hún það að tillögu sinni að ákvæði gildandi mannanafnalaga um kenninöfn haldist að mestu óbreytt, þó þannig að dregið verði úr mismunun og sú skorða reist við útbreiðslu ættarnafna að íslenskir ríkisborgarar fái ekki að taka upp ættarnafn maka síns eftirleiðis. Jafnframt hlýtur nefndin þó að ítreka að þessi niðurstaða kann að leiða til þess að Íslendingar muni innan fárra áratuga fyrst og fremst bera kenninöfn sem eru útlend ættarnöfn.

Um 8. gr.

Þessi grein kemur einkum í stað 9. gr. laga nr. 37/1991. Í 4. mgr. er þó ákvæði sem kemur í stað 2. málsl. 11. gr. laga nr. 37/1991, í 2. málsl. 2. mgr. er ákvæði sem svarar til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna og í 6. mgr. er ákvæði 3. mgr. 10. gr. þeirra tekið upp óbreytt.

Í 1. mgr. er hugtakið „kenninafn“ skilgreint og þarfnast sú skilgreining ekki nánari skýringar.

Í 1. málsl. 2. mgr. er sett fram sú meginregla að hver maður skuli kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt til að bera ættarnafn og kjósi það. Þetta ákvæði kemur í stað upphafs 1. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991 og er efnislega óbreytt. Í 2. málsl. er heimilað það frávik að ófeðrað barn sé kennt til afa síns og svarar þetta ákvæði til heimildar 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 37/1991.

Það kann að þykja óeðlilegt að kenna börn til afa síns þegar svona stendur á og ræddi nefndin það sjónarmið en komst að þeirri niðurstöðu að óhjákvæmilegt væri að hafa þessa heimild áfram í lögum. Þótt kenna megi ófeðrað barn til móður þess ber reynsla Þjóðskrár og mannanafnanefndar órækt vitni um að mæður telja það í flestum tilvikum alveg ófullnægjandi lausn, einkum þegar um drengi er að ræða. Óttast þær einkum að slík kenning valdi barninu áreitni og óþægindum í skóla en reyndar einnig síðar í lífinu. Að sjálfsögðu ætti svo ekki að vera en hér sem oftar sannast að hugsjón um jafnstöðu kynjanna og nafna þeirra er eitt og veruleikinn annað. Þar að auki má benda á að það stuðlar ekki að jafnstöðu kynjanna að skerða þann rétt sem ófeðruð börn og mæður þeirra hafa nú.

Í 3. mgr. er tekið fram að föður- og móðurnöfn séu dregin af eignarfalli nafns föður eða móður með því að bæta við það *son* ef karlmaður er en *dóttir* ef kvenmaður er. Auk kenninafna sem mynduð eru með þessum hætti er nokkuð um kenninöfn sem eru dregin af afbrigðilegu eignarfalli, t.d. *Sigurðsson, Magnússon* og *Jónasdóttir* (í stað *Sigurðarson, Magnúsarson* og *Jónasardóttir*, sbr. hins vegar *Sigurðardóttir*). Þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að þessi kenninöfn verði áfram heimil, enda hafa þau unnið sér hefð í málinu og eru mynduð í samræmi við rótgrónar orðmyndunarreglur íslenskra kenninafna. Þegar ekki er um slíka hefð að ræða eru samsetningar af þessu tagi hins vegar óheimilar, t.d. *Jóndóttir* eða *Guðmundson*, enda brjóta þær í bág við íslenskt málkerfi. Á hinn bóginn verður að líta svo á að rétt mynduð kenninöfn, svo sem *Magnúsarson*, séu ávallt heimil jafnvel þótt þau kunni að eiga sér litla eða enga hefð.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimilt sé með úrskurði mannanafnanefndar að laga kenninöfn sem dregin eru af erlendum nöfnum foreldra að íslensku máli. Standi t.d. þannig á að faðir heiti Sven getur mannanafnanefnd úrskurðað að börn hans megi vera *Sveinssynir* og *Sveinsdætur*. Ákvæðið kemur í stað heimildar í 2. málsl. 11. gr. laga nr. 37/1991 en verður nú almennt heimildarákvæði en ekki bundið við börn erlendra karla og íslenskra kvenna.

Hér er rétt að vekja athygli á að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að menn af erlendum uppruna hafi sama kenninafnsrétt og aðrir (með þeirri einu undantekningu sem gerð er í 1. mgr. 9. gr. að íslenskir ríkisborgarar mega ekki taka upp ættarnafn maka eftirleiðis). Þannig geta menn nú kennt sig eða börn sín til eiginnafns óháð því hvort nafnið er íslenskt eða fullnægir skilyrðum 5. gr. (en eiginnöfnin sjálf verða hins vegar ekki heimil nema þau samræmist 5. gr.). Á hliðstæðan hátt er réttur manna til að sækja um aðlögun kenninafns nú óháður uppruna þeirra.

Í 5. mgr. segir að menn sem bera ættarnöfn við gildistöku laganna megi bera þau áfram, svo og niðjar þeirra í karllegg og kvenlegg. Ákvæðið svarar til 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991 en er nú breytt að því leyti að það er ekki bundið við þá eina sem eru íslenskir ríkisborgarar við gildistöku laganna. Búast má við því að þessi breyting stuðli að enn frekari útbreiðslu ættarnafna hér á landi. Nefndarmönnum er því óljúft að leggja hana til en sjá ekki að unnt sé að komast hjá henni. Það er óhæfa að réttur þeirra sem eru af erlendum uppruna sé gerður minni en annarra með lagasetningu og verður réttur þeirra til ættarnafna því ekki skertur svo að vel fari nema slík aðgerð sé almenn, skerði rétt allra jafnt.

Í 6. mgr. er tekið fram að þeir sem samkvæmt þjóðskrá eru kenndir til föður eða móður maka síns við gildistöku laganna megi vera það áfram. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 3. mgr. 10. gr. laga nr. 37/1991 og í samræmi við þá stefnu að lögin skuli aldrei vera afturvirk.

7. og 8. mgr. svara til 3. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991 og eru efnislega óbreyttar frá þeim. Í 7. mgr. er tekið fram að menn megi ekki bera fleiri en eitt kenninafn. Þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram er engu að síður gert ráð fyrir að þeir sem bera tvö kenninöfn við gildistöku laganna megi bera þau áfram, enda eiga lögin ekki að vera afturvirk. Í 8. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

Um 9. gr.

Þessi grein kemur að mestu í stað 13. og 14. gr. gildandi mannanafnalaga en 3. mgr. svarar þó til 2. mgr. 10. gr. þeirra. Veigamesta breytingin sem hér er lögð til er í 1. mgr. þar sem kveðið er á um að íslenskum ríkisborgara sé eftirleiðis óheimilt að taka upp ættarnafn maka síns. Rökin fyrir þessari breytingu eru margvísleg:

1. Ákvæði gildandi laga um ættarnöfn valda því að ættarnöfn geta borist til manna sem alls ekki eru af viðkomandi ætt. Þetta gerist með eftirfarandi hætti. Maður tekur upp ættarnafn maka síns og heldur því eftir skilnað eða andlát makans. Maðurinn giftist öðru sinni og börn hans með nýja makanum hafa þá rétt til ættarnafnsins. Nýi makinn á reyndar einnig rétt til þess þótt hann hafi aldrei tengst ættinni og því getur ættarnafnið jafnvel borist til barna hans með enn öðrum karli eða konu sem ekki hefur heldur tengst ættinni með nokkru móti. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 1. mgr. er komið í veg fyrir að nokkuð af þessu geti gerst.

2. Sá siður að menn taki kenninafn maka síns er útlendur að uppruna. Það er á hinn bóginn höfuðeinkenni íslenska kenninafnakerfisins að hver maður heldur kenninafni sínu óbreyttu frá vöggu til grafar og engin ástæða er til að maður víki frá þessari reglu þótt hann giftist manni sem ber ættarnafn. Með öðrum orðum: Þegar svona stendur á er um tvennt að ræða, að fara að útlendri fyrirmynd eða fylgja íslenskri reglu og ekki eru nein haldbær rök sjáanleg fyrir því að menn taki hina útlendu fyrirmynd fram yfir íslensku regluna.
3. Þessi útlendi siður veldur því yfirleitt að kenninöfn kvenna víkja fyrir kenninöfnum karla. Breytingin kemur í veg fyrir það.
4. Breytingin hamlar gegn útbreiðslu ættarnafna og á því er ekki vanþörf eins og áður er rakið.

Eins og áður er minnst á í athugasemdum við 7. gr. er komið nokkuð til móts við þá sem hér eiga í hlut með því að heimila þeim að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn.

Í 2. mgr. er kveðið á um að maður, sem við gildistöku laganna ber ættarnafn maka síns, megi bera það áfram og þar er einnig ákvæði um að hann megi bera ættarnafnið áfram eftir að hjúskap lýkur, svo fremi sem dómsmálaráðherra úrskurði ekki að honum sé það óheimilt að framkominni kröfu þar um. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 13. gr. gildandi mannanafnalaga, enda þykir ekki vert að skerða rétt þeirra sem þegar bera ættarnöfn.

Í 3. mgr. er kveðið á um að maður, sem hefur tekið upp föður- eða móðurnafn maka síns við búsetu erlendis, skuli leggja það niður við flutning til landsins og að það skuli niðjar þeirra sömuleiðis gera. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 10. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að nú ber öllum niðjum hjónanna en ekki aðeins börnum þeirra að leggja kenninafnið niður við flutning til landsins.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um nafnrétt manna af erlendum uppruna, bæði þeirra sem fá eða hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt og þeirra erlendu ríkisborgara sem eru búsettir hér á landi. Lagt er til að nafnréttur hinna fyrrnefndu og niðja þeirra verði rýmkaður verulega. Með þessari veigamiklu breytingu er stefnt að því að draga úr þeirri mismunun sem gerð var að umtalsefni í athugasemdum við IV. kafla, eftir því sem kostur er.

Um 10. gr.

Hér segir í 1. mgr. að ákvæði 2. gr. um nafngjöf og 5. gr. um eiginnöfn taki ekki til barns ef báðir foreldrar þess eru erlendir ríkisborgarar eða þegar svo stendur á að barnið er ófeðrað og móðir þess erlend. Málsgreinin svarar til 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að barn sé að nokkru undanþegið ákvæðum 5., 6. og 7. gr. um eiginnöfn og millinöfn ef annað foreldri þess er erlendur ríkisborgari eða hefur verið það. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Nöfn, sem gefin eru skv. 1. málsl. 2. mgr., skulu að sjálfsögðu ekki færð á mannanafnaskrá.

Um 11. gr.

Þessi grein kemur að mestu í stað 15. gr. gildandi laga og bætir nafnrétt þeirra sem fá eða hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt með lögum.

Í 1. mgr. er lagt til að maður sem fær íslenskan ríkisborgararétt með lögum megi halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laganna, þ.e. ákvæði 5. gr. um eiginnöfn, 6. og 7. gr. um millinöfn og 2.–4. mgr. 8. gr. um kenninöfn.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði 1. mgr. eigi við um börn manns sem fær íslenskt ríkisfang með lögum og öðlast íslenskt ríkisfang með honum og í 3. mgr. segir að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um þá sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

Barn, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt með lögum, hefur að flestu leyti sama nafnrétt og önnur íslensk börn, t.d. rétt til ættarnafns í samræmi við ákvæði 5. mgr. 8. gr. Að sjálfsögðu tekur undanþágan í 2. mgr. 10. gr. þó til þeirra barna sem hér eiga í hlut og þau eiga einnig rétt á aðlögun kenninafns í samræmi við 4. mgr. 8. gr.

Í 4. mgr. er lagt til að þeim sem áður hafa fengið íslenskt ríkisfang með því skilyrði að þeir breyttu nöfnum sínum skuli heimilt með leyfi dómsmálaráðherra að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér, þó þannig að eiginnöfn þeirra og millinöfn verði ekki fleiri en þrjú samtals. Einnig er lagt til að niðjar þessara manna hafi sama rétt. Um nafnbreytingar samkvæmt þessari málsgrein gilda hinar almennu reglur VI. kafla um nafnbreytingar.

Um 12. gr.

Í þessari grein segir að erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending, megi taka upp ættarnafn maka síns ef til er eða kenna sig til föður hans eða móður og skuli kenninafn hans þá dregið af sama eiginnafni og kenninafn maka hans.

Ákvæðið um ættarnöfn veitir þeim sem í hlut eiga sama rétt og 1. málsl. 13. gr. gildandi laga. Heimild hins erlenda ríkisborgara til að kenna sig til föður eða móður maka síns kemur hins vegar í stað 1. málsl. 10. gr. gildandi laga og felur í sér nokkra breytingu. Í gildandi ákvæði er tekið svo til orða að maðurinn megi kenna sig til föður eða móður maka síns „á sama hátt og hann“. Erlend eiginkona karls sem er Jónsson má því nefna sig „Jónsson“ og erlendur eiginmaður konu sem er Jónsdóttir má á sama hátt nefna sig „Jónsdóttir“. Eins og getið var um í athugasemdum við IV. kafla er nafnréttur karla hér því í rauninni fyrir borð borinn og telur nefndin nauðsynlegt að bæta úr því. Með því orðalagi sem lagt er til fær eiginmaður konu sem er Jónsdóttir rétt til að nefna sig „Jónsson“ (en ekki „Jónsdóttir“) og eiginkona karls sem er Jónsson fær á sama hátt rétt til að nefna sig „Jónsdóttir“ (en ekki „Jónsson“). Hinum erlenda maka er að sjálfsögðu einnig heimilt að halda kenninafni sínu óbreyttu.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um nafnbreytingar, annars vegar breytingar á eiginnöfnum og millinöfnum í þætti A og hins vegar breytingar á kenninöfnum í þætti B.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. segir að dómsmálaráðherra sé heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni og/eða millinafni, þar með talið að taka sér viðbótarnafn eða -nöfn og/eða fella niður nafn eða nöfn ef telja verður að ástæður mæli með því.

Málsgreinin svarar til 1. málsl. 3. mgr. 7. gr. gildandi laga og felur í sér þrjár breytingar. Hin fyrsta er að málsgreinin tekur nú til millinafna eins og eiginnafna og þarfnast sú breyting ekki skýringa. Önnur breytingin er aðeins orðalagsbreyting á þá leið að niðurfelling nafna falli undir nafnbreytingu. Ekki er sérstaklega kveðið á um þetta í 1. málsl. 3. mgr. 7. gr. gildandi laga, en hann hefur þó verið túlkaður þannig að hann taki til niðurfellingar nafns svo að hér er ekki um efnisbreytingu að ræða. Þriðja breytingin er sú að nú er nægjanlegt að ástæður mæli með nafnbreytingu í stað gildra ástæðna áður. Í greinargerð með 7. gr. gildandi laga kemur fram að tilgangur orðalagsins „gildar ástæður“ var að veita þrönga heimild til breytinga á eiginnöfnum. Við framkvæmd laganna hefur hins vegar komið í ljós rík þörf fyrir rýmri heimild til breytinga á eiginnöfnum og leggur nefndin því til þá rýmkun sem að framan greinir. Þessi breyting á þó ekki að leiða til tíðari nafnbreytinga en áður því að í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að nafnbreytingar skuli einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á. Á það við um breytingar á eiginnöfnum, millinöfnum og kenninöfnum.

Þótt heimilt sé að fella nafn niður skal maður að sjálfsögðu ávallt bera að minnsta kosti eitt eiginnafn. Einnig er rétt að benda á að niðurfelling nafns skv. 1. mgr. 13. gr. er annað en breyting á skráningu nafns skv. 20. gr. frumvarpsins, en slík breyting á skráningu getur m.a. falist í því að nafn, sem maður ber í rauninni áfram, er fellt niður í þjóðskrá.

Barn manns sem hefur breytt eiginnafni sínu má halda kenninafni sínu óbreyttu eða taka upp kenninafn í samræmi við breytt eiginnafn foreldrisins.

Í 2. mgr. 13. gr. er kveðið á um nafnbreytingar barna undir 16 ára aldri. Málsgreinin svarar til 2. og 3. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er sérstök heimild til nafnbreytingar barns við ættleiðingu. Málsgreinin svarar til 4. mgr. 7. gr. gildandi laga og er óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að 2. málsl. þeirrar greinar falli niður, en í honum segir að nafnbreyting barns við ættleiðingu skuli háð samþykki þess sjálfs sé þess kostur. Í staðinn er nú lagt til að um samþykki barnsins fari eftir hinu almenna ákvæði 4. mgr. 13. gr. sem nú skal vikið að.

Í 4. mgr. segir að breyting á eiginnafni eða millinafni barns undir 16 ára aldri skuli háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri. Málsgreinin felur í sér þá mikilvægu breytingu að eftirleiðis þarf ávallt að leita eftir samþykki barns, 12 ára eða eldra, við nafnbreytingu þess, en ekki aðeins þegar nafnbreytingin á sér stað við ættleiðingu, eins og er í gildandi lögum. Ákvæðið er reist á virðingu fyrir vilja barnsins og í samræmi við mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að, m.a. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Ástæður þess að lagt er til að miða skuli við 12 ára aldur eru að nauðsynlegt þykir að hafa hér skýr aldursmörk og að 12 ára mörkin eru í samræmi við þau aldursmörk sem almennt er miðað við í norrænum rétti. Enn fremur eru þau í samræmi við ákvæði barnalaga, nr. 20/1992, og ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Ekkert mælir þó gegn því að leitað sé eftir samþykki yngra barns ef ástæða þykir til og má ætla að svo verði gert.

Í 5. mgr. er tekið fram að það sé skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr. Ákvæðið svarar til 1. málsl. 5. mgr. 7. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um breytingar á kenninöfnum barna undir 16 ára aldri eins og tekið er fram í 1. mgr.

Í 2. mgr. segir að kenna megi ófeðrað barn til stjúpföður þess. Ákvæðið er að efni til óbreyttur 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að með leyfi dómsmálaráðherra megi kenna feðrað barn til stjúpforeldris. Málsgreinin samsvarar 2. mgr. 12. gr. gildandi laga. 2. málsl. 2. mgr. þeirrar greinar er þó felldur niður, enda gefur augaleið að beiðni um breytingu á kenninafni barns skal undirrituð af forsjármönnum þess.

Í 4. mgr. segir að ákvörðun skv. 2. og 3. mgr. skuli háð samþykki stjúpforeldris.

Ákvæði 5. mgr. er óbreytt 3. mgr. 12. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 6. mgr. segir að breyting á kenninafni barns undir 16 ára aldri skuli háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri. Ákvæðið svarar til hluta af 4. mgr. 12. gr. gildandi laga. Hliðstætt ákvæði er í 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins og þarfnast þetta ákvæði því ekki sérstakra skýringa hér.

Um 15. gr.

Þessi grein kemur að hluta í stað 1. mgr. 14. gr. gildandi laga. Í greininni er mælt fyrir um að maður geti fellt niður ættarnafn sitt eða tekið það upp sem millinafn og skal hann þá kenna sig til móður eða föður skv. 3. mgr. 8. gr. Fjallað hefur verið um þessi atriði í athugasemdum við 7. og 8. gr. og er hér vísað til þeirra. Heimild til breytinga samkvæmt þessari grein er ekki bundin við ákveðinn aldur.

Um 16. gr.

Þessi grein svarar til 16. gr. gildandi laga og er í rauninni efnislega óbreytt. Til að taka af tvímæli er hér þó tekið sérstaklega fram að greinin eigi aðeins við um þá sem hafa náð 16 ára aldri. Heimildir til breytinga á kenninöfnum barna undir 16 ára aldri geta því einungis átt sér stoð í 14. og 15. gr.

Rétt þykir að ákvæði þessarar greinar verði túlkað þröngt. Ýmsar gildar ástæður geta þó legið til þess að heimila manni kenninafnsbreytingu. Sé kenninafn mjög fátítt kann að standa svo á að það sé sérstaklega tengt þekktum afbrotamanni í hugum almennings og er þá auðsæilega gild ástæða til að heimila þeim sem það ber kenninafnsbreytingu. Einnig geta fátíð kenninöfn verið svo klaufaleg eða jafnvel niðrandi að menn líði beinlínis fyrir að bera þau, en í slíkum tilvikum virðist þó eðlilegt að leitað sé umsagnar mannanafnanefndar áður en breytingin er heimiluð, sbr. ákvæði 3. mgr. 5. gr. um ama sem mannanafnanefnd úrskurðar um. Það kann og að vera sanngjarnt og réttmætt að leyfa manni að kenna sig til stjúp- eða fósturforeldris þegar þannig stendur á að hann hefur lítil sem engin samskipti haft við kynforeldri sitt. Slíkt leyfi yrði að sjálfsögðu háð samþykki stjúp- eða fósturforeldris ef unnt væri að afla þess. Ekki eru sjáanleg rök fyrir því að heimila t.d. 15 ára barni að kenna sig til stjúpforeldris skv. 3. mgr. 14. gr. en ekki 17 ára ungmenni á grundvelli 16. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. er einungis áskilið að ástæður mæli með breytingu á eiginnafni og/eða millinafni en í þessari grein er tekið fram að ástæður fyrir kenninafnsbreytingu þurfi að vera gildar. Það er því ljóst að verulega ríkari ástæður þurfa til að koma til að manni verði heimiluð kenninafnsbreyting en eiginnafns- eða millinafnsbreyting.

Um 17. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að nafnbreytingar skuli einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á. Ákvæðið tekur til eiginnafnsbreytinga, millinafnsbreytinga og kenninafnsbreytinga og á jafnt við um breytingar sem aðeins eru tilkynntar Þjóðskrá og breytingar sem dómsmálaráðherra heimilar. Hliðstæð ákvæði eru í lokamálslið 3. mgr. 7. gr. gildandi laga og í lokamálslið 21. gr., hið fyrra um breytingar á eiginnöfnum og hið síðara um breytingar á ritun nafns í þjóðskrá.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru tekin saman ákvæði um skráningu nafns í þjóðskrá og notkun nafns í opinberum gögnum og lögskiptum. Hér er fátt um nýjungar en þó þykir rétt að skýra hverja grein kaflans sérstaklega.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að við skráningu á kenninafni barns skuli það kennt til föður eða móður skv. 3. mgr. 8. gr. nema tekið sé fram í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn sem það hefur rétt til. Málsgreinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 19. gr. laga nr. 37/1991.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði þess efnis að allar nafnbreytingar sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra skuli tilkynntar Þjóðskrá. Þær breytingar sem um er að ræða eru eftirfarandi:

1. Maður tekur sér millinafn skv. 3. mgr. 6. gr. eða skv. 7. gr., sbr. þó 1. mgr. 13. gr. (þar sem kveðið er á um að einungis ráðherra geti heimilað niðurfellingu nafns sem kann að vera nauðsynleg samhliða upptöku millinafns).
2. Aðlögun kenninafns skv. 4. mgr. 8. gr.
3. Maður leggur niður föður- eða móðurnafn maka síns við flutning til landsins skv. 3. mgr. 9. gr.
4. Erlendur ríkisborgari breytir kenninafni sínu skv. 12. gr.
5. Ófeðrað barn er kennt til stjúpföður skv. 2. mgr. 14. gr.
6. Maður fellir niður ættarnafn eða breytir því í millinafn skv. 15. gr.
7. Breyting á skráningu nafns (eiginnafns, millinafns eða kenninafns) skv. 20. gr., sbr. athugasemdir við þá grein.

Í 3. mgr. er tekið fram að breyting á nafni taki ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð í þjóðskrá. Málsgreinin er samhljóða 1. mgr. 19. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að hún tekur nú til millinafna auk eiginnafna og kenninafna.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að nöfn manna skuli rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá í öllum opinberum skrám og gögnum. Í 2. mgr. er kveðið á um að menn skuli tjá nafn sitt eins og það er ritað í þjóðskrá í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð og í öllum lögskiptum.

Greinin er samhljóða 20. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að skilgreiningin á hugtakinu „fullt nafn“, sem er í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 37/1991, hefur verið gerð að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins (og tekið tillit til millinafna í skilgreiningunni).

Um 20. gr.

Í þessari grein er tekið fram að Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, geti heimilað að ritun nafns í þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu og kveðið nánar á um skilyrði fyrir slíkri riháttarbreytingu. Greinin er samhljóða 21. gr. laga nr. 37/1991.

Þær breytingar sem falla undir þessa grein eru eftirfarandi:

1. Breyting á rithætti eiginnafns eða millinafns í samræmi við úrskurði mannanafnanefndar um heimila rithætti nafna (t.d. Esther í stað Ester eða öfugt).
2. Breyting á nafnritun sem felur það í sér að eiginnafn eða millinafn er fellt úr þjóðskrá eða skammstafað.
3. Breyting á kenninafni þannig að menn taki upp ættarnafn sem þeir eiga rétt á eða kenni sig til móður í stað föður eða öfugt. Enn fremur breyting á kenninafni sem felur það í sér að maður kennir sig til annars eiginnafns foreldris en hann hefur áður gert.
4. Aðlögun kenninafns skv. 4. mgr. 8. gr. að því tilskildu að mannanafnanefnd hafi þegar fjallað um málið eða alveg hliðstætt mál.

Óski forsjármenn barns eftir einhverri af ofangreindum breytingum á nafnritun þess skulu þeir beina umsókn þar að lútandi til Þjóðskrár.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru dregin saman ákvæði um skipan mannanafnanefndar, verksvið hennar og störf. Ákvæði kaflans svara til ákvæða sem voru í 3., 6., 17. og 18. gr. laga nr. 37/1991 og eru að mestu óbreytt.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um að dómsmálaráðherra skipi þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Einnig er tekið fram að tveir aðalmenn skuli skipaðir að fengnum tillögum heimspekideildar Háskóla Íslands en einn að fenginni tillögu lagadeildar skólans og að varamenn skuli skipaðir með sama hætti. Loks er tekið fram að nefndin skipti sjálf með sér verkum og að kostnaður af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði.

Þessi grein svarar til 17. gr. laga nr. 37/1991 og er óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að dómsmálaráðherra skipi í mannanafnanefnd að fengnum tillögum heimspekideildar og lagadeildar en ekki eftir tilnefningum þeirra. Þó að lagt sé til að ráðherra sé ekki bundinn af tillögum deildanna má ætla að hann skipi í mannanafnanefnd í samræmi við þær tillögur í langflestum tilvikum. Breytingin er í samræmi við ríkjandi stefnu í lagasetningu.

Um 22. gr.

Þessi grein sameinar 3. og 18. gr. laga nr. 37/1991 en er að mestu óbreytt efnislega.

Í 1. mgr. eru verkefni mannanafnanefndar talin upp í 1.–3. tölul.

Í 1. tölul. er nefndinni falið að semja skrá um heimil eiginnöfn og millinöfn skv. 5. og 6. gr., svokallaða mannanafnaskrá. Inn í töluliðinn hafa verið felld ákvæði 3. gr. laga nr. 37/1991 um það hvernig mannanafnaskráin skal gefin út og kynnt en að öðru leyti svarar liðurinn til 1. tölul. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991, þó þannig að hann tekur nú til millinafna auk eiginnafna.

Í 2. tölul. er tekið fram að mannanafnanefnd skuli vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn, sbr. 3., 5., 6., 8., 13. og 23. gr. Töluliðurinn er efnislega samhljóða 2. tölul. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991.

Í 3. tölul. er mannanafnanefnd loks falið að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar. Töluliðurinn er samhljóða 3. tölul. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991.

Í 2. mgr. segir að úrskurðum mannanafnanefndar sé ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds og að nefndin skuli birta niðurstöður úrskurða sinna árlega. Þessi ákvæði eru efnislega óbreytt frá ákvæðum 2. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991 og orðalagi aðeins hnikað á þann veg að nú segir að úrskurðum mannanafnanefndar sé ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds en í lögunum segir að þeir séu fullnaðarúrskurðir.

Það sjónarmið kom fram á fundum nefndarinnar að óeðlilegt væri að Hagstofa Íslands gæfi mannanafnaskrána út. Eftir nokkrar umræður komst nefndin þó að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að hafa sama hátt á um útgáfu skrárinnar og hingað til. Gerð mannanafnaskrár byggist einkum á ýmsum upplýsingum sem mannanafnanefnd verður að sækja til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, m.a. upplýsingum um nöfn í þjóðskrá og tíðni þeirra. Þegar alls er gætt virðist því einfaldast að Hagstofa Íslands standi eftir sem áður að útgáfu skrárinnar.

Um 23. gr.

Hér segir að mannanafnanefnd skuli kveða upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því mál berast nefndinni.

Þessi grein kemur í stað 6. gr. laga nr. 37/1991. Tvær breytingar hafa verið gerðar á greininni. Sú fyrri er að mannanafnanefnd hefur nú fjögurra vikna frest til að kveða upp úrskurði sína í stað tveggja vikna áður. Þykir ekki fært að gera þá kröfu til nefndarmanna að þeir séu tiltækir á tveggja vikna fresti allan ársins hring, jafnt um hátíðir og á sumarleyfistíma sem ella.

Síðari breytingin er sú að eftirfarandi ákvæði hefur verið fellt niður: „Ef felldur er synjunarúrskurður skal forsjármaður barns velja því annað eiginnafn. Skal nafn þá ekki fært í þjóðskrá fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn sem er á mannanafnaskrá eða mannanafnanefnd samþykkir, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða II.“ Óþarfi þykir að taka þetta fram í lagatextanum. Það liggur í hlutarins eðli og leiðir af ákvæðum 3. gr. og 1. mgr. 22. gr. að nafn sem er synjað af mannanafnanefnd færist ekki í mannanafnaskrá og er þar af leiðandi óheimilt. Við þessar aðstæður leiðir því af sjálfu sér að forsjármaður barns verður að velja því annað nafn (sé um einnefni að ræða) og að önnur nöfn en þau sem mannanafnanefnd samþykkir færast ekki í þjóðskrá, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

Um IX. kafla.

Þessi kafli er nánast óbreyttur V. kafli laga nr. 37/1991 og þykir því óþarft að fjalla sérstaklega um hverja grein hans.

Í 25. gr., sem svarar til 23. gr. laga nr. 37/1991, er sú smávægilega breyting gerð að hámarksfjárhæð dagsekta er miðuð við vísitölu í janúar 1995 í stað janúar 1991. Auk þess hefur ákvæði 3. mgr. 26. gr. gildandi mannanafnalaga verið fært til og gert að ákvæði til bráðabirgða II.

Sú hugmynd kom fram í nefndinni að fella niður dagsektarákvæði 25. gr. en eftir viðræður við starfsmenn Þjóðskrár var horfið frá henni. Þótt dagsektarákvæðinu hafi aldrei verið beitt telja starfsmenn Þjóðskrár að það hafi svo mikil varnaðaráhrif að óhjákvæmilegt sé að hafa það áfram í lögum. Jafnframt kom fram í máli þeirra að nafngjafir dragast nú síður á langinn en fyrir gildistöku laga nr. 37/1991 og að mikil umskipti til hins betra hafa orðið að þessu leyti.

Í 1. mgr. 28. gr. er tekið fram að lögin öðlist gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra. Nefndin ræddi þá hugmynd að fresturinn yrði aðeins þrír mánuðir en féll frá henni. Hin nýja heimild fyrir millinöfnum veldur því að gefa verður út nýja mannanafnaskrá áður en lögin taka gildi og reynslan sýnir að vinna við gerð mannanafnaskrár er mjög tímafrek. Að þessu athuguðu þótti ekki rétt að hafa frestinn styttri en sex mánuði.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Umboðsmaður Alþingis hefur í áliti sínu í tilefni af skráningu Þjóðskrár á mannanöfnum frá 20. september 1994 komist að þeirri niðurstöðu að nokkur aðstöðumunur sé við framkvæmd löggjafar um mannanöfn, þar sem *full nöfn* þeirra einstaklinga, sem heita mjög löngum nöfnum eða mörgum eiginnöfnum, verða ekki skráð í þjóðskrá. Hann telur nauðsyn bera til að tekið verði til athugunar hvort fært sé að breyta þessu. Verði slíkum breytingum ekki komið við telur hann nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um með hvaða hætti skuli brugðist við þegar fullt nafn verður ekki skráð í þjóðskrá.

Af tilefni framangreinds álits umboðsmanns Alþingis bar varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, Hjálmar Jónsson, fram fyrirspurn á Alþingi til forsætisráðherra 7. nóvember 1994, m.a. um það hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir breytingu á tölvukerfi Hagstofunnar í þá veru að landsmönnum verði ekki mismunað með þessum hætti. Í svari forsætisráðherra kemur fram að hann muni beita sér fyrir því að þjóðskrá og öðrum opinberum skrám verði breytt. Þetta verk sé hins vegar mjög umfangsmikið og óvisst hvenær því lýkur. Endurnýjun þessi eigi að ná til alls tölvukerfis Þjóðskrár, þar með talið til rýmis fyrir nöfn.

Þar sem ekki er ljóst hvenær þeirri breytingu verður komið á sem felst í svari forsætisráðherra telur nefndin nauðsynlegt, á grundvelli álits umboðsmanns Alþingis, að lögfesta ákvæði um að Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, skuli setja skýrar reglur um skráningu nafna í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá. Reglur þessar skulu gilda þar til nauðsynlegum breytingum á skráningu þjóðskrár á mannanöfnum verður komið á.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa, en það er óbreytt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 37/1991.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn.

Með frumvarpi þessu er verið að endurskoða lög um mannanöfn, nr. 37/1991, og gera á þeim nokkrar breytingar. Gert er ráð fyrir að mannanafnanefnd skv. 21.–22. gr. frumvarpsins muni starfa áfram á sama hátt og hún hefur gert og almenn umsjá dómsmálaráðuneytisins með þessum málaflokki mun verða óbreytt.

Ekki verður séð að frumvarp þetta hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

534. Frumvarp til laga [337. mál]

um vörugjald af olíu.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Gjaldskylda og upphæð gjalds.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.0060 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olíu nefnt olíugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu.

Fjárhæð olíugjalds skal vera 38,50 kr. á hvern lítra af olíu.

Heimilt er að breyta fjárhæð í 3. mgr. í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 42/1987. Grunnfjárhæð er miðuð við vísitölu 1. desember 1994, 199,1 stig.

2. gr.

Olíugjald af innfluttri olíu skal greitt við tollafgreiðslu. Olíugjald af innlendri framleiðslu eða aðvinnslu skal greitt við afhendingu olíu frá framleiðanda eða vinnsluaðila.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. heimild til að flytja inn olíu og fá afhenta olíu frá öðrum gjaldskyldum aðila, án greiðslu olíugjalds, enda hafi þeir hlotið skráningu skv. 3. gr. og búnaður þeirra viðurkenndur skv. 4. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.
2. Þeir sem flytja inn, eiga birgðir, selja eða nota olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr. enda hafi þeir yfir að ráða birgðageymslum sem samanlagt rúma yfir 1.000 rúmmetra af gjaldskyldri olíu.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr. skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til þess skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til skattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningunni skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu eða innflutning sé um að ræða. Enn fremur skulu þeir sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. greina frá birgðageymslum sínum, staðsetningu þeirra og stærð.

Skattstjóri rannsakar tilkynningar aðila og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar, 4. gr. eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Skattstjóri skal halda skrá yfir þá sem eru gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

4. gr.

Olíutankar, dælur og annar búnaður í birgðastöðvum gjaldskyldra aðila, sem notaður er til að geyma gjaldskylda olíu, dæla henni á tanka eða meðhöndla á annan hátt skal viðurkenndur af viðkomandi skattstjóra.

Skráning gjaldskyldra aðila og heimild til notkunar tækja má afturkalla fyrirvaralaust ef í ljós kemur að uppsetning eða notkun búnaðar er með þeim hætti að eftirliti skattyfirvalda samkvæmt ákvæðum þessara laga verði ekki komið við.

Búnaður til notkunar við smásölu getur ekki fengið viðurkenningu samkvæmt þessari grein.

Undanþágur og endurgreiðslur.

5. gr.

Olía, sem seld er til nota fyrir skip og báta í atvinnurekstri, er undanþegin olíugjaldi þegar gjaldskyldur aðili afhendir olíu beint í eldsneytisgeymi skips eða báts.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágu skv. 1. mgr., þar á meðal reglur um gerð og búnað eldsneytisgeyma.

6. gr.

Skattskyldir aðilar, samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, fá olíugjald endurgreitt af olíu í sama mæli og heimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af olíunni, sbr. þó ákvæði 4. mgr.

Uppgjör endurgreiðslu skv. 1. mgr. fer fram um leið og uppgjör virðisaukaskatts og skulu ákvæði um innskatt í lögum nr. 50/1988 gilda eftir því sem við á. Aðilar, sem óska eftir endurgreiðslu olíugjalds á uppgjörstímabilinu, skulu færa endurgreiðslufjárhæð á þar til gerðan reit á virðisaukaskattsskýrslu sinni. Endurgreiðslufjárhæð skal byggja á sölureikningum og bókhaldi skv. 9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur ráðherra ákveðið í reglugerð að endurgreiðsla olíugjalds til aðila í búrekstri verði samkvæmt stöðluðum reglum. Jafnframt er ráðherra heimilt að víkja frá ákvæðum 9. gr. um skrá yfir olíunotkun aðila ef ákvæðum þessarar málsgreinar er beitt.

Olíugjald af olíu til notkunar á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar, er ekki endurgreitt.

7. gr.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að kveða á um endurgreiðslu olíugjalds af olíu til eftirfarandi nota:

1. olíu sem sérleyfishafar og þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópferðabifreiða; reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessum tölulið skulu settar í samráði við samgönguráðherra,
2. olíu sem notuð er til húshitunar og olíugjald er ekki endurgreitt af skv. 6. gr.; reglur um endurgreiðslur samkvæmt þessum tölulið skulu settar í samráði við iðnaðarráðherra og skulu taka mið af raunverulegri olíunotkun, af stærð húsnæðis eða áætlaðri meðalnotkun olíu,
3. olíu sem notuð er til hitunar almenningssundlauga,
4. olíu til nota á skip og báta sem ekki eru undanþegin olíugjaldi skv. 5. gr. eða endurgreitt olíugjald af skv. 6. gr.

Bókhald.

8. gr.

Gjaldskyldir aðilar sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna gjaldskylda olíu, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar.

Aðrir gjaldskyldir aðilar skulu halda bókhald yfir aðfengna gjaldskylda olíu, eigin notkun þeirrar olíu og afhendingu frá birgðastöð.

Við afhendingu olíu milli gjaldskyldra aðila eða til aðila sem um ræðir í 5., 6. eða 7. gr. skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinga sem greinir í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olíugjald er lagt á og hver fjárhæð olíugjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga.

9. gr.

Aðilar, sem fá afhenta olíu sem undanþegin er olíugjaldi skv. 5. gr. eða fá endurgreiðslu olíugjalds skv. 6. gr., sbr. þó ákvæði 3. mgr. 6. gr., skulu halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir varðandi sönnun á réttmæti undanþágu eða endurgreiðslu olíugjalds. Enn fremur er heimilt að skylda aðila til að gera grein fyrir notkun gjaldskyldrar olíu á ökutæki.

Vanræki aðili að færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu eða undanþágu fyrir það tímabil sem bókhald er ekki fullnægjandi.

Uppgjör og innheimta.

10. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða olíugjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við magn olíu sem hefur verið afhent á tímabilinu úr viðurkenndum birgðastöðvum þeirra.

Gjaldskyldir aðilar, sem selja ekkert eða óverulegt magn olíu, skulu greiða olíugjald af því magni sem þeir fá afhent á uppgjörstímabilinu að viðbættri minnkun eða frádreginni aukningu birgða á tímabilinu miðað við birgðastöðu í lok næstliðins uppgjörstímabils. Enn fremur er þessum aðilum heimilt að draga frá þá olíu sem olíugjald fengist endurgreitt af samkvæmt ákvæðum 6. gr.

11. gr.

Frá gjaldskyldu magni skv. 10. gr. má draga:

1. olíu sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr.,
2. olíu sem undanþegin er olíugjaldi skv. 5. gr.,
3. olíu sem flutt er úr landi,
4. olíu sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna leka, eldsvoða eða rýrnunar af öðrum því um líkum ástæðum.

12. gr.

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, olíugjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu olíugjaldsins.

Skattstjóri skal rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

Sé olíugjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olíugjald ekki greitt skal skattstjóri enn fremur afturkalla skráningu aðila skv. 3. gr. þar til úr því hefur verið bætt.

13. gr.

Sé olíugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar gjaldi samkvæmt olíugjaldsskýrslu eða til viðbótar því gjaldi sem honum bar að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Sama gildir ef olíugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og olíugjald því áætlað.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en 10%.

Við útreikning álags á áætlað olíugjald telst gjalddagi sá sami og gjalddagi olíugjalds þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreitt olíugjald eldri tímabila.

14. gr.

Sé olíugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga og eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

Eftirlit, kæruheimildir, upplýsingaskylda og refsiábyrgð.

15. gr.

Skattstjóri getur hafnað endurgreiðslu eða frádrætti olíugjalds á virðisaukaskattsskýrslu séu skilyrði endurgreiðslu ekki fyrir hendi eða framlögð gögn ófullnægjandi eða röng. Hafni skattstjóri endurgreiðslu olíugjalds sem þegar hefur verið endurgreitt eða dregið frá greiðslu virðisaukaskatts skal aðili greiða olíugjaldið ásamt álagi skv. 2. mgr. 13. gr. og dráttarvöxtum frá þeim degi er greiðsla fór fram eða olíugjaldið var dregið frá greiðslu virðisaukaskatts.

Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um breytingar sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein. Gjaldanda ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

16. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra skv. 15. gr. eða öðrum ákvæðum þessara laga um atriði sem lúta að greiðslu olíugjalds, heimild til undanþágu eða endurgreiðslu geta kært ákvörðun hans innan 30 daga frá því að ákvörðun var tekin. Um kæru og málskot gilda að öðru leyti ákvæði 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

17. gr.

Aðilum, sem flytja inn, selja, afhenda, stunda framleiðslu eða aðvinnslu af einhverju tagi eða kaupa gjaldskylda olíu, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða viðskipti milli hans og annarra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um og varða gjaldskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni.

Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

18. gr.

Skýri aðili af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds eða undanþágu skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemi allt að tífaldri, og aldrei lægri en fjórfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan, vanrækt var að greiða eða ofgreidd var endurgreiðsla á.

Vanræki aðili að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi, eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum eða ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim skal hann sæta sektum, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, kærur og úrskurði um olíugjald, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, rannsókn, skuldajöfnun, stöðvun atvinnurekstar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi olíugjald skulu gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, að svo miklu leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum eða lögum nr. 50/1988.

20. gr.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnu 1% sem rennur í ríkissjóð til að standa straum af framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um bókhald, uppgjör olíugjalds og greiðslufyrirkomulag.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. júlí 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Í stað þess að öðru gjaldtímabili þungaskatts skv. B-lið í 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ljúki 10. júní 1995 skal því ljúka 1. júlí sama ár. Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal án sérstakrar tilkynningar láta lesa á og skrá stöðu ökumælis á tímabilinu frá 19. til 30. júní 1995.

Gjalddagi þungaskatts skv. 1. mgr. er 11. júlí og eindagi er 31. ágúst 1995.

II.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir gjaldskyldrar olíu í þeirra eigu 1. júlí 1995. Í þeim upplýsingum skal koma fram hve mikið af birgðum er í innlendum birgðastöðvum skv. 4. gr. Þessir aðilar skulu greiða olíugjald af birgðum sem ekki eru enn í viðurkenndum birgðastöðvum á fyrsta uppgjörstímabili

olíugjalds. Af öðrum birgðum skal olíugjald greitt skv. 1. mgr. 10. gr. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skulu berast skattstjóra eigi síðar en 1. ágúst 1995.

Aðilar, sem ekki eru gjaldskyldir skv. 3. gr. og njóta ekki undanþágu skv. 1. mgr. 5. gr., skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir sínar á gjaldskyldri olíu ef þær eru yfir 1.500 lítra 1. júlí 1995. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski skattstjóri slíkrar aðstoðar. Skattstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 1995. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns eigi síðar en 15. ágúst 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í maí 1992 skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem m.a. átti að kanna hvort rétt væri að leggja niður núverandi þungaskattskerfi og taka þess í stað upp skattlagningu á orkugjafann sjálfan, þ.e. á olíuna. Aðalástæða þess að kannaðar skyldu nýjar leiðir til skattlagningar sem komið gætu í stað þungaskatts er sú að núverandi kerfi er talið óskilvirkt og undandráttur í því mikill. Margir sem greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli halda því fram að tiltölulega auðvelt sé að komast hjá greiðslu þungaskatts og því sé samkeppnisstaða rekstraraðila sem fara að lögum erfið vegna undirboða þeirra sem greiða ekki það sem þeim ber.

Starfshópurinn skoðaði einkum þrjár leiðir til skattlagningar á notkun dísilbifreiða, í fyrsta lagi að viðhalda núverandi kerfi en gera á því endurbætur, í öðru lagi að taka upp olíugjald með litun olíu sem ekki á að bera gjaldið. Í þriðja lagi að taka upp olíugjald án litunar.

Starfshópurinn skilaði fjármálaráðherra skýrslu í september sl. þar sem meiri hluti hans lagði til að núverandi þungaskattskerfi verði lagt niður frá og með 1. júlí 1995. Frá sama tíma verði tekið upp olíugjaldskerfi án litunar dísilolíu. Áfram verði þó skoðaðir möguleikar á litun olíu með það í huga að taka upp slíkt kerfi síðar ef ástæða þykir til með hliðsjón af reynslu af endurgreiðslukerfi hér á landi og litun í öðrum löndum.

Fulltrúar Vegagerðar ríkisins í starfshópnum lögðu til að þungaskattskerfið yrði ekki lagt niður að svo stöddu en fengi að reyna sig endurbætt í tvö til þrjú ár og sá tími notaður til að skoða betur mismunandi möguleika á framkvæmd olíugjalds með litun.

Í framhaldi af áliti starfshópsins ákvað fjármálaráðherra að skipa nefnd til að semja lagafrumvarp um olíugjald, gera drög að nauðsynlegum reglugerðum og sjá til þess að tölvu- og innheimtukerfum verði hagað þannig að umrædd breyting geti orðið 1. júlí 1995. Nefndin, sem skipuð var í lok september sl., átti í meginatriðum að fara að tillögum fyrrnefnds starfshóps en huga sérstaklega að þeim frávikum og sértilvikum sem vakin er athygli á í skýrslu starfshópsins og leita viðunandi lausna á þeim. Í því efni átti nefndin að miða við eftirfarandi:

— Tryggt verði að upptaka olíugjalds íþyngi ekki búrekstri og verði olíugjald vegna hans endurgreitt eða það bætt með öðrum hætti.
— Sérleyfishafar og eigendur almenningsvagna fái olíugjald endurgreitt eða starfsemi þeirra verði styrkt á annan hátt t.d. með beinum framlögum sem þá geta tekið mið af þörf fyrir slíka aðstoð.
— Auknum rekstrarkostnaði vegna vinnuvéla verði mætt t.d. með lækkun gjalda á aðföng og eftir atvikum með tímabundnum endurgreiðslum.

— Gjald af olíu til húshitunar verði endurgreitt samkvæmt stöðluðum reglum.
— Útgerð, sem notar gasolíu á fiskiskip, verði gert kleift að kaupa olíu án gjalds eða fái endurgreiðslur án óeðlilegrar fjárbindingar.
— Kannað verði hvort rétt sé að hafa, auk olíugjalds, fast gjald á þyngstu dísilbifreiðarnar.

Olíugjaldsnefndin hóf starfið með því að leita til Danmerkur um upplýsingar um danska olíugjaldskerfið og fór hluti nefndarmanna utan til viðræðna við danska embættismenn. Danir eru með kerfi þar sem gjald er lagt á orkugjafann sem síðan er endurgreitt í gegnum virðisaukaskattskerfið til þeirra sem ekki er ætlað að bera það. Þó heimila þeir gjaldfrjálsa sölu í vissum tilvikum, t.d. til millilanda- og fiskiskipa. Danir hafa ekki tekið upp litun gjaldfrjálsrar olíu en munu þurfa að gera það vegna samræmingar við önnur lönd Evrópusambandsins.

Við undirbúning frumvarpsins hefur nefndin rætt við fulltrúa ýmissa aðila og samtaka sem olíugjald mun hafa áhrif á. Meðal annarra var rætt við fulltrúa olíufélaga, Samtaka landflutningamanna, Félags vinnuvélaeigenda, Samtaka iðnaðarins, Strætisvagna Reykjavíkur o.fl. Þá var einnig rætt við fulltrúa ýmissa ráðuneyta.

Frumvarpið er byggt upp með hliðsjón af dönsku lögunum varðandi álagningu, undanþágur og endurgreiðslur olíugjaldsins. Endurgreiðslur verða þó nokkru víðtækari samkvæmt þessu frumvarpi því Danir endurgreiða almennt ekki gjald af olíu sem nothæf er sem vélaeldsneyti. Bændur í Danmörku fá endurgreiðslur vegna véla sem ekki eru skráningarskyldar samkvæmt umferðarlögum þar í landi. Um nánari lýsingu á olíugjaldskerfinu vísast til kaflans um meginatriði frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að með frumvarpi þessu er fyrst og fremst verið að leggja til formbreytingu á tekjuöflun til vegagerðar, m.a. vegna óskilvirkni og veikleika í þungaskattskerfinu. Orku- og umhverfismarkmið liggja ekki sérstaklega þar að baki en skattlagning sem þessi er í ýmsum nágrannaríkjum okkar notuð til að ná slíkum markmiðum.

Í eftirfarandi köflum verður fjallað um gjaldkerfi þungaskatts og olíugjalds, gerður samanburður á kerfunum, fjallað um hagræn áhrif breytingarinnar og gerð grein fyrir meginatriðum frumvarpsins.

2. Samanburður á gjaldkerfum þungaskatts og olíugjalds.

2.1. Almennt um þungaskattskerfið.

Þungaskattskerfið byggir á því að gjaldtaka af ökutækjum skuli tengjast notkun og sliti á vegum. Íslenska kerfið er að grunni til frá árinu 1974 þegar sett voru sérstök lög um fjáröflun til vegagerðar. Í þeim lögum var fjármálaráðherra heimilað að skylda eigendur dísilbifreiða til að setja löggilta ökumæla í bifreiðar sínar. Frá árinu 1986 hafa tekjur ríkissjóðs af þungaskatti runnið beint til vegagerðar sem markaður tekjustofn Vegagerðar ríkisins. Þungaskattur er aðeins lagður á ökutæki sem knúin eru af dísilolíu. Þyngri ökutæki, svo sem atvinnubifreiðar til vöruflutninga og fólksflutninga, eru almennt með dísilvélum. Gjaldtaka af ökutækjum, sem knúin eru bensíni, er hins vegar í formi gjalds á eldsneytið. Við innflutning er lagt vörugjald á tollverð, u.þ.b. 9 kr. á lítra sem rennur í ríkissjóð. Að auki er lagt sérstakt gjald á hvern seldan lítra af bensíni, 23,52 kr. á blýlaust bensín og 24,99 kr. á blýbensín. Tekjur af þessu gjaldi renna til Vegagerðarinnar.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að tekjur af þungaskatti verði 2.115 m.kr. Þar af er áætlað að skattur samkvæmt ökumælum skili 1.500 millj. kr. en tekjur af föstu árgjaldi verði 615 millj. kr. Tekjur af sérstöku bensíngjaldi til vegagerðar er áætlað 4.325 millj. kr.

Lagður er á tvenns konar þungaskattur, annars vegar svonefnt fast árgjald og hins vegar gjald á hvern ekinn kílómetra samkvæmt löggiltum ökumæli. Eigendum dísilbifreiða, sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, er heimilt að velja um hvort þeir greiði skattinn með föstu árgjaldi eða samkvæmt ökumæli. Eigendur ökutækja, sem eru þyngri en 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, verða að greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli.

Þungaskattur samkvæmt ökumæli er ákveðin fjárhæð fyrir hvern ekinn kílómetra, mishá eftir leyfðri heildarþyngd ökutækisins. Lægsta gjaldið er 6,57 kr. fyrir bifreiðar sem eru 4–5 tonn að leyfðri heildarþyngd en hæst er gjaldið 22,94 kr. fyrir bifreiðar þyngri en 23 tonn. Veittur er afsláttur eftir að ákveðnir kílómetrar hafa verið eknir á gjaldárinu. Eigendur vöruflutningabifreiða fá 10% afslátt fyrir akstur umfram 25 þús. km, 20% afslátt fyrir akstur umfram 35 þús. km og 50% afslátt fyrir akstur umfram 45 þús. km. Veittur er 70% afsláttur frá gjaldskrá vegna aksturs almenningsvagna í þéttbýli og sérleyfisbifreiða. Vegna annarra hópferðabifreiða og sendibifreiða er veittur 10% afsláttur af akstri umfram 25 þús. km og 20% afsláttur af akstri umfram 45 þús. km. Undanfarin ár hefur verið veittur 20,92% afsláttur af akstri vöruflutningabifreiða með vikur til útflutnings.

Fast árgjald tekur mið af eigin þyngd bifreiða. Lægsta árgjald er 95.982 kr. fyrir bifreiðar sem eru undir 1.000 kg en að hámarki 192.882 kr. fyrir bifreiðar sem eru 3.800–3.999 kg að þyngd. Fyrir leigubifreiðar og sendibifreiðar á stöð er greitt 30% hærra gjald.

Velji eigandi bifreiðar undir 4.000 kg að heildarþyngd að greiða samkvæmt mæli er gjald á hvern kílómetra hið sama og fyrir bifreið sem er 4.000–4.999 kg, þ.e. 6,57 kr. á kílómetra miðað við gildandi gjaldskrá.

Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá var greitt kílómetragjald af um 9.697 bifreiðum árinu 1992 en fast gjald af um 5.144 bifreiðum. Í töflu I og II er sýnd skipting þessara bifreiða eftir tegund og þyngd.

Tafla I. Bifreiðar sem greitt er af kílómetragjald.

Leyfð þyngd tonn	Fólks-bifreiðar	Sendi-bifreiðar	Hópferða-bifreiðar	Vöru-flutninga-bifreiðar	Samtals
> 2	1.168	38	4	12	1.222
2–3	1.471	469	26	196	2.162
3–4	184	188	52	137	561
4–10	183	167	328	913	1.591
10–16	19	7	195	703	924
16–18	8	3	220	915	1.146
18–22	3	0	26	237	266
< 22	3	0	10	1.812	1.825
Alls	**3.039**	**872**	**861**	**4.925**	**9.697**

Tafla II. Bifreiðar sem greitt er af fast gjald.

Leyfð þyngd tonn	Fólks-bifreiðar	Sendi-bifreiðar	Hópferða-bifreiðar	Vöru-flutninga-bifreiðar	Samtals
> 2	2.226	1.461	89	339	4.115
2,0–2,4	557	109	23	61	750
< 2,4	57	27	97	98	279
Alls	**2.840**	**1.597**	**209**	**498**	**5.144**

Fjármálaráðuneytið hefur löggilt nokkrar tegundir ökumæla til að mæla ekna kílómetra. Kosta slíkir mælar með ísetningu 28.000–35.000 kr. Um 50 verkstæði hafa verið löggilt sem mælaverkstæði. Framleiðendur þeirra ökumæla sem fengið hafa löggildingu hér á landi hafa nú hætt framleiðslu þar sem álagning samkvæmt ökumælum hefur lagst af hvarvetna í Evrópu. Íslenskir aðilar munu nú vera einu kaupendurnir að umræddum ökumælum eftir að Noregur og Svíþjóð lögðu niður sín þungaskattskerfi á síðasta ári. Samkvæmt nýlegum upplýsingum eru nú einungis fáanlegir 600 nýir ökumælar.

Eigendum bifreiða með ökumæli er gert að koma með bifreiðarnar til álestrar þrisvar á ári. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma eru lagðar á sektir, 300 kr. á dag í allt að 30 daga. Ef gjaldskylt ökutæki hefur verið í notkun án þess að ökumælir sé virkur eða hann er ekki innsiglaður eins og fyrir er mælt er beitt álagi sem nemur þungaskatti af allt að 10 þús. km akstri á mánuði og 15 þús. km akstri sé um ítrekað brot að ræða. Um 75% álestra fara fram hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. en lögreglustjórar og hreppstjórar eða aðrir aðilar í umboði þeirra annast um 25% álestra. Álestrar af ökumælum eru lagðir til grundvallar álagningu skattsins sem ríkisbókhald annast.

Innheimtumenn ríkissjóðs eru formlegir álagningaraðilar og hafa með höndum innheimtu skattsins og ákvörðun dagsekta og viðurlaga. Málsmeðferð vegna brota á reglum um ökumæla er með þeim hætti að innheimtumaður tilkynnir eiganda bifreiðar um áætlun aksturs á grundvelli skýrslu frá eftirlitsmönnum ökumæla. Veittur er 14 daga frestur til að andmæla fyrirhugaðri áætlun en að þeim tíma liðnum tekur innheimtumaður ákvörðun um áætlun. Heimilt er að kæra ákvörðun innheimtumanns til fjármálaráðuneytis.

Sérstakir eftirlitsmenn sjá um eftirlit með ökumælum á vegum úti. Hafa þeir lengst af verið tveir en um síðustu áramót, þegar Vegagerðin tók að sér eftirlitið, var þeim fjölgað.

2.2. Gagnrýni á þungaskattskerfið.

Margt bendir til að undanskot séu mikil í þungaskattskerfinu. Álestrarskrá ökumæla sýnir að algengt er að stórum vöruflutningabifreiðum, sem notaðar eru í atvinnurekstri, sé ekki ekið meira en sem svarar notkun á einkabifreið. Allmikið er um að ekki sé komið með bifreiðar til álestrar á tilsettum tíma. Þá er algengt að ökumælar bili en erfitt er að sannreyna ástæðurnar og færa sönnur á vísvitandi skemmdarverk þótt ýmislegt bendi til slíks.

Í töflu III og IV, sem unnar eru upp úr álestrarskrá ökumæla, má sjá að samkvæmt ökumælum er yfir 70% bifreiðanna ekið innan við 20 þús. km á ári og um 90% bifreiðanna er ekið innan við 40 þús. km á ári.

Tafla III. Fjöldi mælabifreiða yfir 6 tonnum eftir þyngd og akstri á ári.

Þyngd tonn	1–20 þ.km	20–40 þ.km	40–60 þ.km	60–80 þ.km	> 80 þ.km	Alls km
6–7	242	50	5	2	3	302
16–17	1.049	199	100	30	10	1.388
23–24	554	250	100	29	17	950
Aðrir	2.176	481	158	44	34	2.893
Alls	**4.021**	**980**	**363**	**105**	**64**	**5.533**

Tafla IV. Hlutfallsleg skipting mælabifreiða yfir 6 tonnum eftir þyngd og akstri á ári.

Þyngd tonn	1–20 þ.km	20–40 þ.km	40–60 þ.km	60–80 þ.km	< 80 þ.km	Alls
6–7	80%	16%	2%	1%	1%	100%
16–17	76%	14%	7%	2%	1%	100%
23–24	58%	26%	11%	3%	2%	100%
Aðrir	75%	17%	5%	2%	1%	100%
Alls	**72%**	**18%**	**7%**	**2%**	**1%**	**100%**

Miklar kröfur eru gerðar til sönnunar á brotum vegna þungaskatts og erfitt er að ná fram refsingu. Auk þess er flókið og seinvirkt að áætla akstur og beita viðurlögum gagnvart þeim sem gerst hafa brotlegir.

Það hefur verið talinn helsti kostur álagningar þungaskatts að gjaldtakan tengist betur sliti á vegum en t.d. olíugjald. Með afslætti frá gjaldskrá er verulega dregið úr þessum áhrifum og jafnframt er ljóst að þetta á ekki við um fasta gjaldið því að reiknað sem gjald á kílómetra lækkar það við aukinn akstur. Fasta gjaldið skilar um 30% af þungaskattstekjunum.

Álagning og innheimta þungaskatts er flókin. Margir aðilar tengjast framkvæmd skattsins, jafnt við álestra, álagningu, innheimtu og eftirlit sem við ísetningu og viðhald mæla. Af þessum sökum er er erfitt að tryggja örugga framkvæmd og eftirlit.

Stjórnskipuleg uppbygging núverandi kerfis er óheppileg og ófullkomin að ýmsu leyti og ekki í samræmi við uppbyggingu annarra gjaldakerfa ríkisins. Þannig eru innheimtumenn ríkissjóðs í hlutverki álagningaraðila, auk þess að innheimta skattinn. Þeir taka ákvarðanir um áætlanir og beitingu viðurlaga vegna brota á reglum um ökumæla. Kærur á ákvörðunum þeirra fara ekki hefðbundna leið innan skattkerfisins heldur er beint til fjármálaráðuneytis.

Þungaskattur er verulegur kostnaðarliður í rekstri dísilbifreiða. Hætta á undanskotum er því mikil. Undanskotin brengla samkeppnisstöðu aðila í rekstri, skilvísum aðilum í óhag.

Í núverandi kerfi fá gjaldendur greiðslukröfu ýmist tvisvar eða þrisvar á ári og er þá um verulegar fjárhæðir að ræða. Eykur það hættu á vanskilum og væru jafnari gjaldskil heppilegri. Innheimta vanskila er erfið, mikill kostnaður við aðfarargerðir og þær tryggingar sem fást með fjárnámi í bifreiðum eru oft verðlitlar.

Þungaskattur á einkabíla er óheppilegur. Val eigenda fólksbifreiða með dísilvél stendur á milli fasts gjalds, sem er dýr kostur ef akstur er ekki þeim mun meiri, og gjalds samkvæmt ökumæli sem er mjög hátt og því fylgir verulegt umstang. Í báðum tilvikum falla greiðslur til í stórum fjárhæðum. Afleiðingin er sú að fjölgun dísilfólksbifreiða hér á landi hefur verið mjög hæg þrátt fyrir miklar framfarir í gerð dísilvéla fyrir litla bíla og þrátt fyrir að slíkar vélar eru umhverfisvænni en bensínvélar.

Sem fyrr segir er torvelt að fá þá ökumæla sem taldir eru nægilega öryggir við aðstæður hér á landi. Vegna minnkandi notkunar í öðrum löndum hefur framleiðslu ýmissa tegunda þeirra verið hætt. Óvissa ríkir því um framleiðslu mæla í framtíðinni og gæti reynst dýrt að halda uppi sérsmíði á ökumælum fyrir svo lítinn markað sem á Íslandi.

2.3. Olíugjaldskerfið.

Með upptöku olíugjalds á dísilolíu er tekið upp nýtt skattkerfi í stað núverandi þungaskatts. Olíugjaldi er í meginatriðum ætlað að leggjast á sömu aðila og þungaskatturinn gerir, þ.e. eigendur skráningarskyldra ökutækja sem knúin eru dísilolíu. Olíugjald er í grundvallaratriðum frábrugðið þungaskatti hvað álagningu og innheimtu varðar. Í stað þess að byggja skattlagningu á álestri af ökumælum er öll olía sem nothæf er á ökutæki skattlögð, nema sérstök undanþága sé gerð þar frá.

Með olíugjaldi er gjaldtaka af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd. Gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í gjald á notað eldsneytismagn. Gjaldskyldir aðilar verða þeir sem dreifa eldsneytinu en ekki þeir sem aka bifreiðunum. Þeir síðarnefndu bera hins vegar gjaldið eins og þungaskatt áður en greiða það jafnóðum við eldsneytiskaup í stað þess að greiða tvær til þrjár stórar fjárhæðir á ári. Eftirlitið verður fyrst og fremst bókhaldslegt og beinist að gjaldfærslu og notkun eldsneytisins í stað eftirlits með ökumælum.

Þar sem dísilolía er ekki eingöngu notuð á ökutæki heldur einnig aðrar vélar og tæki verður að gera sérstakar ráðstafanir eigi að koma í veg fyrir að gjald á hana valdi auknum kostnaði hjá aðilum sem ekki hafa greitt þungaskatt.

Þungaskattur er ekki greiddur þegar olía er til eftirfarandi nota:

1. Á skip og báta.
2. Á vinnuvélar.
3. Á búvinnuvélar og dráttarvélar.
4. Fyrir iðnfyrirtæki og orkuveitur.
5. Til húshitunar og hitunar sundlauga.
6. Á varaaflstöðvar.

2.3.1. Undanþágur og eftirlit.

Sé gjaldtöku fyrst og fremst beint að þeim sem áður greiddu þungaskatt, þ.e. að notendum vegakerfisins verður með einhverjum hætti að gæta þess að gjaldið leggist ekki á framangreinda notkun, annaðhvort með endurgreiðslum eða undanþágu eða öðrum jafngildum hætti. Í framkvæmd eru eftirfarandi leiðir færar til þess.

Í fyrsta lagi er hægt að endurgreiða virðisaukaskattsskattskyldum aðilum olíugjaldið um leið og uppgjör til virðisaukaskatts fer fram. Það má gera með því að bæta nýjum frádráttarreit fyrir olíugjald á virðisaukaskattsskýrslu eða með sérstakri endurgreiðsluskýrslu. Skattstjórar hefðu umsjón með endurgreiðslum og eftirlit með olíugjaldi félli að núverandi virðisaukaskattseftirliti. Með þessu væri nýtt sérþekking starfsmanna skattkerfisins í kerfi sem er til staðar.

Í öðru lagi er mögulegt að veita undanþágu frá olíugjaldi við sölu dísilolíu til ákveðinna aðila. Hér er fyrst og fremst spurning um hvort tæknilega er unnt að ganga þannig frá málum að misnotkun geti ekki átt sér stað.

Í þriðja lagi er unnt að vera með sérstakar endurgreiðslur, beinar eða óbeinar, til óskattskyldra aðila og aðila sem ekki eru með atvinnurekstur. Til greina kemur að láta skattstjóra annast endurgreiðslur til þessara aðila samkvæmt reikningum. Önnur leið er að endurgreiða þeim samkvæmt reiknaðri meðaltalsnotkun, t.d. vegna hitunar húsnæðis.

Í olíugjaldskerfi, sem ekki er algerlega án endurgreiðslna eða undanþága, er sem fyrr segir nauðsynlegt að beina eftirliti skattyfirvalda að notkun gjaldfrjálsrar olíu. Til þess eru tvær meginleiðir færar. Annars vegar að lita alla þá olíu sem afhent er til gjaldfrjálsrar notkunar og gæta þess við eftirlit að sú olía sé ekki tekin til annarra nota (litunarleið). Hins vegar að leggja gjaldið ávallt á við sölu olíunnar en endurgreiða þeim aðilum sem ekki er ætlað að bera það (endurgreiðsluleið). Einnig er hægt að hugsa sér blöndu af þessum aðferðum, þ.e. að olía til tiltekinna nota sé lituð og seld án gjalds en gjaldið sé lagt á aðra olíu og tilteknir kaupendur fái gjaldið endurgreitt. Þess ber að geta að litunaraðferðin er kostnaðarsamari eftir því sem fleiri fá afhenta litaða olíu.

Litunaraðferðin byggist á vettvangseftirliti og eftirliti við skoðun ökutækja en endurgreiðsluaðferðin byggir að mestu á bókhaldslegu eftirliti. Til að koma upp um svik í litunarkerfi geta yfirvöld hvenær sem er stöðvað ökutæki og með einfaldri athugun komist að því hvort notuð hafi verið gjaldfrjáls (lituð) olía á ökutækið. Bókhaldslegt eftirlit með endurgreiðslum krefst þess hins vegar að skattyfirvöld fái nákvæmar upplýsingar frá gjaldanda um notkunina sem endurgreiðslur byggjast á og kanni hvort þær séu réttar. Nauðsynlegt er í slíku kerfi að setja skýrar reglur um bókhald og skráningu á olíunotkun. Þá er einnig nauðsynlegt að hafa strangar refsingar við öllum svikum sem kunna að verða reynd í nýju gjaldkerfi. Þannig væri æskilegt að lögbinda háar lágmarkssektir vegna afbrota, t.d. í formi margfeldis af þeirri fjárhæð sem reynt var að draga undan og við ítrekuðu broti lægi fangelsisvist.

Flestar Evrópuþjóðir sem tekið hafa upp olíugjald notast við litunarkerfið en það er mjög kostnaðarsamt því að byggja þarf upp sérstakt dreifikerfi til viðbótar því sem fyrir er. Líklegt er að sá kostnaður leiði til hækkunar olíuverðs. Hjá þeim kostnaði er hægt að komast með því að fara endurgreiðsluleiðina en þeirri aðferð er sem fyrr segir beitt í Danmörku.

2.3.2. Forsendur fyrir vali á eftirlitskerfi.

Starfshópur sá sem fjármálaráðherra skipaði til að endurskoða gjaldtöku af dísilbifreiðum lét athuga í samráði við olíufélögin hvað mundi kosta að koma á litunarkerfi á Íslandi. Sérstakur vinnuhópur með fulltrúum frá olíufélögunum og ráðuneytinu fékk það verkefni að kanna hvernig unnt yrði að framkvæma litun olíu og áætla hver kostnaður við það yrði. Niðurstaðan var sú að dreifikerfi fyrir litaða olíu yrði að vera algjörlega aðskilið frá núverandi dreifikerfi fyrir ólitaða olíu. Bent var á fjórar aðferðir en til lágmörkunar á kostnaði mælt með einni þeirra. Hún felur í sér að öll dísilolía, sem á að lita, yrði lituð í innflutningsbirgðastöðum, en ólituð olía, þ.e. olía með gjaldi, yrði flutt til strandbirgðastöðva og geymd þar í sem fæstum birgðastöðvum. Ekki væri gert ráð fyrir að lituð olía væri til sölu í venjulegum afgreiðslustöðvum olíufélaganna. Dreifing litaðrar olíu frá innflutningsbirgðastöðvum yrði með sérstökum bifreiðum, öðrum en notaðar eru til að dreifa ólitaðri olíu frá strandbirgðastöðvum. Með þessari aðferð væri þó

ekki hægt að tryggja öllum sem ekki er ætlað að bera gjaldið kaup á litaðri olíu vegna óhagræðis við dreifingu. Verktakar og bændur á afskekktari stöðum gætu því þurft að kaupa gjaldskylda olíu en fá olíugjaldið endurgreitt.

Að mati fyrrnefnds vinnuhóps er nauðsynlegur fjárfestingarkostnaður við þá aðferð sem mælt var með u.þ.b. 400 m.kr. Nálega helmingur þeirrar fjárhæðar er vegna fjárfestingar í nýjum tankbifreiðum. Kostnaður við rekstur kerfisins á ári, að meðtöldum afskriftum, er áætlaður um 160 m.kr. Um 100 m.kr. af rekstrarkostnaðinum er vegna tankbifreiðanna. Í þessar tölur vantar kostnað vegna eftirlits, en það felst m.a. í því að taka sýni af eldsneyti bifreiða á vegum úti og kanna hvort í því finnist litunarefni. Reikna má með að það eftirlit verði yfirgripsmeira en núverandi eftirlit með ökumælum. Sýni prófun á staðnum að litarefni er í eldsneyti verður að senda sýni til rannsóknar þar sem magn litarefnisins er ákvarðað nákvæmlega. Ekki hefur verið áætlaður kostnaður þeirra notenda dísilolíu sem mundu þurfa að koma sér upp nýjum eldsneytistönkum vegna þess að þeir nota bæði gjaldskylda og ógjaldskylda olíu. Hér er einkum um að ræða bændur og ýmsa verktaka.

Að mati starfshópsins er litunaraðferðin virkara eftirlitskerfi, ekki síst þar sem hún hefur meiri fælingaráhrif. Hins vegar sé ekki hægt að réttlæta þessa leið miðað við þann viðbótarkostnað sem hlýst af rekstri litunarkerfis að óbreyttu, enda nemi hann um 8% af tekjunum sem eftirlitið snýr að. Auk þess væru veikari forsendur fyrir litunarleiðinni ef taka þyrfti upp endurgreiðslur að hluta til. Því var lagt til að farin væri endurgreiðsluleiðin eins og fram kemur í þessu frumvarpi.

Meginástæður og helstu rök fyrir því að taka upp olíugjald án litunar eru eftirfarandi:

1. Framkvæmdin er ódýrari en litunarkerfi, bæði í bráð og lengd.
2. Endurgreiðslur og eftirlit er að stærstum hluta hægt að fella inn í núverandi virðisaukaskattskerfi. Eftirlit í því kerfi beinist bæði að tekjum og gjöldum og því getur eftirlit með endurgreiðslum til þessara aðila auðveldlega fallið inn í reglubundið skatteftirlit. Hagræði er að því að nýta þekkingu og reynslu starfsmanna í skattkerfinu.
3. Olíugjald án litunar er heppilegur aðdragandi að upptöku olíugjalds með litun ef slíkt kerfi verður tæknilega betra og hagkvæmara síðar.
4. Mögulegt er að taka upp olíugjald án litunar með skömmum fyrirvara og nýta við það danska lagaumgjörð og fengna reynslu af framkvæmd olíugjalds þar í landi.
5. Þrátt fyrir að litun sé talin hafa mikil áhrif til fælingar frá undanskotum getur hún ekki með öllu komið í veg fyrir undanskot og hefur komið í ljós við framkvæmd erlendis að sönnun fyrir misnotkun litaðrar olíu er í ýmsum tilvikum erfið.

2.4. Áhrif á kostnað við framkvæmd gjaldtökunnar.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við framkvæmd olíugjaldskerfisins samkvæmt frumvarpinu muni verða talsvert lægri en kostnaður við framkvæmd þungaskattskerfisins. Sú niðurstaða byggist á því að kostnaður vegna álestra, álagningar og innheimtu á þungaskatti fellur að mestu niður. Í stað þess munu eigendur dísilbifreiða greiða olíugjaldið jafnóðum við kaup á olíu, í gegnum olíuverðið. Þeir sem skila olíugjaldi verða aðeins dreifingaraðilar og framleiðendur ef innlend framleiðsla færi fram, þ.e olíufélögin, en þungaskatturinn er innheimtur af öllum eigendur dísilbifreiða, nálægt 1.500 talsins.

Álagningar- og innheimtukostnaður í þungaskattskerfinu er áætlaður um 60 m.kr. á þessu ári. Þar af er beinn kostnaður við álestra, innheimtuþóknun, rekstur tölvukerfa og útsendingu gíróseðla alls um 18 m.kr. Auk þess er áætlað að um 14 ársverk séu notuð til álagningar og innheimtustarfa hjá innheimtustofnunum ríkissjóðs, eða sem svarar til 42 m.kr. árlegs kostnaðar. Þá er ótalinn kostnaður sem ætlað er að sparist hjá Vegagerðinni sem svarar til þriggja ársverka eða um 10 m.kr.

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að kostnaður við álagningu og innheimtu olíugjalds verði mjög lítill í samanburði við kostnað af rekstri þungaskattskerfisins, enda afmarkast þessir þættir í olíugjaldskerfi við þá fáu aðila sem dreifa eða hugsanlega stunda olíuframleiðslu í einhverri mynd hér á landi.

Hins vegar verður að gera ráð fyrir að mannafli og kostnaður vegna eftirlits verði meiri í olíugjaldskerfi en nemur þeim sex ársverkum sem varið er í eftirlit með þungaskatti. Þessi kostnaður kemur fram í þörf fyrir sérstakt eftirlit með bókhaldi og skráningu þeirra aðila sem fá olíugjald endurgreitt eða njóta undanþágu frá greiðslu þess. Sérstaklega þarf að beina eftirliti að aðilum sem kaupa bæði olíu til gjaldfrjálsrar og gjaldskyldrar notkunar, svo sem mörg fyrirtæki og aðilar í byggingariðnaði. Þessu eftirliti verður sinnt af skattstjórum enda tengist það öðru eftirliti, einkum eftirliti með virðisaukaskattsskyldum aðilum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að endurgreiðslur olíugjalds fari fram með uppgjöri virðisaukaskatts, þannig að þeir sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og eiga rétt á endurgreiðslum, svo sem verktakafyrirtæki, bændur og iðnfyrirtæki, dragi gjaldið frá skilum sínum á virðisaukaskatti. Við þetta verður bein fjölgun á skýrslum sem skattstjórar verða að taka til sérstakrar skoðunar. Talið er að um 1.000–1.500 aðilar muni fá endurgreiðslur með þessum hætti og bætist þannig við þann fjölda sem þarfnast sérstakrar skoðunar. Mikilvægt er að strangt eftirlit verði haft með olíunotkun þeirra sem eru með blandaða notkun, þ.e. bera gjaldið að hluta en fá það endurgreitt að hluta. Þá er einnig nauðsynlegt að hafa eftirlit með notkun þeirra aðila sem fá afhenta olíu án gjalds, þ.e. beint um borð í skip og báta.

Með hliðsjón af framansögðu er áætlað að fjölga þurfi í mannafla um 10–11 ársverk í skattkerfinu við eftirlit og framkvæmd, þar með talið vegna yfirumsjónar, upplýsingagjafar, leiðbeininga og þess háttar umsýslu. Þá verður að reikna með nokkurri umsýslu innheimtuembætta vegna innheimtu olíugjalds og endurgreiðslna, eða 3–4 ársverkum í heildina. Að þessu samanlögðu er því reiknað með að þörf sé á 13–15 ársverkum eða launakostnaði á bilinu 40–45 m.kr. til að mæta eftirliti vegna olíugjalds. Auk launakostnaðar verður að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði nýrra þátta í tölvukerfum, svo og prentunarkostnaði vegna eyðublaða fyrir notkunarbókhald og sérstakar endurgreiðslubeiðnir (óskattskyldra aðila). Þessir kostnaðarliðir gætu numið 2–3 m.kr. á ári. Alls er því áætlað að kostnaður við rekstur olíugjaldskerfisins verði á bilinu 42–48 m.kr. eða a.m.k. 30 m.kr. lægri en kostnaður við rekstur þungaskattskerfisins. Þessu til viðbótar ber að nefna að kostnaður þungaskattsgreiðenda vegna kaupa á ökumælum og viðhalds á þeim fellur brott, en sé miðað við söluverð nýrra ökumæla með ísetningu væri heildarfjárfesting í ökumælum u.þ.b. 300 m.kr. ef um nýtt kerfi væri að ræða. Þá ber einnig að líta til þess að ekki þarf að færa bifreiðar til álestrar í olíugjaldskerfi.

Eins og jafnan þegar verið er að gera grundvallarbreytingar á skattheimtu verður að gera ráð fyrir nokkrum stofnkostnaði við breytinguna og er áætlað að hann geti orðið á bilinu 10–14 m.kr. Áætlað er að kostnaður vegna nauðsynlegrar hugbúnaðargerðar verði 4–6 m.kr. en kostnaður við auglýsingar og kynningar og annar tengdur kostnaður og verði 6–8 m.kr.

3. Áhrif á tekjur ríkissjóðs og kostnað einstakra aðila.

3.1. Upphæð olíugjalds, olíuverð og áhrif á tekjur ríkisins.

Verð á dísilolíu frá dælu er 22,90 kr. í smásölu. Á dísilolíu eru ekki lagðir aðrir skattar eða gjöld en virðisaukaskattur. Á bensín er hins vegar lagt 97% almennt vörugjald ofan á cif-verð, nú um 9 kr. á lítra auk sérstaks vörugjalds, bensíngjalds, sem rennur til vegasjóðs og er það 23,52 kr. á lítra af blýlausu bensíni en 24,99 kr. á lítra af bensíni með blýi. Lítraverð á blýlausu 95 oktana bensíni er nú 68,20 kr. en lítraverð á 98 oktana bensíni með blýi er 71,80 kr. Samkvæmt þessu er hægt að skattleggja dísilolíu með allt að 39,20 kr. á lítra án þess að olíuverð frá dælu verði hærra en verð á 98 oktana bensíni.

Við breytingu á gjaldtöku frá þungaskatti í olíugjald er eðlilegt að miða við að kostnaður skilvísra gjaldenda breytist sem minnst. Til að auðvelda samanburð á þungaskatti og olíugjaldi er kostnaður af þungaskatti umreiknaður í eftirfarandi yfirliti á hvern lítra af eldsneyti miðað við áætlaða eyðslu dísilbifreiða. Eyðslutölur eru m.a. byggðar á skýrslu sem gefin var út af sænska fjármálaráðuneytinu í júní 1992 (Skatt på dieselolja) í tengslum við upptöku olíugjalds þar í landi. Að auki er byggt á upplýsingum frá Vegagerðinni og Landvara um eyðslu vöruflutningabifreiða, upplýsingum frá SVR, FÍB, Bílgreinasambandinu og ýmsum bifreiðaumboðum sem flytja inn vöruflutninga- og hópferðabifreiðar.

Vöru- og fólksflutningabifreiðar:	Eldsn.-notkun l/100 km	Ársakstur 15–25 þús. kr./ ltr.	Ársakstur 40 þús. km kr./ ltr.	Ársakstur 60 þús. km kr./ ltr.
Vöruflutningabifreið 6–7 tonn	18	42	40	35
Vöruflutningabifreið 16–17 tonn	35	43	41	36
Vöruflutningabifreið yfir 25 tonn	45	56	53	46
Fólksflutningabifreið 16–17 tonn	37	41	39	37
Sérleyfisbifreið 16–17 tonn	37	12	12	12
Almenningsv./sérleyfi 16–17 tonn	50	9	9	9
Sendi- og leigubifreiðar:	Eldsn.-notkun l/100 km	Ársakstur 25 þús. km kr./ ltr.	Ársakstur 40 þús. km kr./ ltr.	Ársakstur 60 þús. km kr./ ltr.
Sendibifreið 1,5 tonn	8,0	80	50	33
Sendibifreið 2,5 tonn	11,5	65	40	27
Leigubifreið 1,1 tonn, fast gjald	7,2	88	55	37
Leigubifreið 1,1 tonn, mælir	7,2	91	88	84
Einkabifreiðar:	Eldsn.-notkun l/100 km	Ársakstur 15 þús. km kr./ ltr.	Ársakstur 40 þús. km kr./ ltr.	Ársakstur 60 þús. km kr./ ltr.
Einkabifreið 1,1 tonn, fast gjald	7,2	113	43	28
Einkabifreið 1,1 tonn, mælir	7,2	91	88	84

Samkvæmt upplýsingum úr álestrarskrá ökumæla er algengast að vöruflutningabifreiðum sé ekið innan við 25 þús. km á ári og allflestum þeirra er ekið innan við 40 þús. km á ári. Eins og taflan ber með sér er þungaskattur á þessar bifreiðar miðað við þann akstur frá 40–56 kr. á hvern lítra af dísilolíu og í flestum tilvikum 40–43 kr.

Ársakstur stórra fólksflutningabifreiða er að jafnaði meiri, en algengt er að þeim sé ekið allt frá 25 þús. til 60 þús. km á ári. Þungaskattur þeirra umreiknaður á lítra er á bilinu 37–41 kr. Þessar tölur eiga þó ekki við um akstur sérleyfishafa og almenningsvagna vegna sérstaks afsláttar frá almennum þungaskatti sem þessum aðilum er veittur.

Meðalakstur sendibifreiða og leigubifreiða er talinn vera á bilinu 40–50 þús. km á ári. Þungaskattur sendibifreiða á því akstursbili umreiknaður á olíulítra er 32–50 kr. en 44–55 kr. á leigubifreiðar sem greitt er fast gjald af.

Þungaskattur á einkabifreið er mjög hár eða um 90 kr. á olíulítra miðað við meðalakstur einkabifreiða hér á landi sem er u.þ.b. 15 þús. km á ári.

Þegar þungaskattur, umreiknaður sem krónur á olíulítra, og skipting mælabifreiða eftir ársakstri eru skoðuð í samhengi má álykta að 38–39 kr. olíugjald nálgist núverandi gjaldtöku nokkuð vel. Þá er tekið tillit til þess að aðilar sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, þ.e. fólksflutningafyrirtæki og einstaklingar á einkabifreiðum, bera virðisaukaskatt ofan á olíugjaldið. Fyrir þá aðila verður 38–39 kr. olíugjald á bilinu 47,31 til 48,56 kr. þegar reiknað hefur verið með virðisaukaskatti.

Við ákvörðun olíugjalds er auk áhrifa á aksturskostnað rétt að gera grein fyrir hvernig olíuverð yrði í samanburði við bensínverð og hver tekjuáhrifin yrðu. Ekki er talið æskilegt að olíuverð verði hærra en bensínverð. Til þess verður olíugjaldið að vera um eða innan við 39 kr. á hvern lítra.

Gert er ráð fyrir að þungaskattur skili ríkissjóði 2,1 milljarði króna á yfirstandandi ári. Olíufélögin áætla að um 60 milljón lítrar af olíu fari á ökutæki sem bera þungaskatt. Gera má ráð fyrir að endurgreiða þurfi sérleyfishöfum og rekstraraðilum almenningsvagna um 150 m.kr. og auk þess verður að gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna eftirlits og framkvæmdar. Olíugjald yrði því að skila fast að 2,3 milljörðum króna, en það svarar til 38–39 kr. á lítra miðað við áætlaða olíusölu til notkunar á ökutæki.

Eins og áður segir er áætlað að sala gjaldskyldrar olíu sé u.þ.b. 185 milljónir lítra á ári. Gert er ráð fyrir að sala til skipa og báta verði undanþegin gjaldi þegar olía er afhent beint um borð. Áætlað er að u.þ.b. 60 milljónir lítra af olíu séu afhentar með þessum hætti. Þá er gert ráð fyrir að olíugjald vegna annarra nota en á ökutæki verði endurgreitt að langmestu leyti. Heildarálagning verður samkvæmt framansögðu u.þ.b. 4,7 milljarðar króna en heildarendurgreiðslur að meðtöldum kostnaði við framkvæmd u.þ.b. 2,6 milljarðar. Þannig verða tekjur til vegagerðar af olíugjaldi u.þ.b. 2,1 milljarður króna eða svipuð fjárhæð og nú rennur til vegagerðar af þungaskatti.

Að teknu tilliti til alls þessa er lagt til að olíugjald verði 38,50 kr. á lítra. Með því næst sú niðurstaða að í flestum tilvikum er gjaldbyrði skilvísra greiðenda áþekk því sem verið hefur eða lægri, tekjur til vegagerðar haldast sem næst óbreyttar eða hækka og verð á olíu stenst samanburð við bensín.

Í töflu V er sýnt dæmi um olíuverðsmyndun nú og miðað við 38,50 kr. olíugjald á lítra.

Tafla V. Olíuverð með og án olíugjalds.

	Nú	Með olíugjaldi
CIF-verð á lítra	um 9,55	um 9,55
Álagning og sölulaun	um 8,84	um 8,84
Olíugjald	0,00	38,50
Verð án virðisaukaskatts	18,39	56,89
Virðisaukaskattur	4,51	13,94
Smásöluverð með virðisaukaskatti	**22,90**	**70,83**

3.2. Samanburður á gjaldbyrði af olíugjaldi og þungaskatti.

Hér á undan hefur m.a. verið gerð grein fyrir því hvernig þungaskattur kemur út fyrir mismunandi tegundir bifreiða þegar hann hefur verið umreiknaður á lítra eldsneytis miðað við algengan akstur og eyðslu. Í þeirri umfjöllun er sýnt fram á að olíugjald í grennd við 38,50 kr. (á bilinu 38–39 kr.) hefur í för með sér svipaða eða lægri gjaldbyrði en þungaskattur auk þess sem það skilar svipuðum tekjum til ríkissjóðs.

Í þessum kafla er á hinn bóginn gerð grein fyrir árlegri gjaldbyrði af olíugjaldi og þungaskatti miðað við mismunandi akstur. Notaðar eru myndir til skýringar. Sýnt er hvernig gjaldbyrði eykst með fjölda ekinna kílómetra miðað við tilteknar forsendur um eyðslu. Í sumum tilvikum er einnig sýnd gjaldbyrði vegna bensínbifreiða. Virðisaukaskattur er innifalinn í kostnaði við akstur þegar um er að ræða bifreiðar sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Eftirfarandi verðforsendur eru notaðar:

	Olíugjald/bensíngjöld	Verð án vsk.	Verð með vsk.
Lítri af dísilolíu nú	–	18,39	22,90
Lítri af dísilolíu, tillaga	38,50	56,89	70,83
Lítri af bensíni (95 okt.)	32,52	54,78	69,90

Tekið skal fram að bensíngjöld eru tvenns konar, þ.e. bæði sérstakt bensíngjald sem rennur til Vegagerðarinnar, sem er 23,52 kr. á lítra af blýlausu 95 oktana bensíni og almennt bensíngjald sem er 97% af CIF-verði við innflutning, áætlað um 9 kr. á lítra.

Forsendur um eyðslu koma fram hér á eftir í umfjöllun um einstakar bifreiðategundir. Þar sem eyðsla bifreiða er misjöfn eru kostnaðarferlarnir sýndir með 10% frávikum frá grunnforsendu um eyðslu.

Vöruflutningabifreiðar.


Á myndum 1–3 er borin saman gjaldbyrði vegna vöruflutningabifreiða af mismunandi stærð. Miðað er við að olíueyðsla sé 18 lítrar á 100 km fyrir bifreiðar sem eru 6,6 tonn að þyngd og þungaskattur sé 7,56 kr. á km, 35 lítrar á 100 km fyrir bifreiðar sem eru 16 tonn að þyngd og þungaskattur þá 15,11 kr. á km og fyrir bifreiðar sem eru 23 tonn að þyngd sé eyðsla 45 lítrar á 100 km og þungaskattur 22,94 kr. á km.

Tekið skal fram að taxti þungaskatts lækkar um 10% fyrir akstur umfram 25 þús. km, um 20% fyrir akstur umfram 35 þús. km og um 50% fyrir allan akstur umfram 45 þús. km. Þar sem vöruflutningar eru virðisaukaskattsskyldir er miðað við olíugjald án virðisaukaskatts.


Vöruflutningabifreiðar með dísilvél eru liðlega 5.400 talsins, þar af yfir 4.900 með ökumæli. Af bifreiðum með ökumæli eru yfir 900 bifreiðar á bilinu 4–10 tonn, um 700 eru 10–16 tonn, um 1.150 eru 16–22 tonn en rúmlega 1.800 bifreiðar eru yfir 22 tonn. Eins og fram kemur í yfirliti yfir akstur mælabifreiða samkvæmt álestrarskrá ökumæla er um 90% mælabifreiða ekið innan við 40 þús. km á ári, um 7% er ekið 60–80 þús. km árlega en aðeins 3% bifreiða er ekið meira en það.

Um 11% af allra þyngstu bifreiðunum, sem eru 23–24 tonn, eða um 100 bifreiðum, er ekið 60–80 þús. km á ári, en 5% bifreiða af þessari þyngd er ekið meira.


Mynd 1. Árlegur þungaskattur og olíugjald, vöruflutningabifreið, 6,6 tonn, olíueyðsla 18 l/100 km með 10% frávikum.



Mynd 2. Árlegur þungaskattur og olíugjald, vöruflutningabifreið, 16 tonn, olíueyðsla 35 l/100 km með 10% frávikum.



Mynd 3. Árlegur þungaskattur og olíugjald, vöruflutningabifreið, 23 tonn, olíueyðsla 45 l/100 km með 10% frávikum.



Eins og sjá má af myndum 1 og 2 er gjaldbyrði 6,6 og 16 tonna bifreiða af olíugjaldi lægri við akstur allt að 50 þús. km á ári en með 10% eyðslufrávikum getur skurðpunktur kostnaðarferlanna verið við allt frá 30 þús. km akstri að nálægt 60 þús. km akstri.


Af 23 tonna bifreiðum er gjaldbyrðin sú sama (skurðpunktur ferla) við um 80 þús. km akstur í grunndæminu, sbr. mynd 3, en sé árlegur akstur minni er gjaldbyrði af olíugjaldi minni. Með 10% eyðslufrávikum getur skurðpunktur olíugjalds og þungaskatts verið allt frá 60 þús. km til rúmlega 100 þús. km.

Á mynd 3 er jafnframt sýndur kostnaðarferill þungaskatts fyrir aðila sem fengið hafa sérstakan afslátt af þungaskatti vegna vikurflutninga en algengast er að notaðir séu 23 tonna bifreiðar ásamt 16 tonna tengivögnum við slíka flutninga. Í þessum tilvikum verður að reikna með meiri eyðslu en reiknað er með í olíugjaldsferlunum en engu að síður má sjá að gjaldbyrði af olíugjaldi í þessum tilvikum verður ekki hærri nema um aukinn akstur og mikla eyðslu sé að ræða.

Fólksflutningabifreiðar.

Á mynd 4 er sýnd gjaldbyrði vegna aksturs hópferðabifreiða annarra en almenningsvagna eða bifreiða í sérleyfisakstri. Miðað er við sömu eyðslu og grunntaxta þungaskatts og gildir um vöruflutningabifreiðar. Hins vegar er afsláttur þungaskatts minni eða 10% við 25 þús. km akstur og 20% við 45 þús. km akstur og miða verður við olíugjald með virðisaukaskatti þar sem fólksflutningar eru ekki virðisaukaskattsskyldir og innskattsfrádráttur fæst ekki.

Mynd 4. Árlegur þungaskattur og olíugjald með virðisaukaskatti, fólksflutningabifreið, 16 tonn, olíueyðsla 37 l/100 km með 10% frávikum.




Ljóst er að gjaldbyrði á hópferðabifreiðar mun aukast frá því sem er í þungaskattskerfinu nú enda bera aðilar í fólksflutningum virðisaukaskattinn sem leggst ofan á olíugjald. Hvort og hversu mikið gjaldbyrðin eykst veltur þó á forsendum um eyðslu og akstur. Miðað við 50 þús. km akstur gæti gjaldbyrði á ári aukist frá 90 þús. kr. upp í 260 þús. kr. miðað við grunndæmið um eyðslu með 10% frávikum.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sérleyfishafar og eigendur almenningsvagna í þéttbýli fái sérstakar endurgreiðslur olíugjalds sem geri það að verkum að gjaldbyrði þeirra af olíugjaldi verði svipuð og af þungaskatti en ella yrði kostnaðarauki þessara aðila verulegur.


Leigubifreiðar.

Á myndum 5 og 6 kemur fram gjaldbyrði dísilknúinna leigubifreiða í þungaskattskerfinu og olíugjaldskerfi annars vegar og sambærilegra bensínbifreiða hins vegar. Miðað er við bifreið sem er 1.100 kg að eigin þyngd og að eyðsla hennar sé 7,2 l/100 km sé hún dísilknúin en 9,6 l/100 km sé hún bensínknúin. Þar sem akstur leigubifreiða er ekki virðisaukaskattsskyldur leggst virðisaukaskattur ofan á olíugjald í kostnaðarferlum olíugjalds. Almennt er greitt fast árgjald þungaskatts af leigubifreiðum, enda akstur þeirra yfirleitt meiri en 24 þús. km á ári. Sé akstur undir 24 þús. km á ári er hagstæðara að greiða samkvæmt ökumæli.

Mynd 5. Árlegur þungaskattur og olíugjald, leigubifreið, 1,1 tonn, olíueyðsla 7,2 l/100 km með 10% frávikum.



Mynd 6. Bensíngjald og olíugjald, leigubifreið, 1,1, tonn, olíueyðsla 7,2 l/100 km, bensíneyðsla 9,6 l/100 km, með 10% frávikum.




Af mynd 5 má sjá að kostnaður við rekstur dísilbifreiðar er lægri í olíugjaldskerfi ef ekið er innan við 45 þús. km á ári. Á mynd 6 er borinn saman árlegur kostnaður bensínbifreiðar annars vegar og dísilbifreiðar hins vegar miðað við fyrrgreindar forsendur um eyðslu. Tekið skal fram að í þessum samanburði er miðað við verð eldsneytis en ekki bara gjöldin á það. Eins og sjá má af myndinni er árlegur kostnaður dísilbifreiða ávallt lægri en bensínbifreiða. Í núverandi kerfi er hins vegar eldsneytiskostnaður bensínbifreiða lægri ef þeim er ekið innan við 30 þús. km á ári.


Sendibifreiðar.

Á mynd 7 og 8 er sýnd gjaldbyrði sendibifreiða af tveimur stærðum, 1.500 og 2.500 kg að eigin þyngd. Þungaskattur er sýndur bæði fyrir stöðvarbíla og bíla sem ekki eru á stöð (og greitt er 30% lægra fast gjald). Olíugjald er reiknað án virðisaukaskatts og sem fyrr sýnt með 10% frávikum frá grunnforsendum um olíueyðslu sem eru 8 l/100 km fyrir 1.500 kg bifreið og 11,5 l/100 km fyrir 2.500 kg bifreið.

Mynd 7. Árlegur þungaskattur og olíugjald, sendibifreið, 1,5 tonn, olíueyðsla 8 l/100 km með 10% frávikum.



Mynd 8. Árlegur þungaskattur og olíugjald, sendibifreið, 2,5 tonn, olíueyðsla 11,5 l/100 km með 10% frávikum.



Á mynd 7 má sjá að gjaldbyrði 1.500 kg bifreiðar af olíugjaldi verður minni en af þungaskatti ef akstur er innan við 50 þús. km á ári. Sama gildir um 2.500 kg bifreið við rúmlega 40 þús. km akstur ári eða minna eins fram kemur á mynd 8.


Á mynd 7 og 8 er einnig sýndur þungaskattur sem greiddur er af sendibifreiðum sem ekki eru gerðar út frá sendibifreiðastöð. Algengt er að ýmis fyrirtæki reki eigin sendibifreiðar og í þeim tilvikum er ekki greitt 30% álag á fast árgjald. Í þessum tilvikum eru skurðpunktar olíugjaldsferils og þungaskattsferils við 40 þús. km akstur fyrir 1.500 kg bifreið en rúmlega 30 þús. km akstur fyrir 2.500 kg bifreið.

Við samanburð á árlegum kostnaði dísilbifreiða og bensínbifreiða fást svipaðar niðurstöður og um leigubifreiðar.

Einkabifreiðar.

Á mynd 9 er að lokum gerður samanburður á gjaldbyrði einkabifreiða. Tekið er dæmi af fólksbifreið að eigin þyngd 1.100 kg og gert ráð fyrir að hún eyði 7,2 l/100 km. Á myndinni er sýnt fast árgjald þungaskatts af slíkri bifreið, 122.686 kr., og þungaskattur samkvæmt mæli, 6,57 kr. á kílómetra fyrir fyrstu 25 þús. km, með 10% afslætti fyrir akstur umfram það að 45 þús. km og 20% afslætti vegna aksturs yfir 45 þús. km.

Mynd 9. Árlegur þungaskattur og olíugjald, einkabifreið, 1,1 tonn, olíueyðsla 7,2 l/100 km með 10% frávikum.



Myndin sýnir að olíugjaldið er ávallt lægra en þungaskattur samkvæmt mæli. Jafnframt má sjá að olíugjald er lægra en fast árgjald við akstur allt að 35 þús. km á ári miðað við að bifreiðin eyði 7,2 l/100 km. Ef reiknað er með 10% frávikum getur skurðpunkturinn legið á bilinu 32–40 þús. km.

Umfjöllunin hér að framan hefur leitt í ljós að miðað við algengan akstur mismunandi tegunda bifreiða verður gjaldbyrði af olíugjaldi yfirleitt áþekk eða lægri en gjaldbyrðin af þungaskatti. Þessi niðurstaða er fengin að gefnum ákveðnum forsendum um olíueyðslu sem fyrr segir. Taka verður fram að raunveruleg eyðsla margra dísilbifreiða, sem nú er ekið hér á landi, getur verið hærri en hér er miðað við. Hins vegar ber að leggja áherslu á að í olíugjaldskerfi er innbyggður hvati til að kaupa og reka sparneytnari bifreiðar og ástunda sparneytni við akstur.

Líklegt er að upptaka olíugjalds verði til þess að sparneytnar dísilbifreiðar verði ákjósanlegri valkostur en áður fyrir leigubifreiðar og einkabifreiðar í samanburði við bensínbifreiðar. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að enn er nokkur munur á kaupverði þessara bifreiða.

4. Meginatriði frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í meginatriðum í eftirfarandi þætti: Gjaldskylda og upphæð gjalds, gjaldskyldir aðilar, undanþágur og endurgreiðslur, bókhald, uppgjör og innheimta og eftirlit og refsiábyrgð, auk lokaákvæða um gildistöku, brottfall laga o.fl.

4.1. Gjaldskyldusvið og upphæð olíugjalds.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er kveðið á um að olíugjald leggist á alla gas- og dísilolíu sem nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Gjaldskyldan er bundin við gasolíu samkvæmt flokkun í tollskrá, sbr. tollskrárnúmer 2710.0060. Lagt er til að olíugjaldið verði 38,50 kr. á hvern lítra en gert er að ráð fyrir, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um olíusölu, að það skili svipuðum tekjum til vegagerðar og núverandi þungaskattur.

Lagt er til að líkt og gildir um bensíngjald verði heimilt að breyta upphæð olíugjalds í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Samkvæmt frumvarpinu munu olíufélögin geta flutt inn olíu án greiðslu olíugjalds en verða að leggja gjaldið á við afhendingu frá birgðastöðvum sínum. Aðrir aðilar, sem hugsanlega flytja inn olíu, skulu greiða gjaldið við tollafgreiðslu.

4.2. Gjaldskyldir aðilar.

Gjaldskylda samkvæmt frumvarpinu hvílir á framleiðendum og innflytjendum og í vissum tilvikum notendum olíu sem eiga birgðageymslur yfir 1.000 rúmmetra að stærð. Gert er ráð fyrir að gjaldskyldir aðilar verði skráðir hjá skattstjórum og er skráningin forsenda fyrir innflutningi á olíu án greiðslu gjaldsins. Ef hér á landi hæfist framleiðsla eða aðvinnsla á gjaldskyldri olíu væri sú starfsemi skráningarskyld. Gert er ráð fyrir að olíutankar, dælur og annar búnaður í birgðastöðvum skráðra aðila verði viðurkenndur af skattstjóra. Með þessu geta skattyfirvöld tryggt að þeir einir hljóti skráningu sem hafa yfir að ráða nægilega öruggu birgða- og dreifingarkerfi.

4.3. Uppgjör og innheimta.

Gert er ráð fyrir að uppgjörstímabil sé einn mánuður og gjalddagi fimmtán dögum síðar. Gjaldskyldir aðilar skulu afhenda innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu yfir magn gjaldskyldrar olíu, þ.e. það magn sem afhent hefur verið úr viðurkenndum birgðastöðvum þeirra. Reglur um álag og dráttarvexti eru sambærilegar því sem gildir um virðisaukaskatt.

4.4. Undanþágur og endurgreiðslur.

Svo sem fram hefur komið er meginreglan sú að olíugjald er lagt á alla gas- og dísilolíu við afhendingu olíunnar frá gjaldskyldum aðilum. Til þess að olíugjald verði fyrst og fremst borið af þeim sem nú greiða þungaskatt er nauðsynlegt að setja reglur um undanþágur og endurgreiðslur. Helstu undanþágur og endurgreiðslur samkvæmt frumvarpinu eru þessar:

4.4.1. Undanþága vegna skipa og báta.

Kaupskipaflotinn og öll stærri fiskiskip nota annaðhvort svartolíu eða olíu sem ekki er unnt að nota á bifreiðar. Sú olía fellur ekki undir gjaldskyldusvið frumvarpsins. Hins vegar er gjaldskyld olía notuð á minni skip og báta, þ.e. olía sem nothæf er á ökutæki, a.m.k. yfir sumartímann. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi olía verði undanþegin olíugjaldi þegar hún er afhent frá gjaldskyldum aðila beint í eldsneytisgeyma skipa eða báta. Þannig er að mestu komist hjá fjárbindingu sem eigendur skipa og báta yrðu ella fyrir.

4.4.2. Endurgreiðslur til virðisaukaskattsskyldra aðila.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allir aðilar, sem reka virðisaukaskattsskylda starfsemi og eru skráðir sem slíkir, geti fengið olíugjald endurgreitt af olíu sem keypt er til annarra nota en á skráningarskyld ökutæki, önnur en dráttarvélar. Réttur þessara aðila til endurgreiðslu nær einvörðungu til kostnaðar sem veitir frádráttarrétt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt. Gert er ráð fyrir að endurgreiðsla fari fram í gegnum virðisaukaskattskerfið jafnhliða uppgjöri á virðisaukaskatti. Rétt til þessara endurgreiðslna hafa:

1. Bændur.
2. Vinnuvélaeigendur.
3. Iðnfyrirtæki.
4. Orkuveitur.
5. Eigendur skipa og báta sem ekki fá undanþágu.
6. Bakarar.
7. Aðrir sem nota dísilolíu í rekstri sínum, t.d. til kyndingar á atvinnuhúsnæði eða reksturs varaaflstöðvar.

4.4.3. Sérstakar endurgreiðsluheimildir.

Auk endurgreiðslna gegnum virðisaukaskattskerfið er lagt til að fjármálaráðherra hafi heimild til að endurgreiða tilteknum aðilum olíugjald samkvæmt sérstökum reglum. Þannig verði heimilt að endurgreiða eigendum almenningsvagna og sérleyfishöfum olíugjald. Jafnframt er heimilt að endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis sem kynt er með dísilolíu olíugjald samkvæmt stöðluðum reglum. Enn fremur er gert ráð fyrir því að heimilt verði að endurgreiða olíugjald af olíu til hitunar sundlauga og af olíunotkun skemmtibáta.

4.5. Bókhald og eftirlit.

Þar sem eftirlit í olíugjaldskerfi byggist á því að fylgjast með notkun á gjaldfrjálsri olíu er mjög mikilvægt að gerðar séu strangar kröfur til skráningar upplýsinga um kaup og notkun olíunnar, svo og til forms sölureikninga og um allan frágang endurgreiðslubeiðna. Sérstaklega er mikilvægt að haldið sé nákvæmt notkunarbókhald þegar aðili á og notar jöfnum höndum skráningarskyld ökutæki sem eiga að bera gjaldið og vélar og tæki sem ekki eiga að bera það. Í frumvarpinu er kveðið á um þessa skyldu og ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur þar um.

4.6. Viðurlög og refsiákvæði.

Ákvæði um viðurlög og refsingar eru hliðstæð ákvæðum í lögum um virðisaukaskatt en að auki eru sérstök ákvæði í þessum lögum. Í fyrsta lagi getur skattstjóri afturkallað skráningu aðila ef skýrslu er ekki skilað eða olíugjald ekki greitt innan tilskilins frests. Í öðru lagi er kveðið á um lágmarksrefsingar ef aðili skýrir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá þannig að áhrif hafi á gjaldskil. Hér er um að ræða nýmæli í íslenskri skattalöggjöf enda þykir ástæða til að setja ströng refsiákvæði í lög þessi. Í þriðja lagi hefur skattstjóri heimild til að hafna endurgreiðslu eða frádrætti olíugjalds fyrir viðkomandi tímabil ef í ljós kemur við eftirlit að gjaldandi vanrækir að halda fullnægjandi bókhald.

4.7. Ýmis ákvæði.

Um atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í þessu frumvarpi, er lagt til að ákvæði virðisaukaskattslaga og tollalaga gildi eftir því sem við getur átt.

Gert er ráð fyrir að innheimtar tekjur af olíugjaldi renni til Vegagerðarinnar. Þó er gert ráð fyrir að 1% teknanna renni í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna.

Fjármálaráðherra getur samkvæmt frumvarpinu sett nánari reglur eða gefið sérstök fyrirmæli um ýmis atriði sem ekki þykir heppilegt að útfæra nákvæmlega í lagatextanum.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1995 og frá sama tíma falli úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um endanlegan álestur og skil þungaskatts. Þá er einnig kveðið á um að þeir sem eiga olíubirgðir 1. júlí 1995 skuli greiða olíugjald af þeim birgðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gjaldstofn olíugjalds afmarkaður en samkvæmt henni leggst olíugjald á gas- og dísilolíu í tollskrárnúmeri 2710.0060. Eins og lýst er hér að framan er gert ráð fyrir að olíugjaldið leggist fyrst og fremst á olíu til nota á ökutæki og er gjaldstofninn því afmarkaður við þá olíu sem nothæf er sem eldsneyti á ökutæki.

Í 2. mgr. er tekið fram að blandað eldsneyti, sem inniheldur gjaldskylda olíu skv. 1. mgr., sé gjaldskylt með sama hætti.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um fjárhæð olíugjalds og heimild til að breyta fjárhæð olíugjaldsins í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Sambærilegt ákvæði er í lögum um vörugjald af bensíni, sbr. 16. gr. laga nr. 29/1993, og sama gildir um þungaskatt, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það hvenær olíugjald leggst á gjaldskylda olíu. Meginreglan er sú sem kemur fram í 1. mgr. að gjaldið leggst á innflutta olíu við tollafgreiðslu. Ef um innlenda framleiðslu er að ræða eða aðvinnslu er miðað við afhendingu frá framleiðanda eða vinnsluaðila. Greiðsla olíugjalds við tollafgreiðslu af innfluttri olíu mun þó í raun ekki eiga við nema í fáum tilvikum þar sem innflutningur fellur að stærstum hluta undir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

Í 2. mgr. er ákvæði um að gjaldskyldir aðilar hafi heimild til að flytja inn olíu án greiðslu olíugjalds. Sama gildir um olíu sem þeir fá afhenta frá öðrum gjaldskyldum aðila. Markmið þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir fjárbindingu í birgðum innflytjenda sem stunda innflutning í atvinnuskyni. Til þess að ákvæði þetta eigi við þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt, annars vegar að aðili hafi hlotið skráningu skv. 3. gr. og hins vegar að sá búnaður sem hann notar til að geyma og meðhöndla olíuna hafi verið viðurkenndur af skattstjóra, sbr. 4. gr.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um það hverjum beri að standa skil á olíugjaldinu, þ.e. verða gjaldskyldir samkvæmt lögunum. Skv. 1. tölul. eru þeir gjaldskyldir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu og skv. 2. tölul. eru þeir gjaldskyldir sem eiga birgðir, selja eða nota olíu enda hafi þeir yfir að ráða birgðageymslum sem samanlagt rúma yfir 1.000 rúmmetra af gjaldskyldri olíu. Ákvæði þessa töluliðar mun fyrst og fremst eiga við um olíufélögin í landinu sem öll hafa yfir að ráða mun meira birgðarými en hér er kveðið á um. Aðrir aðilar, sem eiga birgðageymslur sem eru yfir 1.000 rúmmetrar að stærð, geta einnig fallið undir ákvæði þessa töluliðar, t.d. fyrirtæki sem nota mikla olíu.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að aðilar, sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr., skuli ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir og enn fremur, ef nýir aðilar hefja starfsemi, skuli þeir tilkynna um það áður en starfsemin hefst.

Í 3. mgr. er getið þeirra upplýsinga sem þurfa að koma fram í tilkynningu skv. 2. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði um að skattstjóri geti hafnað skráningu aðila sem ekki fullnægir skilyrðum þessarar greinar, 4. gr. eða annarra ákvæða laganna. Þar sem skráning gjaldskyldra aðila er forsenda þess að olíugjaldið sé ekki lagt á olíuna fyrr en hún er færð úr birgðastöð er nauðsynlegt að hafa eftirlit með því á þessu stigi hvort öll skilyrði skráningar séu fyrir hendi. Skattstjórar munu fyrst og fremst kanna hvort um sé að ræða þá aðila sem skilgreindir eru í 1. mgr. og hvort búnaður í birgðastöð, sem þeir nota til geymslu og annarrar meðhöndlunar olíunnar, sé í samræmi við ákvæði 4. gr.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um að skattstjóri skuli viðurkenna þann búnað sem gjaldskyldir aðilar nota til að geyma gjaldskylda olíu sem olíugjaldið hefur enn ekki verið greitt af, bæði olíugeyma, dælur og annan búnað. Viðurkenningu skattstjóra fyrir notkun búnaðar er ætlað að tryggja eftirlit með löglegri dreifingu gjaldskyldrar olíu.

Í 2. mgr. er skattyfirvöldum veitt heimild til að afturkalla fyrirvaralaust bæði skráningu gjaldskyldra aðila skv. 3. gr. og heimild fyrir notkun búnaðar ef í ljós kemur að notkunin er með þeim hætti að eftirliti verði ekki komið við. Afturköllun hefur fyrst og fremst þau áhrif að greiða þarf olíugjaldið þegar við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða. Með skattyfirvöldum í 2. mgr. er eftir atvikum átt við skattstjóra, eða ríkisskattstjóra, eftir því hvar rannsókn máls er til meðferðar.

Í 3. mgr. eru tekin af öll tvímæli um það að búnaður til notkunar við smásölu getur ekki fengið viðurkenningu, t.d. búnaður á bensínstöðvum. Þetta þarf að liggja fyrir vegna þess að úttekt úr birgðastöð er gjaldskyld og því mikilvægt að ljóst sé hvar mörk gjaldskyldu liggja.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að olía til skipa og báta sé undanþegin olíugjaldi ef nánar greind skilyrði eru fyrir hendi. Hér er að finna einu undanþágu olíugjalds til olíunotenda við sölu, sbr. hins vegar heimild til endurgreiðslu olíugjalds í 6. og 7. gr. Áætlað er að gasolíunotkun skipa og báta sé verulegur hluti olíunotkunar í landinu og því er með undanþágu komið í veg fyrir mikla fjárbindingu í olíugjaldi sem yrði ef endurgreiða ætti olíugjald á síðari stigum. Skilyrði þess að olía sé undanþegin olíugjaldi er sú að olían sé afhent frá gjaldskyldum aðila millilíðalaust í eldsneytisgeymi um borð í skipi eða báti. Þannig er gert ráð fyrir því að olía sé afhent frá birgðastöð olíuinnflytjenda og hafi ekki viðkomu í dælu eða geymi í landi sem aðrir en þeir sem undanþágan nær til hafi aðgang að. Þetta er nauðsynlegt til að draga úr hættu á misnotkun undanþágu samkvæmt þessari grein og auðvelda eftirlit. Ætlað er hætt við að undanþágur frá gjaldskyldu séu misnotaðar og er því nauðsynlegt að hafa þær sem fæstar. Varðandi undanþágur frá olíugjaldi er ljóst að eftirlit getur verið vandasamt og er því lagt til að viðurlög við brotum á lögum þessum verði ströng, sbr. 18. gr. laganna. Undanþága samkvæmt þessari grein nær einvörðungu til olíunotkunar skipa og báta í atvinnurekstri, en á bæði við um virðisaukaskattskyldan rekstur og annan atvinnurekstur, t.d. rekstur fólksflutningaferja.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein og reglur um gerð og búnað eldsneytisgeyma. Nauðsynlegt þykir að hafa sérstaka reglugerðarheimild tengda þessari undanþágu þar sem framkvæmd þarf að vera þannig að bæði sé tryggt að öll olía sem undanþegin er olíugjaldi fari um borð í skip og báta og enn fremur að ekki sé hætta á að henni sé skipað í land eftir afhendingu. Hér sem annar staðar í lögunum er með ráðherra átt við fjármálaráðherra nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um endurgreiðslu olíugjalds til aðila sem eru skattskyldir samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Samkvæmt greininni er olíugjaldið endurgreitt af nær allri olíunotkun aðila í atvinnurekstri, annarri en olíunotkun ökutækja annarra en dráttarvéla, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Ákvæði þessarar greinar taka m.a. til olíunotkunar í búrekstri, í iðnfyrirtækjum, og á vinnuvélar sem ekki eru jafnframt skráningarskyld ökutæki. Enn fremur tekur endurgreiðsluheimild þessi til olíunotkunar um borð í skipum og bátum þegar olía hefur ekki verið afhent gjaldfrjáls skv. 5. gr., t.d. ef skilyrðið um millilíðalausan flutning í eldsneytisgeymi er ekki uppfyllt.

Í 2. mgr. eru ákvæði um uppgjör endurgreiðslu skv. 1. mgr. Uppgjör endurgreiðslu verður með sambærilegum hætti og nú gildir um innskatt skattskyldra aðila, þ.e. að greitt olíugjald á hverju uppgjörstímabili virðisaukaskatts verði dregið frá greiðslu útskatts á sama hátt og innskattur. Gera þarf smávægilegar breytingar á formi virðisaukaskattsskýrslna vegna þessa. Ef samanlagður innskattur og olíugjald er hærra en útskattur á tímabilinu er mismunurinn endurgreiddur en annars kemur olíugjaldið til frádráttar greiðslu útskatts á tímabilinu. Í lokamálslið 2. mgr. kemur fram að fjárhæð olíugjalds sem fært er á virðisaukaskattskýrslur skuli byggja á sölureikningi og bókhaldi skv. 9. gr. en eins og rakið er með athugasemdum með 9. gr. er forsenda eftirlits af hálfu skattyfirvalda með endurgreiðslum samkvæmt þessari grein sú að ávallt megi rekja í bókhaldi aðila bæði olíuinnkaup og olíunotkun.

Í 3. mgr. er fjármálaráðherra veitt heimild til að ákveða aðrar reglur um endurgreiðslur til bænda en kveðið er á um í 1. og 2. mgr. Gert er ráð fyrir að þessar reglur byggi ekki á raunverulegri notkun í hverju einstöku tilviki heldur verði í reglugerð settar almennar og staðlaðar reglur, byggðar á reynslu um olíunotkun bænda og skiptingu milli gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar notkunar. Í síðari málslið 3. mgr. er jafnframt heimild til að víkja frá því skilyrði fyrir endurgreiðslu að aðilar haldi skrár eða bókhald yfir olíunotkun. Með ákvæði þessu er opnuð leið til að einfalda framkvæmd laganna að því leyti sem hún snýr að bændum.

Í 4. mgr. er tekið fram að olíugjald vegna olíunotkunar á skráningarskyld ökutæki, önnur en dráttarvélar, sé ekki endurgreitt. Um undanþágu vegna olíunotkunar sérleyfishafa og almenningsvagna er heimild í 7. gr. en um aðrar undanþágur er ekki að ræða varðandi ökutæki.

Um 7. gr.

Með þessari grein er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um endurgreiðslu olíugjalds af olíu til tiltekinna nota. Greinin tekur til olíunotkunar þeirra sem ekki stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi og falla þess vegna ekki undir endurgreiðsluheimild 1. mgr. 6. gr. Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein þarf ekki nauðsynlega að byggja á raunverulegri notkun í einstökum tilvikum. Þess í stað er gert ráð fyrir að í reglugerð verði hægt að kveða á um almennar reglur um endurgreiðslu sem byggja m.a. á viðmiðunum um meðalnotkun olíu til þeirra nota sem undanþága nær til. Þetta er nauðsynlegt í þeim tilvikum sem ógerningur er að hafa eftirlit með raunverulegri notkun eða miklum erfiðleikum er bundið að koma því við.

Í 1. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til endurgreiðslu olíugjalds af olíu til sérleyfishafa og almenningsvagna. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur smkvæmt þessum tölulið verði sambærilegar afslætti sem þessir aðilar njóta í núverandi þungaskattskerfi. Í síðari málslið er kveðið á um að haft skuli samráð við samgönguráðherra við setningu reglna.

Samkvæmt 2. tölul. er heimilt að endurgreiða olíugjald af olíu sem notuð er til húshitunar. Undanþága þessi getur bæði átt við um íbúðarhúsnæði og húsnæði til annarra nota, t.d. húsnæði í eigu sveitarfélaga og ríkisins. Hins vegar er olíugjald af olíu til notkunar við hitun atvinnuhúsnæðis endurgreitt skv.1. mgr. 6. gr. ef hitun þess er hluti af starfsemi sem er skattskyld samkvæmt lögum um virðisaukaksatt. Notkun olíu til húshitunar er nú hverfandi lítil og spár gera ráð fyrir að hún verði enn minni á komandi árum. Í síðari málslið er, með sama hætti og í 1. tölul., kveðið á um samráð við fagráðherra við setningu endurgreiðslureglna.

Í 3. tölul. er heimild til endurgreiðslu olíugjalds af olíu sem notuð er til hitunar almenningssundlauga. Olíugjald af olíu til þessara nota hefði mikil áhrif á rekstur sundlauga og þykir því rétt að hafa heimild til endurgreiðslu olíugjalds í þessu tilviki.

Í 4. tölul. er heimild til að endurgreiða olíugjald af olíu til nota á skip og báta sem ekki er undanþegin olíugjaldi skv. 5. gr. eða endurgreitt olíugjald af skv. 6. gr. Hér er fyrst og fremst um að ræða skemmtibáta sem ekki eru notaðir í atvinnurekstri. Að auki kunna aðilar í atvinnurekstri, sem ekki eru skattskyldir samkvæmt lögum um virðisaukaskatt og ekki uppfylla skilyrði 5. gr. til að fá afhenta olíu án olíugjalds, að falla undir endurgreiðsluheimild þessa töluliðar.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um bókhald og útgáfu sölureikninga aðila sem flytja inn, framleiða eða stunda aðvinnslu gjaldskyldrar olíu.

Í 1. mgr. eru ákvæði sem lúta að bókhaldi aðila sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu hér á landi. Gerð er krafa um að þessir aðilar haldi aðgreindum í bókhaldi sínu kaupum á olíu til framleiðslu og aðvinnslu, olíu til annarra nota og olíu sem er seld eða afhent með öðrum hætti. Enn fremur er í 1. mgr. ákvæði um bókhald yfir kaup aðila á annarri gjaldskyldri olíu en þeirri sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu, eigin notkun slíkar olíu og afhendingu.

Í 2. mgr. er ákvæði um bókhald skráðra aðila, annarra en þeirra sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, þ.e. olíuinnflytjenda. Gerð er krafa um að bókhald þeirra sé með þeim hætti að þar megi sjá öll olíuinnkaup, afhendingu og eigin not olíunnar.

Í 3. og 4. mgr. eru ákvæði um útgáfu sölureikninga og hvað koma skuli fram á reikningunum. Ákvæði 3. mgr. á við um alla afhendingu olíu hvort sem olíugjald er lagt á eða olía afhent án olíugjalds á grundvelli undanþágu frá gjaldskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um bókhald og skrár yfir olíukaup og notkun þeirra olíunotenda sem annaðhvort eru undanþegnir olíugjaldi skv. 5. gr. eða hafa heimild til endurgreiðslu gjaldsins skv. 6. gr. Þessum aðilum er gert að halda nákvæmt bókhald, bæði um olíuinnkaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir varðandi sönnun fyrir réttmæti undanþágu eða endurgreiðslu. Eins og áður hefur komið fram verða endurgreiðslur grundvallaðar á slíkum gögnum enda í mörgum tilfellum um að ræða blönduð not og ekki unnt að byggja endurgreiðslur á reikningum einum saman eða öðrum upplýsingum um olíu sem afhent hefur verið kaupanda. Hér er átt við aðila sem fá afhenta á eigin tanka olíu sem þeir nota jöfnum höndum til gjaldskyldra og gjaldfrjálsra nota, svo sem eigendur vinnuvéla í byggingariðnaði og í búrekstri. Því verður að gera kröfu um að aðilar, sem óska eftir endurgreiðslum, svo og þeir sem fá olíu afhenta án gjalds, geri skattyfirvöldum grein fyrir notkun olíunnar. Með öðrum hætti geta skattyfirvöld ekki haft eftirlit með því að olía, sem ætluð er til gjaldfrjálsrar notkunar, sé í raun notuð þannig.

Varðandi þá sem stunda búrekstur er þó heimild til að víkja frá skilyrði um notkunarbókhald verði heimild 3. mgr. 6. gr. notuð til að setja almennar reglur um endurgreiðslu olíugjalds sem byggja ekki á raunverulegri notkun hvers og eins.

Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. má skylda aðila, sem njóta undanþágu eða endurgreiðslu olíugjalds, til að gera grein fyrir notkun gjaldskyldrar olíu á ökutæki. Þessi heimild er mikilvæg í fyrrnefndum tilvikum þegar olía er afhent á tanka kaupenda sem hafa með höndum blönduð not.

Gert er ráð fyrir að prentuð verði sérstök eyðublöð og gefnar út leiðbeiningar um skráningu notkunar sem bókhald og endurgreiðslur byggjast á.

Í 2. mgr. kemur fram að vanræki aðili að færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. falli niður réttur hans til endurgreiðslu eða niðurfellingar olíugjalds fyrir það tímabil sem bókhald er ófullnægjandi. Slík vanræksla telst hafa átt sér stað t.d. ef fram kemur við eftirlit skattyfirvalda að skráningu, sem endurgreiðslur eru byggðar á, hefur ekki verið sinnt eða öðru því bókhaldi sem gerð er krafa um. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að bæta úr meiri háttar ágöllum eftir á, enda eiga viðkomandi bókhaldsupplýsingar sem fyrr segir að vera grundvöllur endurgreiðslubeiðna.

Í 15. gr. eru ákvæði um málsmeðferð í þeim tilvikum sem olíugjald hefur verið endurgreitt eða olía afhent án greiðslu gjaldsins án þess að fullnægjandi bókhald hafi legið fyrir. Ber þá að krefja um greiðslu olíugjalds af olíu sem afhent hefur verið gjaldfrjáls eða ofgreiddrar endurgreiðslu ásamt því að viðurlögum er beitt.

Um 10. gr.

Í þessari grein og þeirri næstu er að finna nánari afmörkun á því af hvaða magni olíu greiða skal olíugjald á hverju uppgjörstímabili. Meginreglan kemur fram í 1. mgr. þar sem segir að greiða skulu olíugjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við það magn olíu sem hefur verið afhent á tímabilinu úr viðurkenndum birgðastöðum gjaldskyldra aðila. Samkvæmt þessari grein leggst olíugjald á olíu sem afhent er beint frá birgðastöð til kaupanda eða notanda þegar sú afhending fer fram eða þegar olía er afhent frá birgðastöð til smásala. Um skilgreiningu á birgðastöð vísast til athugasemda um 4. gr.

Í 2. mgr. eru sérákvæði sem eiga við um gjaldskylda aðila sem ekki eru seljendur eða framleiðendur olíu, heldur kaupa olíu fyrst og fremst til eigin nota. Gert er ráð fyrir að þeir greiði olíugjald miðað við það magn sem notað hefur verið á uppgjörstímabilinu.

Um 11. gr.

Í greininni eru nánari ákvæði um hvað telst vera gjaldskylt magn skv. 10. gr. Talið er upp í fjórum liðum í hvaða tilvikum afhent magn teljist ekki vera gjaldskylt þrátt fyrir ákvæði 10. gr. Í fyrstu tveimur töluliðunum er fjallað um olíunotkun sem leiðir af öðrum ákvæðum laganna að er gjaldfrjáls en í hinum síðari tveimur eru sjálfstæðar undanþáguheimildir.

Samkvæmt 1. og 2. tölul. greinarinnar má draga það magn olíu sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila eða er undanþegið olíugjaldi skv. 5. gr. frá því magni sem greiða á olíugjald af á tímabilinu. Með þessum undanþágum er komið í veg fyrir að olíugjald leggist á olíu þótt hún sé flutt milli birðastöðva gjaldskyldra aðila og olíu sem undanþegin er olíugjaldi.

Í 3. tölul. er heimild til að draga frá olíu sem flutt er úr landi. Þótt það komi ekki beinum orðum fram í upphafsákvæði laganna er markmið þeirra að leggja olíugjald einvörðungu á notkun innan lands, eins og almennt gildir um skattlagningu vara. Því er tekið fram í þessari grein að draga megi frá greiðslu olíugjalds olíu sem flutt er úr landi.

Í 4. tölul. er heimild til að draga frá magn olíu sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna rýrnunar af ástæðum sem taldar eru upp í töluliðnum eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Sönnunarbyrði vegna rýrnunar hvílir á greiðanda olíugjaldsins en það er háð mati skattyfirvalda hvenær nægilega telst sýnt fram á að slík rýrnun hafi átt sér stað. Þessi heimild á einungis við þegar rýrnun á sér stað eftir að olía er afhent frá birgðastöð en olíurýrnun innan birgðastöðvar myndar ekki gjaldstofn olíugjalds þar sem álagningin fer ekki fram fyrr en við afhendingu úr birgðastöð.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um uppgjörstímabil olíugjalds, gjalddaga og skyldu gjaldskylds aðila til að standa skil á olíugjaldi ásamt olíugjaldsskýrslu. Hvert uppgjörstímabil er einn mánuður og gjalddagi 15 dögum síðar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um heimild skattstjóra til að rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær og áætla greiðslu olíugjalds ef skýrslu er ekki skilað eða innan tilskilins tíma, engin skýrsla send eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ákvæði 2. mgr. eru sambærileg ákvæðum í 25. gr. laga nr. 50/1987.

Í 3. mgr. er kveðið á um að skattstjóri skuli afturkalla skráningu gjaldskylds aðila, sbr. 3. gr., ef olíugjaldsskýrslu er ekki skilað á réttum tíma eða olíugjald ekki greitt, þar til úr því hefur verið bætt. Gjaldskyldir aðilar, sem ekki hafa skráningu skv. 3. gr., hafa ekki heimild til að flytja inn eða fá afhenta olíu án greiðslu gjalds og yrðu því, ef úrræði þessu yrði beitt, að greiða olíugjaldið þegar við tollafgreiðslu innfluttrar olíu eða við móttöku ef olía er keypt af innlendum aðila.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um álag á vangreitt olíugjald. Ákvæði þetta er samhljóða ákvæðum 1. til 3. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1987, um virðisaukaskatt, þó þannig að álagið er 1% af vangreiddri fjárhæð og aldrei hærra en 10%, en sambærileg hlutföll í 2. mgr. 27. gr. virðisaukaskattslaganna eru 2 og 20%. Er þetta í samræmi við efni frumvarps um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, þar sem gert er ráð fyrir að álag samkvæmt þeim lögum verði lækkað sem þessu nemur.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um greiðslu dráttarvaxta sé olíugjald ekki greitt á tilskyldum tíma. Greinin þarfnast ekki skýringa. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987.

Um 15. gr.

Í greininni eru ákvæði um það hvernær skattstjóri getur hafnað endurgreiðslu eða frádrætti á virðisaukaskattsskýrslu. Jafnframt eru ákvæði um heimild til að endurkrefja um þá fjárhæð sem þegar hefur verið endurgreidd eða nýtt til frádráttar vegna olíukaupa.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um kæruheimild þeirra sem ekki vilja sætta sig við ákvarðanir skattstjóra. Grein þessi er að mestu samhljóða 1. mgr. 29. gr. laga um virðisaukaskatt og gilda aðrar málsgreinar þeirrar greinar að öðru leyti um kærur vegna olíugjalds, sbr. og athugasemdir um 19. gr.

Um 17. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um upplýsingaskyldu innflytjenda, framleiðenda og kaupenda gagnvart skattyfirvöldum. Greinin er að mestu samhljóða 38. gr. laga um virðisaukaskatt og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 18. gr.

Greinin, sem hefur að geyma refsiákvæði, er að mestu samhljóða 40. gr. laga um virðisaukaskatt. Þó er í síðari málslið 1. mgr. kveðið á um sektarlágmark þegar sönnuð eru undanskot, þannig að sekt skal aldrei nema lægri fjárhæð en fjórfaldri þeirri fjárhæð sem vanrækt var að greiða eða ofgreidd var endurgreiðsla á.

Um 19. gr.

Í þessari grein er almenn tilvísun í lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem skulu almennt gilda um olíugjald, eftir því sem við á. Sérákvæði tollalaganna, nr. 50/1987, gilda hins vegar um þau atriði er lúta að álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu ef hvorki eru ákvæði í þessum lögum né lögum um virðisaukaskatt sem eiga við, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Um 20. gr.

Í þessari grein kemur fram að tekjur af olíugjaldi séu markaður tekjustofn Vegagerðarinnar með sama hætti og verið hefur um þungaskatt. Með innheimtum tekjum er átt við nettótekjur, þ.e. innheimt vörugjald að frádregnum endurgreiðslum samkvæmt ákvæðum laganna. Í síðari málslið greinarinnar er ákvæði um að frá tekjustofni Vegagerðarinnar dragist 1% sem renni í ríkissjóð til að standa straum af framkvæmd laga þessara. Ákvæði þetta er eðlilegt í ljósi þess að framkvæmd og eftirlit olíugjaldskerfisins verður alfarið í höndum skattsjóra en hins vegar fellur niður eftirlit með ökumælum sem Vegagerðin hefur að hluta sinnt.

Um 21. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild fjármálaráðherra til að setja með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

Um 22. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um gildistöku og lagaskil. Í greininni er lagt til að frumvarpið öðlist gildi 1. júlí 1995 og gert er ráð fyrir að ákvæði laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, gildi um þungaskatt sem lagður verður á fram til 1. júlí, bæði hvað varðar álestur mæla fyrir þann tíma og innheimtu, viðurlög, dráttarvexti og annað sem lýtur að innheimtu skattsins sem fram fer eftir 1. júlí 1995. Er þetta í samræmi við almennar lagaskilareglur.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í þessu ákvæði eru sérreglur um síðasta gjaldatímabil þungaskatts og er sú leið valin hér að lengja það tímabil sem samkvæmt núgildandi lögum ætti að ljúka 10. júní 1995 fram að gildistökudegi þessara laga. Jafnframt er álestrartímabil stytt úr 20 dögum í 10 og gjalddagi á síðasta þungaskattstímabilinu færður til 11. júlí og eindagi til 31. ágúst 1995.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði er kveðið á um álagningu olíugjalds á olíubirgðir sem til eru í landinu við gildistöku laganna. Í 1. mgr. eru ákvæði um olíugjald af birgðum þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 3. gr. Þessum aðilum er gert að skila upplýsingum um eigin birgðir bæði innan og utan birgðastöðva. Um olíugjald af birgðum sem enn eru í birgðastöðvum 1. júlí 1995 fer samkvæmt almennum reglum laganna en birgðir, sem afhentar hafa verið úr birgðastöð fyrir 1. júlí, skal greiða af olíugjald við lok fyrsta uppgjörstímabils laganna.

Í 2. mgr. eru ákvæði um birgðir í eigu annarra en þeirra sem fjallað er um í 1. mgr. Hér getur bæði verið um að ræða einstaklinga og fyrirtæki. Samkvæmt ákvæðinu hvílir sú skylda á þessum aðilum að upplýsa skattstjóra um magn birgða og greiða af þeim olíugjald ef birgðirnar eru meiri en 1.500 lítrar. Gjalddagi olíugjalds samkvæmt þessari málsgrein er 15. ágúst 1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vörugjald af olíu.

Frumvarpið er í meginatriðum byggt á tillögum starfshóps sem unnið hefur að málinu undanfarin tvö ár.

Frumvarpið, verði það að lögum, mun hafa þau áhrif að árlegur rekstrarkostnaður lækkar nokkuð frá því sem er í núverandi þungaskattskerfi. Felst sú lækkun í minni álagningar- og innheimtukostnaði, enda greiðist olíugjaldið jafnóðum í gegnum olíukaup í stað þess að vera lagt sérstaklega á hvern eiganda dísilbifreiðar, en þeir eru nálægt 15.000 talsins.

Rekstrarkostnaður í þungaskattskerfinu er talinn vera um 70 m.kr. Beinn kostnaður við álestra, álagningu og innheimtu er um 18 m.kr. en auk hans er áætlað að um 14 ársverk séu notuð til álagningar og innheimtu þungaskatts hjá innheimtuaðilum ríkissjóðs sem kosti 42 m.kr. á ári. Eftirliti með ökumælum er nú sinnt af Vegagerðinni. Áætlað er að þar sparist um þrjú ársverk ásamt hluta af rekstrarkostnaði bifreiðar eða nálægt 10 m.kr. ef þungaskattur legðist af.

Í olíugjaldskerfi verður rekstrarkostnaður vegna álagningar og innheimtu miklum mun minni en í þungaskattskerfinu. Reiknað er með 3–4 ársverkum til umsýslu við innheimtu og endurgreiðslur olíugjalds. Hins vegar er nauðsynlegt að auka mannafla við eftirlit sem skattstjórar landsins munu hafa með höndum og er áætlað að til þess þurfi 10–11 ársverk. Alls er því áætlað að þörf sé á 13–15 ársverkum til framkvæmdar kerfisins og launakostnaður vegna þessa verði samkvæmt þessu um 40–45 m.kr. Áætlað er að annar kostnaður, svo sem vegna reksturs tölvukerfa og prentunar ýmissa gagna, verði 2–3 m.kr.

Að öllu samanlögðu er árlegur rekstrarkostnaður í olíugjaldskerfi áætlaður á bilinu 42–48 m.kr. samanborið við 70 m.kr. í þungaskattskerfinu. Þá ber að nefna að kostnaður þungaskattsgreiðenda vegna kaupa og viðhalds á ökumælum fellur niður en söluverð á nýjum mæli er um 30.000 kr.

Áætlað er að stofnkostnaður við breytinguna vegna hugbúnaðargerðar, kynningar o.fl. verði 10–14 m.kr.

Gert er ráð fyrir að innheimt olíugjald verði um 4.700 m.kr. á ári. Þegar endurgreiðslur og 1% vegna rekstrarkostnaðar hafa verið dregin frá er áætlað að tekjur til vegagerðar samkvæmt frumvarpinu verði svipaðar og nú eru innheimtar með þungaskatti, eða u.þ.b. 2.100 m.kr. á ári.

535. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

7. mgr. 36. gr. laganna hljóðar svo:

Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði, sbr. 50. og 52. gr., og a.m.k. 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

2. gr.

5. mgr. 37. gr. laganna hljóðar svo:

Félagasamtök og fyrirtæki skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra til þess að teljast fullgildir framkvæmdaraðilar samkvæmt lögum þessum. Að fenginni staðfestingu ráðherra skulu hlutaðeigandi aðilar tilkynna viðkomandi sveitarstjórn um fyrirhugaða byggingu eða kaup á íbúðum áður en sótt er formlega um lán, sbr. 2. mgr. 42. gr. Jafnframt skulu þeir með sama hætti tilkynna húsnæðisnefnd um byggingu og kaup á íbúðum.

3. gr.

Í stað 38. og 39. gr. laganna kemur 38. gr. er hljóðar svo:

Um yfirstjórn félagslegra húsnæðismála af hálfu ríkisins vísast til II. kafla laga þessara.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess.

4. gr.

Í stað 40. gr. laganna kemur 39. gr. er hljóðar svo:

Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða fleiri skal sveitarstjórn kjósa fulltrúa í húsnæðisnefnd að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndarmenn skulu vera þrír hið fæsta og jafnmargir til vara.

Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og veitir almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Í stað 41. gr. laganna kemur 40. gr. er hljóðar svo:

Sveitarstjórn mótar stefnu um það með hverjum hætti skuli staðið að byggingu félagslegra íbúða í sveitarfélaginu á þess vegum.

Sveitarstjórn skal hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn kanna þörf á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu. Á grundvelli þeirrar könnunar skal unnin fjögurra ára áætlun um byggingu eða kaup félagslegra íbúða. Áætlunin skal endurskoðuð árlega. Áætlanir um byggingu eða kaup félagslegra íbúða eiga að byggjast á mati á þörf fyrir nýjar íbúðir, upplýsingum um stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, horfum í atvinnulífinu og mannfjöldaþróun. Einnig komi fram í áætluninni fjöldi þeirra íbúða, sem nauðsynlegt er að byggja eða kaupa, æskilegar stærðir, húsgerð og áætlaður byggingartími. Jafnframt skal gerð grein fyrir æskilegri skiptingu íbúða milli eignaríbúða og leiguíbúða.

Ákvörðun sveitarstjórnar um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum í samræmi við áætlun skv. 1. mgr. er á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn ber fjárhagslega ábyrgð á framkvæmdum svo og á íbúðunum í heild sinni að því marki sem sú ábyrgð hvílir ekki á öðrum aðilum samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Ný 41. gr. laganna hljóðar svo:

Ábyrgð á úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélags til einstaklinga er innan sveitarfélagsins (húsnæðisnefndar), sbr. 3. tölul. 45. gr.

Leiði athugun Húsnæðisstofnunar á úthlutunum sveitarfélaga á íbúðum í ljós að húsnæðisnefnd hafi ekki gætt lagaskilyrða um eigna- og/eða tekjumörk eða greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða eignamörk og greiðslugetu, sbr. 66. gr., eða eignamörk, sbr. 76. gr., er húsnæðismálastjórn heimilt að ákvarða að húsnæðisnefnd sendi öll gögn um úthlutanir til staðfestingar Húsnæðisstofnunar í eitt ár. Þær íbúðir sem undir ákvæði þetta falla eru íbúðir til eignar, leigu með eignarhlut eða leigu með kauprétti.

7. gr.

42. gr. laganna breytist svo:

a. 1. málsl. 1. mgr. hljóðar svo: Sveitarfélag skal lána 10% af kostnaðarverði hverrar íbúðar við byggingu eða kaup á eignaríbúð, þó ekki á lögbýlum, sbr. 58. gr. a.

b. 2. mgr. hljóðar svo:

Sveitarfélag skal auk þess leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu á vegum þess. Þegar um aðra framkvæmdaraðila en sveitarfélög er að ræða er greiðsla framlagsins háð samþykki sveitarstjórnar.

8. gr.

45. gr. laganna hljóðar svo:

Verkefni húsnæðisnefndar eru:

1. Að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði.
2. Að hafa yfirlit yfir félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélagsins og annarra framkvæmdaraðila, svo og að vinna með öðrum framkvæmdaraðilum og einstaklingum að húsnæðismálum í sveitarfélaginu.

3. Að hafa á sinni hendi úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélagsins til einstaklinga. Ákvörðunin er fullnaðarákvörðun og ber húsnæðisnefnd ábyrgð á því að við úthlutunina sé gætt ákvæða laga um eignir, tekjur og greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða eignir og greiðslugetu, sbr. 66. gr., eða eignir, sbr. 76. gr. Þó skulu óskir um undanþágu frá eigna- og/eða tekjumörkum eða greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða greiðslugetu skv. 66. gr. sendar Húsnæðisstofnun til ákvörðunar.
   Húsnæðisnefnd skal senda Húsnæðisstofnun yfirlit yfir úthlutanir um leið og þær hafa farið fram á sérstökum eyðublöðum Húsnæðisstofnunar. Einnig öll nauðsynleg gögn varðandi úthlutun í einstökum málum fari Húsnæðisstofnun fram á það vegna úrtakskönnunar.
4. Að sjá um endursölu félagslegra íbúða. Húsnæðisstofnun staðfestir útreikninga húsnæðisnefnda við endursölu íbúða.
5. Að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar og aðra nauðsynlega þjónustu varðandi félagslegt húsnæði og húsaleigusamninga.

Jafnframt sér húsnæðisnefnd um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd umsjón með útleigu leiguhúsnæðis í eigu sveitarfélags.

9. gr.

50. gr. laganna hljóðar svo:

Lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna eru:

1. lán til félagslegra kaupleiguíbúða,
2. lán til félagslegra eignaríbúða,
3. lán til félagslegra leiguíbúða,
4. lán til almennra kaupleiguíbúða,
5. lán til sveitarfélaga til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum.

Lánin nema allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að færa lán milli lánaflokka, sbr. 1.–4. tölul., enda sýni framkvæmdaraðili fram á nauðsyn þess vegna breyttra aðstæðna.

10. gr.

51. gr. laganna hljóðar svo:

Auk lána til íbúða skv. 50. gr. er heimilt að veita lán í neðangreindan byggingarkostnað, enda fari samanlagður kostnaður við hann og íbúðina ekki fram úr þeim kostnaðargrundvelli um hámarksverð á íbúðum sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið.

1. Til bílskýla í nýbyggingum.
   Skilyrði er að nauðsynlegt sé að bílskýli fylgi íbúð af skipulagsástæðum og að skýlið sé hluti húss en ekki sjálfstæð bygging.
2. Til bílskýla eða bílskúra í notuðu íbúðarhúsnæði í sérstökum undantekningartilfellum.
   Skilyrði er að sveitarstjórn sýni fram á að annað húsnæði sé ekki fyrir hendi eða það sé sannanlega ódýrara að kaupa notað húsnæði, með bílskúr/bílskýli, en að byggja nýtt hús.
3. Til upphitunar á gangstétt.

Auk lánveitinga skv. 1.–3. tölul. er heimilt að veita sérstakt viðbótarlán til eigenda félagslegra íbúða í fjölbýlishúsi vegna meiri háttar utanhússviðhalds. Skilyrði er að lánið sé nauðsynlegt til að afstýra því að hús liggi undir skemmdum. Með endurbótum er átt við endurbyggingu eða viðamikla viðgerð á þaki, gluggum og útveggjum. Skilyrði er að kostnaður við endurbætur verði ekki greiddur úr tryggingarsjóði, sbr. 81. gr. Umsóknir skulu berast Húsnæðisstofnun áður en framkvæmdir hefjast. Lánsfjárhæð nemur aldrei hærri fjárhæð en þeim kostnaði sem Húsnæðisstofnun hefur áður samþykkt. Lánið kemur til greiðslu þegar Húsnæðisstofnun hefur staðfest með úttekt sinni að verkið hafi verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu. Lánið endurgreiðist að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, sbr. 11. mgr. 52. gr. Lánstími er sá tími sem eftir er af lánstíma af láni til hvers og eins íbúðareiganda. Vextir þeir sömu og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða á hverjum tíma.

Nánar skal kveðið á um efni þessarar greinar í reglugerð.

11. gr.

52. gr. laganna breytist svo:

a. 3. mgr. hljóðar svo:
   Lán til félagslegra eignaríbúða og til kaupa á kaupleiguíbúðum eru til allt að 43 ára.

b. 4. mgr. hljóðar svo:
   Lán til félagslegra leiguíbúða og til kaupleiguíbúða sem eru í leigu eru til allt að 50 ára.

c. 5. mgr. hljóðar svo:
   Lán til almennra kaupleiguíbúða (allt að 90%) vegna kaupa á íbúð eru til allt að 43 ára. Lán til almennra kaupleiguíbúða vegna leigu á íbúð (allt að 90%) eru til allt að 50 ára.

d. 9. mgr. hljóðar svo:
   Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna, frá og með 1. júlí 1984, skulu vera breytilegir. Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytis um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum (lánaflokkum) Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans.

e. 10. mgr. hljóðar svo:
   Lánin eru afborgunarlaus fyrsta árið þegar um er að ræða íbúðir sem seldar eru einstaklingum.

12. gr.

57. gr. laganna breytist svo:

a. 1. mgr. hljóðar svo:
   Framkvæmdaraðilar, sem fá allt að 90% lán úr Byggingarsjóði verkamanna til almennra eða félagslegra kaupleiguíbúða, skulu sjá um að afla a.m.k. 10% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

b. 3. mgr. hljóðar svo:
   Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða er heimilt að selja einstaklingum eignarhlut, 10% eða 30%, sbr. 76. gr.

13. gr.

58. gr. laganna breytist svo:

a. 2. mgr. hljóðar svo:

Heimilt er að greiða allt að 95% af láninu á framkvæmdatímanum. Lánið kemur til greiðslu í samræmi við ákvæði samnings við framkvæmdaraðila, þó aldrei umfram framkvæmdahraða né samningsbundnar greiðslur við kaup á notuðu húsnæði. Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt að greiða allt að 5% umfram verkstöðu framkvæmda. Framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Þó er heimilt við kaup á notuðum íbúðum að taka gilda ábyrgð sveitarfélags til tryggingar á láninu. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tryggingar sem framkvæmdaraðili verður að leggja fram við veitingu framkvæmdaláns. Framkvæmdalán skulu verðtryggð með lánskjaravísitölu. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Verðbætur og vextir teljast til byggingarkostnaðar.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að telja vexti og verðbætur lána frá öðrum aðilum en Byggingarsjóði verkamanna til byggingarkostnaðar, enda hafi lán frá þeim aðilum verið tekin eftir að húsnæðismálastjórn heimilaði framkvæmdaraðila að hefja framkvæmdir. Ákvæði þetta tekur einungis til þess fjármagnskostnaðar sem er lægri eða sá sami og kostnaður af láni Byggingarsjóðs verkamanna.

14. gr.

63. gr. laganna hljóðar svo:

Félagslegar íbúðir skulu miðast við fjölskyldustærð, en þó aldrei vera stærri en 130 fermetrar brúttó. Húsnæðismálastjórn er þó heimilt að veita lán til stærri íbúða ef sýnt er fram á að notað húsnæði sé sannanlega ódýrari kostur en nýtt húsnæði eða aðstæður eru með þeim hætti í sveitarfélaginu að annað húsnæði er ekki fyrir hendi.

15. gr.

64. gr. laganna hljóðar svo:

Réttur til að festa kaup á félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð er bundinn við þá sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Eiga ekki nettó eign yfir ákveðnu marki sem ákvarðað skal í reglugerð.

b. Hafa haft meðaltekjur síðustu þrjú árin áður en úthlutun fer fram sem fari ekki yfir ákveðna fjárhæð sem ákveðin skal í reglugerð. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna 20 ára og eldri. Tekjumörk skulu ákvörðuð árlega með reglugerð að fengnum upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.

c. Sýna fram á greiðslugetu sem metin er hjá húsnæðisnefnd eða öðrum aðila sem hún vísar til. Komi upp ágreiningur má vísa honum til húsnæðismálastjórnar. Nánar skal kveðið á um mat á greiðslugetu í reglugerð.

Auk áðurgreindra skilyrða er sveitarstjórn heimilt að gera kröfu til þess að umsækjandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar íbúðir á vegum hennar eru auglýstar.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæðum a-liðar um eignir þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Enn fremur er Húsnæðisstofnun heimilt að víkja frá a- og b-liðum, um eignir og tekjur, þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálanefndar í hverju sveitarfélagi.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæði c-liðar um greiðslugetu enda komi um það rökstudd beiðni frá framkvæmdaraðila.

Hafi úthlutun á íbúð átt sér stað til einstaklinga sem ekki uppfylltu skilyrði um eignir eða tekjur, sbr. a- eða b-lið, og ekki hafi verið veittar undanþágur samkvæmt þessari grein, skal húsnæðismálastjórn breyta vöxtum af lánum viðkomandi einstaklinga þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

16. gr.

65. gr. laganna hljóðar svo:

Rétt til félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka eiga þeir sem búa við erfiðar aðstæður, enda séu eignir og tekjur innan eigna- og tekjumarka, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 64. gr.

Sömu skilyrði gilda um leigu í félagslegri kaupleiguíbúð.

17. gr.

66. gr. laganna hljóðar svo:

Kaup á almennri kaupleiguíbúð með 90% láni eru bundin skilyrði um eignamörk sem ákveðin skulu í reglugerð.

Kaupandi skal sýna fram á greiðslugetu sem nánar skal kveðið á um í reglugerð. Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá reglum um greiðslugetu, enda komi um það rökstudd beiðni frá framkvæmdaraðila.

Séu eignir kaupanda yfir gildandi eignamörkum á hann rétt á allt að 70% láni.

Að öðru leyti setur framkvæmdaraðili sérstakar úthlutunarreglur. Í reglunum komi fram að tekið sé tillit til húsnæðisaðstæðna og fjölskyldustærðar umsækjanda. Reglurnar skulu birtar á opinberum vettvangi.

Úthluti húsnæðisnefnd íbúð með 90% láni til einstaklinga sem áttu eignir yfir eignamörkum, sbr. 1. mgr., skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70%.

18. gr.

67. gr. laganna hljóðar svo:

Félagasamtök og fyrirtæki úthluta íbúðum á sínum vegum. Úthlutun skal staðfest af Húsnæðisstofnun ríkisins, þó ekki þegar félagslegar leiguíbúðir á vegum félagasamtaka eiga í hlut.

Um úthlutun húsnæðisnefndar á íbúðum vísast til 3. tölul. 45. gr.

19. gr.

70. gr. laganna breytist svo:

a. Í stað orðanna „til almennra kaupleiguíbúða“ í 3. mgr. kemur: lán til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
Réttur kaupanda sem stofnast við kaupsamning á félagslegri eignaríbúð er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, svo sem við hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna.
c. Í stað „1.–3. mgr.“ í 4. mgr. (verður 5. mgr.) kemur: 1.–4. mgr.

20. gr.

6. mgr. 73. gr. laganna hljóðar svo:
Að öðru leyti gilda lög um húsaleigusamninga eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaraðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

21. gr.

74. gr. laganna hljóðar svo:
Ákveði umsækjandi að kaupa kaupleiguíbúð eða leigutaki að neyta kaupréttar síns innan tilskilins frests, sbr. 73. gr., skal gerður kaupsamningur milli aðila.
Sé íbúð keypt í upphafi er kaupverð íbúðar kostnaðarverð hennar sem Húsnæðisstofnun hefur staðfest með úttekt sinni. Ef leigutaki neytir kaupréttar er kaupverð íbúðar söluverð hennar skv. 3. mgr. 88. gr.
Sé framlag kaupanda 10%, og framkvæmdaraðili veitir honum lán til allt að 15 ára, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 71. gr., að setja íbúðina til tryggingar því láni með veðrétti næst á eftir láni Byggingarsjóðs verkamanna.

22. gr.

75. gr. laganna hljóðar svo:
Þegar kaupandi hefur undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi skal hann fá afsal í hendur. Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.
Um réttarstöðu kaupanda gilda að öðru leyti ákvæði 68.–71. gr. laga þessara eftir því sem við á.

23. gr.

76. gr. laganna breytist svo:
a. 2. mgr. hljóðar svo:
Heimilt er að selja eignarhlut, 10% eða 30% af kostnaðarverði almennra kaupleiguíbúða. Skilyrði fyrir kaupum á 10% eignarhlut er að nettóeign sé innan ákveðinna marka sem ákveðin skulu með reglugerð. Hafi húsnæðisnefnd úthlutað íbúð með 10% eignarhlut, án þess að skilyrða um eignamörk hafi verið gætt, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70% (30% eignarhlutur).
b. Í stað 5.–7. mgr. koma 5.–9. mgr., svohljóðandi:
Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Framkvæmdaraðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta.

Þegar í hlut eiga íbúðir, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, er húsnæðismálastjórn heimilt við endurúthlutun að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um hækkun á upphaflegu láni í 90% lán, framreiknað með lánskjaravísitölu, miðað við samþykktan byggingarkostnað. Lánskjör eru þau sömu og á áhvílandi láni að teknu tilliti til þess lánstíma sem liðinn er. Sama gildir sé um að ræða íbúðir sem látnar hafa verið í té með 30% eignarhlut. Heimild til hækkunar á láni samkvæmt þessu ákvæði á einungis við ef framkvæmdaraðili sýnir fram á að íbúð verði ekki endurúthlutað með upphaflegu láni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Um leigufjárhæð gildir ákvæði 73. gr.

Um heimild framkvæmdaraðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga.

24. gr.

Á eftir 3. mgr. 78. gr. laganna kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsali vegna kaupa framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð, sbr. 1. mgr. 54. gr., og kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis.

25. gr.

79. gr. laganna hljóðar svo:

Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort kaupandi uppfylli þá enn skilyrði b-liðar 1. mgr. 64. gr. um tekjur. Upp frá því skal slík könnun gerð á þriggja ára fresti. Uppfylli kaupandi ekki lengur þessi skilyrði skal breyta vöxtum af láni hans þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

Sýni íbúðareigandi fram á að tekjur hans hafi lækkað svo að þær falli á ný undir tekjumörk, sbr. b-lið 1. mgr. 64. gr., getur hann sótt um breytingu á vöxtum. Verði af breytingu á vöxtum skal taka slíkt mál til nýrrar athugunar að þremur árum liðnum, sbr. 1. mgr.

Ákvæði þetta á við um allt félagslegt húsnæði þar sem lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna voru ekki ákveðnar með föstum vöxtum.

Skattstjórum er skylt að láta Húsnæðisstofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd vaxtabreytingar samkvæmt þessari grein.

26. gr.

Í stað 82.–92. gr. laganna (og í stað VI. kafla) koma tveir nýir undirkaflar með 12 nýjum greinum. Fyrirsögn undirkaflanna verður: **Kaupskylda og forkaupsréttur** (82.–86. gr.) og **Endursala** (87.–93. gr.). Töluröð annarra kafla og annarra greina laganna breytist samkvæmt því.

Kaupskylda og forkaupsréttur.

a. (82. gr.)

Almenn ákvæði.

Þegar íbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn, eða annar framkvæmdaraðili, skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaraðili forkaupsrétti á félagslegri eignaríbúð eða kaupleiguíbúð, eða hafi íbúð verið í eigu sama eiganda í 30 ár frá útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á almennum markaði, enda greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og Byggingarsjóð verkamanna. Framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst. Ákvæði þetta á þó ekki við um íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, en sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þeim íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn.

Um bílskúra og bílgeymslur skal fara sem um hluta úr íbúð hvað varðar forkaupsrétt og kaupskyldu.

Þegar íbúð, sem byggð var fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, hefur verið endurseld og úthlutað á nýjan leik eftir gildistöku laga nr. 70/1990 gildir ákvæði 83. gr. um kaupskyldu framkvæmdaraðila.

b. (83. gr.)

Íbúðir byggðar frá og með gildistöku laga nr. 70/1990.

Framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu 10 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma hefur framkvæmdaraðili forkaupsrétt á eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Ákvæði þessarar greinar um kaupskyldu eiga ekki við um lögbýli, sbr. 58. gr. a.

c. (84. gr.)

Íbúðir byggðar samkvæmt lögum nr. 51/1980 til gildistöku laga nr. 70/1990.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu fyrstu 15 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt á þeim íbúðum sem boðnar hafa verið til sölu.

d. (85. gr.)

Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Sveitarstjórn hefur forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Þær íbúðir sem undir grein þessa falla eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.

3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.

e. (86. gr.)

Nauðungaruppboð.

Nú er félagsleg eignaríbúð, félagsleg eða almenn kaupleiguíbúð, sbr. 36. gr., sem sveitarstjórn hefur ráðstafað til einstaklings, íbúð byggð af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965, leigu- og söluíbúð samkvæmt lögum nr. 58/1973 eða lögum nr. 38/1976, seld á nauðungarsölu og hefur sveitarstjórn þá kaupskyldu á íbúðinni. Sama gildir um íbúð samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði sem ráðstafað var til einstaklings. Undanþegnar ákvæðum þessarar greinar eru félagslegar eignaríbúðir á lögbýlum, sbr. 58. gr. a.

Kaupverð skal vera söluverð íbúðar skv. 88. gr. þegar í hlut á íbúð, byggð eða keypt eftir gildistöku laga nr. 51/1980. Ef um er að ræða íbúð sem byggð var eða keypt fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 verður kaupverð eignarhlutur seljanda skv. 89. gr. að viðbættum uppfærðum eftirstöðvum áhvílandi lána Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna sem veitt voru til kaupa á viðkomandi eign.

Endursala.

f. (87. gr.)

Almenn ákvæði.

Sveitarfélag, eða annar framkvæmdaraðili, skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn.

Eigandi félagslegrar íbúðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það húsnæðisnefnd (sveitarstjórn) eða öðrum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili kaupir inn íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Húsnæðisnefnd skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga sem eru í eigu einstaklinga ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar eða hefur kaupskyldu á hlutaðeigandi íbúð. Aðrir framkvæmdaraðilar sjá með sama hætti um að leysa inn og endurselja íbúðir á sínum vegum.

Í sérstökum tilvikum geta húsnæðisnefndir óskað eftir því við húsnæðismálastjórn að fá heimild til að samræma söluverð sambærilegra íbúða þegar verð þeirra er mishátt, svo sem vegna vísitölubreytinga á byggingartíma, mismunandi lánskjara og kostnaðar við viðgerðir og endurbætur.

Heimilt er framkvæmdaraðila að krefjast staðfestingargjalds við úthlutun endursöluíbúðar.

Sveitarstjórn og félagasamtök geta sótt um sérstakt lán til Byggingarsjóðs verkamanna, til þriggja mánaða, til að kaupa inn íbúðir sem sveitarfélag hefur kaupskyldu eða forkaupsrétt á. Þetta á við í sérstökum tilvikum þegar kaupandi að félagslegri íbúð er ekki til staðar og framkvæmdaraðili hefur ekki bolmagn til að festa kaup á íbúðinni. Heimilt er í vissum tilvikum að lána til sex mánaða. Hafi íbúð enn ekki selst eftir sex mánuði gilda ákvæði 92. gr. Lánið skal tryggt með vísitölu lánskjara. Vextir þeir sömu og af langtímaláni sem hvílir á hlutaðeigandi íbúð.

g. (88. gr.)

Íbúðir byggðar eftir gildistöku laga nr. 51/1980.

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Við kaup á íbúðinni skal seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags. Einnig skal seljandi íbúðarinnar fá endurgreiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning reiknast 1% af framreiknuðu verði íbúða. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu samkvæmt grein þessari innan átta vikna frá söludegi íbúðar. Með söludegi er átt við þann dag þegar úttekt á eigninni hefur farið fram og útreikningur á eignarhluta seljanda liggur fyrir. Skal þetta gert innan 30 daga frá því seljandi lagði fram skriflega beiðni um innlausn.

Um útreikning á söluverði fer með eftirfarandi hætti: Framreikna skal upphaflegt kostnaðarverð íbúðarinnar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags. Við framreiknað verð má bæta kostnaðarverði endurbóta að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Um fyrningu vísast til 1. mgr.

Kaupanda íbúðarinnar skal veitt nýtt lán sem nemur allt að 90% af endursöluverði íbúðarinnar. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

h. (89. gr.)

Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Seljandi skal fá endurgreidda þá fjárhæð sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbætur skal greiða miðað við lánskjaravísitölu, en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning er 0,5% fyrir hvert ár eignarhaldstíma. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Seljandi skal þó ekki fá lægri greiðslu en hann hefði fengið samkvæmt áðurgildandi reglum um 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár eignarhaldstíma ásamt reglum um 1,0% árlega fyrningu. Þessar aukaverðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstímann eftir 1. júlí 1984.

Húsnæðisnefnd skal greiða seljanda andvirði endurbóta á íbúðinni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu skv. 2. mgr. 88. gr.

Um útreikning á söluverði fer með eftirtöldum hætti: Framreikna skal upphaflegt kostnaðarverð íbúðar eða síðasta söluverð samkvæmt lánskjaravísitölu, en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir, frá þeim tíma er kaupsamningur var gerður til söludags. Við framreiknað verð má bæta kostnaðarverði endurbóta að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Draga skal frá 0,5% – 1% fyrningu fyrir hvert ár eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. um útreikning á greiðslu til seljanda.

Kaupanda íbúðarinnar skal veitt nýtt lán sem nemur allt að 90% af endursöluverði íbúðarinnar. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Hagnaður, sem verða kann af sölu eldri íbúða í verkamannabústöðum, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna, enda verði sveitarstjórn þá ekki skylt að greiða 10% af viðbótarláni til Byggingarsjóðs verkamanna. Heimilt er húsnæðismálastjórn að nota hluta hagnaðar, sem myndast við sölu, til þess að greiða kostnað við eigendaskipti íbúðar eða leggja ákveðinn hundraðshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda ákvæði 88. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt inn öðru sinni.

Þær íbúðir sem undir grein þessa falla eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.
3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.

i. (90. gr.)

Íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiddar upp. Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda hennar skv. 88. gr. og skulu félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

Heimilt er félagsmönnum í Byggingarfélagi verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga um fjölbýlishús þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

j. (91. gr.)

Úrlausn ágreiningsmála við endursölu.

Húsnæðismálastjórn skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúðar og framkvæmdaraðila sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda og ákvarðanir um endursölu íbúðar skv. 88. og 89. gr.

Sama á við um ágreining milli kaupanda og framkvæmdaraðila um verðlagningu íbúða við innlausn hennar.

k. (92. gr.)

Sérstök úrræði ef íbúðir, sem koma til endursölu, standa auðar.

Komi í ljós, eftir að framkvæmdaraðili hefur keypt inn íbúð samkvæmt kaupskyldu eða forkaupsrétti, að íbúð er óseljanleg og ekki hefur tekist að leigja hana, sbr. 44. gr., og svo hefur verið ástatt í a.m.k. sex mánuði, er húsnæðismálastjórn heimilt að veita framkvæmdaraðila lán er nemur söluverði íbúða skv. 88. eða 89. gr. Lánskjör eru þau sömu og gilda um lán til leiguíbúða og miðast lánveiting við innlausnardag. Verði íbúð seld eða leigð skal lánið gjaldfellt og veitt nýtt lán skv. 50. gr. eftir því sem við á.

l. (93. gr.)

Komi í ljós í sérstökum tilvikum við endursölu íbúða á vegum sveitarfélags eða félagasamtaka að íbúð er óseljanleg sem félagsleg íbúð og hentar ekki sem félagsleg íbúð er húsnæðismálastjórn heimilt að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um að selja íbúðina á almennum markaði. Ákvæði þetta á við um allar félagslegar íbúðir, óháð því á hvaða tíma þær voru byggðar og óháð því hvort um kaupskyldu eða forkaupsrétt hafi verið að ræða. Við sölu skal framkvæmdaraðili greiða upp lán og vanskil Byggingarsjóðs verkamanna eða Byggingarsjóðs ríkisins. Hagnaður, sem kann að verða við sölu, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna.

27. gr.

6. málsl. 1. mgr. 110. gr. (verður 111. gr.) laganna hljóðar svo: Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að fresta endurgreiðslu á andvirði búseturéttar (eignarhlutar) í allt að sex mánuði frá lokum uppsagnarfrests og skal fullnaðargreiðsla til seljanda búseturéttar eiga sér stað í síðasta lagi innan tólf mánaða frá upppsögn búsetusamnings. Um endurgreiðslu búseturéttar fer að öðru leyti eftir 76. gr. um endurgreiðslu á eignarhlut leigutaka.

28. gr.

3. mgr. 115. gr. (verður 116. gr.) laganna hljóðar svo:

Húsnæðissamvinnufélög skulu láta Húsnæðisstofnun ríkisins í té bókhaldsgögn, ársskýrslu og upplýsingar um framkvæmdir og húsbyggingar óski Húsnæðisstofnun eftir því.

29. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VIII, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara skulu sveitarstjórnir kjósa húsnæðisnefndir, sbr. 39. gr. Kosningum skal lokið innan tveggja mánaða.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd er skipuð var af félagsmálaráðherra þann 11. október 1993. Samkvæmt skipunarbréfinu var nefndinni ætlað að undirbúa frumvarp á grundvelli skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá maí 1993 um félagslegar íbúðir. Í nefndina voru skipuð: Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, forstöðumaður húsnæðisnefndar Hafnarfjarðar, Sveinn H. Ragnarsson félagsmálastjóri, Hilmar Þórisson aðstoðarframkvæmdastjóri og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri sem skipaður var formaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Gísli Gíslason deildarstjóri og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri. Fundarritari var Elín S. Jónsdóttir deildarsérfræðingur.

Þegar lög nr. 70/1990 tóku gildi 1. júní 1990 voru gerðar umtalsverðar breytingar á lagaákvæðum um félagslegar íbúðir. Helstu breytingar voru: Húsnæðisnefndir tóku við af stjórnum verkamannabústaða, en með því var stigið stórt skref í þá átt að færa málaflokkinn nær sveitarstjórnum en áður var. Sett voru skýr markmið um jöfnuð, öryggi og val. Jöfn áhersla var lögð á eignar- og leiguíbúðir og fólki tryggðir valkostir. Aukin áhersla á leiguíbúðir kom m.a. fram í lengri lánstíma en áður var (50 ár). Lánshlutfall hækkað úr 85% í 90%. Lögfest voru þau nýmæli að sú aðstoð, sem felst í félagslegum íbúðum, miðaðist við aðstæður fólks hverju sinni en væri ekki ákveðin í eitt skipti fyrir öll. Tekið var upp greiðslumat. Lán til almennra kaupleiguíbúða voru felld undir Byggingarsjóð verkamanna.

Í febrúar 1992 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að meta reynsluna af framkvæmd laga nr. 70/1990 og koma með tillögur til úrbóta ef nauðsyn krefði. Í þessu skyni hélt sú nefnd fundi með 27 húsnæðisnefndum víðs vegar um landið, auk þess sem hún leitaði eftir skriflegum upplýsingum hjá öllum sveitarfélögum. Jafnframt leitaði nefndin til félagasamtaka, þar á meðal húsnæðissamvinnufélaga, um reynslu þeirra af lögunum. Afrakstur þeirrar vinnu birtist í skýrslu nefndarinnar frá maímánuði 1993 sem frumvarp þetta er að miklu leyti byggt á. Niðurstaða skýrslunnar er í grófum dráttum sú að lögin hefðu reynst vel. Engu að síður var bent á mörg atriði sem betur mættu fara í lögum. Þar risu eftirfarandi atriði hæst: Sveitarfélögunum yrði falin meiri ábyrgð. Einfalda mætti lánafyrirkomulagið. Auka þyrfti sveigjanleika „kerfisins" vegna mismunandi aðstæðna í sveitarfélögum. Létta þyrfti greiðslubyrði af lánum til almennra kaupleiguíbúða. Þau félagasamtök, sem svöruðu málaleitan nefndarinnar, gerðu ekki athugasemdir við lögin að húsnæðissamvinnufélögum undanskildum. Þau bentu einkum á að möguleiki þeirra á lánum ætti að vera sá sami og hjá sveitarfélögum. Lögin ættu að endurspegla jafnræði milli sveitarfélaga og húsnæðissamvinnufélaga hvað félagslegt húsnæði varðar. — Skýrslan var send öllum sveitarstjórnum. Einnig var hún send til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, BSRB, ASÍ og samtakanna „Þak yfir höfuðið", en það eru samtök allmargra félagasamtaka, þ.e. Búseta, samtaka fatlaðra, aldraðra, námsmanna og leigjenda. Auk þess var skýrslan tekin til umfjöllunar á ráðstefnu Landssambands húsnæðisnefnda í byrjun október 1993. Þegar hafa verið lögfest tvö þeirra atriða sem fram komu í áðurnefndri skýrslu að væri ábótavant, sbr. lög nr. 12/1994. Heimilaður var sérstakur lánaflokkur vegna íbúða á lögbýlum og létt var á greiðslubyrði lána til almennra kaupleiguíbúða.

Nefnd sú, sem samdi frumvarp þetta, fékk á sinn fund Ríkharð Steinbergsson, framkvæmdastjóra húsnæðisnefndar Reykjavíkur, ásamt þremur fulltrúum húsnæðisnefndar, Leifi Guðjónssyni, Kristjáni Thorlacius og Hilmari Guðlaugssyni; enn fremur fulltrúa frá samtökunum „Þak yfir höfuðið", Reyni Ingibjartsson, Kristínu Jónsdóttur og Bjarna Ingólfsson. Auk þess kom á fund nefndarinnar Birgir Valdimarsson starfsmaður húsnæðisnefndar Ísafjarðar.

Í frumvarpi þessu eru þær mikilvægu ábendingar, sem komu fram á fundum fyrrgreindrar nefndar með húsnæðisnefndum og birtust í skýrslu ráðuneytisins frá maí 1993, hafðar að leiðarljósi. Lögð er áhersla á hve sveitarfélög gegna þýðingarmiklu hlutverki, ekki síst á samdráttartímum, að sjá til þess að þeir sem búa við lakast húsnæði fái úrlausn sinna mála. Jafnframt er mikilvægt að ekki verði gerð kollsteypa innan þessa kerfis, enda örar breytingar óheppilegar fyrir þá sem þjónustunnar njóta. Áhersla er lögð á að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð var með lögunum nr. 70/1990, en ábyrgð sveitarfélaga aukin og skerpt og kerfið gert sveigjanlegra, auk þess sem leitast er við að sníða helstu agnúa af lögunum sem reynslan hefur leitt í ljós.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

Aukin ábyrgð sveitarfélaga.

1. Ný skipan húsnæðisnefnda er lögð til í beinum tengslum við aukna ábyrgð sveitarfélaga á félagslegum íbúðum.

Það var með lögum nr. 70/1990 sem þáttaskil áttu sér stað hvað varðar áhrif verkalýðshreyfingarinnar á félagslegar íbúðir þegar stjórnir verkamannabústaða voru lagðar niður, en við tóku húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Áfram héldu þó fulltrúar verkalýðshreyfingar setu í nefndinni, en í minni hluta í stað meiri hluta í stjórnum verkamannabústaða.

Óþarft er að rekja hér langa og merka sögu um áhrif verkalýðshreyfingarinnar á uppbyggingu verkamannabústaða í landinu. Aðalatriðið hér er að málaflokkurinn hefur nú í seinni tíð verið að færast til sveitarfélaga eins og lög nr. 70/1990 bera gleggst merki. Hér er einungis lagt til að framhald verði þar á í samræmi við það grundvallaratriði þessa frumvarps að ábyrgð sveitarfélaga verði enn aukin.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að húsnæðisnefndir verði kjörnar af sveitarstjórn með sama hætti og aðrar nefndir samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Segja má að það skref hafi verið stigið til hálfs með lögunum nr. 70/1990 eins og áður var vikið að. Í samræmi við áherslu stjórnvalda undanfarin ár á það að færa aukin verkefni og ábyrgð til sveitarstjórna telur nefnd sú sem samdi frumvarp þetta að nú sé tímabært að stíga skrefið til fulls. Ábyrgðin er hér lykilatriði. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í húsnæðisnefnd bera ekki ábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Það þykir ekki fara vel saman að auka ábyrgð sveitarstjórna á málaflokknum nema sveitarstjórn sé um leið fært forræði hans með því að kjósa í húsnæðisnefnd með sama hætti og aðrar nefndir samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Hér er því einungis verið að fylgja þeirri þróun sem átt hefur sér stað að undanförnu um aukna ábyrgð sveitarstjórna á mörgum sviðum, en engan veginn verið að draga úr gildi þess að í húsnæðisnefnd sitji fulltrúar frá verkalýðsfélögum. Gert er ráð fyrir því að reyndin verði víða sú að við kosningu sveitarstjórna í húsnæðisnefnd verði fulltrúar verkalýðsfélaga meðal annarra fulltrúa sveitarstjórnar, en þá í húsnæðisnefnd sem sveitarstjórn hefur forræði yfir.

2. Húsnæðisnefndum verði falið að taka endanlega ákvörðun um úthlutun íbúða til einstaklinga. Þegar nefnd sú sem gerði úttektina á reynslunni af lögum um félagslegar íbúðir ferðaðist um landið bentu margir á að miðað við önnur ábyrgðarmikil verkefni sveitarstjórna skyti skökku við að þeim væri ekki treyst til að úthluta félagslegum íbúðum, heldur þyrftu að leita staðfestingar Húsnæðisstofnunar í hverju einstöku máli. Aðrir bentu á að ekki skyldi látið við það sitja að fela sveitarfélögum að úthluta íbúðum, heldur gæti komið til álita að Byggingarsjóður verkamanna láni sveitarstjórnum ákveðið fjármagn gegn ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórnir sæju síðan um lánveitingar til einstaklinga.

Kæmi til vanskila bæri sveitarstjórn ábyrgð á þeim. Nefnd sú sem samdi þetta frumvarp telur að síðarnefnd leið sé allrar athugunar verð, en leggur hana þó ekki til í þessu frumvarpi enda væri þar um grundvallarbreytingu að ræða sem krefðist mikils undirbúnings. Hins vegar þykir sjálfsagt og eðlilegt að fela húsnæðisnefndum fullnaðarákvörðun um úthlutun íbúða. Segja má að á undanförnum árum hafi verkefni þetta verið að færast æ meir til húsnæðisnefnda, en eftir stendur þó að nefndunum er skylt að senda Húsnæðisstofnun lista yfir allar úthlutanir til staðfestingar. Það er því ekki eingöngu aukin hagræðing sem hér býr að baki, heldur miklu fremur það grundvallaratriði að húsnæðisnefndunum er treyst fyrir þessu veigamikla verkefni. Í stað þess að Húsnæðisstofnun staðfesti úthlutanir, geri hún úrtakskönnun á úthlutunum húsnæðisnefnda og því er lagt til að húsnæðisnefndir sendi Húsnæðisstofnun yfirlit yfir úthlutanirnar, auk þess sem stofnunin þarf á slíku yfirliti að halda vegna tölfræðilegrar vinnu. Þannig verði eftirlit Húsnæðisstofnunar almenns eðlis í stað þess að beinast að einstökum málum eins og nú er. Vilji svo ólíklega til að Húsnæðisstofnun komist að raun um að húsnæðisnefnd hafi ekki gætt lagaskilyrða við úthlutanir er lagt til að húsnæðismálastjórn verði heimilt að veita húsnæðisnefndunum aðhald með þeim hætti að þeim verði gert að senda Húsnæðisstofnun allar úthlutanir til staðfestingar í eitt ár. En jafnframt er lagt til að einstaklingar, sem keypt hafa félagslega íbúð á svig við ákvæði laga um eigna- og tekjumörk, sæti viðurlögum, þ.e. vaxtahækkun. Fólki á að vera kunnugt um þessi atriði, sbr. ákvæði laga og reglugerðar þar að lútandi og þær upplýsingar sem liggja fyrir hjá húsnæðisnefndum. Þannig leiði aukin ábyrgð og aukið sjálfstæði sveitarfélaga í þessum efnum til þess að einstaklingar beri einnig þyngri ábyrgð. Það fyrirkomulag hefur það aftur í för með sér að enn brýnna er en fyrr að húsnæðisnefndir upplýsi umsækjendur rækilega um réttindi þeirra og skyldur.

Ný tilhögun um 3,5% framlag sveitarfélaga til félagasamtaka og fyrirtækja.

Sveitarfélög hafa mörg hver bent á að það sé ágalli á lögunum að sveitarstjórnum sé skylt að greiða félagasamtökum og fyrirtækjum, sem koma upp félagslegum íbúðum í sveitarfélaginu, 3,5% framlag, án þess að hafa gefist kostur á að vera með í ráðum um þær framkvæmdir og þannig gert fært að gera ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlunum sínum. Lagafyrirmæli núgildandi laga eru afdráttarlaus. Það firrir sveitarstjórn ekki ábyrgð, enda þótt fyrirætlanir félagasamtaka um félagslegar íbúðir hafi verið sveitarstjórn með öllu ókunnar. Hér eru einkum kaup á notuðum íbúðum höfð í huga, en þar eru dæmi um að krafa félagasamtaka um 3,5% framlagið hafi komið sveitarstjórnum í opna skjöldu. Um byggingarframkvæmdir er sveitarstjórnum að sjálfsögðu kunnugt, en í þeim tilvikum eru þó dæmi þess að sveitarstjórnum væri ókunnugt um þá skyldu sem lög um Húsnæðisstofnun ríkisins legðu þeim á herðar.

Vegna þessara vandkvæða hefur komið fram tillaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að 3,5% framlagið verði fellt niður þegar aðrir framkvæmdaraðilar en sveitarfélög eiga í hlut. Ekki náðist samstaða í nefndinni um þá breytingu, m.a. vegna þess að hún hefði í för með sér mismunandi lánskjör hjá einstaklingum í sambærilegum íbúðum. Það skýrist af því að lán Byggingarsjóðs verkamanna nemur 90% af þeirri upphæð sem eftir stendur þegar 3,5% framlag sveitarfélags hefur verið dregið frá kostnaðarverði íbúðar. Í stað þess að verða við áðurgreindri tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga er lögð til sú málamiðlun að 3,5% framlag sveitarfélaga vegna íbúða á vegum félagasamtaka eða fyrirtækja verði háð samþykki sveitarstjórnar. Með því móti verði tryggt að sveitarstjórn sé kunnugt um fyrirætlanir hlutaðeigandi framkvæmdaraðila og hægt að gera

ráð fyrir framlaginu í fjárhagsáætlun. Nefndin telur ólíklegt að þessi tilhögun valdi því að sveitarstjórnir veiti framkvæmdaraðilum ekki umbeðið samþykki, enda eru þeir aðilar að leysa úr brýnum húsnæðismálum í sveitarfélaginu, t.d. fyrir fatlaða og aldraða.

Vilji hins vegar svo ólíklega til að sveitarstjórn veiti ekki samþykki sitt fyrir greiðslu 3,5% framlagsins verður afleiðingin óhjákvæmilega sú að lánsfjárhæð hækkar, ásamt framlagi kaupanda, sem aftur leiðir til þess að kjör þess fólks sem í slíkri íbúð býr verða lakari en í öðrum sambærilegum félagslegum íbúðum.

Sveigjanlegra fyrirkomulag en samkvæmt gildandi lögum.

Aukið sjálfstæði sveitarfélaga og sveigjanlegra fyrirkomulag eru oft tvær hliðar á sama máli. Hinar mismunandi aðstæður í sveitarfélögum kalla á sveigjanleika eigi kerfi sem þetta að þjóna einstaklingum í ólíkum sveitarfélögum sem best. Hér verða nefnd helstu dæmi um aukinn sveigjanleika sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Öll miða þau að því að draga úr rígbundnum reglum og hnika megi til í vissum greinum þannig að félagslegar íbúðir þjóni sem best ætlunarverki sínu.

1. Lagt er til að húsnæðismálastjórn verði heimilt að færa lán, sem veitt hafa verið til framkvæmdaraðila, milli lánaflokka skv. 1.–4. tölul. 50. gr.

Bent hefur verið á, t.d. í tiltölulega fámennum sveitarfélögum, að breytingar á aðstæðum í sveitarfélaginu geta haft það í för með sér að í ljós kemur þörf á annars konar íbúðum heldur en var á þeim tíma þegar sveitarstjórn lagði fram umsókn til húsnæðismálastjórnar. Glöggt dæmi um þetta eru umsóknir um almennar kaupleiguíbúðir, en þær eru ætlaðar fólki óháð tekjum eins og kunnugt er og vextir því hærri en á lánum til annarra félagslegra íbúða. Þar sem sveiflur í atvinnuháttum og tekjum eru miklar getur sú staða komið upp að ekki reynist þörf fyrir almenna kaupleiguíbúð þegar til afhendingar kemur, en þess í stað sé þörf fyrir félagslega kaupleiguíbúð. Í þessu sambandi má einnig benda á að kaupleigufyrirkomulaginu var frá upphafi ætlað að vera sveigjanlegt og gengur breyting sú sem hér er lögð til í þá sömu átt.

2. Undanþægt greiðslumat er nýjung í átt til aukins sveigjanleika. Í því felst að við kaup á íbúð megi í vissum tilvikum líta fram hjá skilyrðum um hámarksgreiðslubyrði sem kveða á um í reglugerð. Bent hefur verið á að húsnæðisnefndir geti þekkt til aðstæðna fólks og því rökstutt að í ákveðnum tilvikum geti fólk lagt á sig þyngri greiðslubyrði en reglugerð mun mæla fyrir um. Þannig búi fólk með sterk fjölskyldu- og félagsleg tengsl við aðstæður til að takast tímabundið á við mikla greiðslubyrði. Nýta eigi þannig staðbundna þekkingu húsnæðisnefnda á aðstæðum fólks. Auk þess sem bent hefur verið á að mat á greiðslugetu sé af því tagi að það verði ekki fastbundið í reglum í eitt skipti fyrir öll. Hér er engan veginn verið að draga úr gildi þess að í lögum og reglugerð sé kveðið á um greiðslumat vegna kaupa á félagslegum íbúðum, heldur lögð áhersla á að mismunandi aðstæður fólks eigi að endurspeglast í reglum um greiðslumat og framkvæmd þess.

3. Gert er ráð fyrir að gengið sé enn lengra en áður í þá átt að vaxtakjör miðist við raunverulegar aðstæður fólks, en séu ekki ákveðin í eitt skipti fyrir öll. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að hækka vexti komi í ljós að tekjur hafi hækkað umfram tekjumörk. Hins vegar hafa lögin verið skilin svo að óheimilt sé að lækka vexti á ný versni hagur manna. Á þeim þrengingartímum, sem of margir hafa orðið fyrir barðinu á undanfarin ár, hefur reynslan sýnt að tekjur manna hafa lækkað og aðstæður ýmsar versnað. Er þar atvinnuleysið ekki síst haft í huga. Enda þótt svo virðist sem aftur stefni til betri vegar breytir það ekki því að í lögunum þarf að vera sveigjanleiki eigi vaxtakjör að

miðast við raunverulega hagi fólks á hverjum tíma. Rígbundnar reglur geta virkað gegn tilgangi sínum. Því er lögð áhersla á að lagaákvæði um breytingu á vöxtum feli það í sér að vextir geti bæði hækkað og lækkað eftir aðstæðum fólks.

4. Enda þótt ákvæði laganna um hámarksstærð íbúða hafi gefist vel er lagt til að víkja megi frá þeirri reglu þegar keyptar eru notaðar íbúðir, enda verði sýnt fram á að slík kaup séu hagstæðari en að byggja nýjar íbúðir. Um þetta atriði vísast að öðru leyti til athugasemda við 14. gr. frumvarpsins.

Sams konar rök búa að baki þeirri tillögu að rýmka ákvæði laganna um lán til bílskýla eða bílskúra. Heimilt verði að lán taki til kostnaðar vegna bílskýlis eða bílskúrs í notuðu íbúðarhúsnæði, enda sé samanlagður kostnaður bílskýlis/bílskúrs og íbúðar ávallt lægri en kostnaðargrundvöllur húsnæðismálastjórnar.

5. Enn ein leið til aukins sveigjanleika er að heimila húsnæðismálastjórn að telja fjármagnskostnað annarra aðila en Byggingarsjóðs verkamanna lánshæfan. Framkvæmdaraðili hafi þannig val um það hvort hann taki framkvæmdalán hjá bönkum og sparisjóðum eða Byggingarsjóði verkamanna.

6. Meiri háttar utanhússviðhald á félagslegu íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga hefur reynst mörgum erfitt og afleiðing sú að dæmi eru um að hús eru orðin illa farin. Til að bæta úr er lagt til að heimilt verði að veita eigendum félagslegra íbúða í fjölbýlishúsi sérstakt viðbótarlán vegna utanhússviðhalds, sjá nánar í 10. gr. frumvarpsins.

7. Borið hefur á því að erfitt hefur verið að endurúthluta kaupleiguíbúðum með 15% eða 30% eignarhlut. Einungis íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 70/1990 eru með 15% eignarhlut. Það eru fyrst og fremst íbúðir á vegum húsnæðissamvinnufélaga sem hér eiga í hlut. Framkvæmdaraðilum er skylt að endurgreiða leigutaka eignarhlut sinn og eru háðir því að nýr leigutaki sé fyrir hendi sem greiði eignarhlutinn. Sé svo ekki situr málið fast. Til að leysa úr slíkum hnút er lagt til að heimilt verði að hækka lán vegna þessara íbúða í 90% sem þýðir að eignarhlutur leigutaka verði 10%. Heimildinni verði einungis beitt í undantekningartilvikum, þ.e. þegar framkvæmdaraðili sýnir fram á að ella standi íbúðir auðar.

8. Að undanförnu hefur borið meira á því en áður að félagslegar íbúðir, sem koma til endursölu, standi auðar. Annars vegar er um að ræða íbúðir sem henta vel sem félagslegar íbúðir, en engu að síður er hvorki hægt að selja þær né leigja. Hins vegar íbúðir sem henta illa sem félagslegar íbúðir, einkum vegna stærðar og verðlags. Afleiðingin í báðum tilvikum er sú að íbúðir standa auðar. Lagðar eru til tvær leiðir til úrbóta. Í fyrrgreinda tilvikinu, íbúðir standa auðar enda þótt þær henti sem félagslegar íbúðir, verði húsnæðismálastjórn heimilt að veita framkvæmdaraðila lán sem nemi söluverði íbúða. Vandi vegna íbúðanna sem ekki henta sem félagslegar íbúðir verði hins vegar leystur með því að heimilað verði að selja þær á almennum markaði. Hér er um mikla grundvallarbreytingu að ræða, enda verið litið svo á að „félagslega kerfið" væri lokað kerfi. En í því efni, sem mörgu öðru í þessu frumvarpi, er lagt til að hnika megi til jafnvel frá því grundvallaratriði sem hér um ræðir.

Einföldun á lánafyrirkomulagi.

Fram hafa komið ábendingar um að lánakerfi félagslegra íbúða sé of flókið og viðamikið, einfalda mætti það og fækka lánaflokkum án þess að valmöguleikar fólks skerðist. Bent er á að kaupleigufyrirkomulagið, með sínum valmöguleikum, feli í raun og veru í sér þá þrjá kosti sem nú standa til boða, þ.e. kaup, leigu, eða leigu með eignarhlut. Láta mætti við það sitja að lögin tækju til kaupleiguíbúða. Skiptar skoðanir eru þó um svo rót-

tæka einföldun á „kerfinu“ og er hún því ekki lögð til hér. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þau tvö lán, sem nú eru veitt til almennra kaupleiguíbúða, 20% lán (til fimm ára samkvæmt lögum nr. 70/1990, en til 25 ára samkvæmt lögum nr. 12/1994) og 70% lán, verði sameinuð í eitt 90% lán (til 43 ára eða 50 ára). Með því móti fæst bæði einföldun og hagkvæmari lánskjör.

Breyting á fyrningarreglum.

Lagt er til að reglur um fyrningar verði samræmdar á íbúðum sem byggðar hafa verið frá og með gildistöku laga nr. 51/1980. Þannig verði 1% fyrning á öllum þessum íbúðum, enda eru þær allar með fullverðtryggð lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Einnig er gert ráð fyrir að settar verði skýrari reglur um endurbætur og vanrækslu á viðhaldi þegar íbúð kemur til innlausnar.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér þá breytingu að í stað tveggja lána til almennra kaupleiguíbúða, 70% og 20%, verði veitt eitt lán, allt að 90% lán. Um nánari skýringar á þessu atriði vísast til athugasemda við 9. gr. frumvarpsins (50. gr.).

Um 2. gr.

Reynslan sýnir að nokkur brotalöm hefur verið á því að sveitarstjórn og húsnæðisnefnd berist upplýsingar um byggingarframkvæmdir félagasamtaka eða kaup þeirra á íbúðum.

Sveitarstjórn er nauðsynlegt að fá upplýsingar í tíma um byggingu eða kaup á íbúðarhúsnæði á vegum félagasamtaka og fyrirtækja til þess að geta tekið afstöðu til þess hvort hún samþykki greiðslu á 3,5% framlagi, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Húsnæðisnefndum er nauðsynlegt að fá upplýsingar um bæði byggingar og kaup hjá öðrum framkvæmdaraðilum til þess að þær geti haft nauðsynlega yfirsýn yfir öll húsnæðismál í sveitarfélaginu og geta áætlanir félagasamtaka skipt miklu máli í því sambandi.

Um 3. gr.

Efni 38. og 39. gr. laganna er sameinað í eina grein.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á skipan húsnæðisnefndar að í henni sitji einungis fulltrúar sveitarfélagsins með sama hætti og í öðrum nefndum sveitarfélaga. Það fyrirkomulag að í nefndinni sitji fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar þykir nú hafa runnið sitt skeið og heyra sögunni til. Sú tilhögun var eðlileg á sínum tíma þegar verkalýðshreyfingin setti svip sinn á málaflokkinn. Stjórnir verkamannabústaða, sem störfuðu til gildistöku laga nr. 70/1990, voru einungis í lausum tengslum við sveitarstjórn, en þær voru skipaðar af félagsmálaráðherra og tilheyrðu stjórnsýslu ríkisins en ekki sveitarfélaga. Gerð var gagnger breyting á því fyrirkomulagi með lögunum, nr. 70/1990, þegar húsnæðisnefndir tóku við af stjórnum verkamannabústaða. Ætlunin var að auka ábyrgð sveitarstjórna á félagslegum íbúðum og tengja málaflokkinn sveitarfélögum. Segja má að á þeim tíma hefði ver-

ið eðlilegt að stíga skrefið til fulls, þannig að húsnæðisnefnd væri einungis skipuð fulltrúum sveitarfélaga. Á það var ekki fallist. Að fenginni reynslu þykir hins vegar rétt að stíga það skref nú, enda álit ýmissa, sem koma nærri félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélaga, að hér sé augljós agnúi á lögunum. Einkum sé vandinn áberandi þegar aðstæður eru með þeim hætti að meiri hluti í húsnæðisnefnd er annar en í sveitarstjórn. Núverandi fyrirkomulag geti valdið tortryggni sveitarstjórnar í garð húsnæðisnefndar af þessum sökum. Þversagnarkennt sé að lögð sé áhersla á ábyrgð sveitarstjórnar á félagslegum íbúðum, en jafnframt að húsnæðisnefnd sé að hluta til skipuð utanaðkomandi aðilum. Enn lengra gangi þessi þversögn ef auka eigi ábyrgð sveitarstjórna. Ábyrgð sveitarstjórna er hér lykilatriði. Til þess að sú ábyrgð verði ekki einungis í orði heldur á borði verði sveitarstjórnir að hafa skipan nefndarinnar á sinni ábyrgð eins og eðlilegt og sjálfsagt þykir um aðrar nefndir sveitarfélaga. Eins og áður var bent á getur núverandi fyrirkomulag leitt til þess að samsetning húsnæðisnefnda sé með öðrum hætti en sveitarstjórna og er þá ljóst að grundvallarreglan um ábyrgð sveitarstjórna gengur illa upp. Verkalýðshreyfingin hefur vissulega haft mikið að segja um þennan málaflokk og ýtt honum áfram um langt árabil. Sú sögulega staðreynd telst hins vegar ekki rök fyrir því að fulltrúar hennar eigi sæti í húsnæðisnefnd úr því það skref hefur verið tekið að nefndin er skipuð af sveitarstjórn. Í þessu sambandi má einnig benda á að með lögum nr. 61/1993 var skipan húsnæðismálastjórnar breytt á þann veg að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar eiga þar ekki lengur sæti. Við þetta bætist að ekki eru sömu tengsl og áður milli Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna, enda ekki lengur gerðir samningar við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Auk þess sem lagt er til að samsetning húsnæðisnefndar breytist er gert ráð fyrir að fjöldi fulltrúa í nefndinni verði ákvörðunaratriði hverrar sveitarstjórnar fyrir sig en ekki ákveðinn með lögum. Sú breyting er í samræmi við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um aukið sjálfstæði sveitarfélaga.

Óþarft þykir að tekið sé fram í lögum að sveitarfélögum með færri íbúa en 400 er heimilt að skipa húsnæðisnefnd. Einnig þykir óþarft að tekið sé sérstaklega fram að fámennu sveitarfélögunum er heimilt að skipa húsnæðisfulltrúa og er það atriði því fellt brott. Nægilegt þykir að lögin kveði á um skyldur í þessum efnum.

Um 5. gr.

Grein þessi felur í sér nánari skilgreiningu á ábyrgð sveitarstjórna á félagslegum íbúðum en er að finna í núgildandi lögum. Jafnframt sýnir greinin óbeint fram á hver eru valdmörk gagnvart húsnæðisnefnd, sbr. 41. og 45. gr., en gagnrýnt hefur verið að það atriði hafi ekki verið nægilega skýrt.

Ábyrgð sveitarstjórnar felst í aðalatriðum í því að móta stefnu og ákvarða fjárhagsrammann.

Sveitarstjórn ber að kanna hver þörfin sé fyrir félagslegar íbúðir og ber ábyrgð á því að ákvörðun hennar um byggingu eða kaup á íbúðunum sé í beinu samræmi við þær þarfir.

Fjárhagsleg ábyrgð felst í aðalatriðum í því að ákvarða fjárhagsrammann, að fjöldi íbúða sé í samræmi við þarfir, að framkvæmdir séu sem hagkvæmastar og í umsjón með íbúðum sem eru í leigu. Jafnframt kemur ábyrgð sveitarstjórna fram í kaupskyldu og forkaupsrétti við endursölu þegar um eignaríbúðir er að ræða.

Um 6. gr.

Með því að húsnæðisnefnd verði eingöngu skipuð af sveitarstjórn eykst ábyrgð sveitarstjórnar á félagslegum íbúðum. Sú aukna ábyrgð komi fram með þeim hætti að ábyrgð á úthlutun íbúða verði að öllu leyti innan sveitarfélaga, þ.e. að húsnæðisnefnd hafi á sinni hendi fullnaðarákvörðun um úthlutanir á íbúðum.

Komist Húsnæðisstofnun hins vegar að raun um að húsnæðisnefnd hafi ekki gætt lagaskilyrða um eigna- og tekjumörk eða greiðslugetu við úthlutanir á íbúðum þykir nauðsynlegt að heimilt sé að veita húsnæðisnefndum aðhald. Það verði gert á þann hátt að húsnæðismálastjórn verði heimilt að ákveða að hlutaðeigandi húsnæðisnefnd sendi allar úthlutanir til Húsnæðisstofnunar í eitt ár til staðfestingar.

Um 7. gr.

Breytingin á 1. mgr. er einungis til samræmingar við lög nr. 12/1994, en með þeim lögum var Byggingarsjóði verkamanna heimilað að veita sveitarfélögum framkvæmdalán til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum, en 10% framlag sveitarfélagsins á ekki við um þær íbúðir.

Í 2. mgr. er lögð til sú breyting að gerður verði greinarmunur á íbúðum, á vegum sveitarfélags annars vegar og annarra framkvæmdaraðila hins vegar, hvað viðvíkur greiðslu sveitarfélags á 3,5% framlagi til félagslegra íbúða. Sveitarfélagi beri þannig ekki lengur fortakslaus skylda til að greiða framlag þetta þegar aðrir framkvæmdaraðilar eiga í hlut heldur skuli samþykki þess liggja fyrir. Bent hefur verið á að lagaskylda um greiðslu 3,5% framlags til félagslegra íbúða á vegum einkaaðila í sveitarfélaginu hafi komið sveitarfélögum í opna skjöldu, þeim hafi ekki verið kunnugt um fyrirætlanir þessara aðila og því ekki gert ráð fyrir greiðslu framlagsins í fjárhagsáætlun sinni. Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til tilkynningarskylda félagasamtaka og fyrirtækja til sveitarstjórnar og húsnæðisnefndar um þessi efni. Sú tilkynningarskylda þykir hins vegar ekki nægileg ef sveitarfélag er engu að síður skuldbundið þótt tilkynningarskyldunni sé ekki sinnt. Því er, auk tilkynningarskyldunnar, lagt til að samþykki sveitarfélags liggi fyrir. Ólíklegt er talið að samþykki fáist ekki í flestum tilvikum, enda eru félagasamtök að leysa úr húsnæðisvanda í sveitarfélaginu. Samþykkið muni því fyrst og fremst tryggja að sveitarstjórn hafi undir höndum nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir eða íbúðakaup annarra framkvæmdaraðila og geti gert ráð fyrir greiðslu framlagsins í fjárhagsáætlun sinni. Hvað gildistöku þessarar nýju tilhögunar viðvíkur skal sérstaklega tekið fram að hún nær til framkvæmdalánssamninga sem gerðir verða frá og með gildistöku laganna.

Um 8. gr.

Í 2. tölul. er tekið fram að húsnæðisnefnd eigi að hafa yfirlit yfir félagslegar íbúðir á vegum annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga, þ.e. félagasamtaka og fyrirtækja, en þetta atriði hefur ekki þótt nægilega skýrt. Í því felst ekki að húsnæðisnefnd hafi eftirlit með félagslegum íbúðum á vegum einkaaðila heldur einungis að húsnæðisnefnd hafi upplýsingar um fjölda íbúða á vegum annarra aðila og hvaða tegund íbúða er um að ræða.

Í 3. tölul. felst það mikilsverða nýmæli að húsnæðisnefnd verði falin fullnaðarákvörðun um úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélagsins. Í því felst að húsnæðisnefnd beri ábyrgð á því að lagaskilyrðum um eigna- og tekjumörk og greiðslumat í hverju einstöku máli sé fullnægt, en þau atriði verði ekki send Húsnæðisstofnun til staðfestingar í hverju máli eins og gert hefur verið hingað til. Engu að síður verði óskir um undanþágu

frá eigna- og tekjumörkum, sem heimilaðar eru skv. 64. gr., sendar Húsnæðisstofnun til ákvörðunar. Einnig ef óskað er undanþágu frá greiðslumati en þar er um nýmæli í lögum að ræða einn hlekkur í því að auka sveigjanleikann. Auk þess sér húsnæðisnefnd um að meta félagslega hagi umsækjenda skv. 64. gr. og raða þeim í forgang með sama hætti og verið hefur og nánar er kveðið á um í reglugerð. Það nýmæli að húsnæðisnefndir taki fullnaðarákvörðun um úthlutun íbúða er í beinu samræmi við þá breyttu skipan húsnæðisnefndar sem lögð er til í frumvarpi þessu og þá auknu ábyrgð sem sveitarstjórnum er ætlað að axla. Enda þótt ábyrgðin á úthlutunum íbúða verði þannig endanlega innan sveitarfélagsins (hjá húsnæðisnefnd) er engu að síður nauðsynlegt að Húsnæðisstofnun berist upplýsingar um úthlutanirnar. Slíkar upplýsingar eru Húsnæðisstofnun nauðsynlegar vegna tölfræðilegrar vinnu svo og til þess að Húsnæðisstofnun geti gert úrtakskönnun á því að umsækjendur hafi uppfyllt lagaskilyrði. Því er lagt til að húsnæðisnefndir sendi Húsnæðisstofnun yfirlit yfir úthlutanir sínar.

Í 4. tölul. er tekið fram að Húsnæðisstofnun staðfesti útreikninga húsnæðisnefnda við endursölu íbúða. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða en rétt þykir að atriði þetta komi fram í lögum.

Að öðru leyti felst í greininni einföldun á texta en ekki efnisbreyting.

Um 9. gr.

Ákvæðið felur í sér þrenns konar breytingar:

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 4. tölul að í stað tveggja lána til almennra kaupleiguíbúða — 20% láns, upphaflega til fimm ára, en með lögum nr. 12/1994, til 25 ára, og 70% láns — verði veitt eitt lán, allt að 90% lán, til jafnlangs tíma og í félagslegum kaupleiguíbúðum, þ.e. til allt að 43 ára þegar íbúð er keypt, en allt að 50 ára sé hún leigð. Með þessu fæst þrennt: Í fyrsta lagi sveigjanleiki með þeim hætti að fólk geti valið um lánshlutfall, allt að 90%. Í öðru lagi verði lánakerfið einfaldað ofurlítið með einu láni í stað tveggja og síðast en ekki síst verði létt á greiðslubyrði fólks. Fastbundnar reglur um almennar kaupleiguíbúðir hafa verið gagnrýndar. Bent hefur verið á að fólk þurfi að eiga val um hversu háu láni það sækist eftir, greiðslugeta þeirra sem búa í almennum kaupleiguíbúðum sé misjöfn. Greiðslubyrðin hafi reynst mörgum erfið, einkum þeim sem hafa tekjur sem eru lítið eitt hærri en tekjumörk samkvæmt lögunum. Sérstaklega eigi þetta við um 20% lánið til fimm ára. Á þessu var þó ráðin bót með lögum nr. 12/1994. Þau lög heimila annars vegar að veita kaupanda 20% lán til 25 ára í stað fimm ára og hins vegar að lengja lánstíma fimm ára lána til 25 ára út árið 1994. Hér er lagt til að gengið verði enn lengra á sömu braut, veitt verði eitt 90% lán til almennra kaupleiguíbúða með sama hætti og til félagslegra eignaríbúða/kaupleiguíbúða/leiguíbúða og til jafnlangs tíma, til 43 ára sé íbúð keypt og 50 ára sé hún leigð. Breyting þessi hefur hins vegar ekki í för með sér breytingu á vaxtakjörum á lánum til almennra kaupleiguíbúða sem eru ekki lagaatriði eins og kunnugt er. Reiknað er með því að óbreytt standi að vextirnir verði hærri en af lánum til annarra félagslegra íbúða. Með því móti helst sérstaða almennra kaupleiguíbúða — valkostur fyrir þá sem hafa tekjur yfir tekjumörkum húsnæðismálastjórnar — án þess að greiðslubyrði verði fólki ofviða.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting að öll lán Byggingarsjóðs verkamanna geti numið allt að 90%, en þau séu ekki bundin við hámarkið, 90%, eins og skilja má af orðalagi núgildandi laga. Rétt þykir að hafa þetta atriði opið í lögunum. Hér er í raun einungis um leiðréttingu að ræða, lögin hafa verið skilin á fyrrnefndan veg, en rétt þykir að sá skilningur komi beinlínis fram í lagatexta.

Að lokum er gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn sé heimilað með lögum að færa lán til milli lánaflokka. Óskir um slíkar tilfærslur hafa komið frá mörgum framkvæmdaraðilum, bæði húsnæðisnefndum og félagasamtökum. Erfitt getur verið í upphafi framkvæmda að sjá fyrir hvort þörf sé fyrir íbúðir til eignar eða leigu, fyrir almennar eða félagslegar kaupleiguíbúðir, o.s.frv. Því er slíkur sveigjanleiki talinn nauðsynlegur, ekki síst nú á tímum samdráttar, svo og í fámennum sveitarfélögum. Til að koma til móts við þessar raddir, og sem einn liður í auknum sveigjanleika á félagsíbúðakerfinu, þykir rétt að slíka heimild sé að finna í lögum.

Um 10. gr.

Hér eru lögð til tvenns konar nýmæli.

Í fyrsta lagi að til staðar sé þröng heimild til þess að lána megi til bílskýla eða bílskúra í notuðu íbúðarhúsnæði, 2. tölul., en það er rýmkun frá núgildandi lögum. Hér býr sama hugsun að baki og þar sem lagt er til að víkja megi frá stærðarmörkum þegar notað íbúðarhúsnæði á í hlut, þ.e. að strangar reglur virki ekki gegn tilgangi sínum sem er að fá sem hagstæðast húsnæði. Ef aðstæður í sveitarfélagi eru með þeim hætti að fyrir hendi er notað húsnæði á hagstæðu verði með bílskýli eða bílskúr er ófært að kaup húsnæðisnefndar á húsnæðinu strandi á því atriði og þess í stað sé byggt dýrara húsnæði, en þess eru dæmi. Þetta á t.d. við í þeim sveitarfélögum þar sem í raun var ekki þörf fyrir nýjar íbúðir, en eldri íbúðir verða enn óseljanlegri en áður og falla meira í verði. Óhaggað stendur að samanlagt verð á íbúð og bílskýli/bílskúr sé undir viðmiðunarmörkum húsnæðismálastjórnar.

Í öðru lagi að Byggingarsjóði verkamanna verði heimilað að veita eigendum í félagslegum íbúðum sérstakt viðbótarlán til að leysa úr bráðum vanda. Komið hefur í ljós að víða um land þarfnast fjölbýlishús, með félagslegum íbúðum í eigu einstaklinga, gagngerra endurbóta utanhúss eigi húsin ekki að liggja undir skemmdum sem getur haft í för með sér fjárhagstjón fyrir sjóðinn. Af ýmsum ástæðum hefur viðhaldi ekki verið sinnt jafnóðum, en vandinn hrannast upp þar til kostnaður við endurbætur er orðinn eigendum ofviða án sérstakrar aðstoðar. Vegna þeirra hagsmuna sem sjóðurinn hefur að gæta að viðhalda veðum sínum stendur það honum næst að koma í veg fyrir enn frekara tjón. Ætlunin er að lánin verði einungis veitt til kostnaðarsamra endurbóta utanhúss. Með endurbótum er hér átt við endurbyggingu eða viðamikla viðgerð á þaki, endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem gleri, svo og viðgerðir eða klæðningu á veggjum utanhúss. Umsóknum um lán skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing og skal umsókn berast Húsnæðisstofnun áður en framkvæmdir hefjast. Fortakslaust skilyrði er að umræddar framkvæmdir falli ekki undir tryggingarsjóð félagslegra íbúða.

Um 11. gr.

Eins og fram kemur í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að veitt verði eitt lán til almennra kaupleiguíbúða, allt að 90% lán, í stað tveggja lána, 70% og 20%. Jafnframt lengist lánstíminn og verði sá sami og af lánum til annarra félagslegra íbúða, þ.e. allt að 43 ár eða allt að 50 ár, í stað fimm ára eða 25 ára lánstíma þegar 20% lánið átti í hlut. Hér er því um augljósa réttarbót að ræða fyrir lántakendur.

Jafnframt er sú breyting gerð að lánstími allra lána verði til allt að 43 ára eða allt að 50 ára, en ekki bundinn við ákveðinn árafjölda, hámarkslánstíma. Rétt þykir að hafa þennan möguleika fyrir hendi þannig að fólk geti fengið lán til styttri tíma sé þess óskað.

Tekið er fram beinum orðum að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna frá og með 1. júlí 1984 séu breytilegir. Hér er einungis um orðalagsatriði að ræða. Rétt þykir að orðalag um vaxtabreytingu sé það sama og í 16. gr. laganna (Byggingarsjóður ríkisins), en engin merkingarbreyting er hér á ferðinni.

Samkvæmt núgildandi lögum eru lán til söluíbúða og lán til leiguíbúða með eignarhlut afborgunarlaus fyrsta árið. Þegar íbúðir eru seldar er í öllum tilfellum veitt nýtt lán og nýja lánið er afborgunarlaust fyrsta árið. Í eignarhlutaríbúðum er það aðeins fyrsti leigjandinn sem nýtur afborgunarlausa ársins því við leigjendaskipti er ekki veitt nýtt lán. Telja verður eðlilegt að leigjendur sitji við sama borð, óháð því hvort þeir leigja með kauprétti eða eignarhlut eða hvort þeir eru fyrstu leigjendur íbúðar eða ekki.

Um 12. gr.

Breyting sú sem gerð er á 1. mgr. tekur til þess að veitt verði eitt lán, allt að 90%, til almennra kaupleiguíbúða, í stað tveggja lána, 70 og 20%, sbr. breytingu sem lögð er til á 50. gr. laganna.

Í öðru lagi verði því slegið föstu að eignarhlutur í almennri kaupleiguíbúð sé annaðhvort 10% eða 30%, en lögin hafa verið framkvæmd á þann veg, sbr. 76. gr. laganna.

Um 13. gr.

Í greininni felast þrjár breytingar:

Sú fyrsta snýr að notuðum íbúðum, 5. málsl. 2. mgr. Þegar gerðir eru samningar um útborgun láns til notaðra íbúða við húsnæðisnefndir er þess nú krafist að samningum sé þinglýst á 1. veðrétti í íbúðinni. Komið hefur í ljós að fortakslaus krafa um 1. veðrétt hefur í för með sér töluverða erfiðleika fyrir framkvæmdaraðila. Yfirleitt hvíla á íbúðunum lán úr Byggingarsjóði ríkisins og einnig frá öðrum aðilum. Því þarf að greiða upp þau lán eða fá veðleyfi til þess að þinglýsa láni Byggingarsjóðs verkamanna. Reynslan sýnir að þetta hefur í för með sér fyrirhöfn og tafir sem komast mætti hjá. Þess vegna er lagt til að ábyrgð sveitarfélaga til tryggingar láni verði tekin gild. Þetta eigi aðeins við þann tíma þar til láninu er breytt í langtímalán, en frá þeim tíma verði láninu þinglýst á 1. veðrétti.

Í öðru lagi er leiðrétting hvað varðar viðmiðun vaxta af framkvæmdalánum, 8. málsl. 2. mgr., en viðmiðunin við lán Byggingarsjóðs ríkisins á ekki lengur við. Miða skal þess í stað við lán til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

Að lokum er sú nýjung, ný 3. mgr., að húsnæðismálastjórn verði heimilað að telja fjármagnskostnað annarra lána en úr Byggingarsjóði verkamanna lánshæfan. Meginröksemdin að baki þessari breytingu er að framkvæmdaraðili hafi val um það hvort hann taki framkvæmdalán hjá Byggingarsjóði verkamanna eða hjá bönkum eða sparisjóðum. Framkvæmdalánssamningar Byggingarsjóðs verkamanna eru oft til 15 mánaða, en styttri lánstími getur hentað einstökum framkvæmdaraðilum. Því er lagt til að heimild sé fyrir hendi til þess að fjármagnskostnaður lánastofnana verði lánshæfur að vissum skilyrðum fullnægðum sem fram koma í greininni.

Um 14. gr.

Lagt er til að víkja megi frá núgildandi stærðarmörkum við kaup á notuðum íbúðum. Reynsla sýnir að núgildandi stærðarmörk eru vel við hæfi þegar íbúðir í byggingu eiga í hlut. Hins vegar hefur komið í ljós að stærðarmörkin hafa staðið í vegi fyrir því að keyptar væru notaðar íbúðir á hagstæðu verði. Eins og kunnugt er hvetur húsnæðismála-

stjórn sveitarfélög til að kaupa íbúðir fremur en byggja. Það verður að teljast í andstöðu við þá hvatningu að dæmi eru um það að húsnæðisnefndir hafi orðið að hafna kaupum á íbúðum vegna stærðar, þrátt fyrir hagstætt verð, og byggt þess í stað mun dýrari íbúðir. Vegna þessa þykir rétt að lögin geymi heimild til þess að víkja frá stærðarmörkum þegar um notað húsnæði er að ræða. Ávallt verður þó að fara varlega í sakirnar í þessum efnum og hafa í huga að stærri íbúðir eru dýrari í rekstri, svo og að tryggt sé að í sveitarfélaginu séu fjölskyldur sem þurfi á stórum íbúðum að halda.

Um 15. gr.

Helstu breytingar eru þessar:

Gert er ráð fyrir að eigna- og tekjumörk verði ákveðin með sérstakri reglugerð sem endurskoðuð verði árlega. Núgildandi viðmiðun um eignir, sbr. a-lið 64. gr., þykir óljós. Húsnæðismálastjórn setur nú sérstakar reglur um eignamörk. Óþarft þykir að tilgreina tekjumörk í lögum þar sem þau geta breyst og því talið réttara að kveða á um þau í sérstakri reglugerð.

Tiltekinn er sérstaklega aldur barna hverra tekjur teljast til tekna fjölskyldunnar. Núgildandi lög tilgreina aldur ekki sérstaklega, en eru framkvæmd svo að miða við sjálfræðisaldurinn, 16 ár. Með breyttum tímum og lengri skólagöngu ungmenna þykir það aldursmark of lágt og því talið nær lagi að miða við þann aldur er framhaldsskóla lýkur sem er yfirleitt á tuttugasta aldursári.

Enda þótt húsnæðisnefndum sé með frumvarpi þessu falið endanlegt ákvörðunarvald um úthlutun íbúða á vegum sveitarfélagsins og beri þannig ábyrgð á því að reglum um eigna- og tekjumörk sé framfylgt er engu að síður gert ráð fyrir að beiðnir um undanþágur fari fyrir Húsnæðisstofnun.

Lagt er til að greiðslumat verði reglugerðaratriði með sama hætti og gildir innan húsbréfakerfisins. Nægilegt þykir að lögin kveði á um að greiðslugeta skuldara skuli metin. Auk þess er lagt til að Húsnæðisstofnun verði heimilað að veita undanþágu frá greiðslumati, sbr. 3. tölul. 45. gr. Með því móti verði komið til móts við ábendingar um að greiðslumat þurfi að vera sveigjanlegt. Þannig komi til álita að greiðslubyrði lána verði þyngri en kveðið verði á um í reglugerð. Aðstæður fólks eru með mismunandi hætti. Má sem dæmi nefna þá sem njóta óformlegrar aðstoðar vandamanna meðan verið er að komast yfir erfiðasta hjallann í íbúðakaupum. Einnig hefur verið bent á að fólk geti verið undir það búið að leggja hart að sér í ákveðinn tíma til að eignast eigið húsnæði. Þessi félagslegu atriði getur húsnæðisnefnd haft upplýsingar um og því er lagt til að hún sendi Húsnæðisstofnun rökstudda beiðni um undanþágu þar sem það á við.

Komi upp það tilvik að húsnæðisnefnd hafi úthlutað íbúð til einstaklings, sem ekki uppfyllti skilyrði um eignir eða tekjur, sbr. a- eða b-lið, skal húsnæðismálastjórn breyta vöxtum til samræmis við lán til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Viðkomandi einstaklingur mátti vita að eignir hans eða tekjur hafi verið yfir gildandi mörkum sem fram koma í reglugerð. Ákvæði þessa efnis er í beinum tengslum við það nýja fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpi þessu að húsnæðisnefnd taki endanlega ákvörðun um úthlutun íbúða, sbr. 41. og 45. gr.

Um 16. gr.

Breytingin er eingöngu til samræmis við breytingu á 64. gr. laganna.

Um 17. gr.

Tekið er fram, til að taka af allan vafa að þegar almenn kaupleiguíbúð með 90% láni er keypt gilda sömu eignamörk og þegar keyptur er 10% eignarhlutur í almennri kaupleiguíbúð, sbr. 2. mgr. 76. gr. Reiknað er með að þau eignamörk verði hærri en þegar félagslegar íbúðir í skilningi 64. gr. laganna eiga í hlut, enda höfða almennar kaupleiguíbúðir til þeirra sem eru betur stæðir en þeir sem falla undir 64. gr. laganna. Eignamörkin verða ákveðin með reglugerð.

Eigi kaupandi eigur, sem eru hærri en gildandi eignamörk, verður lánveiting lækkuð í 70%. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða þar sem í gildandi lögum er gert ráð fyrir 70% láni við slíkar aðstæður, en lán til almennra kaupleiguíbúða eru tvískipt samkvæmt gildandi lögum, 70% og 20% lán eins og áður hefur komið fram.

Við kaup á almennum kaupleiguíbúðum hefur verið gerð krafa um mat á greiðslugetu. Í reglugerð er þetta skýrt frekar og þar kemur fram að þetta skuli gert. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að tiltaka í lögunum að greiðslugeta skuli metin við kaup á almennum kaupleiguíbúðum með sama hætti og við kaup á öðrum félagslegum íbúðum. Kveðið verði á um greiðslumatið í reglugerð. Greiðslumatið verði undanþægt með sama hætti og þegar kaup á félagslegum íbúðum skv. 64. gr. laganna eiga í hlut.

Komi til þess að húsnæðisnefnd úthluti almennri kaupleiguíbúð með 90% láni, þrátt fyrir að viðkomandi einstaklingur átti eignir yfir gildandi eignamörkum, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfall í 70% lán. Viðkomandi einstaklingur mátti vita að eignir hans voru yfir eignamörkum, sbr. lög og reglugerð. Ákvæði þessa efnis er í beinum tengslum við það nýja fyrirkomulag, sem lagt er til í frumvarpi þessu að húsnæðisnefnd taki endanlega ákvörðun um úthlutun íbúða, sbr. 41. og 45. gr., í stað þess að Húsnæðisstofnun staðfesti hvert einstakt mál eins og verið hefur.

Um 18. gr.

Ákvæðið er til samræmingar við breytingu á 45. gr. laganna sem lögð er til í 8. gr. þessa frumvarps, þar sem húsnæðisnefndum er falin fullnaðarákvörðun um úthlutun íbúða. Sú breyting snýr einvörðungu að húsnæðisnefndum. Óbreytt stendur að úthlutun íbúða á vegum annarra framkvæmdaraðila fari til staðfestingar Húsnæðisstofnunar. Eðli máls samkvæmt á það þó ekki við um félagslegar leiguíbúðir í eigu framkvæmdaraðila.

Um 19. gr.

Í 3. mgr. er einungis um orðalagsbreytingu að ræða til skýringarauka þannig að ljóst sé að vaxtaviðmiðunin á við um vexti af lánum vegna kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, en ekki leigu á þeim íbúðum.

Um allar félagslegar íbúðir gilda sömu reglur hvað erfðir varðar, þ.e. sú meginregla að réttur til íbúða erfist ekki. Ákvæði þessa efnis er nú í 74. gr. laganna um kaupleiguíbúðir, en láðst hefur að setja ákvæði sama efnis um eignaríbúðir. Lagt er til að hér verði úr bætt.

Um 20. gr.

Felld er brott vísun í lög um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, en 1. janúar 1995 ganga í gildi ný húsaleigulög, nr. 36/1994.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að við kaup á kaupleiguíbúðum gildi sömu reglur og við kaup á félagslegum eignaríbúðum, þannig að kaupanda verði veitt nýtt lán og framlag hans verði a.m.k. 10%. Framkvæmdin hefur í raun verið sú sem nú er lagt til að verði lögfest, enda hafa núgildandi reglur þótt nokkuð óljósar um kaupverð íbúðanna. Jafnframt hefur þótt óeðlilegt að kaupandi fái ekki afsal í hendur fyrr en eftir nokkur ár. Þó er framkvæmdaraðila nú heimilt að taka veð í viðkomandi íbúð veiti hann kaupanda lán þegar um 10% kaup er að ræða. Auk þess hefur húsnæðismálastjórn nú ákveðið að gjalddagar af lánum Byggingarsjóðs verkamanna verði 12 á ári, en ekki fjórir eins og verið hefur, og af þeim sökum ekki talið nauðsynlegt að kveða í lögum sérstaklega á um að kaupverð kaupleiguíbúða greiðist með jöfnum mánaðarlegum afborgunum.

Um 22. gr.

Þar sem nú er gert ráð fyrir að farið verði á sama veg með kaup á kaupleiguíbúðum og félagslegum eignaríbúðum er í greininni vísað til 68.–71. gr. laganna sem taka til réttarstöðu eigenda.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 23. gr.

Hér er lagt til að eignamörk við kaup á 10% eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð verði tilgreind í reglugerð.

Komi til þess að húsnæðisnefnd úthluti almennri kaupleiguíbúð með 90% láni, þ.e. 10% eignarhlut, þrátt fyrir að viðkomandi einstaklingur átti eignir yfir gildandi eignamörkum, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfall niður í 70% (eignarhlutur verði 30% í stað 10%). Um þetta atriði vísast að öðru leyti til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins (66. gr. laganna).

Lögð eru til þau nýmæli að heimilað verði að hækka upphafleg lán hjá þeim framkvæmdaraðilum sem byggt hafa íbúðir með eignarhlut, annaðhvort íbúðir með 15% eignarhlut og 85% láni, sem var hámarkslán samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, eða með 30% eignarhlut og 70% láni. Ástæður fyrir þessari breytingu eru þær að hjá húsnæðissamvinnufélögum hefur komið í ljós að erfiðleikum er bundið að endurúthluta íbúðum sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 70/1990 með 15% eignarhlut og sama á við um íbúðir með 30% eignarhlut. Framkvæmdaraðilum er skylt að endurgreiða leigutaka andvirði eignarhluta síns. Ef nýr leigutaki er ekki fyrir hendi, sem kaupa vill 15% eða 30% eignarhlut, situr framkvæmdaraðili uppi með þann kostnað án þess að ráð sé fyrir því gert, t.d. með varasjóði hjá húsnæðissamvinnufélögum eða öðrum leiðum. Íbúðir byggðar fyrir 1990 eru vegna þessa ekki eins eftirsóttar og yngri íbúðir og afleiðing þess er sú að dæmi eru um að íbúðir á vegum húsnæðissamvinnufélaga standi auðar. (Í þessu sambandi skal bent á að vegna framkvæmda, sem hófust fyrir gildistöku laga nr. 70/1990 en komu til uppgjörs eftir þann tíma, voru veitt lán á bilinu 86–89%. Í þeim tilvikum munu upphafleg lán því lítið hækka.) Til að liðka hér til er sú leið lögð til sem fram kemur í greininni. Verði tilhögun þessi að lögum er a.m.k. dregið úr þeirri hættu að eignarhlutaíbúðir standi auðar vegna rígskorðaðra lánskjara. Hér er því á ferðinni enn eitt dæmi í frumvarpi þessu um aukinn sveigjanleika innan félagslega íbúðakerfisins.

Að lokum er felld brott vísun í húsaleigulög, nr. 44/1979, en ný húsaleigulög, nr. 36/1994, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar á greininni að ræða.

Um 24. gr.

Komið hefur í ljós að fjármálaráðuneytið telur sýslumönnum skylt að taka stimpilgjald af afsölum vegna íbúða sem framkvæmdaraðilar kaupa á almennum markaði, enda þótt íbúðunum sé ætlað að verða félagslegar íbúðir skv. 1. mgr. 54. gr. laganna. Bent er á að ákvæði 78. gr. laganna um undanþágu frá stimpilgjaldi beri að skýra þröngt. Við kaup framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði flokkist íbúð þannig ekki sem félagsleg íbúð, enda þótt henni sé ætlað það hlutverk og keypt í því skyni. Þar sem ekki sé tekið sérstaklega á þessu atriði í 78. gr. laganna sé sýslumönnum skylt að taka stimpilgjald af afsölum við kaup framkvæmdaraðila á íbúðunum.

Til að bregðast við þessu er nauðsynlegt að tiltaka sérstaklega í lögunum að afsöl vegna íbúða, sem framkvæmdaraðilar kaupa skv. 54. gr. laganna, verði undanþegin stimpilgjaldi. Á kaupsamningi skal koma fram áritun Húsnæðisstofnunar ríkisins um tilgang kaupanna.

Um 25. gr.

Hér eru lagðar til þrenns konar breytingar. Í fyrsta lagi sú að einungis tekjur geti leitt til hækkunar vaxta, en eignir skipti ekki máli í því sambandi. Eignaaukning sem slík bætir ekki afkomu fólks. Það hefur sýnt sig að hækkun vaxta vegna aukinna eigna getur komið hart niður á fólki, t.d. ellilífeyrisþegum sem hafa úr litlu að moða, enda þótt þeir eigi t.d. verðmætar íbúðir. Það er því sanngirnismál að eignum fólks sé haldið utan við þegar breyting á vöxtum á í hlut.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lækka megi vexti, sem áður hafa verið hækkaðir, sýni eigandi fram á að tekjur hans hafi lækkað og séu undir tekjumarki laganna. Sveiflur á tekjum fólks undanfarin ár, svo sem vegna atvinnuleysis, tekjulækkunar, aldurs, veikinda og annarra breytinga á högum, sýna fram á þörf þess að viðmiðanir um endurskoðun vaxta séu sveigjanlegar og í samræmi við raunverulega hagi fólks. Því þykir það vera sjálfsagt réttlætismál að vexti megi lækka vegna versnandi kjara, auk þess sem það er í beinu samræmi við markmiðsákvæði laganna, 35. gr., um að opinber aðstoð í húsnæðismálum taki mið af aðstæðum fólks hverju sinni.

Að lokum er kveðið á um að skattstjórum sé skylt að afhenda Húsnæðisstofnun skattframtöl einstaklinga, en skattframtöl eru undirstaða þess að vaxtabreytingar samkvæmt ákvæði þessu verði framkvæmanlegar. Komið hefur í ljós að vafi hefur þótt leika á því að skattstjórum sé heimilt án lagaheimildar að afhenda skattframtöl einstaklinga. Nauðsynlegt er að lagastoð í þessu efni sé ótvíræð. Hér er höfð hliðsjón af sams konar ákvæði í lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Um 26. gr.

a. (82. gr.)

Ákvæðin eru efnislega óbreytt.

b. (83. gr.)

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu einni að kaupskylda framkvæmdaraðila stofnist þegar við afhendingu íbúðar en ekki við afsal eins og nú er. Ástæðan er sú að afsal getur dregist nokkurn tíma eftir að afhending á sér stað. Því er talið sanngjarnt að þessi mikilvæga tímasetning miðist við afhendinguna, þ.e. þann tíma þegar íbúðin er afhent kaupanda til umráða, í stað þess að miða við það formsatriði sem í afsalinu felst. Benda má á í þessu sambandi að ýmis önnur réttaráhrif miðast nú þegar við afhendingardag, svo sem fyrning, fyrsti vaxtadagur og útreikningur á eignarhlut. Hér er því, auk framangreindra sanngirnisraka, um samræmingaratriði að ræða.

c. (84. gr.)

Vísað er til athugasemda við b-lið 83. gr. um að miða við afhendingardag í stað afsals.

d. (85. gr.)

Greinin felur ekki í sér efnisbreytingu, einvörðungu ný efnistök.

e. (86. gr.)

Ákvæði gildandi laga hafa reynst erfið í framkvæmd þar sem þau þykja ekki nægilega skýr og tilvitnanir í lagagreinar hafa valdið vafa. Í breytingartillögunni er nákvæmlega tilgreint til hverra félagslegra íbúða kaupskylda sveitarstjórna á nauðungarsölu nær og að auki tekinn af allur vafi um hvert sé kaupverð í þeim tilvikum.

Tilvísunin í 83. gr., sbr. núgildandi lög, er felld brott, en hún tók til íbúða sem ekki voru lengur félagslegar íbúðir þar sem þær höfðu verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt. Sú tilvísun var því óþörf.

f. (87. gr.)

Þess eru nokkur dæmi að þegar húsnæðisnefnd hefur keypt inn íbúð og reiknað út söluverð hennar hafi komið í ljós að hið útreiknaða söluverð sé annað verð en á sambærilegum íbúðum, jafnvel þótt um sé að ræða íbúðir sem tilheyri sama stigagangi eða sama byggingaráfanga. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður, en aðallega er hér um að ræða vísitölubreytingar á byggingartíma, mismunandi lánskjör svo og viðgerðir og endurbætur sem gerðar hafa verið og haft hafa áhrif á söluverð íbúða. Sem dæmi má nefna íbúðir í sama byggingaráfanga er seldar voru á föstu verði, en afhentar kaupendum á mismunandi tímum sem síðan leiðir til þess að kaupverð miðast ekki við sömu vísitölu. Við framreikning, frá kaupdegi til söludags, verður því oft um óeðlilegan verðmun á sambærilegum íbúðum að ræða. Á þetta einkum við um íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, en litið hefur verið svo á að gildandi lög heimili samræmingu á verði þeirra íbúða því húsnæðisnefnd sé ekki rígbundin við ákveðnar útreikningsreglur við ákvörðun á söluverði. Þar sem nú er lagt til að við ákvörðun á söluverði íbúða, byggðum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, verði farið líkt og með aðrar íbúðir, er talið nauðsynlegt að heimila að samræma megi íbúðaverð í sérstökum tilfellum, til hækkunar eða lækkunar, eftir atvikum. Jafnframt nái heimildin til íbúða sem byggðar eru eftir gildistöku laga nr. 51/1980 þar sem einnig hafa komið upp vandamál þessa efnis þó í miklu minna mæli sé.

Heimild til að taka staðfestingargjald af kaupanda er sett til þess að útiloka að gerðar séu kröfur til þess að kaupandi borgi inn á íbúðina en slíkar innborganir hafa tíðkast. Þær verða að teljast óeðlilegar þegar endursala á í hlut. Framkvæmdaraðili hefur engan kostnað af íbúðinni og engin tengsl þurfa að vera á milli þess að hann úthluti íbúð til nýs kaupanda og hvenær hann innleysi hana. Í stað slíkra innborgana verði heimilað að fara fram á staðfestingargjald og látið þar við sitja.

Kveðið verði á um svonefnd bráðabirgðalán. Slík skammtímalán til þriggja mánaða hafa verið veitt úr Byggingarsjóði verkamanna til sveitarfélaga og félagasamtaka til að greiða fyrir innlausn á félagslegum íbúðum. Bein lagaheimild hefur ekki verið fyrir lánum þessum, en ákvæði laganna um endursölu verið túlkuð á þennan veg. Rétt þykir að veiting slíkra lána komi beinlínis fram í lögum. Jafnframt verði lánum þessum sniðinn þröngur stakkur. Lánin verði einungis veitt að ljóst sé að kaupandi sé ekki fyrir hendi og sveitarstjórn hafi ekki bolmagn til að festa kaup á íbúðinni. Enda þótt gert sé ráð fyrir að bráðabirgðalán verði sem fyrr til þriggja mánaða er talið rétt að heimilt sé að framlengja það um þrjá mánuði til viðbótar hafi kaupandi ekki fundist. Hafi íbúð enn ekki selst eftir 6 mánuði gilda ákvæði 92. gr.

Að öðru leyti eru efnisatriði (1.–3. mgr.) óbreytt.

g. (88. gr.)

Lagt er til að 1% fyrning verði á öllum íbúðum óháð eignarhaldstíma. Þetta gildi um íbúðir sem keyptar hafa verið eftir gildistöku laga nr. 51/1980 með fullverðtryggðum lánum úr Byggingarsjóði verkamanna. Samkvæmt gildandi lögum eru íbúðir, sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 51/1980, með 1% fyrningu fyrstu 20 ár eignarhaldstímans, en 0,5% eftir það. Hins vegar eru íbúðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum nr. 70/1990 með 1,5% fyrningu fyrstu 20 árin, en 0,75% eftir það. Það má því segja að verið sé að lækka fyrninguna á íbúðum sem koma nú til innlausnar því ákvæði um 0,5% fyrningu á íbúðum sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 51/1980 hefur ekki komið til framkvæmda eðli máls samkvæmt.

Jafnframt þessari breytingu er gert ráð fyrir nýju fyrirkomulagi við mat á verðgildi endurbóta á íbúð. Þegar íbúð kemur til innlausnar skal leggja mat á þær endurbætur (og endurnýjun) sem seljandi kann að hafa kostað til og hefur aukið verðgildi eignarinnar. Einnig skal meta vanrækslu á viðhaldi íbúðarinnar og draga þann kostnað frá eignarhlut seljanda. Lagt er til að húsnæðismálastjórn setji skýrar reglur hér um enda oft um vandmeðfarin mál að ræða. Þannig kveði reglurnar á um verðgildi og endingartíma þeirra byggingarþátta sem í hlut eiga, hvaða þættir skuli teljast til viðhalds og á ábyrgð eigenda og hvaða þættir teljast til endurnýjunar og endurbóta. Eigendum félagslegs húsnæðis verður því vel ljóst hvaða kröfur eru gerðar við innlausn íbúða og þá jafnframt að vanræksla á eðlilegu viðhaldi verður dregin frá eignarhluta við sölu samkvæmt reglunum. Þá má gera ráð fyrir að þetta fyrirkomulag hvetji íbúðareigendur til að halda eignum sínum betur við en áður þar sem hlutur þeirra við innlausn ræðst meir en áður af ástandi eignanna.

Gert er ráð fyrir að kaupanda verði veitt nýtt lán í stað yfirtöku á eftirstöðvum af láni. Framkvæmdin er þessi í dag, enda einfalt í framkvæmd og komist hjá því að mörg lán séu í gangi í einu. Aðferð þessi getur aldrei verið óhagstæðari fyrir kaupandann.

Tekin eru af öll tvímæli um það hvenær seljandi eigi rétt á fullnaðargreiðslu við sölu íbúðar og við hvaða dag skuli miðað. Einnig er framkvæmdaraðila gefinn ákveðinn frestur til að ganga frá kaupum á íbúðinni.

h. (89. gr.)

Greinin felur í sér eftirtaldar breytingar:

Kveðið verði á um 4% aukaverðbætur sem reiknaðar hafa verið sem einn liður í söluverði íbúða byggðra fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Lagagrundvöllur fyrir þeim útreikningi er ekki nægilega skýr. Aðdragandi þess er í stórum dráttum sá að við framkvæmd laga nr. 51/1980 kom í ljós óviðunandi niðurstaða fyrir eigendur við verðlagningu á íbúðum sem byggðar voru fyrir gildistöku laganna. Til að rétta hlut manna voru sett bráðabirgðalög nr. 50/1983 um greiðslu 4% aukaverðbóta vegna verðlagningar á hlutaðeigandi íbúðum. Þau bráðabirgðalög voru hins vegar ekki staðfest en kveðið á um aukaverðbæturnar í reglugerð. Nauðsynlegt er að lagastoðin sé hér skýr og er því lagt til að úr verði bætt. Jafnframt er sú breyting gerð á útreikningum að í stað 0,5%–1% árlegrar fyrningar verði fyrningin 1%. Ástæða þess er sú að framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að draga frá 1% fyrningu fyrir hvert ár þegar greiðsla til seljanda er reiknuð samkvæmt þessum útreikningi og er því lagt til að sú tilhögun verði lögfest.

Ákvæði gildandi laga um söluverð íbúða, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, þykja ekki nægilega skýr. Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um það hvert söluverð þessara íbúða skuli vera. Gert er ráð fyrir að í grundvallaratriðum verði verð þeirra ákvarðað á sama hátt og á íbúðum byggðum eftir gildistöku laga nr. 51/1980 og er það í samræmi við það sem gert hefur verið til þessa.

Um nýtt fyrirkomulag um mat á verðgildi endurbóta vísast til athugasemda við g-lið (88. gr.).

Gert er ráð fyrir að veitt skuli nýtt lán við kaup á eldri íbúð í verkamannabústað, en það sé ekki einungis heimilt eins og nú er. Um þetta atriði vísast að öðru leyti til athugasemda við g-lið (88. gr.)

Lagt er til að við útreikning á eignarhlut seljenda vegna íbúða, sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, verði farið eftir sömu reglum og þegar aðrar félagslegar íbúðir frá þeim tíma eiga í hlut. Núgildandi ákvæði er að finna í 4. mgr. 87. gr. laganna. Þar er kveðið á um að tveggja manna matsnefnd eigi að meta verð til seljenda þessara íbúða og skuli við það mat tekið fullt tillit til þeirra matsreglna sem gilt hafa við kaup íbúðanna. Framkvæmdin sýnir að óljóst er hvað þessi regla þýðir, hvers konar mat hér eigi að fara fram. Vegna þessarar óvissu hafa hlutaðeigandi matsnefndir beitt sömu reglum við útreikning á eignarhlut seljanda og þegar um aðrar félagslegar íbúðir frá þessum tíma er að ræða, þ.e. 88. gr. núgildandi laga og ákvæði 99. gr. reglugerðar um félagslegar íbúðir nr. 46/1991 um 4% aukaverðbætur. Eðlilegt er talið að um allar félagslegar íbúðir, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, gildi sömu reglur um endursölu, en svo var fram til gildistöku laga nr. 60/1984. Óljóst er hvers vegna leiðir skildu samkvæmt þeim lögum. Til að koma hér á samræmi í endursölu félagslegra íbúða frá þessum tíma var flutt þingmannafrumvarp um þetta efni á 107. löggjafarþingi 1984–85, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1. júní 1984, þskj. 532. Það frumvarp varð ekki að lögum, en þess í stað lögfest með lögum nr. 77/1985 sú sérregla sem enn gildir sem 4. mgr. 87. gr. laganna. Vísað er til röksemda að baki fyrrnefndu frumvarpi nú þegar hreyft er við málefni þessu á nýjan leik.

Að öðru leyti felst í greininni leiðrétting, þ.e. að í stað 85% láns, sem aflagt var með lögum nr. 70/1990, komi 90% lán.

i. (90. gr.)
90. og 91. gr. laganna sameinaðar í eina grein með óbreyttu efni.

j. (91. gr.)
Grein þessi kemur í stað 92. gr. núgildandi laga.
Með lögum nr. 70/1990 var matsnefnd félagslegra íbúða aflögð, en hún hafði starfað frá gildistöku laga nr. 60/1984. Matsnefnd félagslegra íbúða úrskurðaði í málum er snertu útreikning á greiðslu til seljanda og ákvarðanir um endursölu. Féllu allar félagslegar íbúðir undir verksvið matsnefndar, jafnt nýjar sem gamlar.
Þegar matsnefnd félagslegra íbúða var lögð niður með lögum nr. 70/1990 og verksvið hennar fært til húsnæðismálastjórnar var verksviðið þrengt frá því sem áður var þannig að það tók einungis til íbúða sem byggðar voru eftir gildistöku laga nr. 51/1980, en ekki eldri íbúða. Komið hefur í ljós að með þessu skapaðist óvissa um hvort íbúðir, byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, féllu undir úrskurðarvald húsnæðismálastjórnar í endursölumálum. Til að taka hér af öll tvímæli er því nú slegið föstu að ákvæðið eigi við um allar félagslegar íbúðir sem koma til endursölu.

k. (92. gr.)
Um nýmæli er að ræða. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að koma til móts við þann vanda sem rís þegar félagslegar íbúðir standa auðar, þ.e. í ljós kemur við endursölu að íbúð verður hvorki seld né leigð. Ástæður fyrir því að íbúðir standa auðar eru margvíslegar. Ekki er lagt til að ein ástæða umfram aðra verði gerð að skilyrði fyrir lánveitingu. Ákvæði þetta getur átt við enda þótt íbúð ætti að öðru jöfnu að henta sem félagsleg íbúð, þ.e. hvað stærð og verð snertir. Einnig getur slík lánveiting komið til greina þegar íbúð telst henta illa sem félagsleg íbúð, t.d. vegna þess að íbúð þykir of stór og of dýr, en í slíkum tilvikum getur sala á almennum markaði einnig komið til greina, sbr. ákvæði l.-liðar (93. gr.) þessarar greinar.
Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði með eftirfarandi hætti: Þegar framkvæmdaraðili kaupir inn íbúð greiði hann seljanda útreiknaðan eignarhlut sem hann útvegi sjálfur eða fái „bráðabirgðalán“ fyrir honum frá Byggingarsjóði verkamanna. Framkvæmdaraðili yfirtaki áhvílandi lán og greiði af því. Hafi hvorki tekist að selja né leigja íbúðina að sex mánuðum liðnum verði heimilt að lána framkvæmdaraðila til endurfjármögnunar. Það verði gert þannig að reiknað er út söluverð skv. 88. gr. eða 89. gr. Veitt verði lán sem nemur söluverðinu og jafnframt verði áhvílandi lán gert upp. Framkvæmdaraðili fær því í sínar hendur mismuninn á nýja láninu og því gamla, nema í þeim tilvikum að hann hafi fengið „bráðabirgðalán“, þá verði það gert upp samtímis. Nýja lánið verði með sömu lánskjörum og lán til félagslegra leiguíbúða, þ.e. til 50 ára og beri sömu vexti. Enda þótt skilyrði fyrir láni sé að íbúð hafi staðið auð í a.m.k. sex mánuði er lagt til að hin hagstæðu lánskjör nái til þess tíma er íbúð stóð auð, þ.e. miðist við innlausnardag íbúðarinnar. Ef íbúðin verður seld eða leigð verði lánið gjaldfellt, nýtt söluverð reiknað og veitt nýtt 90% lán eftir því sem við á skv. 50. gr. Sá sem nú verður eigandi, sveitarfélagið ef íbúðin er leigð eða einstaklingur verði íbúðin keypt, greiðir 10% framlagið.

l. (93. gr.)

Hér er um nýlundu að ræða. Ákvæðið felur í senn í sér grundvallarbreytingu og þrönga sérreglu. Ákvæðinu er, auk ákvæðis k-liðar þessarar greinar, (92. gr.), ætlað að leysa úr þeim hnút þegar félagslegar íbúðir standa auðar, en tekur einungis til afmarkaðra íbúða, þ.e. þeirra sem henta ekki sem félagslegar íbúðir. Lagt er til að húsnæðismálastjórn verði veitt heimild til að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um að selja félagslega íbúð á almennum markaði. Heimildinni verði eingöngu beitt sýni framkvæmdaraðili fram á að íbúð henti ekki sem félagsleg íbúð þar sem ítrekaðar tilraunir til sölu eða leigu hafi ekki borið árangur þrátt fyrir að næg eftirspurn sé eftir félagslegum íbúðum. Sem dæmi má nefna íbúðir sem byggðar voru eftir ákvæðum eldri laga um stærðarmörk og því dýrar jafnt í innkaupum sem rekstri. Hugsanlegt er einnig að íbúð sé í lélegu ásigkomulagi og henti af þeirri ástæðu ekki sem félagsleg íbúð, enda þyki endurbætur of kostnaðarsamar. Gert er ráð fyrir að ákvæði þetta geti átt við í einstaka tilfellum, en við beitingu þess ber að hafa hugfast að um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að félagslegar íbúðir verði áfram innan „kerfisins". Heimildarákvæði af þessum toga er einn liður í því að auka sveigjanleika innan félagslega íbúðakerfisins sem er, eins og margsinnis hefur komið fram, eitt meginatriði í frumvarpi þessu.

Um 27. gr.

Breytingin miðar einungis að því að taka af öll tvímæli um skyldur húsnæðissamvinnufélaga og réttarstöðu seljanda búseturéttar (eiganda eignarhlutar) þegar búsetusamningi er sagt upp, en núgildandi lagaákvæði hefur þótt fallið til misskilnings. Eigandi búseturéttar (eignarhlutar) á rétt á að fá búseturétt sinn endurgreiddan með sama hætti og eigandi eignarhlutar í kaupleiguíbúð á vegum annarra aðila en húsnæðissamvinnufélaga, sbr. 76. gr. Sá er þó munur á að eigandi búseturéttar á vegum húsnæðissamvinnufélaga getur þurft að una því að endurgreiðsla á búseturétti dragist í allt að 12 mánuði frá því búsetusamningi var sagt upp.

Um 28. gr.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að Húsnæðisstofnun skuli hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum húsnæðissamvinnufélaga og eiga aðgang að bókhaldi þeirra. Reynslan sýnir að ákvæðið er óframkvæmanlegt. Húsnæðisstofnun hefur hvorki aðstöðu né úrræði til þess að hafa jafn viðamikið eftirlit með húsnæðissamvinnufélögum og núgildandi lög gera ráð fyrir, enda ekki gert ráð fyrir því í innra starfi Húsnæðisstofnunar. Húsnæðisstofnun verður hins vegar að vera gert kleift að hafa eftirlit með húsnæðissamvinnufélögum telji hún nauðsyn á því. Koma hér bæði til hagsmunir Byggingarsjóðs verkamanna svo og þeirra einstaklinga sem eiga húsnæðisöryggi sitt undir húsnæðissamvinnufélögum.

Um 29. gr.

Í 39. gr. kemur fram að húsnæðisnefndir skulu kosnar að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nauðsynlegt er hins vegar að hin nýja skipan húsnæðisnefnda komi til framkvæmda eins fljótt og unnt er eftir að lögin taka gildi, enda er ný samsetning húsnæðisnefndar í beinum tengslum við mikilvæg efnisatriði frumvarpsins um aukna ábyrgð sveitarstjórna á málaflokknum. Hæfilegt þykir að ætla sveitarstjórnum allt að tveggja mánaða frest í þessu sambandi.

Um 30. gr.

Gildistökuákvæði sem þarfnast ekki nánari skýringa.

536. Frumvarp til laga [339. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Lögreglustjórar skulu ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum athugunum að mati Almannavarna ríkisins. Lögreglustjórar skulu hafa samráð við almannavarnanefndir í umdæmi sínu við ráðningu þessara starfsmanna.

Starfsmenn, sem ráðnir eru skv. 1. mgr., skulu starfa undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra, en athuganir þeirra skulu gerðar í samræmi við vinnureglur og önnur fyrirmæli Veðurstofu Íslands. Við athuganir sínar skulu starfsmennirnir hafa samráð við viðkomandi sveitarstjórnir eftir því sem frekast er unnt. Kostnaður vegna athugana greiðist úr ofanflóðasjóði.

2. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað vegna athugana skv. 6. gr.
2. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
3. Greiða skal allan kostnað við kaup á rannsóknartækjum sem að mati ofanflóðanefndar nýtast sem eftirlitstæki til að auðvelda snjóflóðaspár og mat á skammtímahættu.
4. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
5. Greiða má allt að 90% af kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.
6. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins. Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þeirra skv. 4. tölul. 1. mgr., enda sé viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Um lánskjör fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu á grundvelli tillagna nefndar sem skipuð var samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir endurskoðun laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, eftir snjóflóðin á Vestfjörðum vorið 1994. Nefndin skyldi meta reynsluna af framkvæmd laganna og sérstaklega beina athygli sinni að gerð hættumata, forvörnum og rannsóknum og hvernig auka megi fjármagn til ofanflóðavarna. Nefndin var skipuð af félagsmálaráðherra 15. júní 1994. Í hana voru skipaðir: Eiríkur Finnur Greipsson tæknifræðingur, Guðjón Petersen framkvæmdastjóri, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði tillögum og greinargerð til Rannveigar Guðmundsdóttur félagsmálaráðherra með bréfi dags. 17. nóvember 1994. Frumvarpið er jafnframt í veigamiklum atriðum í samræmi við frumvarp sem flutt var af Kristni H. Gunnarssyni, Þuríði Backman og Steingrími J. Sigfússyni á síðasta þingi, 158. mál. Félagsmálanefnd Alþingis samþykkti að vísa því frumvarpi til ríkisstjórnarinnar með þeim ummælum að það yrði tekið til athugunar við endurskoðun nefndarinnar á lögunum.

Að áliti nefndarinnar hafa lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum borið verulegan árangur á sumum sviðum ofanflóðavarna enda þótt árangur hafi enn sem komið er verið minni á öðrum sviðum. Í því sambandi er tekið fram að vegna tíðni snjóflóða og þeirrar ógnar sem þau valda árlega í mörgum byggðum landsins hafi fram að þessu mun minni áhersla verið lögð á hættumat og varnir gegn öðrum skriðuföllum, svo sem aurskriðum, þótt þar hafi nokkuð verið gert, og því séu stór verkefni fram undan á þeim vettvangi. Einnig kom fram hjá nefndinni að tíminn frá því að lögin tóku gildi hafi einkum verið nýttur til þess að vinna að gerð hættumats þar sem mikil undirbúningsvinna hafi verið nauðsynleg hvað það snertir. Nú fyrst sé í raun tímabært að ráðast í framkvæmdir við varnarvirki eftir að hættumat hefur verið gert.

Nefndin lagði áherslu á mikilvægi forvarna. Hún taldi ástæðu til að endurskoða fyrirkomulag staðbundinna snjóathuguna og nauðsynlegt að tryggja betur fjárhagslegan grunn ofanflóðavarna með auknum fjárveitingum úr ofanflóðasjóði, einkum til staðbundinna athugana og rannsókna. Nefndin taldi einsýnt að tryggja þyrfti ofanflóðasjóði aukið fjármagn til að gera sjóðnum kleift að standa undir fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum verkefnum á næstu árum. Með hliðsjón af því gerði hún tillögu um að á árunum 1995–99 verði lagt 10% álag á iðgjöld samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, sem renni til sjóðsins. Er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra muni beita sér fyrir breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands í samræmi við tillögur nefndarinnar. Nefndin taldi jafnframt nauðsynlegt að á þessu tímabili yrði unnin áætlun um fjármagnsþörf til lengri tíma og við því brugðist ef hún reyndist meiri en sem nemur lögbundnum tekjum sjóðsins.

Eftirlit og viðvaranir vegna snjóflóðahættu.

Í greinargerð nefndarinnar kemur fram að eftirlits- og viðvörunarþættir snjóflóðavarna, eins og annarra náttúruhamfaravarna, séu mikilvægastir þar sem þeir tryggi mesta öryggið fyrir mannslíf í hlutfalli við útgjöld. Taldi nefndin að reynslan af framkvæmd laganna, hvað þessa þætti varðar, hafi sýnt að erfiðast hafi reynst að fá til starfa athugunarmenn með viðunandi þekkingu til að fylgjast með og meta ástand snævar á hverjum stað. Taldi nefndin nauðsynlegt að endurskoða skipulag snjóflóðaathugana heima í héraði og gerði tillögu um breytingu á 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins og athuga-

semdir með henni. Samkvæmt núgildandi lögum byggir staðbundið eftirlit á samstarfi sveitarfélaga og Veðurstofu Íslands en er alfarið háð frumkvæði þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga. Kostnaður vegna þess er greiddur að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og Veðurstofunni. Taldi nefndin nauðsynlegt að tryggja betur fjárhagslegan grundvöll þessara athugana og gerði tillögu um að kostnaður vegna þeirra yrði alfarið greiddur af ofanflóðasjóði. Einnig taldi nefndin nauðsynlegt að samræma skipulag athugana á hverjum stað skipulagi Almannavarna ríkisins og gera eftirlitsmennina sjálfstæðari gagnvart sveitarfélögum, bæði hvað snertir yfirstjórn og mörk eftirlitssvæða, m.a. vegna þess að sú skipan að eftirlitsmenn séu ráðnir af sveitarfélögum geti haft í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum. Með hliðsjón af þessu er lagt til að lögreglustjórar, sem skv. 1. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962, fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi, sjái um ráðningu eftirlitsmannanna og mörk eftirlitssvæða miðist við umdæmi þeirra.

Ekki eru lagðar til breytingar á hlutverki Veðurstofu Íslands og er gert ráð fyrir að eftirlitsmenn á staðnum starfi samkvæmt vinnureglum og faglegum fyrirmælum hennar enda þótt þeir lúti stjórn lögreglustjóra.

Rannsóknir.

Nefndin lagði áherslu á mikilvægi rannsókna í sambandi við ofanflóðavarnir. Þær séu óhjákvæmileg forsenda fyrir því að nauðsynleg þekking fáist til þess að unnt sé að gera öruggar snjóflóðaspár og gefa út viðvaranir. Þær myndi einnig tölfræðilegan og eðlisfræðilegan grunn fyrir hættumat og stuðli þannig að því að gera það öruggara. Þær séu enn fremur forsenda fyrir vali á varnarleiðum, gerð varnarvirkja og áreiðanleika þeirra. Taldi nefndin að þau ákvæði sem nú eru í lögunum um heimildir ofanflóðasjóðs til að taka þátt í tækjakaupum til rannsókna séu mjög mikilvæg. Vegna mikilvægis þessa þáttar lagði nefndin til að kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs við kaup á rannsóknartækjum og búnaði hækki úr 80% í 90% og að sjóðurinn fjármagni að fullu kaup á tækjum sem sannanlega séu liðir í viðvörunartækni heima í héraði, sbr. 3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Fjármögnun.

Í greinargerð nefndarinnar er gerð grein fyrir því að frá því lögin voru sett árið 1985 hafi átt sér stað mikil undirbúningsvinna þar sem nauðsynlegt hafi verið að gera úttekt og mat á hættu á snjóflóðum áður en ráðist yrði í framkvæmdir við varnarvirki. Sú vinna, sem er bæði tímafrek og flókin, hefur verið unnin í samvinnu staðkunnugra heimamanna, tæknimanna og annarra sérfræðinga. Tíminn frá setningu laganna hefur þannig að mestu farið í þessa undirbúningsvinnu þannig að nú fyrst er tímabært að ráðast í framkvæmdir við varnarvirki á þeim stöðum þar sem hættumat liggur fyrir.

Til hættumats í snjóflóðabyggðum hefur ofanflóðasjóður nú varið 14.721.000 kr. frá upphafi, eða sem svarar 2.500.000 kr. á ári að meðaltali. Staða þessarar vinnu í nóvember 1994 var sú að búið er að gera hættumat fyrir Patreksfjörð, Flateyri, Ísafjörð, Súðavík, Seyðisfjörð og Neskaupstað, en undirbúningsvinnu er lokið fyrir flesta aðra þéttbýlisstaði. Hættumat vegna Siglufjarðar er að mestu frágengið en bíður tilkomu nýrra reglna um gerð hættumats sem hafa verið í undirbúningi og munu verða gefnar út innan skamms á grundvelli tillagna nefndarinnar. Einnig hefur verið beðið með að gera hættumat fyrir Ólafsvík, Tálknafjörð, Bíldudal og Suðureyri þar til nýju reglurnar liggja fyrir.

Ljóst er að hættumat verður að endurskoða með reglulegu millibili eftir því sem snjóflóðaskráning styrkir þann gagnagrunn sem hættumat byggir á og reiknilíkön þróast. Einnig verður að gera ráð fyrir að hættumeta þurfi í náinni framtíð skíðasvæði og svæði í dreifbýli þar sem húsaþyrpingar eru, svo sem skólar, bújarðir eða atvinnufyrirtæki.

Kortagerð er afgerandi þáttur í hættumati. Auknar kröfur eru um að gerð verði stafræn kort fyrir þau svæði sem hættumeta á, enda má með þeim auðvelda mjög snjóflóðaskráningu inn á hættumatskortin og mat á snjóflóðahættu þegar hún skapast.

Af framansögðu sést að hættumat er verkefni sem verður sífellt í endurskoðun vegna betri gagna til að byggja á, endurbættra reiknilíkana, fullkomnari korta og samtengingu á hættumati og tölvutengdu mati til viðvarana.

Einnig er þess að geta að enn er ekki byrjað að gera hættumöt vegna annarra skriðufalla en snjóflóða þótt gagnaskráning vegna þeirra sé hafin. Verður að gera ráð fyrir að sú vinna hefjist jafnskjótt og séð verður fyrir endann á vinnu við hættumöt vegna snjóflóða í þeim byggðum sem brýnast er að hættumeta, en hin mikla tíðni snjóflóða og snjóflóðahættu hefur enn sem komið er þrýst á að hættumat og varnir þeirra vegna hafi forgang. Ekki er á þessu stigi unnt að meta þann kostnað sem ætla verður að hættumat vegna annarra skriðufalla hafi í för með sér, en ljóst er að komið er að því að setja reglur um forsendur og framkvæmd hættumats vegna þeirra líkt og nú er gert með snjóflóðin.

Með hliðsjón af ofangreindu er talið að árlegur kostnaður við hættumat verði áfram svipaður því að þó að dregið geti verulega úr honum, þegar því stigi verður náð að einungis verði um að ræða endurmat og breytingar út frá nýjum reikniaðferðum og gögnum um snjóflóð, verður að sama skapi að auka vinnu við hættumat vegna annarra skriðufalla.

Þegar búið er að ganga frá hættumati er viðkomandi sveitarfélagi bent á að forsenda sé til þess að velja leiðir til varna og gera áætlanir um gerð varnarvirkja. Hafa flest sveitarfélög látið að einhverju marki skoða varnarmöguleika og sum þegar ákveðið forgangsverkefni og gert áætlanir um framkvæmd. Byrjað hefur verið á framkvæmdum á tveimur stöðum, Flateyri og Ísafirði, og einu varnarvirki hefur verið lokið á Ísafirði. Efast má þó um gildi þess varnarvirkis vegna skorts á viðhaldi eftir að það var byggt. Auk þess sem að framan greinir styrkti ofanflóðasjóður, að tillögu félagsmálaráðherra, gerð varnarvirkja í Ólafsvík sem byggð voru fyrir gildistöku laganna, en þau varnarvirki hafa einnig misst gildi sitt vegna skorts á viðhaldi.

Í greinargerð nefndarinnar kemur fram að til varnarvirkja gegn snjóflóðum og öðrum skriðuföllum hafi verið varið, eða sé áætlað að verja, 567.485 þús. kr. sem skiptist þannig að til rannsókna, hönnunar og framkvæmda við varnarvirki hefur verið varið 22.469 þús. kr., en áætlanir hljóða upp á 545.016 þús. kr. Varlegt sé að áætla að hér séu komin fram um 30% af heildarvarnarþörf þeirra svæða sem nú búa við snjóflóðahættu þannig að heildarkostnað ofanflóðasjóðs vegna snjóflóðavarna má áætla um 1.635.048 þús. kr. og er þá ekki verið að ræða um varnir gegn öðrum skriðuföllum sem eru á algjöru frumstigi. Með hliðsjón af því telur nefndin nauðsynlegt að ofanflóðasjóði verði tryggt aukið fjármagn og gerði, eins og fram kom hér að framan, tillögu um að á árunum 1995–99 verði lagt 10% álag á iðgjöld samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992. Samkvæmt áætlun Viðlagatryggingar Íslands hefði slíkt álag numið 46.395 þús. kr. árið 1993 og mundi vera um 52.000 þús. kr. á árinu 1994.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kom hér að framan telur nefndin ástæðu til að endurskoða fyrirkomulag staðbundinna snjóathuguna. Nefndin telur að ástæður þess að ekki hefur verið unnt að koma upp styrku eftirlits- og viðvörunarkerfi á landsbyggðinni séu fyrst og fremst fjárhagslegar sem hamli skipulagslegri úrlausn. Fjárhagslegu ástæðurnar séu þær m.a. að greiðslur til athugunarmanna séu ekki hvetjandi miðað við það álag sem þeir verða fyrir á þeim tíma sem snjóflóðahætta er viðvarandi. Búnaður þeirra sé einnig of takmarkaður til að sinna eftirlitinu svo vel sé og þeim því ekki boðin sú vinnuaðstaða sem æskileg er. Á það einkum við um búnað til að komast um athugunarsvæði til mælinga í miklum snjóþyngslum og til fjarskipta í öryggis- og upplýsingaskyni.

Nefndin taldi að það álag, sem er á athugunarmönnum, sé m.a. vegna þeirra tíðu athugana sem þeir þurfa að gera að nóttu og degi, oft í mjög slæmum veðrum, og vegna þess að mismunandi skoðanir séu heima fyrir á því mati sem þeir leggja fram um snjóflóðahættu. Þeir verði fyrir þrýstingi frá íbúum, fyrirtækjum og stundum viðkomandi yfirvöldum í báðar áttir, þ.e. að breyta mati á ástandi til hins betra eða verra, allt eftir hagsmunum viðkomandi á þeim tíma sem matið er gert.

Samkvæmt lögum um almannavarnir er gagnasöfnun og eftirlit með hættu samtengt viðvörunum og mati á skipulegum viðbrögðum. Einnig er litið svo á að áhætta í landinu sé frekar bundin landsvæðum en sveitarfélögum og að viðvaranir hafi svæðisbundin áhrif. Að auki valdi þær viðbrögðum í landinu öllu vegna fjölskyldu- og vinatengsla.

Sama má segja um snjóathuganir og hlutverk þeirra við að vara við hættu af snjóflóðum. Snjóathugunarmenn vinna í tengslum við og samkvæmt fyrirmælum Veðurstofu Íslands vegna mikilvægis veðurfars í snjóflóðamati. Einnig hefur skoðun snjóathugunarmanns á snjóflóðahættu á einu svæði óhjákvæmilega áhrif á mat annarra athugunarmanna í sama landshluta. Bættar samgöngur og þekking á veðurfarslegum þáttum snjóflóða opna möguleika á að einn athugunarmaður þjóni mörgum sveitarfélögum, enda liggja sömu athugunar- og snjósöfnunarsvæði oft í fleiri en einu sveitarfélagi. Með vísun til alls þessa telur nefndin að fella eigi þennan þátt snjóflóðavarna fjárhagslega undir ofanflóðasjóð og faglega undir Veðurstofu Íslands en að ráðning og yfirstjórn snjóathugunarmanna í héraði eigi að vera í höndum lögreglustjóra, í samráði við almannavarnanefndir sveitarfélaga, með hliðsjón af því að lögreglustjórar eru jafnframt yfirmenn almannavarna hver í sínu umdæmi. Taldi nefndin að með því yrði:

— fjárhagsgrunnur snjóathugana í héraði tryggður betur en nú er,
— stjórn og framkvæmd athugana, mats og viðvarana samræmd ákvæðum í lögum um almannavarnir og
— athugunarmaður síður háður hagsmunaþrýstingi í héraði, þar með talið frá vinnuveitanda sínum.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins er byggt á framangreindum hugmyndum og tillögum nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að lögreglustjórar, sem stjórnendur almannavarna í sínu umdæmi, ráði menn til að annast ofanflóðaathuganir. Rétt þykir að einnig verði unnt að fela þessum mönnum að annast athuganir vegna annarra skriðufalla en snjóflóða. Lagt er til að Almannavarnir ríkisins taki ákvörðun um það í hvaða lögreglustjóraumdæmum þessir starfsmenn verði ráðnir. Hugsanlegt er að menn verði ráðnir sem verktakar til að annast þessi verkefni. Ekkert mælir heldur gegn því að athugunarmaður geti ekki jafnframt verið starfsmaður sveitarfélags verði samkomulag um slíkt. Möguleiki er líka á því að hann geti verið starfsmaður ríkisins á viðkomandi svæði, svo sem Vegagerðar, Pósts og

síma eða orkuveitna, eða komið úr röðum björgunarsveitarmanna, allt eftir samkomulagi þar um.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér eftirtalin nýmæli:

a. Lagt er til að allur kostnaður vegna launa og starfa athugunarmanna skv. 6. gr. verði greiddur úr ofanflóðasjóði, sbr. 1. tölul. 1. mgr.
b. Lagt er til að kostnaður við kaup á rannsóknartækjum, sem unnt er að nýta jafnframt sem eftirlitstæki, verði greiddur að fullu af sjóðnum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. Hér eru höfð í huga tæki til að fylgjast með veðri, snjódýpt, lagskiptingu snævar og hitastigli í snjóþekjunni og senda boð til byggða þar sem athugunarmaður getur fylgst með ástandi snævarins og stöðugleika á hverjum tíma. Þetta er byggt á því að viðvaranir eru háðar skammtímahættumati sem þessi tæki með athugunarmanni gera mögulegar.
c. Lagt er til að greiðsluhlutur sjóðsins í kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki, sbr. 4. tölul. 1. mgr., og við kaup og uppsetningu á rannsóknartækjum og búnaði, sbr. 5. tölul. 1. mgr., hækki úr 80% í 90%. Auk þess er lagt til að heimilt verði að veita sveitarfélögum lán úr sjóðnum fyrir þeirra hlut í kostnaði skv. 4. tölul. 1. mgr., enda sé ljóst að þeim sé fjárhagslega ofviða að standa undir þeim kostnaði, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Er gert ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um lánskjör, svo sem vexti og lánstíma, hvort sem það verður háð mati hans í hverju einstöku tilviki eða hann setji um það almennar reglur með heimild í reglugerðarákvæði laganna, sbr. 14. gr. Tekið skal fram að einungis er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði veitt slík lán í undantekningartilvikum.
d. Lagt er til að sjóðnum verði heimilt að greiða allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja, sbr. 6. tölul. 1. mgr., en vafi er á því hvort sjóðurinn hafi heimild til að taka þátt í greiðslu á viðhaldskostnaði samkvæmt núgildandi 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. óbreyttur. Við mat á kostnaðarhlutdeild sjóðsins var tekið mið af því að sveitarfélög geta væntanlega nýtt starfsmenn sveitarfélagsins og tækjakost við viðhaldsframkvæmdir.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

Frumvarpið miðar í fyrsta lagi að því að breyta ákvæðum 6. gr. laganna þannig að lögreglustjórar í stað sveitarstjórna ráði starfsmenn til þess að fylgjast með hættum af snjóflóðum og skriðuföllum. Í öðru lagi er aukin þátttaka ofanflóðasjóðs í kostnaði við framkvæmd laganna skv. 6. og 11. gr. Um er að ræða eftirtalin atriði:

1. Laun starfsmanna sem fylgjast með hættum af snjóflóðum og skriðuföllum skiptast að jöfnu á milli viðkomandi sveitarfélags og Veðurstofu Íslands (6. gr.) en munu greiðast að fullu af ofanflóðasjóði samkvæmt frumvarpinu.
2. Kaup á rannsóknartækjum, sem jafnframt er unnt að nýta sem eftirlitstæki, verði greidd að fullu úr sjóðnum og er það nýtt lagaákvæði.
3. Hlutdeild ofanflóðasjóðs í kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki hækkar úr 80% í 90%. Þetta gildir einnig um kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til flóðahættu.
4. Ofanflóðasjóði verður heimilt að greiða allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja en vafi er talinn leika á því hvort sjóðurinn hafi þessa heimild í núgildandi lögum.

Samþykkt frumvarpsins leiðir ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð þar sem ofanflóðasjóði er ætlað að standa undir kostnaðaraukningunni. Lagt hefur verið til að iðgjöld til Viðlagasjóðs verði hækkuð um 10% árin 1995–99 sem hækkar tekjur hans um rúmlega 50 m.kr. á ári eða alls 250 m.kr. á öllu tímabilinu sem m.a. yrði unnt að verja til þeirra verkefna sem hér um ræðir. Um þá hækkun er fjallað í öðru frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi.

537. Skýrsla [95. mál]

landbúnaðarráðherra um framkvæmd búvörusamnings, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Með beiðni (á þskj. 97) frá þingmönnunum Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Ragnari Elbergssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Margréti Frímannsdóttur var óskað eftir skýrslu landbúnaðarráðherra um framkvæmd búvörusamnings frá 11. mars 1991. Í skýrslunni skyldu eftirfarandi upplýsingar koma fram.

1. Hvernig hefur tekist að ná eftirtöldum markmiðum:
   a. að stuðla að því að í landinu geti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður,
   b. að lækka vöruverð til neytenda án þess að það komi niður á afkomumöguleikum bænda,
   c. að koma á og viðhalda jafnvægi í framleiðslu og sölu mjólkur- og sauðfjárafurða,
   d. að lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu,
   e. að stuðla að því að landbúnaður verði í sem bestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið?
2. Hvernig tókst að ná markmiðum um kaup á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt? Var því fylgt eftir að þeir aðilar lóguðu fjárstofni sínum sem seldu fullvirðisrétt og fengu förgunarbætur fyrir fullorðið fé?
3. Hver var niðurskurður á greiðslumarki á einstökum svæðum í kjölfar kaupa ríkissjóðs?
4. Hvernig afsetti ríkissjóður þær birgðir kindakjöts sem voru til í landinu við lok fyrri búvörusamnings? Hver urðu áhrif þess fyrir sauðfjárbændur?
5. Hve mikið fjármagn hefur runnið til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árunum 1992–94 í samræmi við viðauka II við búvörusamninginn?
6. Hve mikið fjármagn rann til Jarðasjóðs á árunum 1992 og 1993 í samræmi við viðauka II?
7. Hve mikið fjármagn hefur runnið til Byggðastofnunar á árunum 1992–94 í samræmi við viðauka II?
8. Hve mikið fjármagn hefur runnið til Lífeyrissjóðs bænda á árunum 1992–94, sbr. viðauka II?
9. Hver er niðurstaða endurskoðunar á kerfi verðlagningar sauðfjárafurða og kostum umboðsviðskipta, sbr. bókun II?
10. Hver hefur orðið þróun í viðskiptum með fullvirðisrétt/greiðslumark með hliðsjón af tilflutningi greiðslumarks milli landshluta og verðlagningar þess?
11. Hafa viðskipti með greiðslumark orsakað hættu á umtalsverðri byggðaröskun eða gengið gegn hagræðingarsjónarmiðum, sbr. bókun III?
12. Hefur skipan fimmmannanefndar verið breytt, sbr. bókun IV?
13. Hefur uppgjöri framleiðsluársins verið breytt frá verðlagsári yfir í almanaksár, sbr. bókun VI, eða er það í undirbúningi?
14. Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti um þá fjármuni sem runnið hafa til landgræðslu- og skógræktarstarfa á árunum 1992–94, sbr. bókun VI, og að þær fjárveitingar séu bornar saman við framlög áranna þar á undan.
15. Hvaða skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi í landbúnaði í framhaldi af bókun VII?
16. Hvernig hefur framkvæmd á bókun VIII um ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir bændur og endurmenntun og þjálfun þeirra til annarra starfa verið háttað? Fengu þeir bændur aðstoð við að koma jörðum sínum í verð sem þurftu á því að halda?
17. Hafa einhver ákvæði samningsins verið endurskoðuð og ef svo er, á hvern hátt?
18. Hafa samningsaðilar ræðst við vegna breytinga á starfsumhverfi landbúnaðarins með tilkomu alþjóðasamninga og innflutnings búvara, sbr. ákvæði 9. gr.?
19. Er hafin úttekt á framkvæmd samningsins, sbr. 10. gr.? Hafa viðræður um áframhaldandi stefnumörkun verið undirbúnar, sbr. 10. gr.?

Skýrslan var unnin fyrir landbúnaðarráðuneytið af framkvæmdanefnd búvörusamninga sem í eiga sæti tveir fullrúar Stéttarsambands bænda og fulltrúi fjármálaráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis.

Þróun landbúnaðar milli áranna 1991 og 1994.

Erfitt er að setja fram staðhæfingar um þróun íslensks landbúnaðar milli áranna 1991 og 1994 og svara því með fáum orðum hvort íslenskur landbúnaður sé nú hagkvæmur og öflugur. Umhverfi landbúnaðarins sem og annarra atvinnugreina er sífellt að breytast. Hraði breytinganna er jafnframt mun meiri en verið hefur. Spurningin hlýtur því að snúast um það hvort landbúnaður sé hagkvæmur og öflugur miðað við aðstæður nú.

Mjólkurframleiðslan hefur verið í jafnvægi undanfarin ár. Einingarnar hafa stækkað og framleiðsluverðmæti bænda eru u.þ.b. hin sömu árin 1991 og 1993, sjá fskj. I. Samkvæmt úrtaki Hagþjónustu landbúnaðarins, sem hagfræðingur Stéttarsambands bænda hefur unnið frekar úr, hafa tekjur bænda lækkað, m.a. vegna samningsbundinnar lækkunar á verði afurðanna, sjá fskj. II. Þar kemur einnig fram að launagreiðslugeta sömu 117 kúabúanna hefur staðið í stað milli áranna 1991 og 1993. Eins og áður sagði hafa tekjur af búrekstri heldur lækkað en tekist hefur jafnframt að lækka breytilegan kostnað og aðrar tekjur hafa aukist. Hlutfall eigin fjár á tímabilinu hefur lækkað úr 55% í 51%. Rétt er að benda á í þessu sambandi að lækkanir á verði nautakjöts undafarin missiri hafa sannanlega komið beint niður á afkomumöguleikum þeirra. Tekið skal skýrt fram að hér er um úrtak að ræða og verður að taka þessum niðurstöðum með fyrirvara.

Önnur þróun hefur verið í sauðfjárframleiðslunni þar sem hún hefur dregist töluvert saman á tímabilinu. Framleiðslueiningar hafa minnkað vegna skertra framleiðsluheimilda og framleiðslutekjur hafa lækkað. Merki eru um að launagreiðslugeta hafi lækkað töluvert og búist er við frekari lækkun á árunum 1994 og 1995. Sala á framleiðsluheimildum árin 1991–92 hefur ekki enn stuðlað að hagkvæmni sökum þess hve fáir seldu frjálsri sölu, en gert var ráð fyrir mun meiri sölu óvirkra framleiðsluheimilda.

Niðurfærslan, þ.e. flöt skerðing, varð því mikil eins og fram kemur síðar í skýrslunni. Sala á framleiðsluheimildum milli einstaklinga eftir að afskiptum ríkisvaldsins lauk hefur verið lítil undanfarin ár og má sennilega rekja orsakir þess til hins háa verðlags og erfiðs atvinnuástands í þjóðfélaginu. Staða greinarinnar er veik og ekki er hægt að halda því fram að hún sé almennt hagkvæm og öflug um þessar mundir.

Tekist hefur í meginatriðum að standa við hagræðingarkröfu sauðfjárhluta samningsins fram að þessu. Hins vegar skortir á að lækkun á slátur- og heildsölukostnaði sé samsvarandi en það var ein af forsendum framleiðnikröfunnar hjá bændum að sama árangri yrði náð á vinnslu- og sölustigi.

Taflan hér á eftir sýnir helstu breytingar sem orðið hafa í verðmyndun kindakjöts þessu til staðfestingar:

Verðbreytingar á dilkakjöti DIA 1991 til 1994.

	Verð 16/9'91	*Verð 1/3'94*	*Breyting kr.*	*Breyting %*	*Verðbólga %*	*Raunverðs-breyting*
Grundvallarverð	438,31	435,26	-3,05	-0,70%	7,34%	-8,03%
Slátur- og heildsölukostn.		136,30				
Flutt af kjöti		10,31	10,31			
Leiðr. sl. og heilds. kostnaður	140,95	146,61	5,66	4,02%	7,34%	-3,32%
Sjóðagjöld	25,30	20,07	-5,23	-20,67%	7,34%	-28,01%
Óngr. Heildsv. 1/1 og 1/2 skr. eða m.t.t. beinna greiðslna	604,56	591,63	-12,93	-2,14%	7,34%	-9,48%

Samkvæmt þessari töflu hefur raunverðslækkun með tilliti til vísitölu framfærslukostnaðar orðið tæplega 9,5% á heildsöluverðinu en rúm 8% á grundvallarverðinu. Slátur- og heildsölukostnaður hefur þó ekki lækkað nema sem svarar til 3,3%, en sláturleyfishöfum hefur reynst erfitt að fá borinn uppi kostnað að upphæð 10,31 kr. sem fluttur var af kjöti árið 1993 á gærur og innmat. Ljóst er að hlutfallsleg lækkun sjóðagjalda er langt umfram aðrar lækkanir. Þar er um skerðingu að ræða fyrir framleiðendur þar sem þeim hefur verið varið til hagsmuna fyrir búgreinina.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur smásöluverð á búvörum undir verðlagsákvæðum staðið í stað í krónutölu, eða lækkað örlítið frá febrúar 1991 til ágúst 1994, sjá fskj. III. Aðrar innlendar matvörur og drykkir hafa hækkað um tæp 3% á sama tíma þrátt fyrir lækkun virðisaukaskatts úr 24,5% í 14%. Lækkun virðisaukaskatts hafði lítil áhrif á verðlag sauðfjárafurða. Var þar fyrst og fremst um að ræða áhrif á verð unninna kjötvara en heilir og hálfir skrokkar voru niðurgreiddir fyrir. Áhrifin á verð mjólkurafurða voru einnig minni þar sem nýmjólk og skyld vara var einnig niðurgreidd niður í 14% fyrir breytingu á virðisaukaskatti. Margt virðist því benda til þess að sú hagræðingarkrafa sem bændum var gert að standast hafi náð til neytandans.

Það sem fyrst og fremst hefur komið niður á afkomumöguleikum sauðfjárbænda eru lækkaðar framleiðsluheimildir. Eftirfarandi tafla sýnir áhrif samdráttar á launagreiðslugetu sauðfjárbúsins. Miðað er við verðlagsgrundvallarbú er framleiðir 419 ærgildi í upphafi sem samsvarar 1,55 ársverkum.

Ærgildi	*Velta*	*Fastur kostn.*	*Br. kostn.*	*Launagr.geta*	*Fjöldi árslauna*	*Breyting í fjölda ársv.*
419	3.661.168	516.179	1.325.962	1.849.024	1,55	
338	2.952.462	516.179	1.069.291	1.366.922	1,15	0,4
270	2.362.043	516.179	855.459	990.405	0,83	0,7

Raunveruleg skerðing á framleiðsluheimildum verðlagsgrundvallarbúsins á tímabilinu 1991–93 er í það minnsta 20% eða í 338 ærgildi. Slík skerðing þýðir yfir 25% lækkun í launagreiðslugetu. Dæmi eru um framleiðsluskerðingu allt upp í 35% sem þýðir að bú sem áður var vísitölubú er komið niður í 270 ærgildi og framfleytir ekki einu ársverki. Tekið skal fram að miðað er við að ekki takist að lækka fastan kostnað svo neinu nemi við lækkun framleiðsluheimildar. Hér er því um tilbúið dæmi að ræða sem taka

verður með fyrirvara. Eitt er þó augljóst að launagreiðslugetan lækkar í flestum tilvikum meira en sem svarar lækkun framleiðsluheimilda. Að lokum skal tekið fram að ekki er miðað við að aðrar tekjur hafi hækkað á tímabilinu sem er þó víða raunin.

Umsamin hagræðingarkrafa hefur verið framkvæmd af sexmannanefnd varðandi mjólkurframleiðendur og það hefur leitt til lækkunar á verði til bænda. Hagræðingarkrafan var 5%. Margt bendir til þess að vinnslan hafi einnig gert það þótt endanlegir útreikningar liggi ekki fyrir. Vinnslunni var gert að lækka sinn kostnað um 7,62% 1991–94. Í mars 1994 hafði náðst 6,7% lækkun. Eftirfarandi tafla sýnir verð mjólkur til bænda á tímabilinu. Verð mjólkur er vegið saman eftir magni, 1992, í verðlagsgrundvelli og gildistíma, en verð 1. desember 1994, í kr. á lítra, að meðtöldum beinum greiðslum. Tekið skal fram að hér er sýnd breyting á framfærsluvísitölu til hliðsjónar en tæknilega er miðað við vísitölu innan verðlagsgrundvallarins.

Ár	*Verð*	*Verðbreyting mjólkur '91-'94*	*Breyting á framf.vísit. ágúst '91 til ágúst '93*
1992	52,38		
1994, 1/12	51,80	-1,1%	8,7%

Tekist hefur að viðhalda að mestu jafnvægi í framleiðslu og sölu mjólkur og hefur markaður jafnvel stækkað, þó í litlum mæli sé. Sú breyting hefur jafnframt orðið að sala próteins hefur náð því marki að seljast betur en fita. Hins vegar hefur ekki enn tekist að ná jafnvægi í framleiðslu og sölu kindakjöts. Sala kindakjöts hefur verið sveiflukennd, en sú staðreynd blasir við að innanlandsmarkaður dregst saman um 200–300 tonn á ári að meðaltali og vonir um útflutning á ásættanlegum verðum hafa enn ekki ræst. Hér að neðan getur að líta töflu er sýnir þróunina á mjólkur- og kindakjötsmörkuðum.

Ár	*Framleiðsla kindakjöts, tonn*	*Sala kindakjöts, tonn*
1990	9.454	8.620
1991	9.308	7.947
1992	9.202	7.976
1993	8.859	8.087
1994, áætlað	8.760	7.100

Ár	*Framleiðsla mjólkur, þús. ltr.*	*Sala mjólkur, þús. ltr.*
1990	107.011	100.996
1991	105.510	100.532
1992	99.722	99.226
1993	99.917	100.339
1994, áætlað	101.000	101.100

Opinber útgjöld hafa lækkað verulega til þessarar framleiðslu, sjá fskj. IV. Útgjöldin voru 9.979 millj. kr. 1991 á föstu verðlagi en aðeins 5.972 millj. kr. 1993. Útgjöldin 1994 taka væntanlega litlum breytingum frá árinu 1993.

Endurskoðun á kerfi verðlagningar sauðfjárafurða hefur ekki leitt til breytinga og skipan fimmannanefndar hefur ekki verið breytt.

Ekki er vafamál að fækkun sauðfjár undanfarinn áratug, sjá fskj. V, hefur létt mjög beitarþunga á viðkvæmustu svæði landsins. Í búvörusamningi frá 1991 er jafnframt tiltekið í 3. tölul. 4. gr. að ef gróðurverndarsjónarmið mæla á móti því að sauðfjárrækt aukist á einstökum jörðum eða landsvæðum að mati Landgræðslu ríkisns skuli landbúnaðarráðherra takmarka eða stöðva kaup í slíkum tilvikum. Eftir þessu ákvæði hefur verið starfað.

Framleiðslusamdráttur og takmarkaðir eða engir styrkir til jarðræktar frá ríkissjóði undanfarin ár hafa leitt til þess að nýræktun mýrlenda er nánast engin um þessar mundir.

Hægt er að fullyrða að viðhorf bænda til þessa málaflokks er jákvætt og skilningur á gildi umhverfismála hefur stóraukist.

Kaup á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt.

Með búvörusamningnum frá mars 1991 skuldbatt ríkissjóður sig til þess að kaupa fullvirðisrétt allt að 3.700 tonnum og greiða förgunarbætur fyrir allt að 55.000 fjár. Í því efni var miðað við að heildarfullvirðisrétturinn væri allt að 12.000 tonn að meðtöldum þeim framleiðsluheimildum sem ekki voru nýttar til framleiðslu vegna leigusamninga við Framleiðnisjóð eða fjárleysis vegna riðuniðurskurðar. Miðað var við að ríkissjóður keypti fullvirðisrétt þannig að eftir stæðu 8.300 tonn sem var þá nálægt innanlandsneyslu kindakjöts. Ef þessi markmið næðust ekki með kaupum á fullvirðisrétti skyldi koma til niðurfærsla á öllum fullvirðisrétti. Það var von aðila að sem minnst þyrfti til þess að koma.

Reyndin varð sú að keypt voru út 1.956 tonn en niðurfærður réttur nam samtals 1.706 tonnum, sjá fskj. VI. Í raun var stór hluti þeirra 1.956 tonna, sem keypt voru út, hrein niðurfærsla þar sem margir bændur kusu heldur að selja hluta af rétti sínum til að fá hærri bætur en greiddar voru fyrir niðurfærslu.

Segja má að það hafi valdið verulegum vonbrigðum hve fáir framleiðendur voru tilbúnir til þess að selja allan sinn framleiðslurétt og rýma þannig fyrir þeim sem eftir yrðu. Afleiðingin varð sú að virkur framleiðsluréttur rýrnaði langt umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og sauðfjárbúin minnkuðu.

Því var fylgt eftir að förgun fjár væri í samræmi við gerða samninga, en síðan hefur ekki verið sérstaklega fylgst með ásetningi þessara aðila.

Niðurskurður á greiðslumarki á einstökum svæðum.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurskurð frá fullvirðisrétti 1991–92 til greiðslumarks til framleiðslu verðlagsáranna 1992–94:

Svæði nr.	*Nýtanlegur fullv.r. 1991/92*	*Greiðslumark 1992/93*	*Breyting 1991-1992*	*Greiðslumark 1993/94*	*Breyting 1991-1993*	*Greiðslumark 1994/95*	*Breyting 1991-1994*	*Áætlað greiðslumark 1995/96*	*Breyting 1991-1995*
Gullbr.- og Kjós	97.781	64.647	-34%	63.965	-35%	56.471	-42%	54.924	-44%
Borgarf. s.Skarðsh.	151.053	112.728	-25%	114.984	-24%	105.339	-30%	102.453	-32%
Borgarf. o.Skarðsh.	236.802	199.529	-16%	173.850	-27%	156.709	-34%	152.415	-36%
Mýrasýsla	371.402	312.234	-16%	272.663	-27%	253.585	-32%	246.637	-34%
Snæfellsnessýsla	399.352	331.634	-17%	286.916	-28%	261.387	-35%	254.225	-36%
Dalasýsla	578.128	504.431	-13%	433.250	-25%	393.409	-32%	382.629	-34%
A-Barð.	181.321	160.832	-11%	138.571	-24%	125.746	-31%	122.300	-33%
V-Barð.	118.660	94.707	-20%	87.601	-26%	79.493	-33%	77.315	-35%
V-Ísafj.s.	205.611	172.386	-16%	157.178	-24%	140.210	-32%	136.369	-34%
N-Ísafj.s.	178.904	145.523	-19%	132.872	-26%	121.629	-32%	118.296	-34%
Strandasýsla	512.998	459.977	-10%	399.413	-22%	374.699	-27%	364.432	-29%
V-Húnav.s.	632.315	558.622	-12%	523.160	-17%	479.320	-24%	466.186	-26%
A-Húnav.s.	559.803	480.516	-14%	504.875	-10%	457.017	-18%	444.495	-21%
Skagafj.s.	720.826	601.523	-17%	567.279	-21%	517.749	-28%	503.563	-30%
Eyjafj.s. og Hálsh.	695.477	579.632	-17%	552.258	-21%	483.447	-30%	470.201	-32%
S-Þing.	556.006	475.126	-15%	420.051	-24%	386.572	-30%	375.979	-32%
N-Þing.	491.558	443.341	-10%	401.306	-18%	372.162	-24%	361.965	-26%
Vopnafj.	217.787	195.223	-10%	187.457	-14%	163.101	-25%	158.632	-27%
Hérað og Firðir	566.828	483.056	-15%	709.852	25%	645.903	14%	628.205	11%
Norðfjörður	30.434	6.963	-77%	19.284	-37%	16.623	-45%	16.167	-47%
Suðurfjarðasvæði	257.448	203.687	-21%	206.838	-20%	179.149	-30%	174.240	-32%
A-Skaftafellssýsla	352.534	294.229	-17%	265.250	-25%	241.691	-31%	235.069	-33%
V-Skaftafellssýsla	571.981	513.046	-10%	463.569	-19%	426.486	-25%	414.801	-27%
Rangárvallasýsla	794.259	655.472	-17%	563.212	-29%	501.329	-37%	487.592	-39%
Árnessýsla	720.665	579.612	-20%	512.903	-29%	463.669	-36%	450.965	-37%
Samtals	**10.199.933**	**8.628.676**	**-15%**	**8.158.555**	**-20%**	**7.402.894**	**-27%**	**7.200.055**	**-29%**

Birgðastaða kindakjöts við lok fyrri búvörusamnings.

Ríkissjóður afsetti ekki þær birgðir kindakjöts sem skráðar voru í landinu 31. ágúst 1992. Um var að ræða 300 tonn sem voru á ábyrgð framleiðenda en máttu vera allt að 500 tonn samkvæmt samningnum. Hér er því greinilega verið að spyrja um hvernig þeirri lágu birgðastöðu var náð. Það sem skiptir máli í þessu sambandi var að salan í ágúst 1992 varð mun meiri en gera mátti ráð fyrir eða rúm 1.500 tonn. Það sem virðist hafa skipt hér sköpum var að samstarfshópur um sölu á lambakjöti ákvað að tillögu afurðastöðva 40 kr. aukaniðurgreiðslu á kg alls kindakjöts í byrjun ágúst 1992. Hér var um 10% aukaniðurgreiðslu að ræða en það þótti ekki hátt, a.m.k. ekki á þeim tíma. Svo virðist sem afurðastöðvar hafi talið það tryggast, með hliðsjón af þeim breytingum sem fram undan voru, að nýta þessa niðurgreiðslu til hins ýtrasta og tóku út úr birgðum mun meira kjöt en selt var í raun og veru í þessum mánuði. Þessi sala skapaði óánægju Stéttarsambands bænda sem taldi að með þessu hefði ríkið komist hjá því að flytja út tilskilið magn fyrir lok eldri búvörusamnings. Þannig væri raunveruleg birgðastaða 400 tonnum meiri en skýrslur Framleiðsluráðs landbúnaðarins gæfu til kynna. Ríkisvaldið kom til móts við þessa gagnrýni bænda með því að styðja sölu á eldri birgðum kindakjöts þá um haustið, auk þess

að greiða vaxta- og geymslugjöld á 200 tonn í lengri tíma en það sem tilskilið var haustið eftir.

Framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árunum 1992–94.

Fjármagn til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 1992 var 340 millj. kr., en framlög síðar samkvæmt viðauka II koma fram í eftirfarandi töflu. Upphæðir eru í millj. kr.

Ár	*Framlag*	*Framlag skv. viðauka II*
1993	250	300
1994	300	250

Framlög hafa verið veitt í samræmi við viðauka II, en 50 millj. kr. færðust þó á milli áranna 1993 og 1994 eins og sjá má af töflunni.

Framlög til Jarðasjóðs á árunum 1992 og 1993.

Á fjárlögum voru í samræmi við viðauka II veittar samtals 150 millj. kr. til Jarðasjóðs árin 1992 og 1993 umfram það sem verið hafði. Það skilyrði var sett að Jarðasjóður aflaði þessa fjár með sölu jarða á tímabilinu. Hins vegar seldust jarðir fyrir aðeins um 21 millj. kr. af þeim 150 millj. kr. sem áætlaðar voru samkvæmt fjárlögum.

Framlög til Byggðastofnunar og Lífeyrissjóðs bænda á árunum 1992–94.

Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun hafa verið veittar 20 millj. kr. á grundvelli viðauka II.

Til Lífeyrissjóðs bænda hafa árlega verið veittar 10 millj. kr. sérstaklega á grundvelli viðauka II, en þeir fjármunir voru ætlaðir bændum milli 63 og 70 ára aldurs eftir að þeir höfðu selt fullvirðisrétt sinn til þess að mæta réttindamissi er ella hefði orðið. Rétt er jafnframt að taka fram að breyting var gerð á forsendum fjárframlaga til Lífeyrissjóðs bænda í fjárlögum 1993 og síðan, en fjárveitingar miðast nú eingöngu við greiðslu mótframlags vegna sauðfjár- og mjólkurframleiðslu. Áður miðuðust fjárveitingar við heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar.

Þróun í viðskiptum með fullvirðisrétt/greiðslumark.

Sala á greiðslumarki í mjólk hefur verið samkvæmt eftirfarandi töflu sem sýnir sölu eftir svæðum í þúsundum lítra. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvert selt hefur verið, en hægt er að fullyrða að í velflestum tilvikum hefur sala átt sér stað innan svæðis.

Heildarsala á greiðslumarki í mjólk 1992 til 1994, í þúsundum lítra.

	1992/93	*1993/94*
Reykjavík	180	84
Borgarnes	249	177
Búðardalur	200	113
Ísafjörður	53	38
Hvammstangi	63	104
Blönduós	91	115
Sauðárkrókur	454	259
Akureyri	856	578
Húsavík	102	177
Vopnafjörður	0	0
Egilsstaðir	153	151
Neskaupstaður	0	0
Höfn	218	17
Selfoss	1.188	627
	3.807	2.440

Sala á greiðslumarki í sauðfé hefur verið lítil. Eftirfarandi tafla sýnir sölu á greiðslumarki eftir svæðum í tonnum. Ekki liggja fyrir tölur um það hvert selt hefur verið en hægt er að fullyrða að í velflestum tilvikum hefur sala átt sér stað innan svæðis.

Heildarsala á greiðslumarki í sauðfé 1993–95, tonn.

	1993/94	1994/95
Gullbr.- Kjós.	0,1	0
Borgarf. s.Skarðsh.	1,7	1,5
Borgarf. o.Skarðsh.	2,2	1,4
Mýrasýsla	6,9	7,6
Snæfellsnessýsla	12	4,3
Dalasýsla	3,3	12,2
A-Barð.	0,7	0,5
V-Barð.	0,3	0,8
V-Ísafj.s.	3,7	0
N-Ísafj.s.	0	5,9
Strandasýsla	22,7	15,5
V-Húnav.s.	10	4,2
A-Húnav.s.	21,7	6,8
Skagafj.s.	14,6	14,2
Eyjafj.s. og Hálsh.	5,6	6,7
S-Þing.	7,5	2,9
N-Þing.	3,9	5,6
Vopnafj.	9,1	0

	1993/94	1994/95
Hérað og Firðir	66	30,7
Norðfjörður	2,5	0
Suðurfjarðasvæði	9,2	1,3
A-Skaftafellssýsla	5,7	0,8
V-Skaftafellssýsla	2,9	10,9
Rangárvallasýsla	6,9	9,7
Árnessýsla	7,9	12,1
	227,1	155,6

Fullyrða má að sala greiðslumarks síðan 1992 hefur ekki valdið byggðaröskun. Ætla verður að sú takmarkaða tilfærsla á rétti sem orðin er hafi verið í hagræðingarátt. Það er hins vegar ástæða til að óttast að sú mikla skerðing framleiðsluheimilda sem átt hefur sér stað muni valda byggðaröskun.

Uppgjör framleiðsluársins.

Uppgjör framleiðsluársins hefur ekki verið breytt frá framleiðsluári yfir í almanaksár. Segja má að uppgjör sauðfjárafurða við framleiðendur miðist við áramót, þ.e. svo hefur verið frá setningu búvörulaga 1985, þar sem lögbundið er að uppgjöri við þá skuli lokið í síðasta lagi 15. desember ár hvert. Vissir erfiðleikar fylgja því að breyta uppgjörstíma mjólkur en hann miðast við ágústlok í dag. Það sem hér um ræðir er það að talið er hagkvæmt að sumarmjólkin sé sú mjólk sem framleidd er næst uppgjöri sökum þess hve knappt menn nýta sinn framleiðslurétt. Þar á móti kemur að reynt hefur verið með góðum árangri að fá framleiðendur til þess að framleiða vetrarmjólk með breytilegri verðlagningu. Heimild til þess að breyta uppgjörstímabili í almanaksár var lögfest 1992 en niðurstaða samnings við Stéttarsamband bænda um stjórn mjólkurframleiðslunnar er gerður var í ágúst það ár varð sú að breyta ekki að svo stöddu verðlagsárinu.

Framlög til landgræðslu- og skógræktarstarfa á árunum 1992–94.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til landgræðslu og skógræktar á árunum 1989 til 1993, samkvæmt greiðslum en 1994 samkvæmt fjárlögum. Tölur eru í millj. kr.

Fjárlagaliður	1989	1990	1991	1992	1993	1994
Skógrækt ríkisins				148,8	156,9	154,7
Landgræðsla ríkisins				240,0	213,0	196,3
Skógr. og landgr., ýmis verkefni.*				55,7	57,5	
Landgræðslusjóður				3,0	3,0	
Ýmis verkefni**						9,0
Héraðsskógar						53,1
Samtals	**240,0**	**321,3**	**369,8**	**447,1**	**430,4**	**413,1**

* Framlög til Skógræktarfélags Íslands og Héraðsskóga.
** Framlög til Skógræktarfélags Íslands, Landgræðslusjóðs og Landgræðsluáætlana.

Framlög af þessum fjárlagaliðum, sérstaklega merkt til landgræðslu- og skógræktarstarfa bænda, hafa verið um 40 millj. kr. ár hvert frá árinu 1992. Ljóst er, með hliðsjón af töflunni, að auknar fjárveitingar til þessa málaflokks eru ekki í samræmi við bókun VI sem gerði ráð fyrir 2 milljörðum kr. í auknum framlögum til þessara málaflokka á búvörusamningstímanum. Hér var um viljayfirlýsingu að ræða sem því miður hefur ekki verið unnt að verða við vegna erfiðrar stöðu efnahagsmála.

Rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi í landbúnaði.

Tilraunastarf hefur verið aflagt á Skriðuklaustri og Reykhólum og á Sámsstöðum er starfsemin til endurskoðunar. Nú er þar einungis viðhaldið vissum langtímatilraunum í jarðrækt. Í staðinn hefur starfsemin verið efld á Hesti, Möðruvöllum og á Stóra-Ármóti sem Búnaðarsamband Suðurlands rekur. Stefnt er að nánu samstarfi milli Rala og Bændaskólans á Hvanneyri um rannsóknir og kennslu í sauðfjárrækt á Hesti þar sem auk alhliða framleiðslutilrauna er lögð megináhersla á rannsóknir og ræktun fjár með tilliti til kjötgæða. Á Möðruvöllum er sérstök áhersla lögð á hagkvæmni og gæði nautakjötsframleiðslu, auk jarðræktartilrauna, en á Stóra-Ármóti snýr starfið einkum að mjólkurframleiðslu með kynbóta- og fóðrunarrannsóknum. Náið samstarf er milli Rala og Landgræðslu ríkisins um frærækt og landgræðslurannsóknir og hefur starfsemi á þessu sviði verið flutt frá Sámsstöðum að Gunnarsholti.

Hvað fiskeldi varðar er megináhersla lögð á kynbætur og rannsóknir á því sviði. Sú starfsemi hefur verið efld verulega fyrir bleikju á Hólum og lax í Laxeldisstöðinni í Kollafirði og hjá Stofnfiski hf. sem rekinn er í Kollafirði.

Lítið hefur enn farið fyrir skipulagsbreytingum á leiðbeiningarþjónustunni. Þó hefur nokkuð verið unnið í þróun bókhaldsforrits fyrir bændur sem gefur möguleika á auknum hagfræðileiðbeiningum. Vonir standa til að sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda tengi betur en verið hefur rekstur einstakra búa og viðfangsefni leiðbeiningarþjónustunnar.

Ljóst er að búnaðarskólarnir hafa í samvinnu við Framleiðnisjóð landbúnaðarins unnið mikið starf í endurmenntun bænda og ráðunauta. Námskeið, haldin í skólunum á sl. ári, skipta tugum.

Búvörusamningurinn - stefnumörkun.

Engin bein ákvæði samningsins hafa verið endurskoðuð. Hins vegar eru í gangi viðræður milli landbúnaðarráðherra og stjórnar Stéttarsambands bænda um störf bænda að landgræðslumálum þar sem bændum verði gefinn kostur á að halda beinum greiðslum að mestu óbreyttum, þrátt fyrir minni framleiðslu, ef um er að ræða störf við landgræðslu.

Á öllum samningstímanum hafa verið í gangi óformlegar viðræður aðila og margháttað samráð hefur verið haft við bændasamtökin um undirbúning og útfærslu alþjóðasamninga.

Rétt er að benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd búvörusamnings 1989–93 og úttekt OECD á landbúnaði á Íslandi sem væntanleg er vorið 1995. Síðasta vor fól landbúnaðarráðherra sjömannanefnd að hefja úttekt á framtíðarstarfsumhverfi landbúnaðarins og móta tillögur um áframhaldandi stefnumörkun.

Fylgiskjal I.

Framleiðsluvermæti búvara, á verðlagi ársins 1980.*

Afurð	*1987*	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*
Nautgripaafurðir	410.1	392.5	382.9	401.9	398.4	385.2	397.2
Sauðfjárafurðir	395	355	305.4	303.2	300.6	295.7	283.8
Hrossaafurðir**	14.2	13.6	18	19.5	20	22.2	24.9
Svínaafurðir	44.9	49.3	59.9	56.1	57.6	58.7	64.2
Alifuglaafurðir	99.8	82.3	82.3	32.4	82.2	82.2	68.2
Garða- og gróðurh.	92.2	84.8	84.6	90	93.7	84.6	81.4
Hlunnindi	21.6	21.6	19	19.5	19.5	20.4	19
Ferðaþjónusta							
Loðdýraafurðir	45.1	49	68.1	47.1	33.8	37.3	63
Kanínuafurðir	0.5	0.5	0.4	0.4	0.3	0.2	0.2
	1123.4	1048.6	1020.6	970.1	1006.1	986.5	1001.9

* Verðmæti á tonn/einingu sama og verðið 1980, heimild: Þjóðhagsstofnun.

** Af skráðu útflutningsverði eru 85% talin skilaverð til bænda en 15% í flutningskostnað o.fl.

Framleiðsluverðmæti búvara, á verðlagi hvers árs.

Afurð	*1987*	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*
Nautgripaafurðir	3808.5	4553.9	5500.1	6450.6	6690	6495.9	6671.4
Sauðfjárafurðir	3634.6	3529.7	3887.5	4009.8	4583.1	4476	4342.2
Hrossaafurðir	126.6	161.6	238.8	293.5	300	320.5	340.9
Reiðhross innanl.*		89.65	108.9	132	145.2	132	
Svínaafurðir	383.1	538.8	798.2	835.9	899.6	951.4	939.6
Alifuglaafurðir	709.5	744.8	919.1	1043.5	1041.5	1041	909.5
Garða- og gróðurh.	869	1075.9	1303.5	1485.4	1708.6	1679.1	1657.7
Hlunnindi	170	170	307.4	360	385.2	400	307.4
Veiðileiga*	195	283.5	337.6	392	425.5	445.4	439.3
Ferðaþjónusta**		58.9	83	99.6	256.9	245	281.7
Loðdýraafurðir	185.9	176.9	221.5	172.7	210.1	232.6	414.6
Kanínuafurðir	7.5	9.1	9.2	10.6	7.8	7	7
Silungur*	53	68	23.4	42	175	150	163.5
Fiskeldi, annað*	467	215.5	314.2	350	250.5	295.4	1305
Samtals	10609.7	11676.25	14052.4	15677.6	17079	16871.3	17779.8
Vísitala framfærslukostnaðar	440498.5	552634.3	669127.5	768405.7	820625.5	851521.5	886433.8
Vístala afurðaverðmætis	100.0	110.1	132.4	147.8	161.0	159.0	167.6
Vísitala framfærsluk.	100.0	125.5	151.9	174.4	186.3	193.3	201.2

* Samkvæmt verðmætaáætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

** Eingöngu gisting til 1991 en veitingar síðan meðtaldar.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um yfir rekstur kúabúa samkvæmt niðurstöðum búreikninga.

	1991	*1992*	*1993*
Tekjur af nautgripum	5903	5479	5236
Tekjur alls	6380	5999	5718
Breytilegur kostnaður	2604	2347	2304
Framlegð	3776	3652	3414
Fastur kostnaður	1312	1213	1213
Afskriftir	867	871	808
Vaxtakostnaður	482	422	368
Aðrar tekjur	394	364	500
Launagreiðslugeta	1509	1509	1525
Eignir alls	11821	11332	10730
Skammtímaskuldir	1889	1803	2123
Langtímaskuldir	2938	3231	2971
Tekjur utan bús	209	207	315
Höfuðstóll	6544	5875	5513
Hlutfall eigin fjár	0,55	0,52	0,51
Fjöldi	117	117	117

Fylgiskjal III.

Vísitala framfærslukostnaðar eftir eðli og uppruna 1992–94.

	1991				1992				1993				1994		
	Feb.	Maí	Ág.	Nóv.	Feb.	Maí	Ág.	Nóv.	Feb.	Maí	Ág.	Nóv.	Feb.	Maí	Ág.
1. Búvörur háðar verðlags-grundvelli	138,7	140,5	142,4	144,8	146,8	147,0	147,3	145,9	145,1	144,5	137,3	141,5	141,4	137,6	138,0
2. Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur	140,8	141,5	144,8	144,7	144,3	144,3	145,3	146,6	150,0	150,0	149,7	152,1	145,0	141,8	143,3
3. Innfluttar mat- og drykkjarvörur	155,1	155,9	157,6	153,8	149,2	147,7	145,7	145,1	152,8	153,2	159,9	172,4	161,5	163,6	161,3
4. Innlendar vörur, aðrar en í 1. og 2.	155,2	157,2	158,6	162,5	163,1	163,9	164,6	165,6	165,9	167,3	177,5	180,9	177,8	176,6	178,6
5. Innfluttar vörur, nýr bíll, bensín og varahlutir	168,5	170,8	178,4	180,7	177,2	179,1	182,6	180,8	198,0	202,9	215,3	213,0	212,1	216,7	217,5
6. Innfluttar vörur, aðrar en í 3. og 5.	157,8	159,6	161,2	164,2	164,6	164,8	165,0	165,6	166,6	166,6	169,3	170,9	171,7	171,0	170,9
7. Áfengi og tóbak	151,9	151,9	155,4	161,4	165,8	165,8	165,8	168,4	175,0	175,0	175,0	179,9	179,9	182,2	182,2
8. Húsnæðiskostnaður	134,6	138,2	149,9	152,9	150,9	145,9	145,2	144,3	145,1	145,5	146,6	146,1	144,0	146,3	146,1
9. Vörur og þjónusta háð opinberum verð-ákvörðunum	144,1	144,3	148,1	153,9	160,3	160,3	163,1	164,3	173,1	174,8	177,9	179,6	183,0	182,7	182,7
10. Önnur þjónusta	153,0	159,9	163,1	166,8	168,0	170,0	171,7	171,1	172,5	174,0	176,7	177,8	178,0	178,4	180,1
Samtals	**150,0**	**152,8**	**157,2**	**160,0**	**160,4**	**160,5**	**161,4**	**164,1**	**165,3**	**166,3**	**169,2**	**170,8**	**169,5**	**169,9**	**170,5**
Þar af:															
Innlendar vörur alls (liðir 1, 2 og 4)	143,7	145,0	147,5	149,1	149,7	150,0	150,7	151,1	152,7	152,8	152,8	156,0	151,7	148,7	150,0
Innfluttar vörur alls (liðir 3, 5, 6 og 7)	160,3	161,9	165,6	168,1	167,2	167,8	168,8	168,8	176,1	177,7	183,5	185,5	184,4	185,9	185,9

Fylgiskjal IV.

Framlög ríkissjóðs vegna búvörusamninga (milljónir króna).

	1987	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*
Framleiðnisjóður landb.	272	429	490	592	666	340	250
Sauðfjárveikivarnir [1]	52	277	420	321	326	193	112
Uppkaup á fullvirðisrétti	0	0	0	0	1.213	667	208
Útflutningsbætur o.fl.	710	858	1.885	1.153	1.573	1.129	229
Lífeyrissjóður bænda [2]	260	230	375	408	397	419	313
Niðurgreiðslur	1.465	3.622	4.072	5.097	4.903	4.353	860
Beinar greiðslur til bænda	0	0	0	0	0	1.764	3.895
Samtals	2.758	5.416	7.243	7.570	9.079	8.865	5.868
Á föstu verðlagi [3]	5.647	8.844	9.764	8.887	9.979	9.393	5.972

1) Bætur fyrir fé sem skorið er niður vegna riðu.
2) Framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins meðtalið.
3) Fast verðlag í nóvember 1993 miðað við framfærsluvísitölu.

Fylgiskjal V.

Fjöldi búpenings í landinu árin 1972–92.

	Nautgripir		*Sauðfé*									
Ár	*Alls*	*Kýr*	*Alls*	*Ær*	*Hross*	*Geitfé*	*Svín*	*Varp-hænur*	*Holda-fuglar*	*Minkar*	*Refir*	*Kan-ínur*
1972	65280	36580	828589	672106	39209	238	tölur	200067		11230		
1973	67338	36975	845796	689329	41918	266	ekki	229394		12055		
1974	66530	37087	863638	708703	44330	284	til	234389	Taldir	10050		
1975	61780	36312	860376	613704	46925	222		210348	með	12350		
1976	60783	36511	870848	717206	48205	275	1013	296252	öðrum	11960		
1977	62677	36859	896192	733232	49528	300	1177	296252	fuglum	900		
1978	62789	36326	890807	744338	51019	292	1392	369024		8760		
1979	67172	33748	796755	696131	50067	232	1435	393974		8600		
1980	59933	33577	827927	684589	52346	220	1552	310724		8080	280	
1981	60366	32769	794644	667544	52999	222	1494	270695	144721	8275	838	
1982	64435	32845	747701	625828	53650	242	1923	292621	119136	6690	2043	230
1983	68540	33189	711936	594469	52056	212	2203	294425	172311	7170	5154	494
1984	72665	342230	712900	582993	52245	260	2287	302260	186745	5488	9840	729
1985	72889	35115	709257	573536	54132	280	2575	322600	358468	11490	18395	4010
1986	71383	33776	675065	553904	56406	262	2751	301663	258599	20492	21480	5667
1987	69030	32880	624087	510584	59319	264	3351	272730	146500	50423	21174	3943
1988	70824	32005	586887	484443	63531	288	3453	229733	185555	86645	9000	3259
1989	72789	31490	560920	461728	69238	323	3247	231997	183181	55973	7618	2179
1990	74889	32249	548599	445513	72030	332	3135	214975	291000	42000	4974	1814
1991	77681	31641	510782	414041	74067	359	3315	197123	233199	38617	5116	1570
1992	76034	30359	487312	390899	75171	318	3474	178954	71894*	29045*	5419	430

* Árið 1992 eru skráðir stofnungar og lífungar en holdakjúklingar eru ekki skráðir, skráður er heildarfjöldi anda, gæsa og kalkúna.

Fylgiskjal VI.

Aðlögun á grundvelli viðauka I í búvörusamningi.

Sérstök fullvirðisréttarskrá	**11.857.690,0**
1. maí – 31. ágúst 1991	
Keyptur virkur réttur	1.060.318,8
– leiguréttur	493.376,5
– riðuréttur	109.802,1
– réttur utan lögbýla	38.751,9
Fyrri niðurfærslu	
– virkur réttur	122.229,4
– óvirkur réttur	13.500,5
– Samtals	1.837.979,2
1. sept. – 31. ágúst 1992s	
Keyptur virkur réttur	210.240,4
– leiguréttur	8.688,8
– riðuréttur	30.501,4
Seinni niðurfærsla	1.570.072,5
Fellt niður utan lögbýla	1.261,3
Forkaupsréttur ríkissjóðs	3.813,0
Innlagður fullvirðisréttur	1.605,1
Samtals	1.826.182,5
Samtals 1. og 2. hluti aðlögunar	3.664.161,7
Fellt niður á ríkisjörðum	49.924,4
Samtals	3.705.292,3
Fullvirðisréttur að lokinni aðlögun, þ.e. verðlagsárið 1993–94	**8.143.603,9**

538. Tillaga til þingsályktunar [340. mál]

um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar skulu einnig ná til olíuskipa í siglingum milli hafna innan lands.

Enn fremur verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til þegar mengungarslys verða á sjó eða við strendur landsins.

Greinargerð.

Með lögum nr. 14/1979 var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Þeir samningar mæla annars vegar fyrir um íhlutun strandríkis á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun og hins vegar um ábyrgð á tjóni af völdum olíumengunar. Þá eru einnig í gildi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Framangreind lög og samningar veita strandríkjum þó ekki rétt til að gera neinar ráðstafanir er takmarkað geta umferð olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning um efnahagslögsögu þeirra.

Með hliðsjón af undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga og megintekjum af erlendum viðskiptum, sem m.a. byggjast á einstökum ómenguðum náttúruauðlindum hafsins umhverfis Íslands, er um brýnt mál að ræða. Alvarleg mengunarslys hér á landi hafa sem betur fer ekki átt sér stað. Full ástæða er þó til ýtrustu varkárni í því efni, sbr. strand danska flutningaskipsins Erik Boye í júlí 1992 og flutningaskipsins Carvik frá Kípur í september 1994 hér við land. Rétt er að rekja málsatvik í þessum tilfellum aðeins nánar.

Strand flutningaskipsins Erik Boye í júlí 1992.

Danska flutningaskipið Erik Boye strandaði á skeri í höfninni á Breiðdalsvík að kvöldi 28. júlí 1992. Skipið var að fara frá bryggju þegar óhappið varð, en það hafði losað hluta af saltfarmi á staðnum. Enginn hafnsögumaður var um borð í skipinu. Morguninn eftir strandið kom varðskipið Óðinn á staðinn og einnig tveir starfsmenn mengunardeildar Siglingamálastofnunar. Þegar var hafist handa við að reyna að dæla sjó úr skipinu, en þá hafði afturskipið (vélarrúm og íbúðir) fyllst af sjó. Einnig var flotgirðing sett utan um skipið til að hindra frekari mengun, en gat var komið á einn olíutank þess. Ekki tókst að dæla sjó úr skipinu til að losa það. Var þá gripið til þess að dæla allri olíu úr skipinu, tæplega 50.000 lítrum. Síðan var varðskipinu lagt utan á Erik Boye og saltfarmurinn, sem var um 870 tonn, hífður um borð í varðskipið og fluttur með tveimur minni bátum í land á Breiðdalsvík. Þannig tókst að losa skipið af strandstað og koma því að bryggju á Breiðdalsvík. Með þessum aðgerðum tókst að koma í veg fyrir stórfellda mengun og skemmd á lífríki Breiðdalsvíkur. En þar er nokkurt æðarvarp og einnig laxveiðiá.

Strand flutningaskipsins Carvik í september 1994.

Fimmtudaginn 22. september sl. steytti flutningaskipið Carvik frá Kípur, sem er 16.200 tonn, á skeri rétt fyrir utan Hafnarfjarðarhöfn. Þegar skipið losnaði varð vart olíubrákar á sjónum og var þá ákveðið að stefna því til hafnar á Grundartanga í Hvalfirði til að kanna skemmdirnar, en þangað var ferð skipsins heitið á vegum Elkem til að lesta sjö þúsund tonn af málmblendi sem fara áttu til Japan. Starfsmenn Siglingamálastofnunar og Reykjavíkurhafnar komu með mengunarvarnabúnað til Grundartanga um kvöldið, en skipið lagðist að bryggju þar um kl. 21.30. Einskis olíuleka varð þá vart.

Síðar kom í ljós að skemmdir á skipinu reyndust meiri en talið var í fyrstu. Í ljós komu fimm göt á skrokknum og eitt sem var á olíutanki sýnu stærst. Aðeins um 5 tonn af olíu virtust þó hafa lekið úr skipinu og má þakka köldum sjónum á þessum árstíma að ekki lak meira út. Þrátt fyrir að ekki færi meira magn af olíu í sjóinn þurfti að hreinsa á annað hundrað tonn af olíumenguðum þara úr fjörunni í Bakkavík á Seltjarnarnesi. Mikið af æðarfugli drapst af þessum sökum.

Skipið lét úr höfn og hélt utan 28. september eftir að samkomulag hafði náðst við hafnsögubátinn í Hafnarfirði um rösklega 2 millj. kr. greiðslu og eigendur og tryggingafélag skipsins höfðu sett 10 millj. kr. tryggingu vegna tjóns sem olíulekinn olli, en auk hafnsögubátsins höfðu Siglingamálastofnun, Reykjavíkurhöfn, Seltjarnarnesbær og Húsdýragarðurinn lagt fram bótakröfur.

Í sjóprófum vegna slyssins kom fram að skipið kom að landi nokkru fyrr en áætlað var. Skipstjórinn hafði reynt að ná sambandi við hafnsögubátinn til að láta um vita um breyttan komutíma, en náði ekki sambandi. Skipið hafði síðan stöðvað við bauju þar sem gert var ráð fyrir að hafnsögumaður kæmist um borð. Haugasjór var þennan dag, um átta vindstig, og skipið hraktist því innar og tók að lokum niðri. Skipinu tókst svo að komast af strandstað fyrir eigin vélarafli á næsta flóði.

Olíuslysið við Hjaltland í janúar 1993.

Vart er þörf að minna á þá alvarlegu hættu sem mengunarslys á sjó geta haft í för með sér en til að gefa nokkra hugmynd um það skal minnt á mengunarslys sem varð við Hjaltland í janúar 1993. Í ritinu Náttúrufræðingurinn, sem gefið er út af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, birtist eftirfarandi grein eftir þá Davíð Egilsson hjá Siglingamálastofnun ríkisins og Ævar Petersen hjá Náttúrufræðistofnun Íslands um áhrif og afleiðingar strands olíuskipsins Braer:

„Olíuflutningaskipið Braer strandaði nærri syðsta odda Hjaltlands þriðjudaginn 5. janúar 1993. Skipið var á leið frá Noregi til Kanada með olíufarm úr Norðursjónum og um 85.000 tonn af jarðolíu fóru í sjóinn. Atburðarásin er rakin í eftirfarandi grein og leitast er við að svara nokkrum spurningum sem óhjákvæmilega vakna við óhöpp sem þetta.

HJALTLAND

Um 200 km norður af Skotlandi liggur eyjaklasinn Hjaltland. Eyjarnar eru um 100 talsins og eru tæplega 20 þeirra byggðar. Þær eru láglendar, ströndin vogskorin og klettótt. Flatarmál eyjanna er rúmlega 1.400 km^2 og íbúarnir um 22.500. Stærstu eyjarnar eru Mainland, sem er þeirra langstærst, Yell og Unst. Stjórnsetur er í Leirvík á Mainland.

Atvinnuvegir.

Um þriðjungur íbúanna hefur lífsviðurværi af sjávarfangi, þ.e. fiskeldi, fiskveiðum og skelfiskveiðum. Aðrir helstu atvinnuvegir Hjaltlendinga eru sauðfjárrækt og hrossarækt (Hjaltlandshestur). Þá gegna eyjarnar mikilvægu hlutverki í þjónustu við bresku olíuvinnslusvæðin í Norðursjó og olíuleiðslur liggja þar á land.

Lífríki.

Umhverfis eyjarnar eru gjöful fiskimið og veiðist þar einkum þorskur, síld og makríll auk ýmissa tegunda af skelfiski. Mikilvægar hrygningarstöðvar síldar eru á milli Hjaltlands og Orkneyja. Á þessum slóðum hrygnir síldin í ágúst og september og þaðan rekur lirfur og seiði fram hjá suðurodda Hjaltlands og inn í Norðursjó (Norðursjávarstofn sem skiptist í þrjá undirstofna).

Á Hjaltlandi eru mörg mikilvæg náttúruverndarsvæði og eru sum þeirra friðlýst en önnur ekki. Þrettán þeirra hafa verið skilgreind sem alþjóðlega mikilvæg fyrir fuglalíf. Tvö þessara verndarsvæða, Sumburgh Head og Loch Spiggie, eru syðst á eyjunum, skammt frá þar sem Braer strandaði í janúar 1993. Á fyrrnefnda staðnum verpa ekki færri en 25 þúsund sjófuglapör, mest langvíur og lundar, en Loch Spiggie er vetrardvalarstaður álfta. Á sundinu milli Hjaltlands og Orkneyja er einnig eyjan Fair Isle, en þar hefur verið rekin ein kunnasta fuglarannsóknastöð í heimi síðan 1948.

Sem varpstöð fugla er Hjaltland þýðingarmest fyrir sjófugla. Rannsóknir sjófuglafræðinga sýna að umhverfi eyjanna er viðkvæmt á öllum tímum árs vegna þeirrar fuglamergðar sem þar er að finna. Eyjarnar eru einnig eindæma vel staðsettar í leið farfugla frá norðlægari slóðum, bæði vestan hafs og austan. Fair Isle er mjög vel þekkt fyrir margs konar flækingsfugla sem þar hafa sést.

Íslenskir farfuglar koma við á þessum eyjum, t.d. skógarþrestir, álftir, þúfutittlingar, maríuerlur og grágæsir. Olíuslysin eru þó hættulegust sjófuglum. Á þessum slóðum dvelja norrænir sjófuglar, bæði um fartíma og yfir vetrarmánuðina auk heimafuglanna. Mest ber á færeyskum fuglum, svo sem langvíum og lundum, en einnig koma þangað fuglar frá Íslandi og Noregi. Íslenskar álkur halda sig eitthvað á þessu hafsvæði, svo og súlur. Talið er að hávellur frá Íslandi hafi þarna vetursetu en flórgoði og himbrimi eru viðkvæmastir af þeim fuglum okkar sem gætu dvalist á þessum slóðum. Íslenska flórgoðastofninum hefur stöðugt hrakað, hvað sem veldur, og himbrimar eru fáir. Árið 1979, sama mánaðardag og Braer fórst, varð mikið olíuslys við Sullom Voe á Hjaltlandi þar sem tugþúsundir fugla fórust, þar af hátt á annað hundrað himbrima. Var talið að þessir fuglar væru íslenskir en hafi það verið rétt var um að ræða mikla blóðtöku fyrir íslenska stofninn sem varla telur fleiri en eitt þúsund fugla.

BRAER STRANDAR

Olíuflutningaskipið Braer strandaði nærri syðsta odda Hjaltlands er það var á leið frá Noregi til Kanada með olíufarm úr Norðursjó. Talið er að um 85.000 tonn af óhreinsaðri jarðolíu hafi verið um borð í skipinu. Þetta er tvöfalt meira magn en var um borð í olíuflutningaskipinu Exxon Valdez þegar það strandaði við Alaska 1989 og svipað magn og var í olíuflutningaskipinu Aegean Sea sem brotnaði í spón við La Coruna á Spánarströndum í desember 1992. Olíuskipið Braer var smíðað árið 1975, skráð í Líberíu en útgerðin er bandarísk.

Þegar Braer var statt um 10 sjómílur suður af syðsta odda Hjaltlands stöðvuðust báðar aðalvélar skipsins. Þá var sunnan hvassviðri á þessum slóðum og afar slæmt veður. Áhöfninni, 34 mönnum, var bjargað í þyrlu en ekki tókst að bjarga skipinu, sem fimm klukkustundum síðar rak upp í Garthnesskletta við Quendaleflóa syðst á Hjaltlandi.

Sakir illviðra, og oft beinlínis fárviðris, var sáralítið unnt að gera til að koma í veg fyrir að olía bærist í sjóinn og upp á strendur. Svo fór á endanum, 12. janúar, að skipið nánast brotnaði í fjóra hluta í veðri sem fylgdi dýpstu lægð sem mælst hefur á þessum slóðum. Ekki tókst að bjarga neinu af olíunni úr tönkum skipsins.

Olía.

Kolvetni (e. hydrocarbons) kallast þau efni sem eingöngu innihalda kolefni (C) og vetni (H). Metangas, CH_4, er einfaldasta kolvetnið og er það loftkennt (gas) við venjuleg skilyrði. Eftir því sem sameindirnar stækka (fleiri kolefnis- og vetnisatóm) hækkar suðumarkið. Kolvetni sem innihalda 1–5 C-atóm í sameind eru gastegundir. Ef 6–20 C-atóm eru í sameind mynda þau olíur en lengri kolvetniskeðjur mynda tjöru og bik.

Olía í sjó.

Olía er blanda kolvetna og er blandan því flóknari sem olían er minna hreinsuð. Olía er nánast óleysanleg í vatni. Hún leysist ekki upp þegar hún er hrist kröftuglega saman við vatn heldur myndar hún sviflausn. Þegar kyrrð kemst á skilja vökvarnir sig aftur.

Margir þættir stjórna því hvernig olía berst um í vatni. Má þar nefna gerð olíunnar, sjávarföll og strauma, auk veðurlags, sem ákvarðar að hve miklu leyti olían blandast lóðrétt í sjónum. Þung jarðolía getur myndað yfirborðsþekju sem rekur að mestu undan veðri og vindum, en dýpri straumar hafa lítil áhrif á rekið. Þess konar olía getur þakið strendur og haft veruleg áhrif á fuglalíf og sjávarspendýr á strandsvæðum. Olían, sem Braer flutti, var frá Gullfakssvæðinu í Norðursjónum en hún er tiltölulega létt af jarðolíu að vera. Við veðuraðstæður eins og voru við Hjaltland eftir óhappið blandaðist þessi létta olía fljótt við sjóinn og barst að miklu leyti með sjávarföllum og straumum. Í slíkum tilfellum getur upphrærð olían fest við smáagnir sem eru á floti í sjónum, einkum þær sem gruggast upp við mikið öldurót er fylgir ofsaveðri.

Olíumengun.

Fljótlega eftir strandið tók olía að leka úr flakinu. Segja má að náttúran sjálf hafi tekið völdin af mönnum við Hjaltland þar sem óveður geisaði dögum saman eftir slysið og engum björgunaraðgerðum var við komið. Þegar loks dró úr veðurofsanum hafði mestur hluti olíunnar sundrast, blandast við sjóinn og botnsetið eða gufað upp. Vindar blésu einkum af suðvestri dagana eftir strandið og barst olían á yfirborði norður eftir allri vesturströndinni. Ólíkt því sem almennt var búist við barst hins vegar allnokkur hluti olíunnar suðaustur fyrir eyjarnar. Skýringin er talin vera sú að vegna veðurofsans, ásamt tilheyrandi ölduróti, hafði olían blandast mikið við sjóinn og hafði það í för með sér að hún barst meira með straumum sem liggja undir yfirborði en með yfirborðsstraumum og festist á upphrært set. Þegar setið settist til botns var það orðið allolíumengað. Með fyrirvörum um allmikil skekkjumörk er talið að um 30% af því magni sem var um borð í Braer liggi nú á sjávarbotni. Umtalsvert magn, sem ótvírætt er talið komið frá Braer, hefur fundist blandað í seti í allt að 50 km fjarlægð frá strandstaðnum.

ÁHRIF Á LÍFRÍKI

Það var í raun lán í óláni að óhappið varð snemma á árinu þegar líf er frekar í lágmarki. Á hinn bóginn hafa áhrifin trúlega orðið víðtækari og varanlegri en ella vegna þess hvað olían blandaðist mikið við sjóinn og botnsetið.

Mengunin í setinu er þó langmest næst strandstaðnum. Hið sama kemur einnig fram í skeldýrasýnum frá þessum slóðum. Fyrstu sýni úr holdi krabba gáfu til kynna verulega meiri olíu en vant er. Það sama á raunar við um flatfiska sem veiddir voru fyrstu dagana eftir óhappið. Eins fannst ótvírætt olíubragð af þeim fiskum sem voru hvað mengaðastir, bæði villtum og þeim sem voru í kvíum. Hins vegar virðist hafa dregið úr olíumengun í þeim eftir því sem frá leið.

Tæpum mánuði eftir slysið höfðu fundist um 1.500 olíumengaðir fuglar og 30 spendýr. Langflestir fuglanna voru toppskarfar en einnig drápust margar teistur, hávellur, æðarfuglar og ritur. Alls fundust um 30 fuglategundir sem lent höfðu í olíu. Spendýrin voru flest útselir. Flestir telja að betur hafi farið en á horfðist, einkum varðandi himbrima. Toppskarfsstofninn galt samt afhroð, enda drapst allt að helmingur þeirra fugla sem verpa á þessum slóðum. Það sýnir að olíuslys geta haft uggvænlegar afleiðingar á takmörkuðu svæði þótt áhrif séu lítil fyrir stofna í heild.

Olíumengun á landi.

Talið er að um 40–50 km^2 lands hafi mengast í upphafi en um mánuði síðar töldu yfirvöld óhætt að leyfa aftur beit á 30–35 km^2 af bithögunum. Talið er að um 23.000 fjár, sem annars hefði verið í sínum venjulegu högum, hafi verið flutt til og fóðrað sérstaklega. Þessar ráðstafanir urðu nokkru viðameiri en ella vegna þess að komið var nærri sauðburði sem hefst í mars á Hjaltlandi. Að auki voru um 460 kýr og 100 hross fóðruð sérstaklega.

EFNAHAGSLEGT TJÓN

Íbúar Hjaltlands eru um 22.500 og lifir um þriðjungur þeirra af sjávarútvegi, þ.e. fiskeldi, fiskveiðum og skelfiskveiðum. Um 100 fiskiskip nýta miðin umhverfis eyjarnar og nema árlegar tekjur af veiðunum um 23,5 milljónum sterlingspunda. Við strendur Hjaltlands er talsvert fiskeldi, eða 55 stöðvar. Árlegar tekjur af fiskeldisafurðum eru um 35 milljónir sterlingspunda. Talið er að árlegar tekjur af sjávarfangi séu þrefalt meiri en samanlagðar tekjur af ferðamönnum, landbúnaði og ullariðnaði.

Slysið hefur haft veruleg áhrif á allt atvinnulíf Hjaltlendinga. Stórar verslunarkeðjur í Bretlandi lýstu því yfir fljótlega eftir óhappið að þær mundu ekki kaupa eldisfisk frá Hjaltlandi. Yfirvöld á eyjunum brugðust hart við og bönnuðu sölu afurða frá tilteknu svæði í grennd við slysstaðinn á almennum markaði til að koma í veg fyrir verðhrun. Á því svæði voru 18 fiskeldisstöðvar með árlegar tekjur upp á um 11 milljónir sterlingspunda. Um 600 manns starfa við fiskeldisstöðvarnar og af þeim um 100 á framangreindu bannsvæði. Tryggingafélög ákváðu í samvinnu við eigendur eldisstöðva að slátra hluta eldisfisksins strax.

Tjón fiskimanna er erfiðara að meta. Ljóst er að bæði fiskur og skelfiskur frá bannsvæðinu verður ekki seldur á næstunni. Verið er að meta hvernig greiða skuli bætur vegna tapaðra tekjumöguleika fiskimanna.

Tjón bænda hefur einnig orðið nokkurt. Verslunarkeðjur lýstu því yfir að þær mundu gaumgæfa hvort ull frá Hjaltlandi yrði notuð sem hráefni í framleiðslu. Eins og getið er hér að framan var talsvert af búpeningi flutt frá heiðbundnum högum og hann fóðraður sérstaklega. Hluti uppskerunnar mengaðist einnig.

AÐGERÐIR TIL MÓTVÆGIS

Þegar óhöpp af þessari stærðargráðu verða er fljótlega farið að ræða um hvernig draga megi úr hugsanlegum áhrifum þeirra. Slíkar aðgerðir eru oft nefndar mótvægisaðgerðir sem er heppilegra orð en björgunaraðgerðir, enda oft sáralitlu að bjarga. Hinn sýnilegi skaði er yfirleitt mestur þar sem olía berst á grunnsævi og strendur. Þess vegna er yfirleitt reynt að hefja aðgerðir áður en slíkt gerist.

Þriggja kosta er jafnan völ. Sá fyrsti er að gera ekki neitt, annar er að reyna að hefta útbreiðslu olíunnar með því að safna henni saman og fjarlægja og þriðji kosturinn er að blanda í hana efnum sem auðvelda eiga niðurbrot.

Hver aðferð hefur sína kosti og galla. Því miður hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að mótvægisaðgerðir geta á stundum gert meira ógagn en gagn. Því þarf að vanda val á aðgerðum og meta líkleg áhrif þeirra strax í upphafi. Það skiptir sköpum að þjóðir komi sér upp viðbúnaði og þjálfi fólk til að bregðast við óhöppum og hafi tiltækar viðbragðsáætlanir er taki til mismunandi aðstæðna.

Eins og áður er getið er olía í sinni einföldustu mynd samsafn keðja úr kolefnis- og vetnisatómum. Keðjurnar eru alla jafna langar og stórar um sig. Við náttúrulegar aðstæður loða þessar stóru keðjur vel saman sem veldur því að örverur, sem geta nýtt þær sem fæðu, komast illa að þeim. Olían brotnar því hægt niður við venjulegar kringumstæður. Sundrunarefni (dispersants) draga úr yfirborðsspennu milli vatns og olíu. Tilvist þeirra sundrar því olíunni í minni dropa. Olían dreifist um vatnið og við það eykst til muna það yfirborð olíunnar sem snertir vatnsfasann og þar með aðgangur örvera og súrefnis að olíunni. Þetta eykur hraða niðurbrots til muna, en jafnframt geta komið fram eitrunaráhrif sem fylgja niðurbroti olíunnar. Þessi áhrif geta orðið mun víðtækari en ella þar sem sundrunarefnin hafa valdið því að olían er dreifð um vatnið í stað þess að fljóta að mestu á yfirborði. Þess vegna eru mjög skiptar skoðanir um notkun sundrunarefnanna. Til að mynda hafa Englendingar notast mikið við þau, en aðrir, þar á meðal Norðmenn, hafa til þessa talið vænlegra að króa olíuna af og nota sérstakan búnað til að ná henni upp. Einkum er umdeilt að nota sundrunarefni nærri strandsvæðum þar sem olían með sundrunarefnunum binst botnseti og getur haft langvarandi áhrif á botndýralíf og borist þannig áfram í lífverur á strandsvæðunum. Þess ber þó að geta að á síðari árum hafa komið á markaðinn sundrunarefni sem hafa mun minni aukaverkanir en eldri efni (GESAMP 1993).

Um 120 tonnum af sundrunarefni var sprautað úr lofti á olíuslikjuna úr Braer meðan á fárviðrinu stóð (IPIECA 1993). Notkun var hætt vegna mótmæla eyjarskeggja.

SPURNINGAR SEM VAKNA

Óhjákvæmilega hafa margar spurningar vaknað við þennan atburð og má þar nefna:

1. Hvernig gátu báðar aðalvélar skipsins orðið afllausar samtímis?

Sumar heimildir nefna að vatn og mengunarefni hafi verið í brennsluolíu skipsins og þar hafi farið saman tækjabilun, hirðuleysi og mannleg mistök. Aðrir fullyrða að skipið hafi verið vel búið og vel mannað en vegna fárviðrisins hafi lok á öndunarrörum eldsneytistanka brotnað og sjór borist með þeim hætti í tankana.

2. Hvers vegna má skip sigla svo nærri landi með jafnhættulegan farm og raun ber vitni og hvernig er þessum málum háttað hér á landi?

Við Hjaltland eru ákveðin hafsvæði skilgreind sem viðkvæm og er þeim tilmælum beint til skipstjóra tankskipa að forðast þessi svæði. Þau eru hins vegar ekki mikil að flatarmáli og Braer var utan þeirra þegar slysið varð. Bresk yfirvöld brugðust við með því að kalla saman hagsmunaaðila er tengjast siglingum og ræða málin. Niðurstaðan var sú að þeir sem reka tankskip fallast á það sjálfviljugir að hlíta ströngum reglum í grennd við viðkvæm svæði á Bretlandseyjum. Þá var ljóst að inn í reglurnar kæmu ákvæði um viðbúnað til að auðvelda drátt á skipum.

Hér á landi hafa reglur um sérstakar siglingaleiðir fyrir tankskip ekki séð dagsins ljós, en væntanlega munu Íslendingar fara svipaða leið og Bretar.

3. Hvernig fer með bætur?

Þegar þetta er skrifað liggur ekki ljóst fyrir endanlegt tjón eða meðferð bóta. Ljóst er hins vegar að hér eiga við ákvæði í alþjóðasamningum um einkaréttarlega ábyrgð og sjóð til að bæta olíumengunaróhöpp. Þær kröfur um bætur, sem lágu fyrir sjóðnum og búið var að samþykkja í maí 1993, námu um 9.720.000 sterlingspundum, eða um einum milljarði íslenskra króna miðað við gengið í september 1993. Þá var eftir að taka afstöðu til um þriðjungs af fjölda fyrirliggjandi krafna.

Þar fyrir utan þykir líklegt að kostnaður breskra stjórnvalda vegna viðbragðsaðgerða sem sjóðurinn verður krafinn um greiðslu á verði af stærðargráðunni 2 milljónir sterlingspunda. Þetta er engan veginn endanleg tala en gefur hugmynd um þann gífurlega kostnað sem fylgir óhöppum af þessu tagi þrátt fyrir að veður hafi að miklu leyti komið í veg fyrir kostnaðarsamar hreinsiaðgerðir.

4. Hvernig er viðbúnaði háttað hér á landi?

Við eigum talsvert langt í land með að búnaður hér sé fullnægjandi, en benda má á að nokkur hreyfing hefur orðið í rétta átt á undanförnum árum. Meðal annars hefur umhverfisráðuneytið veitt fjármagn til að koma fyrir lágmarksbúnaði til varnar olíumengun í mörgum stærstu höfnum landsins.

Árlega eru flutt til Íslands u.þ.b. 584.000 tonn af olíu. Hún er yfirleitt flutt með olíuskipum með burðargetu um 20.000 tonn, en stærstu skipin bera um 30.000 tonn. Því koma 20–25 farmar til landsins á ári. Olían er að mestu unnin, þ.e. bensín, dísilolía, svartolía og flugvélabensín, og er almennt mun léttari en jarðolía sem flutt er í hreinsistöðvar. Þessi olía gufar mun hraðar upp en þung jarðolía en hrærist jafnframt betur upp í sjónum við mikinn öldugang. Sé tekið tillit til veðurfars og sjólags við Íslandsstrendur má álykta að áhrif óhapps á borð við Braerslysið gætu orðið svipuð hér og þar. Tölfræðilegar líkur á slíkum óhöppum eru að sönnu ekki miklar en við verðum að vera undir það búin að bregðast skjótt við því að til að milda áhrifin skipta fyrstu viðbrögð höfuðmáli."

Fjölmörg önnur mengunarslys mætti tiltaka, en með þeim dæmum, sem hér hafa verið nefnd, má ljóst vera að full ástæða er til að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar bæði hvað varðar aðgerðir til að koma í veg fyrir að slík óhöpp verði hér við land og þær varúðarráðstafanir sem grípa þarf til þegar slys hefur átt sér stað. Með hliðsjón af því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Eins og sjá má hér að framan er að mörgu að hyggja í þessum málum. Komið hefur í ljós að í flestum tilfellum þegar erlend skip hafa lent í óhöppum við Ísland hefur enginn hafnsögumaður verið um borð. Með skýrari reglum um tilkynningarskyldu hefði hugsanlega verið hægt að koma í veg fyrir mörg þeirra slysa.

Strand Eriks Boye reyndi á stjórnsýslu ríkisins. Þar komu að ýmis ráðuneyti og sýndist sitt hverjum um valdsvið hins. Í því máli kom vel í ljós vanmáttur íslensku stjórnsýslunnar hvað varðar „íhlutun", jafnvel innan íslensku landhelginnar.

Rétt er að hafa í huga þegar skýrar reglur um „íhlutun" verða settar í íslensk lög að framkvæmdarvaldið verði á hendi þeirrar stofnunar sem sér um löggæslu umhverfis landið, þ.e. Landhelgisgæslu Íslands.

Rökrétt er að mengunardeildin, sem nú er starfrækt af Siglingamálastofnun, verði staðsett innan Landhelgisgæslunnar því að þar eru tækin til eftirlits og framkvæmdar. Í dag er það yfirleitt fyrsta verk mengunardeildarinnar að hringja í Landhelgisgæsluna þegar mengunaróhöpp á sjó verða.

539. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað „282.264" í 1. mgr. A-liðar 68. gr. kemur: 301.248.
2. Við 7. gr.
   a. C-liður orðist svo: C-liður, með fyrirsögninni **Vaxtabætur**, orðast svo:
      Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum.
      Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé um hjón eða sambýlisfólk, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofni þeirra beggja. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur einstaklings skerðast hlutfallslega fari eignir hans skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 3.054.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Vaxtabætur hjóna eða sambýlisfólks skerðast með sama hætti fari samanlagðar eignir þeirra skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 5.062.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Jákvæður mismunur telst vera vaxtabætur. Vaxtabætur geta þó aldrei orðið hærri en 123.000 kr. fyrir hvern mann, 161.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 200.000 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. Vaxtabætur greiðast út eigi síðar en 1. september ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Vaxtabætur skv. 2. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda. Vaxtagjöld samkvæmt þessari málsgrein geta aldrei verið hærri en 438.000 kr. hjá einstaklingi, 575.000 kr. hjá einstæðu foreldri, en 712.000 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Til vaxtagjalda í þessu sambandi teljast:

1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 1., 2. og 4. tölul. 51. gr. að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Til vaxtagjalda sem verðbætur og gengistöp teljast í þessu sambandi aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.
2. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr. vegna annarra lána en um ræðir í 1. tölul., enda er einungis heimilt að telja þau með á næstu fjórum árum, talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota, sbr. 1. tölul. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum, talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Hvorki teljast til vaxtagjalda hjá seljanda áfallnar uppsafnaðar verðbætur af lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Ef annað hjóna, sem rétt eiga á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón væri að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

Réttur til vaxtabóta stofnast á því ári þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst.

Vaxtabætur skulu bundnar við eignarhald rétthafa á íbúðarhúsnæði. Selji rétthafi það húsnæði sem veitti rétt til vaxtabóta, án þess að hefja byggingu eða festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, falla bótagreiðslur til hans niður frá og með næsta ári á eftir söluári.

Vaxtabótum hjóna skal skipt til helminga á milli þeirra. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Vaxtabætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr., að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu álagi. Álag á of hátt ákvarðaðar bætur skal nema 25%. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Ákvæði 99. og 100. gr. gilda um kærurétt vegna vaxtabóta eftir því sem við á. Nánari reglur um vaxtabætur, þar á meðal um útborgun þeirra og skuldajöfnun á móti opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

b. D–h-liðir falli brott.

3. Á eftir ákvæði til bráðabirgða II komi nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 72. gr. skal tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, við álagningu á árinu 1995 á tekjur ársins 1994 vera 39% af tekjuskattsstofni, skv. 2. tölul. 62. gr.
4. Við ákvæði til bráðabirgða III (er verði IV).
   a. Í stað „2.700.000“ á þremur stöðum í ákvæðinu komi: 2.400.000.
   b. Í stað „5.400.000“ komi: 4.800.000.
   c. Í stað hlutfallstölunnar „5“ komi: 8.

Greinargerð.

Alþýðubandalagið hefur á undanförnum árum gert lífskjarajöfnun að einu helsta baráttumáli sínu. Tekjujafnandi aðgerðir í skattamálum leika þar stórt hlutverk og hefur Alþýðubandalagið í samræmi við það mótað stefnu í skattamálum sem hefur í för með sér mikla tekjujöfnun, samhliða tekjuöflun til að styrkja undirstöður velferðarkerfisins og efla atvinnulíf.

Síðastliðinn vetur flutti fulltrúi Alþýðubandalagsins í efnahags- og viðskiptanefnd ítarlegar breytingartillögur við skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar og vísast til þeirra og ítarlegs nefndarálits, sbr. þskj. 411, 412 og 482. Á aðalfundi miðstjórnar Alþýðubandalagsins í Keflavík í nóvember sl. voru samþykktar tillögur um jafnrétti í skattamálum sem fela í sér 5–7 milljarða kr. tilflutning í skattkerfinu frá fjármagnseigendum, hátekjufólki og gróðafyrirtækjum til lágtekjufólks og fólks með allt að meðaltekjum, barnafjölskyldna og húsbyggjenda.

Í samræmi við þessa stefnu flytur Alþýðubandalagið nú nokkrar breytingartillögur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og tekjujöfnunar um leið. Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til hækkun skattleysismarka í 60.000 kr. á mánuði þegar um komandi áramót. Þetta er liður í stefnu Alþýðubandalagsins um að hækka skattleysismörkin í áföngum. Þessi breyting kostar að öllum líkindum um 1.200 millj. kr. í tekjutap umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir.
2. Breytt er ákvæðum laganna um vaxtabætur þannig að horfið er frá þeirri 400 millj. kr. skerðingu sem varð á vaxtabótum í ráðherratíð Jóhönnu Sigurðardóttur og kom til framkvæmda á þessu ári. Ákvæðin eru færð til fyrra horfs og fjárhæðir uppreiknaðar. Framangreind skerðing vaxtabótanna kom á sínum tíma algerlega í bakið á fólki með húsnæðisskuldbindingar og var þvert á gefin loforð. Það er því sérstakt réttlætismál að þessi skerðing gangi til baka. Kostnaður ríkissjóðs vegna þessara breytinga er áætlaður um 400 millj. kr.
3. Lagt er til að tekjuskattur fyrirtækja verði 39% í stað þeirra 33% sem í gildi eru, en tekjuskattsprósenta af nettóhagnaði fyrirtækja hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar fallið úr 45 í 33 af hundraði í tveimur áföngum. Þettur hefur gerst á sama tíma og skattprósenta almenns launafólks hefur hækkað í tæp 42% og þrátt fyrir að aðstöðugjaldi upp á 4.000 millj. kr. hafi verið létt af fyrirtækjunum. Þá er rétt að minna á að samkvæmt þessu frumvarpi er einnig verið að taka upp sérstakar flýtifyrningar vegna nýrra fjárfestinga fyrirtækja. Það er því enn síður en ella ástæða til að vorkenna fyrirtækjunum að borga svipaða prósentu af hagnaði og launamenn gera af sínum tekjum. Áætl-

að er að þessi breyting auki tekjur ríkissjóðs um 700–800 millj. kr.

4. Lagt er til að sérstakt álag á tekjuskatt miðist áfram við sömu tekjumörk og áður, þ.e. 200.000 kr. hjá einstaklingum og 400.000 kr. hjá hjónum, en verði ekki þynnt út eins og tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir. Þá er lagt til að álagið verði 8% í stað 5%. Þannig á lagður gæfi hátekjuskatturinn um 650 millj. kr. eða 350 millj. kr. umfram það sem tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir.

Þessar breytingartillögur gera því í heild sinni ráð fyrir útgjöldum eða tekjutapi ríkissjóðs upp á 1.600 millj. kr., en tekjuöflun upp á 1.050–1.150 millj. kr.

540. Fyrirspurn [341. mál]

til fjármálaráðherra um tollstofn hjá OECD-löndum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað myndar tollstofn við innflutning hjá OECD-löndum, hverju fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Við innflutning til Íslands er m.a. lagður tollur á frakt, tryggingu, pökkun. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig aðrar þjóðir innan OECD haga tollun vara við innflutning.

541. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem verið hefur til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd, var lagt fram á Alþingi fjórum dögum áður en áætlað var að Alþingi lyki störfum fyrir jólahlé. Þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru óþolandi. Þau eru vanvirða við störf Alþingis. Frumvarpið var illa undirbúið og sumt í því vanhugsað og hefði því þurft mun ítarlegri umfjöllun í nefndinni en það hefur fengið. Undirritaðir nefndarmenn lýsa því allri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarflokkunum um framkvæmd þeirra ákvæða sem eru í þessu frumvarpi.

Þær breytingar, sem lagðar eru til í skattafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, byggjast á yfirlýsingu hennar frá 10. desember sl. um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun, yfirlýsingu sem felur í sér endurtekningu á áður gefnum loforðum sem svikin hafa verið, fyrirheit um að lögfesta hluti sem ríkisstjórnin ætlar ekki að bera ábyrgð á og aðgerðir sem hafa kjarajöfnun sem yfirskrift en fela í raun í sér mis-

munun. Hvað eftir annað hefur ríkisstjórnin í tengslum við kjarasamninga og við endurskoðun þeirra gefið út yfirlýsingar og fyrirheit um að auka verklegar framkvæmdir til að draga úr atvinnuleysi.

Minni hlutinn telur rétt að gera stuttlega grein fyrir hve innihaldslausar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hafa verið og þau fyrirheit, sem í þeim hafa verið gefin, hafa reynst marklaus. Einnig er gerð grein fyrir efnisákvæðum yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 10. desember sl. sem ekki snerta beint skattafrumvarpið sjálft.

Í tengslum við kjarasamninga í maí 1993 voru gefin fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar um að verja 2.000 millj. kr. til verklegra framkvæmda. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram hafa komið frá Alþýðusambandi Íslands, vantar enn um 700 millj. kr. til þess að staðið hafi verið við þau fyrirheit er þá voru gefin. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 10. desember sl. er sennilega sú fjórða þar sem kynnt eru sérstök áform í vegamálum. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga fyrr á þessu ári gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu þar sem sérstök áhersla var lögð á samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Þær yfirlýsingar, sem síðan komu í kjölfarið, hafa byggst á vandræðagangi og úrræðaleysi hvað snertir fjármögnun framkvæmdanna. Forsætisráðherra lagði til að skattheimtan yrði aukin með hækkun bensíngjalds. Því mótmæltu aðilar vinnumarkaðarins, forsætisráðherra dró því í land, en þvert ofan í yfirlýsingar hans var bensíngjaldið hækkað 1. desember sl.

Vorið 1993 lýsti ríkisstjórnin því yfir í tengslum við kjarasamninga að skattur yrði lagður á fjármagnstekjur frá 1. janúar 1994 og miðað yrði við 10% skatt á nafnvexti sem innheimtur yrði í staðgreiðslu. Ekkert af þessum áformum hefur komið til framkvæmda. Nú kemur enn ein yfirlýsingin frá ríkisstjórninni um að setja eigi málið í nefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkanna. Slík yfirlýsing er gefin án þess að ræða a.m.k. við stjórnarandstöðuflokkana um skipun slíkrar nefndar. Það sem er alvarlegast er að málinu er frestað fram til ársins 1996, eftir að ríkisstjórnin hefur farið frá völdum og ætlar ekki að bera neina ábyrgð á framkvæmd málsins.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. desember sl. er sérstaklega fjallað um hækkun persónuafsláttar um áramót og aftur um mitt ár 1995. Í yfirlýsingunni er sagt að hækkunin jafngildi 2.150 kr. hækkun skattleysismarka einstaklings eða úr 57.228 kr. í rúmlega 59.300 kr. Hér er um hreinar blekkingar að ræða. Þær koma best fram í því að væri um 2.150 kr. raunhækkun skattleysismarka að ræða þýddi það útgjöld fyrir ríkissjóð á bilinu 1.500–1.700 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins breytir þessi hækkun hins vegar litlu um forsendur fjárlaga. Útgjöldin gætu aukist um 200–300 millj. kr. Af því má ráða hvaða blekkingarleikur er hér á ferðinni. Langstærsti hluti þessarar 2.150 kr. hækkunar skattleysismarka er tilkominn með verðuppfærslu persónuafsláttarins um áramót sem var í upphafi gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1995. Samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt hækkar persónuafslátturinn á miðju ári samkvæmt þeim breytingum sem verða á lánskjaravísitölunni á fyrri hluta ársins. Það er því ekki hægt að reikna með kaupmáttaraukningu vegna þessarar hækkunar á persónuafslættinum.

Varðandi þau atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. desember sl. er snúa að greiðsluvanda heimilanna vegna húsnæðislána og lækkun húshitunarkostnaðar er þar fyrst og fremst um fögur orð á blaði að ræða. Þar eru engar tillögur um framkvæmd og ekkert fjármagn til að standa undir kostnaðinum. Það er því áhyggjuefni allra þeirra sem vilja eða þurfa að treysta á yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og ekki síst aðila vinnumarkaðarins hversu lítið er á þeim yfirlýsingum byggjandi.

Þær aðgerðir, sem ríkisstjórnin hélt að væru til kjarajöfnunar og fram komu í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. desember sl. og þau efnisatriði sem eru í frumvarpinu, fela ekki í sér kjarajöfnun heldur gríðarlega mismunun. Samkvæmt upplýsingum frá hagdeild Alþýðusambands Íslands felast í þessum skattkerfisbreytingum hækkun persónuafsláttar um 500 kr. um áramótin, hækkun viðmiðunarteknamarka í hátekjuskatti, og hann framlengdur um eitt ár, og afnám hærra skattþreps í eignarskatti. Það er vandséð að mati hagdeildar Alþýðusambands Íslands með hvaða hætti þessi skattkerfisbreyting á að uppfylla þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér með þessum aðgerðum. Þannig hafa þessar tillögur engin áhrif á afkomu þeirra sem eru allra tekjulægstir og eignaminnstir. Hækkun persónuafsláttar um 500 kr. bætir ekki afkomu þeirra sem eru undir skattleysismörkum. Hins vegar lækkar skattbyrði með hækkandi tekjum og meiri eignum. Þannig fá einstaklingar með 250 þús. kr. tekjur á mánuði um 1.750 kr. lækkun á sköttum á mánuði og ef þeir eiga 15 millj. kr. skuldlausa eign yrði skattalækkunin tæplega 4.900 kr. á mánuði. Gagnvart hjónum með 500 þús. kr. tekjur á mánuði eru þessar fjárhæðir tvöfaldaðar eða úr 3.500 kr. í tæplega 9.800 kr. á mánuði. Mælt sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, þ.e. eftir skatt, vegur þessi skattalækkun 3% á mánuði á móti 0% hjá þeim tekjulægstu. Því má segja að skattalækkunin nái sérstaklega til stóreignafólks með venjulegar tekjur og ekki er með nokkru móti hægt að tengja það hugtakinu kjarajöfnun að mati hagdeildar Alþýðusambands Íslands. Til nánari skýringar á þessu vísast til greinargerðar Alþýðusambands Íslands um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. desember 1994 sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Minni hlutinn gerir hér á eftir grein fyrir afstöðu sinni til nokkurra þeirra mikilvægu atriða er fram koma í frumvarpinu.

1. Afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna.

Þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp árið 1988 voru allir frádráttarliðir sem giltu í eldra tekjuskattskerfi felldir niður, þar á meðal iðgjaldagreiðslur launafólks í lífeyrissjóð. Reynt var að áætla fyrir þessum breytingum í persónuafslættinum. Persónuafslátturinn hefur síðan ekki haldið verðgildi sínu. Því hefur verið litið svo á að iðgjaldagreiðslur launafólks í lífeyrissjóði séu tvískattaðar, þ.e. 4%, þegar greitt er í lífeyrissjóðinn og aftur þegar lífeyririnn kemur til útgreiðslu. Það er því hægt að taka undir með þeim sem fullyrða að í þessu felist óréttlæti og jafnframt sé hætta á að það dragi úr áhuga launafólks á að spara til elliáranna. Í flestum löndum í kringum okkur er heimilaður frádráttur frá skatti vegna iðgjaldagreiðslu í lífeyrissjóð þar sem litið er á það sem hvata fyrir launamenn til að greiða í lífeyrissjóði, jafnframt því sem það eykur sparnað í þjóðfélaginu, lækkar vexti og eykur fjárfestingu. Um leið er nokkuð ljóst að dregið yrði úr útgjöldum ríkissjóðs vegna lægri greiðslna úr lífeyristryggingakerfi almannatrygginga þegar fram liðu stundir.

Tvær leiðir eru til til að nálgast þetta tvísköttunarvandamál sem nú virðist blasa við, annars vegar iðgjaldaleiðin og hins vegar lífeyrisleiðin. Með iðgjaldaleiðinni er gert ráð fyrir að 4% hluti launamannsins í lífeyrisgreiðslunni í lífeyrissjóð yrði undanþeginn skatti. Ljóst er að ef sú leið yrði farin þýddi það verulegt tekjutap strax í upphafi fyrir ríkissjóð, en hún kæmi réttlátlega niður og mundi ekki mismuna mönnum eftir aldri, þjóðfélagsstöðu og lífeyrissjóðum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar valið að fara lífeyrisleiðina, að heimila flatan 15% frádrátt gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum. Með þessari aðferð er gengið út frá því sem gefnu að framlag atvinnurekenda og vaxtatekjur séu ekki skattlagðar með tekjuskatti og hinu að hlutfallslegt vægi framlags launafólks milli mis-

munandi tegunda lífeyrissjóða yrði það sama. Ef miðað er við að þessar forsendur standist og jafnframt að lífeyrisþegar hafi öðlast full réttindi í lífeyrissjóðum, sem ekki verður fyrr en árið 2015, yrðu útgjaldaáhrif ríkissjóðs vegna þessara tveggja leiða nokkuð áþekk. Það er hins vegar alveg ljóst að sú leið, sem ríkisstjórnin velur að fara, mun í fyrstu valda mun minni útgjöldum ríkissjóðs. Þessi munur mun hins vegar minnka með hverju árinu sem líður fram til ársins 2015. Ríkisstjórnin er því að hlaupast frá vandanum og ætlar að lögfesta hluti sem hún ætlar síðan enga ábyrgð að bera á og senda þannig reikninginn sem af þessu hlýst til komandi kynslóða.

Fram kemur í greinargerð Alþýðusambands Íslands að full ástæða sé til þess að staldra aðeins við þá forsendu að hlutfallslegt vægi framlags launafólks til mismunandi tegunda lífeyrissjóða sé það sama. Í greinargerðinni segir að í grundvallaratriðum sé um þrjár tegundir lífeyrissjóða í landinu að ræða, almenna lífeyrissjóði, lífeyrissjóði með ábyrgð launagreiðenda og frjálsa lífeyrissjóði. Í töflu, sem fylgir greinargerð Alþýðusambandsins (sjá fylgiskjal), hefur verið stillt upp yfirliti yfir tekjustreymi tveggja fyrrgreindu tegundanna miðað við hlutfall tekna af launum viðkomandi og í lokin vægi framlags launamanns og endanlega greidds lífeyris. Vægi framlags launafólks í greiðslum úr lífeyrissjóðum er frá 17,4% á almenna markaðinum til um 4% í Lífeyrissjóði ráðherra og tæplega 7% í Lífeyrissjóði alþingismanna. Því mun þessi útfærsla ríkisstjórnarinnar á afnámi tvísköttunar færa þeim sem þegar búa við mun betri lífeyriskjör en þorri almennings nýtur það til viðbótar að fá þennan skattafslátt.

Að mati Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Sambands almennra lífeyrissjóða, sem kom til fundar við nefndina, er sú leið, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara, röng og í raun stórhættuleg þar sem hún mismunar launamönnum. Hann leggur þess vegna til að iðgjaldaleiðin verði farin í áföngum þannig að eftir því sem árin líða aukist hlutfallslegt vægi iðgjaldahlutans sem heimilt sé að draga frá skatti.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að þeir sem hafa heimild til að draga 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðunum frá tekjum sínum verði að vera orðnir 70 ára. Þetta leiðir til mikillar mismununar. Allflestir hafa heimild til töku lífeyris 67 ára. Þeir geta ekki nýtt sér þetta fyrstu þrjú árin. Sjómenn hafa heimild til töku lífeyris 65 ára. Þeir geta ekki nýtt sér þetta fyrstu fimm árin. Öryrkjar, sem hafa greitt í lífeyrissjóð áður en þeir urðu öryrkjar, geta aldrei nýtt sér þessa heimild, fyrir utan það að þeir sem eru betur launaðir í fyrirtækjunum hafa aðstæður til að gera sérsamninga við sína vinnuveitendur og hafa gert og munu í ríkara mæli ganga þannig frá sínum samningum að fyrirtækin greiði lífeyrissjóðsframlag í séreignarsjóð sem sé viðbótarlífeyrir. Þessar lífeyrisgreiðslur eru greiddar í almennu lífeyrissjóðina. Þegar greiðslur úr séreignarsjóðunum koma síðan til framkvæmda fá þeir sem fá útgreiðslur og gert hafa slíka samninga sérstakan 15% skattafslátt.

Því er af hálfu ríkisstjórnarinnar á ferðinni vanhugsuð, illa undirbúin tillaga sem mun leiða til mismununar og ófyrirséðrar útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð og vandamálum líðandi stundar verður varpað yfir á komandi kynslóðir.

2. Stóreignaskattar lækkaðir.

Árið 1989 var lagður sérstakur eignarskattsauki á þá sem voru yfir tilteknum mörkum miðað við eignarskattsstofn sem á þessu ári er um 10 millj. kr. hjá einstaklingum og 20 millj. kr. hjá hjónum. Ári síðar var þessi eignarskattsauki lækkaður um 0,75% og tekin upp sérstök tekjutenging. Þessi breyting á eignarskattinum var hugsuð í tengslum við upptöku fjármagnstekjuskatts sem þá var strax í undirbúningi. Í fyrstu bitnaði þessi eign-

arskattur á þeim sem áttu fasteignir og skulduðu lítið og höfðu oft á tíðum litlar tekjur og var uppistaðan í þeim hópi eldra fólk og lífeyrisþegar. Með þeirri breytingu, sem gerð var á skattinum árið 1989, var farið að taka meira mið af tekjum þeirra sem eignirnar áttu og varð skatturinn strax réttlátari.

Ríkisstjórnin hefur haft möguleika allt kjörtímabilið til að fella þennan skatt niður, liggi einhver alvarlegur vilji þar að baki. Það skýtur því skökku við að á sama tíma og boðið er upp á undarlegt nefndarstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkanna um að koma á fjármagnstekjuskatti skuli vera ákveðið að fella eignarskattsaukann niður. Það hefði verið eðlilegra að doka við og sjá til hvað út úr nefndarstarfinu kemur ef af verður og sjá hvort ekki yrði þá hægt að samræma þann eignarskattsauka því fyrirkomulagi sem tekið yrði upp við skattlagningu eigna eða fjármagnstekna. Staðreyndin er sú að stig stóreignaskatts hlýtur ávallt að ráðast af stigi annarrar skattheimtu, m.a. af fjármagnstekjuskatti. Það er kominn tími til að ná fram heildstæðri löggjöf um skattheimtu eigna og fjármagnstekna þannig að tekjuskattur á einstaklinga verði ekki í framtíðinni sérstakur skattur á launamenn heldur hluti af eðlilegri og samræmdri skattlagningu allra landsmanna.

3. Hátekjuskatturinn.

Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar í nóvember 1992 var ákveðið að leggja á sérstakan 5% tekjuskatt sem nefndur hefur verið hátekjuskattur. Skatturinn var tímabundinn og átti aðeins að vera í tvö ár. Á árinu 1994 var þessi skattur lagður á 3.600 einhleypinga eða þá sem höfðu tekjur umfram 200 þús. kr. á mánuði á árinu 1993. Fjöldi hjóna með mánaðartekjur yfir 400 þús. kr. á mánuði var tæplega 3.900. Álagning þessa 5% sérstaka tekjuskatts olli rúmlega 400 millj. kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð á árinu 1994. Gert var ráð fyrir að þessi 5% skattheimta á tekjur yfir 200 þús. kr. hjá einhleypingi á mánuði stæði aðeins í tvö ár. Skatturinn yrði því lagður af á árinu 1995.

Þegar fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar var lagt fyrir Alþingi var gert ráð fyrir að hátekjuskatturinn yrði lagður af. Í skattafrumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, er hins vegar ákveðið að viðhalda hátekjuskattinum og jafnframt lagt til að viðmiðunarmark hans verði hækkað frá því sem gildir á árinu 1994 um 25.000 kr. á mánuði hjá einhleypingum og 50.000 kr. hjá hjónum. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins sýnir lausleg athugun þeirra að hækkun viðmiðunarteknamarkanna hafi þá breytingu í för með sér að gjaldendum í hópi einhleypra fækki um nær þriðjung, úr 3.600 í 2.500, og um 60% af þeim sem detta út séu fólk undir fertugu. Þá fækki hjónum sem greiða þennan skatt úr 3.900 í 2.300 eða um rúmlega 40%, þar af sé um þriðjungur undir fertugu. Með þessari breytingu er talið að skattlagningin skili ríkissjóði nálægt 300 millj. kr. á árinu 1995 eða um 100 millj. kr. lægri upphæð en á árinu 1994.

Það er skoðun minni hlutans að ekki sé ástæða til að gera þessar breytingar á hátekjuskattinum og því í alla staði óeðlilegt að draga úr skattheimtu á hátekjumenn á sama tíma og skorið sé niður í lífeyristryggingum almannatrygginga um 850 millj. kr. sem fyrst og fremst mun valda lægri lífeyrisgreiðslum til ellilífeyrisþega og öryrkja. Þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar er enn ein staðfestingin á því að yfirlýsingarnar frá 10. desember sl. um kjarajöfnun eru hrein öfugmæli.

4. Flýtifyrningar.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra frá því í maí 1994 í tengslum við endurskoðun kjarasamninga var gert ráð fyrir að fyrirtæki gætu nýtt sér rýmri heimildir til flýtifyrningar vegna fjárfestingar fyrirtækja í atvinnulífinu á árunum 1994 og 1995. Þetta átti að vera í þeim tilgangi að örva fyrirtæki til fjárfestinga til að skapa ný störf og draga þannig úr atvinnuleysi. Samkvæmt upplýsingum frá aðilum vinnumarkaðarins hafa þeir ítrekað hvatt stjórnvöld til að ákveða útfærslu þessara aðgerða til þess að fyrirtækin geti strax áttað sig á hvernig þessar fyrningar koma út fyrir fyrirtækin. Í ljósi þess að þessi flýtifyrning tekur aðeins til tveggja ára, þ.e. áranna 1994 og 1995, var mikilvægt að reglur lægju fyrir. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir aðila vinnumarkaðarins um nánari útfærslu þessara aðgerða bólaði ekkert á tillögum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum fyrr en yfirlýsingin var endurtekin 10. desember sl. þegar annað árið, sem flýtifyrningarnar eiga að ná til, var að verða liðið. Fyrirtæki hafa ekki þorað að fara út í fjárfestingu þar sem reglur ríkisstjórnarinnar um flýtifyrningu hafa verið óvissar.

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við undirbúning og framkvæmd þessa ákvæðis eru með þeim eindæmum að hæpið er að þau komi að notum þar sem fullkomlega óljóst hefur verið allt árið 1994 hver framkvæmdin verður og hvaða reglur munu gilda um þessa flýtifyrningu. Það verður því aðeins á árinu 1995 sem reynir á það hvort slík flýtifyrningarákvæði í skattalögum hvetji til aukinna fjárfestinga. Einnig er rétt að fram komi að forsvarsmenn vinnuveitenda komu á fundi efnahags- og viðskiptanefndar fram með hugmyndir um aðra útfærslu þessa ákvæðis sem fólust í því að rýmka fyrningarheimildirnar í báðar áttir. Lítill tími vannst til að huga að þessu máli eins og öðrum.

Minni hlutinn stendur sameiginlega að þessu nefndaráliti en mun við 2. umræðu málsins flytja sjálfstæðar breytingartillögur.

Alþingi, 29. des. 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form.	Finnur Ingólfsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

Nefndarálitinu fylgdu tvö fylgiskjöl. Á fskj. I var birt greinargerð frá hagdeild ASÍ um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun; á fskj. II var prentuð greinargerð Vinnuveitendasambands Íslands um mat á frumvarpinu um tekjuskatt og eignarskatt. Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

542. Frumvarp til laga [342. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

1. gr.

Við 3. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málsliður, svofelldur: Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður að ósk foreldris, sem ekki hefur forsjá barns, mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband og hliðstætt samband við barnið.

2. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svofelld:

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er öðru foreldra þá óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

3. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, 40. gr. A, svofelld:

J. Réttur til upplýsinga um barn.

40. gr. A

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi barns, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á barnaheimili, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá barnaheimilum, skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingar séu skaðlegar fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 74. gr. þessara laga.

4. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið getur heimilað að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra er greinir í 2. mgr. ef alveg sérstaklega stendur á. Á þetta einnig við þótt frestir til höfðunar vefengingarmáls eða til höfðunar máls til ógildingar á faðernisviðurkenningu hafi verið liðnir þegar lög þessi tóku gildi.

5. gr.

3. mgr. 53. gr. laganna verður svofelld:

2. og 3. mgr. 52. gr. eiga við um mál samkvæmt þessari grein að breyttu breytanda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur sifjalaganefnd samið að ósk Þorsteins Pálssonar dómsmálaráðherra. Í nefndinni eiga sæti dr. Ármann Snævarr prófessor, formaður, Drífa Pálsdóttir skrifstofustjóri og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Margrét Hauksdóttir deildarstjóri er ritari nefndarinnar.

Frumvarpið víkur að fjórum meginatriðum. Tvær greinar, 1. og 3. gr., stefna að því að treysta tengsl barns og foreldris sem ekki hefur forsjá þess. Í 1. gr. er lagt til að umgengnisréttur skv. 37. gr. barnalaga verði rýmkaður og látinn ná til símasambands, bréfasambands og annars hliðstæðs sambands foreldrisins við barnið. Í 3. gr. er kveðið á um rétt slíks foreldris til að fá upplýsingar um hagi barns hjá hinu foreldrinu og ýmsum stofnunum sem barnið tengist, svo og stjórnvöldum og starfsmönnum er fjalla um málefni barnsins. Ákvæði 2. gr. stendur í tengslum við Evrópuráðssamning frá 20. maí 1980 um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna o.fl. og Haag-samning frá 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Er ákvæðið stílað vegna framkvæmdar samninganna sem nú er ætlunin að fullgilda af Íslands hálfu. Þá eru loks í 4. og 5. gr. ákvæði um heimild dómsmálaráðuneytisins til að lengja málshöfðunarfresti til höfðunar vefengingarmála og mála til ógildingar á faðernisviðurkenningu.

Þungamiðja frumvarpsins er það stefnumið að treysta tengsl foreldris sem ekki hefur forsjá barns við barnið svo sem fram kemur í 1. og 3. gr. Skal nú farið um það mál nokkrum almennum orðum.

Á síðustu árum hafa verið lögfest mikilvæg ákvæði er stuðla að auknum tengslum milli barns og þess foreldris sem ekki hefur forsjá barnsins. Með lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, var leiddur í lög umgengnisréttur þess foreldris skilgetins barns sem ekki fékk forsjá þess við skilnað. Umgengnisréttur foreldris, sem ekki hafði forsjá óskilgetins barns, var lögtekinn með barnalögum, nr. 9/1981, en í dómi Hæstaréttar frá 1979 var talið að sá réttur hlyti að styðjast við sett lagaákvæði og gæti ekki sótt stoð í meginreglur barnaréttar. Með þeim lögum var einnig lögfest sameiginleg forsjá sambúðarforeldra fyrir barni þeirra og raunar stjúpbarni. Um þessi efni voru svo sett fyllri ákvæði í barnalögum, nr. 20/1992. Með barnalögum 1992 voru lögfest ákvæði um heimild foreldra, sem ekki eru samvistum, til að semja um sameiginlega forsjá barna sinna og jafnframt var afnuminn lagamunur á réttarstöðu barna giftra foreldra og ógiftra á sviði barnaréttar.

Lagaákvæði um umgengnisrétt hafa gegnt veigamiklu hlutverki í reynd og skiptir miklu til rétts skilnings á þeim að réttur þessi er markaður í íslenskum lögum sem réttur barns til samvista við báða foreldra sína. Í ljósi reynslunnar af þessu úrræði þykir tímabært að rýmka inntak umgengnisréttarins. Samkvæmt hefðbundnum skilningi er hann einskorðaður við rétt foreldris til að umgangast barnið, þ.e. að fá barn í heimsókn tiltekinn tíma eða fá að heimsækja barn, með öðrum orðum að hafa barn í návist sinni. Annars konar samband við barnið fellur utan marka umgengnisréttar, þar á meðal símasamband,

bréfasamband eða hliðstætt samband sem er þá fjarsamband en ekki návistar. Er umgengnisréttur mótaður með þessum hefðbundna hætti í norrænum lögum og víða í erlendum lögum þótt þar séu ýmis dæmi um víðtækara samband barns og foreldris, sbr. t.d. þýskan rétt þar sem einnig er viðurkenndur réttur foreldris sem ekki hefur forsjá barns til upplýsinga um hagi barns, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Ekki leikur á tveim tungum að t.d. síma- og bréfasamband foreldris við barn getur skipt miklu um tengslin milli þeirra. Slíkt getur stuðlað að auknum kynnum barns og foreldris sem ekki hefur forsjá þess og treyst samband þeirra. Þessi umgengnisþáttur skiptir sérstaklega miklu þegar svo hagar til að foreldri getur ekki notið umgengni við barnið í hefðbundnum skilningi sökum fjarvista frá barni o.fl.

Með 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá rýmkun umgengnisréttar sem hér var vikið að. Er lagt til að það verði gert með því að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 37. gr. laganna. Í þessu felst að aðrar heimildir sýslumanns skv. 3. mgr. 37. gr. eiga hér við og einnig 6. mgr. greinarinnar. Enn fremur felst í stöðu hins nýja ákvæðis að 38. gr. laganna um þvingunarúrræði í tengslum við umgengnisrétt á við um þennan umgengnisauka.

Ákvæði 3. gr. frumvarps eru að ýmsu leyti af svipuðum toga og 1. gr. Þar eru hafðir í huga hagsmunir þess foreldris sem ekki hefur forsjá barns af því að eiga þess kost að fá upplýsingar um hagi barnsins, ýmist frá forsjárforeldri, sbr. 1. mgr., eða ýmsum stjórnvöldum, stofnunum og sérfræðingum sem fjalla um málefni barns, sbr. 2. mgr. Því foreldri sem ekki nýtur forsjár er vissulega oft annt um barnið og á það réttmætt tilkall til að fylgjast með barni, heilsuhögum þess, þroskaferli, skólagöngu, uppeldi, félagslegri stöðu og þátttöku þess í félagsstarfi o.s.frv. Lögfesting á slíkum aðgangi foreldris að upplýsingum um hagi barns ætti m.a. að bæta hlut forsjárlausa foreldrisins sem verður þó að hafa aðgát er það neytir þessa réttar síns og sýna nærgætni. Ákvæði 3. gr. hefur ekki síst gildi fyrir foreldri sem ekki getur notið hins venjubundna umgengnisréttar, t.d. vegna fjarlægðar frá barni, og getur ekki með þeim hætti kynnt sér hagi barns almennt með umgengni við það. Þess er einnig að geta að nú ríkir veruleg óvissa um það hjá t.d. starfsmönnum skóla og annarra uppeldisstofnana, lækna og heilsugæslu- og félagsmálastofnana hvort foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, eigi rétt á upplýsingum um persónuhagi barnsins. Ef 3. gr. frumvarpsins verður lögtekin er þar með mótuð sú almenna regla sem er þó ekki undantekningarlaus að foreldrið, sem ekki nýtur forsjár, eigi yfirleitt aðgang að persónuupplýsingum varðandi barnið til jafns við forsjárforeldrið. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins um heimild til að synja um upplýsingar er sniðið að 17. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en samkvæmt framangreindri 3. mgr. væri t.d. óheimilt að veita mjög viðkvæmar upplýsingar sem gætu verið skaðlegar fyrir barnið, t.d. spillt sambandi þess og foreldris.

Í 50. gr. norsku barnalaganna frá 1981 er svipað ákvæði og í 3. gr. frumvarpsins. Það var ekki í stjórnarfrumvarpinu en þingnefnd, er fjallaði um frumvarpið, bar fram tillögu um þá grein. Talið er að þetta ákvæði gegni mikilvægu hlutverki. Dönsk nefnd, sem fjallar um endurskoðun á forsjárreglum, mælir með að svipað ákvæði verði lögfest í Danmörku og enn fremur ákvæði er svipar til 1. gr. frumvarps þessa, sbr. Betænkning nr. 1279/1994 um sameiginlega forsjá, umgengnisrétt o.fl.

Um 1. og 3. gr. frumvarpsins má almennt benda á að þær eru sjálfstæðar andspænis umgengnisrétti skv. 37. gr. ella. Þótt foreldri sé meinuð umgengni í hefðbundnum skilningi við barn er hugsanlegt að það eigi rétt til sambands við barn skv. 1. gr. eða aðgang að upplýsingum um hagi þess skv. 3. gr. Það er háð sjálfstæðu mati hverju sinni.

Ákvæðum 1. og 3. gr. er það sameiginlegt að þeim er ætlað að treysta réttarstöðu foreldris sem ekki hefur forsjá barns. Hins vegar eiga greinarnar ekki við ef um samningsbundna sameiginlega forsjá er að tefla eftir skilnað, sambúðarslit eða endranær því að þá eru það forsjárreglurnar sjálfar sem skera úr. Ákvæðin eiga ekki við um barn sem barnaverndarnefnd ráðstafar í fóstur, en um samband foreldra við það gilda reglur barnaverndarlaga og stjórnvaldsreglur samkvæmt þeim, sbr. enn fremur 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og túlkun mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu á greininni.

Ákvæði 1. og 3. gr. eiga það enn sammerkt að þær geyma reglur almenns efnis enda er náin afmörkun ógerleg. Reglurnar hljóta að mótast nánar í lagaframkvæmd, eftir atvikum með setningu stjórnvaldsreglna, sbr. 76. gr. barnalaga, innan þeirrar meginumgerðar sem greinarnar marka.

Ákvæði 1. og 3. gr. eru stíluð sem réttur foreldris er ekki hefur forsjá barns til að hafa samband við barn eða fá upplýsingar um hagi þess. Lagaástæðurnar eru hér þó öðrum þræði þær að það sé barni til hagsbóta að foreldri hafi samband við það eða fylgist með högum þess og þroskaferli. Hér er því í reynd bæði um foreldrarétt og barnarétt að ræða þegar ákvæðin eru brotin til mergjar.

Í alþjóðasamningum og yfirlýsingum er lögð rík áhersla á umgengnisrétt og slík tengsl barns og foreldris, þar á meðal forsjárlauss foreldris. Er áður vikið að 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Enn fremur má vekja athygli á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989, einkum 3. og 16. gr.

Í þessum inngangsorðum þykir ekki þörf á að ræða efni 4. og 5. gr. frekar en orðið er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efni hennar og þeim rökum sem hún er reist á er lýst í megindráttum í inngangsorðum greinargerðarinnar.

Ákvæðið fjallar um síma- og bréfasamband foreldris sem ekki hefur forsjá barnsins við það, svo og svipuð fjarskipti. Með ákvæðinu er stuðlað að auknu sambandi foreldris við barnið. Farsælast er að foreldrar komi sér saman um þessi samskipti foreldris og barns, sbr. 2. mgr. 37. gr. barnalaga, og slíku er sem betur fer oft að heilsa. Ef ágreiningur rís getur sýslumaður að ósk þess foreldris sem ekki nýtur forsjár barnsins skorið úr honum samkvæmt því er nánar segir í 1. gr. frumvarpsins, sbr. og 3. mgr. 37. gr. barnalaga í heild sinni.

Undir þau fjarskipti milli foreldris og barns, er 1. gr. frumvarpsins felur í sér, falla m.a. símskeyti, símbréf (fax), spólur sem talað er inn á og segulbönd, allt með skilaboðum foreldris eða með tjáningu þess, rödd foreldris á símsvara o.fl. hliðstætt.

Ef barn hefur þroska til að kynna sér sjálft efni bréfs er forsjárforeldri almennt ekki heimilt að opna bréf, stílað til þess, eða skjóta því undan. Hér grípa þó inn í reglur um foreldraábyrgð sem leiða til þess að forsjárforeldri er rétt og eftir atvikum skylt að opna bréf og kynna sér efni þess ef grunur leikur á að það geymi eitthvað það sem er andstætt lögum og siðferði eða sé til tjóns fyrir barnið. Hér geta markatilvik efalaust orðið mörg, en þau verður að leysa með hliðsjón af meginreglunni um að eigi megi opna bréf, stílað til barnsins, svo sem greint var, og einnig af grunnreglunni um að hagur barns skuli ávallt sitja í fyrirrúmi. Jafnt lokuð bréf sem opin falla hér undir, sbr. t.d. kort, og orðsendingar til barnsins á opnu bréfspjaldi. Bréflegri tjáningu frá foreldri til barns í op-

inni bréfsendingu má því ekki heldur skjóta undan. Forsjárforeldri er skylt að vitja eða láta sækja bréf og póstsendingu, stílaða til barns, í pósthús samkvæmt tilkynningu er borist hefur.

Í sambandi við 1. gr. frumvarpsins er bent á ákvæði 228. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Við beitingu þess ber þó að taka tillit til sérstöðu foreldris samkvæmt reglum um foreldraábyrgð.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins getur sýslumaður, þegar sérstaklega stendur á, m.a. úrskurðað að foreldri, sem ekki hefur forsjá barns síns, sé heimilt að hafa símasamband við barnið þótt forsjárforeldrið sé því mótfallið. Þegar svo hagar til má ætla að ákvörðun sýslumanns mundi að jafnaði lúta að því að heimild foreldris til að hringja í barnið yrði bundin við ákveðinn stað og stund. Þar sem barni gæti reynst erfitt að ræða við foreldri sitt í síma á heimili sínu og þá að jafnaði í viðurvist hins foreldrisins, sem mótfallið er samtalinu, gæti sýslumaður ákveðið að það foreldra sem ekki hefur forsjá skuli hafa símasamband við barnið á hlutlausum stað og eftir atvikum undir eftirliti hlutlauss aðila. Hér mætti t.d. gera ráð fyrir að símtal færi fram í skóla þeim sem barnið sækir og þá í samvinnu við skólayfirvöld, í sendiráði, ef foreldri og barn eru búsett hvort í sínu landi eða á skrifstofu barnaverndarnefndar, sbr. 6. mgr. 37. gr. barnalaga.

Ákvörðun sýslumanns er hér nauðsynlegur varnagli til öryggis. Sýslumaður getur breytt ákvörðun um samskipti þessi í ljósi þeirrar reynslu sem af þeim hafa fengist í einstökum tilvikum. Enn fremur getur hann mælt svo fyrir að felld verði niður heimild foreldris tímabundið eða almennt eftir því sem hagsmunir barns mæla með. Um umsögn barnaverndarnefndar fer skv. 6. mgr. 37. gr. barnalaga. Úrskurð sýslumanns má kæra til dómsmálaráðuneytisins svo sem segir í 1. gr. frumvarpsins, sbr. reglur 74. gr. barnalaga, svo sem þeim var breytt með 8. tölul. 36. gr. laga nr. 37/1993.

Ákvæði 38. gr. barnalaga á við ef forsjárforeldri tálmar þeim samskiptum sem 1. gr. frumvarpsins kveður á um. Þess er að vænta að slíkum viðurlögum verði beitt með mikilli varúð.

Um 2. gr.

Svo sem áður er greint stendur ákvæði þetta í tengslum við Evrópuráðssamning frá 20. maí 1980 um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna og Haag-samning frá 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Samninga þessa er ætlunin að fullgilda af Íslands hálfu.

Ákvæði 2. gr. á við um sameiginlega forsjá foreldra fyrir barni, en það úrræði var lögtekið með barnalögum, nr. 20/1992, sbr. 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna. Meðan sameiginleg forsjá er við lýði er ljóst að þörf er á samþykki beggja foreldra ef flytja á barn úr landi.

Hvort foreldri um sig getur krafist þess að samningur um sameiginlega forsjá verði felldur úr gildi, sbr. 2. mgr. 35. gr. Þessi forsjárskipan gildir þó uns nýrri lögmætri forsjárskipan hefur verið á komið. Hér kann að skapast óvissa og er 2. gr. frumvarpsins mótuð til þess að taka hér af tvímæli og þá nánast til öryggis.

Um 3. gr.

Um efni greinarinnar í megindráttum og lagarök er að baki búa vísast til inngangsorða greinargerðar.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins á það foreldrinu, sem ekki hefur forsjá barns, rétt á að fá upplýsingar um barnið frá hinu foreldri eða nánar greindum stofnunum, stjórnvöldum eða sérfræðingum. Ákvæðið á ekki við um sameiginlega forsjá þótt barn dveljist aðeins hjá öðru foreldra um hríð, enda skera forsjárreglur þá úr um aðgang að þessum upplýsingum. Nánir vandamenn eiga ekki þennan rétt, en ef þeir hafa umgengnisrétt við barnið, sbr. 5. mgr. 37. gr., eiga þeir samkvæmt því tilkall til upplýsinga að nokkru marki um hagi barns að því er varðar framkvæmd umgengninnar.

Ákvæði 3. gr. er reist á því að óskir foreldris séu settar fram um upplýsingar og er ekki gert ráð fyrir að forsjárforeldri eigi frumkvæði að því að skýra hinu frá högum barns. Slík skylda getur þó hvílt á foreldri í skjóli almennra reglna um forsjá og foreldraábyrgð, t.d. ef barn verður sjúkt eða lendir í slysi, er sakað um refsivert brot eða hverfur. Ósk um upplýsingar verður yfirleitt að lúta að sérgreindum atriðum þótt ekki megi túlka það mjög þröngt.

Þar sem kveðið er á um upplýsingar í 3. gr. frumvarpsins er átt við munnlegar upplýsingar en ekki bréfleg gögn eða ljósrit af þeim.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að það foreldri sem ekki hefur forsjá barns eigi rétt á að fá frá forsjárforeldri upplýsingar um hagi barns.

Í 2. mgr. segir um upplýsingar sem foreldri, er ekki hefur forsjá barns, óskar hjá stofnunum, stjórnvöldum og sérfræðingum á sviði heilsugæslu og félagsmála eða hjá uppeldisstofnunum, barnaheimilum og skólum, svo og hjá lögreglu. Stofnanir þær og stjórnvöld sem greind eru í 2. mgr. með nokkuð almennu orðalagi, eru ekki tæmandi talin eins og fram kemur í athugasemdum þessum. Með heilsugæslustofnunum er átt við sjúkrahús og aðrar sjúkrastofnanir og heilsugæslustöðvar, sbr. lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Til barnaheimila teljast leikskólar og aðrar slíkar stofnanir fyrir börn á forskólaaldri, sbr. lög nr. 78/1994. Dagmæður falla hér undir en ekki gæsluvellir. Um félagsmálastofnanir og starfsmenn þeirra vísast til laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Barnaverndarnefndir falla út af fyrir sig undir félagsmálastofnanir samkvæmt greininni, en um þær fer eftir lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Með skólum er hér átt við fræðslustofnanir (grunnskóla) fyrir börn eftir forskólaaldur og allt til 16 ára aldurs, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1991.

Orðið lögregla tekur til allra þátta í löggæslustarfseminni, þar á meðal varðandi slysfarir, rannsókn refsiverðra brota og hvarf barna og ungmenna. Það nær ekki til starfsmanna fangelsa. Upplýsingar úr þjóðskrá geta fallið hér undir, svo sem ósk um upplýsingar um búsetu barns.

Ákvæðið er ekki einskorðað við opinberar stofnanir eða stjórnvöld, læknar eða tannlæknar sem reka eigin stofur falla t.d. hér undir, svo og barnaheimili eða skólar sem reknir eru af öðrum en hinu opinbera. Um barnaheimili skiptir ekki máli hvort það er starfrækt allan ársins hring eða aðeins t.d. á sumrin.

Ungmennafélög eða klúbbar, svo sem íþróttafélög og skátafélög, falla utan marka þeirra stofnana sem 3. gr. tekur til.

Ákvæðið víkur ekki að því hverjir starfsmenn á stofnun veiti umbeðnar upplýsingar. Um það fer eftir reglum sem um stofnunina gilda. Eðlilegast er t.d. að það sé leikskólastjóri sem láti fræðslu í té eða forstöðumaður deildar sem barn dvelst á. Að sínu leyti er heppilegast að forstöðumaður sjúkradeildar (yfirlæknir, yfirhjúkrunarfræðingur) fjalli um mál eða a.m.k. sé samráð haft við hann í öllum vafatilvikum. Hliðstæðar athugasemdir eiga við um aðrar stofnanir og starfsmenn.

Í 2. mgr. segir berlega að réttur samkvæmt þeirri málsgrein feli ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris. Það leiðir beinlínis af tilganginum með ákvæðinu sem er að greiða fyrir vitneskju um hagi barns.

Upplýsingar þær sem um er beðið hjá stofnunum, stjórnvöldum eða sérfræðingum skv. 2. mgr., geta varðað mjög viðkvæm málefni. Nauðsynlegt þykir vegna hagsmuna barns, forsjárforeldris (og e.t.v. annarra einstaklinga), svo og vegna almannahagsmuna, að setja aðgangi að upplýsingum nokkrar skorður. Hér vegast sýnilega á mismunandi hagsmunir. Við mat á þeim verður að virða meginreglu 1. mgr. um að foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, eigi rétt á upplýsingum um hagi þess. Samkvæmt því viðhorfi er réttmætt að nota hér þá viðmiðun sem fram kemur í 17. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í því felst að þeir almanna- eða einkahagsmunir sem á reynir hljóta að vera „mun ríkari" en hagsmunir foreldris af því að hljóta umbeðnar upplýsingar, svo að réttur foreldris víki. Þeir hagsmunir sem staðið geta í vegi fyrir tilkalli foreldris til upplýsinga geta t.d. lotið að efnum sem varða barnaverndar- eða forsjármál en geta einnig varðað hagsmuni forsjárforeldris, t.d. vegna þess að hætta sé á að upplýsingar verði misnotaðar með sífelldri áreitni. Sérstök ástæða er til að meta ósk um upplýsingar gaumgæfilega ef ætla má að aðgangur að upplýsingum geti reynst barni skaðlegur eða sambandi barns og foreldris. Er þessa sérstaklega getið í 50. gr. norsku barnalaganna og í texta dönsku tillagnanna, sbr. enn fremur álit umboðsmanns Alþingis í skýrslu hans frá árinu 1989, bls. 58 (69). Upplýsingar má stundum nota gegn barninu og er þá varhugavert að veita þær. Barnið getur vissulega haft sjálfstæða hagsmuni af því að upplýsingum um það sé haldið leyndum fyrir foreldrum, öðru eða báðum. Málefnaleg virðing getur leitt til þess að aðeins annað foreldra fái upplýsingar um barnið. Foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, verður hvað sem öðru líður að hlíta takmörkunum sem hitt foreldra verður að sæta.

Um skýringar á ákvæði 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins má einnig benda á skýringarrit um stjórnsýslulögin, gefið út af forsætisráðuneytinu 1994, athugasemdir við 2. mgr. 15. gr. og 17. gr.

Höfnun á ósk um upplýsingar má skjóta til sýslumanns og ber í því sambandi að hafa í huga reglu 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Hann getur staðfest synjun eða fellt hana úr gildi eða tekið hana til greina að tilteknu marki sem sérgreint verður. Ekki þykir þörf á að heimila kæru á úrskurði sýslumanns til dómsmálaráðuneytis. Mál þessi mundu oft leysast eftir að úrskurður hans gengur og þess er að geta að sýslumaður getur breytt úrskurði sínum. Samkvæmt norsku barnalögunum er úrskurður fylkismanns um þessi efni ekki kæranlegur til ráðuneytisins.

Ákvæði 4. mgr. á við um ósk um upplýsingar í tiltekið skipti. Samkvæmt 5. mgr. getur sýslumaður að ósk forsjárforeldris svipt hitt foreldrið almennum rétti til að fá upplýsingar um hagi barns. Ákvæðið, sem sett er til verndar forsjárforeldri og barninu, á við ef um bersýnilega misnotkun er að ræða. Getur hún falist í því að foreldrið, sem í hlut á, spyrji í þaula um hagi barnsins og baki heimilinu veruleg óþægindi sem bitna oft á barni. Enn fremur má vera að misfarið sé með upplýsingar og þær notaðar í annarlegum eða andfélagslegum tilgangi (chikane). Oftast mundi þetta vera þáttur í miklum fjölskylduerjum þar sem heimilisfriði er stefnt í voða. Ákvörðun sýslumanns er kæranleg til ráðuneytisins skv. 74. gr. barnalaga. Ef úrskurður gengur um sviptingu réttar til að fá upplýsingar skv. 4. mgr. þarf að koma fræðslu um hann á framfæri við stofnanir þær, stjórnvöld eða sérfræðinga er greinir í 2. mgr. eftir því sem tök eru á, t.d. við barnaheimili þar sem barn dvelst eða skóla sem barn gengur í. Að jafnaði hvílir tilkynningarskylda um úrskurði sýslumanns á forsjárforeldrinu, en tilkynning gæti þó komið í hlut

sýslumanns að ósk forsjárforeldris ef sérstaklega stendur á.

Ákvæði 3. gr. varðar ekki rétt foreldris til að fá upplýsingar um hagi barns sem vistað hefur verið á fósturheimili af hálfu barnaverndarnefndar. Um það fer eftir greindum lögum um vernd barna og ungmenna og stjórnvaldsreglum, settum með stoð í þeim. Að því er varðar síma- og bréfasamband kynforeldra við börn sem ráðstafað hefur verið í fóstur má benda sérstaklega á að mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa látið uppi það álit að veita skuli þeim rétt á slíku sambandi við börn og er þá einkum miðað við 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Yfirleitt má ráða það af afstöðu þessara stofnana að lögð er mikil áhersla á umgengnisrétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns við barnið.

Um 4. og 5. gr.

Með 52. gr. barnalaga, nr. 20/1992, var felld niður heimild er dómsmálaráðherra hafði samkvæmt barnalögum, nr. 9/1981, sbr. 3. mgr. 4. gr., ef alveg sérstaklega stóð á, til að leyfa höfðun vefengingarmáls þótt lögboðinn málshöfðunarfrestur væri liðinn. Dómsmálaráðuneytið telur æskilegt að slík heimild sé í lögum. Er lagt til að hún verði lögfest að nýju með 4. gr. frumvarpsins og þykir þá eðlilegt að sams konar heimild sé um mál sem höfðað er til ógildingar á viðurkenningu á faðerni barns skv. 53. gr. barnalaga. Er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að slík heimild verði lögtekin. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti til höfðunar dómsmála skv. 54. og 55. gr. þótt frestur til þess sé liðinn skv. 52. og 53. gr. við gildistöku laga þessara, t.d. þegar fimm ára fresturinn skv. 52. gr. er liðinn þegar lögin taka gildi. Er þetta ákvæði sett til að taka af tvímæli um lögskýringu.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á barnalögum.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta ýmsum ákvæðum gildandi barnalaga til þess að stuðla að traustari tengslum barns við það foreldri sem ekki hefur forsjá með því.

Frumvarpið felur ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

543. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni og Svavari Gestssyni.

1. Við 7. gr. C-liður orðist svo: 1. mgr. c-liðar orðast svo:

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið annaðhvort vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða vegna náms sem lánshæft er samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum.

2. Við bætist ný grein, 8. gr., svohljóðandi:
   2. mgr. 81. gr. laganna orðast svo:
   Á sama hátt skal við álagningu eignarskatts skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri.

544. Breytingartillaga [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni og Finni Ingólfssyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra skal skipa nefnd fulltrúa þingflokka, aðila vinnumarkaðar og fjármálaráðuneytis til að kanna hvernig skattkerfinu verði best beitt til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Vanhugsaðar breytingar á skattkerfinu á síðustu árum gera slíka könnun óhjákvæmilega. Nefndin skal með öðru endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur, barnabætur og persónuafslátt og kanna fyrirliggjandi tillögur um upptöku fjármagnstekjuskatts og/eða eignarskatts á fjármagnseignir.

545. Breytingartillögur [278. mál]

við brtt. á þskj. 451 [Ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995].

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur og Finni Ingólfssyni.

1. Við 2. tölul. Á eftir orðunum „félagslega aðstoð“ í a- og b-lið og 1. og 2. mgr. c-liðar komi: fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.
2. Við 3. tölul.
   a. Í stað „tvær“ í inngangsmálsgrein komi: þrjár.
   b. Á undan orðinu „húsaleigubætur“ í a-lið komi: fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og.
   c. Á eftir b-lið komi nýr liður er verði c-liður (19. gr.), svohljóðandi:
      Við 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir sem njóta bóta samkvæmt ákvæði þessu skulu undanþegnir greiðslu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur.

546. Þingsályktun [229. mál]

um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

(Afgreidd frá Alþingi 29. des.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem undirritaður var í Marakess í Marokkó 15. apríl 1994.

Alþingi ítrekar að þrátt fyrir fullgildingu samningsins gildi óbreytt skipulag á innflutningi landbúnaðarvara þar til lögum hefur verið breytt með hliðsjón af samningnum. Þær lagabreytingar, þar með taldar tollabreytingar, skulu gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd. Landbúnaðarráðherra verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar.

547. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson, Guðni Ágústsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra.

Verðjöfnunargjöld samkvæmt þessari grein skulu innheimt við tollafgreiðslu og renna í ríkissjóð.

Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hráefnis sem ákveðið er skv. 1. tölul. og hins vegar erlendu viðmiðunarverði sem ákveðið er skv. 2. tölul.:

1. Innlent verð skal ákveðið í eftirfarandi röð:
   1.1. Umsamið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og tekur til hlutaðeigandi innflutnings.
   1.2. Samkvæmt IV. kafla laga þessara ef verð er ákveðið og birt í samræmi við þær reglur.
   1.3. Í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.
2. Erlent viðmiðunarverð skal ákveðið þannig eftir því sem við á um hlutaðeigandi innflutning:
   2.1. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt verðjöfnunarákvæðum í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

2.2. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt bókun 2 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

2.3. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar í verðjöfnunarákvæðum í öðrum fríverslunarsamningum en skv. 2.1 og 2.2 sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

2.4. Viðmiðunarverð sem birt er sem heimsmarkaðsverð einstakra landbúnaðarhráefna af hálfu Evrópusambandsins eða fríverslunarsamtaka, og skal ráðherra ákveða nánar í reglugerð við hvaða verð miðað er á hverri hráefnistegund. Komi í ljós að framleiðendur vöru eigi kost á að kaupa hráefni á lægra verði en birtu viðmiðunarverði samkvæmt framangreindu í að minnsta kosti þrjá mánuði er ráðherra heimilt að ákveða tímabundið að miða við það verð sem sérstaklega ákvarðað viðmiðunarverð. Sé viðmiðunarverð ekki birt með framangreindum hætti skal viðmiðunarverð ákvarðað í samræmi við það verð sem framleiðendur eiga kost á að kaupa hráefni á.

Landbúnaðarráðherra skal jafnan við ákvörðun verðjöfnunargjalds birta í reglugerð það innlenda og erlenda viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun gjaldsins.

Jafnan skal miða við verð á sama sölustigi nema annað leiði af ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga. Verðjöfnunargjöld má leggja á sem krónutölu á magneiningu eða sem hlutfallslegt gjald.

Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Álagning verðjöfnunargjalds skal vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd verðjöfnunargjalda, refsingar og aðra framkvæmd varðandi verðjöfnunargjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Heimild landbúnaðarráðherra samkvæmt þessari grein skal koma í stað heimildar fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, að því er varðar þær vörur sem grein þessi tekur til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ályktun Alþingis frá 29. desember 1994, um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, hefur verið ákveðið að „landbúnaðarráðherra verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara“. Þess vegna er þriðja síðasta málsgrein 72. gr. búvörulaganna orðin úrelt og því er lagt til að málsgreinin verði felld brott úr 72. gr.

Fylgiskjal.

Ályktun Alþingis 29. desember 1994.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem undirritaður var í Marakess í Marokkó 15. apríl 1994.

Alþingi ítrekar að þrátt fyrir fullgildingu samningsins gildi óbreytt skipulag á innflutningi landbúnaðarvara þar til lögum hefur verið breytt með hliðsjón af samningnum. Þær lagabreytingar, þar með taldar tollabreytingar, skulu gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd. Landbúnaðarráðherra verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar.

548. Framhaldsnefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunatryggingar, nr. 48/1994.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða þau atriði er fram komu við umræðuna. Á fund nefndarinnar komu Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri í Vátryggingaeftirlitinu, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga, og Ingvar Sveinbjörnsson, lögfræðingur hjá Vátryggingafélagi Íslands. Nefndin telur ástæðu til að skýra enn frekar en gert er í greinargerð með frumvarpinu þá breytingu sem felst í 2. gr. frumvarpsins.

Breytingin varðar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1994, um brunatryggingar. Í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur fram sú meginregla sem einkennir brunatryggingar að bætur fyrir tjón á húseign megi aðeins greiða til þess að gera við húseign sem skemmst hefur við bruna eða til endurbyggingar. Þar segir jafnframt að vátryggjanda beri skylda til að sjá til þess áður en bætur eru greiddar að þeim sé réttilega varið. Grundvallarreglan, sem brunatryggingar byggja á, er því sú að hús sé byggt upp að nýju á sama grunni ef tjón verður og bótafjárhæðin við það miðuð. Þeir húseigendur sem byggja á þann hátt upp að nýju fá því tjón sitt að fullu bætt. Þær reglur sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins eru hins vegar undantekningarreglur sem einungis koma til álita í þeim tilvikum þegar húseigandi kýs sjálfur að byggja á öðrum grunni og slík tilvik hafa á undanförnum árum verið 2–3 árlega á landinu öllu samkvæmt upplýsingum frá Vátryggingafélagi Íslands. Leggja ber ríka áherslu á að það er húseigandinn, tjónþolinn, sem velur uppgjörsleiðina. Ákvæðið felur í sér tvenns konar undantekningarreglur:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 15% dragist frá bótafjárhæð (brunabótamati húseignar) þegar húseigandi kýs að byggja ekki upp og vátryggjandi hefur heimilað að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld. Hafa ber í huga að ekki á að koma til 15% frádráttar ef endurbygging er eigi heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

Í öðru lagi gerir 2. gr. frumvarpsins ráð fyrir undantekningu frá framangreindri 15% undantekningarreglu. Í henni felst að þegar brunabótamat viðkomandi húseignar er greinilega hærra en markaðsverð húseignar er heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð eignarinnar og kemur þá ekki til að 15% frádráttarreglunni sé jafnframt beitt. Þessi regla er m.a. byggð á því sjónarmiði að óeðlilegt sé að húseigendur séu betur settir en áður ef húseign þeirra brennur og er hún í samræmi við meginreglur skaðabótaréttar. Hér er á því byggt að löggjöf megi ekki vera þannig úr garði gerð að sá sem verður fyrir því að hús hans brennur geti hagnast umtalsvert umfram aðra íbúa á svæði þar sem markaðsverð er lágt. Ítreka ber að húseigandi á alltaf rétt á að fá bætur sem svara brunabótamati byggi hann upp á sama grunni. Í reglu þessari felast því þau sanngirnissjónarmið að húseigandi eigi hvorki að vera betur né verr settur en hann var fyrir brunann. Þá vill nefndin benda á að markaðsviðmiðunin sé ekki notuð ef samkomulag næst á milli vátryggingartaka og vátryggingarsala um að byggja á ný innan sama sveitarfélags, enda þótt ekki sé byggt á sama grunni og áður.

Að lokum vill nefndin leggja áherslu á að í breytingartillögu nefndarinnar á þskj. 397 er skýrt kveðið á um að komi til ágreinings um bótafjárhæð samkvæmt framangreindum undantekningarreglum leysi gerðardómur úr. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum sem héraðsdómur í umdæmi því sem húseign er í tilnefnir hverju sinni. Skal annar þeirra fullnægja skilyrðum til að gegna starfi héraðsdómara.

Alþingi, 29. des. 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.

549. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. des.)

1. gr.

Á eftir orðunum „slíkar gjafir“ í lok 3. málsl. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur: svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við A-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Frá tekjum manna sem eru 70 ára eða eldri má draga 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum skv. 2. gr. laga nr. 55/1980.

b. Við B-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu á árinu í innlendum atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 80% fjárhæðarinnar, þó að hámarki 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Ákvæði þessa töluliðar skulu einnig eiga við um samvinnuhlutabréf.

Enn fremur má draga frá tekjum samkvæmt þessum tölulið kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðum, sbr. lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt þessari málsgrein er að útboð slíkra stofnfjárbréfa sé opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og að eigi sé heimilt að innleysa stofnfjárhlut í 10 ár frá útgáfu.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu.

c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er honum heimilt í stað frádráttar skv. 2. eða 3. mgr. að draga allt að 80% frá þeim tekjum, þó eigi hærri fjárhæð en 25.000 kr. fyrir hvern mánuð sem húsnæði er í leigu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Ef eigi hefur verið fullnægt skyldu til að afhenda skattstjóra upplýsingar um launagreiðslur og/eða verktakasamninga vegna vinnu, sbr. 92. gr., að aðgættum ákvæðum 96. gr., er skattstjóra heimilt að synja um frádrátt vegna þeirra greiðslna eða hlunninda.

b. Við 7. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.

4. gr.

Á eftir orðinu „myndast“ í 1. málsl. 2. mgr. 31. gr. A laganna kemur: eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

5. gr.

1. tölul. 52. gr. laganna orðast svo: Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu, til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.

6. gr.

Orðin „sem myndað hefur fjárfestingarsjóð skv. 11. tölul. 31. gr., sbr. 54. gr.“ í 1. mgr. 57. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 11. mgr. A-liðar orðast svo:
   Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.
b. Í stað orðanna „tölul. A-liðar“ í 2. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar.
c. Í stað 9. og 10. mgr. B-liðar kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Barnabótaauki skal ákveðinn við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabótaauka, innheimtu ofgreidds barnabótaauka og skuldajöfnun barnabótaauka á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.
d. Orðin „þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993“ í 1. mgr. C-liðar falla brott.
e. Lokamálsliður 2. mgr. C-liðar fellur brott.
f. Í stað 1. og 2. málsl. 3. mgr. C-liðar koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Þannig ákveðin vaxtagjöld skulu skerðast um vaxtatekjur skv. 8. gr.
g. Í stað orðsins „grein“ í 3. málsl. 3. mgr. C-liðar, sem verður 4. málsl., kemur: málsgrein.
h. Í stað „3. tölul.“ í 1. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 4. tölul.
i. Lagatilvísunin „1. mgr. 78. gr.“ í 3. málsl. 4. mgr. C-liðar verður: 1. mgr. 76. gr.
j. 10. mgr. C-liðar orðast svo:
   Reglur um skuldajöfnun vaxtabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

8. gr.

Lokamálsliður 83. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 84. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þó skal eignarskattur dánarbúa, sbr. 5. tölul. 2. gr., reiknast af eignarskattsstofni í lok andlátsárs þannig: Af fyrstu 3.514.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.514.000 kr. greiðist 1,2%.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Skýrslu lögaðila og einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um bókhald eða eftir atvikum laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
b. 5. og 6. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skattframtölin skulu undirrituð af þeim sem framtalsskyldan hvílir á. Skattframtal bókhaldsskylds aðila skal undirritað af þeim sem bera ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald sé fullnægt.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Framtalsskyldan hvílir á lögaðila. Sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal framtalinu fylgja ársreikningur, sbr. 1. mgr. Í skráðum félögum er nægilegt að þeir sem heimild hafa til að binda félagið undirriti framtalið.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er verður 2. málsl. er orðast svo: Sama gildir um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
b. Orðin „greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu“ í 5. mgr. falla brott.

12. gr.

1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun.

13. gr.

Í stað orðanna „og 100. gr. laganna“ í 4. mgr. 106. gr. laganna kemur: gr. laganna og ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

14. gr.

2. málsl. 1. mgr. 108. gr. laganna orðast svo: Um meðferð mála hjá nefndinni fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

15. gr.

120. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn að vinninga í tilteknum happdrættum megi draga frá skattskyldum tekjum, sbr. 4. tölul. A-liðar 30. gr., enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

16. gr.

122. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 3. mgr. 17. gr., 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. og 4. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr., 83. gr. og 84. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1993.

17. gr.

Ákvæði laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1995. Ákvæði 6., 10., 11., 13., 14., 15. og 16. gr. koma til framkvæmda frá og með þeim tíma. Ákvæði 1. gr., c-liðar 2. gr., 3., 4. og 5. gr., a-, b-, c-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr. og 8., 9. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna og gjalda á árinu 1994 og eigna og skulda í lok þess árs og ákvörðun bóta á árinu 1995. Ákvæði a- og b-liðar 2. gr. og d- og e-liðar 7. gr. koma til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og staðgreiðslu á því ári.

18. gr.

Við lögin bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Flýtifyrningar.

a. Rekstraraðilum, sem fjárfesta í fyrnanlegum eignum á árunum 1994 og 1995, er heimilt að fyrna þær sérstakri flýtifyrningu eftir því sem nánar greinir í ákvæði þessu.

Fyrningin tekur einungis til þeirra eigna sem fjárfest hefur verið í á árunum 1994 og 1995 og færist á framtöl gjaldáranna 1995, 1996, 1997 og ef við á ársins 1998 vegna rekstrar á árunum 1994, 1995, 1996 og 1997.

Stofn til sérstakrar flýtifyrningar skal vera fyrnanlegt lausafé, mannvirki og eyðanleg náttúruauðæfi og aðrar þær eignir sem greinir í 1., 2. og 3. tölul. 32. gr. Ekki er þó heimilt að fyrna fólksbifreiðar samkvæmt ákvæði þessu.

Einungis er heimilt að fyrna þann hluta fjárfestingar í umræddum eignum sem eignfærður hefur verið á árunum 1994 og 1995, en ekki á öðrum árum þó að fjárfest hafi verið í eignunum fyrir það tímamark.

Hundraðshluti fyrningar hverrar eignar samkvæmt ákvæði þessu skal árlega vera að hámarki sá sami og greinir í 38. gr. Heimilt er að fyrna samkvæmt ákvæði þessu í þrjú ár. Færist þannig reiknuð fyrning til viðbótar öðrum fyrningum umræddra eigna og til lækkunar stofnverði þeirra, sbr. þó 45. gr. um niðurlagsverð.

b. Fyrna má sérstakri fyrirframfyrningu þær eignir sem greinir í 3. mgr. a-liðar en ekki hafa verið teknar í notkun í lok reikningsáranna 1994 og 1995. Sömu fyrningarhlutföll og sami fyrningartími og þar greinir á við um þessar eignir.
c. Ekki má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt ákvæði þessu og ekki má nota þær til þess að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

II.
Um varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt skattalögum.

Tekjufæra skal að vali skattaðila á árunum 1994 til og með 1998 varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt skattalögum og enn kann að vera fyrir hendi hjá lögaðilum. Á móti tekjufærslu varasjóðs á hverju ári samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna tekjufærðum varasjóði á árinu. Einnig er heimilt að fyrna um fjárhæð jafna tekjufærðum varasjóði á árinu sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en hafa ekki verið teknir í notkun í lok viðkomandi reikningsárs.

III.
Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna, eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lögum þessum, skal á árinu 1996 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.700.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 5.400.000 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.700.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé annað hjóna hins vegar undir 2.700.000 kr. í tekjuskattsstofni reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á álagningarárinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

IV.
Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1996 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1995. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1995 vegna tekna á árinu 1994 umfram 2.700.000 kr. hjá einstaklingi og 5.400.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á árinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. eða 2. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há og skal mismunurinn taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári.

550. Breytingartillaga [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, GÁS, IBA, SP).

Eftirfarandi breytingar verði á 17. gr.:

1. Í stað tölunnar „3.“ í 3. málsl. komi: a-liðar 3. gr.
2. Á eftir orðunum „2. gr.“ í lokamálslið komi: b-liðar 3. gr.
3. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

   Frá og með 1. janúar 1995 falla úr gildi ákvæði til bráðabirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992 og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 9/1984, með síðari breytingum.

   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

551. Breytingartillögur [278. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 5. gr. Liður 6.2 falli brott.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

   14. gr. laganna orðast svo:

   Tekjum af flugvallagjaldi skal einungis varið til framkvæmda í flugmálum, svo og snjómoksturs og viðhalds flugvalla og tækja.

552. Breytingartillaga [278. mál]

við brtt. á þskj. 451 [Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995].

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Við 2. tölul. Á eftir orðinu „húsaleigubætur“ í a-, b- og c-liðum komi: samkvæmt lögum nr. 100/1994.

553. Tillaga til þingsályktunar [344. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 30. desember 1994, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 25. janúar 1995.

554. Frumvarp til laga [278. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

(Eftir 2. umr., 30. des.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna koma ekki til framkvæmda á fyrri hluta árs 1995 og ekki á skólaárinu 1995–1996:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „1993–1994 og skólaárið 1994–1995“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1994–1995 og skólaárið 1995–1996.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

3. gr.

Við lögin bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er á árinu 1995 heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra:

a. liðveislu skv. 25. og 29. gr.,
b. félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 26. og 27. gr.,
c. kostnaðar við starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.,
d. til greiðslu rekstrarkostnaðar á sambýlum skv. 3. tölul. 10. gr. sem hafinn er rekstur á eftir 1. janúar 1995,
e. til greiðslu kostnaðar við þjónustu stuðningsfjölskyldna mikið fatlaðra barna skv. 21. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skal gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár samkvæmt grein þessari.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

4. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla og til að standa straum af kostnaði skv. 5. mgr. 22. gr. er stjórn sjóðsins heimilt að verja árlega allt að 62 m.kr. í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

5. gr.

Við 39. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skattstjórum og Tryggingastofnun ríkisins er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

6. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (IV.)

Á árinu 1994 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir.

b. (V.)

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1995, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

7. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

6.3. Ráðherra er heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.

8. gr.

10. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.–9. mgr. þessarar greinar, svo sem að færa heilsugæslustöðvar milli umdæma. Við sameiningu sveitarfélaga getur ráðherra sett reglugerð um heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar í héruðum.

9. gr.

2. tölul. ákvæða til bráðabirgða verður svohljóðandi:

2. Við sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakots, Reykjavík, undir heitinu Sjúkrahús Reykjavíkur skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipa sérstaka bráðabirgðastjórn sem tekur til starfa 1. janúar 1995. Í bráðabirgðastjórninni eiga sæti formaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, formaður yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunarinnar St. Jósefsspítala, Reykjavík, einn fulltrúi tilnefndur af Reykjavíkurborg, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal hann jafnframt vera formaður.

   Verkefni bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur skulu m.a. vera:

   a. að samþykkja rekstraráætlanir beggja spítalanna fyrir árið 1995 og sjá um að þeim verði framfylgt,
   b. að vinna að sameiningu spítalanna, þar með talið að vinna að tilfærslu verkefna milli spítalanna í samvinnu við stjórn Sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar og yfirstjórn Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, Reykjavík, þannig að hagkvæmni aukist og fjármunir nýtist betur,
   c. að vinna að undirbúningi að gerð samnings milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um verkefni spítalans og greiðslur fyrir þau,
   d. að gera tillögu um stjórnkerfi og skipan framtíðarstjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur.

   Þrátt fyrir skipun bráðabirgðastjórnarinnar skulu Borgarspítali og St. Jósefsspítali reknir sem tvær sjálfstæðar einingar í því formi sem þeir eru nú en það skal eigi hindra tilfærslu ákveðinna starfsþátta og deilda milli spítalanna. Núverandi stjórnir þessara tveggja stofnana starfa áfram þar til framtíðarstjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur tekur til starfa, eigi síðar en 1. janúar 1996.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

10. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til rekstrar flugvalla og framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

11. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af flugvallagjaldi skal einungis varið til framkvæmda í flugmálum, svo og snjómoksturs og viðhalds flugvalla og tækja.

Um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

12. gr.

3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur.

13. gr.

Lokamálsliður 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur.

14. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Um uppbót á lífeyri samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

15. gr.

Í stað „1. júlí“ í 2. mgr. 18. gr. laganna komi: 1. september.

16. gr.

Í stað orðanna „þriðja virkan“ í fyrri málsgrein 49. gr. laganna komi: fyrsta.

Um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

17. gr.

Við síðari málslið 2. mgr. 1. gr. laganna bætist: aðrar en húsaleigubætur, eftir því sem við á.

18. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú hefur einhleypingur aðrar tekjur en úr lífeyristryggingum almannatrygginga og skal sérstaka heimilisuppbótin þá skerðast krónu fyrir krónu uns hún fellur niður.

II. KAFLI

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 7. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag til Kvikmyndasjóðs og reksturs Kvikmyndasafns Íslands eigi vera hærra en 101,6 m.kr. á árinu 1995.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, er heimilt að ráðstafa 40 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til reksturs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á árinu 1995.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 4 m.kr. á árinu 1995.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1995 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1995.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1995.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1995.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1995.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liða 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1995.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. sömu laga skal innheimta 0,3% af söluvörum landbúnaðarins á árinu 1995 í stað 0,6%.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1995.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi vera hærra en 2,8 m.kr. á árinu 1995. Sjóðurinn verður lagður niður 1. júní 1995 skv. 45. gr. laga nr. 93/1994, lyfjalaga.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 21. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 88 m.kr. á árinu 1995.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 275 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1995.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 31. gr. laga nr. 23/1994, hafnalaga, skulu 94,3 m.kr. af tekjum Hafnabótasjóðs af sérstöku vörugjaldi mæta framlögum ríkissjóðs til hafnarmannvirkja.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, skal endurgreiðsla ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 21 m.kr. á árinu 1995.

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, skal framlag ríkissjóðs til refa- og minkaveiða eigi nema hærri fjárhæð en 27 m.kr. á árinu 1995. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1995 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember 1994. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí 1995 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veið-

arnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. þessarar greinar. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

555. Lög [240. mál]

um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 30. des.)

Samhljóða þskj. 517.

556. Lög [290. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. des.)

Samhljóða þskj. 549 með þessari breytingu:

17. gr. hljóðar svo:

Ákvæði laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1995. Ákvæði 6., 10., 11., 13., 14., 15. og 16. gr. koma til framkvæmda frá og með þeim tíma. Ákvæði 1. gr., c-liðar 2. gr., a-liðar 3. gr., 4. og 5. gr., a-, b-, c-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr. og 8., 9. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna og gjalda á árinu 1994 og eigna og skulda í lok þess árs og ákvörðun bóta á árinu 1995. Ákvæði a- og b-liðar 2. gr., b-liðar 3. gr. og d- og e-liðar 7. gr. koma til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og staðgreiðslu á því ári.

Frá og með 1. janúar 1995 falla úr gildi ákvæði til bráðabirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992 og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 9/1984, með síðari breytingum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

557. Lög [278. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

(Afgreidd frá Alþingi 30. des.)

Samhljóða þskj. 554 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:
3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994.

13. gr. hljóðar svo:
Lokamálsliður 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994.

14. gr. hljóðar svo:
17. gr. laganna orðast svo:
Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994 fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.
Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994 fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.
Um uppbót á lífeyri samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

558. Þingsályktun [344. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 30. des.)

Samhljóða þskj. 553.

559. Lög [334. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. des.)

Samhljóða þskj. 531.

560. Lög [327. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 30. des.)

Samhljóða þskj. 495.

561. Svar [201. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um gjaldþrot fyrirtækja.

1. Hve mörg fyrirtæki voru lýst gjaldþrota á árunum 1991, 1992 og 1993?

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun voru 420 lögaðilar á árinu 1991 úrskurðaðir gjaldþrota og 430 á árinu 1992.

Samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum voru 523 lögaðilar úrskurðaðir gjaldþrota á árinu 1993.

2. Hvar voru fyrirtækin skráð?

Ekki eru fyrir hendi öruggar upplýsingar um það hvar viðkomandi lögaðilar voru skráðir en samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum skiptust gjaldþrotaúrskurðir vegna lögaðila á árinu 1993 með þessum hætti á milli umdæma:

Dómstóll	**Úrskurðir**
Héraðsdómur Reykjavíkur	316
Héraðsdómur Reykjaness	93
Héraðsdómur Vesturlands	12
Héraðsdómur Vestfjarða	26
Héraðsdómur Norðurlands vestra	9
Héraðsdómur Norðurlands eystra	28
Héraðsdómur Austurlands	15
Héraðsdómur Suðurlands	24
Alls	523

3. Hve háar upphæðir var um að ræða í hverju sveitarfélagi og í heild yfir landið í lýstum kröfum?

Ekki eru fyrir hendi öruggar upplýsingar um hve háar upphæðir var að ræða í hverju sveitarfélagi og í heild yfir landið í lýstum kröfum.

4. Hve mörg þessara fyrirtækja hafa að mati ráðherra verið endurvakin með sömu starfsemi, sömu eigendum en undir nýju nafni?

Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir er ráðherra ekki mögulegt að leggja mat á þetta atriði.

5. Hversu stór hluti gjaldþrotanna liggur hjá þeim fyrirtækjum?

Upplýsingar þessa efnis liggja ekki fyrir.

562. Svar [216. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Elínbjargar Magnúsdóttur um staðfesta kauptryggingarsamninga fiskvinnslufólks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hafa borist margir staðfestir kauptryggingarsamningar fiskvinnslufólks á ári frá árinu 1986, sundurliðað eftir árum, fram til 31. október 1994?

Sem svar við fyrirspurninni er birt útskrift úr tölvukerfi starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar, en nefndin heyrir undir ráðuneytið og er hlutverk hennar að skipuleggja fræðslustarfsemi fiskvinnslufólks. Nefndin heldur saman afritum af kauptryggingarsamningum fiskvinnslufólks, enda er þátttaka á grunnnámskeiðum nefndarinnar bundin því skilyrði að kauptryggingarsamningur hafi verið gerður. Erfitt hefur reynst að greina upplýsingarnar eftir árum eins og óskað er eftir í fyrirspurninni. Tölvuútskriftin kemst eins nærri því og mögulegt er. Efri línan sýnir ráðna starfsmenn í hverju fyrirtæki frá 1986 til 1994 og neðri línan sýnir þá sem hætt hafa eða hefur verið sagt upp á sama tímabili. Skil á afritum kauptryggingarsamninga frá fyrirtækjum til skrifstofu starfsfræðslunefndarinnar hafa verið misgóð gegnum tíðina og því nauðsynlegt að hafa fyrirvara á túlkun þeirra upplýsinga sem í tölvuútskriftinni eru.

Fjöldi ráðninga og starfsloka á árunum 1986–94.

001 Kerfisprófun	Ráðnir (86-94)	0	1	0	1	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
102 Selfiskur hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	10	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	2	0	0	0	0	0	0
103 Sjólastöðin hf.	Ráðnir (86-94)	137	5	2	4	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	12	38	52	0	0	0	0	0
106 Grandi hf.	Ráðnir (86-94)	271	62	38	60	45	56	0	0	0
	Hættir (86-94)	6	14	171	0	0	0	0	0	0
112 Norðurstjarnan hf.	Ráðnir (86-94)	42	10	7	1	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	20	3	0	0	0	0	0
116 Ísfiskur sf.	Ráðnir (86-94)	0	3	3	8	2	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	2	0	0	0	0	0	0
123 Síldarverksmiðjur ríkisins	Ráðnir (86-94)	0	0	0	3	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
137 Sæver hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	1	0	6	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0

201 Sjófiskur hf.	Ráðnir (86-94)	62	7	7	22	1	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	4	0	0	0	0	0	0	0	0
202 Brynjólfur hf.	Ráðnir (86-94)	23	7	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
207 Garðskagi hf.	Ráðnir (86-94)	12	0	8	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	1	18	0	0	0	0	0	0
208 Hf. Miðnes	Ráðnir (86-94)	65	2	3	0	0	2	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	19	0	0	1	0	0	0
209 Jón Erlingsson hf.	Ráðnir (86-94)	20	11	4	2	2	6	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	11	5	2	0	1	0	0	0
213 Þórkötlustaðir hf.	Ráðnir (86-94)	8	12	4	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	16	0	0	0	0	0	0
216 Útvegsmiðstöðin hf.	Ráðnir (86-94)	0	10	1	7	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	5	0	0	0	0	0
220 Jón Erlingsson hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	6	1	0	4	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
222 Þór hf., fiskiðja	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	33	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
223 Þorbjörn hf.	Ráðnir (86-94)	13	16	12	12	6	35	1	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	27	1	0	0	0	0	0
224 Fiskanes hf.	Ráðnir (86-94)	39	14	15	8	1	1	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	15	0	0	0	0	0
227 Saltver sf.	Ráðnir (86-94)	15	5	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	3	1	0	0	0	0	0	0	0
228 Hælsvík s.f.	Ráðnir (86-94)	0	11	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
229 Mölvík s/f	Ráðnir (86-94)	0	4	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
235 Hóp hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	9	1	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
244 Nesfiskur hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	22	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
247 Fiskv. Kristjáns og Guðbergs	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	5	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	3	0	0	0
301 Haförninn hf.	Ráðnir (86-94)	23	3	4	35	8	13	9	8	0
	Hættir (86-94)	1	9	19	0	1	8	10	13	0

302 Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf	Ráðnir (86-94)	24	13	6	3	5	7	26	18	2
	Hættir (86-94)	0	0	13	0	0	1	0	0	0
303 Þórsnes hf.	Ráðnir (86-94)	18	6	6	7	0	6	6	6	0
	Hættir (86-94)	0	5	9	0	7	3	2	0	0
304 Frostform hf.	Ráðnir (86-94)	4	1	9	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	1	0	0	0	0	0	0	0	0
306 Jökull hf.	Ráðnir (86-94)	0	1	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
311 Haraldur Böðvarsson og Co.	Ráðnir (86-94)	99	42	23	25	24	25	11	12	4
	Hættir (86-94)	0	0	1	0	0	1	1	0	0
312 Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf.	Ráðnir (86-94)	51	9	1	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	23	0	0	0	0	0	0
313 Hraðfr.hús Soffaníasar Cecilss.	Ráðnir (86-94)	9	3	3	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
314 Hraðfrystihús Hellissands hf.	Ráðnir (86-94)	19	0	3	10	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
315 Sigurður Ágústsson hf.	Ráðnir (86-94)	4	5	4	4	7	0	18	6	3
	Hættir (86-94)	0	0	8	0	0	0	0	0	0
317 Heimaskagi hf.	Ráðnir (86-94)	69	9	7	4	13	4	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	2	16	5	1	1	0	0	0
319 Sæfang hf.	Ráðnir (86-94)	20	10	15	5	4	17	5	6	0
	Hættir (86-94)	0	0	9	0	0	17	0	0	0
320 Rækjunes hf.	Ráðnir (86-94)	6	4	2	3	12	10	2	0	3
	Hættir (86-94)	0	5	0	0	0	4	1	0	0
321 Hrói hf.	Ráðnir (86-94)	5	1	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	4	0	0	0	0	0
322 Bakki sf.	Ráðnir (86-94)	1	0	0	0	0	6	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	5	1	0
323 Fiskv. Kristján Guðm.	Ráðnir (86-94)	14	1	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
324 Kampur hf.	Ráðnir (86-94)	8	9	4	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	2	0	0	0	0	0	0
330 Fiskco hf.	Ráðnir (86-94)	0	6	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
334 Nora h.f.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	1	4	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	1	0	0	0

335 Íshákarl hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	13
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
336 Gullker	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	9
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
337 Krossvík hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	68
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	5
338 Guðmundur Runólfsson hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	2	4	12
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
339 Sjávariðjan Rifi h.f.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	3
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
401 Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf	Ráðnir (86-94)	17	23	2	0	0	0	1	0	0
	Hættir (86-94)	0	9	14	0	0	0	0	0	0
402 Fiskvinnslan á Bíldudal hf.	Ráðnir (86-94)	14	6	12	2	9	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	1	0	0	0	0	0	0
403 Hraðfrystihús Dýrfirðinga	Ráðnir (86-94)	16	19	15	1	0	1	0	1	0
	Hættir (86-94)	0	14	18	0	0	0	0	0	0
404 Fiskiðjan Freyja hf.	Ráðnir (86-94)	37	29	13	22	19	3	9	0	0
	Hættir (86-94)	1	5	30	0	0	0	0	0	0
405 Rækjustöðin hf.	Ráðnir (86-94)	10	1	1	2	8	6	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	5	0	0	0	0	0	0
406 Hjálmur hf.	Ráðnir (86-94)	40	10	2	9	12	7	2	2	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	1	0	0	0
407 Íshúsfél. Ísfirðinga hf.	Ráðnir (86-94)	67	22	22	17	11	19	11	16	8
	Hættir (86-94)	1	2	27	6	5	18	11	0	0
408 Sund sf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	3	5	1	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
410 Íshúsfélag Bolungarvíkur hf.	Ráðnir (86-94)	20	43	27	31	34	15	34	3	0
	Hættir (86-94)	0	2	1	39	32	0	3	0	0
411 Frosti hf.	Ráðnir (86-94)	0	30	4	5	8	8	12	4	0
	Hættir (86-94)	0	7	2	1	3	7	3	0	0
412 Hraðfrystihúsið hf.	Ráðnir (86-94)	22	4	7	1	8	2	10	12	5
	Hættir (86-94)	0	6	8	0	0	0	0	0	0
413 Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	Ráðnir (86-94)	13	6	4	4	1	4	4	8	0
	Hættir (86-94)	0	0	10	0	0	0	0	0	0
414 Norðurtanginn hf.	Ráðnir (86-94)	40	7	10	36	20	18	16	24	15
	Hættir (86-94)	0	0	13	0	0	0	0	0	0

415 Bakki hf.	Ráðnir (86-94)	10	1	4	6	12	8	9	1	5
	Hættir (86-94)	2	4	2	0	0	0	2	4	0
416 O.N. Olsen hf.	Ráðnir (86-94)	9	0	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
417 Niðursuðuverksmiðjan hf.	Ráðnir (86-94)	16	1	3	5	6	2	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	8	2	0	1	0	0	0
418 Saltfiskverk. Einars Guðfinnss.	Ráðnir (86-94)	0	2	0	0	4	2	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
419 Oddi hf.	Ráðnir (86-94)	0	15	2	5	6	13	6	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	1	0	0	19	0	0
420 Straumnes hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	11	5	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
424 Pórsberg hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	14	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
425 Fiskvinnsla Jakobs Valgeirs	Ráðnir (86-94)	0	0	2	0	1	0	2	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
427 Leiti h.f., fiskverkun	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	2	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
428 Fáfnir	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	35	16	13	13	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	1	0	0
429 Ritur	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	56	4	5
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
430 Þuríður hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	52	20
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
431 Básafell hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	13	23
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
432 Fiskverkun Ásbergs hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	13
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	3
501 Fiskvst. Kf. Steingrímsfjarðar	Ráðnir (86-94)	0	20	2	1	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	1	4	0	0	0	0	0
502 Hraðfrystihús Drangsness hf.	Ráðnir (86-94)	0	4	7	3	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	3	0	0	0	0	0
503 Fiskiðja Sauðárkróks hf.	Ráðnir (86-94)	54	12	6	0	0	0	1	0	0
	Hættir (86-94)	0	16	6	0	0	0	0	0	0
504 Hraðfrystihúsið hf.	Ráðnir (86-94)	20	6	7	4	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	21	1	0	0	0	0	0

505 Rækjuverksmiðjan Dögun hf.	Ráðnir (86-94)	1	0	0	0	0	13	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	1	0	0	0	0	0	0	0
506 Rækjuvinnslan hf	Ráðnir (86-94)	18	10	4	1	0	1	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	12	0	5	0	0	0	0
508 Meleyri hf.	Ráðnir (86-94)	18	12	4	0	1	2	17	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
509 Skjöldur hf.	Ráðnir (86-94)	24	6	9	0	0	10	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	13	0	0	0	0	0	0
510 Hólanes hf.	Ráðnir (86-94)	16	24	14	7	10	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	2	1	15	0	15	0	0	0	0
512 Ísafold hf.	Ráðnir (86-94)	15	10	0	1	1	1	0	0	0
	Hættir (86-94)	1	0	0	0	0	0	1	0	1
514 Þormóður rammi hf.	Ráðnir (86-94)	62	23	14	36	10	31	28	23	17
	Hættir (86-94)	1	0	1	29	0	36	22	19	23
515 Sigló hf.	Ráðnir (86-94)	17	4	0	1	23	4	2	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	1	0	0	0
518 Særún hf	Ráðnir (86-94)	0	7	3	4	0	0	0	0	1
	Hættir (86-94)	0	0	0	3	0	0	0	0	0
519 Síldarverksmiðja ríkisins	Ráðnir (86-94)	0	0	0	24	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
520 Egilssíld h.f.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	9	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	1	0	0	0	0	0	1	0	0
525 Fiskvinnslan Ígull hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	1	0	11	2
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	1
532 Fiskverkun Ásbergs hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	1
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	1
565 Fiskiðjan, Hofsósi	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	29	6	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
601 Frystihús KEA	Ráðnir (86-94)	55	20	7	18	24	19	8	25	11
	Hættir (86-94)	5	21	6	4	11	15	16	6	13
602 Fiskverkunarstöð KEA	Ráðnir (86-94)	26	18	3	8	9	4	0	5	4
	Hættir (86-94)	0	20	0	3	0	0	0	0	0
603 Útgerðarfélag Akureyringa hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	5	1	3	16	9	9
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	2	6	2	5
604 Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	Ráðnir (86-94)	143	36	20	18	10	8	7	2	0
	Hættir (86-94)	7	21	21	34	0	0	0	0	0

605 Korri h.f.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	4	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
607 Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	Ráðnir (86-94)	31	28	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
608 Sólrún hf.	Ráðnir (86-94)	9	0	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
609 Árver hf.	Ráðnir (86-94)	7	1	11	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	2	0	0	0	0	0	0
610 Kaldbakur hf.	Ráðnir (86-94)	24	4	6	5	13	16	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	8	4	6	0	0	0	0	0
611 Fiskiðja Raufarhafnar	Ráðnir (86-94)	14	16	3	8	14	9	0	0	0
	Hættir (86-94)	1	7	9	1	3	3	0	0	0
612 Útgerðarfél. Akureyringa hf.	Ráðnir (86-94)	121	12	39	49	70	68	87	89	17
	Hættir (86-94)	0	0	46	14	41	27	37	42	58
613 Hraðfrystih. Ólafsfjarðar hf.	Ráðnir (86-94)	29	5	4	35	3	12	13	19	10
	Hættir (86-94)	1	13	5	0	0	0	0	0	1
614 Bliki hf.	Ráðnir (86-94)	2	0	0	0	1	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	1	0	0
616 Söltunarfélag Dalvíkur hf.	Ráðnir (86-94)	17	3	0	0	0	2	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	3	0	0	0	0	0	0
617 Fiskverkun Jóhannesar og Helga	Ráðnir (86-94)	10	0	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
618 Fiskverkun Sæunnar Axels	Ráðnir (86-94)	31	3	4	2	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
619 Sigvaldi Þorleifsson hf.	Ráðnir (86-94)	12	1	0	10	0	4	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	4	0	0	0	0	0	0
630 Hraðfr.hús Ólafsfj. fiskimjöl	Ráðnir (86-94)	0	0	0	4	6	2	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
633 Síldarverksmiðja ríkisins	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	2	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
634 Laugafiskur h.f.	Ráðnir (86-94)	0	0	1	0	2	0	0	0	19
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
635 Strýta	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	56
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
671 Gefla hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	17	1
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0

701 Tangi hf.	Ráðnir (86-94)	55	10	17	17	4	9	1	0	0
	Hættir (86-94)	2	1	0	29	0	7	0	0	0
702 Hraðfr.hús Kf.Héraðsbúa	Ráðnir (86-94)	2	0	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	1	0	0	0	0	0	0	0
703 Hraðfr.hús Kf.Héraðsbúa	Ráðnir (86-94)	13	7	3	5	1	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	2	2	0	0	0	0	0	0
704 Hraðfr.hús Kf.Héraðsbúa	Ráðnir (86-94)	37	8	5	17	2	4	4	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	15	0	0	0	0	0
705 Hraðfrystihús Fáskrúðsfj. hf.	Ráðnir (86-94)	48	1	33	18	0	0	2	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	16	0	0	0	0	0	0
706 Hraðfrystihús Stöðvarfj. hf.	Ráðnir (86-94)	19	6	0	16	0	4	51	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	11	0	0	0	0	0	0
707 Hraðfrystihús Breiðdælinga hf.	Ráðnir (86-94)	9	12	25	2	13	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	3	11	12	3	0	0	0	0	0
708 Búlandstindur hf.	Ráðnir (86-94)	0	3	10	26	16	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	2	1	0	0	0	0
709 Fiskvst. KASK	Ráðnir (86-94)	68	22	20	11	38	66	15	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	38	0	0	0	0	0	0
711 Hraðfrystih. Eskifjarðar hf.	Ráðnir (86-94)	24	23	18	39	30	18	20	9	0
	Hættir (86-94)	0	0	11	0	0	0	0	0	0
712 Gunnatstindur	Ráðnir (86-94)	53	20	10	0	1	0	3	10	2
	Hættir (86-94)	0	0	5	0	0	0	0	0	0
715 Pólarsíld hf.	Ráðnir (86-94)	12	0	1	1	0	0	2	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
716 Síldarvinnslan hf.	Ráðnir (86-94)	73	77	4	41	1	0	0	0	4
	Hættir (86-94)	0	1	0	0	0	0	0	0	0
720 Friðþjófur hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	1	1	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
721 Skinney hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	9	0	0	27	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
724 Síldarverksmiðjur ríkisins	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	1	7
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
726 Hraðfr.hús Eskifj. fiskimjöl	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	1	0	0	0	1
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
727 Síldarverksmiðja ríkisins	Ráðnir (86-94)	0	0	2	0	1	0	0	0	4
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0

729 Borgey hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	7	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
802 Hraðfrystistöð Vestmannaeyja	Ráðnir (86-94)	40	16	9	24	18	19	0	0	0
	Hættir (86-94)	1	8	13	8	0	21	0	0	0
803 Ísfélag Vestmannaeyja hf.	Ráðnir (86-94)	55	9	11	19	23	26	15	0	0
	Hættir (86-94)	0	1	20	0	11	26	3	0	0
804 Vinnslustöðin hf.	Ráðnir (86-94)	66	19	16	18	20	14	26	32	9
	Hættir (86-94)	0	0	38	0	0	1	0	0	0
805 Fiskimjölsverksmiðjan	Ráðnir (86-94)	26	11	5	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	1	15	23	0	0	0	0	0	0
806 Fiskiðjan hf.	Ráðnir (86-94)	67	11	14	27	14	22	2	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	34	0	1	0	0	0	0
807 Lifrarsamlag Vestmannaeyja	Ráðnir (86-94)	10	7	7	2	3	22	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	6	0	0	0	0	0	0
812 Frostver h.f.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	2	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
814 Gustur hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	12	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
901 Meitillinn hf.	Ráðnir (86-94)	53	27	5	0	17	12	68	23	17
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
903 Glettingur hf.	Ráðnir (86-94)	19	13	3	0	44	6	1	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	19	0	0	0	0	0	0
904 Bakkafiskur hf.	Ráðnir (86-94)	10	28	10	6	14	6	0	1	0
	Hættir (86-94)	2	11	9	7	0	8	0	0	0
905 Hraðfrystihús Stokkseyrar hf.	Ráðnir (86-94)	43	5	14	9	11	4	3	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	18	8	7	4	0	0	0
906 Suðurvör hf.	Ráðnir (86-94)	0	11	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
907 Bjarg sf	Ráðnir (86-94)	5	0	0	0	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	5	0	0	0	0	0	0
909 Hafnarberg hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	1	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
910 Óseyrarnes h.f.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	6	0	0	0	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
911 Árnes hf.	Ráðnir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	2
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0

999 Kerfisprófun	Ráðnir (86-94)	0	0	0	1	1	0	1	0	0
	Hættir (86-94)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
=== Samtals	Ráðnir (86-94)	2995	1153	755	962	850	799	735	499	405
	Hættir (86-94)	47	268	1006	310	144	219	145	87	111

563. Svar [225. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

1. *Hvaða verkefni hafa verið flutt frá ríki til sveitarfélaga árin 1991 til og með 1994,*
   a. í samræmi við lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga,
   b. í framhaldi af öðrum samþykktum eða lagabreytingum?

Eina breytingin á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem gerð hefur verið á þessum árum, átti sér stað í framhaldi af samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin tækju að sér að annast akstur fatlaðra barna í grunnskóla og á móti tæki ríkið að sér að greiða allan kostnað af rekstri Unglingaheimilis ríkisins og meðferðarheimilisins að Torfastöðum. Áður höfðu sveitarfélögin greitt daggjöld vegna vistunar unglinga á þessum heimilum. Lög til staðfestingar á þessari verkaskiptingu tóku gildi 1. janúar 1993.

2. *Hver er heildarkostnaður sveitarfélaganna af þessum verkefnum árin 1991 til og með 1994,*
   a. kostnaður allra sveitarfélaga,
   b. kostnaður Reykjavíkurborgar,
   c. kostnaður á hvern kaupstað?

a. Kostnaður allra sveitarfélaga við akstur fatlaðra barna í grunnskóla árið 1993 var um 45.940.000 kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað á árinu 1994.

b. Kostnaður Reykjavíkurborgar árið 1993 var 25.992.247 kr.

c. Kostnaður á hvern kaupstað árið 1993, en kostnaður leggst aðallega á þau sveitarfélög þar sem sérskólar eru staðsettir:

	Krónur
Reykjavíkurborg	25.992.247
Kópavogur	3.265.505
Hafnarfjörður	3.540.070
Garðabær	680.924
Mosfellsbær	2.178.224
Seltjarnarnes	135.453
Bessastaðahreppur	135.453
Sveitarfélög á Suðurnesjum	5.102.075
Akureyri (áætl. 1994)	4.500.000
Önnur sveitarfélög	410.018
Samtals	**45.939.969**

Í aðdraganda að þessari breyttu verkaskiptingu á árinu 1992 hafði verið áætlað að akstur fatlaðra grunnskólabarna kostaði um 42–46 millj. kr. og að útgjöld sveitarfélaga vegna vistunar barna á meðferðarheimilunum kostaði um 42 millj. kr.

3. *Hvaða tekjustofnar hafa verið færðir frá ríki til sveitarfélaga árin 1991 til og með 1994 og*
   a. hver er heildartekjuaukning sveitarfélaga af þessu,
   b. hverjar eru tekjur Reykjavíkurborgar og
   c. hverjar eru tekjur hvers kaupstaðar?

Í tengslum við niðurfellingu aðstöðugjalds á árinu 1993 og niðurfellingu landsútsvars á árinu 1994 fengu sveitarfélögin á árinu 1993 framlög frá ríkissjóði sem numu 80% af álögðu aðstöðugjaldi á því ári. Á árinu 1994 gekk í gildi breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem heimilað var að hækka hámarksútsvar um 1,7 prósentustig úr 7,5% í 9,2%. Einnig var sveitarfélögunum heimilað að hækka fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði úr 1,25% í 1,40% eða um 0,15 prósentustig. Þá var heimild til að leggja á sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði færð frá ríki til sveitarfélaga en álagningarprósentan lækkuð úr 1,5% í 1,25%. Framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga var jafnframt hækkað um 0,227% af útsvarsstofni en hluti landsútsvars rann áður í Jöfnunarsjóð. Framlag ríkisins í stað aðstöðugjalds á árinu 1993 féll niður samhliða þessum breytingum er tóku gildi 1994.

Reiknað var með að þessar breytingar leiddu til þess að í heildina yrðu sveitarfélögin jafnsett miðað við heildarinnheimtu af álögðu aðstöðugjaldi.

a. Ekki er rétt að tala um tekjuaukningu sveitarfélaga af þessum breytingum þar sem sveitarfélögin innheimtu ekki aðstöðugjald á árunum 1993 og 1994.

Til að mæta niðurfellingu aðstöðugjaldsins má áætla að tekjur sveitarfélaganna hefðu hækkað sem hér kemur fram ef öll sveitarfélög hefðu nýtt rýmkaðar álagningarheimildir að fullu á árinu 1994 sem þau gerðu alls ekki.

	Millj. kr.
1993:	
Framlög ríkisins (80% af álögðu aðstöðugjaldi)	4.048
1994:	
Heimild til hækkunar útsvars	3.942
Heimild til hækkunar fasteignaskatts	282
Heimild til álagningar skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði Álagning: 521 millj. kr. Áætluð afföll við innheimtu: 77 millj. kr.	444
Hækkað framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	526
Landsútsvar fellt niður árið 1994	–622
Samtals	4.572

Af framangreindu má ráða að ef sveitarfélögin hefðu nýtt þessar heimildir að fullu árið 1994 hefðu rauntekjur þeirra aukist miðað við það framlag er þau fengu úr ríkissjóði 1993. Í þessu sambandi verður að líta til þess að álögð gjöld innheimtast aldrei að fullu og að framlagið vegna aðstöðugjaldsins var miðað við 80% af álagningu 1993. Jafnframt má geta þess að álagt aðstöðugjald 1993 fyrir rekstrarárið 1992 var í lágmarki vegna samdráttar í atvinnulífinu á því ári.

b–c. Mjög erfitt er að sundurliða áhrif þessara breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga á einstök sveitarfélög þar sem þau nýttu rýmkaðar heimildir með mjög misjöfnum hætti. Í heildina talið áttu sveitarfélögin að verða nálægt því jafnsett hvað tekjur varðar og tekjur þeirra jöfnuðust mjög mikið sem þýddi að þau sveitarfélög, sem höfðu háar tekjur af aðstöðugjaldi, lækkuðu í tekjum en önnur sveitarfélög juku tekjur sínar.

4. *Hverjar eru þær laga- og reglugerðarbreytingar, gerðar á árunum 1991–1994, sem hafa í för með sér aukna skatta á sveitarfélögin eða annan kostnaðarauka en um getur í 1., 2. og 3. lið? Um hve háar upphæðir er að ræða:*
   a. heildarálögur allra sveitarfélaga,
   b. auknar álögur á Reykjavíkurborg og
   c. auknar álögur á kaupstaði, skipt niður á einstaka kaupstaði?

Kostnaðarauki sveitarfélaga 1992–1994 vegna breytinga á lögum og reglugerðum (í millj. kr.):

	1992	1993	1994	Samtals
Framlag v/löggæslu	600			600
Framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð.		500	600	1.100
Skerðing á framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga		110		110
Aukinn kostnaður sveitarfélaga vegna átaksverkefna		300	500	800
Annað:				
Gjaldskrá Fasteignamats ríkisins	35	35	35	105
3,5% gjald vegna Byggingarsjóðs ríkisins	116	116	116	348

a. Samtals kostnaðarauki sveitarfélaga 1992–1994 (í millj. kr.):

	1992	1993	1994	Samtals
Samtals	751	1.061	1.251	3.063

Til viðbótar þeim fjárhæðum sem hér eru tilgreindar hafa verið gerðar fleiri breytingar á lögum og reglugerðum og fjárhagslegum samskiptum ríkissjóðs og sveitarfélaga sem leitt hafa til aukins kostnaðar sveitarfélaga. Í því sambandi má nefna lækkun á endurgreiðslum vegna skipulagsmála og refa- og minkaeyðingar og ákvæði reglugerða um umhverfismál.

b–c. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig kostnaðaraukinn skiptist á einstök sveitarfélög, en þyngstu álögurnar voru lagðar á eftir íbúafjölda í sveitarfélögunum. Lægri fjárhæðir á hvern íbúa voru þó kraföar af sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

564. Svar [171. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um laun og önnur starfskjör bæjarstjóra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru laun og önnur starfskjör bæjarstjóra, sundurliðað eftir sveitarfélögum? Óskað er svofelldrar sundurliðunar:*
   a. umsamin mánaðarlaun,
   b. yfirvinna, unnin eða óunnin,
   c. aðrar umsamdar greiðslur samtals, svo sem bílastyrkur, risna og símakostnaður.

2. *Í hvaða lífeyrissjóð er greitt?*
3. *Hver eru uppsagnar- og starfslokaákvæði?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Bæjarstjórar eru ekki í stéttarfélögum bæjarstarfsmanna eða öðrum stéttarfélögum sem semja um laun fyrir sína félagsmenn. Hver einstök bæjarstjórn/bæjarráð gerir því sérstakan samning um starfskjör bæjarstjóra í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Það er í valdi viðkomandi sveitarstjórnar hvort upplýsingar eru gefnar um slíka samninga og hvort þeir séu gerðir opinberir.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga liggja því ekki fyrir neinar upplýsingar um starfskjör bæjarstjóra.

565. Svar [170. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um tekjur og gjöld vatnsveitna í kaupstöðum árið 1993.

1. *Hverjar voru tekjur vatnsveitna í hverjum kaupstað landsins á síðasta ári samkvæmt ársreikningi og hverjar voru þær tekjur samtals hjá öllum kaupstöðunum?*
2. *Hver voru útgjöld vatnsveitna í hverjum kaupstað á síðasta ári samkvæmt ársreikningi, þ.e. samanlögð rekstrargjöld og fjárfesting, og hver voru útgjöldin samtals í öllum kaupstöðunum?*
3. *Hver er mismunur tekna skv. 1. lið og útgjalda skv. 2. lið og hvað er mismunurinn hátt hlutfall af vatnsgjaldi ársins, hvort tveggja reiknað fyrir hverja vatnsveitu fyrir sig?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Rekstur vatnsveitna kaupstaðanna 1993

Kaupstaður/bær	Tekjur	Rekst.gj.	Fjárfest.	Gjöld samt.	Tekj.- gjöld mismunur	Mism. sem hlutfall af tekjum
Reykjavík	606.612.638	461.447.691	262.517.995	723.965.686	-117.353.048	-0,19
Kópavogur	109.164.000	29.873.000	20.323.000	50.196.000	58.968.000	0,54
Seltjarnarnes	22.073.375	14.612.663	797.217	15.409.880	6.663.495	0,30
Garðabær	39.922.653	11.161.208	184.630	11.345.838	28.576.815	0,72
Hafnarfjörður	94.002.509	16.160.000	38.705.000	54.865.000	39.137.509	0,42
Mosfellsbær	30.539.466	23.612.778	3.812.162	27.424.940	3.114.526	0,10
Vatnsv. Suðurnes.	45.825.745	34.578.447	8.403.728	42.982.175	2.843.570	0,06
Grindavík	10.514.643	6.003.854	137.925	6.141.779	4.372.864	0,42
Sandgerði	2.905.756	2.691.297	1.029.620	3.720.917	-815.161	-0,28
Akranes	32.335.163	9.975.176	3.346.902	13.322.078	19.013.085	0,59
Ólafsvík	5.803.597	2.392.544	0	2.392.544	3.411.053	0,59
Borgarnes	12.558.493	9.900.952	98.595	9.999.547	2.558.946	0,20
Stykkishólmur	13.728.228	2.268.603	6.547.106	8.815.709	4.912.519	0,36
Ísafjörður	31.593.630	14.076.577	16.094.804	30.171.381	1.422.249	0,05
Bolungarvík	6.440.158	1.844.514	0	1.844.514	4.595.644	0,71
Siglufjörður	10.628.664	4.778.474	1.865.508	6.643.982	3.984.682	0,37
Sauðárkrókur	17.355.882	11.007.371	4.935.786	15.943.157	1.412.725	0,08
Blönduósbær	11.134.366	6.205.949	555.173	6.761.122	4.373.244	0,39
Akureyri	105.850.392	135.383.216	15.181.996	150.565.212	-44.714.820	-0,42
Húsavík	21.368.029	8.191.806	18.260.814	26.452.620	-5.084.591	-0,24
Ólafsfjörður	8.176.786	3.414.398	0	3.414.398	4.762.388	0,58
Dalvík	18.290.065	9.997.201	0	9.997.201	8.292.864	0,45
Seyðisfjörður	6.938.527	6.893.857	1.115.005	8.008.862	-1.070.335	-0,15
Neskaupstaður	13.436.000	5.758.000	622.000	6.380.000	7.056.000	0,53
Eskifjörður	15.618.389	5.720.760	249.055	5.969.815	9.648.574	0,62
Egilsstaðabær	6.067.000	1.607.000	1.237.000	2.844.000	3.223.000	0,53
Höfn	16.081.617	4.818.508	870.598	5.689.106	10.392.511	0,65
Vestmannaeyjar	38.509.912	30.280.524	5.900.206	36.180.730	2.329.182	0,06
Selfoss	23.647.294	4.327.847	9.992.187	14.320.034	9.327.260	0,39
Hveragerði	9.423.773	5.698.427	3.090.702	8.789.129	634.644	0,07
Samtals	1.386.546.750	884.682.642	425.874.714	1.310.557.356	75.989.394	0,05

566. Tillaga til þingsályktunar [345. mál]

um einkanúmer á ökutæki.

Flm.: Árni Johnsen, Sturla Böðvarsson, Egill Jónsson,
Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni R. Árnason,
Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að gefa nú þegar út reglugerð sem heimilar einkanúmer á ökutæki og að sérstakt gjald á einkanúmer verði notað sem fjáröflun til að efla og auka umferðaröryggi.

Greinargerð.

Eftir að fastnúmerakerfi á bílum var tekið upp hefur komið í ljós að mikill áhugi er á að menn geti valið sér númer á bíla sína. Tillögur á Alþingi hafa líka sýnt að margir sakna gömlu skráningarmerkjanna sem höfðu fylgt einstaklingum eða fjölskyldum í langan tíma. Einnig hafa Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið sýnt málinu áhuga.

Í núverandi fastnúmerakerfi er ekki hægt að koma til móts við þessar óskir vegna þess að bílum er langoftast úthlutað númeri áður en vitað er hver verður eigandinn og síðan fylgir númerið bílnum þrátt fyrir eigendaskipti. Auk þessa væri óskipulögð númeraúthlutun óheppileg því að henni fylgir klíkuskapur, tortryggni, brask, öfund og aðkast eins og reynslan sýnir.

Til þess að ráða bót á þessu væri hægt að taka upp svipað kerfi hér yfir *einkanúmer* og víða er í nágrannalöndunum, t.d. Svíþjóð, Danmörku og Bandaríkjunum. Í þessu kerfi yrði einstaklingum boðið, gegn sérstöku gjaldi, að hafa sjálfvalið skráningarnúmer á bíl sínum sem er annað en fastnúmerið. Í fréttabréfi Bifreiðaskoðunar Íslands hafa þeir Karl Ragnars og Högni Eyjólfsson gert grein fyrir hugmyndum um notkun einkanúmera en til þess að einkanúmer verði að veruleika þarf dómsmálaráðuneytið að gefa út reglugerð sem heimilar slíka notkun.

Útlit númeranna.

Númerin verði á sams konar spjöldum og fastnúmerin eru nú og eins á litinn. Þau verði 1–6 stafir á lengd, frjáls samsetning bókstafa og tölustafa og eyður einnig leyfðar. Þó verði samsetningin tveir bókstafir — eyða — þrír tölustafir ekki leyfð þar sem hætta væri á ruglingi við fastnúmer. Ekki væru heldur leyfð skrásett vörumerki nema með leyfi eigenda þeirra. Einnig mundu ákveðnar siðareglur gilda um orð á númeraplöturnar. Leyfðir yrðu íslenskir bókstafir og má gera ráð fyrir að stutt íslensk mannanöfn, eins og Davíð, Jón 4, Gunnar o.s.frv., verði vinsæl á bílum. Á þennan hátt er einnig hægt að mynda sömu skráningarnúmer og menn áttu í gamla kerfinu, t.d. V 100, R 1234 eða P 500. Þó mætti ekki nota slík númer ef sama skráningarnúmer er enn á bíl í gamla kerfinu sem ekki hefur verið afskráður.

Einkaúmeraspjöldin yrðu frábrugðin fastnúmeraspjöldum að einu leyti. Upphleypti reiturinn, sem er í miðju númeri og ætlaður fyrir skoðunarmiða, yrði ekki á þessum spjöldum. Í stað hans yrði reiturinn lengst til vinstri notaður fyrir skoðunarmiða og því er ekki hægt að hafa heimamerki á þessum spjöldum. Verksmiðjunúmer og fastnúmer yrði þrykkt á spjöldin með litlum stöfum hliðstætt því sem gert er á sendiráðsnúmerum.

Umskráningar.

Þegar bíleigandi fengi einkanúmer afhent yrði hann að skila fastnúmeraspjöldum sem fyrir eru á bílnum, þ.e. ef ekki er um að ræða nýjan bíl. Þegar bíllinn er seldur eru eigendaskipti ekki skráð fyrr en búið er að panta nýjar fastnúmeraplötur eða önnur einkanúmer. Seljandinn getur síðan flutt einkanúmer sín yfir á annan bíl, en áður en það er gert þarf að þrykkja nýtt verksmiðjunúmer og fastnúmer í litlum stöfum á spjöldin.

Hægt verði að leggja einkanúmer inn til geymslu eins og önnur númer og verða þau geymd allt að einu ári. Hver einstaklingur má ekki eiga nema eitt númerapar í geymslu og má þar að auki ekki eiga fleiri einkanúmer en bíla. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir brask með góð einkanúmer.

Kostnaður.

Gert er ráð fyrir hærra stofngjaldi einkanúmera en fastra númera á bíla. Í sumum löndum, þar sem boðið er upp á einkanúmer, eru þau margfalt dýrari en föstu númerin, allt að 10–20 sinnum dýrari. Sérstaða Íslands er margvísleg. Samfélagið hér er mun persónulegra en í fjölmennari löndum og stéttaskipting er ekki í eðli Íslendinga eins og svo margra þjóða sem við þekkjum, jafnvel nágranna- og frændþjóða, og í ljósi þess er ekki boðlegt að hafa verð á einkanúmerum það hátt að þau verði einhver forréttindi þeirra hæst launuðu í þjóðfélaginu. Jafnframt má benda á að gamla númerakerfið var mun persónulegra en það nýja, menn fylgdust með bílunum eins og vinum og vandamönnum og á margan hátt létti það númerakerfi Íslendingum að hafa persónulegt samband sem skiptir þá svo miklu máli. Með einkanúmerakerfi eins og hér er getið um er unnt að koma til móts við óskir margra Íslendinga í þessum efnum. Lagt er til að gjald fyrir einkanúmer verði tvisvar til þrisvar sinnum hærra en fyrir fastnúmer eða um 10–15 þús. kr. og jafnframt er lagt til að tekjur af einkanúmerum renni til þess að efla og auka umferðaröryggi.

567. Svar [167. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um kostnað við sameiningu sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver varð kostnaður við störf nefndar þeirrar sem starfaði á árinu 1991 og var falið að gera samræmdar tillögur um æskilega breytingu á skiptingu landsins í sveitarfélög?*
2. *Hver varð kostnaður við störf svonefndrar sveitarfélaganefndar sem skipuð var 26. febrúar 1992 og lauk störfum 26. maí 1993?*

3. *Hve mikill er kostnaður til þessa við störf samráðsnefndar um sameiningu sveitarfélaga sem skipuð var 16. júní 1993?*
4. *Hve mikill er kostnaður til þessa við störf verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga sem skipuð var í júní 1993?*
5. *Hver varð kostnaður við störf umdæmanefndanna, sem skipaðar voru samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1993, hverrar fyrir sig og samtals, samkvæmt framlögðum reikningum umdæmanefndanna?*
6. *Hver varð kostnaður sveitarfélaganna af kosningum um sameiningu sveitarfélaga 20. nóvember 1993 og öðrum kosningum í kjölfar þeirra, sundurliðaður eftir kjördæmum?*
7. *Hver varð kostnaður ráðuneytisins við átak um sameiningu sveitarfélaga á síðasta ári og þessu og hverjir eru helstu liðir þess kostnaðar?*

Óskað er svofelldrar sundurliðunar í 1.–4. tölul:

a. *Þóknun til nefndarmanna.*
b. *Kostnaður við ferðir og gistingu.*
c. *Laun starfsmanna ef einhver eru.*
d. *Verktakagreiðslur ef einhverjar eru og skal þá tilgreint hver verktakinn er og verkefni hans.*
e. *Auglýsingakostnaður.*
f. *Prentun og annar útgáfukostnaður.*
g. *Annar kostnaður áður ótalinn.*

Svör við einstökum liðum birtast í eftirfarandi töflum. Leitað var svara við 5. og 6. lið hjá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Ekki þykir rétt að sundurliða verktakagreiðslur niður á einstaka verktaka eins og beðið er um í fyrirspurninni.

Rétt þykir að benda á að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Framlög þessi eru veitt á grundvelli 114. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Yfirlit um þessi framlög eru birt í árbók sveitarfélaga.

1.

1991:	
a. Þóknun til nefndarmanna	1.578.148
b. Kostnaður við ferðir og gistingu	2.168.161
d. Verktakagreiðslur	2.490.355
e. Auglýsingakostnaður	42.514
g. Fundakostnaður og annar kostnaður	409.937
Samtals	**6.689.115**

2.

1992:	
a. Þóknun til nefndarmanna	645.330
b. Kostnaður við ferðir og gistingu	1.447.268
d. Verktakagreiðslur	3.102.933
f. Prentun og annar útgáfukostnaður	928.667
g. Fundakostnaður og annar kostnaður	593.076
Samtals	**6.717.247**

1993:

a. Þóknun til nefndarmanna	1.060.812
b. Kostnaður við ferðir og gistingu	359.010
d. Verktakagreiðslur	139.010
f. Prentun og annar útgáfukostnaður	340.294
g. Fundakostnaður og annar kostnaður	304.734
Samtals	**2.203.860**

3.

1993:

a. Þóknun til nefndarmanna	977.330
b. Kostnaður við ferðir og gistingu	1.144.954
d. Verktakagreiðslur	8.259.685
e. Auglýsingakostnaður	504.075
f. Prentun og annar útgáfukostnaður	20.946
g. Fundakostnaður og annar kostnaður	827.830
Samtals	**11.734.820**

1994:

a. Þóknun til nefndarmanna	244.213
b. Kostnaður við ferðir og gistingu	392.777
e. Auglýsingakostnaður	226.819
g. Fundakostnaður og annar kostnaður	137.130
Samtals	**1.000.939**

4.

1993:

b. Kostnaður við ferðir og gistingu	906.758
d. Verktakagreiðslur	724.416
g. Fundakostnaður og annar kostnaður	39.630
Samtals	**1.670.804**

1994:

b. Kostnaður við ferðir og gistingu	466.106
d. Verktakagreiðslur	1.502.195
e. Auglýsingakostnaður	27.953
f. Prentun og annar útgáfukostnaður	296.062
g. Fundakostnaður og annar kostnaður	246.229
Samtals	**2.538.545**

5.

Umdæmanefnd Suðurnesja	4.195.818
Umdæmanefnd Reykjavíkur	4.455.119
Umdæmanefnd Vesturlands	3.178.012
Umdæmanefnd Vestfjarða	3.377.413
Umdæmanefnd Norðurlands vestra	5.002.502
Umdæmanefnd Norðurlands eystra	3.482.831
Umdæmanefnd Austurlands	3.454.434
Samtals	**27.146.129**

6.	
Norðurlandskjördæmi eystra	3.753.057
Austurlandskjördæmi	2.283.400
Samtals	**6.036.457**
Upplýsingar hafa ekki borist úr öðrum kjördæmum.	

7.	
1993:	
e. Auglýsingakostnaður	1.200.000

568. Tillaga til þingsályktunar [346. mál]

um nýtt mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi.

Flm.: Guðni Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Eggert Haukdal, Árni Johnsen, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ítarlega úttekt á íbúðarhúsum, atvinnuhúsnæði og öðrum mannvirkjum á Suðurlandi með tilliti til jarðskjálftahættu. Í framhaldi af slíkri úttekt verði gerð áætlun um úrbætur til að styrkja eða úrelda mannvirki sem talin eru ótraust. Jarðskjálfta- og jarðfræðingum verði falið að kortleggja nákvæmlega svæði með tilliti til staðbundinnar jarðskjálftahættu, svo sem staði þar sem hætta er á sprungum á yfirborði í jarðskjálftum og staði þar sem laus yfirborðslög geta magnað upp áhrif þegar jarðskjálftar verða. Að þessu verði unnið í samstarfi við sveitarfélög á Suðurlandi.

Greinargerð.

Þótt farið sé eftir byggingarstaðli við byggingu húsa er ekki öruggt að þau muni þola stóran jarðskjálfta. Þekkingunni sem byggingarstaðlar eru grundaðir á fleygir stöðugt fram og oft mundu menn hafa byggt öðruvísi hér áður fyrr ef þekkingin hefði verið meiri. Þá er ekki ólíklegt að stundum hafi reglugerðum ekki verið fylgt nægilega vel eftir við gerð húsa og undirstöðu þeirra. Einnig eru dæmi um að burðarvirki húsa hafi verið veikt með breytingum eftir byggingartíma. Markmiðið með úttektinni er að finna veika hlekki eða slysagildrur út frá þeirri þekkingu sem best gerist nú. Með úrbótum á grundvelli slíkrar úttektar má draga úr því tjóni sem af stórum skjálfta gæti hlotist.

Þekkingu á jarðskjálftasvæði Suðurlands hefur mjög fleygt fram á síðari árum. Gert hefur verið áhættumat sem byggir á sögulegri reynslu og almennri þekkingu á eðli Suðurlandssvæðisins. Þetta áhættumat er gróft í þeim skilningi að það tekur ekki til staðbundinna frávika sem geta verið veruleg innan svæðisins. Sprungur hafa verið kortlagðar, og um sumar er vitað að þær hafa breyst í stórum jarðskjálftum. Með nýrri tækni er unnt að meta staðbundin frávik frá almennu áhættunni á svæðinu. Með nýja jarðskjálftamælanetinu, svokölluðu SIL-kerfi, er unnt að rekja virkar sprungur neðan jarðar þótt þær

sjáist ekki á yfirborði sem og að finna spennustefnu, hvort tveggja út frá mælingum á smáskjálftum. Þá er einnig unnt með staðbundnum mælingum og jarðfræðilegu mati að finna staði þar sem líkur eru á að jarðskjálftabylgjur frá stórum skjálftum muni geta magnast upp.

569. Fyrirspurn [347. mál]

til fjármálaráðherra um krónutöluhækkun á laun.

Frá Hermanni Níelssyni.

Telur ráðherra koma til greina að veita samninganefnd ríkisins heimild til að semja um krónutöluhækkun á laun í stað prósentuhækkunar launa í komandi kjarasamningum?

570. Fyrirspurn [348. mál]

til forsætisráðherra um stofnun sérstaks nýsköpunarráðuneytis.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Hefur komið til greina eða til umræðu í ríkisstjórninni að stofna sérstakt nýsköpunarráðuneyti sem hefði með höndum aðstoð við frumkvöðla í nýsköpun atvinnutækifæra, legði mat á arðsemismöguleika og veitti styrki, víkjandi lán eða aðra aðstoð þeim sem líklegastir væru til að ná árangri í verðmætasköpun fyrir þjóðfélagið?
2. Áætlar ríkisstjórnin að beita sér frekar fyrir sérstökum aðgerðum til þess að styðja við nýsköpun í atvinnulífinu?

571. Fyrirspurn [349. mál]

til forsætisráðherra um nýsköpun og atvinnumál.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Hvaða þróunarstarf á sér stað sem stuðlar að aukinni samkeppnishæfni íslenskrar framleiðslu á erlendum mörkuðum?
2. Hverjir hafa slíka starfsemi með höndum á vegum einstakra ráðuneyta og hvert er hlutverk þeirra?
3. Hvernig stuðla stjórnvöld að aukinni framleiðni íslenskra fyrirtækja, auknum gæðum vinnuafls og framleiðslu, ásamt því að bæta almenn skilyrði fyrirtækja í landinu?
4. Hve mörg atvinnutækifæri telja stjórnvöld að verði til á næstu fimm árum þegar ljóst er að fjölga þarf störfum í landinu um 20 þús. störf ef útrýma á með öllu atvinnuleysi í landinu?

5. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að stofnað verði sérstakt atvinnumálaráðuneyti?

572. Fyrirspurn [350. mál]

til samgönguráðherra um ferðaþjónustu.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Hvaða markvissar aðgerðir hafa átt sér stað til eflingar ferðaþjónustu svo að hún megi verða ein af aðalatvinnugreinum þjóðarinnar?
2. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um framtíðaruppbyggingu greinarinnar?

573. Fyrirspurn [351. mál]

til menntamálaráðherra um sameiningu og samstarf Alþýðuskólans á Eiðum og Menntaskólans á Egilsstöðum.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Hvert er hlutverk þeirrar nefndar sem ráðherra skipaði nýverið til þess að vinna að samstarfi framhaldsdeildanna á Eiðum og Menntaskólans á Egilsstöðum?
2. Hver er afstaða ráðherra til samnýtingar á kennsluhúsnæði og kennslu?
3. Hvernig eru samskiptin hugsuð með tilliti til kennslu í áföngum, kjarnagreinum og valgreinum?
4. Hvenær mun ákvörðun um samstarf skólanna liggja fyrir með tilliti til kennslu í haust?
5. Hver verður staða Alþýðuskólans á Eiðum ef ekki verður af því samstarfi sem nú er í undirbúningi?

574. Fyrirspurn [352. mál]

til fjármálaráðherra um úboðsstefnu ríkisins.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Er að vænta breytinga á útboðsstefnu ríkisins, t.d. á sviði vegagerðar, viðhalds eigna og nýbygginga?
2. Hver er afstaða ráðherra til „meðaltalsaðferðar“ við útreikning tilboða?
3. Hvert er mat ráðherrans á afleiðingum útboðsstefnu sem gerir ráð fyrir að taka ávallt lægsta tilboði — jafnvel þótt verktakar segist geta unnið útboðsverk á 50% lægra verði en verkfræðingar í þjónustu ríkisins reikna út að sé kostnaðarverð?

4. Ætlar ráðherrann að beita sér fyrir því að kannaðar verði afleiðingar af útboðsstefnu ríkisins með tilliti til gjaldþrots fyrirtækja og einstaklinga, ásamt atvinnumissi starfsmanna og tekjutapi ríkisins í framhaldi af því?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

„Meðaltalsaðferð“ sem spurt er um í 2. lið og nota má við útreikning tilboða í hvers kyns mannvirkjagerð er þannig:

1. Hönnuðir mannvirkja reikni ekki kostnaðaráætlanir heldur aðrir aðilar sem til þess hafa fengið opinbert leyfi.
2. Öll tilboð í verk sem reiknast lægri eða hærri en fyrir fram ákveðið hlutfall af kostnaðaráætlun falli úr útboðinu og komi ekki til greina (dæmi: 20%).
3. Upphæðir þeirra tilboða sem eftir standa eru lagðar saman ásamt upphæð kostnaðaráætlunar og deilt í með fjölda (bjóðendur og kostnaðaráætlun).
4. Því tilboði, sem stendur næst þeirri útreiknuðu tölu sem þannig fæst og er lægra, skal tekið.

575. Fyrirspurn [353. mál]

til samgönguráðherra um lög um alferðir.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvenær er að vænta reglugerðar samkvæmt lögum um alferðir, nr. 80/1994?
2. Hyggst ráðherra leggja fram breytingu á lögum um alferðir þar sem gildissvið þeirra er víðtækara en nauðsynlegt er samkvæmt þeirri tilskipun Evrópubandalagsins sem lögin eru byggð á?

576. Svar [234. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um framkvæmd jafnréttislaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða dómar og úrskurðir hafa fallið við brotum á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og hvernig hefur þeim verið fylgt eftir?

Leitað var upplýsinga um þetta málefni hjá skrifstofu jafnréttismála.

Í upphafi er rétt að taka fram að fyrirspurnin er ekki bundin við gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög nr. 28/1991. Í eftirfarandi svari er því gengið út frá því að fyrirspurnin taki til tímabilsins frá setningu fyrstu laga um jafnrétti kynja og til dagsins í dag, eða frá árinu 1976. Rétt þykir því að skipta svarinu í tvennt, annars vegar tímabilið sem Jafnréttisráð fjallaði um kærur vegna brota á lögunum og hins vegar tímabilið eftir tilkomu kærunefndar jafnréttismála árið 1991.

1. Tímabilið 1976–1991.

Á tímabilinu 1976 til miðs árs 1991 voru í gildi tvenn jafnréttislög. Fyrstu lögin voru sett árið 1976. Lög nr. 65/1985 leystu þau af hólmi. Á þessu tímabili fór Jafnréttisráð með það tvíþætta hlutverk að fjalla um meint brot á lögunum og vinna að jafnrétti kynja.

Kærur vegna meintra brota á lögunum á þessum tíma voru frá fjórum og upp í fjórtán á ári. Þessar kærur voru misviðamiklar. Þannig voru kærur vegna auglýsinga, sem taldar voru konum til minnkunar, nokkuð algengar á þessum tíma en slíkar kærur krefjast ekki gagnasöfnunar og eru því einfaldari í meðferð — aðrar eru viðameiri eins og t.d. stöðuveitingar þar sem fram fer gagnasöfnun í málinu. Sjaldgæft var að málum væri fylgt eftir með samningum eða dómsmálum — umfjöllun fjölmiðla og sú gagnrýni sem atvinnurekendur fengu á sig vegna þessara álitsgerða Jafnréttisráðs var talin hafa áhrif til varnaðar. Á þessum tíma var þó tveimur málum stefnt fyrir dómstóla, dómur í svokölluðu Sóknarmáli gekk í Hæstarétti 1982 og í máli Helgu Kress rúmum 10 árum síðar eða 1993.

2. Tímabilið frá árinu 1991.

Með nýjum lögum, sem gildi tóku í júní 1991, var hið tvíþætta hlutverk Jafnréttisráðs aðgreint. Á grundvelli 19. gr. laga nr. 28/1991 tók til starfa ný nefnd, kærunefnd jafnréttimála, sem hefur það hlutverk að fjalla um brot á lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila, telji nefndin að lögin hafi verið brotin. Þessi mál eru öll nokkuð viðamikil og krefjast gagnasöfnunar. Enn fremur er aðilum gefinn kostur á að mæta fyrir nefndina og tjá sig. Nefndin lætur í ljós álit og eru niðurstöður hennar ekki bindandi fyrir aðila. Hins vegar hefur kærunefndin starfað eins og úrskurðaraðili.

Kærunefnd jafnréttismála hefur markað þá stefnu að fylgja eftir öllum þeim málum þar sem þess er óskað. Leitað er eftir samningum við atvinnurekendur um skaðabætur til kæranda en ef samningar nást ekki hefur málum verið stefnt fyrir dómstóla. Hafa ber í huga að nokkur mál leysast án atbeina nefndarinnar eða starfsmanna hennar. Oft lætur kærandi vita af þeim málalokum en í flokkuninni hér á eftir eru þau mál talin í þeim hóp sem ekki er fylgt eftir. Einnig þykir rétt að taka fram að árlega berast nokkur mál sem eru afturkölluð áður en til afgreiðslu kemur og eru þau ekki talin hér með.

Um afgreiðslu málanna er það að segja að nefndin afgreiddi fjögur mál fyrsta hálfa árið sem hún starfaði. Tvö þessara mála voru talin brot á lögunum og var öðru þeirra fylgt eftir og náðist samkomulag um skaðabætur til kæranda fyrir tilstilli nefndarinnar.

Nefndin afgreiddi einnig fjögur mál á árinu 1992 og var eitt þeirra talið brot. Því var ekki fylgt eftir.

Á árinu 1993 afgreiddi nefndin 12 mál, þar af voru sex talin brot á lögunum. Þremur hefur ekki verið fylgt eftir. Í einu málinu náðist samkomulag um skaðabætur, einu málinu var stefnt fyrir dómstóla og gekk dómur í því máli í Héraðsdómi Reykjavíkur um miðjan þennan mánuð. Einu málinu er fylgt eftir af viðkomandi stéttarfélagi, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

Á árinu 1994 hefur kærunefnd jafnréttismála afgreitt 12 mál þar af hafa sjö mál verið talin brot á lögunum. Nokkur þeirra eru það ný að ekki liggur fyrir hvort þeim verður fylgt eftir. Einu þessara mála hefur verið stefnt fyrir dómstóla af Blaðamannafélagi Íslands og einu af kærunefnd jafnréttismála.

Af þessari samantekt má sjá að þeim málum sem fylgt er eftir að beiðni kæranda fer fjölgandi. Jafnframt er það skoðun þeirra sem við þessi mál vinna að dómar eins og sá sem gekk fyrir nokkrum vikum, en þar var konu dæmd tæp 1 millj. kr. í skaðabætur, geti leitt til þess að samið verði í fleiri málum en ella. Sú meðferð er mun æskilegri enda bæði fljótvirkari og ódýrari í framkvæmd en dómstólaleiðin. Þegar fjallað er um starf nefndarinnar verður að hafa í huga að kærunefnd jafnréttismála er ný nefnd sem er að skapa sér sess sem tæki í baráttunni fyrir útrýmingu kynjamisréttis. Starf nefndarinnar hlýtur að virka bæði hvetjandi fyrir konur að leita réttar síns en ekki síður sem áminning til atvinnurekanda að vanda vel til ákvarðana sinna, hvort heldur um er að ræða ráðningar starfsfólks, uppsagnir eða launaákvarðanir.

577. Frumvarp til laga [354. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akasof, Yutaka, eftirlitsmaður á Þingeyri, f. 17. júlí 1946 í Japan.
2. Hannam, Sólveig, húsmóðir í Garðabæ, f. 20. júlí 1947 í Englandi.
3. Okuniewska, Grazyna María, starfsmaður í Bolungarvík, f. 10. júlí 1965 í Póllandi.
4. Spencer, Theresa Jane, húsmóðir í Neskaupstað, f. 19. september 1952 í Englandi.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 118. löggjafarþingi.

578. Fyrirspurn [355. mál]

til félagsmálaráðherra um lán til viðgerða á félagslegum íbúðum.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hefur stjórn Húsnæðisstofnunar gert ráðuneytinu grein fyrir þeim erindum sem hafa verið til umfjöllunar hjá stjórninni og varða lán til viðgerða á félagslegum íbúðum, m.a. á Akranesi?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir nauðsynlegri lagabreytingu til þess að heimilt verði að veita lán til viðgerða og/eða endurbygginga félagslegra íbúða á vegum húsnæðisnefnda sveitarfélaga?

579. Fyrirspurn [356. mál]

til fjármálaráðherra um búnað fyrir heyrnartækjanotendur.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Í hvaða byggingum ríkisins hefur verið komið upp tónmöskvabúnaði fyrir heyrnartækjanotendur?
2. Hversu mikill kostnaður er við að koma upp slíkum búnaði í dómsölum og samkomusölum í eigu ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

580. Fyrirspurn [357. mál]

til iðnaðarráðherra um iðnhönnun.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Með hvaða hætti hefur iðnaðarráðuneytið stuðlað að eflingu iðnhönnunar í tengslum við framleiðsluiðnað?
2. Hefur iðnaðarráðuneytið stuðlað að styrkveitingum í því skyni að efla iðnhönnun?
3. Liggja fyrir áætlanir um með hvaða hætti iðnhönnun verði efld í samstarfi opinberra aðila og samtaka iðnaðarins?

581. Fyrirspurn [358. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hjúkrunarrými fyrir aldraða.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu mörg hjúkrunarrými fyrir aldraða eru samþykkt af ráðuneytinu, skipt eftir stofnunum og kjördæmum?
2. Hvar hefur farið fram vistunarmat? Hver er þörfin fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarmati skipt eftir heilsugæsluumdæmum?
3. Hver er þörfin talin vera fyrir hjúkrunarrými á landinu öllu?
4. Hversu margir vistmenn eru á hjúkrunarstofnunum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði sem áttu lögheimili utan þess svæðis?

Skriflegt svar óskast.

582. Fyrirspurn [359. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dragnótaveiðar.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu mikill var afli dragnótabáta tvö sl. fiskveiðiár eftir veiðisvæðum við landið?
2. Hafa verið gerðar rannsóknir á áhrifum dragnótaveiða á lífríki sjávar?
3. Hver er afstaða Hafrannsóknastofnunar og ráðherra til dragnótaveiða?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir takmörkun á dragnótaveiðum í Faxaflóa eða á öðrum svæðum við landið?

583. Skýrsla [360. mál]

viðskiptaráðherra um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

FORMÁLI

Í bráðabirgðaákvæði II í samkeppnislögum, nr. 8/1993, segir svo:

„Samkeppnisráð skal á árunum 1993 og 1994 gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum.

Samkeppnisráð skal skila niðurstöðum sínum til viðskiptaráðherra er síðan leggi þær fyrir Alþingi í skýrslu.“

Í samræmi við lagaákvæði þetta hefur samkeppnisráð unnið ítarlega skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi og skilaði henni til viðskiptaráðherra 30. desember sl.

Skýrslan hefur verið prentuð og send alþingismönnum.

Hér með eru Alþingi sendar niðurstöður skýrslunnar svo sem boðið er í áðurgreindu lagaákvæði. Af hagkvæmnisástæðum, og í samráði við skrifstofu Alþingis, er í skýrslu þessari birtar meginniðurstöður skýrslunnar en að öðru leyti er vísað til skýrslu samkeppnisráðs.

Í formála skýrslu samkeppnisráðs segir svo m.a.:

„Tveir þættir eru sem rauður þráður í kenningum um samkeppni. Annars vegar skilgreiningin hver markaðurinn er og hins vegar fjöldi og stærð fyrirtækja á markaðnum. Hver markaðurinn er fer bæði eftir landsvæðinu sem við er miðað og einnig þeirri vörutegund sem er höfð í huga. Fjöldi fyrirtækjanna ræðst síðan af því hve mörg fyrirtæki hafa hina tilteknu vöru á boðstólum á því landsvæði sem um er að ræða.

Í lagatextanum er nefnd valdasamþjöppun. Völd í atvinnulífi geta bæði komið til vegna eignar í fyrirtækjum en einnig geta stjórnendur fyrirtækja haft völd þótt eignarhlutdeild þeirra sé lítil sem engin. Þar af leiðandi þótti nauðsynlegt að taka fram í skýrslunni hverjir væru eigendur og stjórnendur einstakra fyrirtækja sem úttektin nær til. Í sumum tilvikum eru þær upplýsingar til í opinberum gögnum en í öðrum tilfellum þurfti að afla upplýsinganna sérstaklega.

Upplýsingar sem eru trúnaðarmál að mati samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar verða ekki birtar. Af því hlýst að eiginfjárstaða einkafyrirtækja, sem birta ekki ársreikninga sína opinberlega, er ekki að finna í skýrslunni.

Vegna þess hve þjóðin er fámenn eru markaðir yfirleitt smáir og fyrirtækin fá. Við slík skilyrði er ekki óeðlilegt að athafnamenn komi víða við. Eignatengsl geta því verið með þeim hætti að sami einstaklingur eigi í fleiri fyrirtækjum en einu og einnig að fyrirtæki, sem hann á hlut í, eigi í öðrum fyrirtækjum. Stjórnunartengslin eru aftur á móti yfirleitt þannig að sami einstaklingur er í stjórnunarstöðu eða situr í stjórn fleiri en eins fyrirtækis. Áhrifa einstaklingsins getur hins vegar gætt víðar, t.d. ef fyrirtækið, sem hann stjórnar, á í öðrum fyrirtækjum.

Til að varpa ljósi á þá þætti, sem hér hafa verið nefndir, þurfti víða að leita fanga. Fljótlega kom í ljós að fyrirliggjandi upplýsingar voru ekki nægjanlegar. Þess vegna varð ekki hjá því komist að leita til fyrirtækjanna sjálfra. Í nokkrum tilvikum gætti tregðu hjá fyrirtækjum að veita upplýsingar og tafði það framgang verksins.

Í þessari skýrslu er fjallað um eigna- og stjórnunartengsl sem ráðast af eignarhaldi og starfi einstaklinga. Hins vegar tókst ekki að afla upplýsinga um samninga, formlega eða óformlega, sem geta verið á milli fyrirtækja. Verði slíkir samningar hins vegar þrándur í götu samkeppnisaðila má ætla að þeir komi til kasta samkeppnisráðs.

Efni skýrslunnar er raðað í fjóra kafla. Í fyrsta kafla, inngangi, er fjallað um efnistök og ýmsar forsendur sem liggja að baki úttektinni. Lesendum til glöggvunar er í öðrum kafla fjallað um samkeppnisreglur, mismunandi löggjöf í nokkrum löndum, þar á meðal íslensku samkeppnislögin. Í þriðja kafla er lýst einstökum mörkuðum og gerð er grein fyrir fjölda og stærð fyrirtækja á þeim. Þá er einnig gerð grein fyrir eignarhaldi og

eignatengslum innan hvers markaðar fyrir sig. Í fjórða kafla er síðan lýst eignarhaldi og eignatengslum fyrirtækja á milli markaða. Þar er einnig gerð grein fyrir eignarhaldi og eignatengslum tveggja „fyrirtækjablokka".

Það er ljóst að engin leið var að skoða alla afkima eignarhalds og eignatengsla allra markaða í íslensku atvinnulífi. Þess vegna var sú afstaða tekin að beina augum frekar að þeim mörkuðum þar sem samkeppni gæti verið takmörkuð en kafa grynnra í markaði þar sem vitað er að samkeppni ríkir. Það liggur í hlutarins eðli að framkvæmd verksins hvíldi á starfsmönnum Samkeppnisstofnunar sem nutu aðstoðar Hugverks hf., ráðgjafarþjónustu. Þáttur samkeppnisráðs tengdist aftur á móti skipulagningu þess og yfirumsjón.

Rík áhersla hefur verið lögð á að vanda sem best til þessarar úttektar. Varnagli Ara fróða í Íslendingabók verður hins vegar ekki betur orðaður en hann lýsir hugum þeirra sem hafa staðið að gerð þessarar skýrslu. „En hvatki er missagt er í fræðum þessum þá er skylt að hafa það heldur er sannara reynist.""

Undir þetta rita Brynjólfur Sigurðsson, formaður samkeppnisráðs, og Georg Ólafsson, forstjóri Samkeppnisstofnunar.

EFNISTÖK, HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG ORÐSKÝRINGAR

Efnistök.

Bráðabirgðaákvæði II í samkeppnislögum um eigna- og valdatengsl í íslensku atvinnulífi kveður á um að kanna skuli hvort þessi tengsl skapi hættu á brotum á samkeppnislögum, en samkeppnislög hafa það að markmiði að stuðla að virkri samkeppni. Við gerð úttektarinnar var því samkeppnin höfð að leiðarljósi. Þegar í ljós kom að lítil hætta væri á að eigna- eða valdatengsl í atvinnugrein gætu leitt til brota á samkeppnislögum var sú atvinnugrein felld úr úttektinni.

Upplýsingasöfnun tók fyrst til opinberra og/eða birtra gagna. Höfð var hliðsjón af atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Í samstarfi við Þjóðhagsstofnun fengust upplýsingar um einstakar atvinnugreinar, reistar á fyrrgreindri flokkun. Í ljós kom að skiptingin í atvinnugreinar féll ekki alveg að upplýsingaþörfinni vegna úttektarinnar. Mikilvægt var að aðgreina einstaka markaði frekar og bæta við tölum um innflutning svo að þeir endurspegluðu samkeppnina skýrar.

Fljótlega varð ljóst að opinberar og birtar upplýsingar mundu ekki nægja. Þá var ráðist í að senda spurningalista til á fjórða hundrað fyrirtækja. Í stórum dráttum voru heimtur góðar þótt öll svör hafi ekki verið fullnægjandi. Svör fyrirtækjanna voru skráð í gagnagrunn ásamt ýmsum upplýsingum frá opinberum aðilum. Samhliða þeirri upplýsingaöflun, sem að framan er lýst, var hannaður og settur upp hugbúnaður til að nota við greiningu og frekari úrvinnslu gagnanna.

Í þriðja kafla skýrslu samkeppnisráðs er gerð grein fyrir fjölda og stærð fyrirtækja á hverjum markaði fyrir sig. Nánari grein er þar síðan gerð fyrir eignarhlutdeild og stjórnendum stærstu fyrirtækjanna á hverjum markaði. Það gefur að skilja að engin leið var að tilgreina alla eigendur í hverju fyrirtæki. Þess vegna var brugðið á það ráð í skýrslunni að tilgreina stærstu eigendurna. Jafnframt eru tilgreindir stjórnendur þessara sömu fyrirtækja.

Stærð fyrirtækjanna er jafnan miðuð við veltu þeirra. Aðrir mælikvarðar til að mæla stærð fyrirtækja eru einkum fjöldi ársverka og heildareignir. Beinast þótti liggja við að miða við veltu þar sem samkeppni er svo mjög háð fyrirferð á markaðnum. Þá er rétt að geta þess að talnaefni í skýrslu samkeppnisráðs á við árið 1993, en upplýsingar um stjórnendur taka alla jafna mið af ákvörðunum aðalfunda á árinu 1994.

Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður könnunar samkeppnisyfirvalda á eigna- og stjórnunartengslum í íslensku atvinnulífi eru:

1. Lítil tengsl eru milli eignar og valds.
   Stjórnarmenn og stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins eiga sjálfir lítinn eða engan hlut í þeim fyrirtækjum sem þeir eru í forsvari fyrir.
2. Umsvif ríkisins í atvinnulífinu eru mikil og margvísleg.
   Hin miklu áhrif ríkisins í atvinnulífinu byggjast að hluta á nær hundrað milljarða króna eign, að hluta á valdi til að úthluta takmarkaðri aðstöðu til atvinnurekstrar og að hluta á því valdi að setja atvinnulífinu reglur og líta eftir framkvæmd þeirra.
3. Markaðsleiðsögn eða fákeppni eru algengar markaðsgerðir.
   Eitt til fjögur fyrirtæki eru iðulega leiðandi á mörkuðunum.
4. Merki eru um að í atvinnulífinu myndist „blokkir" fyrirtækja þar sem fyrirtæki í „blokk" tengjast eigna- og stjórnunarlega.
   Stærstu fyrirtækin á sviði trygginga, olíuverslunar, flutninga, útflutnings sjávarfangs og ferðaþjónustu tengjast með gagnkvæmu eignarhaldi og stjórnunartengsl eru einnig mikil þar sem sömu aðilar sitja í stjórnum þessara fyrirtækja og veita þeim forustu.
5. Liður fjögur leiðir til spurninga sem tengja má við bráðabirgðaákvæði II í samkeppnislögum. Er að finna alvarleg einkenni hringamyndunar? Er um að ræða óæskileg tengsl eða valdasamþjöppun sem geta takmarkað samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta?
   Smæð íslenska markaðarins og markaðsgerðirnar, eins og getið er í lið þrjú, gefa eðlilega tilefni til slíkra hugleiðinga. Aftur á móti þarf einnig að hafa í huga að á undanförnum árum hefur mjög dregið úr einangrun íslenska markaðarins. Í því sambandi nægir að minna á EES-samninginn. Ef íslensk fyrirtæki ætla að misbeita valdi sínu þá vofir sífellt yfir þeim sú hætta að samkeppnisreglum verði beitt gegn þeim og/eða erlend fyrirtæki hasli sér völl á íslenska markaðnum.

Til að nefna nokkur atriði, sem imprað er á í lið fjögur, vekur athygli umfang lífeyrissjóðanna á fjármagnsmarkaðnum. Fjárfesting lífeyrissjóðanna í fyrirtækjum leiðir gjarnan af sér stjórnarsetu í þeim. Þar er um að ræða tilvik, reyndar eitt af mörgum, þar sem einstaklingar fá völd í fyrirtækjum án þess að þeir sjálfir eigi í þeim. Þá kemur í ljós sú tilhneiging að Samvinnulífeyrissjóðurinn fjárfestir frekar í fyrirtækjum sem áður höfðu tengsl við Samband íslenskra samvinnufélaga. Lífeyrissjóður verslunarmanna fjárfestir aftur á móti gjarnan í „blokk" sem tengist einkarekstri. Því er eðlilegt að spurt sé, var hreint arðsemismat haft að leiðarljósi við fjárfestinguna? Með fjárfestingu er hér átt við að lífeyrissjóðirnir eignist eignarhlutdeild í fyrirtækjum.

Þá vekur athygli eignarhlutdeild olíufélaganna í ýmsum útgerðarfélögum. Þótt það hafi ekki verið kannað má ætla að sú fjárfesting hafi komið til vegna greiðsluerfiðleika útgerðarfyrirtækja frekar en að olíufélögin hafi haft það á stefnuskrá sinni að eignast hlutdeild í útgerðarfyrirtækjum. Það sem beinir sjónum sérstaklega að málinu er hinn sterki réttur útgerðarfyrirtækjanna til að nýta fiskimiðin, sem flestir líta á sem fjöregg þjóðarinnar, og hið nána samband olíufélaganna við erlend stórfyrirtæki.

Á íslenska fjármagnsmarkaðnum eru auk bankanna til margir sjóðir. Áður hefur verið drepið á lífeyrissjóðina, en einnig er um að ræða sjóði sem ætlað var sérstaklega að efla einstaka atvinnuvegi. Í skýrslunni kemur í ljós að algengt er að sömu einstaklingar, oft bankastjórar, sitja í stjórnum margra þessara sjóða. Miðað við núverandi ástand á fjármagnsmarkaðnum er vel hugsanlegt að bankar og sumir sjóðanna gætu verið í samkeppni hverjir við aðra. Þá má geta þess að lánveitendur eignast stundum fyrirtæki sem hafa orðið gjaldþrota. Undir slíkum kringumstæðum er mikilvægt að lánastofnanir raski ekki samkeppnisstöðu á markaðnum með óeðlilegri fyrirgreiðslu til fyrirtækja í þeirra eigu.

Skýrslan ber með sér að á ýmsum sviðum í atvinnulífinu eru stór fyrirtæki miðað við íslenskar aðstæður og jafnframt tengsl þeirra á milli. Auk þess sem getið er hér að framan má nefna Hagkaup og Bónus á matvörumarkaðnum, Eimskipafélag Íslands og Flugleiðir á flutningsmarkaði en þeim fyrirtækjum tengjast einnig hótel, bílaleigur og ferðaskrifstofur og auk þess Sjóvá-Almennar og Olíufélagið Skeljungur. Á flutningsmarkaði eru einnig Samskip sem tengjast ferðaskrifstofu og auk þess Vátryggingafélagi Íslands og Olíufélaginu hf.

Þegar meta skal hvort um sé að ræða hringamyndun eða valdasamþjöppun, sem takmarkað geti samkeppni, er nauðsynlegt að líta til tveggja þátta. Annars vegar til stærðar og fjölda fyrirtækjanna og aðstæðna þeirra til að beita afli sínu á markaðnum og hins vegar hvernig þau hegða sér á markaðnum í raun. Það er ekki sjálfgefið að stórt fyrirtæki neyti aflsmunar, einkum ef það gæti kallað á aukna samkeppni, innlenda eða erlenda. Tilgangur þessarar skýrslu er fyrst og fremst að kortleggja íslenskt atvinnulíf með tilliti til atriða sem eru mikilvæg fyrir samkeppni. Eðlilegt framhald þessarar vinnu verður síðan að fylgjast með hegðun einstakra fyrirtækja og fyrirtækjablokka með samkeppnislög að leiðarljósi. Aðstæður á einstökum mörkuðum gefa tilefni til að samkeppnisyfirvöld séu á varðbergi.

Orðskýringar.

1. Láréttar samkeppnishindranir:	Samkeppnishömlur sem fyrirtæki á sama sölustigi sammælast um.
2. Lóðréttar samkeppnishindranir:	Samkeppnishömlur sem beinast að eða hafa áhrif á eitt eða fleiri fyrirtæki á öðru sölustigi. Sem dæmi má nefna takmarkandi samninga milli framleiðanda og heildsala eða milli heildsala og smásala.
3. Lárétt tengsl fyrirtækja:	Eigna- og/eða stjórnunartengsl milli fyrirtækja sem starfa á sama samkeppnismarkaði.
4. Lóðrétt tengsl fyrirtækja:	Eigna- og/eða stjórnunartengsl milli fyrirtækja sem starfa á ólíkum mörkuðum.

5. Staðgönguvara:	Vara sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru að mati kaupanda.
6. Einkeypi:	Markaður þar sem aðeins er einn kaupandi.
7. Einkasala:	Markaður þar sem aðeins er einn seljandi.
8. Fákeppni:	Fákeppnismarkaður er sá markaður sem á eru fá fyrirtæki og hvert þeirra hefur töluverðan efnahagslegan styrk sem hvert um sig beitir, þó að teknu tilliti til markaðshegðunar annarra fyrirtækja.
9. Tvíkeppni:	Tveir seljendur eru ríkjandi á markaði.
10. Opinberi geirinn:	Atvinnustarfsemi sem rekin er á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem opinbert fyrirtæki eða stofnun og er ekki hlutafélag.
11. Hálfopinberi geirinn:	Rekstur sem er á vegum lífeyrissjóða, hagsmunasamtaka, sjálfseignarstofnana, sparisjóða, samvinnufélaga og hliðstæðra aðila.
12. Einkageirinn:	Fyrirtæki sem hvorki teljast til opinbera né hálfopinbera geirans (einkafyrirtæki, sameignarfélög og hlutafélög).
13. Kaupendamarkaður:	Markaður þar sem kaupendur eru í sterkari stöðu en seljendur.
14. Markaðsráðandi staða:	Þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að að taka tillit til keppinauta.
15. Afleidd eign:	Eignarhald fyrirtækis A í fyrirtæki C fyrir (óbein eignaraðild) milligöngu fyrirtækis B sem er a.m.k. að hluta í eigu fyrirtækis A.
16. Velta:	Velta er samsvarandi tekjum af aðalstarfsemi að viðbættri aukastarfsemi án fjármagnsliðar (undantekning eru fjármálafyrirtæki, þar er fjármagnsliður meðtalinn í tekjum og gjöldum).

SAMKEPPNISREGLUR

Inngangur.

Flest, ef ekki öll ríki, sem búa við markaðshagkerfi eða blandað hagkerfi, hafa sett sér reglur um hvernig bregðast skuli við þeim athöfnum fyrirtækja sem raska eða takmarka samkeppni á markaði.

Hér er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um af hverju þessi ríki hafa talið nauðsynlegt að setja reglur og lög um samkeppnishindranir. Löggjafinn hefur í samræmi við

viðteknar kenningar hagfræðinnar gengið út frá að nýting auðlinda og gæða hvers þjóðfélags verði því betri sem samkeppnin er meiri. Reynslan hefur sýnt að þeirrar tilhneigingar gætir hjá fyrirtækjum að draga úr samkeppni sín á milli og jafnframt að markaðsráðandi fyrirtæki reyni oft að halda stöðu sinni með ótilhlýðilegum hætti. Það er því ástæða fyrir yfirvöld að vernda og styrkja samkeppnina.

Viðfangsefni samkeppnisreglna.

Samkeppnisreglur eru gjarnan greindar í fjóra flokka eftir viðfangsefni sínu:

Í fyrsta lagi er það viðfangsefni samkeppnisreglna hvernig bregðast skuli við einokun, fákeppni og markaðsráðandi stöðu fyrirtækja og ákvörðunum þeirra sem draga úr samkeppni.

Í öðru lagi lúta samkeppnisreglur að hegðun, samningum og samanteknum ráðum fyrirtækja á sama sölustigi (láréttar samkeppnishömlur). Hér er oft um það að ræða að fyrirtæki semji um að draga úr samkeppni sín á milli með því t.d. að semja um skiptingu markaða eða verðlagningu framleiðsluvara.

Í þriðja lagi taka samkeppnisreglur til ákvarðana, samþykkta og samninga milli fyrirtækja sem eru ekki á sama sölustigi (lóðréttar samkeppnishindranir). Hér undir falla t.d. ákvarðanir um endursöluverð vöru og tilteknir dreifingarsamningar, t.d. milli framleiðanda og endurseljanda.

Til fjórða flokks samkeppnisreglna eru taldar reglur er lúta að heimildum yfirvalda til að grípa inn í samruna fyrirtækja eða yfirtöku eins fyrirtækis á öðru. Ekki búa þó öll ríki við löggjöf með slíkum heimildum.

Aðferðir: Bann — eftirlit.

Auk ofangreindrar skiptingar á samkeppnisreglum eftir viðfangsefni þeirra er hefð fyrir því að skipta samkeppnislöggjöf í tvo meginþætti eftir aðferðum hennar. Aðferðirnar eru annars vegar bann hins vegar eftirlit. Þannig hafa sum ríki valið þá leið í löggjöf sinni að banna hvers konar samninga og athafnir sem raska eða takmarka samkeppni og löggjafinn telur að séu þjóðfélaginu skaðleg. Önnur ríki hafa farið þá leið að byggja á eftirliti og því aðeins haft afskipti af samkeppnishamlandi samningum eftir að mat hefur farið fram á skaðlegum áhrifum þeirra í hverju einstöku tilviki.

Munurinn á löggjöf er byggist annars vegar á bannreglum og hins vegar eftirlitsreglum er þó oft óljós. Flokkun samkeppnislöggjafar með þessum hætti hefur vart aðra þýðingu en þá að lýsa því lagatæknilega hvaða leið löggjafinn hefur valið að fara er samkeppnislög eru sett. Í fyrsta lagi helgast þetta af því að flest lög, sem byggð eru á eftirliti, hafa að geyma einhver ákvæði sem banna tilteknar tegundir samkeppnishamla. Yfirleitt eru þó möguleikar á undanþágum frá lögunum. Á sama hátt eru í löggjöf, sem byggð er á bannaðferðinni, yfirleitt heimildir til að veita undanþágur frá bannákvæðunum. Í öðru lagi er þessi munur óljós vegna þess að í framkvæmd hefur gætt tilhneigingar hjá yfirvöldum og dómstólum í þeim ríkjum, sem búa við bannreglur, að leggja mat á hvenær ákvörðun, samningur eða tiltekin hegðun hefur skaðleg áhrif á verslun og viðskipti. Í Bandaríkjunum er framkvæmd bannreglna með þessum hætti kennd við hugtakið „rule of reason“ (sanngirnisreglan).

Samkeppnistakmarkanir.
Markaðsgerð.
Markaðsyfirráð.

Ef samkeppni er talin vera æskileg fyrir hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta hvers þjóðfélags hlýtur einokun eða markaðsyfirráð að öðru jöfnu að vera hið gagnstæða fyrir sömu markmið. Samt er það svo að einokun eða markaðsyfirráð sem slík eru hvergi bönnuð enda fælist í því mótsögn ef fyrirtæki, sem sigraði í samkeppninni um markaðinn með heiðarlegum hætti, væri síðan „refsað" fyrir að vera markaðsráðandi. Fyrirtæki kann að hafa náð markaðsyfirráðum með fullkomlega eðlilegum hætti og heldur þeim síðan vegna hagkvæmni stærðarinnar. Sú hætta er hins vegar alltaf fyrir hendi að markaðsráðandi fyrirtæki, sem ekki nýtur aðhalds samkeppninnar, verði óhagkvæmt í rekstri um lengri tíma eða nái miklum hagnaði með því að verðleggja framleiðsluvörur sínar hærra en ella, hvort tveggja með óæskilegum afleiðingum fyrir þjóðfélagið. Jafnframt hefur reynslan sýnt að fyrirtæki hneigjast til að reyna að halda markaðsráðandi stöðu sinni og halda keppinautum frá með ýmsum hætti. Samkeppnislög hafa því yfirleitt að geyma ákvæði sem ætlað er að stemma stigu við misnotkun markaðsyfirráða. Misnotkun getur lýst sér með ýmsum öðrum hætti en í of háu verði. Sígilt dæmi um misnotkun markaðsyfirráða er að lækka verð vöru eða jafnvel selja vöru undir kostnaðarverði til að koma keppinaut á kné sem hefur ekki fjármuni til að gera slíkt hið sama. Þá er ekki óalgengt að markaðsráðandi fyrirtæki reyni að koma málum svo fyrir með samningum við birgja sína og dreifingaraðila að þeir verði skuldbundnir til að skipta eingöngu við hið markaðsráðandi fyrirtæki og útiloki þar með aðra, sem þó gjarnan vildu hasla sér völl á markaðnum. Auk þess að nota samninga í þessum tilgangi beita markaðsráðandi fyrirtæki oft sérstökum afsláttarkjörum og flóknum afsláttarreglum þar sem þeir, sem sýna viðskiptatryggð, njóta sérstakra kjara umfram aðra. Þá er ekki óalgengt að markaðsráðandi fyrirtæki setji skilyrði fyrir viðskiptum sínum, t.d. þannig að það kaupi eða selji ekki tiltekna vöru nema önnur vara, sem það hefur á boðstólum, sé einnig keypt af því eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu.

Samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu er fyrirtæki talið markaðsráðandi þegar það getur ákveðið verð og önnur viðskiptakjör án þess að þurfa að taka tillit til keppinautanna. Hvenær svo stendur á er að sjálfsögðu háð mati í hverju tilviki. Helstu þættir sem hafa áhrif á það mat eru (I) hversu auðvelt eða erfitt er fyrir önnur fyrirtæki að hasla sér völl á markaðnum, (II) hversu lengi fyrirtækið hefur haldið tiltekinni markaðshlutdeild, (III) hvort fyrirtækið byggir stöðu sína á opinberum reglum eða fyrirmælum að einhverju leyti, (IV) hvaða aðgang fyrirtækið hefur að fjármagni, (V) hvort fyrirtækið hefur tæknilegt forskot á keppinautana. Það er því ekki unnt að nefna neinar ákveðnar tölur um markaðshlutdeild sem merki um markaðsyfirráð. Eitt hundrað prósent markaðshlutdeild felur þó að sjálfsögðu í sér markaðsyfirráð en slík markaðshlutdeild er yfirleitt því aðeins til staðar að fyrirtækið starfi með einhverjum hætti í skjóli hins opinbera. Þá hefur verið talið að markaðshlutdeild milli 50–60% og þar yfir feli að öðru jöfnu í sér markaðsyfirráð sem sérstök ástæða sé til að gefa gætur.

En hvað um neðri mörkin? Geta fyrirtæki vegna tiltölulega lítillar markaðshlutdeildar leitt hjá sér allar áhyggjur er geta fylgt því að teljast markaðsráðandi? Við þessari spurningu er ekki einhlítt svar frekar en við þeirri um efri mörkin. Þó er rétt að benda á

að fyrirtæki, sem hafa haft 40–50% markaðshlutdeild, hafa verið talin markaðsráðandi af Evrópudómstólnum (sjá t.d. mál nr. 85/76 Hoffmann-La Roche). Enn fremur eru til dæmi um að fyrirtæki með „einungis“ 20% markaðshlutdeild hafi verið talin markaðsráðandi vegna sérstakra aðstæðna.

Fákeppni.

Hvarvetna í þeim ríkjum sem búa við samkeppnislög eru ein helstu vandkvæðin við framkvæmd þeirra tengd fákeppni og hegðun fyrirtækja á fákeppnismarkaði. Fákeppni hefur verið skilgreind með ýmsum hætti. Skal hér getið tveggja þeirra:

„Fákeppnismarkaður er sá markaður sem á eru fá fyrirtæki og hvert þeirra hefur töluverð efnahagsleg/fjárhagsleg völd (economic power), sem hvert um sig beitir, þó að teknu tilliti til markaðshegðunar annarra fyrirtækja.“

„Fákeppnismarkaður er ófullkominn samkeppnismarkaður sem verður til er seljendur eru fáir og hver um sig þó það stór að hækkun eða lækkun á verði vöru eins hefur veruleg áhrif á markaðsverðið.“

Af framangreindu er ljóst að erfitt er að skilgreina fákeppnishugtakið á jafnfræðilegan og ótvíræðan hátt og hugtökin „einokun“ og „fullkomin samkeppni“. Það er þó ljóst samkvæmt þessum skilgreiningum að helsta einkenni fákeppnismarkaðar er hið gagnkvæma tillit (interdependance) sem fyrirtæki á slíkum markaði verða að taka hvert til annars þegar verð og viðskiptakjör eru ákveðin. Því hefur verið haldið fram að af hinu gagnkvæma tilliti leiði óhjákvæmilega að verðlagning verði ósveigjanleg. Það leiði síðan til þess að fyrirtækin á markaðnum hagnist óeðlilega þar sem þau skorti hvatann til að lækka verð enda þótt kostnaðarlækkanir og tækninýjungar gefi tilefni til þess. Þá gæti þeirrar tilhneigingar þessara fyrirtækja að hækka verð þegar tilefni gefst og jafnvel þótt engin þörf sé fyrir hækkun. Ef þetta væri undantekningarlaus afleiðing fákeppni væri hið eina rökrétta að leysa fákeppnismarkaði upp með einhverjum hætti. Það hefur þó ekki verið gert svo kunnugt sé enda hefur verið á það bent að oft fari lítið fyrir hinu gagnkvæma tilliti þótt fyrirtækin á markaðnum séu fá og þrátt fyrir að fylgni í verði sé til staðar þá geti samkeppnin að öðru leyti verið mjög mikil. Þegar kenningin um hið gagnkvæma tillit og afleiðingar þess hefur verið gagnrýnd hefur eftirfarandi verið nefnt:

Í fyrsta lagi er kenningin um fákeppni og skaðleg samkeppnisáhrif hennar oft einfölduð um of. Því er t.d. sjaldan þannig farið að þrír til fjórir aðilar skipti markaði jafnt á milli sín, að vörur þeirra séu eins eða hafi fullkomið staðgengi og kostnaður hvers og eins við framleiðsluna sé hinn sami. Miklu algengara er að kostnaður hvers framleiðanda sé mismunandi, munur sé á framleiðsluvörunum og einhver tryggð af hálfu kaupendahópsins sé fyrir hendi. Þar að auki eru oft til staðar á „útjöðrum“ markaðarins minni keppinautar sem mundu sjá sér hag í að koma inn á markaðinn ef þeir sjá að fyrirtækin, sem eru þar fyrir, ná miklum hagnaði vegna lítillar samkeppni.

Í öðru lagi ber ekki á öðru en að samkeppni á mörgum fákeppnismörkuðum sé mikil og birtist með ýmsum hætti. Það er t.d. ekki óalgengt að tímabundið verðstríð eigi sér stað. Verðlækkun má leyna með því að gefa vissum viðskiptavinum sérstakan afslátt sem reiknaður er með ýmsum hætti. Þá getur ríkt samkeppni um að veita sem besta þjónustu bæði við sölu og eftir sölu. Samkeppni um að þróa nýjungar getur verið gífurleg, sá sem er fyrstur með nýjungar getur unnið stóran hluta markaðar á stuttum tíma. Síðast en ekki síst getur verið mikil samkeppni um að búa til sterka ímynd, gjarnan með auglýsingum.

Hitt er annað mál að mikill auglýsingakostnaður kann að vera hindrun fyrir þá sem vilja sækja inn á markaðinn en hafa ekki bolmagn til að leggja nauðsynlegt fjármagn í auglýsingar.

Í þriðja lagi er alls ekki útilokað að fyrirtæki á fákeppnismarkaði geti lækkað verð og haldið því nægjanlega lengi til þess að mæta kostnaði af verðstríði sem sigldi í kjölfarið.

Í fjórða lagi hefur kenningin um hið gagnkvæma tillit verið gagnrýnd vegna þess að hún einblíni um of á þá tilhneigingu fyrirtækja að bjóða sama verð en gleymi að spyrja spurningar eins og þeirrar af hverju markaðurinn sé fákeppnismarkaður; það gæti t.d. verið vegna þess hagræðis sem hagkvæmni stærðarinnar hefur í för með sér.

Hvað sem öllum kenningum um fákeppni líður er ljóst að oft er svo háttað á markaði þar sem fyrirtækin eru tiltölulega fá að verðlækkun eins kallar á sömu verðlækkanir hjá hinum. Enn fremur að fyrirtæki á slíkum markaði hækka ekki verð nema það sé nokkurn veginn öruggt að hin fyrirtækin muni gera slíkt hið sama. Þegar þetta gerist, sérstaklega þegar verð hækkar, standa samkeppnisyfirvöld frammi fyrir þeim vanda að kveða upp úr um hvort um samantekin ráð í skilningi samkeppnislaga sé að ræða eða hvort forsvarsmenn fyrirtækjanna séu einungis að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum með sjálfstæðum og eðlilegum hætti.

Samkeppnistakmarkandi hegðun fyrirtækja.

Láréttar samkeppnishindranir.

Láréttar kallast þær samkeppnishindranir sem fyrirtæki á sama sölustigi sammælast um. Slíkar samkeppnishömlur eru að öðru jöfnu taldar alvarlegri en lóðréttar samkeppnishömlur, enda er algengara að hinar fyrrnefndu séu bannaðar.

Láréttar samkeppnishindranir geta verið af ýmsum toga og eru margbreytilegar. Það sem samkeppnisyfirvöld eru hvað mest vakandi yfir eru samningar sem fela í sér samráð um verðlagningu á vöru eða þjónustu. Samningar um skiptingu markaða, t.d. eftir landsvæðum, viðskiptavinum o.s.frv., eru litnir alvarlegum augum og æ fleiri ríki leggja blátt bann við slíkum samningsákvæðum.

Fyrirtæki í sömu grein gera gjarnan með sér samninga um samstarf og standa saman að ýmsum verkefnum sem kunna að hafa í för með sér röskun á samkeppni eða samkeppnishindranir. Í þeim ríkjum, sem byggja á bannaðferðinni, er hægt að fá undanþágu til slíkra samninga að uppfylltum tilteknum skilyrðum, en í þeim ríkjum, sem byggja á eftirlitsaðferðinni, hafa yfirvöld ekki afskipti af slíkum samningum nema í ljós hafi komið að þeir hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

Lóðréttar samkeppnishömlur.

Lóðréttar kallast þær samkeppnishömlur sem beinast að og hafa áhrif á fyrirtæki, eitt eða fleiri á næsta sölustigi. Slíkar samkeppnishömlur eiga að öðru jöfnu rót sína að rekja til einhliða ákvörðunar fyrirtækis eða samninga milli fyrirtækja hverra á sínu sölustiginu.

Hér gildir líkt og um láréttar samkeppnishömlur að fjölbreytileika þessara samkeppnishindrana eru lítil takmörk sett. Þekktustu fyrirbærin eru ákvarðanir eða samningar um bindandi eða leiðbeinandi endursöluverð, en yfirleitt er bindandi endursöluverð bannað. Þá eru algengir samningar sem skuldbinda endurseljanda eða birgja til að selja ekki eða kaupa ekki vörur frá keppinautunum.

Eins og fyrr segir eru lóðréttar samkeppnishömlur almennt ekki litnar eins alvarlegum augum og láréttar. Á þetta einkum við um ýmiss konar dreifingarsamninga sem geta haft hagræði í för með sér enda þótt samkeppni milli framleiðenda kunni að minnka. Það er þó jafnan skilyrði að slíkir samningar bindi ekki um of hendur aðila. Séu í slíkum samningum ákvæði sem eru óhæfilega takmarkandi miðað við það markmið sem að er stefnt getur komið til kasta samkeppnisyfirvalda.

Opinberar samkeppnishömlur.

Með nokkurri einföldun má segja að flestar samkeppnishömlur lýsi sér í því að þær hindri aðgang að markaði. Þannig hefur dæmigerð misnotkun á markaðsyfirráðum í för með sér að ómögulegt eða erfiðara verður fyrir nýjan keppinaut að komast inn á tiltekinn markað. Láréttar og lóðréttar samkeppnishömlur eru einnig þessu marki brenndar; þær gera keppinautum ýmist erfitt eða ókleift að komast inn á tiltekinn markað eða takmarka svigrúm þeirra á markaðnum.

Það eru ekki einungis einkaaðilar sem standa fyrir aðgangshindrunum að markaði. Hið opinbera kemur einnig víða við sögu í þessum efnum. Í fyrsta lagi koma afskipti hins opinbera fram í því að veita tilteknum aðilum einkaleyfi til að hafa tilgreinda starfsemi með höndum. Þekkt dæmi um þetta eru áfengis- og tóbakseinkasölur, einkaleyfi til að reka póst- og fjarskiptaþjónustu, einkaleyfi til raforkusölu o.s.frv. Í öðru lagi felast afskipti hins opinbera í því að um ákveðnar atvinnugreinar gilda lög og reglugerðir sem hafa að geyma ýmis skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla sem atvinnuna vilja stunda. Sérstök lög gilda tíðum um bankastarfsemi, tryggingastarfsemi og flutningastarfsemi, svo dæmi séu tekin. Enn fremur er réttur manna til að stunda tiltekna atvinnu oft bundinn lagaskilyrðum. Þetta gildir t.d. um ýmsar sérfræðistéttir og iðnaðarmenn. Í þriðja lagi geta afskipti hins opinbera falist í skilyrðum og reglum um hvernig tiltekin atvinnustarfsemi skuli fara fram, á hvaða verði skuli selja, hversu mikið megi framleiða, hvaða eiginleikum vörur verði að vera búnar o.s.frv. Ýmist er það ríkið sjálft eða stofnanir á þess vegum sem hafa eftirlit með framkvæmd þessara reglna, en einnig þekkist að einkaaðilum, þá gjarnan hagsmunasamtökum, sé falið að fylgjast með framkvæmd reglnanna og að skilyrði séu uppfyllt. Þá geta opinberar samkeppnishindranir lýst sér í úthlutun hins opinbera á takmörkuðum gæðum, svo sem sjónvarpsrásum. Loks kann opinbert eignarhald á fyrirtækjum að virka sem samkeppnishindrun, einkum ef því fylgir opinber fjárhagsleg ábyrgð.

Eins og fyrr segir þá fela þau lög og þær reglur, sem hér hefur verið lýst, oft í sér takmörkun á aðgangi að markaði eða aðrar samkeppnishindranir. Sú spurning vaknar að hvaða leyti hinum almennu samkeppnisreglum verði beitt í slíkum tilvikum. Svarið er einfalt ef löggjafinn hefur kveðið á um að hvaða leyti hinar almennu samkeppnisreglur skuli gilda um atvinnugreinina. Stundum er tekið fram að þær skuli gilda, en framkvæmdin og eftirlitið skuli vera í höndum sérstakra stofnana sem komið er á fót í þeim tilgangi. Þetta þekkist einkum á þeim sviðum þar sem þjónusta er seld beint til neytandans, svo sem er um orku til heimilis og iðnaðar, póst- og símaþjónustu o.s.frv. Sé hins vegar ekkert tekið fram um að hvaða leyti hinar almennu samkeppnisreglur skuli gilda er vandinn meiri og svarið fer þá eftir þeim lögskýringarreglum sem gilda í viðkomandi ríki.

Ástæður opinberra samkeppnishindrana eru af ýmsum toga. Stundum eru þær af pólitískum eða félagslegum toga eins og þeim að neytendum skuli tryggt sama verð án tillits til búsetu. Þær geta verið tæknilegs eðlis, t.d. að ekki sé rúm fyrir nema einn aðila á markaðnum eigi að ná hámarkshagkvæmni í rekstri. Nefna má raforkusölu og vatnsveitur sem dæmi um þetta. Reyndar er það stundum svo að vegna örra tækniframfara síð-

ustu ára og áratuga eru ástæður, sem fyrir nokkrum árum voru taldar réttlæta einkasölu eða einkarétt, ekki lengur til staðar. Algengara er að opnað sé fyrir samkeppni á mörkuðum sem einkennst hafa af einkaleyfum og einokun.

Lýsing á samkeppnisreglum nokkurra ríkja.

Bandaríkin.

Bandaríkjamenn settu fyrstir lög gegn einokun og samkeppnishindrunum, hin svonefndu Sherman-lög sem sett voru árið 1890. Í Bandaríkjunum og reyndar einnig í Englandi höfðu lengi verið til óskráðar reglur samkvæmt „common law" rétti um ósanngjarna samninga og rétt manna til að stunda viðskipti.

Þær reglur, sem fyrst voru lögfestar, lutu að tveimur helstu viðfangsefnum samkeppnisréttarins, þ.e. samningum sem fela annars vegar í sér samkeppnishindranir og hins vegar markaðsyfirráð. Þannig lýsir 1. gr. Sherman-laganna ólögmæta hvers konar samninga sem takmarka verslun og viðskipti (Every contract ... in restraint of trade or commerce) og 2. gr. laganna bannar einokun og tilraunir til einokunar (Every person who shall monopolize or attempt to monopolize ... shall be deemed guilty of misdemeanor).

Lögin eru þannig mjög almennt orðuð þótt afdráttarlaus séu. Fljótlega kom því til kasta dómstóla, einkum hæstaréttar, að túlka lögin og ákvarða hvers konar samninga og hvers konar hegðun á markaðnum teldist brot á lögunum. Varð þá til hugtakið „rule of reason" sem rétturinn beitti í túlkun sinni í stað strangrar bókstafstúlkunar. Einstaka samkeppnishindranir hefur hæstiréttur þó talið alfarið bannaðar án tillits til kringumstæðna svo sem samninga um samræmt verð og markaðsskiptingu.

Í kjölfar Sherman-laganna sigldu síðan önnur lög er tóku til afmarkaðri hluta samkeppnisréttarins. Þar er helst að nefna Federal Trade Commission Act frá 1914 og Clayton-lögin frá sama ári. Með Clayton-lögunum voru settar reglur um samruna fyrirtækja og tilteknar tegundir lóðréttra samkeppnishamla. Þá hefur 8. gr. Clayton-laganna að geyma athyglisvert ákvæði sem bannar að sami maður sitji samtímis í stjórn tveggja eða fleiri fyrirtækja sem eiga í samkeppni. Skilyrði er að fyrirtækin séu yfir tilteknum stærðarmörkum. Ákvæðið hefur þó ekki haft mikla þýðingu í raun vegna lagatæknilegra annmarka sem enn hafa ekki verið lagfærðir.

Með Robinson-Patman-lögunum frá 1936 var 2. gr. Clayton-laganna breytt á þann veg að óheimilt skyldi að mismuna fyrirtækjum í verði nema mismunandi kostnaður við viðskiptin lægi til grundvallar. Þetta ákvæði hefur þó verið mikið gagnrýnt, m.a. með skírskotun til þess að það verndi í raun fremur keppinautana en samkeppnina og komi því neytendum og þar með þjóðfélaginu ekki endilega til góða.

Sammerkt með hinum síðar tilkomnu lögum er að þau eru ekki eins afdráttarlaust orðuð og Sherman-lögin því að skilyrðið fyrir banni er jafnan að skaðleg samkeppnisáhrif séu til staðar eða geti leitt af tiltekinni háttsemi. Algengt orðalag í þessum lögum er: „the effect of which may be to substantially lessen competition".

Í fáum ríkjum hafa fræðimenn velt eins mikið fyrir sér samkeppnislegum vandamálum fákeppnismarkaða og í Bandaríkjunum. Engar sérstakar reglur gilda þó þar um fyrirbærið. Á áttunda áratugnum voru lögð fram lagafrumvörp sem áttu að gera kleift að leysa upp fákeppnismarkaði, en þessi frumvörp náðu aldrei fram að ganga.

Samruni.

Meginreglan í Bandaríkjunum er að samruna þurfi að tilkynna fyrir fram, bæði til Federal Trade Commission og bandaríska dómsmálaráðuneytisins og ef um er að ræða fyrirtæki yfir ákveðnum stærðarmörkum skal birta upplýsingar um samrunann opinberlega áður en hann fer fram.

Samruni stórra fyrirtækja er bannaður ef hann leiðir til markaðsyfirráða. Hver fyrirhugaður samruni er skoðaður sérstaklega af yfirvöldum og á lögmæti einstakra tilvika er látið reyna fyrir dómstólum. Unnt er að setja tiltekin skilyrði fyrir samruna, t.d. þau að fyrirtæki selji hluta af starfsemi sinni til að vega á móti skaðlegum áhrifum samrunans. Bandaríska dómsmálaráðuneytið hefur útbúið leiðbeiningar um á hvaða þætti beri sérstaklega að líta þegar lögmæti samruna er metið.

Að framansögðu er ljóst að bandarískar samkeppnisreglur eru byggðar á bannaðferðinni, og fyrir brot á lögunum geta legið háar sektir. Við framkvæmd samkeppnisreglnanna er því um að ræða vandasama túlkun á aðstæðum og afleiðingum þeirra samkeppnishindrana sem við er að etja í hverju tilfelli. Það sem gerir þó bandarískan samkeppnisrétt hvað mest frábrugðinn samkeppnisrétti Evrópuríkja er hin beina málsóknaraðild einstaklinga og fyrirtækja sem telja að á sér hafi verið brotið. Þessi málsóknarréttur er mikið notaður (um 500 mál höfðuð árið 1990) og í slíkum málum er hægt að krefjast í bætur þrefalds fjárhagsskaða sem málshöfðandi getur sannað að hann hafi orðið fyrir vegna brota á samkeppnisreglum. Þetta einkenni á bandarískum samkeppnisrétti helgast að sjálfsögðu af því að samkeppnishindranir eru bannaðar, sumar skilyrðislaust aðrar að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Með tilkomu fleiri bannákvæða í samkeppnislögum annarra vestrænna ríkja opnast að sjálfsögðu möguleikar fyrir fyrirtæki að krefjast skaðabóta af keppninautum sínum. Lítil hefð er þó enn orðin til fyrir slíkum málarekstri í þessum ríkjum og reglur sambærilegar þeim bandarísku um þrefaldar bætur fyrirfinnast hvergi.

Danmörk.

Dönsku samkeppnislögin frá 1. janúar 1990 eru byggð á eftirlitsaðferðinni en hafa þó að geyma ákvæði er banna bindandi endursöluverð. Það sem einkennir dönsku lögin er að samkeppnisyfirvöldum er ætlað að efla samkeppni með því að sjá til þess að aðilar markaðarins hafi greiðan aðgang að upplýsingum um uppbyggingu hans og samkeppnisaðstæður.

Samkeppnisráð sér um framkvæmd laganna og helsta hlutverk þess er að rannsaka mikilvæg svið efnahags og atvinnulífs jafnframt því að dreifa upplýsingum um atvinnulífið í þeim tilgangi að auka samkeppnina. Ef talin er vera ástæða til að hafa afskipti af samkeppnishindrunum tekur samkeppnisráð ákvarðanir þar um en slíkum ákvörðunum má skjóta til æðra stjórnvalds, sérstakrar áfrýjunarnefndar.

Telji samkeppnisráð að á tilteknum markaði séu samkeppnishindranir sem hafa eða geta haft í för með sér skaðleg áhrif fyrir samkeppnina og þar með hagkvæmni í framleiðslu og viðskiptum með vörur og þjónustu eða takmarkanir á atvinnufrelsi getur ráðið reynt að binda enda á hin skaðlegu áhrif með samningum við aðila.

Dugi viðræður aðila ekki til þess að binda enda á hinar skaðlegu samkeppnishömlur getur ráðið lagt fyrir viðkomandi að afnema þær reglur, samninga eða ákvarðanir sem hafa hin skaðlegu samkeppnisáhrif. Þá getur ráðið lagt fyrir aðila að selja öðrum tiltekna vöru eða þjónustu.

Ráðið getur einnig ákveðið hámarksverð og hámarksálagningu fyrir vörur eða þjónustu í allt að eitt ár ef verð vegna tiltekinna samkeppnishindrana er greinilega hærra en það væri ef samkeppnin væri eðlileg. Jafnframt er það skilyrði fyrir íhlutun af þessu tagi að þeir, sem standa að samkeppnishindrununum, séu markaðsráðandi.

Til þess að fylgjast með samkeppnisaðstæðum getur danska samkeppnisráðið skyldað fyrirtæki til að tilkynna sérstaklega um verð, afsláttarkjör, samninga og annað sem áhrif getur haft á samkeppnisaðstæður. Slík tilkynningarskylda getur staðið í allt að tvö ár.

Þýskaland.

Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar leystu Vesturveldin upp hinar stóru fyrirtækjasamsteypur í Vestur-Þýskalandi og settu reglur sem ætlað var að koma í veg fyrir að fyrirtæki stækkuðu um of og bönnuðu samninga milli keppinauta. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir að ný þýsk vígvél risi úr rústum eftir stríðið. Þessar reglur tóku mið af bandarískum samkeppnisrétti. Heilsteypt þýsk samkeppnislöggjöf, byggð á þessum reglum, leit síðan dagsins ljós 1957 (Gesetz gegen Wettbewerbsbeschränckung). Lögin hafa verið endurskoðuð þrívegis, síðast árið 1990.

Þýsku samkeppnislögin eru byggð á samblandi af bannaðferðinni og eftirlitsaðferðinni. Þannig eru láréttar samkeppnishömlur bannaðar. Undanþágur eru þó margar. M.a. eru samningar milli lítilla eða meðalstórra fyrirtækja um sameiginleg innkaup undanþegnir banninu að vissum skilyrðum fullnægðum.

Lóðréttir samningar, sem hafa samkeppnishömlur í för með sér, eru hins vegar ekki bannaðir, að undanteknum samningum um bindandi endursöluverð. Samkeppnisyfirvöld geta þó lýst lóðrétta samninga eða tiltekin ákvæði þeirra ógild að viðlögðum sektum.

Telji samkeppnisyfirvöld að markaðsráðandi fyrirtæki sé að misnota aðstöðu sína geta þau bannað þær athafnir.

Samruni.

Almennt eftirlit með samruna fyrirtækja í Vestur-Þýskalandi hófst árið 1973. Ef fyrirtæki, sem hyggjast sameinast, hafa veltu yfir tilteknum mörkum verða þau að tilkynna hinn fyrirhugaða samruna fyrir fram. Fyrirtæki undir þessum mörkum en þó með veltu yfir 500 milljónum marka dugir að tilkynna um samrunann eftir að hann hefur átt sér stað. Ef samkeppnisyfirvöld telja að markaðsyfirráð muni leiða af samrunanum verða þau að banna hann nema því aðeins að fyrirtækin, sem í hlut eiga, sanni að samruninn bæti samkeppnisaðstæður og sá bati vegi þyngra en ókostir markaðsyfirráðanna.

Frakkland.

Núgildandi samkeppnislög í Frakklandi eru frá árinu 1986 og hafa að geyma hefðbundin ákvæði sem banna misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samninga og samræmdar aðgerðir sem geta leitt til takmörkunar eða röskunar á samkeppni. Auk þess banna lögin tilteknar lóðréttar samkeppnishömlur, eins og t.d. þá að selja vöru með tapi að viðlagðri hárri sekt. Þá er einnig bannað samkvæmt frönsku lögunum að fyrirtæki hagnýti sér með ótilhlýðilegum hætti stöðu sem það kann að hafa gagnvart öðru fyrirtæki sem eini eða langstærsti viðskiptavinur þess.

Undanþágur er unnt að veita fyrir samkeppnishamlandi samningum að fullnægðum tilteknum skilyrðum sem svipar mjög til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir undanþágum skv. gr. 85(3) í Rómarsamningnum. Þótt ankannalegt megi virðast þá er í Frakklandi einnig hægt að fá undanþágu fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu ef unnt er að sýna fram á nauðsyn „misnotkunarinnar" til að ná efnahagslegum framförum.

Ákvörðun um það hvenær fyrirtæki telst markaðsráðandi fer eftir aðstæðum hverju sinni. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki með 46% markaðshlutdeild hefur ekki verið talið ráðandi á sínum markaði, en fyrirtæki með 20% hlutdeild hefur hins vegar verið talið vera það. Í slíkum tilvikum ræðst niðurstaðan ekki af markaðshlutdeildinni einni heldur mati á ýmsum samverkandi þáttum.

Stjórnvöld geta haft afskipti af samruna fyrirtækja sem samanlagt hafa tiltekna lágmarksveltu. Ekki er skylt að tilkynna samruna til yfirvalda, en ef það er hins vegar gert og stjórnvöld gera ekki athugasemdir geta þau ekki gripið seinna í taumana. Sé hins vegar ekki tilkynnt um fyrirhugaðan samruna eru engin tímamörk á því hvenær stjórnvöld geta fyrirskipað breytingar á honum eða látið hann ganga til baka. Samrunamál heyra undir franska fjármálaráðuneytið sem getur borið samruna undir franska samkeppnisráðið.

Evrópusambandið.

Reglur Evrópusambandsins um samkeppnishömlur er að finna í 85.–90. gr. Rómarsáttmálans. Reglurnar eru byggðar á því meginsjónarmiði að hvers konar takmarkanir eða hömlur á samkeppni, sem áhrif geta haft á viðskipti milli aðildarríkjanna, skuli bannaðar. Reglur þessar gilda milliliðalaust í aðildarríkjunum. Samkeppnisreglurnar gilda um allar atvinnugreinar. Sérstakar reglugerðir hafa þó verið settar um beitingu samkeppnisreglnanna um flutninga og landbúnað.

Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. eru samningar, ákvarðanir og samræmdar aðgerðir, sem fela í sér hömlur eða takmarkanir á samkeppni, bannaðar. Samningar og ákvarðanir, sem eru bannaðar skv. 1. mgr. 85. gr., eru ógildar.

1. mgr. 85. gr. tekur til allra samninga milli fyrirtækja, samtaka fyrirtækja og hvers konar samræmdra aðgerða sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og miða að eða leiða af sér takmarkanir, hindranir eða röskun samkeppni innan hins sameiginlega markaðar.

Athuga ber að framkvæmdastjórnin og dómstóllinn hafa oftar en einu sinni úrskurðað að samningar milli fyrirtækja í sama landi geti haft áhrif á viðskiptin milli aðildarríkjanna, sérstaklega þegar samningur felur í sér takmörkun eða stjórnun á útflutningi aðila samningsins til eins eða fleiri af aðildarríkjunum.

1. mgr. 85. gr. tekur fyrst og fremst til einkafyrirtækja sem framleiða vörur eða láta í té þjónustu. Ákvæðið getur þó einnig tekið til opinberra aðila og þeirra sem hafa starfsemi með höndum skv. opinberu leyfi, sbr. 2. mgr. 90. gr. Rómarsáttmálans.

Samkvæmt 3. mgr. 85. gr. Rómarsáttmálans getur framkvæmdastjórnin undanþegið samninga banni. Skilyrði undanþága eru að viðkomandi samningur hafi í för með sér kosti og hagræði fyrir framleiðslu, dreifingu, tækniþróun eða efnahagslegan ávinning, jafnframt því sem sanngjarn hluti af ávinningnum skili sér til neytenda. Enn fremur mega ekki felast í samningnum ónauðsynlegar samkeppnistakmarkanir. Þá mega þeir ekki fela í sér möguleika fyrir aðila samningsins að útiloka samkeppni á viðkomandi markaði. Ákveðinn samningur getur fengið undanþágu skv. 3. mgr., en einnig hafa ákveðnir flokkar samninga verið undanþegnir með sérstökum reglugerðum.

Fyrir hin minni aðildarríki ESB getur hin svokallaða „minni háttar regla“ haft mikla þýðingu. Samkvæmt tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. september 1986 falla samningar, sem hafa aðeins minni háttar þýðingu, ekki undir bann 1. mgr. 85. gr. Samningar milli fyrirtækja, sem ekki ná 5% markaðshlutdeild eða þar sem sameiginleg velta er undir 200 milljónum ECU, teljast minni háttar. Samningur þarf að vera yfir hvorum tveggja mörkunum til að falla undir 1. mgr. 85. gr. Þessi viðmiðun er þó ekki bindandi fyrir framkvæmdastjórnina og getur hún fellt samning undir 1. mgr. 85. gr. enda þótt hann sé að umfangi undir ofangreindum mörkum.

86. gr. Rómarsáttmálans kveður á um bann á misnotkun á markaðsráðandi stöðu innan hins sameiginlega markaðar eða verulegs hluta hans þegar misnotkunin getur haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Hugtakið „markaðsráðandi“ hefur skýrst með túlkunum framkvæmdastjórnarinnar á því og úrlausnum dómstóls Evrópubandalagsins. Eitt aðildarríki eða hluti aðildarríkis getur talist verulegur hluti hins sameiginlega markaðar. Greinin tiltekur nokkur dæmi um hvað telst misnotkun á markaðsráðandi stöðu:

a. að þvinga fram beint eða óbeint ósanngjarnt verð eða aðra ósanngjarna viðskiptaskilmála,
b. takmörkun á framleiðslu, skipting markaðar eða hömlur á tækniþróun til tjóns fyrir neytendur,
c. ósanngjörn mismunun gagnvart öðrum viðskiptaaðilum þar sem sambærileg kjör eru ekki látin gilda um sambærileg viðskipti,
d. að binda viðskipti skilyrðum um að viðsemjandinn gangist undir viðbótarskuldbindingar sem í eðli sínu eða samkvæmt viðskiptavenju eru óviðkomandi efni samningsins.

2. mgr. 90. gr. varðar opinber fyrirtæki og fyrirtæki sem starfa samkvæmt opinberu leyfi. Hún hljóðar svo:

„Reglur sáttmála þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum aðildarríkjanna.“

Sem undanþágu frá hinum almennu samkeppnisreglum í 85. og 86. gr. hefur Evrópudómstóllinn túlkað þessa grein þröngt. Á síðustu árum hefur það verið eitt af meginverkefnum framkvæmdastjórnarinnar að auka samkeppnina á þeim mörkuðum sem einkennst hafa af þátttöku hins opinbera eða opinberra fyrirtækja, eins og gildir t.d. um orkusölu og póst- og símaþjónustu.

Samruni.

Með reglugerð Ráðherraráðsins nr. 4064/89, sem tók gildi 21. desember 1990, voru settar sérstakar reglur um eftirlit með samruna fyrirtækja. Reglugerðin tekur til samruna þar sem samanlögð velta fyrirtækjanna, sem ætla að sameinast, er yfir 5 milljörðum ECU á heimsmarkaði og þar af sé velta innan ESB a.m.k. 250 milljónir ECU nema sú velta sé að ⅔ hlutum innan eins aðildarríkis.

Framkvæmdastjórnin metur fyrirhugaðan samruna einkum út frá þeim sjónarmiðum hvort hann skapi eða styrki markaðsráðandi stöðu með þeim afleiðingum að samkeppni geti takmarkast innan hins sameiginlega markaðar eða verulegs hluta hans. Framkvæmdastjórnin getur reyndar vísað fyrirhuguðum samruna til rétts yfirvalds í viðkomandi aðildarríki ef samruninn getur raskað samkeppni að töluverðu leyti á tilteknum markaði í því ríki. Ekki má láta samruna koma til framkvæmda fyrr en að liðnum þrem vikum eftir tilkynningu.

Að lokum skal tekið fram að í meginatriðum gilda sömu samkeppnisreglur innan Evrópusambandsins og hins Evrópska efnahagssvæðis.

Íslensk samkeppnislög.

Inngangur.

Fyrstu íslensku lögin gegn samkeppnishömlum voru samþykkt árið 1978. Árið 1969 var reyndar lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi sem ekki náði fram að ganga. Lögin frá 1978, sem báru heitið „Lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti", komu þó ekki í raun til framkvæmda fyrr en árið 1982 þar sem gildistöku þýðingarmikilla ákvæða hafði verið frestað til þess tíma. Bæði frumvarpið frá 1969 og lögin frá 1978 byggðust á eftirlitsaðferðinni en höfðu þó að geyma fáein bannákvæði.

Núgildandi samkeppnislög tóku gildi 1. mars 1993. Þau hafa að geyma fleiri bannákvæði en fyrri lög. Það er í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað í samkeppnislöggjöf annarra ríkja hin síðari ár. En breytingarnar frá eldri lögum felast í ýmsu öðru en fleiri bannákvæðum. Þannig er að finna í þeim ákvæði sem heimila samkeppnisyfirvöldum að hafa afskipti af samruna fyrirtækja. Þá hafa þau einnig að geyma athyglisvert ákvæði í 2. mgr. 14. gr. sem á við um opinberar samkeppnishindranir. Í samræmi við aukna áherslu á virka samkeppni eru í hinum nýju lögum fleiri bannákvæði og strangari viðurlög við brotum á þeim. Þannig er það nýmæli í lögunum að unnt er að leggja á fyrirtæki svokallaðar stjórnvaldssektir sem geta numið háum upphæðum.

Eftirlit með markaðsyfirráðum.

Á mörgum sviðum íslensks atvinnulífs háttar svo til að um markaðsráðandi fyrirtæki er að ræða. Ástæður markaðsyfirráðanna má oft rekja til opinberra afskipta í formi laga, leyfisveitinga eða annarra afskipta, en einnig er töluvert um markaðsyfirráð þar sem opinberra afskipta hefur ekki gætt nema að litlu leyti.

Hér á landi eru markaðsyfirráð ekki bönnuð frekar en annars staðar. Aðferð íslensku samkeppnislaganna við eftirlit á þeim er tvíþætt. Annars vegar er eftirlit með samruna fyrirtækja á grundvelli 18. gr. samkeppnislaganna með það fyrir augum að geta ógilt samruna sem drægi verulega úr virkri samkeppni. Um þessa heimild verður fjallað nánar hér á eftir, (2.5.3). Hins vegar beinist eftirlitið að hegðun markaðsráðandi fyrirtækja og hvort hún sé með þeim hætti að hún gefi tilefni til afskipta af hálfu samkeppnisráðs. Slíkt er þá gert á grundvelli 17. gr. samkeppnislaganna sem hljóðar svo:

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,

b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum,
c. óhæfilegri notkun á kaupbæti.

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein."

Ljóst er af greininni að samkeppnisráð hefur víðtækar heimildir til að grípa í taumana ef það telur að markaðsyfirráðum sé misbeitt. Þannig gæti ráðið ákveðið hámarksverð fyrir vöru eða þjónustu markaðsráðandi fyrirtækis ef það teldi að fyrirtækið í skjóli stöðu sinnar héldi verði óeðlilega háu. Reyndar getur verið erfitt að meta hvað er eðlilegt verð enda er það skilyrði að önnur ráð dugi ekki til að aflétta hinu skaðlega ástandi. Þá gæti ráðið skyldað markaðsráðandi fyrirtæki til að selja fyrirtæki umbeðna vöru ef sölusynjun teldist hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Af þeim málum sem samkeppnisráð hefur fengið til umfjöllunar og varða markaðsyfirráð og beitingu þeirra er hið svokallaða „sveppamál" einna athyglisverðast, en samkeppnisráð tók ákvörðun í því máli í júní 1994. Niðurstaða málsins var í stuttu máli sú að samkeppnisráð lagði skilyrta söluskyldu á framleiðanda sveppa sem er í markaðsráðandi stöðu.

Samrunaeftirlit.

Markaðsyfirráð myndast iðulega þannig að tvö eða fleiri fyrirtæki sameinast eða fyrirtæki yfirtekur eitt eða fleiri fyrirtæki og nær þannig markaðsyfirráðum. Enda þótt markaðsyfirráð sem slík séu ekki bönnuð er ljóst að þau geta dregið mjög úr samkeppni, því er samrunaeftirlit mikilvægt tæki í viðleitni yfirvalda til að vernda samkeppnina. Með núgildandi samkeppnislögum voru settar reglur í fyrsta skipti hér á landi sem heimila samkeppnisráði að ógilda samruna. Þannig segir í 18. gr. samkeppnislaganna að telji samkeppnisráð að yfirtaka eða samruni leiði til markaðsyfirráða eða dragi verulega úr samkeppni þá getur það ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna eða yfirtöku skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Ákvæðið á einnig við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að slíkt valdi markaðsyfirráðum, hamli samkeppni og brjóti í bága við markmið laganna.

Í 4. gr. samkeppnislaganna eru virk yfirráð skilgreind sem yfirráð sem gera aðila kleift að hafa úrslitaáhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis hvort sem þau áhrif eru tilkomin vegna þess að hann getur:

a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslur eða ákvarðanir fyrirtækisins,
b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum varð kunnugt um samrunann eða yfirtökuna. Ákvæðið tekur ekki til samruna og yfirtöku sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna, enda þótt hann hafi leitt til markaðsyfirráða. Þá hvílir ekki sú skylda á fyrirtækjum, sem hyggjast sameinast, að tilkynna um það fyrir fram til Samkeppnisstofnunar. Er greinilega gert ráð fyrir því að á hinum litla íslenska markaði geti samruni eða yfirtaka, sem eitthvað kveður að, ekki farið fram hjá samkeppnisyfirvöldum. Fyrirtæki geta hins vegar leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort það muni telja að samruninn eða yfirtakan leiði til markaðsyfirráða, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiðum samkeppnislaganna. Slíkri

fyrirspurn skal samkeppnisráð svara innan sex vikna, ella er viðkomandi aðilum rétt að líta svo á að ekki verði gerð athugasemd við samrunann eða yfirtökuna.

Á þeim tæpu tveimur árum sem liðin eru síðan lögin tóku gildi hefur ekkert samrunamál komið upp sem samkeppnisráð hefur séð ástæðu til að stöðva eða ógilda. Að því er Ísland varðar þá hefur sameining fyrirtækja oftar en ekki verið þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu þar sem einn eða fleiri aðilar, sem að sameiningunni standa, eru komnir að fótum fram, og spurningin er þá einungis hvort þeir hverfi af markaðnum sem gjaldþrota fyrirtæki eða inn í annað fyrirtæki.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á orðum í athugasemdum um 18. gr. en þar segir: „Jafnafdrifaríkum heimildum og samkeppnisyfirvöldum eru fengnar með þessari grein verður ekki beitt nema ríkar ástæður séu til og þau telji að virkri samkeppni sé veruleg hætta búin ef fyrirhuguð yfirtaka fer fram eða samruni sem þegar hefur farið fram fær að standa."

Eftirlit með fákeppnismörkuðum.

Hér á landi einkennast margir markaðir af fákeppni. Þegar hefur verið lýst hinum samkeppnisréttarlegu vandkvæðum sem tengjast fákeppnismörkuðum. Leiða má líkur að því að þessi vandkvæði séu jafnvel meiri hér á landi en í flestum öðrum ríkjum vegna smæðar markaðarins.

Lykilspurningin varðandi fákeppnismarkaði er hvort samkeppnin virki, eða hvort fyrirtækin á markaðnum hafi samráð um verðlagningu, hafi samráð um skiptingu markaða o.s.frv. Ef svo er þá hafa fyrirtækin brotið gegn 10. gr. samkeppnislaganna. (Um efni 10. gr. sjá nánar hér á eftir í kaflanum um láréttar samkeppnishömlur). Slíkt verður þó yfirleitt ekki leitt í ljós nema með nákvæmri skoðun á viðkomandi markaði og þeim fyrirtækjum sem á honum eru því sjaldnast liggja fyrir bein sönnunargögn, svo sem skriflegir samningar. Samkeppnisyfirvöld hafa ríkar heimildir í X. kafla samkeppnislaganna til að krefjast upplýsinga af fyrirtækjum auk þess sem þau geta gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn ef ríkar ástæður eru til að ætla að lögin hafi verið brotin.

Láréttar samkeppnishömlur.

Eins og fyrr segir hafa hin nýju samkeppnislög að geyma fleiri bannákvæði er lúta að láréttum samkeppnishindrunum en eldri lög. Þessi bannákvæði eru í 10. gr. sem hljóðar svo:

„Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyritækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

a. verð, afslætti eða álagningu,
b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni,
c. gerð tilboða.

Samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikninga á verði, afslætti og álagningu er bönnuð."

Hér er einnig rétt að benda á 12. gr. laganna sem kveður á um að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til samkeppnishindrana sem eru bannaðar samkvæmt lögunum.

Um aðrar láréttar samkeppnishömlur, þ.e. þær sem ekki eru bannaðar, gildir því eftirlitsaðferðin, sbr. 17. gr. samkeppnislaganna. Þessar samkeppnishindranir geta verið með ýmsum hætti sem of langt mál yrði að greina frá hér. Það ber þó að vekja athygli á því að hér á landi, andstætt því sem gildir t.d. í ESB, hvílir ekki skylda á fyrirtækjum að tilkynna um samkeppnishamlandi samninga að eigin frumkvæði. Því þurfa fyrirtækin á hverjum markaði að vera vel á verði og gera Samkeppnisstofnun viðvart, hvort sem það er í formi kæru eða með öðrum hætti, gruni þau að skaðlegar samkeppnishömlur séu við lýði.

Gott dæmi um beitingu bannákvæða 10. og 12. gr. er mál sem varðaði samtök myndbandaútgefenda. Samkeppnisráð taldi forsvarsmenn samtakanna hafa gerst brotlega við 12. gr., sbr. 10. gr., samkeppnislaga með því að samræma lágmarksútleigu fyrir myndbönd og að gera að skilyrði fyrir aðild að Myndmarki að myndbandaleiga leigi ekki út myndbönd undir hinu samræmda lágmarksleigugjaldi.

Lóðréttar samkeppnishömlur.

Í núgildandi samkeppnislögum er eitt bannákvæði er varðar lóðréttar samkeppnishömlur. Þetta ákvæði er að finna í 1. mgr. 11. gr. og hljóðar svo:

„Óheimilt er að ákveða eða semja um eða á annan hátt að hafa áhrif á verð, afslætti eða álagningu er gilda skal við endursölu vöru á næsta sölustigi. Bannið nær einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, afslætti og álagningu."

Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er þó heimilt að gefa upp leiðbeinandi endursöluverð, enda komi það skýrt fram af hálfu seljanda gagnvart endurseljanda að einungis sé um leiðbeiningar að ræða. Þá má seljandi með heimild Samkeppnisstofnunar ákveða hámarksverð fyrir vörur sínar sem endurseljandi verður þá að virða. Heimildin til að ákveða hámarksverð hefur einkum þýðingu í þeim tilvikum þegar seljandi, sem er t.d. nýr á markaðnum, vill hasla sér völl með því að vera með ódýrar vörur og þarf því að geta tryggt sig gegn því að endurseljendur geri honum þetta ókleift.

Að bannákvæði 11. gr. slepptu eru samkeppnislögin byggð á eftirlitsaðferðinni þegar um lóðréttar samkeppnishömlur er að ræða. Eðli máls samkvæmt er þær helst að finna í dreifingarsamningum, þ.e. samningum milli framleiðenda, heildsala eða innflytjenda annars vegar og endurseljenda, verslunareigenda hins vegar. Þeirrar tilhneigingar gætir hjá aðilum slíkra samninga að binda hendur annars eða beggja að því er varðar viðskipti við þriðja aðila. Komi slíkur samningur til skoðunar af hálfu samkeppnisyfirvalda yrði það gert á grundvelli 17. gr. samkeppnislaganna og metið hvort sú takmörkun, sem í samningnum fælist, væri skaðleg með hliðsjón af markmiði laganna.

Undanþáguheimildir.

Samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga getur samkeppnisráð veitt undanþágu frá bannákvæðum 10., 11. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

„a. samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir,
b. vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamlna vegi þyngra en ókostir þeirra við þær aðstæður sem um er að ræða,
c. sérstakar ástæður séu fyrir hendi er varða almannaheill.

Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær bæði verið ótímabundnar eða veittar tímabundið. Hægt er að setja frekari skilyrði fyrir undanþágu."

Fjöldi aðila, einkum þó samtök ýmissa starfsstétta, hafa sótt um undanþágu frá bannákvæði 10. gr. um samræmt verð og óskað eftir því að fá að hafa leiðbeinandi gjaldskrár. Má þar nefna félög tannlækna, ráðgjafarverkfræðinga, arkitekta, tannsmiða og Lögmannafélagið. Skemmst er frá því að segja að öllum þessum beiðnum hefur verið hafnað.

Opinberar samkeppnishindranir.

Hér að framan hefur verið gerð stutt grein fyrir hvernig opinber afskipti af atvinnulífi og atvinnustarfsemi geta haft samkeppnishamlandi áhrif, einkum með þeim hætti að takmarka aðgang að markaði. Hér á landi eru opinber afskipti af þessu tagi nokkuð algeng. Greinilegust eru þau þar sem einungis hinu opinbera eða opinberum fyrirtækjum er heimilt að hafa tiltekna starfsemi með höndum. Þar komast ekki aðrir inn á markaðinn þótt gjarnan vildu. Einkaréttur eða einkaleyfi til tiltekinnar atvinnustarfsemi byggir á lögum og reglugerðum sem mæla ekki einungis fyrir um réttinn til starfseminnar, þau leggja þeim einnig tilteknar skyldur á herðar sem njóta einkaleyfis eða einkaréttar. Í reynd gerist það oft að hið opinbera eða opinber fyrirtæki, sem starfa samkvæmt einkaleyfi, selja jafnframt vörur eða þjónustu sem falla utan einkaleyfisins. Slík starfsemi hefur yfirleitt einhver tengsl við hina einkaleyfisvernduðu starfsemi, en þó mismikil.

Þegar svo háttar til, sem hér hefur verið lýst, er að finna sérstaka heimild í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaganna sem hljóðar svo:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Samkeppnisráð hefur tekið nokkrar ákvarðanir á grundvelli 2. mgr. 14. gr. Má þar nefna ákvörðun frá 18. ágúst 1994 um að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar (SKÝRR) skyldu skilja fjárhagslega á milli þess rekstrar fyrirtækisins sem er í samkeppni við önnur hugbúnaðarfyrirtæki og þess rekstrar sem lýtur að framleiðslu, þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir eigendur fyrirtækisins sem eru ríki og Reykjavíkurborg. Samkeppnisráð tók þá ákvörðun í október sl. að Póstur og sími skyldi skilja að fjárhagslega þá starfsemi sem lýtur að viðskiptum með notendabúnað og þá starfsemi stofnunarinnar sem nýtur einkaleyfisverndar.

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli takmarka eða hindra samkeppni með ýmsum öðrum hætti en með einkaleyfisveitingum og annarri vernd af hálfu hins opinbera. Um hverja atvinnugrein gilda yfirleitt sérstakar reglur sem ýmist hafa það að markmiði að vernda neytendur og/eða þá sem atvinnureksturinn stunda. Ef hinar sérstöku reglur og samkeppnislögin eru ósamrýmanleg fer það eftir eðli máls og lögskýringarreglum að hvaða leyti ákvæðum samkeppnislaganna verður beitt um starfsemina. Í þeim tilvikum sem samkeppnislögunum verður ekki beitt og afleiðingin er sú, að áliti samkeppnisyfirvalda, að frjáls samkeppni í viðskiptum verði torveldari hvílir sú skylda á samkeppnisyfirvöldum skv. 19. gr. samkeppnislaganna að vekja athygli ráðherra á því áliti. Jafnframt skal álitið kynnt almenningi með fullnægjandi hætti, t.d. fréttatilkynningu, eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

Að því er varðar 19. gr. hefur samkeppnisráð m.a. kunngert það álit sitt að í reglum dómsmálaráðuneytisins um Bifreiðaskoðun Íslands hf. sé að finna ýmis ákvæði sem stríða gegn markmiðum samkeppnislaga.

Samantekt.

Hér að framan hefur verið gerð stutt grein fyrir helstu flokkum samkeppnishamla og efni samkeppnisreglna hér á landi, auk stuttrar lýsingar á samkeppnislögum nokkurra annarra ríkja og Evrópusambandsins. Við samanburð þessara laga kemur í ljós að þau eru um margt lík. Einna frábrugðnust íslensku samkeppnislögunum eru dönsku lögin sem fyrst og fremst eru byggð á eftirliti og öflugri upplýsingagjöf um markaðsaðstæður og markaðsuppbyggingu. Því má bæta við hér að samkeppnislögum Noregs og Finnlands svipar til íslensku laganna en Svíar fóru nánast alveg eftir reglum ESB í sínum nýju samkeppnislögum.

Það er út af fyrir sig eðlilegt að megindrættir samkeppnislaga ýmissa ríkja séu áþekkar, enda er tilgangur þeirra yfirleitt sá sami, þótt áherslumunur kunni að vera á milli landa, m.a. að því er varðar vernd lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Það sem einkennt hefur þróun samkeppnisreglna hin síðari ár er (I) að þeim hefur verið léð víðara gildissvið, (II) bannákvæðum hefur fjölgað í löggjöf þeirra landa sem beita eftirlitsaðferðinni og meiri áhersla er lögð á að vinna gegn láréttum samkeppnishömlum, (III) harðari viðurlög við samkeppnislagabrotum, (IV) aukið samrunaeftirlit. Að sjálfsögðu eru markaðsgerð og markaðsaðstæður mismunandi milli landa. Í sumum ríkjum er fákeppni meira áberandi en í öðrum. Þátttaka hins opinbera í atvinnulífi er mismikil og eins önnur afskipti þess af því.

Á Íslandi er hið opinbera áberandi í atvinnulífi og samkeppnistakmarkanir vegna opinberra afskipta af atvinnustarfsemi eru algengar. Frá því núgildandi samkeppnislög tóku gildi hefur starfsemi íslenskra samkeppnisyfirvalda mótast nokkuð af þessu, enda hafa íslensku lögin að geyma sérstaka heimild til að bregðast við tiltekinni tegund opinberra samkeppnishamla, þ.e. niðurgreiddum samkeppnisrekstri hins opinbera.

Þá hefur bann við verðsamráði haft mikil áhrif í ýmsum starfsgreinum eins og hinar fjöldamörgu undanþágubeiðnir, sem samkeppnisráði hafa borist, bera með sér. Undanþágubeiðnum hefur reyndar öllum verið hafnað. Hins vegar hefur ekki reynt mikið á hinar nýju samrunareglur hér á landi af ástæðum sem greint er frá að framan. Ísland er ekki eitt á báti hvað þetta varðar. Í flestum þeim ríkjum, sem nýlega hafa tekið upp samrunareglur, hefur þessi verið reynslan. Hið sama gildir um ESB, en þar sem annars staðar felst mikilvægi samrunareglnanna ekki síst í forvarnaráhrifum.

Það reynir á og er fyrirhafnarmikið að eiga í samkeppni. Fyrir rúmum 200 árum skrifaði Adam Smith „að fjármagnseigendur gætu undir engum kringumstæðum komið saman, jafnvel þótt tilefnið væri einungis til ánægju eða skemmtunar, án þess að félagsskapurinn endaði í einhvers konar samsæri gegn almannaheill eða leynilegu samkomulagi um verðhækkanir". Þótt Adam Smith hafi með þessum orðum sínum ef til vill tekið full djúpt í árinni má ætla að tilhneigingin til að takmarka samkeppni sé ekki minni nú en þá. Nú eru gerðar síauknar kröfur um arðsemi, hagkvæmni og hagræðingu í rekstri, enda er það almenn skoðun að samkeppnisreglur séu nauðsynlegar og hafi að gegna þýðingarmiklu hlutverki í hverju þjóðfélagi sem býr við þróaða viðskiptahætti.

EIGNA- OG VALDATENGSL

Inngangur.

Í upphafi þessa kafla er í meginmáli farið almennum orðum um tengsl eignar og valds. Enn fremur er bent á aðra valdaþætti en þá sem leiða af eign en geta með beinum eða með óbeinum hætti haft áhrif á samkeppni. Rakin eru sérkenni eignarhalds í íslensku atvinnulífi og fjallað er um eign og vald í hinum þremur geirum atvinnulífsins; opinbera, hálfopinbera og einkageiranum.

Fram hefur komið að lítil bein tengsl eru í íslensku atvinnulífi á milli eignarhalds og þess valds sem fylgir því að stjórna fyrirtæki. Stjórnendur eiga iðulega lítinn eða engan hlut í því fyrirtæki sem þeir stýra. Á þessu eru þrjár meginskýringar.

Hin fyrsta er að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, sem er mjög stór eigandi í íslensku atvinnulífi, skipar og ræður menn til þess að fara með þau völd sem eigninni fylgja.

Önnur skýringin er að það sem hér er kallað „hálfopinberi geirinn", lífeyrissjóðir, sjálfseignarstofnanir og félagasamtök, hefur mjög aukið hlut sinn í atvinnulífinu að undanförnu og velur menn til að sitja í stjórnum og stjórnunarstöðum og fara með þau völd sem eignarhlutnum fylgir.

Þriðja skýringin er að nær öll stærstu fyrirtæki landsins, önnur en hin opinberu, eru almenningshlutafélög þar sem oft er, eðli málsins samkvæmt, langur vegur milli eignar og valds. Jafnframt hafa í vissum tilvikum verið settar upp hindranir til þess að draga úr áhrifum hins almenna hluthafa og má í því sambandi nefna tilvik þegar samþykktir almenningshlutafélaga hafa að geyma ákvæði um að aðeins hluti stjórnar sé kosinn hverju sinni. Alþingi samþykkti 19. desember 1994 lög sem leiða til breytinga á þessu fyrirkomulagi.

Þegar eignarhald er með þeim hætti sem hér er lýst er ekki tryggt að hagsmunir eigenda séu ávallt hafðir í fyrirrúmi.

Í ljósi þeirra takmörkuðu tengsla sem eru á milli eigna og valds í fyrirtækjum verður fjallað um þessa þætti hvorn í sínu lagi hér á eftir. Þar verður leitast við að greina hvar hætta er á að samkeppni sé takmörkuð vegna tengsla og vegna markaðsgerðar.

Eign.

Hið opinbera.

Eignarhald hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, í íslensku atvinnulífi er með ýmsum hætti. Eignarhaldi ríkisins er hér skipt í þrjá flokka. Hrein ríkisfyrirtæki, fyrirtæki að hluta í eigu ríkisins sem eru rekin í nafni hins opinbera og fyrirtæki sem rekin eru með formi einkarekstrar. Sum þeirra síðast nefndu á ríkið að fullu. Sveitarfélagafyrirtæki eru alla jafna rekin sem opinber fyrirtæki.

Ríkið.

Hrein ríkisfyrirtæki.

Hrein ríkisfyrirtæki fást við margvíslega starfsemi en flest eiga það sameiginlegt að vera þjónustufyrirtæki. Dæmi um fyrirtæki í þessum hópi er Póst- og símamálastofnun, ríkisbankarnir, Ríkisútvarpið og Rafmagnsveitur ríkisins.

Í mörgum tilvikum eru sögulegar ástæður fyrir eignarhaldi ríkisins á þessum fyrirtækjum. Þau eru enn fyrirferðarmikil í atvinnulífinu, en m.a. vegna örrar tækniþróunar á síðustu árum hefur dregið úr mætti einkaleyfa þessara fyrirtækja og opnað hefur verið fyrir samkeppni á vissum sviðum í rekstri þeirra. Eins og áður er fram komið er ákvæði í

samkeppnislögum sem heimilar samkeppnisráði að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli þess hluta fyrirtækja sem nýtur einkaleyfis eða verndar og þess hluta sem er í frjálsri samkeppni. Þessu mikilvæga ákvæði hefur nú þegar verið beitt í nokkrum tilvikum, þar á meðal gagnvart Póst- og símamálastofnun.

Opinberir fjárfestingalánasjóðir voru áður tengdir vissum atvinnugreinum. Starfsemi sjóðanna hefur breyst hin síðari ár og nú eiga þeir áhættufé í fyrirtækjum og dæmi er um að þeir hafi farið út í atvinnurekstur í samkeppni við einkafyrirtæki. Slíkur rekstur hefur að bakhjarli þann fjárhagslega styrk sem opinberir aðilar hafa og getur því skekkt samkeppnisstöðuna á markaðnum. Í þeim tilvikum þar sem sjóðirnir hafa tekið beinan þátt í fyrirtækjarekstri hefur tilgangurinn yfirleitt verið sá að vernda fjárhagslega hagsmuni sjóðanna á meðan sjóðirnir hafa verið að selja viðkomandi fyrirtæki. Það hefur ríkt skilningur á því að veita sjóðunum tímabundið svigrúm til þess að yfirtaka rekstur fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum en það verður þá samhliða að gera þá kröfu til þeirra að þeir gæti þess að skaða ekki keppinauta á viðkomandi markaði með því að veita sínum fyrirtækjum óeðlilega fyrirgreiðslu. Leiðbeiningar eða reglur um meðferð slíkra mála vantar og fordæmi á grundvelli samkeppnislaga skortir.

Fyrirtæki að hluta í ríkiseign.

Veitufyrirtæki eru einkennandi fyrir þennan flokk. Sem dæmi má nefna Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða. Verðlagning á þjónustu þessara fyrirtækja hefur síðustu ár verið í höndum stjórna viðkomandi fyrirtækja en stjórnvöld hafa í sumum tilvikum haft afskipti af henni.

Sögulegum forsendum þessara fyrirtækja svipar til þeirra sem gilda um hrein ríkisfyrirtæki. Staða þeirra nú er þó í mörgu frábrugðin. Hliðstæðu hefur víða verið að finna í Evrópu en þar hefur sá rekstur ýmist verið einkavæddur eða gerðar hafa verið breytingar til að hleypa að markaðsöflum og stuðla að samkeppni.

Ríkisfyrirtæki rekin í formi einkarekstrar.

Þeirrar tilhneigingar hefur gætt hjá stjórnvöldum síðustu ár að draga ríkið út úr rekstri fyrirtækja. Þessi stefna hefur m.a. lýst sér í því að færa rekstur ríkisfyrirtækja í búning einkarekstrar með stofnun hlutafélaga. Þessi aðgerð er oft liður í undirbúningi að sölu ríkisfyrirtækja. Sem dæmi um þennan feril má nefna Síldarverksmiðjur ríkisins sem urðu SR-Mjöl hf. í eigu ríkissjóðs og síðan voru hlutirnir í hlutafélaginu seldir.

Áhersla er lögð á að *þegar* ríkisrekstur er færður í búning einkarekstrar eykur það í sjálfu sér ekki virka samkeppni í viðskiptum, sbr. t.d. breytingu Sementsverksmiðjunnar í hlutafélag. Reynslan annars staðar hefur heldur ekki leitt í ljós að neytendur séu betur settir með einkasölu rekna af einstaklingum en með ríkiseinkasölu. Ef vilji er hins vegar til að koma á virkri samkeppni á mörkuðum, þar sem ríkið er þátttakandi, er breyting á rekstrarformi, afnám leyfa og annarrar verndar nauðsynlegur liður í því. Einkavæðing ein og sér, sem hefur að höfuðmarkmiði að selja eignir ríkisins, tryggir það hins vegar ekki.

Sveitarfélög.

Þjónusta á vegum sveitarfélaga er ýmist í höndum þeirra sjálfra eða fyrirtækja í eigu þeirra hvers fyrir sig eða í sameign nokkurra. Veitufyrirtækin eru öll í þessum hópi. Önnur fyrirtæki annast sorphirðu, almenningssamgöngur og rekstur hafna, svo dæmi séu tekin. Sameiginlegt með þessum fyrirtækjum er að þau hafa einkaleyfi hvert á sínu sviði.

Stjórnir þessara fyrirtækja eru skipaðar af viðkomandi sveitarstjórnum en starfsmenn ráðnir til að veita þeim forstöðu.

Hálfopinber starfsemi.

Hálfopinber er talin sú starfsemi sem fer fram á vegum lífeyrissjóða, hagsmunasamtaka, sjálfseignarstofnana og hliðstæðra aðila. Eignarhlutur þessara aðila í atvinnulífinu hefur stækkað að undanförnu og fyrirsjáanlegt er að hann mun vaxa enn frekar á næstu árum.

Lífeyrissjóðir hafa í auknum mæli keypt hluti í fyrirtækjum. Í krafti þessa eignarhalds hafa forustumenn sjóðanna og hagsmunasamtaka í vaxandi mæli tekið sæti í stjórnum viðkomandi fyrirtækja.

Lífeyrissjóðir eru einnig fyrirferðarmiklir á fjármagnsmarkaði þar sem þeir kaupa verðbréf og veita lán. Í heild eru þeir stærsti fjárfestirinn og eiga samanlagt um tvo fimmtu af heildarsparnaði í landinu.

Einkageirinn.

Fyrirtæki í einkaeign skipta þúsundum. Flest þeirra eru í eigu fárra og eru svo smá að þau hafa óveruleg áhrif á viðkomandi markað.

Stærstu einkafyrirtækin eru flest almenningshlutafélög með dreifðri eignaraðild. Þessi fyrirtæki tengjast eignaböndum á ýmsa vegu og oft eiga þau fyrirtæki í skyldum rekstri.

Völd.

Völd í atvinnustarfsemi eru af ýmsum toga. Þar má nefna völd sem byggð eru á ákvæðum laga og reglna. Af öðrum toga eru völd sem felast í yfirráðarétti og úthlutun takmarkaðra gæða til atvinnustarfsemi. Annars konar völd eru þau sem byggð eru á eignarhaldi. Þessi atriði og fleiri leggja grunninn að stöðu fyrirtækja og því valdi sem stjórnendur þeirra fara með.

Ýmsar lykiltölur úr reikningum fyrirtækja hafa verið notaðar til þess að bera saman stærð þeirra og umsvif. Hins vegar er erfitt að mæla völd og allur samanburður á þeim er því örðugur. Umfjöllunin hér á eftir dregur dám af þessu og takmarkast við að draga upp mynd af því hvar völdin liggja og hvar mest samþjöppun þeirra er í atvinnustarfsemi hér á landi.

Hið opinbera.

Ríkisvaldið setur atvinnulífinu leikreglur með almennri löggjöf og sérlögum um einstakar greinar atvinnulífsins.

Þessu til viðbótar úthlutar hið opinbera, ríki og sveitarfélög, margvíslegum takmörkuðum gæðum, t.d. útvarpsrásum, hafnaraðstöðu og sérleyfum til flutninga. Við framantalið bætist mikil þátttaka hins opinbera í atvinnulífinu með beinni eignaraðild og er einkennandi hve fáir einstaklingar koma við sögu í meðferð þess valds sem því fylgir.

Hálfopinber starfsemi.

Eins og áður er vikið að sitja fulltrúar lífeyrissjóða og hagsmunasamtaka í stjórnum margra stórra fyrirtækja. Ekki verður séð að þeir hafi virk yfirráð í þessum stjórnum.

Einkageirinn.

Valdatengsl í einkageiranum eru margvísleg. Með því að stilla saman stjórnum fyrirtækja í einkaeign kemur fram mynstur af tveimur valdablokkum. Þær eru líkar um margt svo sem að þær teygja arma sína um stærstu fyrirtækin á sviði ferðaþjónustu, flutninga, olíuverslunar, tryggínga og útflutningsverslunar. Sérstaklega eru áberandi hin nánu tengsl tveggja stærstu flutningafyrirtækjanna á sjó og í lofti.

Lýsing á nokkrum mörkuðum.

Fjármagnsmarkaðurinn

Miklar breytingar hafa orðið á fjármagnsmarkaðnum á undanförnum árum í kjölfar aukins frelsis. Bönkum hefur fækkað með samruna og yfirtöku.

Ríkið er ráðandi á íslenska fjármagnsmarkaðnum, bæði sem eigandi banka og margra fjárfestingarlánasjóða og einnig sem stærsti lántakandinn. Markaðurinn var í höfuðdráttum tvíþættur, fjárfestingarlánasjóðir og innlánsstofnanir. Nú er flóran fjölbreyttari með tilkomu verðbréfafyrirtækja, eignarleigufyrirtækja og greiðslumiðlunar. Innlánsstofnanir hafa náð undirtökum á þessum markaði. Nú er svo komið að einungis tvö verðbréfafyrirtæki er ekki í eigu innlánsstofnunar, einungis ein eignarleiga, sem er þó nátengd banka, og engin greiðslumiðlun.

Mikil samvinna hefur viðgengist í bankakerfinu eins og fjöldi samráðsnefnda, sem þar hafa starfað, ber með sér. Margar þessara nefnda eru nú aflagðar en tilhneigingar hefur gætt til áframhaldandi samstarfs, eins og t.d. framkvæmdin við að taka í notkun debetkort ber vitni. Þá hafa innlánsstofnanir samstarf á grundvelli sameiginlegs eignarhalds á ýmsum þjónustufyrirtækjum.

Bankar og fjárfestingarlánasjóðir eru eignaraðilar að fyrirtækjum í óskyldum atvinnurekstri. Í krafti þessa eignarhalds hafa stjórnendur bankanna tekið sæti í stjórnum utan hins hefðbundna bankakerfis.

Fjárfestingarlánasjóðirnir voru upprunalega settir á stofn til að sinna vissum atvinnugreinum. Þetta hefur breyst og fjárfesta sumir fjárfestingarlánasjóðir í hlutabréfum, ýmist beint eða óbeint í gegnum fjárfestingasjóði. Þannig getur ríkið bæði verið kaupandi og seljandi í sömu viðskiptunum eins og gerðist þegar hlutir í SR-Mjöli hf. voru seldir. Þá keypti Draupnissjóður, sem er að mestu í eigu Iðnþróunar- og Iðnlánasjóðs, 5% hlut í SR-Mjöli hf.

Lífeyrissjóðir.

Lífeyrissjóðir starfa samkvæmt sérstökum lögum. Lög kveða á um skylduaðild að lífeyrissjóði. Í framkvæmd tengist aðildin oft kjarasamningum þannig að flestir hafa ekki val um í hvaða sjóð þeir greiða. Lífeyrissjóðir án skylduaðildar eru fáir og hafa litla markaðshlutdeild.

Hlutur lífeyrissjóða í heildarsparnaði þjóðarinnar nam um síðustu áramót um tveim fimmtu og hefur þá vaxið úr þriðjungi af heildarsparnaði á fjórum árum.

Fram á síðustu ár hafa lífeyrissjóðir ráðstafað fé með tvennum hætti. Annars vegar með lánveitingum til sjóðsfélaga og hins vegar með kaupum á skuldabréfum Byggingasjóðs ríkisins og ríkissjóðs, sem oft voru skyldukaup. Undanfarin missiri hefur vaxandi hluta af ráðstöfunarfé sjóðanna verið varið til kaupa á verðbréfum. Hlutabréfakaupum lífeyrissjóða hefur fylgt stjórnarseta í hinum ýmsu hlutafélögum.

Fyrirsjáanlegt er að eignir og völd lífeyrissjóða og fulltrúa þeirra í íslensku atvinnulífi munu, að óbreyttri stefnu sjóðanna, vaxa stórlega á næstu árum.

Athygli vekja hlutafjárkaup tveggja lífeyrissjóða, Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna, í fyrirtækjum sem tengjast þeim „blokkum" sem sérstaklega er fjallað um í þessari úttekt.

Tryggingastarfsemi.

Mikil samþjöppun hefur orðið á tryggingamarkaðnum á síðustu árum með samruna fyrirtækja og einnig hafa stóru tryggingafélögin keypt hlut í þeim minni. Við lýði er margs konar samstarf milli tryggingafyrirtækja við tjónauppgjör o.fl. Þá er starfandi Samband íslenskra tryggingafélaga. Eitt erlent fyrirtæki starfar á markaðnum og með EES-samningnum hefur verið opnað enn frekar fyrir samkeppni erlendra aðila.

Opinbert einkaleyfi til húsatrygginga fellur niður um næstu áramót. Tryggingafélögin buðu tryggjendum ekki önnur kjör en í boði voru meðan einkaleyfið var í gildi.

Tryggingafélögin hafa fjárfest í hlutabréfum á undanförnum árum og stjórnendur þeirra sitja nú í stjórnum ýmissa hlutafélaga.

Olíuviðskipti.

Til skamms tíma voru viðskipti með olíuvörur háð innflutningsleyfi og verðlagsákvæðum. Jafnframt hafði ríkið milligöngu um olíukaup frá Sovétríkjunum fyrrverandi. Í framhaldi af því að innflutningur var gefinn frjáls voru verðlagsákvæði afnumin á árinu 1992. Með nýjum lögum um flutningsjöfnun á olíu, sem gengu í gildi 1. september 1994, var numið úr gildi samkeppnishamlandi ákvæði um að hverju olíufélagi bæri að hafa sama útsöluverð um land allt.

Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi opnað leið fyrir aukna samkeppni á olíumarkaðnum einkennist hann áfram af fákeppni þriggja fyrirtækja. Verðbreytingar taka gildi samtímis sem leiðir af því fyrirkomulagi sem ríkir á markaðnum og gagnsæi hans. Fyrirtækin sjá sér ekki hag í að keppa um verð. Sama á sér stað í nágrannalöndunum. Samkeppni ríkir hins vegar í ýmsum öðrum þáttum í starfsemi olíufélaganna.

Verulegar aðgangshindranir eru að olíumarkaðnum vegna mikillar fjárfestingar, takmarkaðs aðgangs að hafnaraðstöðu o.fl. Áhugi virðist þó vera af hálfu erlendra aðila að hasla sér völl á íslenska olíumarkaðnum.

Olíufélögin eiga öll verulegan hlut í útgerðarfyrirtækjum. Útgerðarfyrirtæki kaupa um helming af olíuvörum á íslenskum markaði og skýrist eignaraðild olíufélaganna m.a. af uppgjöri vegna vanskila fyrirtækjanna.

Skipaflutningar.

Skipaflutningamarkaðnum má skipta í tvo hluta, annars vegar stykkjavöruflutninga og hins vegar stórflutninga. Gjaldskrá í stykkjavöruflutningum var til skamms tíma háð verðlagsákvæðum sem í reynd veitti fyrirtækjunum á markaðnum vissa vernd. Þrátt fyrir að breytingar hafi orðið við afnám verðlagsákvæða í stykkjavöruflutningum hefur þróunin verið hæg miðað við þá hagræðingu sem orðið hefur með tilkomu gámaflutninga. Áfram gætir þeirrar tilhneigingar hjá skipafélögum að verðleggja hverja vörutegund fyrir sig í stað þess að verðleggja heila gáma, óháð hvað í þeim er, eins og gert er víðast annars staðar. Mun meiri samkeppni hefur ríkt í stórflutningum og fleiri fyrirtæki um hituna þar.

Á markaðnum eru tvö fyrirtæki ráðandi og er annað þeirra, Eimskipafélag Íslands hf., með yfirburðastöðu. Samskip hf. voru á árinu 1993 í eigu banka en hafa nú að mestu verið seld einkaaðilum. Þessi fyrirtæki byggja sterka stöðu sína á markaðnum, ekki á opinberri leyfisveitingu. Hins vegar hefur fyrirtækjunum verið úthlutað tiltækri aðstöðu sem til staðar er á höfuðborgarsvæðinu og takmarkar möguleika keppinauta á að komast inn á markaðinn. Nýr hafnarbakki hefur verið gerður í Reykjavík. Ekki er ljóst hvort hann verður nýttur til þess að auðvelda aðgang nýrra keppinauta og efla með því samkeppni á markaðnum.

Eimskipafélag Íslands hf. hefur samhliða sterkri stöðu á skipaflutningamarkaðnum ítök á flugrekstrarmarkaðnum. Fyrirtækið á, í gegnum fjárfestingarfélag í eigu þess, Burðarás hf., ríflega þriðjung hlutafjár í Flugleiðum hf. og sitja fjórir stjórnendur fyrirtækisins í stjórn Flugleiða hf. Burðarás hf. á hlut í fleiri fyrirtækjum og jafnframt sitja stjórnendur Eimskips í stjórnum fyrirtækjanna.

Athygli vekja tvö atriði sem stuðlað hafa að valdasamþjöppun í stjórn Eimskips. Hið fyrra er framkvæmd stjórnarkjörs. Stjórnarkjörið hefur verið tvískipt þannig að minni hluti hefur þurft aukið afl atkvæða til þess að koma að manni í stjórn. Alþingi samþykkti lög hinn 19. desember 1994 sem leiða til breytinga á þessu fyrirkomulagi. Hið síðara er að einn stærsti eigandi hlutafjár í Eimskipi er sjóður, en samkvæmt stofnskrá hans fara stjórnendur félagsins með stjórn sjóðsins.

Flugrekstur.

Á þessum markaði eru Flugleiðir hf. markaðsráðandi og hafa haft sérleyfi. Á það jafnt við um millilandaflug og innanlandsflug. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur allt millilandaflug innan svæðisins verið gefið frjálst og frelsi í innanlandsflugi mun taka gildi árið 1997.

Fargjöld í millilandaflugi eru reiknuð út hjá alþjóðasamtökunum IATA en Flugleiðir hf. þurfa samþykki samgönguráðuneytisins á verðbreytingum á flugleiðum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkeppni er einkum í leiguflugi á þessum markaði.

Fargjöld í innanlandsflugi voru til skamms tíma háð verðlagsákvæðum, en þau voru afnumin í ársbyrjun 1993. Innanlandsflugið á við vaxandi samkeppni að etja við bifreiðar vegna bættra vegasamgangna. Þrátt fyrir að samkeppni fari vaxandi á þessum markaði hafa Flugleiðir hf. sterka stöðu. Eign félagsins í minni innlendum flugfélögum ásamt stjórnunartengslum styrkir hana enn frekar. Auk stórrar markaðshlutdeildar í fluginu er fyrirtækið stórtækt í rekstri ferðaskrifstofa, hótela og bílaleiga. Þessi tengsl geta dregið úr samkeppni á ferðamarkaðnum.

Tengsl af öðrum toga eru einnig fyrir hendi þar sem stærsti aðilinn í skipaflutningum, Eimskipafélag Íslands hf., á ríflega þriðjungs hlut í Flugleiðum hf. Jafnframt á forstjóri, stjórnarformaður, auk tveggja stjórnarmanna í Eimskipi, sæti í stjórn Flugleiða. Leiða má líkur að því að sú staða geti komið upp að tengsl af þessu tagi hafi áhrif á samkeppni í vöruflutningum til og frá landinu.

Smásölumarkaður matvöru.

Þessi markaður nær til almennra matvöruverslana og matvörudeilda, blandaðra verslana kaupfélaga, Hagkaupa o.fl. fyrirtækja. Matvörusala söluturna, söluskála og þess háttar verslana er ekki tekin með þessum markaði. Markaðurinn hefur gjörbreyst á undanförnum árum.

Verðlagsákvæði á matvöru og mörgum öðrum vörutegundum voru afnumin um miðbik síðasta áratugar. Þá þegar hafði þróast nokkur samkeppni á matvörumarkaðnum en afnám verðlagsákvæða örvaði þessa þróun enn frekar. Í kjölfarið sigldi aukin tæknivæðing og hagræðing sem hefur leitt til samþjöppunar í greininni með fækkun og stækkun verslana og verslanakeðja. Jafnframt hefur samstarf matvöruverslana um innkaup farið vaxandi. Hefur það m.a. leitt til breytinga á heildsölumarkaði.

Tilkoma Hagkaupa á sínum tíma átti þátt í að hrinda þessari þróun af stað og þáttaskil urðu þegar Bónus kom til sögunnar. Fyrir u.þ.b. tveimur árum tengdust þessi tvö stærstu fyrirtæki á matvörumarkaðnum þegar eigendur Hagkaupa keyptu 50% í Bónus. Í kjölfarið hefur fylgt að Hagkaup og Bónus gera innkaup að verulegum hluta í gegnum sameiginlegt fyrirtæki, Baug.

Virk samkeppni er á markaðnum. Samkeppnin er mest áberandi á höfuðborgarsvæðinu en hefur áhrif á samkeppni annars staðar á landinu þó finna megi, á minni stöðum, einkenni svæðisbundinnar einkasölu.

Auknar opinberar kröfur, þar með talin neytendavernd, svo sem verðmerkingar, vörulýsingar o.fl. hafa haft áhrif á þróunina á þessum markaði. Stórir aðilar eiga auðveldara með að uppfylla þessar kröfur og njóta þar hagkvæmni stærðarinnar.

Útflutningur sjávarafurða.

Ekki er um að ræða eiginlegan innlendan markað þessarar atvinnugreinar nema þann er lýtur að hráefnisöflun útflytjenda. Stór útflutningsfyrirtæki og útflutningssamtök fyrir einstakar tegundir afurða eru einkennandi fyrir þessa atvinnugrein. Helgast það m.a. af því að til skamms tíma þurfti opinbert leyfi til að flytja út sjávarafurðir. Útflutningurinn hefur verið gefinn frjáls í áföngum á undanförnum árum og í kjölfar þess hafa mörg ný fyrirtæki haslað sér völl á markaðnum og fer hlutdeild þeirra vaxandi.

Enn eru sterk tengsl útflutningsfyrirtækja við verkendur sjávarfangs. Þeir eru jafnframt í reynd eigendur stærstu útflutningsfyrirtækjanna. Stærstu fyrirtækin á þessum markaði eiga sölufyrirtæki á mörkuðunum bæði vestan hafs og austan og einnig í Japan. Stærsta fyrirtækið í útflutningi sjávarafurða á jafnframt hlut í skipafélagi og umbúðaverksmiðju.

Rétt er að geta þess að lóðrétt tengsl eru áberandi í þessari atvinnugrein, bæði fiskverkun og útgerð.

Samhliða auknu frelsi í viðskiptum hefur fylgt frelsi til sölu á óunnum fiski og nýjar útflutningsafurðir hafa fyrst og fremst skapað hinum nýju sölufyrirtækjum rekstrargrundvöll.

Fjölgun fyrirtækja, sem stunda útflutning sjávarafurða og keppa um afurðir til útflutnings, hefur m.a. leitt til þess að fyrirtæki eru farin að keppa um hráefni með kaupum á hlut í framleiðslufyrirtækjum.

Póstur og sími.

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar hefur til skamms tíma byggst á einkaleyfi sem tók til allrar póst- og fjarskiptaþjónustu.

Póstþjónustan hefur síðustu ár fengið nokkra samkeppni frá fyrirtækjum sem stunda hraðsendingarþjónustu og blaðadreifingu. Þessi fyrirtæki ráða þó enn óverulegum hluta markaðarins.

Samkeppni um fjarskiptaþjónustuna er einnig lítil enn sem komið er. Einkaleyfi Póst- og símamálastofnunar til þjónustu og sölu á notendabúnaði hefur verið afnumið og samkeppni á því sviði hefur komist á. Af því tilefni ákvað samkeppnisráð að Póst- og símamálastofnun bæri að skilja fjárhag vegna sölu notendabúnaðar frá annarri starfsemi fyrirtækisins og tryggja með því að einkaleyfisrekstur fyrirtækisins greiði ekki niður samkeppnisreksturinn. Ör tækniþróun breytir aðstæðum á þessum markaði sífellt og því er fyrirsjáanlegt að samkeppni muni aukast.

Rammi fyrir gjaldskrá Pósts og síma er settur í fjárlögum og breytingar á henni þurfa staðfestingu samgönguráðherra.

Tölvuþjónusta.

Þessi markaður er margþættur og er blanda af vörusölu og sölu á þjónustu.

Vörusalan er alfarið í höndum einkaaðila. Þjónustan er tvíþætt, hugbúnaðargerð og -sala og tölvuvinnsla. Fyrirtæki í eigu hins opinbera keppir um báða þætti þjónustunnar.

Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar (Skýrr), sem eru að hálfu í eigu ríkisins og að hálfu í eigu Reykjavíkurborgar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, eru stærsti þjónustuaðilinn á þessum markaði.

Stærstu verkefni Skýrr eru fyrir opinbera aðila, svo sem bókhald og innheimta, varðveisla og færsla grunnupplýsinga, t.d. þjóðskrá og vinnsla og áritun fjöldasendinga eins og skattseðla. Þessi stóru verkefni veita fyrirtækinu visst forskot á markaðnum.

Skýrr vinnur einnig verkefni og selur þjónustu í samkeppni við einkaaðila. Vegna þess hefur samkeppnisráð úrskurðað að fyrirtækið skuli aðskilja fjárhagslega á milli þess rekstrar, sem nýtur opinberrar verndar, og þess hluta rekstrarins sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila.

Bifreiðaskoðun.

Bifreiðaskoðun á Íslandi var áður í höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins sem hafði einkarétt til skoðunar ökutækja.

Árið 1989 var einkaréttur til skoðunar bifreiða veittur Bifreiðaskoðun Íslands hf. sem er að hálfu í eigu ríkisins og að hálfu í eigu tryggingafélaga, Bílgreinasambandsins og fleiri aðila. Jafnframt einkarétti til skoðunar var fyrirtækinu falið að halda ökutækjaskrá gegn gjaldi sem bifreiðaeigendum ber að greiða.

Á sl. ári var einkaleyfi Bifreiðaskoðunar Íslands hf. til skoðunar á ökutækjum afnumið að stærstum hluta. Eftir sem áður hefur fyrirtækið einkaleyfi til að halda ökutækjaskrá og taka gjald fyrir og annast sérstakar skoðanir á ökutækjum. Með þessum breytingum hefur verið opnað fyrir samkeppni á þessum markaði.

Á markaðnum eru hins vegar áfram við lýði opinberar samkeppnishindranir sem veikja samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja sem hafa hug á að hasla sér völl á honum og hefur samkeppnisráð vakið athygli á því.

Steinullarframleiðsla.

Steinullarverksmiðjan hf. hefur markaðsráðandi stöðu í gerð einangrunarefnis og hefur fjöldi fyrirtækja, sem framleiddu önnur einangrunarefni, lagt upp laupana á undanförnum árum auk þess sem innflutningur einangrunarefna hefur dregist verulega saman. Ríkið á tæpan þriðjung í fyrirtækinu.

Ljósvakamiðlar.

Fyrsti ljósvakamiðillinn var í eigu almenningshlutafélags, „Útvarp Reykjavík hf.“ Fljótlega tók ríkisvaldið þennan markað í sínar hendur með sérstakri löggjöf sem veitti Ríkisútvarpinu einkaleyfi til rekstrar útvarps og síðar sjónvarps. Árið 1985 var lögum breytt og 1986 hófu útvarps- og sjónvarpsstöðvar í einkaeign rekstur á ný. Á næstu árum var mikil gróska á þessum markaði. Síðustu ár hefur hins vegar verið tímabil samruna og frá árinu 1993 einkennist reksturinn af tvíkeppni Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Ríkisútvarpsins. Nokkrar einkareknar útvarpsstöðvar halda velli, einnig sjónvarpsrás sem sendir út kristilegt efni.

Eitt af sérkennum þessa markaðar er að jafnframt því að veita starfsleyfi úthlutar ríkisvaldið fyrirtækjum tíðnisviðum til útsendingar. Tíðnisvið eru takmörkuð gæði sem skerða möguleika nýrra fyrirtækja á að hasla sér völl á þessum markaði.

Annað sérkenni þessa markaðar er skyldubundin áskrift að Ríkisútvarpinu sem tryggir fyrirtækinu fastan tekjugrundvöll. Á móti koma skyldur sem lagðar eru á herðar Ríkisútvarpsins og takmarka möguleika í rekstri. Gjaldið fyrir afnot af Ríkisútvarpinu er ákveðið samkvæmt ramma í fjárlögum hvert ár en gjaldskrárbreytingar þurfa staðfestingu menntamálaráðherra.

Þrátt fyrir framangreinda skipan mála á þessum markaði ríkir nokkur samkeppni á honum. Sérstaklega á það við á auglýsingamarkaðnum, þar sem bæði er samkeppni milli ljósvakamiðla og við prentmiðla.

Þá er einnig hörð samkeppni á milli Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2 um sjónvarpsefni.

LOKAORÐ

Skýrsla samkeppnisráðs um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi er eins og fram hefur komið gerð samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í samkeppnislögum. Vegna þess hve viðfangsefnið er viðamikið og flókið taldi samkeppnisráð það álitamál hvernig framsetningu efnis yrði best hagað í skýrslunni. Ráðið valdi þá leið að byggja sem mest á myndrænni framsetningu og taldi að með því móti kæmist efnið best til skila. Það verður ekki annað sagt en að vel hafi tekist til með gerð skýrslunnar og að hún lýsi vel stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi. Í skýrslunni eru dregnar fram nokkrar helstu niðurstöður. Þær eru hins vegar ekki tæmandi og ljóst er að þeir sem munu kynna sér skýrsluna geta dregið fleiri ályktanir af efni hennar.

584. Svar [330. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Sigurðardóttur um athugun á lágmarksframfærslukostnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru niðurstöður nefndar sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis frá 20. desember 1990 til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis?*

a. *Var munur á framfærslukostnaði eftir kyni og þá hver?*
b. *Var munur á framfærslukostnaði eftir aldri og þá hver?*
c. *Var munur á framfærslukostnaði eftir búsetu og þá hver?*
d. *Hver var meðalframfærslukostnaður einstaklings hér á landi?*
e. *Hverjar voru aðrar niðurstöður nefndarinnar?*

2. *Á hvern hátt hafa niðurstöðurnar verið nýttar?*
3. *Er ætlunin að viðhalda og endurnýja þessar upplýsingar reglulega eða verða þær einungis framreiknaðar?*

Forsaga þessa máls er sú að Stefán Valgeirsson flutti þingsályktunartillögu í sameinuðu þingi árið 1988 (194. mál). Tillagan fól í sér að Hagstofunni yrði falið að „kanna, meta og gera sundurliðaða greinargerð um lágmarksframfærslukostnað í landinu". Um var að ræða að gerð yrði ítarleg könnun sem sýndi lágmarksframfærslukostnað einstaklings og leitast yrði við að ná til allra nauðsynja. Enn fremur var lagt til að Hagstofunni yrði falið að „kanna og taka saman greinargerð um lágmarksframfærslukostnað barns sem sýni sundurliðaðan framfærslukostnað fyrir hvert ár frá fæðingu til fullnaðs átján ára aldurs þess". Hagstofan treysti sér ekki til að taka þetta verkefni að sér, sbr. bréf hennar til félagsmálanefndar sameinaðs þings í febrúar 1990.

Ályktunin breyttist í meðförum þingsins og var hún samþykkt svohljóðandi í desember 1990:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis. Nefndin kanni meðal annars hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.

Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991."

Ekki eru fyrir hendi rannsóknarniðurstöður sem nota má sjálfstætt til viðmiðunar þegar reynt er að finna út lágmarksframfærslukostnað. Lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum eru líklega oftast höfð til viðmiðunar þegar leitast er við að tryggja einstaklingum lágmarksfé til framfærslu. Hér má einnig benda á að mörg sveitarfélaganna í landinu miða útreikning fjárhagsaðstoðar við viðmiðunartölur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þegar fjárhæðir bóta Tryggingastofnunar eru ákveðnar er mið tekið af lágmarkslaunum eins og þau eru á hverjum tíma og hefur svo verið til margra ára. Lágmarksmánaðarlaun eru í dag 43.116 kr., en taka verður eingreiðslur sem um semst á vinnumarkaði með í reikninginn. Tryggingabætur til öryrkja, sem býr einn og hefur ekki annað ráðstöfunarfé en það sem greitt er frá stofnuninni, eru samtals 48.664 kr. á mánuði (örorkustyrkur, full tekjutrygging, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót). Rökstuðningurinn fyrir bótum Tryggingastofnunar liggur því í kjarasamningum, en engin markviss rannsókn liggur þar að baki og má deila um hvort það sé réttur farvegur til að meta fjárþörf einstaklinga.

Mat á framfærslukostnaði verður óhjákvæmilega að talsverðu leyti huglægt fremur en hlutlægt. Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri sagði m.a. eftirfarandi í bréfi sínu til félagsmálanefndar í febrúar 1990 þegar upphaflega tillagan var þar til meðferðar:

„Niðurstöður slíks mats yrðu því hvorki einhlítar né óumdeilanlegar enda beinlínis háðar þeim forsendum um lágmark sem kynnu að verða ákveðnar fyrir hvert einstakt svið framfærslunnar."

Í september 1993 vísaði þáverandi félagsmálaráðherra í samráði við forsætisráðuneyti þingsályktuninni sem hér er spurst fyrir um til framkvæmdanefndar um Ár fjölskyldunnar. Framkvæmdanefndin fól formanni nefndarinnar og fulltrúa Hagstofunnar í nefndinni að kanna málið nánar. Niðurstaða framkvæmdanefndar varð sú að hér væri um afar flókið verkefni að ræða sem nefndin gæti ekki leyst úr. Það var álit hennar að seint muni nást samkomulag um skilgreiningu á hugtakinu lágmarksframfærslukostnaður. Það sé ævinlega álitamál hvað sé viðunandi í þessum efnum og skilgreining og mat á lágmarksþörfum verði óhjákvæmilega að miklu leyti huglægt.

585. Svar [305. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um framkvæmd reglna er lúta að siglingamálum.

1. *Hvað líður framkvæmd eftirtalinna reglna og samþykkta:*
   a. *reglna um lyfjakistur í íslenskum fiskiskipum og þjálfun skipstjórnarmanna þar að lútandi (ESB 92/29),*
   b. *reglna um aðbúnað og hollustuhætti í vistarverum íslenskra fiskiskipa (með tilliti til ESB-reglna),*
   c. *svokallaðrar STCW-samþykktar sem lýtur að öryggi sæfarenda, sbr. lög nr. 47/1987,*
   d. *samþykktar um hafnareftirlit (Port State),*
   e. *reglna eða reglugerða um viðurkenningu á starfsemi alþjóðaflokkunarfélaga hér á landi?*

a. Tilskipun 92/29, sem tók gildi 31. desember 1994, fjallar um menntunarkröfur varðandi notkun lyfja og aðhlynningu sjúkra, aðstoð við sjófarendur vegna slysa og almenna heilbrigðisþjónustu lækna með fjarskiptum. Hún nær til atriða eins og lyfja og lækningatækja, þjálfunar skipverja og læknisráðgjafar með hjálp fjarskipta. Siglingamálastofnun ríkisins hefur haft tilskipunina til umfjöllunar og athugunar ásamt hagsmunaaðilum, þar á meðal Stýrimannaskólanum í Reykjavík og siglingamálaráði. Það er ljóst að til að fullnægja ákvæðum tilskipunarinnar um lágmarks öryggis- og hollustukröfur vegna læknismeðferðar um borð í skipum þarf að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi hérlendis. Tillögur að þeim breytingum eru nú í undirbúningi á vegum Siglingamálastofnunar, landlæknisembættisins og Stýrimannaskólans í Reykjavík. Vonast er til að þeirri vinnu ljúki áður en langt um líður.

b. ESB-tilskipun nr. 93/103/EC um lágmarksöryggi og hollustuhætti um borð í fiskiskipum tekur gildi 23. nóvember 1995 fyrir ný fiskiskip, en sjö árum síðar fyrir gömul fiskiskip. Í tilskipuninni er að finna ákvæði um smíði og búnað fiskiskipa svo og ákvæði um þjálfun þeirra manna sem eru um borð.

Siglingamálaráð ákvað á sl. ári að fela vinnuhópi, sem í voru fulltrúar Siglingamálastofnunar ríkisins og hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, að gera drög að reglum um vistarverur áhafna fiskiskipa, öryggi og aðbúnað í samræmi við framangreinda tilskipun ESB.

Sú reglugerð hefur nú verið samþykkt sem reglur um vistarverur áhafna fiskiskipa, öryggi og aðbúnað í vinnu- og vinnslurýmum, dags. 23. janúar 1995.

c. Alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna (STCW) er frá árinu 1978 og tók gildi alþjóðlega 28. apríl 1984. Þann 30. mars 1987 samþykkti Alþingi lög nr. 47/1987, um framkvæmd alþjóðasamþykktarinnar, en í þeim eru m.a. heimildarákvæði til handa ráðherra til að setja reglur til að framfylgja ákvæðum hennar. Á grundvelli laganna skipaði samgönguráðherra nefnd til að undirbúa framkvæmd samþykktarinnar hér á landi.

Nefndin lagði m.a. til að gildandi lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna og námsefni sjómannaskólanna yrði breytt og að settar yrðu reglur á grundvelli samþykktarinnar. Samgönguráðherra lagði fram frumvarp til laga hér að lútandi á tveimur þingum, en því miður náðu þau ekki fram að ganga. Nú liggja fyrir þinginu frumvörp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna og frumvarp til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa, þar sem m.a. er að finna ákvæði til samræmis við STCW-samþykktina. Er vonandi að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi. Að öðru leyti er undirbúningi lokið við framkvæmd samþykktarinnar, þar á meðal hafa sjómannaskólarnir breytt námskrám sínum til samræmis við samþykktina.

Á síðasta hausti fór samgönguráðuneytið þess á leit að utanríkisráðuneytið hlutaðist til um að fullgilda STCW-samþykktina og samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu mun hún verða fullgilt á næstunni.

Þess má geta hér að mjög brýnt er orðið að fullgilda STCW-samþykktina hér á landi og hafa íslenskir farmenn nú þegar átt erfitt með að fá atvinnu á erlendum skipum þar sem Ísland hefur ekki fullgilt hana. Eins og kunnugt er hefur atvinnutækifærum farmanna fækkað mjög hér á landi vegna fækkunar í kaupskipastól Íslendinga og því brýnna en ella fyrir stjórnvöld að auðvelda aðgang þeirra að atvinnu erlendis.

d. Ákvæði um hafnarríkiseftirlit (Port State Control) er að finna í nokkrum alþjóðasamningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Þar má nefna alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu, alþjóðasamþykkt um varnir gegn mengun hafsins, alþjóðahleðslumerkjasamþykktin og STCW-samþykktin. Hafnarríkiseftirlit er í eðli sínu skyndiskoðanir um borð í erlendum skipum sem taka höfn hjá viðkomandi ríki. Tilgangurinn er sá að hindra siglingar vanbúinna skipa með því að kanna hvort t.d. búnaður þeirra, hleðsla og réttindi skipverja séu í samræmi við kröfur alþjóðasamninga. Í framhaldi af gildistöku þessara alþjóðasamninga gerðu nokkur Evrópuríki með sér samkomulag í París 26. janúar 1982 um framkvæmd þessa eftirlits (kallað Parísarsamkomulagið). Samkvæmt samkomulaginu skuldbinda aðildarríki sig til hafnarríkiseftirlits á 25% allra erlendra skipa sem koma til landsins. Samkomulagið nær aðeins að takmörkuðu leyti til fiskiskipa.

Ísland hefur ekki fullgilt Parísarsamkomulagið, eitt ríkja við Norður-Atlantshaf. Siglingamálastofnun ríkisins hefur engu að síður annast hafnarríkiseftirlit nokkur undanfarin ár á grundvelli ákvæða í lögum um eftirlit með skipum og annarra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við það eftirlit hefur, eftir því sem við verður komið, verið beitt þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í Parísarsamkomulaginu.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að Ísland hefur ekki fullgilt Parísarsamkomulagið og hafa verið skiptar skoðanir um þann ávinning sem aðild að samkomulaginu hefði fyrir Ísland. Aðildarútgerðir Sambands íslenskra kaupskipaútgerða hafa t.d. lýst því yfir að þær telji að lítill sem enginn ávinningur sé af staðfestingu á samkomulaginu, en staðfestingu fylgi hins vegar umtalsverðar skuldbindingar í mannafla og kostnaði.

Þess má geta að innan ESB er unnið að undirbúingi að tilskipun um nánari framkvæmd á Parísarsamkomulaginu. Fulltúar Íslands fylgjast með þeirri undirbúningsvinnu og verði hún hluti af EES mun Ísland að sjálfsögðu taka afstöðu til málsins.

e. Reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum er nr. 153/1993 og hafa fimm flokkunarfélög óskað eftir viðurkenningu hér á landi og umboð til að annast eftirlit og útgáfu skírteina skipa á grundvelli reglugerðarinnar. Undirbúningur að samningi milli ráðuneytis og flokkunarfélaga er nú á lokastigi.

2. *Í hvaða farvegi er sá hluti EES-samningsins er varðar skip og siglingar? Er af hálfu samgönguráðuneytis fylgst með framvindu væntanlegra tilskipana er lúta að siglingamálum með það í huga að tryggja eftir föngum íslenska hagsmuni?*

Sá hluti EES-samningsins, sem fjallar um skip og siglingar, heyrir undir þjónustusvið og ákvæði um flutninga á sjó er að mestu leyti að finna í XIII. viðauka við samninginn, sem fjallar um sjóflutninga, landflutninga og almennt flug.

Frá þessu eru nokkrar undantekningar þegar í hlut eiga reglur EES sem gilda um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Þetta á t.d. við um reglurnar sem fjallað er um í 1. tölul. a.–b. í fyrirspurn þessari. Um þær er fjallað á sviði félagsmála, en að beiðni fulltrúa samgönguráðuneytisins fær sérfræðinganefnd EFTA á sviði samgöngumála einnig tillögur að þeirri löggjöf afhentar. Fulltrúar ráðuneytisins og Siglingamálastofnunar fylgjast hins vegar náið með þeirri löggjöf ESB sem hugsanlega getur varðað öryggi sjómanna.

Löggjöf um sjóflutninga í upphaflega EES-samningnum fjallaði fyrst og fremst um frelsi til að veita þjónustu og aukinn markaðsaðgang innan aðildarríkjanna. Markmiðið er að efla siglingar og skipastól landanna. Að undanförnu hefur aukin áhersla verið lögð á öryggismál skipa og áhafna. Má þar nefna reglur um öryggi fiskiskipa, öryggi ferja, lágmarksþjálfun áhafna og eftirlit með skipum. Þessar reglur eru yfirleitt í samræmi við ákvæði samninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hér að lútandi, en ESB kýs að lögfesta þær til að tryggja fullnægjandi framkvæmd í aðildarríkjum.

Markmiðið með þessum reglum er að samræma kröfur um búnað skipa og menntun skipshafna í öllum aðildarríkjum EES.

Við upphaflegan undirbúning EES-samningsins fékk samgönguráðuneytið til umsagnar og umfjöllunar allar þær gerðir sem undir það heyrðu. Fulltrúi ráðuneytisins tók virkan þátt í þeirri vinnu í samvinnu við fulltrúa hagsmunaaðila.

Í 99. gr. samningsins um EES er kveðið á um að framkvæmdastjórn ESB skuli leita óformlega ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna þegar undirbúningur hefst að nýrri löggjöf innan gildissviðs EES. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna geta því á frumstigi komið að áliti sínu á löggjöfinni, t.d. hvort hún er í samræmi við íslenska löggjöf, hvort við þurfum hugsanlega aðlögunartíma o.s.frv. Enn fremur á að vera tryggt að íslensk stjórnvöld fái upplýsingar um alla þá löggjöf á sínu sviði sem verður hluti af EES.

Á grundvelli þessa ákvæðis tilnefndu EFTA-ríkin tengiliði við nefndir og sérfræðinga ESB fyrir öll svið samningsins. Ráðuneytið tilnefndi starfsmann Siglingamálastofnunar ríkisins sem þennan tengilið fyrir Íslands hönd á sviði siglingamála.

Jafnframt fjalla sérfræðingar ráðuneyta um löggjöfina. Allt þetta starf er unnið í náinni samvinnu við hagsmunaaðila.

Samgönguráðuneytið og fulltrúar þess hafa tekið virkan þátt í undirbúningi þeirra ákvarðana (reglugerða, tilskipana o.s.frv.) er lúta að siglingamálum og teljast hluti af EES. Hér má t.d. nefna að í tilskipun um öryggi fiskiskipa, sem verður gefin út á næstunni, verða nokkur mikilvæg ákvæði sem eru til komin vegna þátttöku Íslands í undirbúningi tilskipunarinnar.

Það má því segja að með þessum hætti fylgist íslensk stjórnvöld náið með framvindu væntanlegrar löggjafar EES á sviði siglingamála og öryggismála sjómanna og leitist einnig við að hafa áhrif á þá löggjöf með það að markmiði að tryggja íslenska hagsmuni.

586. Svar [299. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Björns Inga Bjarnasonar um radíóvita sem þjóni flugi til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er fyrirhugað að setja upp radíóvita (hringvita) sem gæti þjónað vel flugi til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar í stað vita sem var á Galtarvita?

Með tilkomu gervihnattaleiðsögu fyrir sjófarendur varð ljóst að Vitastofnun Íslands gat sparað umtalsverðar fjárhæðir með því að leggja niður gömlu radíóvitana sem þjónað hafa skipaumferð um langt árabil. Vitastofnun hafði samráð við Flugmálastjórn um málið á síðasta ári þar sem sumir þessara radíóvita eru einnig notaðir til leiðsögu fyrir flugumferð, þar á meðal radíóvitinn á Galtarvita.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1995 gerði Flugmálastjórn áætlun um aðflugskerfi sem gæti komið í stað radíóvitans á Galtarvita, en þar er ekki tenging við orkuveituna og illfært til viðgerða. Athugaðir voru ýmsir staðir fyrir nýjan radíóvita sem gæti komið í stað Galtarvitans. Helstu forsendur Flugmálastjórnar fyrir vali á staðsetningu radíóvita voru að velja honum stað sem fjærst frá fjalllendi til að minnka truflanir í leiðsögu vegna endurvarps á radíómerkjum frá nærliggjandi fjöllum. Einnig var mikilvægt að hægt væri að koma fyrir aðflugsleið með notkun radíóvitans þannig að flugmaðurinn hefði landsýn þegar hann kæmi niður úr skýjum í blindaðflugi.

Niðurstaða Flugmálastjórnar var að setja upp radíóvita í Selárdal, en þar er rafmagn fyrir hendi og nokkurt rými að næstu fjöllum. Blindaðflugið með notkun radíóvitans í Selárdal er yfir sjó vestan við strandlengjuna og nýtist aðflugið að flugvöllunum á Suðureyri, Holti, Bíldudal og Þingeyri. Lægsta leyfilega aðflugshæð í skýjum, áður en sjónflug tekur við til þessara flugvalla, er yfir stað sem er nokkru sunnar en hliðstæð lágmarkshæð var í blindaðflugi með notkun Galtarvita. Sjónflug frá þessari lágmarkshæð til Suðureyrar og Holts er því lengra miðað við Galtaraðflugið, en hins vegar verður sjónflugið styttra til Þingeyrar og Bíldudals. Radíóvitanum var ekki valinn staður á Ingjaldssandi vegna fjalllendis, og hefði vitinn því haft takmarkað notagildi.

Á þessu ári verða gerðar endurbætur á aðflugskerfinu í Selárdal með uppsetningu fjarlægðarmælivita og verður aðflugið að flugvöllunum í Súgandafirði og Önundarfirði þá styttra bæði fyrir flugumferð að sunnan frá Reykjavík og að norðan frá Ísafirði.

Þróun mála í gervihnattaleiðsögu fyrir flugumferð er mjög ör á alþjóðlegum vettvangi. Í áætlunum Flugmálastjórnar er gert ráð fyrir að gervihnattaleiðsaga eftir núverandi flugferlum fyrir radíóvitaaðflug á landinu verði heimiluð síðar á þessu ári og mun það enn frekar bæta blindaðflug að flugvöllum á Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu.

587. Skýrsla [361. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1994.

Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í starfi sambandsins á árinu 1994 var með hefðbundnum hætti. Íslandsdeildin tók þátt í báðum reglulegum þingum sambandsins. Það fyrra var haldið í París (91. þing) í mars og hið síðara í Kaupmannahöfn (92. þing) í september.

Stjórn Íslandsdeildarinnar skipa Geir H. Haarde, formaður, Ólafur Þ. Þórðarson, varaformaður, Gunnlaugur Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir og Einar K. Guðfinnsson. Áheyrnarfulltrúi Kvennalistans er Anna Ólafsdóttir Björnsson.

A. ÞINGIÐ Í PARÍS

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt sitt 91. þing í París dagana 21.–26. mars 1994. Þingið sóttu fulltrúar 111 þinga, en á þinginu voru auk þess áheyrnarfulltrúar frá fjölmörgum alþjóðasamtökum, þar á meðal ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuþinginu.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður, Ólafur Þ. Þórðarson, varaformaður deildarinnar, Gunnlaugur Stefánsson og Einar K. Guðfinnsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Alþjóðaþingmannasambandið gefur út greinargóða skýrslu, á ensku og frönsku, um hvert þing sambandsins og geta þeir sem þess óska fengið eintak af henni hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu auk þess sem fram fóru almennar stjórnmálaumræður. Þau þrjú efni, sem fjallað var um, voru eftirfarandi:

a. hlutverk Sameinuðu þjóðanna í því að koma í veg fyrir átök,
b. umhverfismál með sérstöku tilliti til bætts eftirlits með eyðingu úrgangsefna,
c. mikilvægi þess að þjóðir heims virði samninginn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Um öll þessi efni samþykkti þingið sérstakar ályktanir.

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum þingsins. Geir H. Haarde talaði í umræðunni um hlutverk Sameinuðu þjóðanna. Gunnlaugur Stefánsson flutti ræðu í umræðunum um umhverfismál og gagnrýndi þar harðlega áform Breta um endurvinnslustöðina í Sellafield. Einar K. Guðfinnsson talaði í almennu stjórnmálaumræðunum og fjallaði ræða hans m.a. um GATT-samkomulagið og fór hann hörðum orðum um aðgerðir Frakka til að hefta fiskinnflutning frá Íslandi. Í framhaldi af ræðu Gunnlaugs Stefánssonar áttu Gunnlaugur og Ólafur Þ. Þórðarson fund með einum fulltrúa bresku sendinefndarinnar, Lindsay lávarði, til að ræða málið frekar og var ákveðið að skiptast á viðbótarupplýsingum í kjölfarið. Allir í sendinefndinni tóku jafnframt þátt í nefndastörfum.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingstörf niðri. Ráðið fjallar um og tekur ákvarðanir um innri málefni sambandsins. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Geir H. Haarde og Ólafur Þ. Þórðarson fundi ráðsins.

Fyrir ráðinu lágu umsóknir um aðild frá Saír, Makedóníu, Kómoreyjum, Búrúndí og Mið-Afríkulýðveldinu. Allar þessar umsóknir voru samþykktar. Þar með voru aðildarþing sambandsins orðin 129, en auk þess eiga þrjú fjölþjóðaþing aukaaðild að því.

Að vanda var lögð fram ítarleg skýrsla þeirrar nefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Í skýrslu nefndarinnar var gerð grein fyrir málum rúmlega 120 þingmanna í níu ríkjum sem nefndin hefur haft til rannsóknar. Ríkin, sem hér um ræðir, eru Búlgaría, Kólumbía, Haítí, Hondúras, Indónesía, Myanmar, Senegal, Tógó, Tyrkland og Úzbekistan.

Ráðið samþykkti að senda sumarið 1994 nefnd þriggja þingmanna til fyrrum lýðvelda Júgóslavíu til að kynna sér aðstæður þar, ekki síst með tilliti til mannréttindabrota, og kanna með hvaða hætti sambandið getur orðið að liði í því uppbyggingarstarfi sem við tekur að loknu stríðinu í Bosníu. Í sendinefndina voru valdir þingmenn frá Ástralíu og Argentínu, auk Geirs H. Haarde.

Ráðinu var gerð ítarleg grein fyrir þátttöku sambandsins í kosningaeftirliti, en slíkt eftirlit er vaxandi þáttur í starfsemi þess. Í framhaldi af því samþykkti ráðið sérstaka yfirlýsingu um viðmiðanir fyrir frjálsar og heiðarlegar kosningar. Í þessu sambandi má nefna að Alþjóðaþingmannasambandið hefur gefið út ritið *Free and Fair Elections: International Law and Practice* (123 blaðsíður) sem skrifað er af Guy S. Goodwin-Gill, lagaprófessor við Carleton-háskóla í Kanada.

Líkt og á fyrri fundum fjallaði ráðið um fjölmörg önnur mál er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál og skýrslur forseta ráðsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda. Þá samþykkti ráðið að framlengja ráðningu Pierre Cornillon sem framkvæmdastjóra sambandsins til fjögurra ára.

IV. Störf pólitískra svæðahópa á þinginu.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi pólitískra svæðahópa (nokkurs konar þingflokkar) sem þingfulltrúar skiptast í. Segja má að veigamesta framlag Íslandsdeildarinnar til þingsins í París hafi verið formennska deildarinnar í hinum svokallaða 12-plúshópi sem skipaður er þingmönnum frá flestum ríkjum í Evrópu auk Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Þá eiga Ísrael, Evrópuþingið og Evrópuráðsþingið áheyrnaraðild að hópnum. 12-plúshópurinn hefur stækkað verulega í kjölfar stjórnarfarsbreytinganna í Mið- og Austur-Evrópu. Á árunum 1993 og 1994 bættust Búlgaría, Slóvenía, Tékkland, Eistland, Litáen og Rúmenía í hópinn en áður höfðu Pólland og Ungverjaland fengið aðild.

Geir H. Haarde stýrði störfum hópsins bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi. Á síðasta fundi hópsins í París samþykkti hópurinn að gera tillögu um að Geir H. Haarde yrði kjörinn í 13 manna framkvæmdastjórn sambandsins fyrir hönd hópsins á næsta þingi þess í Kaupmannahöfn.

B. ÞINGIÐ Í KAUPMANNAHÖFN

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt sitt 92. þing í Kaupmannahöfn dagana 12.–17. september 1994. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, og Margrét Frímannsdóttir, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar. Alls sóttu þingið fulltrúar 117 þinga.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu auk þess sem fram fóru almennar stjórnmálaumræður. Þau þrjú efni, sem fjallað var um, voru eftirfarandi: Efling mannréttinda, baráttan við fátækt og frjáls heimsviðskipti. Samþykktar voru ályktanir um þessi þrjú mál.

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum þingsins, bæði í umræðum og nefndastörfum.

Að tillögu ráðs sambandsins samþykkti þingið að kjósa Geir H. Haarde í 13 manna framkvæmdastjórn sambandsins. Tók hann sæti Ástralans Leo McLeay sem einn fulltrúa 12-plúshópsins í framkvæmdastjórninni. Geir er fyrsti íslenski þingmaðurinn sem tekur sæti í framkvæmdastjórn sambandsins.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Geir H. Haarde og Margrét Frímannsdóttir fundi ráðsins.

Við upphaf þingsins áttu 129 þing aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu en á þinginu lágu jafnframt fyrir umsóknir um aðild frá Suður-Afríku, Bosníu-Hersegóvínu og Máritaníu. Ráðið fjallaði um þessar umsóknir og voru þær samþykktar. Við lok þingsins í Kaupmannahöfn voru aðildarþing Alþjóðaþingmannasambandsins því orðin 132, en auk þess eiga þrjú fjölþjóðaþing aukaaðild að þinginu. Þessi fjölþjóðaþing eru Evróputáðsþingið, þing Andean-ríkjanna í rómönsku Ameríku og þing ríkja rómönsku Ameríku.

Að vanda var lögð fram í ráðinu ítarleg skýrsla um mannréttindamál þingmanna en mannréttindanefnd sambandsins gerði grein fyrir málum rúmlega 80 þingmanna í 13 ríkjum þar sem brotin höfðu verið mannréttindi á þingmönnum. Þau ríki, sem um var að ræða, voru Albanía, Búlgaría, Búrúndí, Kólumbía, Haítí, Hondúras, Indónesía, Maldíveyjar, Myanmar, Nígería, Senegal, Tógó, Tyrkland og Úzbekistan.

Bretinn Sir Michael Marshall, sem verið hefur forseti Alþjóðaþingmannasambandsins undanfarin þrjú ár, lét af störfum á þinginu og kaus ráðið nýjan forseta fyrir sambandið. Kosið var á milli tveggja frambjóðenda, þeirra Gabriel Valdes Subercaseaux, forseta öldungadeildar sílenska þingsins, og Ahmed Fathy Sorour, forseta egypska þingsins. Baráttan milli þessara tveggja frambjóðenda var mjög hörð og jöfn og lyktaði með því að Ahmed Fathy Sorour var kjörinn forseti Alþjóðaþingmannasambandsins með naumum atkvæðamun.

Fyrir ráðinu lágu tillögur um ýmsar breytingar á skipulagi þinghaldsins sem m.a. fela í sér að stytta þingið um einn dag og leggja aukna áherslu á nefndastarf þess. Ráðið féllst á slíkar breytingar og fól framkvæmdastjórn að leggja nauðsynlegar breytingartillögur við lög sambandsins fyrir fund ráðsins í Madrid í mars 1995 þar sem endanlega yrði gengið frá skipulagsbreytingum sambandsins.

Ráðið fjallaði einnig um skýrslu þriggja manna sendinefndar sambandsins er fór til Bosníu, Króatíu og Júgóslavíu dagana 31. júlí til 8. ágúst sl. Sendinefndin var skipuð Solari Yrigoyen frá Argentínu, Leo McLeay frá Ástralíu og Geir H. Haarde.

Þá fjallaði ráðið að vanda um fjölmörg önnur mál er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál og skýrslur forseta ráðsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda.

IV. Störf pólitískra svæðahópa á þinginu.

Líkt og á þinginu í París má segja að veigamesta framlag Íslandsdeildarinnar til þingsins í Kaupmannahöfn hafi verið formennska deildarinnar í hinum svokallaða 12-plúshópi sem skipaður er þingmönnum frá 35 ríkjum Evrópu og Norður-Ameríku auk Ástralíu og Nýja-Sjálands. Hópurinn fundaði bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var, líkt og á fyrri fundum, tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi. Geir H. Haarde hefur verið formaður hópsins undanfarin tvö ár og kom hann fram fyrir hönd hópsins á þinginu. Við lok þingsins lét Geir, að eigin ósk, af störfum sem formaður 12-plúshópsins. Tveir þingmenn gáfu kost á sér í embættið. Þeir voru Peter Bosa frá Kanada og Leo McLeay frá Ástralíu. Niðurstaðan var sú að Kanadamaðurinn hlaut kosningu.

C. NORRÆNT SAMSTARF

Auk þátttöku Íslandsdeildarinnar í þingum sambandsins í París og Kaupmannahöfn tók formaður deildarinnar þátt í samráðsfundum norrænu deildanna sem haldnir voru í Kaupmannahöfn fyrir bæði þingin. Á síðari samráðsfundinum var samþykkt tillaga formanns Íslandsdeildarinnar um að hætta að efna til samráðsfunda fyrir þingin þar sem slíkri fundir fælu í sér óþarflega mikinn kostnað og ákveðið að fundirnir yrðu framvegis haldnir á sjálfum þingunum eftir því sem þörf væri á. Finnar áttu á Kaupmannahafnarfundinum að taka við formennsku af Dönum í norræna hópnum en vegna kosninga í Finnlandi í mars var ákveðið að Danir mundu hafa frumkvæði að því að kalla saman fund norrænu deildanna á Madrid-þinginu.

D. NÆSTU ÞING

Næstu reglulegu þing sambandsins verða í Madrid (mars/apríl 1995), Búkarest (september 1995), Istanbúl (apríl 1996), Beijing (september 1996) og Seoul (apríl 1997).

Alþingi, 1. febr. 1995.

Geir H. Haarde, form. Gunnlaugur Stefánsson. Margrét Frímannsdóttir.

Einar K. Guðfinnsson.

588. Frumvarp til laga [362. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Flm.: Egill Jónsson, Gísli S. Einarsson, Eggert Haukdal.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó er heimilt að flytja kindakjöt, innan heildargreiðslumarks, á erlendan markað fari birgðir umfram 500 tonn kindakjöts.

2. gr.

1. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal endurgreiða verðjöfnunargjald við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, þar með töldum unnum landbúnaðarvörum í neytendaumbúðum. Ráðherra ákveður með reglugerð þær vörur sem verðjöfnun tekur til, hvaða landbúnaðarhráefni skuli endurgreitt og hver endurgreiðslan skuli vera.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða skulu að lágmarki miðast við 7.820 tonna greiðslumark verðlagsárin 1995/96, 1996/97 og 1997/98. Sé greiðslumark til framleiðslu ákveðið lægra en 7.820 tonn skal mismuninum, sem af þessu leiðir, deilt út til framleiðenda eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Samdráttur í sauðfjárframleiðslu.

Á gildistíma búvörusamnings, sem gerður var árið 1987 og gilti til ársins 1991, var heildarfullvirðisréttur í kindakjöti um 12.000 tonn. Framleiðsluheimildir við upphaf búvörusamnings sem hófst 1. september 1991 voru hins vegar 8.600 tonn. Samdráttur í sauðfjárframleiðslu milli þessara tveggja samninga hefur því numið um það bil 3.400 tonnum af kindakjöti.

Við gerð gildandi búvörusamnings var gengið út frá að framleiðsluréttur sauðfjárbænda yrði um 8.000 tonn af kindakjöti. Nú blasir hins vegar við að svo mun ekki verða og er því grundvöllur samningsins að þessu leyti brostinn. Í þessu sambandi má benda á að ein af forsendum samningsins var að ríkið keypti upp allt að 3.700 tonn af framleiðslurétti til að jafnvægi skapaðist milli framboðs og eftirspurnar innan lands.

Samkvæmt töflu í lið 2 sem byggð er á þróun þessara mála á samningstímanum og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins um framhald þeirrar þróunar til loka samningsins kemur í ljós að sala kindakjöts á innanlandsmarkaði er sífellt að minnka og er á þessu verðlagsári komin niður undir 7.000 tonn. Við lok samnings er sala kindakjöts á innanlandsmarkaði áætluð 6.600 tonn. Þessi þróun á sér stað þrátt fyrir að miklu fjármagni sé varið til markaðsaðgerða innan lands.

2. Birgðir kindakjöts.

Í búvörusamningi frá 11. mars 1991 voru ákvæði um að ríkissjóður ábyrgðist að birgðir við upphaf búvörusamningsins, þ.e. 1. september 1992, yrðu ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu (500 tonn). Þá eru enn fremur ákvæði í samningnum sem kveða á um að leiði markaðssamdráttur til þess að sala nái ekki heildargreiðslumarki eins og það er ákveðið á hverjum tíma og birgðir kindakjöts meiri en sem nemur þriggja vikna sölu við upphaf verðlagsárs skuli þær seldar á innlendum markaði með markaðsstuðningi sem fjármagnaður er með lækkun á greiðslum afurðastöðva vegna innleggs og/eða lækkun heildargreiðslumarks með það fyrir augum að ná birgðum niður í þriggja vikna neyslu á næstu tveimur árum. Óheimilt er talið samkvæmt núgildandi lögum að flytja út kjöt sem greiddar hafa verið beinar greiðslur út á. Þessi ákvæði búvörusamningsins voru lögtekin með lögum nr. 5/1992. Þrátt fyrir þau hefur orðið um verulega birgðasöfnun að ræða af kjöti sem greiddar hafa verið beinar greiðslur út á. Birgðir sl. haust námu um 1.400 tonnum, sbr. eftirfarandi töflu. Eins og taflan ber með sér voru birgðir á sl. hausti umfram þriggja vikna sölu um 900 tonn.

Verðlagsár	Greiðslumark	Virkt greiðslumark	Sala	Birgðir í lok verðlagsárs
1992/93	8.600	8.600	7.081	1.391
1993/94	8.150	8.150	7.613	1.470
1994/95	7.670	7.400	7.200	1.620
1995/96	7.820	7.200	7.000	1.770
1996/97	7.200	6.800	6.800	1.920
1997/98	7.000	6.800	6.600	1.970

Birgðir fara vaxandi á samningstímanum og munu verða um 2.000 tonn í lok hans samkvæmt áætluninni sem byggir á þeirri takmörkun sem áður er nefnd, þ.e. að útflutningur á kjöti innan greiðslumarks er óheimill. Um yrði að ræða fjórfalt meiri birgðir en hæfilegar geta talist sem kalla á verulegan fjármögnunarvanda.

Ekki verður séð að um aðra leið verði að ræða til þess að leysa þennan birgðavanda en að breyta ákvæðum núgildandi laga í þá veru að heimilt verði að flytja út hluta af þessu kjöti þrátt fyrir að það sé innan greiðslumarks.

3. Lækkun verðs á kindakjöti.

Að því sem hér hefur verið rakið liggja þrjár grundvallar staðreyndir um þróun þessara mála nú þegar fyrir.

a. Innanlandsmarkaður kindakjöts fer sífellt minnkandi og er nú þegar kominn niður fyrir þau mörk sem gengið var út frá við gerð núverandi búvörusamnings.
b. Birgðir kindakjöts fara stöðugt vaxandi. Áætlað er að þær verði fjórum sinnum meiri við lok samningsins en talið var hæfilegt við gerð hans.

c. Verðlækkun til framleiðenda er svipuð eða jafnvel enn meiri en samningurinn gerir ráð fyrir. Svo virðist sem það eitt hafi staðist.
d. Uppkaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti 1992 leiddi ekki til þeirrar fækkunar framleiðenda sem ráð var fyrir gert vegna vaxandi atvinnuleysis í þéttbýli.

Með tilvísan til þeirra skýringa, sem að framan er getið, liggur ljóst fyrir að þróun þessara mála stefnir afkomu þeirra sem stunda sauðfjárrækt í mikla tvísýnu auk þess sem þessara áhrifa hlýtur að gæta í afkomu þeirra sem vinna að úrvinnslu í þessari grein. Hér verður því að spyrna við fótum ef ekki á illa að fara. Sá er tilgangur með flutningi þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er veitt heimild til þess að flytja út kindakjöt, hvort sem það hefur hlotið beinar greiðslur eða ekki, fari birgðir í lok verðlagsárs umfram fjögurra vikna sölu sem er nú um 500 tonn.

Um 2. gr.

Lagt er til að ráðherra verði skylt að endurgreiða verðjöfnunargjöld af vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni. Jafnframt er tekið fram að unnar landbúnaðarvörur í neytendaumbúðum falli þarna undir. Þá er einnig til að taka af allan vafa kveðið á um afdráttarlausa skyldu ráðherra til að setja reglugerð um þær vörur og hráefni er verðjöfnunin tekur til og hver endurgreiðslan skuli vera.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru heildargreiðslumarki sett neðri mörk við 7.820 tonn. Ástæða þess er sú að markmið núverandi búvörusamnings gerði ráð fyrir að neysla kindakjöts héldist um 8.000 tonn á ári út gildistíma samningsins. Miðað við reynsluna og neysluspá Framleiðsluráðs landbúnaðarins er ljóst að verulega skortir á að þessu markmiði verði náð og má segja að ein af grundvallarforsendum samningsins, sem fjárhagsleg afkoma sauðfjárbænda byggir á, sé brostin.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

589. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Mótframlag eigin iðgjalds einstaklings í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi til lífeyrissjóðs sem hlotið hefur staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1996 á tekjur ársins 1995.

Greinargerð.

Iðgjöld í lífeyrissjóði eru yfirleitt um 10% af launum og er algengast að launþeginn greiði 4% og launagreiðandinn 6%. Launagreiðendum er almennt heimilt að draga þann iðgjaldahluta er þeir greiða frá skattskyldum tekjum atvinnurekstrarins en launþeganum er hins vegar gert að greiða fullan skatt af sínum hluta. Sjálfstæðir atvinnurekendur greiða allt iðgjaldið sjálfir, oft um 10% af reiknuðum launum, en fá hins vegar engan skattfrádrátt á sínar iðgjaldagreiðslur, ekki einu sinni af samsvarandi 6% hluta og launagreiðendum er heimilt að nýta til frádráttar.

Í flestum löndum Evrópu eru iðgjöld, sem greidd eru vegna lífeyris, frádráttarbær frá tekjum til skatts að hluta eða öllu leyti óháð því hvort það er launþeginn eða launagreiðandinn sem greiðir iðgjöldin. Slíkar skattareglur eru mun skynsamlegri en sú leið sem ríkisstjórnin valdi nú fyrir áramót um að hluti greidds lífeyris yrði frádráttarbær en ekki iðgjöldin. Brýnast er þó að koma til móts við sjálfstæða atvinnurekendur enda ekki rök fyrir því að þeir búi við sínu verri stöðu í skattalegu tilliti en aðrir borgarar þessa lands.

590. Fyrirspurn [364. mál]

til dómsmálaráðherra um barnaklám.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hefur dómsmálaráðherra látið gera greinargerð út frá refsiréttarlegu sjónarmiði um það athæfi að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi?
2. Ef svo er, hverjar eru aðalniðurstöður greinargerðarinnar?
3. Hafa verið teknar ákvarðanir um viðbrögð?

591. Fyrirspurn [365. mál]

til forsætisráðherra um embætti húsameistara ríkisins.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hvað líður vinnu við breytingar á embætti húsameistara ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

592. Fyrirspurn [366. mál]

til menntamálaráðherra um framtíðarnýtingu Safnahússins.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hefur verið tekin ákvörðun um framtíðarnýtingu Safnahússins við Hverfisgötu?
2. Ef svo er, hver er hún?

593. Fyrirspurn [367. mál]

til viðskiptaráðherra um lög um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvers vegna hefur ráðherra ekki farið að fyrirmælum Alþingis sem fram koma í þingsályktun, sem samþykkt var 19. mars 1992, um að lagt verði fyrir 116. löggjafarþing frumvarp um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélögum, þannig að slík lög gætu tekið gildi 1. janúar 1993 og verndað félagsmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta?
2. Hvaða áhrif telur ráðherrann að það hafi haft fyrir minni hluta hluthafa í einstökum hlutafélögum, einkum fjölmennum félögum, að hafa ekki löggjöf sem tryggi rétt þeirra?

594. Fyrirspurn [368. mál]

til félagsmálaráðherra um jafnan rétt kvenna og karla til dæmdra bóta.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við nýlegum dómi Hæstaréttar þar sem byggt er á því að það samræmist lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að örorkumat barna sé mismunandi eftir kynferði þeirra?
2. Er ekki nauðsynlegt að breyta jafnréttislögum til að koma í veg fyrir að forsendur dóma séu kynbundnar eða telur ráðherra að e.t.v. þurfi að breyta mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar til tryggja jafnrétti kynja að þessu leyti?

Skriflegt svar óskast.

595. Skýrsla [369. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1994–95.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

I. NORRÆNT SAMSTARF 1994–95

1. Samstarf forsætisráðherra, samstarfsráðherra og Norrænu samstarfsnefndarinnar

1.1. Inngangur

Hinn formlegi grundvöllur, sem Norðurlandasamstarf þjóðþinga og ríkisstjórna hvílir á, er Helsingforssamningurinn. Aðild Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu (ESB) hefur ekki í för með sér að breytingar þurfi að gera á honum. Enda var kveðið á um það í sameiginlegri yfirlýsingu við aðildarsamninga þeirra að þau ætli að halda áfram norrænni samvinnu. Þetta rennir sterkri stoð undir hið norræna samstarf.

Ljóst er hins vegar að þörf er á að laga samstarfið að þeim nýju aðstæðum sem nú hafa skapast þannig að það uppfylli þarfir allra norrænu landanna, bæði þeirra sem kosið hafa að standa utan ESB og hinna sem eru aðilar þess. Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa því falið samstarfsráðherrum landanna og forsætirnefnd Norðurlandaráðsfulltrúum að gera sameiginlegar tillögur um pólitísk markmið samstarfsins, forgangsverkefni og grundvallaratriði í ljósi þeirra nýju aðstæðna sem nú hafa skapast. Lögð er áhersla á að styrkja samstarf landanna um hreinræktuð samnorræn málefni, menningar-, menntamál og rannsóknir, málefni þegna landanna, umhverfismál og samstarfið við Eystrasaltsríkin, svæðin kringum Sankti Pétursborg og Barentssvæðið. Starfshópnum ber að skila niðurstöðum til forsætisráðherra og forsætisnefndar fyrir 13. febrúar og á grundvelli þeirra tillagna verður málið til umræðu á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. Íslenskir fulltrúar í starfshópnum eru Halldór Ásgrímsson alþingismaður og Sighvatur Björgvinsson sem gegnir formennsku í hópnum ásamt forseta Norðurlandaráðs Per Olof Håkansson.

Norrænt samstarf er Íslendingum mikilvægt bæði sem vettvangur samstarfs um eiginleg norræn málefni og sem vettvangur umræðna og samráðs um þau evrópsku og alþjóðlegu mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Ljóst er að forsenda þess að hið norræna samstarf dafni í framtíðinni er að unnt verði að finna því farveg sem rýmir þetta hvort tveggja. Mikilvægt er að nýta bæði það þétt ofna net formlegs og óformlegs norræns samstarfs sem byggst hefur upp undanfarna áratugi og þá kosti sem fylgja aðild þriggja norrænna ríkja að ESB hvað varðar upplýsingar og áhrif. Af Íslands hálfu er því lögð áhersla á að Evrópumál verði fastur liður á dagskrá funda forsætisráðherra landanna og Norrænu ráðherranefndarinnar. Miklu skiptir fyrir Íslendinga að fá innsýn í störf ESB gegnum norrænt samstarf og möguleika á þátttöku í umræðu um mál ESB á norrænum vettvangi. Mikilvægt er að norrænt samráð geti átt sér stað um evrópsk stefnumál á

undirbúningsskeiði áður en komið er að ákvarðanaferli og svo á ný eftir ákvarðanatöku þegar komið er að lögfestingu og framkvæmd, en þar munu EES- og ESB-ríkin oft eiga samleið.

Hætta er á að norrænu fjárlögin, sem hækkuðu um 8% þetta ár, muni skerðast næstu ár. Í samræmi við fyrri ákvarðanir er áfram verið að styrkja menningar-, mennta- og rannsóknasamstarfið og skera að sama skapi niður á öðrum sviðum en umhverfis- og grannsvæðasamstarfi. Því er mikilvægt að ekki sé hafist handa um norræn samstarfsverkefni fyrr en þau hafa verið skoðuð grannt með tilliti til samnorrænna hagsmuna og verið er að undirbúa reglur í því skyni sem ný verkefni þurfa að falla að til að heimild fáist fyrir norrænum fjárveitingum til þeirra. Á sama hátt verða markmið norrænu stofnananna skoðuð. Þetta er liður í því að gera samstarfið markvissara og beina því inn á þær brautir sem gagnast almenningi í löndunum best. Jafnframt verður leitast við að standa vörð um þann árangur sem náðst hefur hvað varðar rétt þeirra Norðurlandabúa sem ferðast og flytja milli norrænu landanna til langs eða skamms tíma og unnið áfram að því að tryggja að þeir njóta sömu eða sambærilegra réttinda og heimamenn á öllum sviðum.

1.2. Samstarf forsætisráðherranna

Starfsárið 1994–95 gengdu Íslendingar forustuhlutverki í norrænu samstarfi. Íslenskir ráðherrar tóku við formennsku allra norrænu ráðherranefndanna og íslenskir embættismenn við formennsku embættismannanefndanna. Í þeirra hlut kom því að hafa forustu um stefnumótun samstarfsins innan þess fjárlagaramma sem ákveðinn hafði verið á 43. þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1993.

Starfsárið hófst á því að Davíð Oddsson, forsætisráðherra Íslands, flutti stefnuræðu sína í upphafi 44. Norðurlandaráðsþings í Stokkhólmi 7. mars 1994. Ræða hans er lögð fram með skýrslu þessari sem fylgiskjal. Þar gerði hann grein fyrir skoðunum sínum og áformum á sviði norræns samstarfs á starfsárinu. Þá drap forsætisráðherra á nokkur mál, sem hann vildi kappkosta að könnuð yrðu sérstaklega á árinu. Ber þar að nefna tillögu hans um að kannaðir verði kostir þess að sameina stofnanir í löndunum og gera þær að norrænum stofnunum eða auka verkaskiptingu þeirra á milli til þess að stofnanir á Norðurlöndum yrðu síður undir í samkeppni við evrópskar stofnanir. Enn fremur að gerð yrði úttekt á því alþjóðlega samstarfi sem á sér stað um málefni norðurslóða og frumbyggja norðurskautasvæðisins.

Í ræðu sinni lagði hann og áherslu á að kannaðir yrðu enn frekar möguleikar þess að sjónvarpssendingum á Norðurlöndum yrði varpað til norrænna grannlanda og sérstök áhersla lögð á þarfir jaðarsvæðanna.

Með erindi til formanns samstarfsráðherranna Sighvats Björgvinssonar fól forsætisráðherra honum að annast um að ofangreindar úttektir um stofnanir á Norðurlöndum og málefni norðurskautasvæðisins yrðu gerðar þannig að leggja mætti þær fyrir 46. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík um mánaðamótin febrúar/mars.

Í framhaldi af þessu hrundu samstarfsráðherrarnir af stað tveimur skýrslugerðum. Önnur á að fela í sér yfirlit um á hvern veg norrænu löndin geti með sem hagfelldustum hætti aukið samstarf og verkaskiptingu milli norrænna stofnana í löndunum sem fást við svipuð verkefni en hin að gerð verði heildarúttekt á norrænni starfsemi sem máli skiptir fyrir norðurskautasvæðið þar sem aukin norræn samvinna gæti aukið skilvirkni og gagnsemi samstarfsins. Þá ber í skýrslunni að gera grein fyrir annarri alþjóðlegri starfsemi um málefni norðurskautasvæðisins, veita umsögn um þær tvær tillögur sem fram hafa komið í Norðurlandaráði um málefni norðurskautasvæðisins og leggja jafnframt mat á tilmæli þau sem samþykkt voru á alþjóðlegri þingmannaráðstefnu Norðurlandaráðs um málefni norðurslóða 1993. Æskilegt var talið að ljósi yrði varpað á hvernig menn gætu best tryggt samhæfingu norræns samstarfs og samhæfingu annarrar alþjóðlegrar starfsemi viðkomandi þessum svæðum. Magnúsi Magnússyni prófessor var falin gerð skýrslunnar um málefni norðurskautasvæðisins og liggur hún nú fyrir og verður lögð fram á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík.

Forsætisráðherrarnir héldu fjóra fundi á starfsárinu undir formennsku Davíðs Oddsonar, forsætisráðherra Íslands. Á dagskrá fundanna voru m.a. málefni Norðurlanda í ljósi aðildar fleiri ríkja að ESB og þróun bandalagsins, afstaða Norðurlanda til Eystrasaltsríkjanna, Barentssvæðisins og annarra svæða í Norðvestur-Rússlandi, svo og önnur alþjóðleg mál sem efst voru á baugi. Umræður um stöðu aðildarviðræðnanna og niðurstöður þeirra voru á dagskrá allra fundanna.

1.3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk samstarfsráðherranna er skilgreint í 61. grein Helsingforssamningsins. Það er m.a. að stuðla að aukningu samstarfsins og samræmingu þess milli hinna ýmsu samstarfssviða, taka ákvarðanir um skipulag sem nær til margra samstarfssviða, ákveða norrænu fjárlögin árlega og bera ábyrgð á upplýsingamiðlun ráðherranefndarinnar. Eftir þörfum ber þeim að hafa samráð við fagráðherra. Samstarfsráðherrar héldu sjö fundi á starfsárinu.

Samstarfsráðherrar leggja árlega fyrir Norðurlandaráðsþing norræn fjárlög næsta árs, skýrslu um samstarf liðins árs (C1) og áætlun um samstarf næsta árs (C2). I. hluti skýrslu þessarar er byggður að hluta á upplýsingum frá ráðuneytunum og skýrslu samstarfsráðherranna um störfin 1994 (C1), en í II. hluta skýrslunnar er áætlunin um norrænt samstarf 1995 (C2) lögð fram í heild sinni í íslenskri þýðingu.

Sighvatur Björgvinsson samstarfsráðherra hélt, í tilefni formennskuárs Íslands, tvo fundi með fulltrúum ráðuneytanna og leitaði jafnfram skriflega eftir upplýsingum um hvaða atriði fagráðherrarnir mundu leggja sérstaka áherslu á á starfsárinu. Á grundvelli þessara upplýsinga var gefinn út bæklingurinn Norrænt samstarf starfsárið 1994–1995 í 600 eintökum. Honum var dreift til alþingismanna, ráðuneyta, fjölmiðla, stofnana, skóla og bókasafna.

Í tilefni fyrirhugaðrar opnunar norrænnar upplýsingaskrifstofu í Sankti Pétursborg heimsótti Sighvatur Björgvinsson samstarfsráðherra Sankti Pétursborg í desember 1994 og átti þar m.a. fund með aðstoðarborgarstjóra hennar, V. V. Putin, um fyrirhuguð störf skrifstofunnar og húsnæðismál, en mikill húsnæðisvandi ríkir í borginni. Af yfirlýsingum aðstoðarborgarstjórans á fundinum má ráða að borgarstjórnin muni útvega hentugt húsnæði, sem ráðherranefndin innrétti fyrir skrifstofuna.

1.4. Norðurlandaskrifstofa

Skrifstofa Norðurlandamála var stofnuð á miðju ári 1987 sem ein af skrifstofum utanríkisráðuneytisins. Frá og með 1. janúar 1994 var sú breyting gerð á að skrifstofan skyldi heyra undir forsætisráðuneytið og vera sem sérstök skrifstofa þar, Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins. Í samræmi við ofangreint þjónar skrifstofan í miklum ríkara mæli en áður verkefnum, sem leiða af forustu forsætisráðherra í norrænu samstarfi, jafnframt því sem hún sinnir hinum hefðbundnu verkefnum fyrir samstarfsráðherra.

Flutt var í nýtt húsnæði um miðjan júlí 1994 að Hverfisgötu 4–6 og frá 1. júlí 1994 tók Snjólaug Ólafsdóttir, fyrrverandi aðalritari Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, við starfi skrifstofustjóra af Jóni Júlíussyni sendifulltrúa sem veitt hafði skrifstofunni forstöðu frá upphafi. Aðrir starfsmenn skrifstofunnar eru Alfa Lind Birgisdóttir og Hanne Fisker stjórnarráðsfulltrúar.

Fjárlög skrifstofunnar fyrir árið 1995 nema 103.500 þús. kr., þar af 7.100 þús. kr. vegna þings Norðurlandaráðs 1995 og 78.200 þús. kr. framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Vegna formennskuárs Íslands í samstarfinu jukust störf skrifstofunnar. Jón Júlíusson var formaður norrænu samstarfsnefndarinnar (NSK) til 1. júlí þegar Snjólaug Ólafsdóttir tók við formennsku þar. NSK er samstarfsráðherrunum til aðstoðar en fæst einnig við verkefni sem forsætisráðherrarnir fela henni beint. Nefndin er stjórn Skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og undirbýr þau mál sem samstarfsráðherrarnir fjalla um. Henni ber að taka ákvarðanir um þau mál sem full samstaða næst um, nema samstarfsráðherrar hafi gert fyrirvara um að þeir muni sjálfir taka ákvarðanir um þau.

Á starfsárinu hófst útgáfa Norræns fréttabréfs á íslensku. Það kom út í 10 tölublöðum á starfsárinu. Sigrún Davíðsdóttir, fréttamaður í Kaupmannahöfn, sá um íslensku

útgáfuna í samvinnu við Norðurlandaskrifstofu, en ritstjóri er Bengt Östling starfsmaður Skrifstofu ráðherranefndarinnar. Norræna fréttabréfið kemur út í 400 eintökum og er dreift af Norðurlandaskrifstofu til alþingismanna, ráðuneyta, fjölmiðla o.fl.

Á starfsárinu var gefinn út veglegur kynningarbæklingur um samstarfið. Hann hlaut í íslenskri þýðingu nafnið „Samtakamáttur Norðurlanda“ og var dreift af Norðurlandaskrifstofu til um 2000 aðila, þar á meðal 279 skóla og 192 bókasafna. Ætlunin er að hann muni ásamt kennsluefni, sem útbúið verður, nýtast við kennslu í framhaldsskólum. Samstarf um dreifingu og nýtingu var haft við Norræna húsið og kennsluráðgjafa þess, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins og Námsgagnastofnun.

2. Norrænu fjárlögin 1995

Inngangur

Sá samruni Evrópu sem nú á sér stað hefur í för með sér nýja hvatningu og nýtt hlutverk norræns samstarfs. Heildarrammi fjárlaga ráðherranefndarinnar árið 1995 er 706 millj. d.kr. sem felur í sér raunaukningu um 8% miðað við árið áður. Aukning fjárlaga ráðherranefndarinnar um 50 millj. d.kr. endurspeglar pólitíska vilja til að halda áfram að styrkja samstarfið á árinu 1995. Þetta er ekki há upphæð, t.d. í samanburði við fjárlög einstakra ríkja. Ráðherranefndin vill því hnykkja á því að samnorrænu fjárlögin eigi fyrst og fremst að verka sem kveikja að fjármögnun frá öðrum aðilum og leggur áherslu á þann samnorræna hag sem er af ýmsum verkáætlunum og ýmissi starfsemi. Ráðherranefndin bendir og á að mikið norrænt samstarf eigi sér stað án mikils fjármagns og/eða það sé fjármagnað af einstökum ríkjum.

Tvö pólitísk meginmarkmið setja mark sitt á fjárlögin fyrir 1995. Annars vegar er það framhald á aðgerðum til að styrkja sjálfsímyndina í ljósi samruna Evrópu og hins vegar aukin áhersla á samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samnorrænar aðgerðir á sviðum menningar, menntamála og rannsókna munu halda áfram og því er lagt til að fjárlagarammi þessara sviða verði hækkaður um 15,5 millj. d.kr. Hækkunina ber að skoða sem framhald á þeirri áherslubreytingu sem gerð var 1994. Markmið ráðherranefndarinnar er að styrkja þá starfsemi sem er til þess fallin að auka norræna menningarsamkennd og norræna sjálfsvitund. Tvö áherslusvið fá þar æ meiri þýðingu, einkum í ljósi þess samruna sem nú stendur yfir.

Annað áherslusviðið er grannsvæði Norðurlanda sem fá augljósan forgang í fjárlögunum. Nú er ekki aðeins lögð áhersla á Eystrasaltsríkin heldur og norðvesturhluta Rússlands og þá aðallega Barentssvæðið og Sankti Pétursborg. Svonefnd grannsvæðafjárlög nema samtals 50 millj. d.kr. en námu 28,5 millj. árið 1994. Til þess að

leggja áherslu á þýðingu samnorræns samstarfs við grannsvæði Norðurlanda er grannsvæðaáætlunin sérstakur liður í fjárlögunum 1995.

Að öðru leyti mun starfsemi ráðherranefndarinnar halda áfram samkvæmt því endurmati á samstarfinu sem ríkisstjórnirnar fimm urðu ásáttar um árið 1993. Líkt og fjárlögin fyrir 1994 byggja fjárlögin 1995 á sjö forgangssviðum, auk áherslu á grannsvæði Norðurlanda. Þau eru *menningarmál, menntun og rannsóknir, umhverfismál, sjávarútvegur, réttindi þegnanna, efnahagsmál og löggjafarmál.*


Síðan 1991 hefur verið unnið að því að gjörbreyta og stuðla að þróun fjárlagakerfis Norrænu ráðherranefndarinnar. Við breytingarnar er miðað við svonefnda samningsstjórnun, þ.e. ramma- og markmiðsstjórnun sem nær til margra ára. Markmiðið með breytingunum er að finna betra form samskipta og samstarfs við stofnanir og verkefni og styrkja grunn pólitískra ákvarðana. Með samningsstjórnun gefst betra færi til að veita athygli og mæta breytingum á samfélagsþróuninni – hvað er mikilvægt, hverju getum við sleppt? Fjárlagavinnan á að leiða til viljayfirlýsingar eða pöntunar á umbeðnu verki í formi samnings eða samkomulags. Í embættismannanefndum samþykkja löndin þau markmið sem stjórnarskrifstofan og stofnanirnar hafa komið sér saman um. Pólitísk umfjöllun tekur aðallega til þess þegar niðurstaðan er í miklu ósamræmi við verkpöntunina. Norðurlandaráð mun því áfram fá upplýsingar um árangur samningsstjórnunarinnar og að hve miklu leyti hún kann að vera í ósamræmi við sett markmið. Árið 1995 mun samningsstjórnunarkerfið ná til svo til allra stofnana og fjölda áætlana.

Norræni lykillinn

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum" sem hefur verið ákveðinn í samræmi við hlutfall viðkomandi lands af brúttóþjóðartekjum (BNI) norrænu ríkjanna í heild:

Ár	1992 %	1993 %	1994 %	1995 %
Danmörk	20,6	20,4	20,8	21,6
Finnland	22,4	22,9	21,8	18,6
Ísland	1,0	0,9	0,9	1,0
Noregur	18,3	18,0	18,0	18,4
Svíþjóð	37,7	37,8	38,5	40,4

Þróun fjárlaga 1980–95



	millj. d.kr.	1980	1985	1990	1995
■	Á verðlagi hvers árs	181,8	403,4	601,3	706
□	Á verðlagi 1994	314,1	449	606,1	706

Á verðlagi hvers árs (í millj. d.kr.) hafa norrænu fjárlögin hér um bil fjórfaldast frá því í upphafi 9. áratugarins. Fært til raunvirðis hafa fjárlögin að raunvirði (á verðlagi ársins 1994) rúmlega tvöfaldast á tímabilinu.

Skipting fjárlaganna eftir áherslusviðum
á verðlagi ársins 1994

Tafla 1.

Áherslusvið		1995 þús. d.kr.	Hlutdeild %	1994 þús. d.kr.	Hlutdeild %
1	Menningarmál	138.681	19,6	127.181	19,4
2	Menntun/rannsóknir	201.981	28,6	197.981	30,2
3	Umhverfismál	33.167	4,7	33.167	5,1
4	Sjávarútvegsmál	7.663	1,1	6.663	1,0
5	Réttindi þegnanna	60.455	8,5	59.105	9,0
6	Efnahagsmál	126.168	17,9	119.509	18,2
7	Löggjafarmál	5.435	0,8	13.327	2,0
8	Samstarf við grannsvæði	50.000	7,1	14.043	2,1
9	Önnur starfsemi	82.450	11,7	84.910	13,0
Samtals		706.000	100,0	655.886	100,0

Ein af niðurstöðum starfs svonefnds starfshóps forsætisráðherranna var að ríkin ákvæðu að áherslusviðin menning og menntun/rannsóknir ættu að fá helming fjárlaga ráðherranefndarinnar í síðasta lagi 1996. Þessi ákvörðun miðaðist við heildarfjárlögin 1993 sem námu 656 millj. d.kr. Miðað við skilgreiningu hópsins á menningarmálum, 297,3 millj. d.kr. á fjárlögum 1994 (áherslusvið 1 og 2 fyrir utan líftækni og umhverfisrannsóknir), á eftir að yfirfæra til þess sviðs 30,6 millj. d.kr. svo ákvörðuninni verði fylgt eftir. Árið 1995 verða 15,5 millj. d.kr. yfirfærðar og það sem eftir er, 15,1 millj. d.kr., á fjárlögum 1996. Þá verður búið að fylgja ákvörðuninni eftir.

Fjárlögin skiptast í *framlög til verkefna,* 57,9%, *framlög til stofnana,* 34,7%, og framlög til *skrifstofu ráðherranefndarinnar,* 7,4%. Stjórnunarkostnaðurinn hefur minnkað mjög undanfarin ár. Árið 1990 var stjórnunarkostnaðurinn 11% af heildarfjárlögunum.

Um hlutfall *bundinna framlaga* í fjárlögunum 1995 má segja að um helmingur fjárlaganna 1995 sé bundinn vegna fyrri skuldbindinga ráðherranefndarinnar. Þetta á aðallega við um ákvörðunina um áherslur á menningar- og menntamál, Norræna iðnlánasjóðinn og áætlunina um grannsvæði Norðurlanda. Um 25% til viðbótar eru frátekin vegna svonefndra stofnanasamninga.

Skipting fjárlaga ráðherranefndarinnar ræðst af stofnununum. Skipting eftir efni gefur aðra mynd af notkun fjármagnsins. Það sést t.d. af áherslu ráðherranefndarinnar á rannsókna- og þróunarstarf á fjárlögum ársins í ár.

Tekjuhlið fjárlaganna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er að langmestum hluta fjármögnuð með beinum framlögum ríkjanna. Framlög þeirra skiptast samkvæmt sérstakri formúlu.

Tafla 2.

Fjárhæðir í þús. d.kr.	**Fjárlög 1994**	**Fjárlög 1995**	**Lykill 1995**
Launaskattur	6.500	5.900	
Vaxtatekjur	20.000	20.000	
Aðrar tekjur (e.t.v. tap)	800	800	
Framlög Norðurlandanna	628.586	679.300	
Danmörk	130.746	146.729	21,6%
Finnland	137.032	126.350	18,6%
Ísland	5.657	6.793	1,0%
Noregur	113.145	124.991	18,4%
Svíþjóð	242.006	274.437	40,4%
Samtals	**655.886**	**706.000**	**100%**

Tafla 3. Gjaldahlið fjárlaganna

Verðlag 1994, í þús. d.kr.	1995	1994	Munur	%
1 Menningarsamstarf	**138.681**	**127.181**	**11.500**	**9**
Verkefnaframlög	102.128	90.254	11.874	13
Stofnanir	36.553	36.927	-374	-1
2 Menntun/rannsóknir	**201.981**	**197.981**	**4.000**	**2**
Verkefnaframlög	137.954	132.158	5.796	4
Stofnanir	64.027	65.823	-1.796	-3
3 Umhverfismál	**33.167**	**33.167**	**0**	**0**
Verkefnaframlög	33.167	33.167	0	0
4 Sjávarútvegsmál	**7.663**	**6.663**	**1.000**	**15**
Verkefnaframlög	7.663	6.663	1.000	15
5 Réttindi þegnanna	**60.455**	**59.105**	**1.350**	**2**
Verkefnaframlög	26.912	26.097	815	3
Stofnanir	33.543	33.008	535	2
6 Efnahagsmál	**126.168**	**119.509**	**6.659**	**6**
Verkefnaframlög	38.311	38.541	-230	-1
Stofnanir	87.857	80.968	6.889	9
7 Löggjafarmál	**5.435**	**13.327**	**-7.892**	**-59**
Verkefnaframlög	4.053	11.945	-7.892	-66
Stofnanir	1.382	1.382	0	0
8 Samstarf við grannsvæði	**50.000**	**14.043**	**35.957**	**256**
Verkefnaframlög	41.000	8.969	32.031	357
Stofnanir	9.000	5.074	3.926	77
9 Önnur starfsemi	**82.450**	**84.910**	**-2.460**	**-3**
Verkefnaframlög	16.868	19.570	-2.702	-14
Stofnanir	65.582	65.340	242	0
Samtals	**706.000**	**655.886**	**50.114**	**8**

3. Menningarmál

Samvinna ríkisstjórna Norðurlanda á sviði menningarmála hefur undanfarin missiri mótast af þeirri meginstefnu um áherslusvið sem mörkuð var af ráðherranefnd menningar- og menntamála í mars 1993 og lögð til grundvallar við undirbúning samstarfsfjárlaganna fyrir árið 1994. Þessi stefnumörkun lýtur m.a. að því hvernig verja skuli því aukna fé sem rennur til menningarsamstarfsins í samræmi við yfirlýsingu

forsætisráðherranna sem birt var í Árósum 11. nóvember 1992. Samkvæmt áætlun ráðherranefndarinnar skulu eftirtalin viðfangsefni njóta forgangs:

- Menningarsjóður Norðurlanda.
- Framleiðsla og dreifing norræns sjónvarpsefnis og kvikmynda.
- Norræn málsamvinna.
- Starf í þágu barna og ungmenna.
- Samvinna á sviði lista.
- Skerpt ímynd norræns menningarsamstarfs í Evrópu og innan Norðurlanda.
- Norræn menningarkynning ár hvert í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Lögð er áhersla á að Norræni menningarsjóðurinn starfi sem pólitískt stjórntæki og tengiliður í því umfangsmikla norræna menningarstarfi sem fram fer á vegum ýmiss konar sjálfboðaliða og áhugamannafélaga.

Áframhaldandi sveigjanleiki og mótun nýrrar stefnu eru forsendur þessarar forgangsröðunar um leið og einstök verkefni verða að fá skarpari ímynd og aukinn styrk. Á nýjum áherslusviðum er veitt fé til nýrra frumkvæða, sem endurspeglar þróunina og þörfina sem fyrir hendi er á viðkomandi menningarsviði, og til þess að hrinda af stað ýmsum norrænum verkefnum. Viss framlög til nýrra áherslusviða í ár, sem heyra undir fasta liði í menningarmálafjárlögunum, t.d. Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn, er að finna undir þeim liðum.

Að ósk forsætisráðherranna heldur áherslubreytingin áfram innan heildarramma fjárlaga ráðherranefndarinnar fyrir árið 1995. Fjárlagarammi menningarmála hækkar af þessum sökum um 11,5 millj. d.kr. Af þeirri upphæð er 7,7 millj. d.kr. framlag menningarsviðsins til lista- og menningarmiðstöðvar í Nuuk. Samkvæmt ákvörðun samstarfsráðherranna er heildarfjárhæðin, sem varið er í þessu skyni á árinu 1995, 11,7 millj. d.kr.

Fé er veitt til menningarstofnana og fastra samstarfsstofnana í samræmi við gerða sérstaka fjárlagasamninga fyrir árin 1993–95. Það þýðir að vegna þessara stofnana losnar um 1 millj. d.kr. sem notuð er í tímabundin verkefni og til almennra styrkja, m.a. til þess að hækka norrænu bókmennta- og tónlistarverðlaunin eins og Norðurlandaráð fór fram á. Samningur hefur verið gerður um fjárlög tveggja stofnana á sviði menningarmála fyrir árin 1994–96: Norræna blaðamannaskólans og Norrænu heimildamiðstöðvarinnar fyrir fjölmiðlarannsóknir.

Að loknu þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í byrjun mars 1994 tók Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra við formennsku bæði í ráðherranefnd menningarmála og ráðherranefnd menntamála og vísinda. Í tilefni af því var tekin saman greinargerð um áherslumál af íslenskri hálfu. Tekið var fram að starfið á formennskuári Íslendinga mundi

eðlilega mótast af þeirri sameiginlegu stefnumörkun sem fyrir lá og vikið er að hér að framan. Jafnframt var bent á náin tengsl milli verksviða ráðherranefndar menningarmála annars vegar og ráðherranefndar menntamála hins vegar. Frá íslensku sjónarmiði var talið eðlilegt að leggja rækt við þetta samband og stuðla að nauðsynlegri samvirkni. Tilgreind voru þrjú viðfangsefni sem varða báðar ráðherranefndirnar og ráðgert er að leggja áherslu á af íslenskri hálfu sem hér segir:

„*Rannsóknarverkefni: Norræn samsemd (Nordisk identitet).* Stofnað verði til samnorrænnar könnunar á samsemd unglinga á Norðurlöndum með það í huga að nauðsynlegt er að ná til ungs fólks þegar unnið er að eflingu norræns samstarfs. Leitast yrði við að varpa ljósi á hvaða þættir hafa áhrif á samsemd norrænna unglinga. Sérstaklega yrði hugað að því að kanna í hve miklum mæli norræn samsemd er til staðar, hvaða þættir hafa áhrif á hana, efla hana eða draga úr henni. Könnuð verði áhugamál unglinga, þekking þeirra og viðhorf til norræns samstarfs og menningar, sérstaklega með tilliti til unglingamenningar. Niðurstöður verði hafðar til hliðsjónar þegar norrænt samstarf er skipulagt.

Norræn málsamvinna. Árið 1990 var stofnað til framkvæmdaáætlunar um norræna málsamvinnu fyrir tímabilið 1990–95. Áætlunin tekur til fjölbreytilegra verkefna á sviði mennta- og menningarmála. Gerð verði rækileg úttekt á hvernig til hefur tekist um verkefni, framkvæmd þeirra og árangur og hafinn undirbúningur að nýrri áætlun sem taki við af þeirri sem nú er unnið eftir.

Menningarfræðsla í skólum. Í júní 1993 var haldin í Reykjavík norræn ráðstefna um menningarfræðslu í skólum. Þeim umræðum verði fylgt eftir með því að stuðla að verkefnum sem eru fallin til að efla fræðslu um norræna menningu og styrkja tengsl skóla og menningarlífs á sviði norrænnar samvinnu."

Á sviði menningarmála sérstaklega voru með hliðstæðum hætti tilgreind eftirfarandi áhersluverkefni:

„*Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn.* Sjóðurinn var settur á stofn í reynsluskyni til fimm ára frá ársbyrjun 1990. Ráðherranefnd menningarmála hefur ákveðið að sjóðurinn starfi áfram að reynsluskeiðinu loknu, að því tilskildu að aðrir aðilar sem leggja fé til hans séu reiðubúnir til áframhaldandi þátttöku. Lögð verði áhersla á að tryggja framtíð sjóðsins og fylgt eftir hugmyndum um eflingu starfseminnar, m.a. á sviði dreifingar.

Sjónvarpssamstarf. Væntanleg er á næstunni skýrsla sem undirbúin hefur verið á vegum ráðherranefndar menningarmála um norrænt sjónvarpssamstarf, m.a. leiðir til að greiða fyrir dagskrársamvinnu og bæta skilyrði til viðtöku á sjónvarpssendingum frá grannlöndunum. Fylgt verði eftir tillögum um þessi efni og m.a. hugað að því

hvernig Íslendingum og öðrum vestnorrænum þjóðum geti nýst þeir tæknilegu kostir sem nú eru fyrir hendi.

Listasamstarf. Fylgt verði eftir hugmyndum sem uppi eru um að koma á ferðastyrkjum handa ungum listamönnum til að kynnast listastarfsemi á Norðurlöndum utan heimalands síns.

Barnamenning. Fylgt verði eftir áformum um að efla norrænt menningarsamstarf sem beinist að börnum og unglingum. Á skólaárinu 1993–94 er unnið að verkefninu „Norræn æska – norræn list" sem felst m.a. í heimsóknum listamanna í skóla til að vinna með nemendum. Gerð verði úttekt á framkvæmd verkefnisins með frekari starfsemi á þessu sviði í huga.

Kynning á norrænni menningu erlendis. Í samstarfinu á þessu sviði verði m.a. hugað að því að auka þátttöku sjálfstjórnarþjóðanna í listsýningum og annarri menningarkynningu."

Hér verður gerð stuttlega grein fyrir framvindu mála að því er varðar framantalin viðfangsefni. Þau málefni sem varða verksvið ráðherranefndanna beggja hafa verið rædd á samráðsfundum ráðherranefndanna og embættismannanefnda þeirra og þannig lögð drög að samstarfi um framkvæmdina.

Könnun á norrænni samsemd. Á fundum ráðherranefndanna í Reykjavík í lok maí 1994 var ákveðið að ráðast í þessa könnun í formi rannsóknarverkefnis á vegum ráðherranefndar menntamála og vísinda en með kostnaðarþátttöku ráðherranefndar menningarmála. Sérfræðinganefnd með fulltrúum frá öllum löndunum á að hafa umsjón með framkvæmd verkefnisins en samhæfing verður í höndum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki 1996 og kosti rúmar 4 millj. d.kr.

Norræn málsamvinna. Unnið er að úttekt á framkvæmdaáætlun þeirri sem lýkur 1995 og lögð hafa verið drög að stefnumiðum fyrir nýja áætlun sem taki við af henni. Af íslenskri hálfu er lögð áhersla á að menningarþætti málsamvinnunnar verði gaumur gefinn við ákvörðun samstarfsverkefna. Þess má geta að árið 1995 verða veittar 300 þús. d.kr. til menningarverkefna í tengslum við starf skólaráðgjafa Norræna hússins í Reykjavík.

Menningarfræðsla í skólum. Starfshópur skipaður fulltrúum stjórnarnefndar um norrænt skólamálasamstarf, norrænu myndlistar- og listiðnaðarnefndarinnar, norrænu tónlistarnefndarinnar og stjórnarnefndar um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf hefur undirbúið framkvæmdaáætlun um norræna menningarfræðslu í skólum. Áætlunardrögin voru kynnt á samráðsfundi í Reykjavík með formönnum norrænna samstarfsnefnda á menningarsviðinu í september 1994. Þær verkefnahugmyndir, sem settar eru fram í áætluninni, verða til umfjöllunar á norrænni ráðstefnu í vetur.

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn. Stjórnarnefnd um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf undir formennsku Þórunnar J. Hafstein hefur í umboði ráðherranefndar menningarmála annast samningaviðræður um endurnýjun samstarfssamnings um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn. Aðilar að rekstri sjóðsins eru auk ráðherranefndarinnar kvikmyndastofnanir og sjónvarpsstöðvar á Norðurlöndum. Samstaða hefur tekist um áframhaldandi aðild og er gert ráð fyrir að nýr samningur verði undiritaður fyrir árslok 1994 er núverandi reynsluskeiði lýkur. Í nýjum starfsreglum sjóðsins verður lögð aukin áhersla á að tryggja dreifingu kvikmynda og sjónvarpsefnis sem sjóðurinn styrkir.

Á vegum stjórnarnefndarinnar hefur jafnframt verið gerð könnun á dreifingu norrænna kvikmynda og sjónvarpsefnis almennt á Norðurlöndum og lögð fram skýrsla með tillögum um aðgerðir til að örva þessi samskipti. Verður sérstökum fjármunum varið í þessu skyni samkvæmt ákvörðun ráðherranefndarinnar.

Sjónvarpssamstarf. Stjórnarnefnd um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf skilaði snemma árs 1994 skýrslu til ráðherranefndar menningarmála um „grannlandasjónvarp". Í skýrslunni er fjallað bæði um skilyrði til viðtöku norrænna sjónvarpssendinga á Norðurlöndum og möguleika á aukinni dagskrársamvinnu norrænna sjónvarpsstöðva. Skýrsla þessi var send forsætisráðherrunum. Í apríl barst menningarmálaráðherrunum bréf frá Davíð Oddssyni forsætisráðherra þar sem greint var frá umfjöllun forsætisráðherranna um skýrsluna og óskað eftir frekari athugun á tilteknum þáttum, m.a. hvernig leysa mætti greiðslumál vegna höfundaréttar með þeim hætti að tekið væri tillit til fámennra áhorfendahópa og norrænna jaðarsvæða, svo og möguleikum á að nýta norrænu menningarfjárlögin til að stuðla að dreifingu norrænna sjónvarpssendinga til svæða þar sem markaðsgrundvöllur er naumur.

Málið kom til umræðu á fundi ráðherranefndar menningarmála í Reykjavík í maílok sl. Af íslenskri hálfu voru þar m.a. kynntar hugmyndir sem fram höfðu komið um hugsanlega dreifingu norræns sjónvarpsefnis frá gervitunglum um örbylgjurásir til áhorfenda hér á landi. Menningar- og fjölmiðlanefndinni var falið að fjalla frekar um möguleika á að auka dreifingu sjónvarpssendinga milli Norðurlanda og jafnframt að undirbúa svör við bréfi Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Svarbréf menningarmálaráðherranna er dagsett 9. nóvember 1994. Þar er þeirri afstöðu lýst að aukið sjónvarpssamstarf á Norðurlöndum hljóti fyrst og fremst að vera komið undir þeim aðilum sem á því sviði starfa og byggjast á eftirspurn eftir norrænum dagskrám meðal almennings. Bent er á að tæknilegar hindranir standi því ekki í vegi að unnt sé að dreifa norrænum sjónvarpssendingum á Norðurlöndum. Hlutverk stjórnvalda sé að stuðla að því að lagareglur séu með þeim hætti að skilyrði til aukinnar dreifingar séu sem best en að meginreglu er lagst gegn hugmyndum um fjárframlög til réttindakaupa til að greiða fyrir slíkum samskiptum. Tekið er þó fram að hugsanlega séu verkefni og aðgerðir á

jaðarsvæðum Norðurlanda sem til álita geti komið að styrkja af norrænu fé. Ef fram kynnu að koma ákveðnar tillögur um slík atriði muni menningarmálaráðherrarnir leggja mat á þær.

Listasamstarf. Á fundi ráðherranefndar menningarmála í Stokkhólmi 8. mars 1994 var samþykkt að koma á laggirnar kerfi ferðastyrkja handa ungum listamönnum úr öllum listgreinum til að gera þeim kleift að kynnast listastarfsemi á Norðurlöndum utan heimalands og stuðla að auknum listrænum samskiptum. Styrkjakerfið skyldi starfa í þrjú ár í reynsluskyni og var ætlað til þess allt að 3 millj. d.kr. af fé til listasamstarfs árin 1995, 1996 og 1997. Vinnuhópi með fulltrúum frá norrænu listanefndunum og Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum var falið að semja drög að reglum um styrkina. Reglurnar voru samþykktar af ráðherranefndinni á fundi hennar í Reykjavík 30. maí og styrkir auglýstir til umsóknar í fyrsta skipti í haust. Mikill áhugi reyndist á þessum styrkjum.

Norræna listabandalagið, sem er samtök norrænna myndlistarmanna, minnist þess á næsta ári að liðin verða 50 ár frá stofnun bandalagsins. Í tilefni af því verður efnt til listsýninga víða um Norðurlönd og samnorræn sýning er ráðgerð í Kaupmannahöfn snemma árs 1996. Ráðherranefnd menningarmála hefur samþykkt að veita 1,5 millj. d.kr. til þeirrar sýningar.

Borgarminjasöfnin í höfuðborgum Norðurlanda hafa ákveðið að efna til farandsýningar um æskufólk í borgarumhverfi. Sýningin ber heitið „Landslag æskunnar" og er ráðgert að hún verði fyrst í Reykjavík vorið 1995. Sýningin nýtur framlags af því fé sem ráðherranefnd menningarmála ætlar til eflingar listasamstarfs.

Á grundvelli tillagna sérfræðinganefndar, sem starfaði á árinu 1993, hefur verið sett á fót *norræn safnanefnd.* Hlutverk nefndarinnar er að efla samstarf listasafna og menningarsögulegra safna á Norðurlöndum og er henni að svo komnu ætlað að starfa í þrjú ár. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Hrafnhildur Schram forstöðumaður.

Íslendingar hafa nú með höndum formennsku í tveimur norrænum samstarfsnefndum á listasviðinu: Stefán Baldursson er formaður í norrænu leiklistar- og listdansnefndinni og Stefán Snæbjörnsson í norrænu myndlistar- og listiðnaðarnefndinni. Bera Nordal gegnir formennsku í stjórn Norrænu listamiðstöðvarinnar í Svíavirki (Sveaborg) við Helsingfors.

Barnamenning. Á vegum ráðherranefndar menningarmála hefur verið unnið að undirbúningi stefnumörkunar um norrænt menningarsamstarf sem beinist að börnum og ungmennum. Ráðgert er að tillaga um framkvæmdaáætlun á þessu sviði verði lögð fyrir þing Norðurlandaráðs haustið 1995.

Kynning á norrænni menningu erlendis. Stjórnarnefnd um norræn menningarverkefni erlendis undir formennsku Þorgeirs Ólafssonar hefur unnið að undirbúningi umfangsmikillar norrænnar menningarkynningar á Spáni árið 1995. Meðal verkefna 1994

má nefna sýningu á vegum norrænna listiðnaðarskóla sem Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra opnaði í Lundúnum í maí, en sýningin fór síðan til fleiri borga í Evrópu.

Í september 1994 gengust stjórnarnefndin og stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda fyrir norrænni ráðstefnu í Reykjavík þar sem rætt var um markmið og leiðir í kynningu á norrænni menningu erlendis.

Annað samstarf. Samband Norrænu félaganna hefur lagt fram hugmyndir um þriggja ára átak undir yfirskriftinni „Nordliv" til að glæða áhuga almennings á Norðurlöndum á norrænni sögu og samfélagi. Ráðherranefnd menningarmála og ráðherranefnd menntamála og vísinda hafa ákveðið að ætla allt að 10 millj. d.kr. til þessa verkefnis, en endanlegar ákvarðanir um framlög verða teknar í tengslum við fjárlagagerð á tímabilinu 1995–97 og í samráði við menningarmálanefnd Norðurlandaráðs.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið að undirbúningi *norrænnar menningarkynningar* í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 1995. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri dagskrá sem dreifist aðallega á tímabilið febrúar–mars og verði ekki einskorðuð við Reykjavík. Skipulagning er í höndum sérstaks starfsmanns og undirbúningsnefndar sem skipuð er fulltrúum frá Bandalagi íslenskra listamanna, Norræna húsinu, Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytinu.

Fjölþætt og öflugt starf fer fram á vegum fastra samstarfsstofnana á menningarsviðinu. Ein þeirra er Norræna húsið í Reykjavík. Í starfi þess hefur á síðustu árum verið lögð vaxandi áhersla á að kynna íslenska menningu annars staðar á Norðurlöndum. Veigamesta verkefnið á því sviði á árinu 1994 var umfangsmikil íslensk menningardagskrá í Árósum um mánaðamótin september–október sem naut styrks m.a. af því fé sem ríkisstjórnin ákvað að verja til menningarkynningar erlendis á afmælisári íslenska lýðveldisins.

4. Menntamál og vísindi

Meginmarkmið samstarfsins á þessu sviði er að mynda norrænt mennta- og rannsóknasamfélag.

Öll sambönd og samskipti eiga að vera jafnauðveld innan Norðurlanda sem heildar og innan hvers lands fyrir sig. Unnt á að vera að líta á Norðurlönd sem eina heild á sviði menntunar og rannsókna.

Meiri einbeitni, skilvirkari nýting fjármagns og aukin norræn áhrif í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi eru lykilorðin í samvinnunni á árinu 1995 og komandi árum.

Markmið mennta- og rannsóknamálaráðherranna er að skapa sem mestan sveigjanleika og samkeppni við nýtingu fjármagns. Í samræmi við þessi markmið er meginhluta fjármagnsins varið til almennra styrkja, nettengsla og tímabundinna áætlana.

Ráðherranefnd rannsókna- og menntamála leggur í auknum mæli áherslu á lausnir sem taka til innri uppbyggingar samfélagsins (infrastruktur). Sem dæmi um þess konar frumkvæði á þessu sviði má nefna uppbyggingu norræns tölvunets fyrir skóla og samkomulagið um aðgang að háskólum og öðrum æðri menntastofnunum sem menntamálaráðherrarnir undirrituðu 29. maí 1994.

Í samræmi við óskir forsætisráðherrana er unnið áfram að áherslubreytingum innan heildarramma fjárlaga ráðherranefndarinnar fyrir 1995. Fjárlög mennta- og rannsóknasviðs hækka þess vegna um 4 millj. d.kr. miðað við 1994. Samsvarandi upphæð er notuð sem framlag þessa sviðs til menningarhúss í Nuuk. Fé er veitt til stofnana og fastra samstarfsnefnda í samræmi við gerða fjárlagasamninga. Það hefur í för með sér að af stofnanaframlögum losnar upphæð sem nemur um 4 millj. d.kr. og er lagt til að hún verði notuð í NORDPLUS-junior styrkjakerfið, Norrænu rannsóknaakademíuna og til stuðnings við norræna lýðháskóla.

Á 44. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í mars 1994 benti ráðið á mikilvægi þess að breidd norræns rannsóknasamstarfs héldist, sbr. álitsgerð fjárlaganefndar vegna greinargerðar ráðherranefndarinnar um norræn samstarfsáform (C2/1994). Ábendingin var gerð með tilvísan til orða ráðherranefndarinnar í greinargerðinni, að rannsóknir „sem miðast við hið sérnorræna, bæði í menningarlegu og félagslegu tilliti, eiga að fá aukið rými í samstarfinu". Fjárlaganefnd túlkaði þetta sem svo að lögð yrði minni áhersla á rannsóknasamstarf á öðrum sviðum. Þess vegna ákvað Norðurlandaráð á þinginu að fara fram á það við ráðherranefndina að hún víkkaði rannsóknarhugtakið þannig að það næði einnig yfir aðrar rannsóknir en þær sem stundaðar eru á menningarsviði.

Athugun á rannsóknar- og þróunarstarfsemi ráðherranefndarinnar árið 1994 sýnir að um 237 millj d.kr. var varið til rannsókna og þróunar eða um 36% af heildarfjárlögum ráðherranefndarinnar. Menningarsviðið fjármagnar um 2% af allri rannsóknar- og þróunarstarfsemi og mennta- og rannsóknasviðið um 51%. Önnur svið fjármagna þannig tæplega helming rannsóknarstarfseminnar. Norrænt rannsóknarsamstarf hefur því talsverða breidd.

Þegar Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra tók við formennsku í norrænu ráðherranefndinni fyrir menntamál og vísindi á fundi nefndarinnar 9. mars sl. greindi hann frá því í umræðu um fjárlagagerðina fyrir árið 1995 að Ísland vildi leggja megináherslu á málasamstarfið; rannsóknarverkefnið um norræna samsemd; norrænt samstarf um mat á skólastarfi; NORDPLUS-styrkina, rannsóknastyrkina og styrkina fyrir lýð-

háskólanemendur; umhverfisrannsóknirnar; upplýsingatækni í skólum, svo og menningarkennslu í skólum.

Mörg þessara verkefna hafa verið í gangi á undanförnum árum svo sem málasamstarfið og styrkjakerfin, en bæði rannsóknarverkefnið um norræna samsemd og samstarf um mat á skólastarfi eru verkefni sem Ísland hefur átt frumkvæði að á árinu. Verður greint frekar frá þeim hér á eftir.

Til ráðstöfunar á norrænu fjárlögunum 1994 til norræns samstarfs á sviði menntamála og vísinda voru alls 198 millj. d.kr. Í megindráttum skiptist þessi fjárveiting í þrennt:

1. Verkefnafé	22 millj. d.kr.
2. Tímabundnar verkefnaáætlanir og styrkjakerfi	110 millj. d.kr.
3. Norrænar stofnanir	66 millj. d.kr.

Áhersluatriði á sviði menntamála og vísinda

Á undanförnum árum hefur á sviði menntamála og vísinda á norrænum vettvangi verið lögð áhersla á þætti sem geta styrkt eftirtalin atriði. Hér á eftir er sérstaklega greint frá því sem gerst hefur á árinu 1994:

1. Norðurlönd sem eitt mennta- og rannsóknarsvæði.

Í lok maí var undirritaður norrænn samningur um jafnan aðgang að háskólum. Meginmarkmið samningsins eru að löndin skuldbinda sig til að veita umsækjendum, sem búsettir eru í öðru Norðurlandaríki, inngöngu í æðri menntastofnanir á vegum opinberra aðila, hverjum í sínu landi, með sömu eða sambærilegum skilyrðum og gilda fyrir umsækjendur í eigin landi. Þetta er mjög mikilvæg regla fyrir íslenska námsmenn.

Samtímis var undirrituð viljayfirlýsing um að ríkin komi á sérstöku greiðslukerfi og eru meginatriði þess skilgreind í yfirlýsingunni. Miðað er við að það land, sem nemandinn kemur frá, borgi námskostnaðinn og skal þetta kerfi gilda um allt nám við æðri menntastofnanir. Í yfirlýsingunni er þess getið að Ísland yrði undanþegið greiðslum samkvæmt kerfinu.

Miðað við útreikninga, sem gerðir hafa verið um kostnað vegna norrænna námsmanna í ríkjum Norðurlanda skólaárið 1992–93, hefði Ísland þurft að borga rúmar 400 millj. kr. vegna námskostnaðar allra íslenskra námsmanna við háskóla í hinum löndunum. Menntamálaráðuneytið hefur verið efins um norrænt greiðslukerfi, jafnvel þó að hin ríkin hafi boðið að Ísland yrði undanþegið. Ástæðan er fyrst og fremst sú að reglur um undanþágur hafa tilhneigingu til að víkja við almennum reglum og þegar frá líður

gæti Ísland því dregist inn í slíkt greiðslukerfi. Slíkt gæti dregið verulega úr því að íslenskir námsmenn sæktu háskólanám til Norðurlandanna sem er ekki æskilegt.

Fyrrgreindur samningur gildir til vorsins 1996. Var ætlunin að hann yrði leystur af hólmi af öðrum samningi sem tæki einnig til almenns greiðslukerfis frá og með skólaárinu 1996–97. Vegna breyttrar afstöðu Norðmanna, Svía og Finna til greiðslukerfisins er staða samningsins óviss.

Norrænn samningur um sameiginlegan norrænan menntunarmarkað á framhaldsskólastigi hefur verið í gildi frá árinu 1992.

2. Uppbygging á aðgengilegu norrænu stoðkerfi fyrir mennta- og rannsóknastofnanir.

Í mars sl. opnuðu forsætisráðherrar Norðurlanda norrænt tölvusamskiptanet fyrir skóla. Með tímanum ætti þetta tölvunet að gera öll samskipti milli skóla og annarra menntastofnana á Norðurlöndum miklu fljótari og auðveldari. Við þróun á tölvunetinu var í ríkum mæli stuðst við þá þekkingu og reynslu sem fengist hefur af íslenska menntanetinu. Má segja að Íslendingar hafi verið fyrstir Norðurlandabúa til að tengja nær alla grunn- og framhaldsskóla saman í eitt tölvusamskiptanet.

Í norræna skólanetinu á að vera hægt að nota alla norrænu bókstafina. Var þetta skilyrði sett í upphafi og hefur tekist að leysa þetta tæknilega. Netið tengist alþjóðlega tölvunetinu INTERNET. Ýmsar vonir eru bundnar við notkun þessa tölvunets til að örva samstarf bæði nemenda og kennara á Norðurlöndum og styrkja tengsl á milli einstaklinga og stofnana.

Á háskóla- og vísindasviðinu hefur um nokkurt skeið verið í notkun tölvusamskiptanetið NORDUnet. Fyrir stuttu var ákveðið að veita styrk til að það geti aðstoðað við uppbyggingu á rússneska háskólanetinu RUNNet og tengingu þess við NORDUnet og INTERNET. Einnig er í gangi athugun á því hvort hægt verði að koma upplýsingum um námsframboð háskóla á Norðurlöndum, bæði grunn- og framhaldsnám, inn á NORDUnet. Mun skýrsla um málið liggja fyrir um áramót.

NORDPLUS-styrkirnir, á háskólastigi (31,8 millj. d.kr.) og á framhaldsskólastigi (4,59 millj. d.kr.), hafa verið veittir á árinu. Íslenskir námsmenn hafa notið góðs af þessum styrkjum, en einnig hefur talsverður fjöldi erlendra námsmanna komið til Íslands og er nokkuð víst að án styrkjakerfisins hefðu þessi skipti ekki átt sér stað. Það er ánægjulegt að sjá að mikið jafnræði ríkir, en ýmsir óttuðust að straumurinn yrði meiri úr landi en til Íslands. Í heild hafa styrkirnir haft mjög jákvæð áhrif á hreyfanleika námsmanna á milli Norðurlanda. Hefur streymið frekar aukist en hitt þrátt fyrir aukna möguleika námsmanna á háskólastigi að fá styrki á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. NORDPLUS-styrkjakerfið hefur frá upphafi verið skilgreint sem

tilraunaverkefni og á því að ljúka árið 1996. Verði styrkjakerfið lagt niður mun það væntanlega draga verulega úr stúdenta- og kennaraskiptum Íslands við önnur Norðurlönd.

Norræni lýðháskólastyrkurinn (1,3 millj. d.kr.) hefur notið mikilla vinsælda, ekki síst hjá íslenskum nemendum. Hafa miklu færri getað fengið styrk en sótt hafa um. 20 íslenskir nemendur hafa fengið styrk í ár.

Styrkirnir á vísindasviðinu sem NorFA, Nordisk Forskerutdanningsakademi, sér um að veita hafa einnig án efa aukið samstarf norrænna vísindamanna. Oft er norræna samstarfið einnig liður í öðru alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi, m.a. á vegum rannsókna-áætlana Evrópusambandsins. Fjárveiting til stofnunarinnar í ár var 31,4 millj. d.kr.

3. Málasamstarfið.

Verkefnaáætlun fyrir norrænt málasamstarf, NORDMÅL, var samþykkt árið 1990 til fimm ára. Á þessum árum hafa fjöldamörg námskeið verið haldin fyrir kennara, túlka og kennaranema. Einnig hafa verið gefnar út námsbækur, orðabækur og ýmis upplýsingarit.

Á árinu var 4,5 millj. d.kr. varið í NORDMÅL-áætlunina. M.a. voru námsbækurnar „Sort skinner solen" og „Det modernes gennembrud" þýddar á finnsku, íslensku og færeysku. Ýmis námskeið voru haldin bæði fyrir kennara og túlka. Í ár hófst hjá Orðabók Háskóla Íslands vinna við orðabók fyrir íslensku og skandinavísku málin. Einnig kom út í ár grunnorðalisti fyrir færeysku og íslensku. Þá hefur verið í gangi rannsókn á dönskukennslunni á Íslandi. Staða norræna skólafulltrúans í Norræna húsinu heldur áfram út árið 1995.

Hafinn er undirbúningur að endurskoðun á NORDMÅL-áætluninni fyrir næsta fimm ára tímabil, 1996–2000. Eru fulltrúar frá Félagi dönskukennara og Samtökum móðurmálskennara á Íslandi mjög virkir í þessu samstarfi.

Það er ekki eingöngu NORDMÅL-áætlunin sem stuðlar að því að efla kunnáttu og leikni í norrænu tungumálunum. Norræna málstöðin í Ósló, Norræna mála- og upplýsingamiðstöðin í Helsingfors og norrænu mála- og bókmenntanámskeiðin, svo og norrænu sendikennararnir á Norðurlöndunum og utan þeirra, vinna öll að því að styrkja stöðu málanna og efla norræna menningu.

4. Vesturhluti Norðurlanda.

Í ýmsum verkefnaáætlunum hefur í ár verið lögð áhersla á vesturhluta Norðurlanda. Má þar einkum nefna að síðustu ár hefur sérstaklega verið lögð áhersla á að auka nemendaskipti á milli þessa svæðis og annarra Norðurlanda. Í ár var tæpri 1 millj. d.kr. varið í styrki. Einnig var hafið mat á starfseminni.

5. Menningarfræðsla í skólum.

Í júní 1993 var haldin norræn ráðstefna í Norræna húsinu á vegum norræna skólasamstarfsins og norrænna listanefnda. Tilgangur ráðstefnunnar var að safna hugmyndum að norrænu samstarfi sem gæti stuðlað að auknu hlutverki skólans í að miðla norrænni menningu. Sérstakur starfshópur hefur í ár unnið verkefnaáætlun fyrir þetta samstarf og verður hún rædd á norrænni námsstefnu nú í vetur.

6. Rannsóknarverkefni um norræna samsemd.

Eitt stærsta verkefnið sem Ísland hefur lagt áherslu á í formannstíð sinni er að ýta úr vör miklu rannsóknarverkefni um norræna samsemd. Hugtakið norræn samsemd er mikið notað í umræðu um norrænt samstarf og talað er um að hún sé meginstoðin í hinu öfluga norræna samstarfi, en ekki liggur alltaf ljóst fyrir hvað átt er við. Með auknu evrópsku samstarfi sem öðru alþjóðlegu samstarfi er mikilvægt að varpa frekara ljósi á hvað norræn samsemd felur í sér, hver sé staða hennar á Norðurlöndum og hvernig megi styrkja hana og efla.

Norrænn verkefnishópur mun standa fyrir athugun í öllum löndunum, en Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur verið falið af ráðherranefndinni að leiða þetta rannsóknarverkefni. Á næstu þremur árum verða veittar alls rúmar 4 millj. d.kr. í verkið af norrænu menningarfjárlögunum.

Þess má geta að Nordisk Forskningspolitisk Råd er í samstarfi við norrænar vísindasamstarfsnefndir að undirbúa tillögu að samnorrænu rannsóknarverkefni hug- og félagsvísindagreina sem mun beinast að því að auka skilninginn á norrænni menningu og norrænum samfélögum í ljósi þróunarinnar í Evrópu.

7. Mat á skólastarfi.

Á undanförnum árum hefur orðið breyting á stjórnun grunn- og framhaldsskóla á Norðurlöndunum. Ábyrgð á valdi og fjármunum hefur í ríkara mæli verið dreift til lægri stjórnsýslusviða og sjálfra stofnananna. Slík valddreifing eykur eftirlitshlutverk yfirvalda. Það er mat menntamálaráðuneytisins að öflugt norrænt samstarf um mat á skólastarfi mun styrkja stöðu landanna. Vegna menningarlegrar nálægðar geta þau samnýtt sérþekkingu á þessu sviði og þróað ýmis mælitæki og matsaðferðir. Einnig geta löndin staðið saman að ýmsum úttektum.

Að frumkvæði Íslands hefur verið ákveðið að gera áætlun um norrænt samstarf um mat á skólastarfi. Sérstök nefnd mun vinna að þessu máli og skal hún skila áætlun um samstarfið í nóvember 1996.

8. Tölvunotkun í skólum.

Að undanförnu hefur verið í gangi öflugt samstarf Norðurlanda á sviði tölvunotkunar í skólum. Verkefnið hefur aðallega gengið út á það að afla tölvuforrita til notkunar í kennslu og auka þekkingu skólafólks á tölvunotkun í skólastarfi með því að halda ráðstefnur og námskeið fyrir kennara um tiltekin efni. Gegnum þetta samstarf hefur Ísland fengið aðgang að miklu safni forrita og nemur verðmæti þeirra sennilega tugum milljóna ef miðað er við verð forrita á almennum markaði. Námsgagnastofnun hefur séð um að aðlaga forritin að íslenskum aðstæðum.

Hin aukna áhersla Norðurlanda á Evrópu-samstarfið og aukin þátttaka þeirra í ýmsum evrópskum verkefnum hafa ýtt undir umræðu um stöðu og hlutverk norræna samstarfsins á sviði menntamála og vísinda. Til að fjalla um þessi mál á breiðum vettvangi hélt ráðherranefndin um menntamál og vísindi mikla ráðstefnu um framtíð norræna menntamála- og vísindasamstarfsins í ljósi þeirrar þróunar sem er og verður á evrópskum vettvangi í nánustu framtíð.

Á fundi sínum í maí sl. ræddi ráðherranefndin einnig hlutverk nefndarinnar í að samhæfa norræn sjónarmið og norræna þátttöku í evrópskum eða öðrum alþjóðlegum verkefnum. Voru ýmsar ákvarðanir teknar í þessu skyni.

Lokaorð

Stiklað hefur verið á stóru, en vissulega hefði mátt minnast á ýmis verkefni svo sem nýtt verkefni um upplýsingatækni í skólum, samstarfsverkefni um upphaf skólagöngu barna, NORD-LILIA verkefni um jafnréttismál í kennaramenntun, samstarfsverkefnið VOKS FREM á sviði fullorðinsfræðslu, norræna umhverfisrannsóknaverkefnið og líftækniverkefnið. Íslendingar njóta á ýmsan hátt góðs af þátttöku sinni í þessum verkefnum, en of langt mál er að fjalla um það allt hér.

5. Umhverfismál

Uppistaðan í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála árið 1995 verður norræna umhverfisáætlunin fyrir árin 1994–96 sem umhverfisráðherrarnir staðfestu í mars 1994. Starfseminni verður beint að þeim sviðum þar sem ríkin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, hvort sem um er að ræða innbyrðis norrænt samstarf á sviði umhverfismála eða norræna þátttöku í og áhrif á umhverfisvernd á grannsvæðum Norðurlanda, í Evrópu eða á alþjóðavettvangi. Sérstaklega mikilvæg áherslusvið eru umhverfi lofts og sjávar, náttúra

og útivist, umhverfisvöktun, hreinni tækni, hættuleg efni og kjarnorkuöryggi og geislavirkur úrgangur.

Meiri *loft- og sjávarmengun* berst til Norðurlanda en fer þaðan og því hafa alþjóðasamningar um útblásturstakmörk afgerandi þýðingu. Á árinu 1995 verður samstarfinu beint að því að samhæfa og styrkja aðgerðir Norðurlanda til að draga úr útblæstri lofttegunda, bæði heima og annars staðar, sem valda gróðurhúsaáhrifum, sýrumyndun eða eyðingu ósonlagsins. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að því að draga úr útblæstri á þungmálmum sem geta farið langar leiðir loftleiðis, lífrænum efnum sem ekki brotna niður í náttúrunni og efnum sem oxast við ljósefnahvörf, í samræmi við LRTAP-sáttmálann (um loftmengun sem berst langt að yfir landmæri). Verið er að byggja upp þekkingu á útblæstri, flutningi og áhrifum eiturefna í umhverfinu (sérstaklega þungmálma og lífrænna efna sem ekki brotna niður) sem er notuð í alþjóðlegu starfi að takmörkun útblásturs, m.a. innan Helsingforsnefndarinnar, Ósló-nefndarinnar, Parísarnefndarinnar, Eystrasaltssáttmálans og Norðurkollusamstarfsins. Verið er að kanna þýðingu ýmissa upprunastaða næringarefnamengunar. Unnið er að aðgerðum til að draga úr og stöðva losun skipa, sérstaklega í Norðurhöfum, og að reglum um takmörkun á loftmengun frá skipum.

Norræna umhverfisáætlunin, sem unnin var í samræmi við meginreglur „Agenda 21", verður leiðbeinandi um starfið í *náttúruverndar- og útivistarmálum* og hún vekur athygli á fundum í samstarfsnefndum með öðrum sviðum. Gerð verður athugun á heildstæðri stjórn á norrænu landslagi með tilliti til menningarminja og unnin tillaga um endurskoðun á tilnefningu norrænna minja með tilliti til sáttmála UNESCO um menningar- og náttúruarfleifð heimsins. Lögð verður áhersla á að fylgja eftir sáttmála Sameinuðu þjóðanna um fjölbreytileika lífríkisins, og í samvinnu við svið landbúnaðar og skógnytja verður unnið að því að skilgreina og setja skilyrði fyrir sjálfbærri nýtingu skóga. Gerð verður áætlun um sjálfbæra nýtingu á náttúrunni með tilliti til hvers kyns útivistar.

Haldið verður áfram að fylgja eftir „Vinnuáætluninni um *langtímavöktun á ytra umhverfi Norðurlanda 1993–95*". Gagnasöfnun og undirbúningur hefst að skýrslu um ástand umhverfismála í norðurskautshéruðum Norðurlanda sem koma á út 1996. Sú vinna tengist þeirri allsherjar heimskautaskýrslugerð sem er í undirbúningi hjá eftirlitsáætluninni fyrir heimskautahéruðin (AMAP). Á árinu 1995 kemur út önnur skýrsla um vísbendingar um ástandið í umhverfismálum á Norðurlöndum. Samnorrænar almennar reglur og vinnureglur verða settar til að tryggja og votta gæði umhverfisvöktunarinnar. Viðamikilli athugun á þungmálmaúrfelli í mosa og gróðurmold í Norður-Evrópu er haldið áfram undir norrænni stjórn.

Hvaða varðar *kemísk efni* er lögð sérstök áhersla á að takmarka áhættu, nota önnur efni í stað hættulegra efna, einkum blýs, kadmíns og kvikasilfurs, svo og flokkun hættulegra efna og efnavöru og efna sem valda skaða á miðtaugakerfinu. Norrænt samráð um skordýra- og illgresiseitur er enn forsenda starfsins í hverju landi. Enn er barist gegn ósóneyðandi efnum á grundvelli Montreal-samningsins.

Enn er unnið að tillögu um samnorræna framkvæmdaáætlun um vinnslu og geymslu á kvikasilfurríkum úrgangi. Uppbygging og kynning á getu Norðurlanda á sviði *hreinni tækni*, þ.e. bestu fáanlegu tækni og greiningargetu, fær forgang. Hugað verður að þeim möguleika að koma á fót áætlunum um umhverfismerkingu og umhverfisstjórnun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Áfram verður fylgt eftir starfinu vegna rafeindavöruúrgangs, sérstaklega með tilliti til ábyrgðar framleiðenda og reglna þar að lútandi, svo og kerfi og tækni til að safna inn, flokka og ganga frá rafeindavöruúrgangi.

Unnið er að því að samræma umhverfi og skipulag í því skyni að móta sameiginlega norræna stefnu varðandi notkun *umhverfismats* við skipulagsvinnu. Kanna á tillögu um hvernig nota megi umhverfismat við þróun sjálfbærrar samfélagsgerðar og möguleikann á því að koma á fót norrænni umhverfismatsmiðstöð.

Ákveðin samvinna milli ólíkra samfélagshópa er nauðsynleg forsenda markvissrar og árangursríkrar stefnu í umhverfismálum. Hver hópur ber ábyrgð á því að innan hans sé tekið tillit til umhverfismála. Mikilvægt hlutverk umhverfissviðsins er að sjá til þess að aðrir hópar taki mið af umhverfinu í starfi sínu. Það *samstarf milli sviða*, sem stofnað hefur verið til undanfarin ár, heldur áfram og tekin verða ný frumkvæði eftir því sem efni leyfa.

Samstarfsáætlunin í umhverfismálum landbúnaðarins 1993 verður endurskoðuð. Í samvinnu við *flutningasviðið* verða kannaðir möguleikar á því að móta vöruflutningakerfi sem er aðlagað umhverfinu og haft frumkvæði að því að koma á umhverfisflokkun skipa bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Samstarf milli sviða umhverfismála og sjávarútvegs tekur mið af þeim markmiðum sem ráðherranefndin ákvað haustið 1994. Óskað er eftir nánara og skilvirkara samstarfi umhverfis- og *fjármálasviðs* með hliðsjón af aukinni þýðingu stjórntækja í umhverfisvernd.

Í samstarfi á sviði umhverfismála er lögð mikil áhersla á aðgerðir á *grannsvæðum Norðurlanda*. Ráðherrar umhverfismála, efnahagsmála og fjármála hafa skipað nefnd til að kanna möguleika á að samræma og efla norrænar umhverfisaðgerðir og auka þátttöku alþjóðlegra fjármálastofnana í ákveðnum umhverfisáætlunum á grannsvæðum Norðurlanda. Þess er vænst að starfið haldi áfram 1995 með hliðsjón af þeim tillögum sem nefndin á að kynna í árslok 1994. Ráðherranefndin hefur á síðustu árum átt þátt í að koma á fót umhverfisvöktunarstöðvum í Eystrasaltslöndunum og þannig lagt grunninn að langtímavöktun ytra umhverfis þar. Ætlunin er að stuðla þar að þróun meðferðar

umhverfisgagna þannig að unnt verði að aðlagast evrópskum umhverfisvöktunarstöðvum. Gerð verður skrá yfir svæði í Eystrasaltsríkjunum með tilliti til umhverfisskilyrða og kannað hversu mikið af næringarefnum fer út í Eystrasalt frá litlum framræstum svæðum þar sem landnotkun er þekkt. Könnuð verður notkun umhverfismats við þróunina í löndum sem liggja að Eystrasalti og á Barentssvæðinu.

Áherslur Íslands í umhverfismálum á formennskuári

Á árinu 1994 hafa umhverfisráðherrar Norðurlanda fundað alls þrisvar sinnum en auk þess hafa þeir átt sameiginlegan fund með sjávarútvegsráðherrum sem og fjármálaráðherrum Norðurlanda og með ráðherrum sem fara með kjarnorkumál. Einnig hafa þeir fundað tvisvar með umhverfisnefnd Norðurlandaráðs og formaður ráðherranefndarinnar hefur fundað sérstaklega með formanni umhverfisnefndarinnar. Embættismannanefndin hefur haldið sex fundi á árinu en auk þess átt sameiginlegan fund með embættismannanefndinni í skógar- og landbúnaðarmálum, svo og með embættismannanefndinni í sjávarútvegsmálum. Vinnunefnd embættismanna hefur haldið níu fundi á árinu. Á vegum embættismannanefndarinnar starfa auk þess fimm vinnunefndir sérfræðinga á grundvelli starfslýsinga og markmiðssetningar ráðherranefndarinnar. Einnig starfa nokkrar nefndir sem skipaðar hafa verið í ákveðinn tíma til að vinna að sérstökum verkefnum sem þeim eru falin af embættismannanefndinni.

Umhverfisráðherrar Norðurlanda samþykktu á fundi sínum í Stokkhólmi í marsmánuði norræna áætlun í umhverfismálum fyrir tímabilið apríl 1994 til mars 1996. Í áætluninni eru sett fram forgangsverkefni í umhverfismálum sem að Norðurlöndum snúa. Þar er að finna aðgerðir í 20 liðum sem löndin ætla sér að vinna að, ýmist hvert í sínu lagi eða sameiginlega á þessum tíma.

Ísland tók við formennsku í ráðherra- og embættismannanefndinni svo og vinnunefnd embættismanna í umhverfismálum að loknu Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi í mars sl., auk stjórnarformennsku í NEFCO, norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu.

Ísland setti fram pólitísk markmið á formannsárinu þar sem lögð var áhersla á að draga meiri athygli að umhverfisvandamálum er tengjast hinum nyrðri og vestari svæðum Norðurlanda, en þetta er í fyrsta skipti sem Ísland er í forsvari fyrir umhverfismálum innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Meginverkefni ársins var þó að fylgja eftir ákvæðum norrænu umhverfisáætlunarinnar og vinna að skýrslu um framkvæmd hennar, enda hafði Ísland tekið virkan þátt í gerð áætlunarinnar og komið þar inn ýmsum áhersluatriðum er skipta landið sérstaklega miklu máli.

Verndun hafsins gegn mengun hefur verið eitt helsta forgangsmál Íslands í umhverfismálum og unnið hefur verið að því að samræma norrænar aðgerðir á alþjóðavettvangi sem miða að því að koma í veg fyrir varp geislavirkra efna í hafið og að draga

úr og stöðva mengun hafsins frá landstöðvum og þá einkum losun þungmálma, lífrænna þrávirkra efna og annarra eitur- og spilliefna. Almennt er álitið að þrávirk lífræn efni verði sá efnaflokkur sem búast megi við hvað alvarlegustum umhverfisáhrifum frá á komandi árum, og hafa íslensk stjórnvöld beitt sér fyrir að draga athygli annarra þjóða að þessari vá. Nú hefur verið ákveðið að halda síðasta undirbúningsfund Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) fyrir svokallaða landstöðvaráðstefnu hér á landi í marsmánuði 1995, en hún á að fjalla um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Mikil undirbúningsvinna er lögð í þennan fund af hálfu Norðurlanda. Norræn vinnunefnd hefur verið stofnuð til að vinna að undirbúningi fundarins og hefur embættismannanefndin styrkt þá vinnu með fjárframlagi.

Vaxandi áhugi er á umhverfisvernd norðurheimskautsins. Nú er unnið að fyrstu ástandsskýrslu um þetta svæði á vegum ráðherranefndarinnar. Ísland hefur lagt áherslu á að efla norræna samvinnu um umhverfisvernd á norðurslóðum m.a. í gegnum Rovaniemiferlið. Í því sambandi má nefna að Ísland var gestgjafi tveggja ráðstefna um málefni heimskautasvæðisins, um frumbyggja og þekkingu og um náttúru og gróðurfar á þessu svæði, sem haldnar voru í Reykjavík í septembermánuði. Þessar ráðstefnur þóttu takast vel.

Samræmd umhverfisvöktun til að bæta vísindalegan grundvöll pólitískra ákvarðana um stefnu Norðurlanda í umhverfismálum var eitt af áherslumálum Íslands. Því hefur verið lögð áhersla á norræna samstöðu um að efla stöðu umhverfismála innan ESB/EES og að stuðla að virkri þátttöku jafnt á sviði stefnumótunar sem umhverfisvöktunar á vegum Umhverfisstofnunar Evrópu. Þess má getið að Ísland tekur við formennsku í norrænu nefndinni um umhverfisvöktun og meðferð gagna í byrjun árs 1995 og gegnir því starfi í tvö ár.

Einn þáttur í starfi ráðherranefndarinnar að málefnum tengdum íslenskum hagsmunum var ákvörðun um að auka samstarf umhverfis- og sjávarútvegsgeiranna. Ákveðið var á árinu að gera samstarfsáætlun í umhverfis- og fiskveiðimálum og vinna undirnefndir embættismannanefndanna að því að koma með tillögur að samstarfsverkefnum sem ætlað er að vera til undirbúnings viðameiri áætlunar um þessi sameiginlegu hagsmunamál. Ísland tók að sér að leiða starfið og stefnt er að því að leggja áætlunina fram til samþykktar sameiginlegs ráðherrafundar í Reykjavík í marsmánuði 1995.

Norðurlönd hafa haft nokkra forustu á alþjóðavettvangi í að fjalla um neyslu- og framleiðsluhætti í iðnþróunarríkjunum. Nokkur umræða hefur verið um þessi mál á árinu. Norðmenn héldu í janúar mikla ráðstefnu um sjálfbæra neyslu þar sem forseti Íslands flutti erindi. Svíar héldu ráðstefnu í desember 1994 um þessi mál sem styrkt var af ráðherranefndinni og Norðmenn verða með aðra ráðstefnu í upphafi árs 1995 um

sjálfbæra framleiðslu og neyslu. Þessi áhersla Norðurlanda á breytta neyslu- og framleiðsluhætti er einnig tengd nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Á undanförnum árum hafa Norðurlönd lagt mikla vinnu og fjármagn í að stuðla að því að bæta umhverfi grenndarsvæða Norðurlanda. Ísland hefur lagt áherslu á að Barentssvæðið fái meiri athygli í þessu sambandi. Þannig hefur NEFCO verið falið að láta gera hagkvæmnisathuganir á nokkrum brýnum verkefnum á svæðinu. Mikilvægt skref var stigið á árinu þegar umhverfis- og fjármálaráðherrar Norðurlanda ákváðu á sameiginlegum fundi að stofna sameiginlega nefnd sem ætlað er að koma með tillögur um fjármögnun á umhverfismálum á grenndarsvæðum Norðurlanda. Nefndinni er ætlað að skila tillögum fyrir fund ráðherra í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík.

Á árinu hafa umræður um ESB/EES og alþjóðamál verið fastur dagskrárliður á fundum ráðherra- og embættismannanefndanna. Áhersla hefur verið lögð á virka samvinnu Norðurlanda í umhverfismálum á þessum vettvangi og að Norðurlönd hafi með sér óformlegt samráð innan ESB sem og á alþjóðavettvangi.

Þá samþykktu umhverfisráðherrarnir að leggja til við Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík 1995 að framvegis yrðu veitt árleg umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs í líkingu við bókmennta- og tónlistarverðlaunin. Ætlunin er að þessi verðlaun verði veitt á haustþingum ráðsins og þá í fyrsta sinn 1995.

Störf vinnunefnda árið 1994

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Viðfangsefni nefndarinnar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og móta tillögur að aðgerðum á alþjóðavettvangi og heima fyrir til að bæta umhverfið og draga úr hvers konar mengun, þ.e. að móta samnorræna stefnu um varnir gegn mengun umhverfis, byggða á vísindalegum rökum, sem og að gera tillögur um hvernig bestum árangri megi ná með sem minnstum tilkostnaði og undirbúa þjóðareglur í því sambandi.

Nefndin hefur allnokkuð fjármagn til umráða sem úthlutað er til umsækjenda í samræmi við stefnumið og áherslur hverju sinni. Nefndin getur einnig skilgreint verkefni og falið tilteknum aðilum að vinna þau. Sem stendur starfa tveir verkefnahópar undir stjórn nefndarinnar og gera tillögur um hvaða verkefni skuli hljóta styrki. Ísland á tvo fulltrúa í nefndinni auk ritara í hálfu starfi. Nefndin hélt á árinu tvo fundi þar sem fjárveitingum til verkefna var úthlutað auk einnar námsstefnu um þrávirk lífræn efni. Árið 1994 fengu Íslendingar styrki samtals að fjárhæð 325 þús. d.kr. í verkefni er snúa að mælingum á koltvíildi í sjó, brennisteini frá hverasvæðum og áhrifum TBT-botnmálningar á nákuðung.

Vinnunefnd um náttúruvernd og útivistarmál.

Nefndin hefur það hlutverk að skilgreina samnorræn markmið og leiðir að markmiðum er varða náttúruvernd, verndun menningarlandslags og útivist. Verksvið nefndarinnar spannar allt sviðið frá tillögum að faglegri stefnumótun til tillagna um framkvæmd og stjórnsýslulegar aðgerðir varðandi náttúruvernd, útivist og skipulagsmál. Á árinu 1994 hefur verið lögð áhersla á verkefni er snerta náttúruvernd, einkum vernd fjölbreytileika lífs, sjálfbæra nýtingu skóga, útivistarmál og menningarlandslag. Á vegum nefndarinnar var veitt fé til u.þ.b. 15 verkefna á árinu 1994.

Á sviði náttúruverndar og verndunar fjölbreytileika lífs var lokið við yfirgripsmikið og vandað verkefni um norræna náttúruvernd sem unnið hefur verið að í nokkur ár. Bæklingur verður gefinn út á öllum Norðurlandamálunum þar sem helstu niðurstöður þessa verkefnis koma fram. Fleiri náttúruverndarverkefnum lauk á árinu, m.a. verkefni um gróðursamfélög á Norðurlöndum og verkefni um dýr og plöntur í útrýmingarhættu. Unnið er að úttekt á hvernig samþykktinni um vernd fjölbreytileika lífs verði fylgt eftir á Norðurlöndum og að verkefnum á sviði samþættingar náttúruverndar í undirstöðuatvinnuvegunum, t.d. sjálfbærri nýtingu skóga.

Á sviði útivistarmála var unnið að verkefni um almannarétt, útivist í nánd við þéttbýli og komið var á laggirnar verkefni um ferðamennsku í sátt við náttúrulegt og menningarlegt umhverfi, svonefnda vistvæna ferðamennsku.

Verkefni um menningarminjar í landslagi er í vinnslu og einnig er unnið að norrænni endurskoðun á svonefndum „World Heritage" lista með það markmið að samþætta verndun náttúru og menningarminja.

Íslendingar voru þátttakendur í nær öllum verkefnum sem unnin voru á vegum nefndarinnar 1994 og fengu þannig eitthvert fjármagn til sinna þarfa. Verkefnið um vistvæna ferðamennsku er unnið undir stjórn Íslendinga og fengust í það 150 þús. d.kr. árið 1994 og samþykkt hefur verið að verkefnið fái 350 þús. d.kr. árið 1995.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Nefndin fjallar um og styður ýmis norræn verkefni sem stuðla að samræmdri vöktun og samræmingu vöktunargagna. Á árinu 1994 hefur verið lögð nokkur áhersla á vöktun sem snýr að grenndarsvæðum Norðurlandanna og nú beinist athygli nefndarinnar einnig að samstarfi við Umhverfisstofnun Evrópu sem aðsetur hefur í Kaupmannahöfn.

Þau verkefni á vegum vinnunefndarinnar, sem snerta íslenska hagsmuni hvað mest, eru 1) ákvörðun um að hefjast handa við vöktunarverkefni á strandsvæðum og verður hér um að ræða samstarfsverkefni milli Íslands og Noregs um slíka vöktun í Norður-Atlantshafi og hinna Norðurlandanna í Eystrasalti og hefur Breiðafjörður verið valinn sem vöktunarstaður á Íslandi; 2) gerð skýrslu um ástand umhverfisins í þeim hlutum

Norðurlanda sem eru í eða teljast til heimskautasvæðisins og verður sú skýrsla lögð fyrir starfshóp um vöktun norðurheimskautsins (AMAP) og 3) verkefni um beinan stuðning við AMAP til að safna saman og meðhöndla gögn og þannig stuðla að gerð ástandsskýrslu um norðurheimskautið.

Um áramótin 1994/1995 tekur fulltrúi Íslands við formennsku í nefndinni og gegnir hann því starfi næstu tvö árin. Stærstu verkefnin, sem blasa við á næsta ári, eru að gera áætlun um samnorræna vöktun og meta þau áhrif sem hin breytta skipan, sem felst í aðild Finnlands og Svíþjóðar að ESB, hefur á samstarfið og hvernig bregðast skuli við þeim.

Vinnunefnd um efnavörur.

Nefndin um efnavörur fer með samstarf á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar við stefnumótun og við mótun tillagna að aðgerðum heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Hún stuðlar að samvinnu stjórnvalda og að samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best. Nefndin hefur á síðari árum í vaxandi mæli beint starfi sínu að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu þar sem unnið er að takmörkun á notkun eiturefna og að því að draga úr áhættu við notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Ísland hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar frá því árið 1989.

Meðal verkefna má nefna eftirfarandi: Söfnun upplýsinga um efni og vörur varðandi áhrif á umhverfi og/eða heilsu manna. Þessar upplýsingar hafa verið mikilvægt framlag í samvinnu við þjóðir Evrópusambandsins. Rannsóknir á og flokkun ofnæmisvaldandi efna. Flokkun og framkvæmdaáætlun um að draga úr áhættu við notkun efna sem geta valdið skaða á taugakerfinu, einkum lífrænna leysiefna. Könnun á útbreiðslu skaðlegra efna, svo sem ósoneyðandi efna, þungmálma og klórefnasambanda, og samræmdar áætlanir og aðgerðir til að draga úr magni slíkra efna í umhverfinu. Öflun upplýsinga um eiturefna- og umhverfiseiturefnafræðilega eiginleika varnarefna, svo og samvinna varðandi eftirlit með notkun slíkra efna.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og á Ísland fulltrúa í fimm þeirra, þ.e. nefnd sem fjallar um takmörkun á notkun þungmálma, nefnd um varnarefni, nefnd sem vinnur að takmörkun á notkun ósoneyðandi efna, nefnd sem fjallar um efni sem geta valdið skaða á taugakerfi og nefnd sem vinnur að hættuflokkun umhverfisskaðlegra efna. Gefið var út margvíslegt fræðsluefni árið 1994, m.a. eftirfarandi: Skýrsla um aðferðir og forsendur hættuflokkunar, skýrsla um flokkun á ríflega fimm hundruð umhverfisskaðlegum efnum, skýrsla um notkun efna sem ekki eru ósoneyðandi í efnalaugum, fjórar skýrslur um aðgerðir til að draga úr notkun blýs, og voru þær lagðar fram sem umræðugrundvöllur á ráðstefnu OECD um þungmálma, 3. hefti af skýrslu um áhrif tiltekinna efna á heilsufar, eiturefna- og umhverfisfræðilegar

upplýsingar um átta varnarefni. Haldnar voru ráðstefnur um metýlbrómíð, um notkun kælimiðla sem ekki eru ósoneyðandi og um áhættumat við notkun eiturefna og hættulegra efna.

Vinnunefnd um hreinni tækni.

Nefndin vinnur að stefnumarkandi málum á sviði hreinnar tækni. Nefndin fjallar fyrst og fremst um meðhöndlun úrgangs út frá umhverfissjónarmiðum og lágmörkun úrgangsefna út frá fjórum meginþemum: spilliefnum, hreinni framleiðslutækni, ábyrgð framleiðenda og hagrænni stjórntækni.

Á árinu hefur nefndin, m.a. í samstarfi við undirnefndir sínar, leitast við að efla samstarf fyrirtækja á Norðurlöndum um endurnýtingu og förgun spilliefna. Á grundvelli þessa starfs undirrituðu umhverfisráðherrar tvær yfirlýsingar er varða meðferð spilliefna. Önnur fjallar um norræna samvinnu um lágmörkun og meðhöndlun spilliefna. Í yfirlýsingunni er m.a. fjallað um samvinnu Norðurlandanna um meðhöndlun spilliefna og að vinna skuli að sameiginlegum lausnum vegna spilliefna og meðhöndlun þar sem þess sé þörf. Hin yfirlýsingin fjallar um norræna samvinnu um söfnun og meðhöndlun blýrafgeyma. Nefndin vinnur nú að framkvæmd þessara samþykkta.

Á vegum nefndarinnar eru nokkrar undirnefndir sem vinna að tilteknum verkefnum og á árinu 1994 var unnið að fjölda verkefna, en hér eru einungis talin upp þau verkefni sem snerta Ísland á einn eða annan hátt.

Sérstök áhersla var lögð á dreifðar byggðir og lausn sorphirðumála fyrir lítil samfélög (eysamfélög). Þar ber hæst námsstefnu sem haldin var í Færeyjum 24. til 26. ágúst um sorphirðumál norrænna smásamfélaga. Unnin voru drög að framkvæmdaáætlun sem hópurinn mun halda áfram að útfæra og vinna eftir á næsta ári. Úttekt á sorphirðu í litlum byggðarlögum á Íslandi, Grænlandi, Færeyjum, Álandseyjum og Borgundarhólmi var lokið á árinu og hún kynnt. Hafið var tilraunaverkefni með jarðgerð heimilisúrgangs og er verkefnið framkvæmt samtímis á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Alls taka 50 heimili þátt í þessu verkefni, þar á meðal 20 heimili á Kjalarnesi. Unnið er að verkefni um úrgang frá skipum. M.a. er verið að kanna möguleika með nýja tækni í tengslum við meðhöndlun úrgangs um borð. Verkefnið er unnið í samvinnu við vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Nokkuð hefur verið fjallað um Evrópusamstarfið og hefur nefndin fjallað um ýmsar tilskipanir ESB sem eru í vinnslu. Hér má t.d. nefna tilskipun um urðun úrgangs, sorpbrennslutilskipun og tilskipun um umbúðir. Nefndin leggur áherslu á umfjöllun um framkvæmd tilskipana og hvaða vandamál koma þar upp og hvernig hægt er að samnýta þá vinnu sem er í gangi í einstökum löndum.

Á vegum nefndarinnar er undirnefnd sem fjallar um bestu fáanlega tækni (BAT). Lögð er áhersla á að vinnan nái til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. BAT-hópurinn lauk vinnu við litun og vefnaðariðnað á árinu og hafin er umfjöllun og vinna við eftirtaldar atvinnugreinar: skipasmíða, bílalökkun og fiskiðnað.

6. Réttindi þegnanna

Réttindi þegnanna taka til vinnumarkaðar og vinnuumhverfis, félags- og heilbrigðismála, neytendamála og matvælaiðnaðar. Matvælamál heyra á fjárlögum undir félags- og heilbrigðismál, en pólitískt fjalla samstarfsráðherrarnir um þau. Efnislega náskyld þessum málum eru jafnréttismál sem stjórnunarlega falla undir áherslusviðið löggjafarmál.

Svo sem í öðrum löndum Vestur-Evrópu hefur ríkt efnahagslægð á Norðurlöndum á undanförnum árum og atvinnuleysi hefur aukist úr 4–5% í tæp 11%. Þessi þróun stafar aðallega af mikilli aukningu atvinnuleysis í Finnlandi og Svíþjóð, en atvinnuleysið hefur einnig aukist í öðrum norrænum ríkjum. Mikið atvinnuleysi og samdráttur í efnahagslífi hefur einnig sett sitt mark á dagskrá norræns samstarfs um langt skeið og fjölmargar aðgerðir hafa verið hafnar á hinum ýmsu samstarfssviðum, t.d. á vegum fjármála- og efnahagsráðherra, menntamálaráðherra og ráðherra vinnumála.

Nú eru skýr merki þess að þróunin sé að taka nýja stefnu og að draga muni úr atvinnuleysi. Í því sambandi er mikilvægt að fylgja samræmdri stefnu sem skapi forsendur fyrir áframhaldandi hagvexti með lágri verðbólgu og miði að því að skapa ný störf og draga úr atvinnuleysi. Þetta kom m.a. fram í sameiginlegri yfirlýsingu forsætisráðherranna, fjármálaráðherranna og efnahagsmálaráðherranna í Mariehamn í nóvember 1993 og í skýrslu ráðherranefndarinnar frá því í mars 1994 um norrænt samstarf í því skyni að fjölga atvinnutækifærum. Í þeirri skýrslu er einnig bent á mikilvægi kerfisbreytinga á vinnumarkaðnum.

Ráðherranefndin (ráðherrar vinnumála) mun því leggja sérstaka áherslu á aðgerðir gegn atvinnuleysi ungmenna og langtímaatvinnuleysi. Annað áherslusvið er endur- og framhaldsmenntun, m.a. til þess að bæta virknina á vinnumarkaðnum og draga úr hættunni á því að þar myndist tálmar. Aðrar kerfisbreytingar til þess að auka sveigjanleikann á vinnumarkaðnum eru einnig áhersluatriði í baráttunni gegn atvinnuleysi.

Samningar, sem ná til alls Evrópska efnahagssvæðisins, koma nú í stað ýmissa norrænna sáttmála, t.d. á sviði félags- og atvinnumála. En einmitt vegna þess að norrænt samstarf á mörgum sviðum er þróaðra en það evrópska verður þörf á norrænu samstarfi sem bætir upp og styður evrópskt samstarf. Enn fremur getur í vissum tilvikum verið þörf

á norrænum samningum sem koma til viðbótar þeim evrópsku. Það er sérkennandi að norræn löggjöf, og þar með einnig samnorrænar reglur, nær til allra íbúa en tekur t.d. ekki aðeins til þeirra sem hafa tengsl við vinnumarkaðinn og á vissum sviðum eru réttindin einnig meiri.

Nýi norræni almannatryggingasáttmálinn gekk í gildi um leið og EES-samningurinn og nýr samningur um félagslega aðstoð og þjónustu var samþykktur á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og síðar staðfestur af ráðherrum félags- og heilbrigðismála.

Ráðherranefndin vill því verja norræna velferðarkerfið og stuðla að áframhaldandi þróun þess, ekki síst til að hafa áhrif á þróunina í Evrópu. Þetta eru höfuðþemu tveggja nýrra starfsáætlana á sviði neytenda- og matvælamála.

Á sviði vinnumarkaðar og vinnuumhverfis kemur ein sameiginleg samstarfsáætlun í stað tveggja aðskilinna áætlana. Þrír burðarásar norræna líkansins á þessu sviði eru vinnuréttur og samskiptin í atvinnulífinu, virk atvinnumálastefna og hollt og öruggt vinnuumhverfi. Vandamál atvinnuleysisins skyggja á allt annað og þau munu á komandi árum krefjast mikils hluta dagskrárinnar og framlaga til þessa málaflokks. Tillaga að áætlun verður lögð fram á 46. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík vorið 1995.

Aðalmarkmið væntanlegrar samstarfsáætlunar á sviðum félags- og heilbrigðismála er að það gildismat, sem norrænt samstarf í félags- og heilbrigðismálum byggist á, fái mest hugsanleg áhrif í Evrópusamstarfinu. Hér er m.a. átt við regluna um jafnrétti þegnanna í öllum félags- og heilbrigðismálum, tryggingu hagsmuna þeirra sem standa höllum fæti og minna mega sín og eflingu norrænnar fjölskyldustefnu, sérstaklega með tilliti til barna og ungmenna, svo og samstarf í málefnum eldri borgara. Áætlunin var lögð fyrir þingið í Tromsø.

6.1. Embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál

Starfsemi embættismannanefndarinnar um heilbrigðis- og félagsmál (ÄK-S) árið 1994 hefur verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hefur haldið samtals þrjá fundi. Haldnir voru tveir reglulegir fundir í samræmi við venju, en síðan var haldinn stuttur fundur í tengslum við fund félags- og heilbrigðismálaráðherra nú í sumar.

Skal nú vikið að helstu þáttum í starfsemi nefndarinnar á árinu:

Ný samstarfsáætlun á heilbrigðis- og félagsmálasviði frá 1995 til ársins 2000. Á fundi nefndarinnar haustið 1993 var ákveðið að hefja undirbúning að vinnu við nýja samstarfsáætlun á heilbrigðis- og félagsmálasviði. Vinna þessi hófst í byrjun janúar á þessu ári og var undirbúningsvinnan unnin í undirhóp ÄK-S nefndarinnar. Drög að samstarfsáætlun voru lögð fram á fundi ÄK-S nefndarinnar á Íslandi í apríl 1994. Þar voru drögin samþykkt og ákveðið að senda þau til umsagnar í hverju landi fyrir sig. Að fengnum umsögnum voru minni háttar breytingar gerðar á drögunum og þau síðan kynnt

á fundi heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda í Arendal í júní 1994. Þar var ákveðið að leggja hana fyrir til samþykktar á þingi Norðurlandaráðs í Tromsø í nóvember. Í starfsáætluninni er lagður grunnur að samvinnu Norðurlandanna á sviði heilbrigðis- og félagsmála fram til aldamóta. Í áætluninni er tillit tekið til væntanlegra breytinga á þessu samstarfi í ljósi hugsanlegrar Evrópusambandsaðildar nokkurra Norðurlandanna og aukinnar Evrópusamvinnu almennt.

Samningar um samningsstjórnun. Að fengnum niðurstöðum fjárhagsáætlunar heilbrigðis- og félagssviðsins hjá ráðherranefndinni á árinu 1995 sneri nefndin sér að því að ganga frá samningum um samningsstjórnun við margar undirstofnanir ráðherranefndarinnar. Samningarnir voru ýmist gerðir til eins eða þriggja ára. Drjúgur tími af starfi nefndarinnar og ekki síður vinnuhóps á hennar vegum fór í undirbúning þessa máls.

Fjárhagsáætlun heilbrigðis- og félagssviðsins 1995. Frá því að forsætisráðherrar Norðurlanda ákváðu umtalsverðar breytingar á norrænu samstarfi fyrir tveimur árum hafa fjárveitingar til heilbrigðis- og félagsmála verið nokkuð skertar. Það hefur haft talsverð áhrif á samstarf á þessu sviði. Nauðsynlegt hefur verið að endurskoða fjárveitingar til undirstofnana og samstarfsverkefna með samdrátt og niðurskurð í huga.

Samnorrænir samningar. Á vegum ÄK-S nefndarinnar hafa tveir samningar um samvinnu verið gerðir. Árið 1992 var undirritaður samningur um almannatryggingar og gekk hann í gildi um leið og EES-samningurinn, eða þann 1. janúar 1994. Þá hefur á vegum nefndarinnar verið gerður samningur um félagslega þjónustu. Sá samningur var undirritaður af ráðherrunum á ráðherrafundinum í júní sl. Nefndinni bárust kvartanir frá félagsmálanefnd Norðurlandaráðs vegna framkvæmdar á norræna samningnum um almannatryggingar. Ákveðið var að setja á laggirnar vinnuhóp til að kanna þessar kvartanir. Sá vinnuhópur er nú að störfum og mun væntanlega skila áliti sínu til ÄK-S nefndarinnar á aprílfundinum 1995.

Framtíðarsamvinna Norðurlanda á heilbrigðis- og félagsmálasviði. Framtíðarsamvinna á þessu sviði hefur nokkuð verið til umræðu hjá nefndinni á árinu, þar sem fyrir lá að hugsanlega mundu þrjár Norðurlandaþjóðir til viðbótar ganga inn í Evrópusambandið frá og með 1. janúar 1995. Málefnið var rætt ítarlega á ráðherrafundinum í júní sl. Menn voru varir um sig og vildu litlar yfirlýsingar gefa. Í einkasamtölum kom greinilega fram að flestir væntu umtalsverðra breytinga á þessu samstarfi þar sem horfur voru á að Finnland, Svíþjóð og Noregur gengju í Evrópusambandið 1. janúar 1995. Til að ræða framtíðarsamvinnu á þessu sviði var ákveðið á fundi ÄK-S nefndarinnar í apríl sl. að setja á laggirnar sérstakan vinnuhóp til að ræða með hvaða hætti þessari samvinnu yrði háttað. Hópurinn hefur hist einu sinni og gerði í október tillögur til ÄK-S nefndarinnar um framhald starfsins. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili endanlegri skýrslu til nefndarinnar í apríl 1995. Á þeim tíma ætti að liggja betur fyrir en nú hvað menn ætla sér með þessa

samvinnu því að ákveðið mun hafa verið að á Norðurlandaráðsþinginu hér á Íslandi í mars 1995 verði einmitt þetta efni á dagskrá.

Nefndin hefur umsjón með eftirtöldum stofnunum og nefndum og verður hér á eftir gerð nákvæmari grein fyrir störfum og viðfangsefnum flestra þeirra:

- Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg (NHV).
- Norræna stofnunin til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).
- Norræna lyfjanefndin (NLN).
- Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).
- Norræna nefndin um heilbrigðistölfræði (NOMESKO).
- Norræn framkvæmdaáætlun um krabbamein.
- Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).
- Norræna nefndin um málefni fatlaðra (NNH).
- Norræn menntastofnun um málefni daufblindra (NUD).
- Eftirlitsefnd um framkvæmd samnings um sameiginlegan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir.

6.1.1. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í breyttri mynd.

Í ágúst 1993 hélt Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV) í Gautaborg upp á 40 ára starfsafmæli sitt. Allt frá því að bráðabirgðanámskeið var haldið fyrir norrænar heilbrigðisstéttir í kjallara Sahlgrenska sjúkrahússins hefur Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn þróast í hina alþjóðlegu, vel þekktu menntastofnun Nordiska hälsovårdshögskolan (Nordic School of Public Health).

Tvö mikilvæg skref hafa verið stigin í þróuninni:

- Í fyrsta lagi árið 1978, en þá fékk skólinn réttindi til að veita meistaragráðu í heilbrigðisfræðum á háskólastigi MPH (Master of Public Health).
- Í öðru lagi árið 1987 þegar kynnt var þar háskólastarf vísindamanna og skólinn fékk réttindi til að veita doktorsnafnbót (DrPh) í heilbrigðisfræðum. Samtímis stækkaði skólinn og flutti í hentugra húsnæði þar sem eru vistarverur fyrir um 120 stúdenta í heimavist.

Um áramótin 1994/95 stendur skólinn aftur á krossgötum, en þá verður allur skólinn endurskipulagður og námsskrá gjörbreytt.

Það er engin tilviljun að þetta gerist einmitt nú. Atvikin hafa hagað því svo að nauðsyn bar til að gera heildarúttekt á markmiðum, skipulagningu og vinnubrögðum skólans. Þykir nú sýnt að betri árangri verði náð með róttækum breytingum í skólastarfinu.

Hér á eftir eru raktir mikilvægustu þættir þessara breytinga:

Nýr áhugi á almennum heilsufarsvísindum. Heilsufar almennings er mál samfélagsins og mönnum hefur loks skilist að það sem hefur mest áhrif á heilsu almennings eru

þættir utan heilbrigðisþjónustunnar. Öll Evrópulönd hafa samþykkt markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), en þar er lögð áhersla á jafnrétti, heilsusamlega atvinnu, þverfaglegar framkvæmdir og alþjóðlega samvinnu. Með skipulögðum, pólitískum aðgerðum og uppfræðslu þarf að hvetja og örva fólk til að taka ábyrgð á eigin heilsu.

Aðalatriði í heilbrigðismálum í dag eru samskipti, víxlverkun og forusta. Þetta krefst aukinnar þekkingar, hæfni og breytts viðhorfs og þar af leiðandi einnig fjölbreyttari menntunar en þeirrar sem býðst í dag. Það er einmitt þarna sem heilbrigðisfræðin ryðja sér til rúms, þau snúa að einstaklingnum, að félagslegri uppbyggingu og að þýðingu umhverfis og heilsuverndar.

Evrópusambandið hefur einnig tekið mið af heildarábyrgð vegna heilbrigðismála í Maastricht-sáttmála sínum (129. gr.). Þetta hefur jafnframt styrkt og flýtt þessari þróun.

Samkeppni. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn er ekki lengur einn um að bjóða heilbrigðisfræðamenntun á háu stigi. Nú bjóða aðrir háskólar á Norðurlöndunum menntun á þessu sviði og þessum skólum fjölgar stöðugt. Það er því nauðsynlegt fyrir skólann að skýra sérstöðu sína á þessu sviði, hasla sér völl þar sem hægt er að þróa það sem er sérstakt og áhugavert fyrir Norðurlöndin sameiginlega.

Skipulagsbreytingar. Nýjungar í kennslufræði, mikil nýliðun í kennaraliði, aukin umsvif nemenda, úrelt skipulag á námskeiðum sem hindrar bestu nýtingu á kennaraliði og krafa um að það fé sem skólinn hefur til umráða nýtist sem best; allt veldur þetta því að nú er gott tækifæri til að breyta skólanum.

Ferskir vindar í norrænni samvinnu. Sérhver hinna norrænu stofnana á að beina sjónum að afmarkaðri svæðum til forgangsröðunar og veita þjónustu sem ekki er hægt að koma við í hverju landi fyrir sig. Áhersla er lögð á þjónustu sem verður betri og hagstæðari í norrænni samvinnu en ef hvert land annaðist hana heima fyrir.

Evrópa. Norðurlöndin verða að vera virkur hluti Evrópu og hafa metnað til að hafa áhrif. Þannig hefur norræn samvinna á sviði heilbrigðismála haft mikil áhrif bæði í Evrópu og annars staðar.

Austur-Evrópa. Stofnun nýrra, frjálsra ríkja í nálægð Norðurlandanna, þar sem mikill skortur er á öllu, allt frá fjármagni og nauðsynjavörum til innra skipulags og lýðræðis, hefur aukið þörfina á stuðningi frá Norðurlöndunum, sérstaklega á sviði menntunar.

Kennsluhættir. Fleiri og fleiri háskólar og menntastofnanir, þar á meðal nokkrir þeir allra þekktustu hafa breytt kennsluháttum sínum og beint þeim meira að lausn vandamála og verkhæfni.

Stjórn skólans tók þá ákvörðun á árinu 1993 að láta EHMA meta skólann, en það eru óháð evrópsk atvinnusérhæfð samtök sem sjúkrahússtjórnendur og vísindamenn í Evrópu eiga aðild að. Þessi úttekt undirstrikaði nauðsyn þess að semja sig að nýjum háttum og styrkti forustu skólans í metnaði hennar að endurnýja skólann.

Á grunni þessarar ítarlegu úttektar ákvað stjórn NHV að gera róttækar breytingar á stefnu í kennslumálum og vísindavinnu. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn á að vera þverfaglegur, heilbrigðisfræðilegur og norrænn.

Breytingaferlið hefur nú staðið í tæplega eitt og hálft ár. Það spannar alla starfsemi skólans. Innan skólans starfa verkefna- og vinnuhópar. Stjórn skólans hefur lagt sig fram við að stuðla að breytingum. Þar ríkir nú algjör eining um endurskoðuð markmið og nýtt skipulag. Á þessum grunni hefur nú verið gerður samningur milli skólans og Norrænu ráðherranefndarinnar um nýja þriggja ára fjárhagsáætlun.

Samhliða hinni nýju menntastefnu verður komið á nýju innra skipulagi sem á að auðvelda framkvæmdina.

Í þessu nýja skipulagi eru litlu fageiningarnar sameinaðar og starfseminni skipt í þrjá þætti:

- Kennslu.
- Vísindi.
- Stjórnun.

Yfirmenn kennslu- og vísindastarfa eiga að sinna hálfu starfi í hvorum hluta, en stjórnunarstarfið er fullt starf.

Ásamt rektor skólans mynda þessir þrír stjórnendur framkvæmdastjórn sem er ábyrg fyrir menntun, vísindavinnu og starfsmannastjórnun.

Einkenni hins nýja skipulags er mikill sveigjanleiki og skýr skipting ábyrgðar. Einnig er hlutur vísinda aukinn. Staða nemenda hvað varðar vísindastörf og ritstörf skýrist og eflist.

Í áætluninni er gert ráð fyrir heildarstefnu um gæðaþróun, ásamt þeim þætti sem markar í stórum dráttum áframhaldandi norrænt samstarf á sviði kennslu og fræða- og vísindastarfa.

Samkvæmt áætluninni átti breytingin að taka formlega gildi um áramótin 1994/95.

6.1.2. Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

NIOM er norræn stofnun sem stofnuð var árið 1972 og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina.

Í stjórn stofnunarinnar er einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna fimm og annar til vara, auk eins fulltrúa starfsfólks.

Verkefnum NIOM er skipt í fjóra meginþætti, þeir eru:

1. Gerð staðla.
2. Prófun efna.
3. Rannsóknir.
4. Fræðsla.

Á alþjóðavettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi við tannlækningar með þátttöku í t.d. ISO (International Organization for Standardisation), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire International).

Stofnuninni er skipt í eftirtaldar þrjár deildir:

1. Stjórnunar- og líffræðideild.
2. Fræðslu- og eðlisfræðideild.
3. Efnafræðideild.

Stöðugildi eru 26 og vinna við stofnunina sérfræðingar í tannlækningum, líffræði, eiturefnafræði, eðlisfræði, málmfræði og efnafræði.

Efni til tannlækninga, sem boðin eru til sölu á Norðurlöndunum, eru prófuð og viðurkennd eða hafnað af NIOM, en til að hljóta viðurkenningu af NIOM þurfa þau að uppfylla kröfur sem byggjast á alþjóðastöðlum eða lágmarkskröfum sem NIOM setur.

Einnig tekur NIOM þátt í starfi við að setja og endurskoða alþjóða- og Evrópustaðla.

Rannsóknarstörf NIOM njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og eru oft unnin í samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir á sviði tannlækninga, læknisfræði og eðlisfræði.

Mikilvægur þáttur í starfi NIOM er dreifing upplýsinga til notenda á öllum Norðurlöndunum og hafa tengslin við NIOM reynst hagkvæm íslenskum tannlæknum, tannsmiðum og öðru aðstoðarfólki vegna upplýsinga sem fengist hafa varðandi gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga, ekki síst varðandi ný efni sem framleiðendur reyna oft að selja áður en þau eru fullreynd.

Síðast fékk NIOM þriggja ára starfsleyfi frá ráðherranefndinni. Því lýkur 31. desember 1996, en í ljósi aukinnar samvinnu Evrópuþjóða er NIOM nú að aðlaga störf stofnunarinnar breyttum aðstæðum. Vegna fjárhagslegra þrenginga á öllum Norðurlöndunum, ekki síst í Finnlandi, hefur NIOM orðið að leita leiða til sparnaðar og aukningar eigin tekna frá fyrirtækjum í sambandi við prófanir á efnum.

6.1.3. Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum.

Tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna sitja í nefndinni, þ.e. alls tíu manns og jafnmargir varamenn, skipaðir til fjögurra ára í senn. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári.

Fulltrúar Íslands í nefndinni eru nú Árni Kristinsson, yfirlæknir á Landspítala, og Einar Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Skipunartími þeirra er til 1. janúar 1996. Einar Magnússon er varaformaður nefndarinnar.

Skrifstofa NLN er í Uppsölum í Svíþjóð og starfsmenn eru fjórir.

Kostnaður við störf nefndarinnar er um 3 millj. s.kr. og greiðist að mestu með framlagi frá Norrænu ráðherranefndinni en einnig með sértekjum nefndarinnar sem voru 741 þús. s.kr. árið 1992, aðallega vegna námskeiðahalds.

Verkefni nefndarinnar eru:

- að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum og vinna að norrænni skráningu og merkingu lyfja,
- að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf í Evrópu um lyfjamál, innan evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA og ESB,
- að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndina,
- að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og kostnaði milli Norðurlanda (þar með talið ATC, DDD og ATCvet).

Innan NLN eru starfandi starfshópar á eftirtöldum sviðum:

Norræn merking lyfja. Fulltrúi Íslands í starfshópnum er Guðbjörg Kristinsdóttir, skrifstofustjóri lyfjanefndar.

Norræn lyfjatölfræði. Fulltrúi Íslands er Eggert Sigfússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Innan NLN hafa auk þess starfað til skemmri tíma starfshópar um ýmis afmörkuð málefni, svo sem um samnorræna skráningu, flokkun lyfja, klíniskar prófanir, lyfjaeftirlit o.s.frv.

NLN heldur námskeið, bæði norræn og alþjóðleg, um lyfjafræðileg efni og hefur staðið fyrir ýmsum merkum ráðstefnum, ýmist ein sér eða í samstarfi við aðra. Árlega er haldin á vegum nefndarinnar norræn ráðstefna sem skipulögð er af norrænum lyfjaskráningarstjórum, „Nordisk lægemiddelkonference".

Norræna lyfjanefndin hefur gefið út fjölda bóka og bæklinga með leiðbeiningastöðlum um framkvæmd lyfjamála og ýmis afmörkuð svið er varða lyf. Nýjasta útgáfan (NLN Publication No. 34) nefnist: „Nordic Statistics on Medicines 1990–92", en þar er gerður samanburður á notkun einstakra lyfjaflokka á Norðurlöndum og heildarkostnaði. NLN hefur einnig gefið út fréttabréf.

NLN tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur fengið áheyrnarfulltrúa í ýmsa mikilvæga vinnuhópa um lyfjamál innan ESB. Nýjar tilskipanir ESB um lyfjamál eru sendar NLN til umsagnar. Skrifstofa NLN varðveitir öll skjöl ESB um lyfjamál og þangað geta heilbrigðisyfirvöld og lyfjafyrirtæki sótt þjónustu varðandi málefni ESB. NLN tekur virkan þátt í starfi evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar. NLN hefur með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni tekið að sér aðstoð við Eystrasaltslöndin, Eistland, Lettland og Litháen, við að skipuleggja lyfjamál í löndunum. Fulltrúar landanna hafa t.d. verið hér á landi á vegum NLN til að kynna sér hvernig skipulagningu lyfjaskráninga og lyfjaeftirlits er háttað hér.

Í ár hafa forgangsmál NLN verið:

1. Samræming afstöðu Norðurlanda til merkinga á umbúðum lyfja og fylgiseðlum. NLN hefur unnið að því að koma á samnorrænni skráningu og samnorrænum lyfjaumbúðum, ekki síst vegna kröfu ESB um fylgiseðla með öllum lyfjum.
2. Samræming á flokkun lyfja í lausasölulyf og lyfseðilsskyld lyf.
3. Reglur og eftirlit með klíniskum prófunum á lyfjum.
4. Samræming á afstöðu landanna til laga og reglugerða vegna tilskipana ESB.
5. Tölfræðilegur samanburður milli landanna á lyfjanotkun og lyfjakostnaði.

Norræna lyfjanefndin hefur ótvírætt mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Við skipulag lyfjamála á Íslandi hefur einkum verið tekið mið af skipulagi þessara mála annars staðar á Norðurlöndum, en það hefur einmitt verið talið vera til fyrirmyndar fyrir önnur lönd. Flokkun lyfja samkvæmt svokölluðu ATC-kerfi og mælikvarði á lyfjanotkun með skilgreindum dagskömmtum (DDD) eru sótt úr norrænu samstarfi og NLN hefur unnið ötullega að útbreiðslu þessara kerfa á alþjóðavettvangi. Mikill vinnusparnaður er fólginn í því að geta fengið aðgang að upplýsingum og þeirri vinnu sem lögð er í skráningar lyfja og gerð laga og reglugerða á Norðurlöndum. Einnig hefur samanburður á milli Norðurlanda á lyfjanotkun og kostnaði á vegum starfshóps NLN um lyfjatölfræði nýst heilbrigðisyfirvöldum hér á landi í verulegum mæli á undanförnum þremur árum við ákvarðanatöku um aðgerðir til að draga úr lyfjanotkun og lækka lyfjakostnað.

6.1.4. Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna, NAD, er norræn stofnun á sviði félags- og heilbrigðismála. Aðalmarkmið nefndarinnar er að efla rannsóknir í áfengis- og vímuefnamálum. Nefndin skal einnig stuðla að þverfaglegum rannsóknum á notkun róandi lyfja. Auk þess skipuleggur nefndin vísindaráðstefnur og stuðlar að bættri menntun vísindamanna og auknum samskiptum þeirra. Jafnframt sér hún um upplýsingamiðlun og skýrslugerð.

Fjárframlög til nefndarinnar fyrir tímabilið 1992–94 eru 6,5 millj. finnskra marka. Skrifstofa nefndarinnar er í Helsingfors og þar starfa framkvæmdastjóri og tveir aðrir starfsmenn.

Í nefndinni eru þrír nefndarmenn og þrír varamenn frá hverju landi. Nefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni nefndarinnar árið 1994.

Norræna ráðstefnan um áfengis- og vímuefnarannsóknir, sem NAD skipuleggur annað hvert ár, var haldin í ágúst í Svíþjóð. Efni hennar var: Unglingar, neysla og gildismat. Einn Íslendingur var meðal þátttakenda og kynnti rannsóknarniðurstöður.

Annað hvert ár styrkir NAD ráðstefnu þar sem kynntar eru líffræðilegar áfengisrannsóknir. 23. ráðstefnan af þessu tagi var haldin í Svíþjóð í apríl 1994.

Á árinu hélt NAD þrjá rannsóknafundi. Í apríl hélt NAD vinnufund um tollfrjálsa sölu áfengis, eftirlit og breytingar á áfengissölu vegna EES-samningsins. Í framhaldi af þessum fundi var haldinn vinnufundur um rannsóknir á áfengisneyslu og skaðsemi áfengis. Einn Íslendingur var meðal þátttakenda á báðum fundunum og flutti erindi á þeim fyrri. Einnig stóð NAD fyrir fundi um börn og áfengi í tengslum við rit NAD nr. 26 um áfengisrannsóknir og börn.

Þá hefur NAD látið vinna skýrslu um þýðingu EES-samningsins fyrir norræna lyfjalöggjöf og reglur ESB á þessu sviði.

Á undanförnum árum hefur NAD stutt verkefni um vímuefni í Eystrasaltslöndunum og gerði einnig þetta ár. Þá hefur NAD haldið áfram verkefni við að meta árangur af norrænu fræðsluefni um vímuefni. Þetta fræðsluefni hefur ekki verið notað á Íslandi og nær könnunin því ekki til Íslands. NAD hefur einnig stutt fjölþjóðakönnun á AA-samtökunum. Einn Íslendingur er í fjölþjóðavinnuhópnum. Rannsóknarverkefni um fíkniefni og stefnur í fíkniefnamálum heldur áfram. Hafin er úttekt á tölfræðilegum upplýsingum um meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Nýtt rannsóknarverkefni hófst á árinu um áfengi og kynlíf á tímum alnæmis. Að auki veitti NAD nokkra ferðastyrki til einstaklinga.

Í samræmi við ákvörðun Norrænu heilbrigðis- og félagsmálanefndarinnar um að gera úttekt á öllum norrænum stofnunum var slík úttekt gerð á NAD á árinu. Þrír aðilar voru fengnir til verksins og skiluðu þeir skýrslum. Ein skýrslan fjallar um hlutverk NAD í norrænni samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Í hinum tveimur er lagt mat á rannsóknastefnu og gæði þeirra rannsókna sem birtar hafa verið í ritum NAD. Höfundar skýrslnanna telja að skipulag starfseminnar sé gott og vel til þess fallið að ná fram markmiðum nefndarinnar og gæði rannsókna voru talin mikil. Í heild var úttektin mjög hagstæð fyrir NAD.

NAD styrkir fjárhagslega og tilnefnir fulltrúa í ritstjórn norræna tímaritsins Nordisk alkoholtidsskrift. Ritstjórn skipa sex manns, þar af er einn Íslendingur.

Á árinu komu út tvær bækur í ritröð NAD:

- Missbruk och tvångsvård. NAD Publikation nr. 27.
- Social Problems in Newspapers: Studies Around the Baltic Sea. Publication nr. 28.

Ritin eru árangur rannsóknarverkefna á vegum NAD.

6.1.5. Norræn framkvæmdaáætlun um krabbamein.

Norrænni framkvæmdaáætlun um krabbamein var hrint í framkvæmd af Norrænu ráðherranefndinni árið 1989 (NORD 1989:72) en fjölþjóðasamstarf um aðgerðir gegn krabbameini hefur færst í vöxt undanfarinn áratug. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að:

- leiða til fækkunar dauðsfalla af völdum krabbameins og
- bæta líðan þeirra sem ekki læknast.

Vegna umtalsverðs niðurskurðar í fjárveitingum til verkefnisins fyrir árið 1994 (600 þús. d.kr. miðað við 1.339 þús. d.kr. árið áður) ákvað stjórn verkefnisins að leggja höfuðáherslu á að fleyta áfram verkþáttum, sem þegar hafði verið byrjað á.

Norræna framkvæmdaáætlunin hefur byggst á samstarfi við *Norrænu krabbameinsskrárnar, Norræna heilbrigðisháskólann í Gautaborg* og *Norræna krabbameinssambandið.*

Starfslið Norrænu krabbameinsskrárinnar hefur umsjón með verkefninu *Krabbamein á Norðurlöndum* en þar er leitast við að lýsa og skýra þróun krabbameina í löndunum undangengna áratugi. Upplýsingum er safnað saman á staðlaðan hátt og við tölfræðilega úrvinnslu er tekið tillit til fjölgunar þjóðanna og kyn- og aldurssamsetningar þeirra. Niðurstöður verða því sambærilegar á milli landanna. Þróun mismunandi tegunda krabbameins undangengna áratugi er skoðuð og sett í samhengi við mannfjöldaspár í löndunum fram til ársins 2010. Þannig er unnt að varpa ljósi á mismun á milli landanna hvað varðar einstök krabbamein og sjá fyrir væntanlega þróun fram til ársins 2010 af nokkurri nákvæmni.

Verkefninu *Krabbamein á Norðurlöndum* er skipt í fimm verkþætti:

1. Árlegur fjöldi einstakra tegunda krabbameins og samanburður milli landanna fram til ársins 2010.
2. Árleg dánartíðni vegna einstakra tegunda krabbameins og samanburður milli landanna fram til ársins 2010. Fjöldi einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og eru á lífi á hverjum tíma og áætluð fjölgun þeirra fram til ársins 2010.
3. Mat á vægi þekktra áhættuþátta við myndun krabbameins og samanburður á þeim á milli landanna.
4. Mat á áhrifum krabbameinsleitar til greiningar sjúkdómsins á frumstigi; framkvæmd og kostnaður krabbameinsleitar borinn saman á milli landanna.
5. Mögulegur árangur af bættri greiningu og meðferð sjúkdómsins í lið 1 og 2.

Í árslok 1993 lauk verkþætti nr. 1 og voru niðurstöður birtar í alþjóðlegu fagriti (Acta Pathologica, Microbiologica et Immunologica Scandinavica supplementum no. 38, vol. 101, 1993) undir heitinu „Prediction of cancer incidence in the Nordic countries up to the years 2000 and 2010". Í ársbyrjun 1994 fór fram kynningarátak á þessum upplýsingum í samvinnu við krabbameinsfélögin í löndunum jafnframt því sem gefin var út stytt og

aðgengileg skýrsla um efnið (Tema Nord 1994: *Kreftbildet i Norden – kreftförekomst i de nordiske land i år 2000 og 2010*).

Í árslok 1994 liggja fyrir niðurstöður úr verkþætti nr. 2 og handrit skýrslunnar hefur verið sent til birtingar í alþjóðlegu fagriti undir heitinu „Prediction of cancer mortality in the Nordic countries up to the years 2000 and 2010, on the basis of relative survival analysis". Fyrirhugað er að kynna útdrátt þessarar skýrslu fyrir almenningi á Norðurlöndum í janúar 1995.

Verkþáttum 3–5 er áætlað að ljúka fyrri hluta árs 1996. Þá liggja fyrir endanlegar niðurstöður um þróun og ástand þessara mála á Norðurlöndum undangengna áratugi fram til dagsins í dag og upplýsingar um væntanlega framvindu einstakra tegunda krabbameins næsta hálfan annan áratuginn fram í tímann. Samanburður milli landanna auðveldar áætlanagerð um framkvæmdir á landsvísu þar sem nú má taka til fyrirmyndar á hverju sviði það sem best hefur tekist til með. Þróun og nýsköpun í baráttunni við krabbamein verður því hraðfarari í samstarfi landanna en annars væri mögulegt.

Við Norræna heilbrigðisháskólann í Gautaborg hefur verið þróað námsefni sem á að stuðla að aukinni þekkingu fagstétta *til að bæta líf og líðan* krabbameinssjúklinga á Norðurlöndum. Um er að ræða fjögurra vikna námskeið sem einkum á að höfða til fagfólks í áhrifasstöðum í kennslu og handleiðslu. Námsefnið hefur verið skipulagt í samvinnu við Norræna krabbameinssambandið sem m.a. hefur kostað þátttöku fagaðila við undirbúning námsefnisins. Fyrsta námskeiðinu lauk á árinu 1994 með handleiðslu og fyrirlestrum norræns og erlends fagfólks á sviðinu. Tveir nemendur frá Íslandi tóku þátt í námskeiðinu.

Þetta fyrsta námskeið hefur verið skoðað og metið og tillögur um úrbætur lagðar fram. Næsta námskeið mun hefjast á árinu 1995 og mun það einnig verða fjármagnað af norrænni framkvæmdaáætlun um krabbamein þar sem námskeiðið fellur enn ekki innan ramma hefðbundins námsefnis skólans. Námskeiðið nýtur sömu stöðu menntunar til framhaldsnáms og annað námsefni skólans.

Stjórn norrænnar framkvæmdaáætlunar um krabbamein hefur haft samskipti við fjölmarga einstaklinga, stofnanir og félög jafnt á Norðurlöndum sem utan þeirra á liðnu starfsári. Norðurlönd njóta vissrar sérstöðu hvað varðar vinnu af þessu tagi. Fyrir utan sameiginlegan menningarlegan arf eru löndin svipuð hvað varðar efnahag, þjóðfélagsskipan og heilbrigðisþjónustu. Löndin hafa sambærilegar þjóðskrár og krabbameinsskrár landanna njóta afraksturs áratuga samstarfs og þær eru taldar vera í fararbroddi í heiminum í dag að gæðum og áreiðanleika. Norðurlönd með rúmlega 20 milljónir íbúa geta því skapað verðmæti til baráttunnar gegn krabbameini sem skiptir máli sem fyrirmynd í öðrum hlutum heims. Því er mikið í húfi að norræn framkvæmdaáætlun um

krabbamein fái að þróast áfram og sjáanleg sóknarfæri, sem norrænt samstarf skapar, séu nýtt af fyrirhyggju og skynsemi.

6.1.6. Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).

Norræn hagskýrslunefnd á sviði félagsmála, NOSOSKO, er fastanefnd, sem starfað hefur frá árinu 1946. Fram til ársins 1978 heyrði nefndin undir ráðherra félagsmála á Norðurlöndum, en hún hefur síðan starfað á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (heilbrigðisráðherranna).

Höfuðverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um félagsmál á Norðurlöndum og gefa út bók um þann málaflokk þriðja hvert ár. Hér er átt við félagsmál í víðri merkingu þar sem veigamestu útgjaldaliðirnir eru heilbrigðismál og ellitryggingar. Fram til ársins 1974 takmarkaðist verkefnið við ráðstafanir sem skipað var með lögum, en síðan var starfsemi lífeyrissjóða og samningsbundnum launagreiðslum í veikindaforföllum bætt við.

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum frá hverju landi. Hún hefur skrifstofu í Kaupmannahöfn og ritara í þjónustu sinni, en hann er jafnframt ritari norrænu nefndarinnar um heilbrigðisskýrslur, NOMESKO. Starfshópar, einn eða fleiri, skipaðir nefndarmönnum, starfa að jafnaði að tímabundnum verkefnum, og einnig er ekki óalgengt, að sérfróðir menn utan nefndarinnar séu ráðnir til tiltekinna verkefna undir umsjón hennar.

Nokkrar breytingar voru á árinu 1994 gerðar á erindisbréfi nefndarinnar sem gilt hefur frá ársbyrjun 1979. Er nú m.a. kveðið svo á að nefndinni beri að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð á sviði félagsmála og vinna að samræmingu þeirra upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma.

NOSOSKO skiptir um formann þriðja hvert ár. Íslendingar höfðu formennsku með höndum árin 1987–89.

Á árinu 1994 hefur NOSOSKO unnið áfram að undirbúningi næstu skýrslu nefndarinnar sem gefa á út árið 1995. Nefndin hefur haldið einn fund á árinu, en frá hausti 1993 hafa á vegum hennar starfað tveir starfshópar. Fæst annar þeirra við bætta skýrslugerð um þjónustu við aldraða og örykja en hinn við endurskoðun upplýsinga um greiðslur einstaklinga fyrir veitta þjónustu, lyf o.fl. á sviði félagsmála. Þá er í undirbúningi útgáfa bæklings á ensku sem að venju hefur komið í kjölfar norrænu útgáfunnar þriðja hvert ár, en útgáfu hans verður að þessu sinnu flýtt vegna heimsþings um þróun félagsmála sem Sameinuðu þjóðirnar gangast fyrir og haldið verður í Kaupmannahöfn í mars 1995.

Á svonefndum formannafundum hefur sérstaklega verið fjallað um framtíðarverkefni nefndarinnar, m.a. árlega útgáfu skýrslna frá og með árinu 1996, og gerð gagnagrunns sem taki til félagsmálaútgjalda og fleiri þátta í skýrslugerð hennar.

6.1.7. Nefnd um málefni fatlaðra (NNH).

Helsti ávinningur fyrir Ísland af starfsemi NNH er sem hér segir:

1. *Stefnumótandi starf í málefnum fatlaðra.* NNH er samstarfs- og fagstofnun fyrir málefni fatlaðra og ber ábyrgð á stefnumótun og samhæfingu í þeim málefnum og tryggir réttindi fatlaðra í samfélaginu. Með samvinnu skrifstofu og stjórnarmanna NNH, sem eru bæði fulltrúar frá heilbrigðis- og félagsmálakerfinu og samtökum fatlaðra, er unnið starf sem nýtist mjög vel í hverju landi fyrir sig svo og milli landanna.
2. *Félagslegt samstarf.* Samstarf við hinar ýmsu stofnanir, aðila og félagasamtök innan lands sem og á hinum norrænu löndunum sem vinna að málefnum fatlaðra, þróun og prófunum á hjálpartækjum, ferli- og aðgengimálum, atvinnumálum o.fl.
3. *Þátttaka í breytingum og þróun á sviði hjálpartækja, aðgengi og fleira.*

- Norðurlandasamstarf varðandi hjálpartæki, aðgengi og fleira (ný þróun, kröfur, prófanir, staðlar, upplýsingamiðlun). Þetta starf er mikill ávinningur fyrir Ísland. Má nefna að meðal annars fæst hér mikil þekking á hjálpartækjum, kröfum sem eru gerðar til þeirra og fleira og nýtist beint í vali og innkaupum á hjálpartækjum. Þetta sparar bæði vinnu og fjármuni, einkum fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
- Evrópusamstarf með tilliti til hjálpartækja, aðgengis og fleira er snýr að málefnum fatlaðra (t.d. Helios-verkefnið á vegum Evrópusambandsins, staðlastarf á vegum Comité Européen de Normalisation (CEN)).
- Alþjóðlegt samstarf með tilliti til hjálpartækja og fleira sem snýr að málefnum fatlaðra (t.d. International Organization for Standardization (ISO)).

Stjórn NNH: Ísland á tvo aðalmenn í stjórn NNH og tvo varamenn. Aðalmenn eru Björk Pálsdóttir, iðjuþjálfi við Tryggingastofnun ríkisins og Ásta B. Þorsteinsdóttir formaður frá Landssamtökum Þroskahjálpar.

Þrír fundir voru haldnir á árinu: Fundur í Reykjavík í mars, í Stokkhólmi í október og aukafundur í Stokkhólmi í desember vegna breyttra aðstæðna í Evrópumálum.

Fjárveiting til NNH á árinu 1994 var rúmlega 8,6 millj. s.kr., þar af 2,3 millj. s.kr. til Nordisk utvecklingscenter för handikapphjälpmedel (NUH) sem er stofnun á vegum NNH og 1,65 millj. s.kr. til styrkja til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra.

Helstu verkefni NNH á árinu 1994: Aukin áhersla hefur verið lögð á Evrópu- og alþjóðasamstarf vegna aukins samstarfs innan Evrópu. Tilgangurinn er að tryggja norrænar viðmiðunarreglur innan þessa málaflokks.

Kostnaður (ferðakostnaður) af þessum verkefnum er ýmist greiddur af NNH eða einstökum stofnunum í hverju landi fyrir sig. NNH greiðir þó meiri hlutann af kostnaðinum.

1. Aðgengi í samfélaginu:

– *Nefnd um aðgengi að byggingum og almenningsfarartækjum í samfélaginu.* Í nefndinni er Ólöf Ríkarðsdóttir, Öryrkjabandalagi Íslands, fulltrúi Íslands. Nefndin hefur verið starfandi frá 1992 og vinnur að mótun krafna um aðgengi fyrir alla með það í huga að hafa áhrif á lög og reglur í þessum málum. Fulltrúar í nefndinni eru í evrópskri nefnd til að móta samevrópskar viðmiðunarreglur og reyna þannig að hafa áhrif á reglur innan ESB og EES (sjá lið 5). Þrír fundir voru haldnir á árinu 1994. Í nóvember 1994 hélt nefndin fundaröð í höfuðborgum Norðurlandanna um niðurstöður nefndarstarfsins. Í þessari fundaröð var lögð áhersla á að kynna hin sameiginlegu norrænu áhersluatriði á sviði byggingar- og skipulagsmála, með aðgengi allra að leiðarljósi, samhliða því að leggja grundvöll að framkvæmd þeirra. Skilmæli voru afhent ráðherrum í hverju landi, í þeim tilgangi að Norðurlöndin geti tryggt þann árangur sem náðst hefur heima fyrir og að stuðla að framförum á þessu sviði í öðrum löndum Evrópu. Fundurinn í Reykjavík var sóttur af fulltrúum frá bygginga- og skipulagsgeira, félags- og heilbrigðismálageira, samtökum fatlaðra o.fl. Nefndin lagði fram bók á fundinum um niðurstöður starfsins.

2. Sérstök viðfangsefni:

– *Þjónusta í nærsamfélaginu.*

a) Útgáfa skýrslu um þjónustu vegna sjaldgæfra sjúkdóma.

b) Norræn ráðstefna um réttaröryggi fatlaðra, haldin í Danmörku í febrúar 1994. Fjórir Íslendingar sóttu ráðstefnuna.

c) Upplýsingasöfnun um þróun sjálfboðavinnu innan félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum.

d) Upplýsingasöfnun og útgáfa skýrslu um styrkveitingar til bílakaupa og bílalán til fatlaðra.

– *Menntun og atvinnumarkaðurinn.*

a) Samstarfshópur milli norrænu nefndarinnar um norræna skólasamvinnu og NNH á sviði verkefni, sem varðar báðar nefndirnar. Hópurinn var myndaður vegna samnorræns verkefnis í sérkennslu um myndun tengslaneta fyrir skilgreindar fatlanir sem er á vegum norrænu nefndarinnar um norræna skólasamvinnu. Verkefnið er til fimm ára, 1992–97, og á að byggja upp fimm norræn tengslanet. Kolbrún Gunnarsdóttir, menntamálaráðuneytinu, er fulltrúi Íslands í verkefnisstjórn. Íslenskir samstarfshópar starfa að þessu verkefni, í fyrsta lagi fjórir grunnskólar og Námsgagnastofnun og í öðru lagi starfshópur með fulltrúum frá Námsgagnastofnun, Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins og Tölvumiðstöð fatlaðra. Einn starfshópurinn hefur gert könnun á tölvubúnaði fyrir fatlaða á Íslandi og er skýrsla væntanleg árið 1995.

b) Upplýsingasöfnun um aðgengi og þjónustu hvað snertir framhaldsmenntun fyrir fatlaða.

c) Undirbúningur að ráðstefnu um takmarkanir og möguleika á vinnumarkaðnum fyrir fatlaða sem halda á í byrjun árs 1995. Guðrún Hannesdóttir, Starfsþjálfun fatlaðra, er fulltrúi Íslands í undirbúningsnefnd.

3. Rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna fatlaðra:

- Tölvuskráð upplýsingasöfnun um rannsóknir á Norðurlöndum á sviði málefna fatlaðra. NNH hefur verið með þessa skráningu frá upphafi starfsemi NNH.

4. Hjálpartæki og ný tæki:

- *Nefnd um flokkunarkerfi hjálpartækja.* Björk Pálsdóttir, Tryggingastofnun ríkisins, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Nefndin hefur verið starfandi frá 1982 varðandi þróun flokkunarkerfis hjálpartækja. ISO og CEN hafa tekið þetta kerfi upp og notað til grundvallar að ISO-staðli (ISO 9999:1992) og CEN-staðli (CEN 29999:1994). Flestir nefndarmenn norrænu nefndarinnar eru fulltrúar sinna landa í ISO/CEN-nefndum á þessu sviði. Þessi staðall er íslenskur staðall frá september 1994 (ÍST-EN 29999:1994). Tryggingastofnun ríkisins notar þennan staðal í hjálpartækjakerfi sínu. Einn fundur var haldinn á árinu, í Reykjavík.
- *Norræn samvinna um evrópska stöðlun á hjálpartækjum.* Náin og öflug samvinna NNH og hjálpartækjastofnananna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi í evrópskri stöðlunarvinnu innan CEN.
- *Nefnd um heyrnarhjálpartæki.* Birgir Ás Guðmundsson, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Starf nefndarinnar er að gera tilmæli um kröfur til framleiðanda um heyrnarhjálpartæki og móta reglur sem eru viðhafðar á Norðurlöndum og notaðar í evrópskri samvinnu. Tveir fundir voru á árinu 1994 á kostnað Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands fyrir íslenska nefndarmanninn. Unnið var við endurskoðun á kröfum til heyrnartækja og tónmöskva á árinu.
- *Stofnun á vegum NNH í Finnlandi: NUH* (Nordisk utvecklingscenter för handikapphjälpmedel). Stjórn NUH er skipuð sex einstaklingum, einum frá hverju landi, og framkvæmdastjóra NNH. Páll Theódórsson, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, er nefndarmaður af hálfu Íslands.

  NUH veitir styrki til samnorrænna verkefna á sviði nýþróunar á hátæknivæddum hjálpartækjum og miðlar reynslu og niðurstöðum innan sviðsins. NUH er samstarfsaðili NHH í TIDE, verkefnis á vegum NUH.

  Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

  Á árinu voru Íslendingar þátttakendur í einu verkefni sem styrkt er á vegum NUH: Blissgrammer, málfræðilegu tengiforriti milli BLISS-forrita og talgervla, Jón Hjaltalín Magnússon ACT í samvinnu við Konunglega tækniháskólann í Stokkhólmi.

- *Nefnd um fjarskipti fyrir fatlaða (NFTH).* Gylfi Már Jónsson, Pósti og síma, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Starf nefndarinnar er að sjá um að samræma viðmiðunarreglur í fjarskiptum, svo og miðlun upplýsinga á því sviði. NFTH er samstarfsaðili NNH í COST 219, verkefni á vegum ESB. Tveir fundir voru haldnir á árinu.
- *Ráðstefna* á vegum nefndarinnar var haldin 27. september í Reykjavík um hvernig ný fjarskiptatækni getur hjálpað fötluðum á Íslandi. Sérstakar áherslur, sem komu fram á ráðstefnunni, voru m.a. nýir textasímar, hætta á truflunum í heyrnartækjum af GSM símum, kröfur til framleiðenda almennra símatækja við hönnun nýrra símatækja, kynning á danskri bók um prófanir á símatækjum með tilliti til notkunar fyrir mismunandi hópa fatlaðra (útdráttur þýddur á íslensku), aðgengi fatlaðra að almenningssímum og evrópskt og alþjóðlegt samstarf.

5. Evrópusamvinna og önnur alþjóðleg samvinna:
- *Þátttaka í vesturevrópsku samstarfsverkefni um gerð handbókar um aðgengi* (sjá lið 1).
- *Þátttaka í stöðlunarvinnu innan hjálpartækjasviðsins* á vegum CEN.
- *Þátttaka í ýmsum verkefnum innan ESB* (m.a. Handynet, TIDE, COST 219).
- *Samstarfsverkefni við Eystrasaltsríkin.* Útgáfa skýrslu um tengsl milli samtaka fatlaðra í norrænu löndunum og Eystrasaltslöndunum.

6. Styrkveiting til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra:
- *Nefnd um úthlutun styrkja til félaga fatlaðra vegna funda um norræna samvinnu.* Arnþór Helgason, Öryrkjabandalagi Íslands, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Þessi nefnd hefur starfað frá 1990. Styrkveitingar eru m.a. til ráðstefnuhalds og ferðakostnaðar vegna samstarfsfunda félaga í norrænu löndunum. Þetta gerir t.d. Íslendingum kleift að senda fulltrúa á ýmsar ráðstefnur og samstarfsfundi erlendis. Á árinu voru veittir styrkir til 45 samtaka fyrir 60 fundi og ráðstefnur, þar af voru tvær ráðstefnur á Íslandi. Einn fundur var haldinn í styrkveitinganefndinni á árinu.

7. Upplýsingamiðlun NNH:
- *Upplýsingablað NNH, „NNH-Nytt"*, kom út fjórum sinnum á árinu 1994. Þetta blað er sent til ýmissa stofnana og samtaka.
- *Bæklingar sem innihalda skýrslur um öll stærri verkefni og ráðstefnur* á vegum NNH. Átta slíkar skýrslur komu út á árinu og eru þær sendar ýmsum stofnunum og samtökum.
- *Upplýsingablöðungar* um NNH og norræna samvinnu innan málefna fatlaðra.

6.1.8. Norræn menntastofnun um málefni daufblindra (NUD).

NUD varð sjálfstæð stofnun undir Norrænu ráðherranefndinni frá 1. janúar 1993 og er með sérfjárveitingu frá sama tíma, en hún var áður stofnun undir NNH.

NUD er menntastofnun sem sér um námskeið og ráðstefnur fyrir starfsfólk sem vinnur með daufblindum. NUD er eini aðilinn á Norðurlöndum sem veitir faglega þjónustu hvað varðar vinnu með daufblindum (námskeiðahald, fagleg ráðgjöf í einstaka tilfellum, bókasafn). Íslendingar, sem vinna með daufblindum, blindum, sjónskertum og heyrnarskertum, leita mikið til stofunarinnar hvað varðar skólun og ráðgjöf.

Fjárveiting til NUD 1994 var 5,9 millj. s.kr.

Stjórn NUD er sú sama og stjórn NNH. Stjórnarfundir eru haldnir á sama tíma og stjórnarfundir NNH. Tveir fundir voru haldnir á árinu 1994, í Reykjavík og í Stokkhólmi.

Sérstakt skólaráð er sett til tveggja ára í senn og situr einn fulltrúi frá hverju landi. Íslenski fulltrúinn er Anna Soffía Óskarsdóttir, sérkennari Þjálfunarskóla ríkisins. Tveir fundir voru haldnir í skólaráðinu 1994 á kostnað NUD.

Starfsemi: Tólf námskeið og ráðstefnur voru haldnar á vegum NUD á árinu 1994. Á árinu sóttu 13 Íslendingar námskeið og/eða ráðstefnur sem voru haldnar á vegum NUD.

Í framhaldi af stjórnarfundi á Íslandi í mars voru haldnir fundir hér á landi með forstöðumanni NUD um málefni daufblindra. Félag daufblindra á Íslandi var stofnað í mars 1994.

6.1.9. Norræn eftirlitsnefnd um framkvæmd Norðurlandasamnings um sameiginlegan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Upphaflega er samningurinn frá 25. ágúst 1981 en Ísland gerðist þá aðili að samningnum varðandi ákveðnar starfsstéttir. Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu sem heimilaði ríkisstjórninni að staðfesta samninginn 3. maí 1982. Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Aðilar samningsins töldu að þrátt fyrir samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið væri áfram þörf á norrænum reglum um viðurkenningu starfsgreina á samningnum frá 1981: Í fyrsta lagi að því er varðar starfsgreinar og sérgreinar sem reglur EES ná ekki til, í öðru lagi að því er varðar einstaklinga sem hlotið hafa menntun sína í þriðja landi og í þriðja lagi vegna norrænna ríkisborgara sem ella hefðu lakari möguleika á að stunda starfsgrein sína í öðru norrænu landi en þeir höfðu samkvæmt samningnum frá 1981.

Eftirlitsnefndinni var falið að sjá til þess að breytingar í þessa veru yrðu gerðar á samningnum og voru þær breytingar undirritaðar í Arjeplog í Svíþjóð í júní 1993. Starf eftirlitsnefndarinnar hefur síðan á árinu 1994 miða að því að samræma þau vinnubrögð

sem eru viðhöfð við staðfestingu prófskírteina milli landanna og samræma aðlögun Norðurlandasamningsins að EES-samningnum varðandi framkvæmd. Einnig hefur nefndin fylgst með því hvaða áhrif ESB-reglugerðir á þessu sviði hafa á Norðurlöndum og hvernig ákvarðanir teknar innan ESB tengjast Norðurlandasamningnum og þá hvort og hvaða ráðstafanir Norðurlöndin þurfa að gera varðandi Norðurlandasamninginn vegna slíkra breytinga. Þær íslensku starfsstéttir, sem nú eru aðilar að samningnum, eru: læknar, tannlæknar, hjúkrunarfræðingar, lyfjafræðingar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar, ljósmæður, sjóntækjafræðingar, sálfræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar, röntgentæknar, tannfræðingar, aðstoðarmenn tannlækna, sjúkraliðar, dýralæknar og hnykkjar.

Nefndin fylgist reglulega með breytingum á menntunarmálum þeirra stétta sem undir samninginn falla til að tryggja að það samræmi, sem var milli landanna varðandi menntun og er grunnur samningsins, raskist ekki nema breytingar séu gerðar á samningnum.

Nefndin tekur og upp mál einstaklinga innan þessara stétta sem telja að eitthvert samningslandanna hafi brotið á þeim varðandi synjun um útgáfu á starfs- eða sérfræðileyfi.

Fulltrúi Íslands í nefndinni er Sólveig Guðmundsdóttir deildarstjóri.

6.2. Norrænt samstarf um neytendamál

Árið 1994 er fyrsta árið sem nýtt skipulag á neytendamálasviðinu er í gildi og þar af leiðandi fyrsta árið sem unnið er samkvæmt nýrri samstarfsáætlun, en hún nær til næstu fjögurra ára.

Aðalmarkmið starfsáætlunarinnar í hinu norræna samstarfi er

- að bæta lagalega og fjárhagslega stöðu neytanda, svo og heilsu þeirra og öryggi,
- að víkka út og þróa neytendarannsóknir,
- að hafa áhrif á þróun neytandamála í Evrópu og
- að efla kröfu neytenda um aukið tillit til umhverfisins.

Unnið hefur verið að þessum markmiðum í mörgum af þeim 45 verkefnum sem unnið var að á árinu á neytendamálasviðinu. Einnig hefur verið unnið að samnorrænni áætlun um stefnu í neytendamálarannsóknum og að samstarfsáætlun varðandi fjármálaþjónustu.

Tekist hefur mjög vel til með norræna umhverfismerkið, svaninn. Um það vitnar skýrsla sem Norræna ráðherranefndin bað Háskólann í Lundi um útbúa. Þar kom fram að neytendur hafa mikla trú á svansmerkinu og vitneskja um það eykst stöðugt á Norðurlöndunum.

Á íslensku formennskuári voru áhersluatriði á sviði neytendamála eftirfarandi:

- Samstarf um aðgerðir er varða fjármál heimilanna, m.a. þróun á kerfi fyrir fjármálaráðgjöf og ráðgjöf varðandi greiðsluaðlögun.

- Samstarf um aðgerðir til að fjármálaþjónusta nýtist hinum almenna borgara og til að auðvelda borgurum aðgang að réttarkerfinu.
- Samstarf um aðgerðir til að koma á traustu og samræmdu markaðseftirlitskerfi.

Á árinu 1994 hafa verið unnin norræn verkefni og haldnar ráðstefnur til að ná fram þessum markmiðum, t.d. verkefni um neytendastefnuna gagnvart fjármálaþjónustu og áhrif neytenda á ESB-þróunina á fjármálasviðinu, ráðstefna um fjármálaráðgjöf og greiðsluaðlögun, verkefni til að safna upplýsingum um fjármál heimilanna og hvað sé til bóta, ráðstefna þar sem fjallað var um smámáladómstóla og aðgang neytenda að réttarkerfinu og ráðstefna um norrænt samstarf varðandi vöruöryggi og markaðseftirlit í tengslum við þróunina hjá Evrópusambandinu.

Embættismannanefndin vinnur nú að því að ljúka við drög að vinnuskjali fyrir árið 1996 sem leggja á fyrir norrænu neytendamálaráðherrana til samþykktar á fundi þeirra í Reykjavík í janúar 1995.

6.3. Norrænn vinnumarkaður

Á árinu hefur verið unnið að nýrri samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála fyrir tímabilið 1995–2000. Samstarfsáætlunin hefur verið send til ráðherranefndarinnar til samþykktar þess að hún verði lögð fram sem ráðherranefndartillaga á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík í mars 1995.

Samstarfið á vinnumálasviðinu á árinu 1994 hefur mótast nokkuð af aðildarumsóknum Finna, Svía og Norðmanna að Evrópusambandinu auk þess sem dregið hefur úr fjárframlögum Norrænu ráðherranefndarinnar á þessu sviði. Þrátt fyrir þetta hefur þátttaka Íslands verið mikil í norrænu vinnumálasamstarfi á árinu, ekki síst vegna formennsku Íslendinga í mörgum vinnumálanefndum Norðurlandaráðs.

Atvinnuleysi ungs fólks

Norðurlandaráð hefur lagt sérstaka áherslu á að leita úrræða gegn atvinnuleysi aldurshópsins 16 til 25 ára og skipuleggja aðgerðir í framhaldi af því. Framkvæmd verkefnaáætlunarinnar „Ungdomssatsning 1994" hefur því verið eitt meginverkefnið á vinnumálasviðinu á árinu 1994.

Tveir vísindamenn frá hverju landi unnu að rannsókn á annars vegar orsökum atvinnuleysis ungs fólks í hverju landi og hins vegar árangri vinnumarkaðsaðgerða gegn atvinnuleysi ungs fólks. Fjallað var um niðurstöðurnar á ráðstefnu í Stokkhólmi sem haldin var í febrúar 1994. Á annarri ráðstefnu í Finnlandi í apríl 1994 kynntu ýmsir aðilar staðbundnar aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks þar sem unnið var að því að miðla reynslu af þessu starfi milli landa. Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar (Hitt húsið og Iðnskólinn), Vinnuskóli Reykjavíkur og Félagsmálastofnun Akureyrar kynntu

verkefni á sínum vegum á þessari ráðstefnu. Niðurstöður þessara ráðstefna voru gefnar út í sérstökum skýrslum.

Í undirbúningi er ráðstefna sem haldin verður í janúar þar sem fjalla á um þau vandamál er tengjast því að fara úr skóla út í atvinnulífið og um hlutverk skóla- og vinnumiðlunarráðgjafa í þessu ferli. Skólaráðgjafar og vinnumiðlunarfólk frá Akranesi og Akureyri flytja erindi á ráðstefnunni.

Þá hafa vísindastofnanir lagt fram umsóknir um styrk til rannsóknarverkefna á þessu sviði til vinnumálanefnda Norðurlandaráðs.

Vinnumálanefndirnar

Samstarfið á vinnumálasviðinu byggir á skipulagi sem tók gildi 1. janúar 1992. Skipulagið felur í sér að vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálin eru sameinuð undir eina yfirstjórn. Yfirstjórnina annast embættismannanefndin (ÄK-A) sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi. Nefndinni er ætlað að vera stefnumarkandi í vinnumálum.

Undir embættismannanefndina heyra sex málefnanefndir sem skipaðar eru sérfræðingum til að fjalla um einstaka málaflokka. Þetta eru nefndir um vinnumarkaðsmál, vinnumarkaðsrannsóknir, vinnuverndarmál, vinnuverndarrannsóknir, vinnuréttarmál og atvinnulíf og um fólksflutningamál. Þá starfar sérstakur stýrihópur sem samræmir störf nefndanna og undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við Skrifstofu ráðherranefndarinnar. Starf nefndanna má að nokkru ráða af helstu hlutverkum þeirra sem gerð var grein fyrir í skýrslunni 1992, en þær hafa þó allar gert mun nánari grein fyrir hlutverkum sínum og verkefnum í sérstökum stefnu- og verkefnaskjölum.

Enn fremur eru starfandi starfshópar um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er NIAL sem sér um „Informationsprojektet" sem er fjölbreytt upplýsingaútgáfa á mörgum sviðum vinnumála. Á vegum þessa verkefnis er m.a. tímaritið „ARBETSLIV I NORDEN" sem áður hét „ARBETSMARKNAD i NORDEN". Þá eru sérstakir starfshópar um atvinnuleysistrygginga-, vinnumiðlunar- og starfsmenntunarmál.

Nokkur umræða hefur átt sér stað um framtíðarskipulag norræna samstarfsins á árinu og ákvað embættisnefndin á fundi sínum í Reykjavík að tvær vinnumálanefndir fengju það hlutverk að undirbúa umræðugrundvöll um samstarfið.

Nefnd um vinnumarkaðsmál.

Undir þessa nefnd heyra m.a. vinnumiðlun, atvinnuleysistryggingar og starfsmenntun. Eitt helsta verkefnið á vegum nefndarinnar er NORDJOBB sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna en Norræna félagið hefur annast þessi samskipti fyrir Ísland og hefur hlutur Íslands verið stór í þessu verkefni. Á árinu hafa 126 íslensk ungmenni farið í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB og 95 norræn

ungmenni komið til vinnu á Íslandi. Þetta verkefni var tekið til endurskoðunar í tveimur skýrslum á árinu bæði til að meta árangurinn og leggja drög að framtíðarskipulagi verkefnisins. Skoða á sérstaklega hvernig þetta verkefni geti tengst sambærilegum verkefnum á vegum Evrópusambandsins eins og Petra II, Youth Start-programmet og Youth Initiative Projects o.fl. sem eru hluti af Leonardo en EFTA-ríkin fá aðgang að mörgum verkefnum Evrópusambandsins 1. janúar 1995. BALTICJOB er sambærilegt verkefni fyrir Eystrasaltslöndin á vegum Norðurlandaráðs.

Annað stórt verkefni á vegum þessarar nefndar er samstarfsverkefnið um starfs- og endurmenntun í atvinnulífinu sem er nýtt form á þessu samstarfi. Á vegum þess voru haldnar tvær námsstefnur á árinu þar sem kynnt voru athyglisverð verkefni á þessu sviði. Einnig voru skipulagðar tvær námsferðir, önnur til stofnana Evrópusambandsins og vinnumiðlana og hin til endurmenntunarmiðstöðva ILO.

Samstarf um vinnumiðlun hefur mótast að nokkru af EURES sem er vinnumiðlunarkerfi á Evrópska efnahagssvæðinu og leysir af hólmi norrænt vinnumiðlunarkerfi. Var haldin sérstök námsstefna um hvernig breyta þyrfti norrænu vinnumiðlunarsamstarfi vegna þessa. Einnig var haldinn í Finnlandi í október sérstakur sérfræðingafundur með þátttöku Vinnumiðlunar Reykjavíkur auk vinnumálaskrifstofunnar um þjónustu vinnumiðlana við atvinnurekendur.

Nefnd um vinnumarkaðsrannsóknir.

Nefndin hefur haft umsjón með öllum verkefnum sem tengjast „Ungdomssatsning 1994“ sem áður voru nefnd. Nefndin hefur ákveðið að leggja meiri áherslu á minni rannsóknarverkefni til styttri tíma í stað stórra rannsóknarverkefna til margra ára með sameiginlegri þátttöku margra stofnana. Helstu rannsóknarverkefni á vegum nefndarinnar nú fjalla um orlofsfyrirkomulag á Norðurlöndum, um vandamál iðjuleysis, um nýbreytni á vinnumarkaði fyrir jaðarhópa, um þjóðhagslega hagkvæma vinnumiðlun, um samanburð á fyrirkomulagi opinberra og einkarekinna vinnumiðlana á Norðurlöndum og í öðrum OECD-ríkjum, um jafnrétti hjá vinnumiðlunum o.fl.

Í mars sl. lauk með ráðstefnu verkefni sem fjallaði um með hvaða hætti væri hægt að meta árangurinn af þeim markmiðum sem felast í framsettri vinnumarkaðsstefnu.

Á vegum þessarar nefndar er árlega gefin út árbók um þróun vinnumarkaðarins á Norðurlöndum og önnur um vinnumarkaðsrannsóknir.

Nefnd um vinnurétt og atvinnulíf.

Í þessari nefnd hefur mikið verið fjallað um nýjar tillögur á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og um framkvæmd annarra sem

þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að nái til Evrópska efnahagssvæðisins.

NordFram-verkefninu lauk með ráðstefnu 17. og 18. febrúar 1994 en það fjallaði um hvaða áhrif alþjóðahyggjan og EB-samhæfingin hafi á vinnumarkaðinn í hinum norrænu löndum. Þar var fjallað um meðákvörðunar- og upplýsingarétt starfsmanna við breytingar í fyrirtækjum. Í framhaldi af þessu verkefni hefur nefndin hafið samstarf við Dublin-stofnunina hjá Evrópusambandinu og haldið fundi með aðilum vinnumarkaðarins til að ræða áhrif þessara breytinga ekki síst í ljósi Hvítbókar Evrópusambandsins um evrópska félags- og vinnumarkaðsstefnu. Þeir sem unnu að NordFram-verkefninu hafa enn fremur óskað eftir samstarfi við nefndina um framhaldsrannsóknir á þessu sviði.

Nefnd um vinnuvernd.

Nefndin fjallar m.a. um samræmingu leiðbeininga og reglna um vinnuverndarmál á Norðurlöndum. Samstarf um vinnuvernd vegna þátttöku Norðurlanda í Evrópsku efnahagssvæði hefur verið mjög virkt og sett mikinn svip á samstarfið á árinu.

Þá hafa Norðurlöndin unnið mikið saman og skipt með sér verkum vegna samstarfs við CEN, Staðlastofnun Evrópu. Sérstakir starfshópar vinna einnig að einstökum verkefnum.

Vinnueftirlitið tók þátt í ráðstefnu um öryggi við rekstur skíðalyfta, um fólkslyftur, um vélar og tæknilegan búnað og um aðstoð við Eystrasaltslöndin og í ráðstefnu vinnueftirlita Norðurlanda. Fyrirhuguð ráðstefna um vinnuumhverfi í fiskiðnaði verður að öllum líkindum haldin 1995. Enn fremur voru haldnir sérstakir samráðsfundir um fólkslyftur, um markaðseftirlit og eftirlit með persónuhlífum og vélum, um endurtekna og einhæfa vinnu, um efnanotkun á vinnustöðum, um atvinnusjúkdómafaraldra, um gæðaeftirlit og mengunarmælingar, um rafsegulsvið, um samræmingu á merkjum og merkjagjöf og um öryggi við matvinnsluvélar.

Nefnd um vinnuverndarrannsóknir.

Nefnd um vinnuverndarrannsóknir veitir m.a. styrki til rannsókna á sviði vinnuverndar og hefur það hlutverk að efla og kynna rannsóknir á þessu sviði á Norðurlöndum. Á vegum nefndarinnar hafa um 20 sérstök verkefni verið í gangi eða þeim lokið á árinu. Meðal verkefna má nefna vinnuumhverfi eldra fólks, álag vegna örvera við sorpflokkun, þátt vinnu í sjúkdómum o.fl. Í vinnuáætlun nefndarinnar fyrir tímabilið 1994–96 kemur fram að sérstök áhersla verði lögð á rannsóknir viðvíkjandi vinnuálagi af sálrænum og félagslegum toga auk álags af vinnu þar sem mikið er um örverur. Þá hefur verið unnið að því að byggja upp kerfisbundna mælikvarða á líkamlegu

vinnuálagi og sérstakur starfshópur vinnur að markgildisviðmiðunum til að meta skaðlegt vinnuumhverfi fyrir vinnueftirlitin í löndunum.

Nefndin hefur umsjón með NIVA (Nordiska institutionen för vidareutbildning inom arbetsmiljöområdet) sem er norræn stofnun sem annast framhaldsmenntun í vinnuvernd og hefur starfað síðan 1982. Stofnunin heldur um 12 námskeið á ári á háskólastigi um vinnuverndarmál. Á þessu sviði hafa Íslendingar notið mikils en árlega sækja um 5–10 Íslendingar námskeið og hljóta ferðastyrki frá stofnuninni. NIVA hefur gert nýjan þriggja ára samning við Norrænu ráðherranefndina, eða út árið 1996.

6.4. Starfsmannaskipti á Norðurlöndum

Árið 1979 var komið á sérstöku fyrirkomulagi um starfsmannaskipti ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum. Fyrstu árin tóku Íslendingar ekki þátt í þessari starfsemi. Frá árinu 1984 hafa þó þátttakendur farið héðan að undanteknum árunum 1988–90. Áhugi hefur farið vaxandi og fyrirsjáanlegt er að ekki verður hægt að veita úrlausn öllum þeim sem sækja um af fjárveitingu ársins 1995.

Fyrirkomulag starfsmannaskiptanna er í höfuðdráttum þannig að stofnun eða ráðuneyti væntanlegs styrkþega nær samkomulagi við hliðstæða stofnun eða ráðuneyti annars staðar á Norðurlöndum um að vista viðkomandi starfsmann í tiltekinn tíma í því skyni að hann geti kynnt sér starfshætti o.fl. hjá gististofnuninni svo og að miðla af sinni eigin reynslu í samskiptum við starfsbræður/systur eftir atvikum. Þegar þessi formlegu tengsl eru komin á er send umsókn um dvölina til fjármálaráðuneytisins sem sér um afgreiðslu þessara mála hérlendis. Ef umsókn er samþykkt er greiddur fastur styrkur sem er nú 6.500 d.kr. á mánuði. Meðan á dvöl stendur, sem getur lengst verið 12 mánuðir, heldur styrkþegi óbreyttum kjörum hjá stofnuninni sem sendir hann. Styrkinn hefur hann til að bæta sér þá röskun sem það er að dveljast að heiman. Þá er einnig greiddur ferðakostnaður sem stillt skal í hóf eins og kostur er. Dvöl, sem hér um ræðir, er ekki bundin neinni skyldu um gagnkvæmni.

Dregið hefur úr fjárveitingu til þessarar starfsemi að undanförnu. Jafnvel var svo komið 1993 að leggja átti hana niður. Vegna eindreginna tilmæla samstarfsnefndarinnar sem fer með þessi mál (De statslige kontaktpersoner vedrørende nordisk tjenestemandsudveksling) og rökstuðnings um gagn og gildi þessarar starfsemi var veitt óbreytt fjárhæð fyrir árið 1994. Fjárhæðin hefur þó lækkað nokkuð að raungildi vegna þess að hún hefur verið svo til óbreytt að krónutölu undanfarið. Fjárveiting fyrir árið 1995 er væntanlega óbreytt að raungildi frá yfirstandandi ári. Hlutfallsleg skipting fjárveitingarinnar er nú sem hér segir:

Danmörk	15%
Finnland	27%
Ísland	5%
Noregur	20%
Svíþjóð	33%

Ráðstöfunarfé Íslands á yfirstandandi ári er um 100 þús. d.kr. Undanfarin tvö ár hefur Norræna ráðherranefndin veitt sérstaka aukafjárveitingu að fjárhæð 100 þús. d.kr. hvort ár til þess að Færeyingar og Grænlendingar gætu á sjálfstæðan hátt tekið þátt í þessari starfsemi en væru ekki háðir framlögum af hlut Dana í fjárveitingunni. Þátttaka af hálfu þessara grannþjóða fór hægt af stað en er nú óðum að aukast. Þátttaka Grænlendinga er sérstæð að því leyti að þar í landi gegna margir sveitarstjórnarstarfsmenn stöðum sem ríkisstarfsmenn gegna annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin hefur ákveðið að þetta verði þeim ekki til trafala.

Styrkþegar frá Íslandi hafa frá upphafi verið 11.

7. Efnahagsmál

7.1. Fjármál og efnahagsmál

Á árinu 1994 tók fjármálaráðherra, Friðrik Sophusson, við formennsku í ráðherranefnd efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlanda. Verkefni á sviði fjármálaráðherra Norðurlanda mótast öðru fremur af almennum viðhorfum og áherslum í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi. Af því leiðir að svigrúm til sérislenskra áherslna er takmarkað. Starfsemi og verkefni á sviði efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á yfirstandandi starfsári hafa verið fjölbreytt og yfirgripsmikil. Auk hefðbundinna verkefna hafa bæst við sérstök verkefni, m.a. á sviði umhverfismála, atvinnumála og samkeppnismála, auk þess sem málefni Eystrasaltsríkjanna hafa hlotið mikla umfjöllun. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum og helstu áherslum í starfi efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á starfsárinu 1994–95. Auk þess verður fjallað um störf ýmissa nefnda á sviði þeirra, helstu verkefni og greinargerðir.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlandanna héldu tvo reglubundna fundi á árinu 1994, en auk þeirra voru haldnir nokkrir fundir þar sem rædd voru sérstök málefni. Ráðherrarnir héldu óformlegan fund í apríl og aftur í júní þar sem fjallað var um umhverfisvandamál í Mið- og Austur-Evrópu og hugsanlegar aðgerðir af hálfu Norðurlandanna. Að

auki var haldinn sameiginlegur fundur fjármálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í Madrid í tengslum við ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í október sl. Þá funduðu ráðherrarnir tvisvar með efnahagsnefnd Norðurlandaráðs, í apríl og í nóvember.

Af hálfu Íslands voru megináherslur í starfi ráðherranefndarinnar á yfirstandandi starfsári eftirfarandi:

a. *Atvinnumál.* Eitt mikilvægasta verkefnið á sviði fjármálaráðherra Norðurlandanna að undanförnu hefur snúið að atvinnumálum. Norðurlöndin höfðu frumkvæði að hinni viðamiklu athugun á atvinnuleysisvandanum sem unnin var á vegum OECD og kynnt í sumar. Ráðherrarnir fóru yfir efni skýrslunnar á tveimur fundum sl. sumar og teknar voru saman sameiginlegar athugasemdir. Einnig höfðu Norðurlöndin frumkvæði að samstarfi fjármálaráðherra EFTA- og ESB-ríkjanna á síðasta ári. Þá hafa umræður á vettvangi Norðurlandaráðs um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi aukist. Á vegum fjármálaráðherranna var unnin greinargerð um atvinnumálin sem lögð var fyrir þing Norðurlandaráðs í mars 1994 og kom hún í kjölfar tveggja skýrslna um atvinnuleysi sem ráðherrarnir lögðu fyrir Norðurlandaráðsþing árið 1993.

b. *Samkeppnisstaða Norðurlandanna.* Í ljósi breytinga, sem orðið hafa og fram undan eru í Austur-Evrópu, Asíu og víðar, var ákveðið að rannsaka sérstaklega samkeppnisstöðu Norðurlandanna. Norræna hagrannsóknarráðinu var falið að gera athugun á samkeppnisstöðu atvinnulífs á Norðurlöndunum og í tengslum við það er fyrirhuguð ráðstefna næsta vor. Embættismannanefndinni hefur verið falið að fylgja málinu eftir enn frekar.

c. *Stuðningur við Eystrasaltsríkin og rússnesku nærhéruðin.* Mikil áhersla hefur verið lögð á samskipti og stuðning Norðurlanda við Eystrasaltsríkin, einkum í tengslum við hina sérstöku fjárfestingaráætlun (BIP) sem fjármálaráðherrar Norðurlanda undirbjuggu og hrundið var í framkvæmd í mars 1992. Ráðherrarnir hafa þrisvar sinnum lagt fram skýrslu á þingi Norðurlandaráðs um stöðu þessarar áætlunar. Í framhaldi af þessu starfi hafa verið haldnir tveir sameiginlegir fundir fjármálaráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Einnig hefur verið rætt um stuðning við rússnesku nærhéruðin.

d. *Starfsemi og verksvið Norræna fjárfestingarbankans.* Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans hefur í vaxandi mæli komið til umræðu á vettvangi fjármálaráðherranna. Annars vegar í tengslum við fyrrnefnda fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin og vaxandi þörf fyrir lánsfé, ekki síst áhættufé til Austur-Evrópuríkjanna. Hins vegar í tengslum við aukið samráð og samstarf EFTA- og ESB-ríkjanna, sérstaklega á sviði atvinnumála, þar sem rætt hefur verið um sérstakt

samstarf milli Norræna fjárfestingarbankans og Evrópska fjárfestingarbankans. Loks má nefna að ábyrgð og umsjón með málefnum Norræna fjárfestingarbankans var formlega færð frá samstarfsráðherrum til fjármálaráðherra Norðurlandanna í ársbyrjun 1994.

e. *Umhverfismál.* Í júní síðastliðnum héldu fjármála- og umhverfisráðherrar Norðurlandanna sameiginlegan fund þar sem fjallað var um þau umhverfisvandamál sem lönd í Mið- og Austur-Evrópu búa við og hugsanlegar aðgerðir af hálfu Norðurlandanna til að bæta hér úr. Ráðherrarnir voru sammála um að Norðurlöndin gætu ekki ein og sér staðið undir þeirri fjármögnun. Því var einkum rætt um hvernig Norðurlöndin gætu beitt sér á alþjóðavettvangi í þessu máli. Skipuð var nefnd háttsettra embættismanna til að kanna málið og gera tillögur um næstu skref. Stefnt er að því að nefndin skili áliti í ársbyrjun 1995. Einnig starfar sérstakur vinnuhópur, skipaður fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og umhverfisráðuneytum Norðurlandanna, að ýmsum verkefnum á sviði umhverfismála sem einkum tengjast beitingu hagrænna aðgerða á því sviði.

f. *Umbætur í opinberum rekstri.* Á öllum Norðurlöndunum er unnið að umbótum í opinberum rekstri og þessi málefni hafa oft verið til umræðu á norrænum vettvangi. Af Íslands hálfu var lögð áhersla á að halda þessu vakandi og er nú hafinn undirbúningur að ráðstefnu um hagræðingu og nýsköpun í opinberum rekstri sem haldin verður hér á landi næsta vor.

g. *Framtíð norræns samstarfs.* Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á að fjalla sérstaklega um framtíð norræns samstarfs á vettvangi fjármálaráðherranna í kjölfar inngöngu hluta Norðurlandanna í Evrópusambandið. Ráðherrarnir voru sammála um að norrænt samstarf mundi áfram verða mikilvægt. Hins vegar þarf að laga það að breyttum aðstæðum og var embættismannanefndinni falið að leggja fram ákveðnar hugmyndir fyrir næsta fund ráðherranna í mars 1995.

Auk ofangreindra atriða hafa ráðherrafundirnir verið vettvangur almennrar umræðu um ástand og horfur í efnahagsmálum, bæði á Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi. Í nóvember sl. kom út árleg skýrsla ráðherranna um efnahagsmál á Norðurlöndunum (sjá umfjöllun um starf *efnahagsnefndar fjármálaráðherra*).

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a. *Embættismannanefndin (ÄK-finans).* Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig haft yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina.

Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Verkefni nefndarinnar í ár hafa verið mjög fjölbreytt. Á þingi Norðurlandaráðs í mars 1994 lagði nefndin fram greinargerð um vandamál aukins atvinnuleysis. Í byrjun árs var gefin út skýrsla um umhverfismál sem unnin er af sameiginlegum vinnuhópi á vegum embættismannanefnda um efnahagsmál og umhverfismál. Í árslok 1994 er von á annarri skýrslu þar sem fjallað er um umhverfismál með tilliti til Evrópusamstarfsins (sjá umfjöllun um starf *vinnuhóps á sviði umhverfismála*). Á vegum embættismannanefndarinnar vinnur nú undirbúningshópur að skipulagningu ráðstefnu, sem haldin verður í Reykjavík á næsta ári, um hagræðingu og nýsköpun í ríkisrekstri. Á vegum nefndarinnar er unnið að greinargerð um framtíð norræns samstarfs á efnahagssviðinu með tilliti til aðildar þriggja Norðurlandanna að Evrópusambandinu frá næstu áramótum.

b. *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Þessi nefnd var sett á laggirnar árið 1991, fyrst sem sérstakur vinnuhópur á vegum embættismannanefndarinnar til þess að undirbúa norrænu fjárfestingaráætlunina fyrir Eystrasaltsríkin sem var samþykkt á Norðurlandaráðsþingi 1992. Frá þeim tíma var nefndin formlega skipuð til þess að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni. Nefndina skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Starf nefndarinnar hefur að mestu falist í að greiða fyrir og leitast við að tryggja framgang fjárfestingaráætlunarinnar. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NoPEF). Auk þess hefur nefndin átt viðræður við stjórnvöld og fulltrúa bankakerfisins í Eystrasaltsríkjunum. Nefndin hefur þrisvar lagt sérstaka skýrslu fyrir Norðurlandaráð, nú síðast í nóvember 1994, þar sem gerð er grein fyrir stöðu og framgangi fjárfestingaráætlunarinnar.

c. *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu (Økonomiske udsigter i Norden) til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á haustþingi Norðurlandaráðs.

d. *Ráðgjafanefnd í gjaldeyris- og peningamálum (Nordisk finansielt udvalg).* Eins og nafnið ber með sér er nefndin ráðgefandi aðili fyrir fjármálaráðherrana í gjaldeyris- og peningamálum. Enn fremur annast nefndin undirbúning og samræmingu norrænna sjónarmiða á þessu sviði á alþjóðavettvangi, einkum fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndina skipa embættismenn frá fjármálaráðuneytum og

seðlabönkum landanna. Af Íslands hálfu hefur Seðlabankinn að mestu sinnt þessu starfi til þessa. Fyrirhugað er að fjármálaráðuneytið komi í meira mæli inn í þetta starf á næstunni, meðal annars í ljósi aukins vægis peninga- og lánamála í starfi ráðuneytisins.

e. *Norræna hagrannsóknaráðið (Nordisk økonomisk forskningsråd).* Ráðið er sjálfstæður aðili sem heyrir undir fjármálaráðherrana. Meginverkefni þess er að stuðla að framgangi hagrannsókna, með styrkveitingum, ráðstefnum o.fl. Í samræmi við þetta veitir ráðið árlega styrki til vísindamanna á þessu sviði og gengst fyrir ráðstefnum um ýmis þau málefni á sviði efnahagsmála sem efst eru á baugi hverju sinni. Enn fremur hefur ráðinu gjarnan verið falið að leggja sérstaka áherslu á tiltekin verkefni. Sem dæmi má nefna skattlagningu fyrirtækja og aðlögun Norðurlandanna að Evrópusambandinu auk sérstaks uppbyggingar- og fræðslustarfs í Eystrasaltsríkjunum. Frá ársbyrjun 1994 hefur verið lögð sérstök áhersla á athugun á samkeppnisstöðu atvinnulífs á Norðurlöndunum og var þetta málefni m.a. tekið fyrir á ráðstefnu síðastliðið sumar. Á árinu 1995 verður áfram unnið að þessu verkefni og er fyrirhuguð sérstök ráðstefna um málið næsta vor. Í ráðinu sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytum, seðlabönkum og háskólum landanna.

f. *Starfshópur um umhverfisvandamál í nágrenni Norðurlandanna (Ad-hoc gruppen om miljøindsatser i de nordiske nærområder).* Í júní sl. var skipuð nefnd háttsettra embættismanna til að fjalla um hugsanlegar aðgerðir af hálfu Norðurlandanna til þess að taka á umhverfisvandamálum í Mið- og Austur-Evrópu, einkum í næsta nágrenni Norðurlandanna. Þar sem verkefnið er það umfangsmikið að Norðurlöndin geta með engu móti ráðið við það ein er mikilvægt að þau afli þessum málstað fylgis utan Norðurlandanna og beiti sér meðal annars á vettvangi alþjóðlegra fjármálastofnana í þessu skyni. Fjármála- og umhverfisráðuneyti allra Norðurlandanna eiga fulltrúa í nefndinni. Nefndinni er ætlað að skila tillögum til ráðherra í febrúar 1995.

g. *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Kontaktgruppe for miljøøkonomi).* Á vegum tveggja embættismannanefnda, þ.e. þeirra sem fjalla um efnahagsmál (ÄK-finans) og umhverfismál (ÄK-miljö), starfar sérstakur vinnuhópur sem einkum fjallar um beitingu hagrænna aðgerða á sviði umhverfismála. Fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið eiga fulltrúa í þessum hópi. Á árinu 1994 hefur hópurinn unnið að ýmsum verkefnum. Í byrjun árs kom út á hans vegum skýrsla um stöðu umhverfismála frá efnahagslegu sjónarmiði (Nordic Report on Economic Instruments in Environmental Policy), en gerð hennar var meginverkefni hópsins á árinu 1993. Þess má geta að hópnum er ætlað að gefa út slíkar skýrslur annað hvert ár og var þessi sú þriðja í röðinni. Meginverkefni hópsins á árinu 1994 er athugun á hugsanlegri notkun hagrænna stjórntækja í umhverfismálum með tilliti til Evrópusamstarfsins. Reiknað

er með að því verki ljúki í lok ársins. Í tengslum við þetta verkefni stóð hópurinn fyrir ráðstefnu í Helsingfors í september sl. (Seminar on Economic Instruments in Environmental Policy in a Europe without Border Controls). Mjög fljótlega verður gefin út skýrsla frá þessari ráðstefnu. Þá hefur hópurinn komið að umfjöllun um umhverfisvandamálin í austri (Nordens nærområder). Einnig ritstýrir hópurinn tímariti um umhverfishagfræði (Nordic Journal of Environmental Economics) sem kemur út einu sinni á ári

h. *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Fundi hópsins sitja einnig starfsmenn frá Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfsráðherrar Norðurlanda fólu norrænu samstarfsnefndinni í lok árs 1991 að skipa nefnd til að fylgjast með og meta árangur af tilraunastarfsemi er lýtur að markmiðs- og rammastjórnun norrænna stofnana, skilgreina markmið með vinnuaðferðinni og leggja mat á hvort ástæða sé til að færa ákvörðunarvald í enn meira mæli til stofnana (Referensgruppen för mål- och ramstyrning). Nefndin lauk störfum í mars sl. og skilaði niðurstöðum sínum til samstarfsráðherra. Nefndin var skipuð sömu fulltrúum og eru í sérfræðinganefndinni.

i. *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Norræna launa- og starfsmannanefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefnd Norðurlanda (samstarfsráðherra) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs. Nefndin veitir ráðgjöf í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra sem starfa við norrænar stofnanir og skrifstofur nefndarinnar í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar ýmist frá samstarfsnefndinni, ráðherranefndinni, Norðurlandaráði eða skrifstofum þeirra. Nefndin getur að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndarinnar og stjórnarnefndarinnar. Hún ákveður þóknanir til stjórnarmanna við norrænar stofnanir. Nefndin á að ábyrgjast að um málefni er varða stofnanirnar sé farið eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana frá 9. desember 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Nefndin vinnur nú að sérstakri athugun á skipan lífeyrismála hjá starfsfólki norrænna stofnana og er reiknað með að niðurstöður liggi fyrir um áramótin.

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna, sem hér hafa verið nefnd, er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samstarf og samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum

ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna starfsemi Evrópubankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

Á árinu 1994 varð sú breyting á starfsháttum innan Norrænu ráðherranefndarinnar að ábyrgð og umsjón með málefnum Norræna fjárfestingarbankans var formlega færð frá samstarfsráðherrum Norðurlanda til fjármálaráðherranna. Þessi breyting var talin eðlileg þar sem málefni bankans heyra í flestum landanna undir fjármálaráðuneytin. Jafnframt eru ákvarðanir og afgreiðsla ríkisábyrgða og framlaga til bankans á verksviði fjármálaráðuneytanna. Breytingin var því talin greiða fyrir afgreiðslu ýmissa málefna bankans á norrænum vettvangi.

7.2. Viðskiptasamvinna Norðurlanda

Eins og áður hefur komið fram í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda 1993–94 var ljóst að með tilkomu EES-samningsins mundu forsendur samstarfs á ýmsum sviðum breytast og átti það ekki hvað síst við um viðskiptasamvinnu Norðurlandanna. Í niðurstöðum fundar utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda í lok árs 1992 kemur fram að þessi samvinna og allt samráð innan embættismannanefndar um viðskiptamál (ÄK-Handel) mundi í framtíðinni í auknum mæli færast inn á vettvang EES-samstarfsins. Á fundi utanríkisviðskiptaráðherranna á síðasta ári var ákveðið að í stað embættismannanefndarinnar, sem var lögð niður, kæmi óformlegt samráð yfirmanna viðskiptamála á Norðurlöndum.

Á fundum yfirmanna viðskiptamála á Norðurlöndunum þetta fyrsta ár EES-samningsins hefur þó ekki einungis verið fjallað um framkvæmd EES-samningsins heldur einnig, eins og verið hefur, stefnumótun í alþjóðlegum samtökum á borð við GATT og OECD. Önnur mál hafa hins vegar líka verið í brennidepli, svo sem þróun mála í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og evrópska samrunaferlið og aðildarviðræður þeirra EFTA-ríkja sem sótt höfðu um aðild að Evrópusambandinu. Á þessum fundum embættismanna árið 1994 hefur eitt aðalumræðuefnið skiljanlega verið Evrópusambandið (ESB) og aðildarumsóknir Norðurlanda.

Á þessum samráðsfundum hefur að ósk Íslands einnig verið fjallað um þau áhrif sem innganga þessara Norðurlanda hefði fyrir viðskiptahagsmuni okkar Íslendinga. Lögð hefur verið áhersla á það af hálfu Íslands, að standa vörð um þessa viðskiptahagsmuni og þann árangur sem náðst hefur í þessum málum við Norðurlöndin og á vettvangi EFTA og að tryggja að ekki kæmu til nýjar hindranir.

7.3. Orku- og iðnaðarmál

Höfuðáherslan í starfsemi ráðherranefndarinnar 1994 hefur verið lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki. Samstarfið við grannsvæði Norðurlanda hefur og verið haft í fyrirrúmi og margt þar aðhafst á liðnu ári.

Samstarfið í útflutningsmálum leiddi til fjölda tillagna sem hafa það að markmiði að bæta útflutningsskilyrði til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Lagt er til m.a. að Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn fái aukin framlög til þess að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki í markaðsátaki á alþjóðavettvangi, að Norræni fjárfestingarbankinn bæti Rússlandi og Póllandi í hóp verkefnalanda, að Fjárfestingaráætlun Eystrasaltsríkjanna verði aukin, lögð verði meiri áhersla á að auka fjármögnunarkosti norrænu stofnananna og norræn smá og meðalstór fyrirtæki verði efld til útflutnings. Ráðherrarnir á sviði orku- og iðnaðarmála hafa beðið samstarfsráðherra og fjármálaráðherra að meta þær tillögur sem hafa verið unnar. Tvær skýrslur hafa verið samdar til glöggvunar um þetta samstarfssvið, þ.e. „Norræn tækifæri til fjárfestingarútflutnings og sameiginleg fjárfesting með aðstoð fjölþjóðlegra og svæðisbundinna þróunarbanka“ og „Sameiginleg fjárfesting og aðrir úrkostir til að auka útflutning smárra og meðalstórra norrænna fyrirtækja á verkefnum sem njóta fjármögnunar þróunarbanka“.

Útvegun áhættufjármagns til lítilla og meðalstórra fyrirtækja hefur verið samstarfsverkefni undanfarin ár. Í ráðherranefndinni var samin tillaga um norrænan fjármagnsvettvang sem meðal annars átti að vera samstarfsvettvangur verkefna og fjárfesta á norrænum grundvelli. Þar sem áhugi hagsmunaaðila reyndist ónógur ákvað ráðherranefndin að láta verkefni niður falla. Tvær skýrslur höfðu verið teknar saman í þessu sambandi, þ.e. „Samhæfing fjárfestingarfjármagns og viðskiptaverkefna á Norðurlöndum“ og „Áhættufjármagn til handa smáum og meðalstórum fyrirtækjum í Svíþjóð. Könnun á vandamálum við að hætta við fjárfestingu og tillögur um aðgerðir og hvata“.

Samstarfið um útvegun áhættufjármagns heldur þó áfram, fyrst og fremst með málþingum sem hafa að markmiði að upplýsa um fyrirkomulag fjármögnunar smárra og meðalstórra fyrirtækja og til að aðilum gefist tækifæri til að skiptast á skoðunum byggðum á reynslu af þeim kerfum sem fyrir eru. Norræni fjárfestingarbankinn hefur og verið beðinn um að leggja sitt til málanna með því að setja fram hugmyndir um hvernig hann geti stuðlað að því að leggja fyrirtækjum á Norðurlöndum til áhættufjármagn.

Stofnun nýrra fyrirtækja er mjög mikilvæg fyrir þróun atvinnulífsins, og því hefur verið komið á samstarfi á þessu sviði og starfshópur skipaður. Í fyrstu verður gerð athugun á og skipst á reynslu af þeim stuðningskerfum sem til eru á Norðurlöndum fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Þar sem þjónustugeirinn er talinn hvað mikilvægastur í þróun atvinnulífs og atvinnusköpunar á komandi tímum var starfshópnum falið að gera honum

sértæk skil í athuguninni. Ráðherranefndin hyggst síðar skoða nánar aðrar hliðar þjónustugeirans. Ráðherranefndin hefur komið á laggirnar sérstökum starfshópi til að meta samskipti Norðurlandaþjóða og samstarf í ljósi Evrópusamstarfsins á sviðum orku- og atvinnumála. Þar verður rætt hvernig skipuleggja eigi norrænt samstarf í orku- og atvinnumálum þegar hluti Norðurlanda hefur gengið í Evrópusambandið.

Á vegum ráðherranefndarinnar var haldið málþing í Vilnius í janúar 1994 um iðnaðaráætlanir fyrir Eystrasaltsríkin. Það var í framhaldi svipaðs málþings með þátttakendum frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum sem haldið var í Finnlandi 1991. Ráðherranefndin bauð svo starfsbræðrum sínum frá Eystrasaltsríkjunum til fundar í sumar í Finnlandi þar sem rædd voru forgangsatriði í samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði orku-, iðnaðar- og atvinnumála og jafnframt var þar efnt til málþings um iðnaðaráætlanir. Samstaða varð um að ráðherrarnir hittist eftir þörfum og sendir verði norrænir sérfræðingar í iðnaðarmálum til Eystrasaltsríkjanna. Gerð verði könnun á iðnaðaráætlunum fyrir Eystrasaltsríkin og lögð fram sem grundvöllur viðræðna ráðherranna 1995.

Um þennan fund ráðherranna í júlí 1994 hefur verið gerð skýrsla „Report from Nordic-Baltic Seminar and Industrial Policy". Hana er hægt að nálgast á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Framlög og styrkir til verkefna

	Þús. d.kr.
Samstarfsverkefni Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um prófunartækni í byggingariðnaði (Nordtest)	230
Ráðherrafundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna	125
Nordic Blue, áætlun í ferðamannaþjónustu á Barentssvæðinu	155
Staðlafundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (INSTA)	150
Stuðningsaðgerðir vegna stofnunar nýrra fyrirtækja	100
Útvegun áhættufjármagns, málþing	200
Könnun iðnaðaráætlunar fyrir Lettland og Litháen (ETLA)	300
Rannsókn í útflutningsmálum	50

Nordtest.

Fjárlög Nordtest fyrir árið 1994 námu 10,9 millj. d.kr. Fjórir starfsmenn eru á skrifstofunni. Byrjað var á 65 nýjum verkefnum á árinu og 20 nýjar Nordtest-aðferðir

hlutu viðurkenningu. Heildarfjöldi þeirra prófunaraðferða, sem Nordtest hefur samræmt, fjármagnað og fylgst með tilurð á, er þar með orðinn 1.275.

Nordtest lagði fram nýja starfsáætlun sem samþykkt var á fundi ráðherranefndarinnar 30. júní 1994. Á grundvelli starfsáætlunarinnar var gerður fjárlagasamningur við Norrænu ráðherranefndina fyrir árin 1995–97.

Í nýju starfsáætluninni felst breyting á skipulagi Nordtest þannig að í stað faghópa kemur svokallað fléttuskipulag, sem í eru áætlunar- og sérfræðihópar. Nýja skipuritið gekk í gildi 1. júlí 1994.

Aðalstarfssvið Nordtest hefur verið þróun prófunaraðferða. Nordtest-aðferðir og tæknilegar skýrslur hafa í auknum mæli verið lagðar til grundvallar í evrópskri þróun prófunartækni, og það hefur haft í för með sér að tekið er tillit til norrænna þarfa og sjónarmiða. Starfsemi Nordtest er í háum gæðaflokki, og hefur það vakið alþjóðlega athygli. Má þar sérstaklega nefna aðferðir við að tryggja gæði í starfsemi rannsóknarstofa.

Samstarf við norrænar stofnanir á sviði prófunartækni, m.a. SCAN-test og norrænu aðferðanefndina fyrir matvæli (NMKL), var þróað áfram í því skyni að auka skilvirkni og forðast tvíverknað. Nordtest hefur tekið virkan þátt í samstarfinu innan Eurolab, ILAC og annarra alþjóðlegra stofnana. Samstarfinu við Eystrasaltsríkin var haldið áfram með nýju verkefni um gerð vottunarkerfis fyrir nokkrar prófunaraðferðir í rannsóknarstofum byggingariðnaðarins í Eystrasaltsríkjunum.

Eftir gildistöku EES-samningsins hafa öll Norðurlandaríki sömu möguleika og Evrópusambandsríkin á því að fá fjármagn frá evrópsku staðla-, mælitækni- og prófunaráætluninni. Nordtest boðaði nú í haust til vinnufundar til þess að kanna hvernig auka megi norræna þátttöku í áætluninni og huga að því hvernig hægt er að vinna að því að framlög fáist til verkefna á sviðum sem eru áhugaverð á Norðurlöndum.

7.4. Norrænt hagskýrslusamstarf

Hagstofur Norðurlandanna hafa haft með sér samstarf um langan aldur eða allt frá árinu 1889. Íslendingar urðu aðilar að þessu samstarfi árið 1926. Frá árinu 1969 hafa hagstofurnar rekið Norrænu hagstofuna í Kaupmannahöfn (Nordisk statistisk sekretariat) í sameiningu en hún er kostuð af Norrænu ráðherranefndinni. Hlutverk þessarar skrifstofu hefur verið að líta til með norrænum samstarfsverkefnum hagstofanna, samræma störf vinnunefnda þeirra og ritstýra sameiginlegum útgáfum.

Norræna hagstofu- eða hagskýrslusamstarfið var endurskoðað á árinu 1992. Við þessa endurskoðun var m.a. höfð hliðsjón af sérstakri úttekt sem gerð var af fyrrverandi hagstofustjóra Dana, N.V. Skak-Nielsen, á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Endurmat þetta tók ekki síst mið af stórauknu Evrópusamstarfi á sviði hagskýrslugerðar.

Jafnframt var tekið tillit til þeirra breytinga sem þá voru að verða á norrænni samvinnu yfirleitt. Eftir þetta er samráð norrænu hagstofanna engu minna að umfangi en áður en beinist nú orðið ekki síður að samstarfi þeirra innan EES og gagnvart Evrópubandalaginu en að norrænu samstarfi sem slíku. Það er mat hagstofanna að með auknu Evrópusamstarfi og fækkun sérstakra verkefna af norrænum toga, svo sem frá Norðurlandaráði og ráðherranefndinni, hafi dregið úr þörfinni fyrir sérstakt norrænt hagskýrslusamstarf þótt ekki hafi dregið úr þörfinni fyrir norrænt samráð í víðtækara Evrópu- og fjölþjóðasamstarfi.

Norræna hagskýrslusamstarfinu er stjórnað af hagstofustjórunum. Þeir hafa sérstaka vinnufundi í tengslum við Evrópufundi, einn að sumri í Genf (í tengslum við fund ECE) og annan að vetri í Lúxemborg (í tengslum við hagstofustjórafund EES). Þá hafa þeir þriðja hvert ár sérstaka „stórfundi" til að marka stefnuna um samstarf hagstofanna og ræða sérstök mikilvæg verkefni eða sameiginleg viðfangsefni og vandamál. Hagstofustjórarnir skiptast á um að vera í forsvari fyrir samstarfinu.

Hagskýrslusamstarfið byggist nú orðið á störfum sérstaks samskiptanets sem myndað er af fjölmörgum samráðshópum á hinum ýmsu sviðum hagskýrslugerðar. Þetta fyrirkomulag leysti árið 1992 af hólmi kerfi vinnunefnda hagstofanna sem komu saman eftir þörfum og verkefnum, sumar árlega en aðrar sjaldnar. Vinnunefndirnar tókust á við sérstök samnorræn verkefni sem hagstofunum voru falin. Þá var þeim ætlað að vera vettvangur umræðna um nýjungar í hagskýrslugerð og samráðs um upptöku og beitingu alþjóðlegra staðla. Loks gegndu þær því hlutverki að í þeim komu saman sérfræðingar á sambærilegum sviðum og báru saman bækur sínar um aðferðir, breytingar og reynslu á sviði hagskýrslugerðar. Það er ekki síst síðastnefnda atriðið sem talið var hvað mikilvægast í samstarfinu.

Með niðurlagningu vinnunefndanna og upptöku samráðsnets hagstofanna og öðrum breytingum sem gerðar voru á samstarfi þeirra 1992 var stefnt að þrennu fyrst og fremst:

1. Að auka samráð norrænu hagstofanna í hinu sívaxandi Evrópusamstarfi.
2. Að draga að öðru leyti úr reglubundnu samstarfi bæði vegna minnkandi samnorrænna rannsóknarverkefna í kjölfar breytinga á norrænu samstarfi og til þess að auka svigrúm fyrir vaxandi Evrópusamstarf.
3. Að halda sem mest í möguleikana á að hagstofurnar miðluðu sín í milli reynslu og þekkingu á aðferðum, vinnubrögðum og starfsháttum. Samskiptanetinu var ætlað að tryggja hið síðastnefnda auk þess sem því var ætlað að hafa á hendi faglega ráðgjöf um útgáfur og vera bakhjarl hagstofanna ef upp kæmu sérstök norræn verkefni eða sérstakar þarfir fyrir samráð og samstarf á tilteknum sviðum.

Auk þessa hafa hagstofustjórarnir skipað sérstakar tímabundnar vinnunefndir til að takast á við verkefni sem talið er gagnlegt að fjalla um sameiginlega. Af nýlegum

verkefnum af þessu tagi má t.d. nefna samanburð á rekstri og kostnaði hagstofanna, markaðs- og útbreiðslumál, notkun stjórnvaldsskráa við hagskýrslugerð og vinnubrögð við spurningakannanir. Loks fylgjast hagstofustjórarnir með einstökum hagskýrsluverkefnum sem rekin eru utan hagstofanna en í tengslum við þær, svo sem á sviði heilbrigðismála, félagsmála og almannatrygginga.

Reynslan af breytingunum 1992 þykir misjöfn. Samráð gagnvart Evrópusamstarfinu hefur gefið mjög góða raun. Á hinn bóginn þykir nokkuð skorta á að samskiptanetið sé nægilega virkt, einkum á sviðum sem ekki tengjast Evrópusamstarfi. Á næstunni verður hugað að úrbótum á þessu sviði og verður samstarfið í heild sinni aðalumræðuefni næsta stórfundar hagstofustjóra í Danmörku á árinu 1995.

Af helstu verkefnum sem hagstofurnar unnu að í sameiningu á sl. ári má nefna eftirfarandi:

Útgáfur. Helsta norræna hagskýrsluritið, *Norræn tölfræðiárbók*, var gefið út í ársbyrjun 1994 aukið og endurbætt. Þá kom út ný útgáfa af geisladiski hagstofanna, *Hagtölur yfir landamærin*, en hann hefur að geyma mikið safn ýmiss konar hagtalna frá Norðurlöndum og víðar. Af hálfu Hagstofu Íslands tók Magnús S. Magnússon þátt í ritstjórn þessara útgáfa. Af öðrum sameiginlegum útgáfum má nefna ritraðirnar *Nordisk statistisk skriftserie, Tekniske rapporter* og *Aktuell nordisk statistik*. Á sl. ári komu út nokkur rit í þessum ritröðum.

Rekstur hagstofanna. Á árinu var fram haldið sérstakri samanburðarathugun hagstofanna á rekstri þeirra og kostnaði við hagskýrslugerð. Gunnar H. Hall tók þátt í þessu starfi af hálfu Hagstofu Íslands.

Markaðs- og útbreiðslumál. Þá vann tímabundin nefnd skýrslu fyrir hagstofurnar um markaðssetningu hagskýrslna og gagnasafna. Gunnar H. Hall tók þátt í því starfi af hálfu Hagstofu Íslands.

Jafnstaða kynja. Unnið var að samræmdri gagnaöflun um jafnstöðu kynja og útgáfu bókarinnar *Women and Men in the Nordic Countries – Facts and Figures 1994*. Af hálfu Hagstofu Íslands tók Sigríður Vilhjálmsdóttir þátt í ritstjórn þessarar bókar.

Umhverfismál. Hagstofa Íslands tók á árinu í fyrsta sinn þátt í norrænu hagskýrslusamstarfi hagstofanna um umhverfismál. Tvö verkefni voru fyrirferðarmest á þessu sviði, athugun á uppbyggingu umhverfis- og auðlindareikninga og gerð norrænna umhverfisvísa. Fyrrnefnda verkefnið er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og lýtur að því með hvaða hætti megi mynda umhverfis- og auðlindareikninga innan ramma þjóðhagsreikninga. Samráðshópur hagstofanna stjórnar þessu verkefni og var Edda Hermannsdóttir fulltrúi Hagstofu Íslands í hópnum. Innan þessa verkefnis tóku Íslendingar að sér athugun á auðlindareikningum fyrir fiskstofna og var það verk fyrst í höndum Gunnars Stefánssonar, Hafrannsóknastofnun, en síðar Ásgeirs Daníelssonar,

Þjóðhagsstofnun. Síðarnefnda verkefnið fólst í vali á og söfnun upplýsinga til myndunar umhverfisvísa og sinnti Edda Hermannsdóttir því verki fyrir hönd Hagstofunnar.

Gerð hagskýrslna á grundvelli stjórnvaldsskráa. Á þessu sviði eru hagstofur Norðurlandanna í fararbroddi á alþjóðavettvangi. Þær hafa lagt áherslu á þróun aðferða við hagskýrslugerð á grundvelli stjórnvaldsskráa af ýmsu tagi, svo sem þjóðskrár, skattskráa, fasteignaskráa, útflutnings- og innflutningsskráa og ýmissa skráa almannatrygginga, heilbrigðiskerfis, skólakerfis, dómsmálayfirvalda o.fl. Hagstofurnar hafa lagt áherslu á að miðla hver annarri af reynslu sinni á þessu sviði. Á árinu fjallaði sérstök samráðsnefnd um þetta málefni og skilaði áliti til hagstofustjóranna. Frá Hagstofu Íslands tók Sigrún Helgadóttir þátt í þessu starfi.

Auk þessara verkefna áttu fulltrúar norrænu hagstofanna með sér fjölmarga samráðsfundi í tengslum við Evrópusamstarf í hagskýrslugerð. Af málaflokkum, sem ræddir voru á slíkum fundum, má nefna samræmingu verðvísitalna (Rósmundur Guðnason), útreikning jafnvirðisgilda (PPP) (Sigrún Halldórsdóttir), þróun og samræmingu launaskýrslna (Eiríkur Hilmarsson, Rafn Sigurðsson), gerð og samræmingu vinnumarkaðsskýrslna (Ómar Harðarson) og þróun ferðaútvegsskýrslna (Rut Jónsdóttir).

7.5. Samgöngumál

Eins og fram kemur í skýrslu samstarfsráðherra fyrir árið 1993 fer norrænt samstarf um samgöngumál fyrst og fremst fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NÄT), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndunum, ásamt aðstoðarfólki.

Á árinu 1993 gerði NÄT tillögur til samgönguráðherra Norðurlandanna um verulegar breytingar á norrænu samstarfi á sviði samgöngumála.

Í fyrsta lagi var lagt til að norræn nefnd um samgöngurannsóknir (NKTF) hætti starfsemi frá og með 1. janúar 1994. Það gekk eftir.

Í öðru lagi var gerð sú tillaga til samgönguráðherra Norðurlandanna að norræna samgöngusamningnum frá 1972 yrði sagt upp.

Á fundi í mars 1994 tóku ráðherrarnir til afgreiðslu tillögu NÄT varðandi uppsögn norræna samgöngusamningsins. Niðurstaðan varð sú að samþykkt var að leggja fyrir haustþing Norðurlandaráðs í Tromsø í nóvember 1994 tillögu þess efnis. Tillagan var send umhverfisnefnd Norðurlandaráðs í október sl. og er hún þar til umfjöllunar.

Samgönguráðherrar Norðurlandanna komu saman í Reykjavík í júlímánuði og var þar rætt um samgöngur innan vestnorræna svæðisins, flugsamgöngur eftir að flug innan lands verður gefið frjálst í Evrópu á árinu 1997, umhverfismál og samstarf um vegatolla fyrir flutningabíla.

Íslenski samgönguráðherrann lét í ljós áhyggjur vegna samgangna við Grænland, en sú breyting hefur þó orðið á að í ágúst sl. varð ljóst að Flugleiðir mundu innan tíðar hefja vikulegt Grænlandsflug.

Með samningum Eimskips og Royal Arctic Line munu sjósamgöngur við Grænland batna.

Undanfarna mánuði hefur frelsi í flugmálum á Norðurlöndum verið aukið til undirbúnings því, að reglur samkvæmt EES-samningnum um algjört frelsi í innan–lands- og millilandaflugi gangi í gildi á árinu 1997. Norrænu samgönguráðherrarnir upplýstu að reynslan af auknu frelsi hefur verið góð. Til dæmis kom fram að í Svíþjóð hefur framboð aukist og verð lækkað.

Á þessum fundi samgönguráðherranna var einnig rætt um umhverfismál og samgöngur, en samgöngutæki eiga stóran þátt í loftmengun. Norðurlönd eiga aðild að ýmsum alþjóðasamþykktum sem fjalla um leiðir til að draga úr loftmengun. Því var ákveðið að gera úttekt á hvernig þessi mál standa í hverju landi, miðað við þau markmið sem þau hafa skuldbundið sig til að ná. Úttekt þessari skal vera lokið á fyrri hluta næsta árs.

Eins og fram kemur hér að framan var á fundinum í Reykjavík rætt um vegatolla í Evrópu. Enda þótt þessi mál snerti ekki Ísland beint er fylgst vel með þróun þessara mála. Danir, Þjóðverjar og Beneluxlöndin hafa komið sér saman um vegatolla fyrir vörubíla, svokallað Vignett. Hætta er á að þetta vegatollanet geti haft óhagstæð áhrif á samkeppnisstöðu flutningafyrirtækja í þeim löndum sem utan við netið standa. Á fundinum ákváðu Svíar, Finnar og Norðmenn að taka til athugunar hvort þeir komi sér upp eigin vegatollasvæði eða gerist aðilar að Vignett. Íslendingar munu fylgjast með þessum athugunum.

7.6. Húsnæðis- og byggingarmál

Norrænt samstarf á sviði húsnæðis- og byggingarmála byggir á samstarfsáætlun sem staðfest var af húsnæðisráðherrum 28. júní 1992. Áætlunin, sem tekur til tímabilsins 1992 – 96, skiptist í fjögur verkefnasvið:

1. *Hið byggða umhverfi.* Aðalatriði þessa sviðs eru rannsóknir varðandi endurbætur og endurbyggingu húsa og endurnýjun íbúðahverfa.
2. *Húsnæðispólitík.* Á þessu sviði er samstarf og rannsóknir er lúta að stefnumótun húsnæðismála.
3. *Öryggi, heilsa og gæði.* Undir þessum lið eru þættir eins og gæði húsnæðis, gallar og ábyrgð vegna galla sem upp kunna að koma. Sérstök áætlun á þessu sviði fjallar um húsasótt. Þar er gert ráð fyrir að afla og miðla upplýsingum um efni í húsum sem geta valdið veikindum eða óþægindum.

4. Alþjóðlegt samstarf.

Norræna nefndin um byggingarlög og reglur (NKB) er stofnun sem annast fyrir hönd embættismannanefndarinnar samræmingu á lögum og reglum um byggingar og umhverfi þeirra. Skipulag ríkisins er aðili að þessari nefnd. Gerður var samningur við stofnunina á árinu um að hafa með höndum norrænt samstarf í byggingarmálum er lýtur að öryggi, heilsu, aðgengi, umhverfi og orkusparnaði og gæta hagsmuna Norðurlandaþjóða í alþjóðlegu samhengi en fyrst og fremst hvað varðar Evrópu. Einnig var henni falið að fylgja eftir samstarfsáætlun um rannsóknir varðandi húsasótt. Undirnefnd stofnunarinnar vinnur að samræmingu á reglum um gæðaeftirlit og byggingarstaðla. Norrænu húsnæðisráðuneytin og stjórnsýslustofnanir húsnæðismála vinna saman að rannsóknarverkefnum er lúta að stefnumótandi þáttum húsnæðismálanna. Á árinu var lokið við rannsóknarverkefni m.a. um greiðsluerfiðleika og útlánatöp.

Á vegum þessara aðila voru haldnar fjölmargar ráðstefnur og veittir styrkir til rannsóknarverkefna. Norrænt byggingarsamstarf hefur á síðastliðnum árum einkum fengist við viðfangsefnin á samevrópskum grunni. Það hefur verið Íslendingum mikill styrkur að geta nýtt sér umfangsmikið tengslanet á Norðurlöndunum og tekið þátt í afmörkuðum verkefnum sem notið hafa norrænna styrkja. Þá hefur það verið notadrjúgt að hafa norræna samstarfið sem tengilið við það sem er að gerast í Evrópusamstarfinu. Þetta á einkum við um staðlastarfið, en þar munu Evrópustaðlar með tíð og tíma leysa af hólmi þjóðarstaðla og norræna staðla. Endurbætur og viðhald húsnæðis eru aðgerðir sem hafa verið mjög á döfinni undanfarin ár, m.a. vegna aukins atvinnuleysis byggingarmanna. Samstarf á þessu sviði var eflt á sl. ári og áhersla lögð á samstarfsverkefni um aðferðir, fyrirkomulag, fjármögnun og árangur slíkra aðgerða. Varðandi stefnumótandi þætti húsnæðismála var lögð áhersla á úttekt á húsnæðiskerfum Norðurlandanna sem nú er unnið að vegna þeirra breytinga sem fylgja í kjölfar aukins Evrópusamstarfs. Þetta verk er einnig unnið með hliðsjón af aðstoð við baltnesku löndin vegna uppbyggingar á skipulagi og fjármögnun íbúðamála í löndunum.

Á árinu ríkti nokkur óvissa um framhald samstarfs um húsnæðis- og byggingarmál í kjölfar áherslubreytinga í norrænu samstarfi og óvissu um áhrif aukinnar áherslu á Evrópusamstarf. Á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi í mars 1994 voru samþykkt tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um m.a. að viðhalda og þróa norrænt samstarf á sviði húsnæðis- og byggingarmála, að stofna til samskipta milli Norðurlandanna og ESB um stefnumótandi þætti húsnæðismála og efla samstarfið við baltnesku löndin.

Embættismannanefndin vann greinargerð um áhrif aukins Evrópusamstarfs á norrænt samstarf á sviði húsnæðis- og byggingarmála sem lögð var fyrir fund húsnæðisráðherra Norðurlandanna sem haldinn var í Tromsø 16. nóvember 1994. Á ráðherrafundinum var einróma samþykkt að stuðla að áframhaldandi öflugu samstarfi. Á fundinum var einnig

samþykkt samstarfsáætlun um aðgerðir á sviði húsnæðis- og byggingarmála í nágrannabyggðum Norðurlandanna. Sérstök áhersla var lögð á eflingu samstarfs við baltnesku löndin og svæði í Norðvestur-Rússlandi.

7.7. Byggðamál (NÄRP)

Norrænt samstarf um byggðamál er umfangsmikið og undanfarið ár hefur verið lögð sérstaklega mikil áhersla á það vegna undirbúningsstarfa þeirra landa sem hafa sótt um aðild að ESB. Samstarfið er í þremur meginþáttum. Eru tveir þeirra á hendi embættismannanefndarinnar um byggðamál, NÄRP, þ.e. málefni samstarfssvæða annars vegar og almennt samráð og upplýsingamiðlun um stjórnun byggðamála hins vegar. Rannsóknarstarf í málaflokknum er síðan á vegum sérstakrar rannsóknastofnunar, NordREFO. Málaflokkurinn hefur samtals til ráðstöfunar um 32,7 millj. d.kr. Til norrænu samstarfssvæðanna verður varið 21,8 millj. d.kr.

Samstarfið í byggðamálum byggir á samstarfsáætlun til fjögurra ára. Unnið hefur verið við að gera tillögu um samstarfið fyrir árin 1995–98. Stendur til að slík áætlun verði lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Reykjavík á næsta ári.

Í stefnumótun samstarfsráðherrans var lögð áhersla á að unnið yrði að því að stofna nýtt samstarfssvæði sem kæmi í staðinn fyrir Vestnorden- eða Útnorðurlandasamstarfið. Skipaður var starfshópur til að undirbúa málið. Meiri áhugi er á því að taka þátt í stækkun Vestnorden svæðisins í Noregi en reiknað hafði verið með. Áhugi í Norður-Noregi var þegar kominn í ljós, enda hefur „Landsdelsutvalget for Nord-Norge“ haft áheyrnaraðila í Vestnorden-nefndinni í ár. Nú er verið að stofna sambærileg héraðssamtök fyrir vestur- og suðurlandið í Noregi, og þar er einnig áhugi á þátttöku. Starfshópurinn hefur þegar skilað af sér tillögu um nýtt samstarfssvæði sem ber heitið Nordisk Atlantsamarbejde. Á fundi NÄRP 30. nóvember var samþykkt að senda tillögu starfshópsins um fyrirkomulag og markmið samstarfsins til umsagnar í hinum fyrirhuguðu þátttökulöndum. Ef svo fer sem horfir verður hægt að hleypa hinu nýja samstarfssvæði af stokkunum fljótlega eftir næsta fund ráðherranefndarinnar í byggðamálum.

Undirbúningur að inngöngu Svíþjóðar, Finnlands og Noregs í Evrópusambandið hefur tekið mikið rými í samstarfinu að undanförnu. Nú hefur komið í ljós að það voru Finnland og Svíþjóð sem gengu inn í sambandið um áramótin 1994/1995), en Noregur mun standa fyrir utan.

Miklu skiptir hvernig hinar nýju aðildarþjóðir nýta þróunarsjóði sambandsins og hefur öll samræming á samskiptum við sambandið farið fram á vegum Norðurlandasamstarfsins um byggðamál. Nú hefur verið ákveðið að það fjármagn sem úr sjóðunum kemur og undirbúningsvinna og áætlanagerð vegna nýtingar þess verði á vegum þeirra

stjórnardeilda sem hafa annast byggðamál á Norðurlöndunum og verði hluti af byggðastefnu þeirra, eins og gildir um önnur ESB-lönd.

NÄRP hefur skipað starfshóp til að móta stefnu um framtíðarhlutverk Norðurlandasamstarfsins gagnvart ESB-starfinu. Ef það verður ofan á að halda áfram Norðurlandasamstarfinu sem hluta af samskiptum Norðurlandanna við ESB mun það gera Íslendingum og Norðmönnum kleyft að fylgjast mun betur með því sem þar mun gerast en ella.

Að frumkvæði núverandi formanns hefur verið í gangi umræða um það á fundum embættismannanefndarinnar að undanförnu með hvaða hætti verkskipulag nefndarinnar og samskipti hennar við stjórnkerfi hinna einstöku Norðurlanda annars vegar en forsvarsmenn samstarfssvæðanna hins vegar geta orðið virkari og einfaldari. Embættismannanefndin hefur hingað til starfað í tveimur þrepum. Annars vegar er hin eiginlega embættismannanefnd, en þar hefur hvert land nema Ísland haft fleiri en einn fulltrúa, m.a. vegna þess að hinn fjárhagslegi hluti byggðaaðgerða og áætlanagerð fyrir héruðin eru ekki innan sama ráðuneytis. Hins vegar hefur starfað vinnuhópur, kallaður NÄRP/AU (arbetsutskott), þar sem einungis einn hefur mætt fyrir hvert landanna. Vinnuhópurinn hefur haft takmarkaðar heimildir til ákvarðanatöku um fjárveitingar. Nú hefur verið ákveðið að breyta verklagsreglum þannig að vinnuhópurinn hafi fullan rétt til ákvarðanatöku en að fullmönnuð embættismannanefnd komi einungis saman 1–2 sinnum árlega. Þá verða einnig haldnir árlegir fundir með forsvarsmönnum samstarfssvæðanna.

Í hinni fyrirhuguðu samstarfsáætlun eru áform um að bæta samstarf við aðrar embættismannanefndir á vegum ráðherranefndarinnar. Unnið hefur verið að undirbúningi samstarfs við tvær nefndanna sem vinna á þeim sviðum sem næst standa byggðamálunum. Nú hafa embættismannanefndirnar um byggðamál, landbúnaðar- og skógræktarmál komið sér saman um sameiginlegt verkefni. Mun hvor nefndanna um sig verja 1 millj. d.kr. til samstarfsverkefna á næsta ári. Að tillögu formanns NÄRP var ákveðið að verkefni samstarfsins væru aðgerðir til að bæta stöðu samdráttarhéraða í landbúnaði, en þar er við stórt vandamál að etja þar sem starfsins vegna er mikil þörf á að skiptast á þekkingu og jafnvel beita sér fyrir tilraunaaðgerðum. Unnið er að undirbúningi samstarfsverkefna með embættismannanefndinni í vinnumarkaðsmálum.

Á þessu ári hefur verið unnið að undirbúningu samstarfs við Norðurskota á sviði byggðamála. Aðstæður á skoska hálendinu og á eyjunum eru um margt líkar og á Norðurlöndum. Skotar hafa sýnt verulegan áhuga á að ná tengslum við norrænt samstarf. Ákveðið hefur verið að taka upp nokkur tilraunaverkefni í samstarfi við Skota.

Eins og áður sagt starfar sérstök norræn rannsóknarstofnun í byggðamálum. Þessi stofnun hefur flutt milli Norðurlandanna fjórða hvert ár. Þegar síðast var flutt var ákveðið að staðsetja stofnunina í Stokkhólmi og í sama húsi og önnur norræn stofnun, Nordplan, en hún annast framhaldsmenntun á sviði skipulagsmála og áætlanagerðar. Nú er unnið að

því að reyna að efla þessar stofnanir báðar, m.a. með tilliti til þess sem samstarfsráðherrann hefur lagt áherslu á um norrænar stofnanir í stað innlendra. Langtímamarkmiðið er að þar verði norræn þekkingarmiðstöð á sviði byggðaþróunar, jafnvel með því að sameina þessar tvær stofnanir. Með því að treysta starfsemi þessa eru verulegar líkur á því að þarna gæti orðið þekkingarmiðstöð í málaflokknum á Evrópumælikvarða.

Íslensk þátttaka í rannsóknarstarfseminni hefur stöðugt verið að aukast og hefur aldrei verið meiri en nú.

7.7.1. Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda.

Vestur-Norðurlönd eru eitt þeirra tíu samstarfssvæða sem heyra undir embættismannanefndina um byggðamál (NÄRP). Sérstaða samstarfs á þessu svæði felst m.a. í því að Ísland, Grænland og Færeyjar eiga ekki eiginleg landamæri saman, fjarlægðir eru miklar og staðhættir mjög misjafnir innan svæðisins. Starfsemi samstarfsnefndar Vestur-Norðurlanda er m.a. af þessum sökum ólík þeirri sem fram fer á hinum samstarfssvæðunum, en hún hefur í miklum mæli snúist um atvinnuþróunarstarf og samvinnu í atvinnumálum fremur en til að mynda samstarf í menningar- eða félagsmálum. Starfsemin á öðrum svæðum hefur beinst að því að ryðja burt þeim hindrunum sem landamæri eru, en af augljósum ástæðum hefur það ekki verið markmið innan útnorðursvæðisins nema í takmörkuðum skilningi.

Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda var sett á stofn árið 1980. Nefndin er skipuð sex nefndarmönnum, tveimur frá hverju landi. Fyrir nefndina starfa sérstakur ráðgjafi í Færeyjum og ritari í hálfri stöðu á skrifstofu nefndarinnar í Færeyjum, auk starfsmanns á Grænlandi sem er þar í hálfu starfi fyrir samstarfsnefndina og hálfu fyrir Lánasjóð Vestur-Norðurlanda. Nefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári.

Fyrstu árin, sem nefndin starfaði, hafði hún takmarkað fé til umráða, en nokkuð rættist úr með samþykkt framkvæmdaáætlunar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um eflingu norræns samstarf. Árið 1994 hafði nefndin 3,5 millj. d.kr. til ráðstöfunar. Langstærstur hluti þess fjár, sem nefndin hefur til umráða, er veittur til einstakra verkefna á grundvelli umsókna. Umtalsverð fjölgun umsókna síðustu ár hefur gert nefndinni kleift að gera auknar kröfur til verkefna.

Á síðustu árum hefur verið unnið að ýmsum breytingum á starfsháttum nefndarinnar. Í nýlegum samþykktum fyrir nefndina er m.a. kveðið á um fjárhag og gerð ársskýrslu, markmið og verkefni, afgreiðslu umsókna, skilyrði fyrir styrkveitingum, eftirlit með verkefnum og skyldur styrkþega. Gerð er krafa um að verkefni, sem nefndin styrkir, feli í sér beint samstarf tveggja eða fleiri aðila í a.m.k. tveimur landanna eða að verkefni hafi ótvírætt gildi fyrir a.m.k. tvö þeirra. Þær umsóknir, sem fela í sér þróun og nýsköpun í atvinnumálum og hvetja til þess að samstarf sé tekið upp á nýjum sviðum, njóta nokkurs

forgangs umfram aðrar umsóknir. Í því sambandi má benda á að nefndin áformar að beita sér fyrir því að koma á og styrkja samstarf rannsóknastofnana á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu í löndunum þremur. Þá er lögð þung áhersla á að niðurstöðum verkefna og þeim lærdómi, sem af þeim má draga, sé miðlað á milli landanna. Ekki er leyfilegt að veita styrki til einstakra verkefna lengur en til þriggja ára og skal nefndin að jafnaði ekki veita hærri styrki en sem nema helmingi útgjalda. Hér á landi hefur sú nýbreytni verið tekin upp að Byggðastofnun veitir umsögn um einstakar umsóknir íslenskra aðila áður en lagt er til við hina færeysku og grænlensku fulltrúa að nefndin styrki verkefnin. Meðal stærstu verkefna, sem nefndin ákvað að styrkja á árinu 1994, má nefna rannsóknir Hafrannsóknastofnunar og systurstofnunar í Færeyjum á sameiginlegum fiskstofnum, ýmis verkefni á vegum Vestnorræna ferðamálaráðsins sem ferðamálaráð landanna þriggja standa saman að og sameiginleg rannsóknarverkefni á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og fleira.

Í tillögu að nýrri norrænni samstarfsáætlun á sviði byggðamála til næstu fjögurra ára er lagt til að komið verði á nýju samstarfssvæði sem taki til Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs og komi í stað núverandi samstarfs. Þessi tillaga var til umræðu á fundi norrænu ráðherranna í byggðamálum hér á landi 7. maí sl. Var þá ákveðið að fela sérstökum undirbúningshópi á vegum NÄRP (norrænnar embættismannanefndar um byggðamál) frekari undirbúning málsins. Komið hefur í ljós að í Noregi er mikill áhugi á að taka þátt í þessu samstarfi. Sá áhugi hafði þegar verið staðfestur af hálfu íbúa Norður-Noregs en nú hafa nýstofnuð samtök fylkjanna í Suður- og Vestur-Noregi sýnt fullan hug á að taka þátt í slíku samstarfi.

Áðurnefndur starfshópur hefur skilað tillögum um skipulag hins nýja samstarfs og er vonast til að endanleg tillaga verði afgreidd á fundi ráðherra byggðamála sem haldinn verður í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík í vor. Ljóst er að um verulegar breytingar er að ræða frá fyrra samstarfi og er þess að vænta að með þátttöku Norðmanna verði samstarfið öflugra og áhugaverðugra fyrir alla þá sem að því standa.

7.7.2. Ferðamálaráð Vestur-Norðurlanda.

Kostir þess að Íslendingar, Grænlendingar og Færeyingar hafi með sér náið samstarf í atvinnumálum eru e.t.v. hvergi eins augljósir og á sviði ferðamála því að segja má að ávinningur eins lands sé jafnframt ávinningur hinna.

Meginmarkmið Ferðamálaráðs Vestur-Norðurlanda (Vestnorden Tourist Board – VTB) er að vinna að fjölgun ferðamanna til aðildarlandanna og jafnframt að efla samskipti og ferðalög á milli landanna innbyrðis.

Meðal verkefna sem VTB hefur beitt sér fyrir er *Ferðakaupstefna Vesturnorðurlanda* þar sem starfandi aðilar í ferðaþjónustu frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum kynna

erlendum ferðaskrifstofum og ferðaheildsölum þá þjónustu og möguleika sem ferðamönnum standa til boða í löndunum þremur. Er það samdóma álit þeirra sem til þekkja að hér sé um afar mikilsvert framtak að ræða og að árangurinn undirstriki þann ávinning sem hlotist getur af nánu samstarfi landanna á þessu sviði. Ferðakaupstefnan nýtist ekki hvað síst smærri þjónustuaðilum sem hafa takmarkað bolmagn til að ráðast í kostnaðarsama kynningar- og markaðsstarfsemi. Ferðakaupstefna Vestur-Norðurlanda er haldin annað hvert ár á Íslandi og hin árin til skiptis í Færeyjum og á Grænlandi.

- Árið 1993 var kaupstefnan haldin í Syðri Straumfirði í Grænlandi. Aðsókn var góð og þótti hún heppnast mjög vel.
- Níunda ferðakaupstefna Vestnorden var haldin í Hafnarfirði í september síðastliðnum, og mættu þar allt að 600 manns. Hafa þátttakendur aldrei verið fleiri.
- Næsta kaupstefna verður haldin í Færeyjum dagana 14. til 16. september 1995.

Ferðamálaráð Vestur-Norðurlanda hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í ferðakaupstefnu á Flórída, „Seatrade Cruise Shipping Convention", sem sérhæfir sig í ferðamennsku með skemmtiferðaskipum. Er hér um að ræða markaðsátak sem þykir henta þessu samstarfi vel þar sem fyrst og fremst er vakin athygli á möguleikum á viðkomu skemmtiferðaskipa í Vestur-Norðurlöndunum. Stefnt er að þátttöku í a.m.k. þrjú ár. Kynningarbæklingur hefur verið gefinn út með upplýsingum um helstu viðkomustaði fyrir skemmtiferðaskip í löndunum þremur og þá þjónustu sem veitt er á hverjum stað. VTB hefur unnið að þessu markaðsátaki í náinni samvinnu við hafnarstjórnir í Reykjavík, á Akureyri, í Færeyjum og á Grænlandi.

VTB hefur tekið þátt í markaðskönnun meðal farþega nokkurra skemmtiferðaskipa sem komu til Reykjavíkur síðastliðin tvö sumur. Könnunin er unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir VTB, Reykjavíkurhöfn og Reykjavíkurborg. Niðurstöðu er að vænta úr könnun fyrir sumarið 1994 í desember nk.

Meðal annarra verkefna, sem ráðið hefur staðið fyrir, má nefna útgáfu bæklings um löndin þrjú á fimm tungumálum sem dreift hefur verið víða um heim.

Þá er nýlokið gerð myndbands um löndin þrjú, sérkenni þeirra og það sem aðgreinir þau. Myndbandið er framleitt með ensku og þýsku tali og dreift til söluaðila og ferðaheildsala á ferðasýningum og sameiginlegum landkynningarfundum.

Önnur verkefni á vegum VTB eru að skipuleggja blaðamannaheimsóknir milli landanna og að stuðla að fyrirlestrarferðum til fróðleiks og kynningar í löndunum þremur, einnig að skipuleggja fræðslufundi og ráðstefnur fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu.

Meðal nýrra verkefna VTB má nefna nýyfirstaðna farandkynningu (road show) í Þýskalandi. Heimsóttar voru nokkrar borgir í Norður-Þýskalandi og völdu starfsfólki ferðaskrifstofa boðið á kynningar- og skemmtikvöld. Boðið var upp á málsverð með

réttum og drykkjum frá vestnorrænu löndunum. Einnig voru skemmtiatriði, myndsýning og fyrirlestrar um löndin.

Þá er í undirbúningi að efna til ráðstefnu um umhverfismál með það fyrir augum að VTB verði gestgjafi árvissra umhverfisráðstefna í framtíðinni til skiptis í löndunum þremur.

Áhugi er fyrir því að hvetja til kynningar og heimsókna meðal ungs fólks milli landanna þriggja. Áhersla er lögð á fræðslu um umhverfismál með því að taka virkan þátt í viðhaldi og enduruppbyggingu á sögulegum minjum. Unnið var að verkefni af þessu tagi í Skagafirði síðastliðið sumar og tókst það vel. Næsta verkefni með ungu fólki verður í Færeyjum næsta sumar.

Ferðamálaráð Vestur-Norðurlanda er skipað þrem fulltrúum frá hverju aðildarlandi. Fulltrúar Íslands eru Birgir Þorgilsson, formaður Ferðamálaráðs Íslands, sem er formaður ráðsins, Pétur J. Eiríksson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Flugleiða og Magnús Oddsson ferðamálastjóri. Verkefnastjóri Ferðamálaráðs Vestur-Norðurlanda er Inga Sólnes og veitir hún skrifstofu VTB í Reykjavík forstöðu.

7.8. Landbúnaður og skógrækt

Á yfirstandandi ári lýkur starfi samkvæmt starfsáætlun sem samþykkt var árið 1985 á 33. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. NÄJS, norræna landbúnaðar- og skógarnytjanefndin, hefur unnið að framgangi áætlunarinnar auk þess sem tekist hefur verið á við mörg tilfallandi verkefni á tímabilinu og þá einkum mál sem skarast við þennan málaflokk. Sérstök áhersla hefur verið lögð á ný verkefni sem tengjast norrænu samstarfi á sviði umhverfismála, en þar ber hæst verkefni sem tengjast rannsókna- og þróunarstarfi, byggðamálum og alþjóðlegum skuldbindingum. Samspil landbúnaðar og umhverfis, svo sem mengunarmál frá landbúnaðinum, jarðvegseyðing og staða landbúnaðarins gagnvart varðveislu erfðabreytileikans, er ofarlega á baugi.

Samhliða starfi samkvæmt áætluninni hefur verið unnið að úttektum á samstarfsverkefnum og samnorrænum stofnunum sem eru á ábyrgð NÄJS. Í framhaldi af því hefur samstarfið tekið nokkrum breytingum, en sumar þessar breytingar tengjast breyttum áherslum í norrænu samstarfi og einnig nýjum hugmyndum um hvernig að þeim skuli staðið.

Í ljósi þessarar þróunar er nú hafinn undirbúningur að nýrri samstarfsáætlun og verða frumdrög hennar væntanlega kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 1995.

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í flestum verksviðum starfsáætlunarinnar um landbúnaðarmál og eru þessi helst:

- Samstarf á sviði stefnumörkunar í landbúnaði (NKJS).
- Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).

- Norræni genbankinn fyrir búfé (NGH).
- Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
- Norræna bútækniráðið (NTS).
- Samstarf um plöntusjúkdóma og samræmdar reglur um innflutning.
- Samstarfsnefnd um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
- Samstarf landbúnaðarháskólanna.

Á árinu 1994 var hrundið í framkvæmd skipulagsbreytingum á starfsemi NKJ, en Ísland hefur á hendi formennsku í nefndinni á þessu ári og því næsta. NKJ annast m.a. samræmingu og framkvæmd rannsóknaáætlana á sviði umhverfismála í nánu samstarfi við ÄK-Miljö, auk þess að sinna sérstaklega vissum samskiptum við Eystrasaltslöndin. Varðveisla erfðabreytileikans hefur verið mjög áberandi í starfi NÄJS á árinu og hafa genbankarnir tveir, fyrir búfé og nytjaplöntur, gegnt viðamiklu hlutverki. Íslendingar gegna forstöðu fyrir báðar þessar stofnanir nú, dr. Sigfús Bjarnason fyrir NGB og dr. Stefán Aðalsteinsson fyrir NGH. Þess er að vænta að þessir málaflokkar verði enn meira í sviðsljósinu í tengslum við aukið vægi umhverfismála í alþjóðasamskiptum.

Fyrir skógræktarmenn er aðalvettvangurinn á vegum ráðherranefndarinnar samstarfsnefnd um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS). Stjórn SNS hefur lagt mikla vinnu í endurskoðun markmiðssetninga samstarfsins og hefur gefið út „Strategiplan for SNS 1994–1997". Haft er að leiðarljósi í framhaldi af Ríó-ráðstefnunni að skógrækt í Skandinavíu skuli byggja á sjálfbærri þróun og fjölnytjaskógrækt. SNS hefur nýverið fengið það hlutverk að vera ráðgjafarnefnd norrænu landbúnaðarráðherranna um „forskningspolitiska frågor rörande skogbruksforskning".

Einn undirhópur SNS, þ.e. „Nordisk Skogbruks Frø og Planteråd", hefur unnið að samræmingu á reglum um flutning á fræi og plöntum á milli landa vegna samninganna við Evrópubandalagið.

Íslenskir skógræktarmenn, sérstaklega starfsmenn Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá, taka virkan þátt í mörgum undirhópum SNS en eru einnig formlegir aðilar að nokkrum samstarfsverkefnum sem styrkt eru með norrænu fjárframlagi.

Bændaskólinn á Hvanneyri er aðili að samstarfi norrænna Búnaðarháskóla. Samstarf þetta er með ýmsum hætti. Háskólarnir hafa með sér samstarf um gagnkvæma viðurkenningu á námskeiðum og prófgráðum skólanna. Þeir hafa með sér samstarf um þróun og skipulag námskeiða á sviði framhaldsmenntunar eftir kandídatspróf. Samstarf þetta er styrkt með norrænu fé. Bændaskólinn á Hvanneyri hefur tekið þátt í þessu samstarfi norrænna búnaðarháskóla.

Á sviði almennrar búnaðar- og garðyrkjumenntunar hafa skólarnir allvíðtækt samstarf við sambærilega skóla á Norðurlöndum. Samstarf þetta felur m.a. í sér nemendaskipti og aðgengi nemenda að ýmsum skólum á Norðurlöndum. Samstarf þetta er þróaðra

varðandi garðyrkjufræðsluna en búnaðarfræðsluna. Þá hafa norrænir búnaðar- og garðyrkjukennarar með sér samtök sem sinna faglegum málefnum sem tengjast búnaðar- og garðyrkjumenntun.

Búnaðarskólarnir og Garðyrkjuskólinn eru aðilar að hinu norræna styrkjakerfi NORDPLUS.

Samstarf er við dýralækna á Norðurlöndum og í öðrum heimshlutum um útbreiðslu dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Yfirdýralæknir hefur tekið þátt í starfi nefnda á vegum norræna ráðsins um samræmingu á reglum um flutning dýra á Norðurlöndum og um endurskoðun á reglum um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum. Einnig er samstarf við dýralæknaskóla um dýralæknamenntun, en eins og kunnugt er er ekki hægt að stunda nám í dýralækningum hér á landi. Meginsamskiptin hafa verið við dýralæknaháskólana í Ósló og Kaupmannahöfn, en ráðamenn þeirra hafa verið svo vinsamlegir að taka við nemendum héðan á sömu forsendum og heimamenn.

Þróunarsjóður Vestur-Norðurlanda veitti á árinu fé til að koma á samstarfi á sviði landbúnaðarrannsókna milli Íslands, Færeyja og Grænlands í búfjárrækt, jarðrækt og um umhverfismál.

7.9. Norrænt samstarf í líftækni

7.9.1. Samstarfsnefnd um líftækni (NKB).

Norræna líftækniáætlunin, sem hófst 1988, lauk formlega í árslok 1992. Einstakar undiráætlanir stóðu þó mislengi og þeim síðustu lauk í byrjun árs 1994.

Stjórn norrænu líftækniáætlunarinnar (NPB) var því lögð niður en í staðinn var sett á laggirnar norræn samstarfsnefnd um líftækni (Nordisk Koordineringskommitté för Bioteknologi – NKB) og hófst starfsemi hennar 1. janúar 1993. Fulltrúi Íslands í NKB er dr. Jakob K. Kristjánsson hjá Iðntæknistofnun. NKB hefur haft u.þ.b. 3 millj. d.kr. til ráðstöfunar á ári. Nefndin hélt tvo fundi á árinu 1994 og tóku fulltrúar frá Norræna iðnaðarsjóðnum (NI) og norrænu landbúnaðar- og skógarnytjanefndinni (NÄJS) þátt í fundum NKB til þess að tryggja upplýsingaflæði að og frá nefndinni. NKB er uppálagt að fjármagna starfsemi norrænnar nefndar sem fjallar um siðfræðileg atriði líftækni. NKB setti síðan af stað tvö samstarfsverkefni sem tengdust vandamálum við losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Þessi verkefni (netverk) fjalla annars vegar um losun, lífslíkur og losun erfðaefnis frá erfðabreyttum örverum í umhverfinu og hins vegar um notkun *Basillus turingensis* sem „náttúrulegs" skordýraeiturs. Þessu til viðbótar ákvað NKB að styrkja áfram framhald á verkefninu HUGO sem fjallar um erfðamengi mannsins („The Nordic Genome Initiative") og verkefni um mótefnafræði fiska (fiskeimmunologi). Íslendingar taka þátt í öllum verkefnunum.

NKB setti síðan á árinu tvö ný verkefni á laggirnar, til tveggja ára hvort. Þau fjalla um kortlagningu á erfðamengi hunda og um erfðafræðilega þróun hjá bakteríum, með megináherslu á myndun, þróun og dreifingu ónæmis gegn sýklalyfjum í bakteríum. Íslendingar taka þátt í síðara verkefninu. Einnig liggur fyrir NKB tillaga um verkefni á sviði sjávarörverufræði og sjávarlíftækni sem Íslendingar eru virkir í og er vonast til að það verði samþykkt á næsta fundi nefndarinnar. Þar með yrði öllum fjármunum nefndarinnar ráðstafað. Gert er ráð fyrir að NKB ljúki störfum í árslok 1995.

7.9.2. Siðfræðilegar hliðar líftækni.

Nefnd sem fjalla á um siðfræðilegar hliðar líftækni var endurskipuð til þriggja ára frá 1. janúar 1993. Siðfræðinefnd hafði áður starfað sem ein af nefndum líftækniáætlunar ráðherranefndarinnar frá 1988 til ársloka 1992. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru nú dr. Erlendur Jónsson heimspekingur og dr. Jórunn Erla Eyfjörð erfðafræðingur sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt fjóra fundi á árinu 1994, í Kaupmannahöfn, Ósló, Helsingfors og Lundi. Nefndin hefur frá upphafi staðið fyrir málþingum um ýmis mál tengd siðfræði og líftækni. Málstofa um greiningu erfðagalla í heilbrigðum einstaklingum, „Etik og gentester", var haldin á vegum nefndarinnar í Ósló 27.–28. apríl. Til þessa fundar var boðið þátttakendum frá öllum Norðurlöndunum, vísindamönnum, stjórnmálamönnum, starfsmönnum stjórnsýslu og fólki sem starfar við fjölmiðla. Fulltrúi Íslands auk nefndarmanna var prófessor Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir á kvennadeild Landspítala.

Ótrúlegar framfarir hafa orðið á sviði erfðagreiningar síðustu ár. Kortlagningu genamengis mannsins miðar hraðar en menn hafði órað fyrir þótt enn sé langt frá því að verkinu sé lokið. Aukin þekking gerir mögulegt að greina ýmsa erfðagalla áður en nokkur sjúkdómseinkenni koma í ljós. Í sumum tilfellum er um það að ræða að finna einstaklinga sem eru í aukinni hættu að fá ákveðinn sjúkdóm. Þetta á til dæmis við um ýmsa hjarta- og æðasjúkdóma. Sjúkdómurinn er ekki arfgengur sem slíkur, en einstaklingar með ákveðið erfðamynstur eru líklegri til að fá sjúkdóminn en aðrir.

Ef hægt er að finna þá einstaklinga sem eru í mestri hættu nægilega snemma má ef til vill koma í veg fyrir sjúkdóm með bættum lífsháttum og eftirliti. Greining erfðagalla í einstaklingum sem enn eru heilbrigðir getur einnig haft neikvæðari hliðar. Þetta á sérstaklega við þar sem í reynd er ekki hægt að koma í veg fyrir sjúkdóm. Vitneskja um genagalla getur þá haft alvarleg áhrif bæði á andlega líðan og félagslegar aðstæður viðkomandi einstaklinga. Fjöldi siðfræðilegra spurninga vakna í þessu sambandi, t.d. um rétt einstaklingsins, um friðhelgi slíkra upplýsinga og almennt um hversu langt eigi að ganga í slíkri greiningu svo eitthvað sé nefnt.

Áhugi á þessum málum hefur aukist mjög víða um heim á allra síðustu árum. Umræða hefur verið virk á öllum Norðurlöndunum, þó einna síst á Íslandi. Stjórnmálamenn, embættismenn, læknar og vísindamenn, hér á landi sem annars staðar, munu í nánustu framtíð þurfa að taka afstöðu til ýmissa mála sem tengjast þessu. Til að geta tekið afstöðu er nauðsynlegt að vita um hvað málið snýst.

Á málþinginu í Ósló voru flutt sex erindi um þessi mál. Jórunn Erla Eyfjörð erfðafræðingur fjallaði fyrst um erfðagreiningu almennt, aðferðir og stöðu þekkingar á þessu sviði. Prófessor Arvid Heiberg fjallaði um greiningu á erfðagöllum með tilliti til hjarta- og æðasjúkdóma, geðrænna sjúkdóma og krabbameins, þingmaðurinn Mary Frank ræddi málið frá sjónarhorni stjórnmálamanns og spurði m.a. hvort líta mætti á þessar aðferðir sem nýja möguleika eða ógnun fyrir hinn almenna borgara. Linda Nilsen lögfræðingur fjallaði um lögfræðilegar og félagslegar hliðar málsins, Marja Sorsa prófessor í erfðafræði talaði um erfðagreiningu og vinnuvernd og Knut Erik Tranøy prófessor í heimspeki fjallaði svo loks um siðfræðilegar hliðar erfðagreiningar og forspár í heibrigðiskerfinu almennt. Auk fyrirlestra voru umræður sem ráðstefnugestir tóku virkan þátt í. Bæklingur með greinum, sem byggðar eru á erindunum, var svo gefinn út í nóvember undir heitinu: Siðfræði og genapróf (Etik og gentester – *prediktiva gentester på friska personer).*

Fyrr á árinu stóð nefndin fyrir útgáfu bæklingsins *Umræða um lífsiðfræði á Norðurlöndum* (Bioetisk debatt i Norden), en nefndarmenn höfðu fengið það verkefni að semja yfirlit yfir umræður um siðfræðilegan vanda tengdan líftækni á árinu 1993 í sínu heimalandi. Erlendur Jónsson ritaði um þessa umræðu á Íslandi, *Bioetikens år i Island: En lovande början;* Poul Brink fjallaði um þessi mál í Danmörku, *Året hvor bioteknologien blev folkeligt debat-emne;* Helena von Troil frá Finnlandi, *Är vi förvaltare eller skapare?*; Nina Kraft frá Noregi, *Reproduktionsteknologi og etikk i fokus*; og loks Annika Nilson frá Svíþjóð, *Naturens moral – på bio och i politiken.*

Nefndin ákvað á árinu að semja skýrslu um þær nefndir sem fjölluðu um siðfræðilegar hliðar líf- og læknisfræði í öllum löndunum. Skipulag þessara mála er mjög mismunandi í löndunum. Stefnt er að því að ljúka þessu verki fyrir áramót 1995.

Nefndin vinnur nú að skipulagningu næsta málþings sem haldið verður í Kaupmannahöfn í apríl 1995. Fjallað verður um genalækningar og siðfræðileg vandamál sem tengjast þeim. Á þetta þing verður boðið 2–3 þátttakendum frá Íslandi, þar á meðal einum fyrirlesara sem starfað hefur við genalækningar.

7.10. Norrænt samstarf um upplýsingavinnslu (AG-data)

Norræn samstarfsnefnd um stefnumótun á sviði upplýsingavinnslu var skipuð samkvæmt bréfi Norrænu ráðherranefndarinnar, dagsettu 30. september 1991, í framhaldi

af tillögum fyrri samráðsnefndar er nefnd var KO-data. Tillögurnar er að finna í skýrslunni „Framtidiga datapolitiska satsningsområder innen Nordisk ministerråd", sem dagsett er í maí 1991. Í skýrslum samstarfsráðherra fyrir árin 1991 og 1992 er greint ítarlega frá aðdraganda og upphafi starfseminnar. Af hálfu Íslendinga sat Jóhann Gunnarsson, deildarstjóri tölvumála í fjármálaráðuneyti, Hagsýslu ríkisins, í nefndinni.

Svo sem getið var í skýrslu um störf AG-data árið 1993 ákvað nefndin með samþykki Norrænu ráðherranefndarinnar að stytta starfstímabil sitt um eitt ár í ljósi breyttra áherslna í norrænu samstarfi. Þar af leiðandi þáði nefndin ekki áður fyrirhugaða fjárveitingu fyrir árið 1994 að upphæð 1,5 millj. d.kr.

Tveir fundir voru haldnir á árinu, í húsakynnum Norrænu ráðherranefndarinnar 10. febrúar og lokafundur í húsakynnum Hagsýslu ríkisins í Reykjavík 19. og 20. júní 1994.

Verkefni 1994.

Verkefnum, sem hafin voru á vegum nefndarinnar og enn er ekki lokið, var fylgt eftir, fjallað um nýjar umsóknir og undirbúin starfslok nefndarinnar með uppgjöri og útgáfu skýrslu. Aðeins eitt nýtt verkefni var samþykkt og hafið á þessu ári. Að undangenginni athugun óháðs sérfræðings var talið rétt að veita 725 þús. d.kr. til verkefnisins „NORD/IT, A Nordic cooperation program within IT sector" sem er ætlað að halda áfram í litlum mæli norrænni samvinnu um alþjóðlega stöðlun eftir að bein norræn fjárveiting til INSTA-IT hefur verið felld niður.

Fjármál.

Samkvæmt upphaflegri áætlun hafði nefndin 4,5 millj. d.kr. til ráðstöfunar. Þar af var sem áður er getið ákveðið að nota ekki 1,5 millj. d.kr. af áætlun ársins 1994. Taflan hér að neðan sýnir ráðstöfun fjármuna á málefnaflokka eins og þeir voru skilgreindir í starfsáætlun. Enda þótt vægi flokka sé ekki nákvæmlega hið sama og áætlað var verður að telja að nefndin hafi fylgt vel þeirri áætlun sem fyrir hana var lögð. Þess var jafnan gætt að leita staðfestingar á að styrkt verkefni væru vel undirbúin og til lykta leidd samkvæmt áætlun. Þess munu heldur ekki mörg dæmi að nefndir í norrænu samstarfi taki sjálfar ákvörðun um að leggja niður störf þótt áherslur breytist í ráðherranefndinni.

Upphæðir í d.kr.	1992	1993	1994	1992-1994
ESB-tengiliður	207.000	187.000	0	394.000
Stöðlunarmál	75.000	380.500	765.000	1.220.500
Öryggismál tengd upplýsingatækni	0	507.500	0	507.500
Hagsýsla/tölvusamskipti	425.000	340.000	100.000	865.000
Samþykktar fjárveitingar samtals	707.000	1.415.000	865.000	2.987.000

Þátttaka Íslendinga.

Fulltrúi Íslands í nefndinni gerði sér far um að kynna hér á landi það sem unnið var á vegum nefndarinnar. Stofnunum var tilkynnt um náms- og ráðstefnur, aflað var tengiliða vegna kannana og upplýsingaöflunar og útgefnum skýrslum dreift hérlendis í nokkru upplagi. Svo hagaði til að flestar námsstefnurnar voru haldnar í Finnlandi. Óneitanlega varð þess vart að ferðakostnaður dró úr sókn héðan.

Íslenski fulltrúinn telur sig hafa haft verulegt gagn af þátttöku sinni vegna tengsla við starfssystkini, enda voru upplýsingaskipti um helstu viðfangsefni og lausnir drjúgur þáttur í starfinu, þar með talin skipti á ritum og skýrslum. Það er skoðun hans að æskilegt væri fyrir Íslendinga að halda áfram norrænni samvinnu hagsýslufólks með einhverju móti.

Starfslok AG-data.

Lokafundur AG-data var sem áður getur haldinn í Reykjavík í júní sl. Yfirlit um starf nefndarinnar verður gefið út þegar lokið er eða fyrir endann sést á þeim verkefnum sem hún stóð fyrir eða styrkti. Í skýrslum samstarfsráðherra til Alþingis hefur undanfarin ár verið greint jafnt og þétt frá verkefnum og árangri. Væntanlega verður því ekki ástæða til að fjalla frekar um hana á þessum vettvangi en þegar hefur verið gert.

8. Sjávarútvegsmál

Almenn atriði.

Samstarfsáætlun sjávarútvegsráðherranna fyrir árin 1993–96, sem fjallað var um á 40. þingi Norðurlandaráðs 1992 og sem staðfest var af ráðherranefndinni í mars 1992, gengur út á að styrkja samstarfið varðandi mörkun stefnu í sjávarútvegsmálum, m.a. í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á norrænum og evrópskum sjávarútvegi á síðustu árum.

Sjávarútvegur er grundvöllur hagkerfisins á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum og því skiptir samstarfið á því sviði meginmáli fyrir vestnorrænu löndin. Í áætluninni var tekið sérstakt tillit til þessa við mótun væntanlegra aðgerða á sviði sjávarútvegs.

Samstarfsáætlunin í sjávarútvegsmálum fyrir 1993–96 hefur sem höfuðmarkmið

- að styrkja norrænu nettengslin og stuðla þannig að betri nýtingu á sameiginlegri stjórnunar- og rannsóknargetu ríkjanna,
- að styrkja stöðu og áhrif Norðurlanda í evrópsku samstarfi á sviði sjávarútvegs í framtíðinni, bæði með tilliti til Austur- og Vestur-Evrópu,
- að auka samstarfið um stjórnun sameiginlegra fiskstofna.

Norrænt samstarf á sviði sjávarútvegsmála mun á starfsárinu 1995 miðast við að hrinda markmiðum áætlunarinnar í framkvæmd og styrkja pólitíska þátt samstarfsins í samræmi við heildarendurmatið á norrænni samvinnu.

Sjávarútvegsráðherrarnir hafa samþykkt starfsáætlun fyrir 1994–95 þar sem sérstök áhersla er lögð á að styrkja samstarfið um stefnumótun, svo og þörfina á nákvæmri endurskoðun á bæði formi og innihaldi sem og pólitískum forsendum fyrir frekara samstarfi í sjávarútvegsmálum eftir að tengsl Norðurlanda við Evrópusambandið hafa verið endanlega ákveðin.

Samstarfinu 1995 verður beint að eftirfarandi áherslusviðum:

- samruna í Evrópu, viðskiptum með fiskafurðir, heilbrigðis-, dýrlækna- og landamæraeftirlit,
- alþjóðlegu samstarfi í sjávarútvegs- og umhverfismálum, samvinnu um stjórnun og rannsóknir á sameiginlegum auðlindum, sjávarspendýrum, auknu samstarfi hagsmunaaðila, áhrifum á evrópskar rannsóknaráætlanir í sjávarútvegi, svo og stuðningi við rannsóknarverkefni á sviðum auðlindastjórnunar og fiskveiðastýringar, kjörhæfni veiðarfæra og tæknilegra verndunaraðgerða, hafbeitar, sjóeldis, framleiðslumála, gæðamála og markaðsmála.

Lagt er til að á fjárlögum ársins 1995 verði veitt sama upphæð og fyrir 1994, 7.663 þús. d.kr., sem tekur mið af því að auk venjulegs framlags fékk sjávarútvegssviðið á árinu 1994 viðbót sem nam 1 millj. d.kr. sem var tekjuafgangur frá almennum fjárlögum árið 1992.

Framkvæmdaáætlun.

Þegar Íslendingar tóku við formennsku í norrænu samstarfi um sjávarútvegsmál í mars sl. lagði sjávarútvegsráðherra fram drög að framkvæmdaáætlun fyrir formennskuárið. Við gerð framkvæmdaáætlunarinnar var tekið mið af sérstakri samstarfsáætlun fyrir samstarfið á sjávarútvegssviðinu á árunum 1993–96 sem sjávarútvegsráðherrarnir samþykktu í mars 1992. Framkvæmdaáætlunin var samþykkt af ráðherrunum.

Lagt var til að áfram skuli haldið ýmsum verkefnum sem vinna var byrjuð við áðu en nýtt formennskuár hófst eða samþykkt hafði verið að veita fé til. Auk þess að halda áfram þegar höfnum verkefnum voru nokkur svið nefnd sem aukna áherslu skyldi leggja á:

- Evrópumál.
- Viðskipti með fiskafurðir.
- Gæða-, heilbrigðis- og landamæraeftirlit.
- Samstarf á sjávarútvegs- og umhverfissviðinu.
- Samstarf um rannsóknir og stjórnun sameiginlegra auðlinda.
- Sjávarspendýr.
- Samvinna við nágrannasvæði Norðurlanda.
- Samstarf um rannsóknir og þróun.

Samstarf á sjávarútvegssviðinu í framtíðinni.

Auk þess var ákveðið að endurskoða norrænt samstarf á sjávarútvegssviðinu, bæði hvað varðar grundvallarhugsunina sem samstarfið byggir á, sem og skipulag samstarfsins og hlutverk þeirra aðila sem að starfinu koma. Þessa endurskoðun má rekja til þeirrar staðreyndar að Svíþjóð og Finnland munu gerast meðlimir í Evrópusambandinu 1. janúar 1995. Ýmsar breytingar munu óhjákvæmilega verða við þessa stækkun Evrópusambandsins sem munu setja samstarfi landanna nýja ramma. Komið var á fót starfshópi sem ætlað er að skila tillögum um framtíðarskipulag samstarfsins til embættismannanefndarinnar í janúar nk. Sjávarútvegsráðherrarnir munu síðan taka tillögurnar til umfjöllunar á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Enn fremur var samþykkt að vinna að því að koma á nánara samstarfi fiskimálafulltrúa Norðurlandanna í Brussel.

Starfið árið 1994.

Norrænu sjávarútvegsráðherrarnir héldu fund í mars þar sem framkvæmdaáætlunin var samþykkt og auk þess var staðan í viðræðum Finnlands, Svíþjóðar og Noregs við ESB rædd. Á fundinum var einnig greint frá deilum Noregs og Íslands um veiðar í Barentshafi.

Sameiginlegur fundur sjávarútvegs- og umhverfisráðherra Norðurlandanna var haldinn og var samþykkt að vinna að því að móta sameiginlega stefnu sjávarútvegs- og umhverfissviðsins þar sem þau svið skarast.

Auk þess hefur embættismannanefndin haldið fundi sem og starfshópar sem unnið hafa að ýmsum verkefnum.

Starfshópur um framtíðarskipulagningu samstarfsins, sem fyrr er nefndur, hefur haldið einn undirbúningsfund og mun halda því starfi áfram og skila tillögum í janúar. Enn fremur hefur verið unnið að stefnumótun í sjávarútvegs- og umhverfismálum í

samráði við fulltrúa sem skipaðir hafa verið af umhverfisgeiranum og er stefnt að því að skila tillögum til embættismannanefndanna í janúar 1995.

Umtalsverður árangur hefur náðst í samstarfi á sjávarútvegssviðinu milli landa sem liggja að Eystrasalti. M.a. var haldinn sameiginlegur fundur sjávarútvegsráðherra þeirra landa sem hlut eiga að máli. Sjávarútvegsráðherrar Norðurlandanna hafa veitt fé til að byggja upp og styrkja þetta samstarf.

Í nóvemberlok 1994 hafði tæpum 7 millj. d.kr. verið varið til ýmissa verkefna á vegum sjávarútvegsráðherranna. Meðal þeirra má nefna stuðning til verkefnis um sameiginlegt markaðsátak rækjuframleiðanda á Norðurlöndum, þar sem lögð verður áhersla á að kynna kaldsjávarrækju. Einnig má nefna að samstarf opinberra aðila á sviði gæðamála (gæðastjórnun og gæðaeftirlit) hefur hafist og eru vonir bundnar við að það leiði til aukins samstarfs þessara aðila á Norðurlöndunum. Sjávarútvegsráðherrarnir hafa einnig stutt samstarf félagasamtaka sjómanna á Norðurlöndum á umhverfissviðinu. Höfuðmarkmiðið er að gera þeim kleift að ræða um og samræma skoðanir sínar og viðbrögð gagnvart þeirri þróun sem á sér stað á þeim vettvangi og snýr að sjómönnum og starfi þeirra.

Starfið á árinu hefur markast nokkuð af þeirri óvissu sem ríkt hefur varðandi hver af löndunum þremur sem sóttu um inngöngu í Evrópusambandið myndu gerast meðlimir. Þrátt fyrir þessa óvissu hefur starfið að mestu haldið áfram í þeim farvegi sem það hefur verið undanfarin ár, þó farið sé að huga að breytingum á starfinu í framtíðinni.

9. Lagaleg atriði

9.1. Samstarf um löggjafarmál

Vorið 1993 samþykktu dómsmálaráðherrarnir starfsáætlun um norrænt samstarf á sviði löggjafarmála. Starfsáætlunin nær til fimm ára og fjallar að mestu leyti um þær breytingar á hefðbundnu löggjafarsamstarfi sem leiðir af breytingunum á evrópsku samstarfi. Á þeim sviðum, sem EES-samningurinn tekur til, mun hann að miklu leyti verða grundvöllur árangursríks samstarfs við að taka upp reglugerðir Evrópusambandsins heima fyrir. Ráðherranefndin mun einnig leggja aukna áherslu á samstarfið á þeim sviðum sem EES-samningurinn snertir lítið eða ekkert. Í heild er þess vænst að samstarf Norðurlanda á sviði löggjafar styrkist á næstunni þótt aukin Evrópusamvinna muni hafa áhrif á það.

Í mars 1993 samþykktu dómsmálaráðherrar Norðurlanda áætlun um samræmingu aðstoðar við að byggja upp réttarfarskerfi í Eystrasaltsríkjunum. Í áætluninni er annars

vegar gerð grein fyrir þeirri aðstoð sem þegar er veitt og þeim aðgerðum sem Norðurlönd áforma og hins vegar hvernig samræma megi þessar aðgerðir og gera þær skilvirkari. Dómsmálaráðherrar Norðurlanda hafa ákveðið að haldið verði málþing um Eystrasalt og viðskiptaréttarleg málefni í apríl 1995 og málþing um undirbúning lagasetningar fyrir Eystrasaltsríkin í mars 1995 og að þessi málþing verði kostuð af því fé sem löggjafarsamstarfið hefur til ráðstöfunar.

Á sviði löggjafarmála starfar ein stofnun, norræn nefnd um rannsóknir á Evrópurétti (NORFEIR).

9.2. Norrænt samstarf um jafnréttismál

Jafnréttisráðherrar Norðurlanda héldu tvo fundi á árinu 1994 en embættismannanefndin sex fundi. Helstu atburðir ársins voru norrænt kvennaþing í Åbo í Finnlandi í ágúst og ráðstefna ráðherranna samhliða þinginu, undirbúningur að stofnun norrænnar rannsóknarstofu í kvenna- og jafnréttisfræðum og lokafrágangur nýrrar samstarfsáætlunar á sviði jafnréttismála.

Norræna jafnlaunaverkefninu var ætlað að ljúka um áramót 1993/94 en ákveðið var að framlengja það til 1. september 1994. Í byrjun ársins 1993 fól félagsmálaráðherra Jafnréttisráði að fara með stjórn verkefnisins hér á landi og hefur ráðið stýrt verkefninu frá þeim tíma. ÄK-JÄM stóð fyrir kynningu á verkefninu á norræna kvennaþinginu í Åbo. Á árinu kom út þriðja þemabók verkefnisins „Från kvinnolön till likalön – från kunskap till handling". Í bókinni er fjallað um launamisrétti í alþjóðlegu samhengi og vinnumarkað framtíðarinnar. Jafnframt er að finna tillögur um aðgerðir til að draga úr launamisrétti. Bókin er þegar komin út á finnsku, auk Norðurlandamálanna og er væntanleg á íslensku. Engar ákvarðanir liggja fyrir um framhald aðgerða á sviði launamála á norrænum vettvangi en samkvæmt þeim drögum að samstarfsáætlun sem jafnréttisráðherrar Norðurlanda hafa samþykkt, er gert ráð fyrir áframhaldandi samstarfi um launamál þótt form þess samstarfs yrði á annan hátt en verið hefur.

Norrænar kvennarannsóknir hafa notið stuðnings undanfarin ár með því að greidd hafa verið laun eins starfsmanns sem hefur það hlutverk að efla og samræma samstarf fræðikvenna á þessu sviði. Rannsóknarstofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands hefur verið tengiliður hér á landi.

Verkefninu „Konur og karlar á Norðurlöndum" lauk á árinu með kynningu og ráðstefnu á norræna kvennaþinginu í Åbo í Finnlandi. Á vegum verkefnisins kom út bókin „Women and Men in the Nordic Countries, Facts and Figures 1994". Hagstofa Íslands hefur tekið þátt í verkefninu hér á landi.

Haustið 1994 var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn um karla og fjölskyldur og er það fyrsta norræna ráðstefna fræðimanna um karla. Tveir fulltrúar sóttu ráðstefnuna frá

Íslandi. Ráðstefnan var hluti verkefnisins „Möguleikar karla til að nýta sér fæðingarorlof o.fl." en Jafnréttisráð hefur átt fulltrúa í tengiliðahópi verkefnisins sem er þar með lokið. Skýrsla er væntanleg.

Norrænt kvennaþing – Nordisk forum 1994.

Norrænt kvennaþing var haldið með miklum glæsibrag fyrstu vikuna í ágúst í Åbo í Finnlandi. Um 1.600 íslenskar konur sóttu þingið og var framlag íslenskra kvenna verulegt. Framkvæmd verkefnisins var á ábyrgð sérstakrar norrænnar stjórnarnefndar þar sem hvert land átti einn fulltrúa. Til ráðgjafar var svo jafnframt starfandi stærri nefnd þar sem fulltrúar kvennahreyfinga og ungliðahreyfingar áttu fulltrúa, samtals fjórir frá hverju landi. Íslensku fulltrúarnir fjórir, auk eins fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, mynduðu síðan innlenda verkefnisstjórn undir forsæti fulltrúans í norrænu verkefnisstjórninni. Verkefnið var til húsa á skrifstofu jafnréttismála og lagði Jafnréttisráð verkefninu til starfsmann, ritara og skrifstofuaðstöðu og tæki. Verkefninu er lokið hér á landi og innlend skýrsla væntanleg. Skýrsla frá norrænni stjórn verkefnisins mun koma út í byrjun árs 1995.

Þrátt fyrir nokkra erfiðleika varðandi gistingu og ferðir innan bæjar í Åbo er almennt talið að þingið hafi tekist með ágætum og verið mikilvæg lyftistöng fyrir umræðu um stöðu kvenna og hvatning til áframhaldandi aðgerða.

Samhliða kvennaþinginu stóðu jafnréttisráðherrar Norðurlanda fyrir opinberri ráðstefnu í tvo daga. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Delad makt och härlighet – Ett jämställt Norden år 2000". Til ráðstefnunnar var boðið um 300 manns en hún var einnig opin almenningi. Megintilgangur ráðstefnunnar var að kynna og ræða drög að samstarfsáætlun Norðurlanda á sviði jafnréttismála fyrir tímabilið 1995 til 2000.

Norræn rannsóknastofa í kvenna- og jafnréttisfræðum.

Undirbúningur að stofnun norrænnar rannsóknarstofu í kvenna- og jafnréttisfræðum (nordisk institution för kvinno- och könsforskning) hófst á árinu. Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál, ÄK-JÄM, fól finnskri fræðikonu í samráði við tengiliðahóp norrænna kvennarannsókna að semja drög að tillögu um stofnun slíkrar stofu. Tillaga hópsins liggur fyrir og verður kynnt samstarfsráðherrum og jafnréttisráðherrum Norðurlanda í lok ársins 1994 og byrjun árs 1995. Tillaga um stofnun norrænnar rannsóknarstofu verður lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í mars 1995.

Ýmislegt.

Auk framangreindra verkefna þykir rétt að nefna að embættismannanefndin skipulagði ráðstefnu í Vilnius með styrk frá norræna Baltikum/Eystrasaltssjóðnum, „B/Ö

puljen", í samvinnu við norrænu upplýsingaskrifstofuna í Vilniu, Litháen. Ráðstefnan, sem bar yfirskriftina „Women and Employment", var sú síðasta af þremur ráðstefnum sem nefndin hefur skipulagt í Eystrasaltsríkjunum. Tilgangur þessara ráðstefna hefur ekki síst verið að skapa tengsl milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Á árinu var einnig haldin ráðstefna í Tallinn í Eistlandi sem bar yfirskriftina „Women´s Right to Choose".

9.3. Norðurlöndin gegn útlendingahatri

Í byrjun nóvember 1993 skipuðu samstarfsráðherrar vinnuhóp sem fékk það hlutverk að vinna ákveðna grunnvinnu í sambandi við sameiginlega norræna herferð gegn kynþáttafordómum og útlendingaótta. Þetta var gert til að fylgja eftir samþykkt sem gerð var á 43. þingi Norðurlandaráðs í Mariehamn 8.–10. nóvember 1993.

Skýrsla vinnuhópsins var síðan rædd á fundi samstarfsráðherra í Nuuk í júní 1994. Niðurstaða þeirrar umræðu var skipan í norræna samstarfsnefnd eða stýrihóp fyrir verkefnið „Norden mod Fremmedhad" (Norðurlöndin gegn útlendingahatri). Þetta verkefni tengist síðan öðru stærra, „European Youth Campaign against Racism, Xenophobia, Antisemitism and Intolerance", sem skipulagt er af Æskulýðsskrifstofu Evrópuráðsins.

Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að árið 1995, sem er 50 ára afmælisár þeirra, skuli kallast „Ár umburðarlyndis" og er þessari herferð hrundið í framkvæmd í tilefni þess. Í tengslum við framkvæmdanefnd Evrópuráðsins hafa verið settar niður landsnefndir í hverju landi fyrir sig.

Formaður nefndarinnar er danskur, en annars eru tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna um sig, auk fulltrúa frá Norrænu ráðherranefndinni og fulltrúa úr framkvæmdanefnd verkefnisins hjá Evrópuráðinu. Fulltrúar Íslands eru Kristín Njálsdóttir, forstöðumaður Upplýsinga- og menningarmiðstöðvar nýbúa, sem einnig situr í íslensku landsnefndinni, og Guðjón Magnússon, formaður Rauða kross Íslands.

Markhópur verkefnisins eru börn, unglingar og ungt fólk upp að 20 ára aldri.

Verkefni nefndarinnar hefur verið að sjá til þess að hin ýmsu verkefni sem gætu komið til greina í svona herferð, séu skilgreind á sem bestan hátt, þannig að sem auðveldast yrði að hrinda þeim í framkvæmd.

Nefndin hefur starfað í nánu samstarfi við framkvæmdarnefnd Evrópuráðsins og einnig við landsnefndir Norðurlandanna.

Þrír fundir hafa verið haldnir, einn dagsfundur og tveir tveggja daga fundir. Einnig hefur verið haldinn einn fundur sem tveir fulltrúar úr hverri landsnefnd Norðurlandanna sóttu ásamt formanni norrænu nefndarinnar til að samræma vinnu sína sérstaklega. Fundirnir hafa verið haldnir í Kaupmannahöfn, Ósló og Helsingfors.

Fjármagn nefndarinnar var ákveðið 6,5 millj. d.kr., þar af hafa 500 þús. d.kr. farið í undirbúning en 6 millj. d.kr. fara í framkvæmd sem á sér stað fram til loka ársins 1995.

Nefndin hefur lagt til að eftirfarandi verkefnum verði hrundið í framkvæmd á árinu:

1. *Norræn lestarferð gegn kynþáttahatri:* Lestin tengist síðan Evrópulestinni sem er sams konar. Lestarferðin tekur tvær vikur og endar í Strassbourg í júlí 1995 þar sem skipulögð er „Youth Week of Tolerance".
2. *Sameiginlegar sjónvarpsútsendingar.*
   a) Til upplýsingar um herferðina almennt.
   b) Videostafett. Ungt fólk kemur skoðunum sínum á framfæri með gerð myndbanda. Bestu myndirnar eru síðan sendar út í sjónvarpi.
3. *Ritgerðarsamkeppni meðal ungs fólks.*
4. *Norræn bók fyrir skóla, með upplýsingum um málefni minnihlutahópa.*
5. *Útgáfa fræðsluefnis og skipulagning námskeiða fyrir leiðbeinendur.* Efni, sem ætlað er þeim sem vinna með börnum og unglingum, um hvernig bregðast megi við auknu kynþáttahatri og misrétti í garð innflytjenda og flóttafólks.

Nefndin lýkur störfum í lok janúar 1995. Verkefnið í heild verður kynnt á þingi Norðurlandaráðs sem haldið verður í Reykjavík vorið 1995.

10. Önnur samstarfssvið

10.1. Jarðskjálftarannsóknir (SIL-verkefnið)

Norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir tengist fyrst og fremst SIL-jarðskjálftamælanetinu sem þróað var og byggt upp í norrænni samvinnu. Þetta sjálf-virka mælinet, sem upphaflega taldi átta stöðvar á Suðurlandi, nær nú til 18 stöðva víðs vegar um land og er smám saman að yfirtaka hlutverk gamla mælakerfisins.

Á þessu ári var bætt við stöð að Ásbjarnarstöðum í Borgarfirði í samvinnu við IRIS, bandaríska stofnun sem rekur alþjóðlegt net breiðbandsmælistöðva. Sjálfvirka netið getur nú greint flesta skjálfta á landinu af stærð yfir 2,5–3,0 á Richter.

SIL-netið er nú orðið allþekkt bæði í Evrópu og Ameríku og þykir með þeim fremstu í heimi. Þróun kerfisins er í fararbroddi jarðskjálftarannsókna í heiminum og má í því sambandi nefna þá vinnu sem unnin hefur verið sl. ár í samvinnu við Uppsalaháskóla í Svíþjóð þar sem unnið er að því að gera eftirlit með hreyfingum á sprungum sjálfvirkt. Er það gert með því að bera saman skjálfta af sama svæði og finna hvort þeir tilheyra sömu sprungunni. Einnig hefur verið unnið að því að geta sjálfvirkt fylgst með breytingum á spennuástandi í jarðskorpunni.

Í maímánuði varði Íslendingur doktorsritgerð við Uppsalaháskóla og fjallaði ritgerðin um aðferðir og þróun aðferða við úrvinnslu á gögnum úr SIL-kerfinu.

Í byrjun ársins var haldinn vinnufundur í Hveragerði sem bar yfriskriftina „Earthquake prediction research in the South Iceland test area: State-of-the-art" og styrktur var meðal annars af NorFA. Fundinn sóttu vísindamenn frá Norðurlöndunum og Bandaríkjunum og þótti hann mjög vel heppnaður. Ýmsir þeirra sem fundinn sátu halda áfram að vinna úr og túlka gögn úr SIL-kerfinu og hafa skrifað vísindagreinar í samvinnu við íslenska vísindamenn.

Stjórn SIL-verkefnisins hélt fund í Stokkhólmi seinni partinn í ágúst í tengslum við ráðstefnu norrænna jarðskjálftafræðinga sem tveir Íslendingar sóttu að þessu sinni. Að fenginni góðri reynslu af SIL-verkefninu kom fram sú skoðun á fundinum að æskilegt væri að skipuleggja nýtt norrænt verkefni í framhaldi af því. Stefnt yrði að uppbyggingu og staðfærslu jarðskjálftamælanets umhverfis Norður-Íshafið, byggðu á hugmyndum og reynslu úr SIL-kerfinu.

Auk þess sem breskir og bandarískir aðilar hafa fengið styrki til rannsókna á Íslandi í samvinnu við SIL er hópur evrópskra vísindamanna að undirbúa umsókn til CEC um styrk til jarðskjálftaspárannsókna út frá gögnum og upplýsingum frá SIL-kerfinu og áframhaldandi þróun á SIL-kerfinu með vöktun eldfjalla í huga. Í þessu sambandi var haldinn vinnufundur í Reykjavík í október sem kallaðist „Monitoring and Research for Mitigating Seismic and Volcanic Risk".

10.2. Upplýsingar til Evrópu

Ráðherranefndin hefur frá 1990 beitt sér sérstaklega fyrir því að vekja meiri athygli á Norðurlöndum og norrænni samvinnu í Evrópu. Mikilvægasta málið á næsta tímabili er að styðja þau pólitísku meginmarkmið að koma norrænni afstöðu meira á framfæri í Evrópusamstarfinu, hvort sem það er innan EES eða ESB. Þetta verður m.a. gert með virkum málþingum fyrir ráðamenn og fjölmiðla og mánaðarlegum fréttabréfum á átta evrópskum tungumálum. Samkvæmt þeirri áætlun, sem nú er í gildi, er aðalmarkmið upplýsingamiðlunar ráðherranefndarinnar til Evrópu:

- að gera Norðurlönd og norrænt samstarf þekktara í Evrópu sem heild,
- að auka skilning á uppbyggingu og eðli norrænnar samvinnu út frá endurmati forsætisráðherranna á samstarfinu,
- að koma með jákvætt framlag til Evrópusamstarfsins með því að kynna þar mikilvægan árangur norrænnar samvinnu, ekki síst í málum sem snerta frið, umhverfi, atvinnustig og velferð,

- að útskýra hver séu meginmarkmið Norðurlanda og norrænnar samvinnu í samrunaferli Evrópu og reyna að afla skilnings á þeim sérstöku aðstæðum sem þar koma í ljós,
- að endurmeta stöðugt hvernig þörfinni á því að veita upplýsingar um Norðurlönd verði best sinnt í Evrópu,
- að samhæfa starfsemi upplýsingaskrifstofanna í Eystrasaltsríkjunum annars vegar og heildaráætlun upplýsingamiðlunar hins vegar.

Í ljósi þess að fleiri norræn ríki – þó ekki öll – eru á leið inn í Evrópusambandið verður á árinu 1995 endurskoðuð þörfin á upplýsingamiðlun og áætlanir þaraðlútandi á næstu árum. Fjárlögin fyrir árið 1995 eru byggð á sérstakri upplýsingaáætlun sem ákveðin er árlega í samvinnu við blaða- og menningarfulltrúa utanríkisráðuneyta Norðurlanda.

Aðalritarinn hefur fjármagn til ráðstöfunar til að styrkja utanaðkomandi umsækjendur, t.d. til verkefna, málþinga o.s.frv.

Upplýsingastarfsemi ráðherranefndarinnar verður haldið áfram 1995 samkvæmt þeirri stefnu sem mörkuð var í áætlun um upplýsingamiðlun vegna norræns samstarfs sem staðfest var 1993. Það þýðir áframhaldandi upplýsingaaðgerðir í einstökum löndum, svo sem fréttatilkynningar til fjölmiðla, málþing, náms- og kynnisferðir o.s.frv.

Íslensku útgáfunni á Norræna fréttabréfinu verður fylgt eftir með finnskri útgáfu á því á árinu 1995.

Í samvinnu við Norðurlandaráð verður haldið áfram að gera upplýsingapakka með þemanu „Samtakamáttur Norðurlanda". Upplýsingapakkinn mun í endanlegri útgáfu innhalda bækling, röð myndvarpamynda, upplýsingablað og kennslupakka fyrir framhaldsskóla. Efnið er gefið út á fimm norrænum tungumálum.

Á árinu 1995 mun aðalskrifstofan halda áfram því aukna samstarfi í upplýsingamálum við norrænar stofnanir sem hófst með málþingi í apríl 1994. Áformað er að halda svipað málþing á árinu 1995.

Haldið hefur verið áfram samstarfi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um kynningu á Norðurlandasamstarfinu í löndum Evrópu. Það hefur verið í höndum nefndar sem skipuð er yfirmönnum upplýsingamála norrænu utanríkisráðuneytanna. Starfið á liðnu ári hefur mótast af þeirri breyttu stöðu Norðurlandanna gagnvart Evrópusambandinu að þrjú þeirra fjögurra landa sem stóðu utan ESB sóttu um aðild og tvö þeirra staðfestu hana í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hin tvö, Ísland og Noregur, verða áfram á Evrópska efnahagssvæðinu og munu leita allra leiða til að hafa áhrif á þróun Evrópumála. Mikilvægi þessa kynningarstarfs fer því vaxandi.

Þótt samstarf norrænu ESB-ríkjanna þriggja muni verða enn nánara á þeim sviðum sem varða sameiginleg mál Evrópuríkja, hafa forsætisráðherrar þeirra ítrekað að haft

verði fullt samráð við Ísland og Noreg. Þess er því að vænta að við endurskoðun upplýsingarmiðlunar Norðurlandanna til Evrópuríkja, sem fram fer á næsta ári, verði tekið fullt tillit til sérþarfa Íslendinga og Norðmanna í þeim efnum, þótt áherslur hinna ríkjanna þriggja breytist við aðild þeirra að ESB.

Á liðnu ári var haldið áfram því starfi að uppfræða skoðanamótendur í Evrópulöndum um norrænt samstarf. Efnt var til eftirtalinna funda, námskeiða og ráðstefna:

Blaða- og fréttamönnum frá Englandi, Írlandi og Þýskalandi var boðið til ráðstefnu um menntun og rannsóknir í Lundi í Svíþjóð í febrúar.

Fréttamönnum frá Austurríki, Belgíu, Englandi, Írlandi, Ítalíu, Portúgal, Spáni og Þýskalandi, sem aðsetur hafa í Brussel, var boðið til námsstefnu í Stokkhólmi í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Blaðakonum frá Lettlandi, Portúgal og Slóvakíu var boðið til Turku í Finnlandi að fylgjast með norrænu kvennaráðstefnunni sem þar fór fram fyrstu viku ágústmánaðar.

Í samstarfi við Norræna blaðamannaskólann var blaðamönnum frá Austurríki, Eystrasaltsríkjunum, Finnlandi, Noregi, Póllandi, Rússlandi, Slóvakíu, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi boðið að sitja námsstefnu um öryggismál í Norður–Evrópu sem fram fór í Stokkhólmi og Helsingfors í lok október.

Í aprílmánuði var haldin námsstefna um svæðisbundið samstarf Norðurlandanna á Helsingjaeyri í Danmörku. Það sótti ungt fólk úr utanríkisþjónustu Visegrad-ríkjanna, þ.e. Póllands, Tékklands, Slóvakíu, Rúmeníu, Búlgaríu og Ungverjalands.

Sendiherrum erlendra ríkja í Danmörku var boðið til kynningarfundar um eðli og framtíð norræns samstarfs í Kaupmannahöfn 1. júní sl.

Einum fulltrúa nýráðinna starfsmanna ESB frá hverju sambandsríkjanna var boðið að sitja 45. þing Norðurlandaráðs í Tromsø í nóvember.

Ráðherranefndin stóð fyrir þátttöku í tveimur stórum evrópskum bókakaupstefnum, í Prag í maímánuði og í Frankfurt í október.

Í janúar var haldin í Lissabon ráðstefnan „Norðurlöndin og hin nýja Evrópa“. Norrænu sendiráðin í Portúgal og Alþjóðamálastofnunin áttu hlut að framkvæmd hennar. Hana sóttu fulltrúar stjórnmála, vísinda og fjölmiðla þar í landi. Hliðstæð ráðstefna var svo haldin í Róm í október og í Prag síðar í sama mánuði.

Í mars voru haldnir norrænir dagar í Gent í Belgíu. Nemendur og fræðimenn við miðstöð norræna fræða við Interuniversity-háskólann sóttu námsstefnuna sem stóð í þrjá daga.

Haldið var áfram útgáfu mánaðarlegs fréttabréfs, „Norden – The Top of Europe“. Það kom út á ensku, þýsku, frönsku, spænsku, rússnesku og á tungumálum Eystrasaltsríkjanna. Einnig var hafin tilraun með að senda efni fréttabréfsins út á alþjóðlegu boðneti. 120 áskrifendur þáðu ritið með þeim hætti.

Gefið var út upplýsingaritið „Norden and EU“ þar sem var að finna yfirlit yfir fáanlegar bækur og rit um Norðurlönd og Evrópusambandið.

Staðið var að auglýsingaherferð um málefni Eystrasaltssvæðisins.

Veittur var styrkur til útgáfu ritsins „Academic Recognition“.

Starfsemi Evrópuupplýsinga Norrænu ráðherranefndarinnar verður endurskoðuð á næsta ári í ljósi þeirra breyttu viðhorfa sem upp eru komin eftir að þrjú ríki Norðurlandanna verða orðin aðildarríki ESB en tvö standa utan. Ljóst er að áherslur kunna að verða ólíkar hjá þessum tveimur hópum en þar til endurskoðun hefur farið fram er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi. Af verkefnum komandi árs má nefna eftirtalið:

Komið verður á laggirnar norrænni upplýsingamiðstöð í Brussel. Ráðgert er að evrópskum fréttamönnum í Brussel verði boðið að heimsækja Noreg hálfu ári eftir að ESB-aðild var hafnað þar til að kynna sér stöðu Norðmanna gagnvart Evrópusambandinu. Einnig verður svipuðum hópi boðið til Íslands að loknum Alþingiskosningum til að kynna sér viðhorf nýkjörinna alþingismanna til Evrópumála og norræns samstarfs. Önnur námskeið, ráðstefnur og kynningarfundir verða með svipuðum hætti og á liðnu ári og sömuleiðis útgáfustarfsemi.

10.3. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa í sameiginlegum yfirlýsingum við ýmis tækifæri lagt áherslu á gildi samnorrænna aðgerða í Eystrasaltsríkjunum og á grannsvæðum Norðurlanda. Á fundi sínum í sambandi við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi lýstu þeir yfir stuðningi við og ánægju með þær aðgerðir sem ráðherranefndin hafði staðið að í Eystrasaltsríkjunum fram að því og mæltu með auknum norrænum afskiptum af grannsvæðunum á næstu árum. Forsætisráðherrarnir lögðu einnig áherslu á að norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen ynnu þarft verk við hlið sendiráðanna og að starfsemi þeirra ætti að halda áfram sem hingað til. Forsætisráðherrarnir óskuðu og eftir frekara mati á því hvernig haga mætti samnorrænni viðurvist og aðgerðum á Sankti Pétursborgarsvæðinu.

Aðgerðir ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum, sem í byrjun, 1990–93, beindust að Eystrasaltsríkjunum þremur, taka frá árinu 1994 einnig til norðvesturhluta Rússlands, fyrst og fremst Barentssvæðisins. Með auknum fjárframlögum 1995 verður einnig byrjað á samnorrænum verkefnum á Sankti Pétursborgarsvæðinu.

Upplýsingaskrifstofur og önnur samskipti

Norrænu upplýsingaskrifstofurnar þrjár í Eystrasaltsríkjunum taka á hverju ári þátt í fjölda málþinga og menningarviðburða og er það mikilvæg viðbót við starfsemi sendiráðanna. Að auki hefur reynst unnt að ljúka við nokkur staðbundin verkefni með

fjárhagsaðstoð af verkefnafé skrifstofanna og með aðstoð starfsmanna þeirra. Hækkun fjárlaga starfsáætlunarinnar fyrir grannsvæði Norðurlanda gerir skrifstofunum, og þeim sem vinna að einstökum verkefnum fyrir ráðherranefndina, kleift að bregðast skjótar og ákveðnar við og til lengri tíma en áður.

Ráðherranefndin hefur, til þess að samræma betur starfsemi sína og svæðisráðs Barentssvæðisins, ráðið norrænan verkefnisstjóra á aðalskrifstofu svæðisráðsins í Kirkenes. Fjárlögin gera mögulegt að vinna að því að koma á samskiptum í vissum mæli.

Í sambandi við hækkun fjárveitinga á árinu 1995 til samstarfs við grannsvæði Norðurlanda var fjallað um hvernig standa ætti að aukinni starfsemi á Sankti Pétursborgarsvæðinu. Til þess að tryggja viðurvist Norðurlanda á svæðinu er veitt fé til þess að koma á fót upplýsingaskrifstofu í Sankti Pétursborg. Í fjárlögunum endurspeglast og viðleitnin til að auka aðgerðir í norðvesturhluta Rússlands án þess að dregið verði úr aðgerðum í Eystrasaltsríkjunum um leið.

Verkefnafé

Styrkja- og námsferðakerfi:

Í starfsáætluninni fyrir 1994 var ákveðið að láta einstök styrkja- og námsferðakerfi ná einnig til grannsvæða Norðurlanda, þ.e. norðvesturhluta Rússlands. Ráðherranefndin áformar að nota þann aukna möguleika, sem grannsvæðaáætlunin fyrir árið 1995 veitir fyrst og fremst til þess að efla styrkja- og námsferðakerfin. Eftir því sem starfsemin smám saman vex með fulltingi fulltrúa ráðherranefndarinnar, einnig á Sankti Pétursborgar- og Barentssvæðinu, verður ástæða til að auka fjárveitingar þangað. Árið 1995 verða styrkja- og námsferðakerfin einnig í brennidepli starfsáætlunarinnar og þau stuðla einnig að nettengslum og samstarfi menntastofnana á Norðurlöndum og á grannsvæðunum. Kerfin ná yfir:

- norrænt styrkjakerfi fyrir vísindamenn, kennara og námsmenn frá Eystrasaltsríkjunum og norðvesturhluta Rússlands,
- námsferðir embættismanna.

Hér við bætast þingmannastyrkir sem hafa að markmiði að veita þingmönnum frá grannsvæðunum innsýn í þingstörf á þjóðþingum Norðurlanda og hjá Norðurlandaráði.

Menntunar- og rannsóknarsamstarf:

Í þeim breytingum sem eiga sér stað á grannsvæðum Norðurlanda skipta ýmsar aðgerðir á sviði menntunar og rannsókna miklu máli. Ráðherranefndin vill því stuðla að því að samræma samnorrænar aðgerðir og aðgerðir einstakra ríkja á þessu sviði, svo og að samnorrænu aðgerðirnar hafi norrænt svipmót og komi til viðbótar aðgerðum einstakra ríkja.

Á grundvelli sameiginlegrar tillögu menntamálaráðherra Eystrasaltsríkjanna til aðgerða á sviði menntamála og rannsókna hyggst ráðherranefndin m.a. hleypa af stokkunum framkvæmdaáætlun sem tekur bæði til aðgerða sem eru fjármagnaðar af einstökum ríkjum og á samnorrænum grunni. Í henni er að finna áætlun um kennaramenntun sem er mikilsvert samnorrænt framlag til samstarfs við Eystrasaltsríkin á sviði menntamála. Fjarkennsluáætlun er metin innan ramma almennra aðgerða á sviði kennaramenntunar.

Varðveisla menningararfleifðarinnar er mikilvægur þáttur í nýjum lýðræðisríkjum í nágrenni Norðurlanda. Með hliðsjón af frumkvæði ráðherranefndarinnar bæði í Eystrasaltsríkjunum og í Sankti Pétursborg er verið að vinna að áætlun sem miðar að því að skapa nettengsl milli forvarða á Norðurlöndum, í Sankti Pétursborg og Eystrasaltsríkjunum.

Landbúnaðarsamstarf:

Einn þáttur í auknum afskiptum ráðherranefndarinnar af málefnum Barentssvæðisins er að nefndin hyggst hrinda í framkvæmd áætlun í landbúnaðarmálum í samstarfi við vinnuhóp landbúnaðarmála innan svæðisráðs Barentssvæðisins. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að þróun arðbærs landbúnaðar í Norðvestur-Rússlandi á grundvelli staðbundinna auðlinda og auka landbúnaðarframleiðsluna þannig að hún fullnægi eftirspurn, svo og að skiptast á þekkingu á landbúnaðarmálum. Einnig kemur til mála að útvíkka Nordpraktik-kerfið svo að það nái til landbúnaðarsviðsins.

Erfðafræðilegar auðlindir Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda eru að miklu leyti hinar sömu hvað snertir gróður í landbúnaði og garðrækt. Meðal annars í ljósi sáttmálans um fjölbreytileika lífríkisins er nauðsynlegt að skipuleggja varðveislu plöntuerfðafræðilegra auðlinda í Eystrasaltsríkjunum. Verkefnið, sem hleypt var af stokkunum samkvæmt starfsáætlun 1994, miðar að því að aðstoða Eystrasaltsríkin við að byggja upp skilvirkt og hagkvæmt kerfi til að varðveita og nýta plöntuerfðafræðilegt efni.

Samstarf á sviði iðnaðar og fjármála:

Í starfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu 1992 var hleypt af stokkunum framkvæmdaáætlun á sviði iðnaðar sem metin var í júní 1993. Starfsáætlunin 1995 heldur áfram þessu iðnaðarsamstarfi við grannsvæðin.

Nordpraktik (áður Baltpraktik) heldur áfram 1995 með starfsþjálfunarferðum frá Eystrasaltsríkjunum og talið er að undirbúningsverkefni í Sankti Pétursborg gefi svo góða raun að norræn fyrirtæki geti tekið á móti fólki þaðan til starfsþjálfunar. Gert er ráð fyrir því að fólki af Barentssvæðinu verði einnig boðin starfsþjálfun um tiltekinn tíma.

Gert er ráð fyrir því að ráðgjafarstarfsemi norrænu stofnananna á sviði málefna eldri borgara í Eystrasaltsríkjunum og Sankti Pétursborg verði færð út til Barentssvæðisins 1995. Einnig er um að ræða samstarf um efnatækni á vegum Norræna iðnlánasjóðsins,

samstarf við tækniháskóla í Sankti Pétursborg og samstarf um prófunartækni við Eystrasaltsríkin á vegum Nordtest. Ráðherranefndin hyggst einnig kanna möguleikann á því að gera sjónvarpsþætti um markaðsbúskap fyrir Eystrasaltsríkin, að því tilskildu að forkönnun leiði til jákvæðrar niðurstöðu.

Ráðherranefndin telur að tillaga fjármálasviðs um stuðning við TAM-áætlunina (Turn Around Management Programme) sé athyglisvert frumkvæði sem kunni að skipta miklu máli við enduruppbyggingu og endurskipulagningu fyrirtækja í Sankti Pétursborg og á Barentssvæðinu. Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD) í Lundúnum íhugar að framkvæma áætlunina og ráðherranefndin getur með norrænni aðstoð tryggt norræn áhrif og norræn sérkenni þessarar þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Í Eystrasaltsríkjunum er verið að hleypa TAM-áætluninni af stokkunum með fjármagni frá BIP. Með því að samræma þær aðgerðir, sem eru í gangi samkvæmt framkvæmdaáætlun iðnaðarins, er því verið að framkvæma samnorrænar aðgerðir á sviði iðnaðar og fjármála í norðvesturhluta Rússlands.

Samstarf í umhverfismálum:

Umhverfisvernd á Eystrasaltssvæðinu er liður í starfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir grannsvæði Norðurlanda 1995 og einkum beint að eftirliti með umhverfisgæðum og aðgerðum og verkefnum sem miða að því að fylgja eftir HELCOM-áætluninni. Starfsemin á Barentssvæðinu beinist að aðgerðum sem ætlað er:

- að draga úr mengun frá norðvesturhluta Rússlands,
- að vernda umhverfi hafsins og koma í veg fyrir leka frá úrgangi sem fleygt hefur verið í sjóinn og geislavirkum úrgangi sem þar er geymdur,
- að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Ráðherranefndin vill í samvinnu við alþjóðleg umhverfissamtök vinna að því að koma í veg fyrir efnaslys og samræma viðbrögð við þeim á grannsvæðum Norðurlanda, í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi. Undirbúningsvinna við að koma á fót vettvangsstöðvum í Eystrasaltsríkjunum til langtímaumhverfisvöktunar hefur gengið vel og fest samstarfsaðferðir í sessi (samskipti, flutning á gögnum, efni og fé). Starfinu er haldið áfram og leitast verður við að innleiða margprófaðar norrænar starfsaðferðir við umhverfisvöktun og meðferð umhverfisgagna í Eystrasaltsríkjunum, Kirjálalandi og á Barentssvæðinu. Þetta starf styrkir samstarf og samhæfingu þessara svæða við samevrópskar stofnanir í framtíðinni og eflir samstarf um alþjóðlega samninga, t.d. um loftmengun sem berst langt að. Aukið upplýsingaflæði á þessu sviði veldur því einnig, að auðveldara verður að leggja mat á umhverfisógnir um alla Norður-Evrópu.

Á síðustu árum hefur athyglin oft beinst að heimskautasvæðunum og Barentssvæðinu. Ástandi umhverfismála á þessum grannsvæðum norðan heimskautsbaugs verður

lýst í skýrslu AMAP-áætlunarinnar 1996/97 (Arctic Monitoring and Assessment Programme) um heimskautasvæði jarðar. Ráðherranefndin hyggst styðja áætlunina.

Grannsvæðaáætlunin hefur hingað til getað bætt upp aðgerðir umhverfissviðsins fyrst og fremst með stuðningi við *forkannanir* NEFCO í Eystrasaltsríkjunum. Með hliðsjón af þeim hættusvæðum sem hafa þegar fundist á Barentssvæðinu og Norður-heimskautssvæðinu mun NEFCO á þessu og næsta ári velja nokkur (10-12) verkefni í samvinnu við AMAP sem henta til arðsemisútreikninga.

Samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála:

Á sviði félags- og heilbrigðismála hefur verið byrjað á nokkrum verkefnum sem byggja á þátttöku samnorrænna stofnana, svo sem Norræna heilbrigðisháskólans, NOPUS, norrænu lyfjanefndarinnar og Norrænu kennslumiðstöðvarinnar fyrir kennara daufdumbra (NUD). Þessi langtímaverkefni munu á árinu 1995 einnig móta sérstöðu samstarfs félags- og heilbrigðismálasviða við Eystrasaltsríkin.

Önnur langtímamarkmið aðgerða á sviði félags- og heilbrigðismála eru embætti umboðsmanna (t.d. barna, neytenda og stjórnsýslu), löggjöf á sviði félags- og heilbrigðismála, stjórnun þessara mála og tölfræði, skráning og réttindi sjúklinga.

Fjölmiðlasamstarf:

Fyrir tilstuðlan Norræna blaðamannaskólans hafa rösklega 600 blaðamenn, ritstjórar og blaðstjórnendur frá Eystrasaltsríkjunum tekið þátt í námskeiðum og málþingum sem hafa aðallega verið haldin í þessum löndum. Þar við bætast 200–250 háskólanemar og fjöldi blaðamanna sem hafa verið í starfsþjálfun hjá norrænum ritstjórnum.

Til þess að tryggja að framhald verði á þessari starfsemi verður starfi ráðherranefndarinnar og Norræna blaðamannaskólans haldið áfram á sama stigi í þeim fjölmiðlageira sem myndast hefur í hverju Eystrasaltsríkjanna. Samtímis verður starfsemin víkkuð smám saman til að ná einnig til norðvesturhluta Rússlands og þá sérstaklega Barentssvæðisins og Sankti Pétursborgar og nágrennis ásamt Kaliníngrad. Uppbygging starfseminnar þar hefst 1995.

Innri uppbygging (infrastruktur):

Í starfsáætluninni fyrir árið 1995 heldur stuðningur ráðherranefndarinnar við *BALTnet-áætlunina* áfram, en hún miðar að því að aðstoða Eystrasaltsríkin við að tæknivæðast með eigin gagnaneti sem tengist síðar NORDUnetinu og þar með INTERNET.

Ráðherranefnd samgönguráðherranna hefur á síðustu árum staðið fyrir ýmsum verkefnum sem hafa að markmiði að *auka umferðaröryggi í Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu*. Með hliðsjón af tillögu stýrihóps norræns umferðaröryggis hyggst ráðherranefndin efla þróun nettengsla og gerð áætlana um umferðaröryggi í Eystrasaltsríkjunum.

Aðgerðir á sviði *byggingar- og húsnæðismála* verða víkkaðar til þess að ná einnig til norðvesturhluta Rússlands. Þær beinast einkum að þekkingarmiðlun á ýmsum sviðum, svo sem byggingar- og skipulagsmálum og viðhaldi bygginga og húsnæði með tilliti til orkusparnaðar.

Í janúar 1994 hélt ráðherranefndin ráðstefnu í Vilnius um hlutverk iðnaðarráðuneytanna í markaðshagkerfi. Þátttakendur voru frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Um sumarið var haldinn fundur ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, svo og málþing um málefni atvinnuveganna, sbr. framangreint.

Samkvæmt ákvörðun ráðherranefndarinnar er fjórum verkefnum haldið áfram í Eystrasaltsríkjunum innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar fyrir Eystrasaltsríkin. Þau eru „Baltpraktik", „Baltkonsult", einkavæðingarráðstefna og gerð sjónvarpsþátta um markaðshagkerfið.

Baltkonsult heldur áfram starfsemi sinni í Eystrasaltsríkjunum. Að frumkvæði samræmingarhópsins var komið á tengslum milli Baltkonsult og EBRD, og hafði það í för með sér að nokkrir ráðgjafar voru ráðnir til TAM-verkefnis og EBRD í Eystrasaltsríkjunum.

Gerð var forkönnun á gerð sjónvarpsþátta um markaðshagkerfi fyrst og fremst fyrir Eystrasaltsríkin. Norrænar stofnanir, sem fengið hafa málið til umsagna, hafa yfirleitt tjáð sig mjög jákvæðar varðandi verkefnið. Vonast er nú til að það takist að leysa endanlega fjármögnun og skipulag verkefnisins. Árið 1994 fjármagnaði ráðherranefndin samstarfsverkefni í þágu Eystrasaltsríkjanna á sviði prófunartækni í gegnum Nordtest og stöðlun fyrir atbeina INSTA. Stöðlunarsamstarfið fær einnig forgang árið 1995, en auk þess verður gerð forkönnun á námskeiðum í útflutningsáætlunum fyrir lettnesk fyrirtæki. Þar er fylgt eftir samsvarandi verkefni sem er í gangi í Eistlandi.

Á liðnu ári fóru fram óformlegar viðræður og gerð var forathugun á samstarfi í atvinnumálum bæði við Sankti Pétursborg og Barentssvæðið.

Iðnaðarráðherrarnir fólu í júní 1993 samræmingarhópi framkvæmdaáætlunarinnar fyrir Eystrasaltsríkin að efna til óformlegra viðræðna um hugsanlegt samstarf í atvinnumálum við stjórnvöld í Sankti Pétursborg. Farið var í könnunarferð þangað í nóvember 1993. Í ferðinni kom í ljós mikill áhugi Rússa á því að koma sem fyrst á atvinnumálalegu samstarfi milli Sankti Pétursborgar og Norðurlanda. Með hliðsjón af þeim viðræðum, sem hópurinn átti í Sankti Pétursborg og við samstarfsaðila, norræna og aðra, ákvað ráðherranefndin að veita fé til nokkurra forverkefna þar. Þannig hefur verið sett af stað forverkefni þar sem ungum Rússum er gefinn kostur á að öðlast starfsreynslu hjá norrænum fyrirtækjum. Hinir fyrstu (um 40) byrja starfsþjálfun sína í janúar 1995. Meðal þeirra sem fá starfsþjálfun eru nokkrir menn af Barentssvæðinu. Norræni

iðnaðarsjóðurinn hefur og komið á tengslum við iðnþróunaraðila í Sankti Pétursborg. Það var gert kleift með framlagi ráðherranefndarinnar til framkvæmda–áætlunarinnar. Komið var hér á fyrstu tengslum, og þau geta leitt til þátttöku Rússa í áætlunum iðnaðarsjóðsins. Þriðja verkefnið, sem hrundið var af stað í samvinnu við fjármálasviðið, er að kynna norræna ráðgjafa í bönkum í Sankti Pétursborg. Það verður gert í árslok 1994.

Innan samræmingarhópsins er einnig verið að þróa nokkur verkefni. Meðal annars má þar nefna samstarf við OECD um beinar erlendar fjárfestingar á grannsvæðunum, nettengsl milli smáfyrirtækja, samvinnu við Rússnesku einkavæðingarstofnunina og ráðstefnu um lítil og meðalstór fyrirtæki í Sankti Pétursborg og nágrenni.

Ráðherranefndin ákvað í nóvember 1993 að kanna þörfina á samvinnu á sviði iðnaðar- og atvinnumála á Barentssvæðinu, með tilliti til þeirrar þjóðbundnu og svæðisbundnu samvinnu sem fyrir er. Eftir að hafa kannað málið og ráðgast við viðkomandi aðila fór sérstakur starfshópur á vettvang til að kynna sér málið. Við fyrstu athugun í Murmansk og Arkangelsk kom fram mikill áhugi Rússa á þátttöku, fyrst og fremst fyrir starfsþjálfunar- og ráðgjafaáætlunum.

11. Norrænar stofnanir á Íslandi

11.1. Norræna húsið

Starfsemi Norræna hússins á árinu 1994 var sem fyrr byggð á breiðum menningarlegum grunni þar sem hinum ýmsu listgreinum voru gerð góð skil auk þess sem kynningar- og upplýsingamiðlun og dagskrár fyrir börn og unglinga áttu sinn hlut.

Norræna húsið gegnir mikilvægu hlutverki sem menningarmiðstöð þar sem fólk kemur saman og norræn málefni eru sett á oddinn og eru til umræðu og umfjöllunar.

Kynnt var ný fyrirlestrarröð, „Orkanens øje“, og er markmiðið að skapa grundvöll og vettvang fyrir lýðræðislegar umræður. Til umfjöllunar hafa m.a. verið lýðháskólar, stjórnmál, listgreinar, stéttarfélög og fullorðinsfræðsla. Fyrirlestrarnir hafa verið síðdegis á sunnudögum og hefur það reynst góður fundartími.

Framlag Norræna hússins til hátíðahaldanna vegna 50 ára lýðveldisafmælis var einkum þrenns konar:

Í fyrsta lagi var danska tónskáldinu Per Nørgård boðið að semja tónverk af þessu tilefni og 14. júní var frumflutt verkið „Vilde svaner“. Tvö íslensk verk voru einnig frumflutt við sama tækifæri. „Vilde svaner“ hefur síðar verið leikið á tónleikum í Danmörku og á Norðurlandaráðsþinginu í Tromsø í Noregi í nóvember sl. Tónverkið verður væntanlega flutt á Álandseyjum sumarið 1995.

Í öðru lagi ferðaðist hópur norrænna listamanna („Kulturkaravanen“ eða „Norrænu flakkararnir“) um landið í sumar. Þetta var danskur kór (átta manns), sænskir og danskir þjóðlagasöngvarar (sex manns) og tveir færeyskir leikarar sem fluttu leikþátt fyrir börn. Hópurinn kom fram í sjö bæjarfélögum á hringveginum og spilaði og söng í frystihúsum, dvalarheimilum aldraðra, hótelum og félagsheimilum.

Í þriðja lagi voru haldnir fyrirlestrar daglega í tvær vikur samfellt um handritin, náttúru Íslands, eldvirkni, norrænt samstarf o.s.frv.

Stærsta verkefnið á árinu á erlendri grund var „Island er landet“ – umfangsmikil Íslandskynning í Árósum dagana 26. september til 3. október. Um 35 manns tóku þátt í kynningunni; arkitektar, rithöfundar, myndlistarmenn, leikarar, hljóðfæraleikarar auk fyrirlesara frá íslenskum söfnum og stofnunum.

Auk þess tóku um eitt hundrað manns, Íslandsvinir í Danmörku, þátt í undirbúningnum. Kynningin var sú veigamesta sem Norræna húsið hefur staðið að og kostaði verkefnið liðlega 700 þús. d.kr.

Norræna húsið tók einnig þátt í bókmenntahátíð í Molde í Noregi og í bókamessunni „Bok & Bibliotek“ í Gautaborg.

Norræna húsið hefur leitað til ýmissa sjóða, stofnana og fyrirtækja til þess að fjármagna þessi verkefni, og nam fjárhagsaðstoðin á þessu ári um 500 þús. d.kr.

Í anddyri Norræna hússins hafa verið sýningar af ýmsum toga, svo sem myndlist, skúlptúrar, kynningar- og ljósmyndasýningar og í sumar var sýning á íslenskum bjargfuglum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun. Sýningarnar eru kynning á Norðurlöndum, þannig voru sýningar á árinu 1994 frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Finnlandi og Grænlandi.

Í sýningarsölum í kjallara voru 14 sýningar, ein frá Noregi (Olav Chr. Jenssen), ein frá Danmörku (Ruth Malinowski) og ein samnorræn (um norræna goðafræði, gerð af börnum). Sumarsýningar hússins voru með verkum eftir Jón Engilberts og Ragnheiði Jónsdóttur Ream. Sýningarnar voru fjölbreyttar; málverk, skúlptúr, grafík, innsetningar, teikningar og leirlist.

Um sumarið voru haldin tvö tveggja vikna námskeið í íslenskri tungu og menningu fyrir norræna ferðamenn, 20 manns sóttu hvort námskeið. Auk íslenskukennslunnar voru fluttir fyrirlestrar um sögu og náttúru- og landafræði Íslands. Þá var farið í helgarferð til sögufrægra staða.

Nordiska Nyhetsbladet kom út daglega á tímabilinu júní–ágúst og flutti ferskar fréttir frá Norðurlöndum. Blaðinu var dreift til hótela, upplýsingaskrifstofu ferðamála og á staði þar sem norrænir ferðamenn áttu leið um.

Norræna húsið fær fréttir í gegnum tölvunet frá Ritzaus Bureau í Kaupmannahöfn. Þessi fréttaþjónusta er í boði allt árið og nýjustu fréttir eru birtar á upplýsingatöflu í anddyri Norræna hússins.

Islandskontakt, lítið frétta- og upplýsingablað, kemur út ársfjórðungslega í 2.000 eintökum og það er sent ókeypis til um 1.200 áskrifenda víða um heim.

Þá hafa einnig verið gefnar út þrjár sýningarskrár vegna listsýninga í Norræna húsinu, skrá vegna Íslandskynningar í Árósum, skrá vegna listsýningar, skrá um íslenskar kvikmyndir, skrá um íslenskar bækur á bókasöfnum í Árósum og vegleg skrá vegna sýningar á íslenskri byggingarlist.

Norræna húsið fékk 53 millj. ísl. kr. rekstrarfé samkvæmt þriggja ára samningi við Norrænu ráðherranefndina. Starfsmenn eru 15 (samsvarar 10 stöðugildum í fullu starfi).

Starfsárið 1994 hafa verið um 300 auglýstar dagskrár (þar af helmingur á vegum Norræna hússins) og yfir 100.000 manns hafa heimsótt húsið.

Formaður stjórnar Norræna hússins er prófessor Lennart Elmevik frá Svíþjóð og forstjóri er K. Torben Rasmussen frá Danmörku.

11.2. Norræna eldfjallastöðin

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn stofnun sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er kostuð af henni. Stjórn hennar er skipuð fulltrúum Norðurlandanna auk þriggja fulltrúa íslenskra stofnana á sviði jarðvísinda. Stjórnarformaður er prófessor Carl Ehlers, Finnlandi, en dr. Guðmundur E. Sigvaldason veitir stöðinni forstöðu.

Í reglugerð fyrir stöðina frá 1973 er hlutverk hennar skilgreint svo: „Norræna eldfjallastöðin á að stunda rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á veigamestu rannsóknasvið þeirrar fræðigreinar: bergfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og eldfjallasögu. Stofnunin á að veita vísindamönnum og námsmönnum frá Norðurlöndum og, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar einnig frá öðrum löndum, aðstöðu til rannsókna í eldfjallafræði og tengdum greinum."

Rannsóknir.

Rannsóknir stofnunarinnar beinast að því að svara spurningum um eðlis- og efnafræðilegar forsendur eldvirkni.

Lega Íslands á eldvirkum úthafshrygg beinir rannsóknum stofnunarinnar inn á þau sérsvið sem varða eiginleika rekhryggja jarðarinnar. Rekhryggir liggja á botni úthafanna og eru alls 60.000 km langir, en Ísland er eina úthafseyjan sem rekhryggur liggur um. Leitað er svara við spurningum um styrk og broteiginleika jarðskorpunnar, um uppruna og þróun bergkviku, um flutning kviku til yfirborðs og gagnkvæm áhrif kviku og grannbergsins sem hún snertir. Einnig er leitað svara við spurningum um hegðun

eldvirkninnar á fyrri tímum, um áhrif eldvirkni á loftslag og áhrif loftslags á eldvirkni, einkum á tíma stórfelldra loftslagsbreytinga á ísöldum.

Með skýrslu stofnunarinnar til samstarfsráðherra árið 1993 fylgdi rannsóknaráætlun fyrir tímabilið 1993–95. Þar er lýsing á öllum verkefnum stofnunarinnar sem nú er unnið að og verða tekin til meðferðar á tímabilinu. Áætlunin var gerð í tengslum við nýja fjármálastjórnun norrænna stofnana. Nú fylgir greinargerð um framvindu áætlunarinnar eins og sakir stóðu í ársbyrjun 1994, en sambærileg skýrsla fyrir 1994 verður gefin út í janúar 1995.

Styrkþegar.

Norræna eldfjallastöðin var sett á fót í þeim tilgangi að skapa hvetjandi rannsóknaumhverfi sem höfðaði til fjölþjóðlegs vísindasamfélags. Stofnunin hefur til umráða fimm stöður styrkþega, sem stjórn stofnunarinnar veitir til eins árs í senn með möguleika á framlengingu til allt að þriggja ára. Frá upphafi hafa 62 norrænir vísindamenn dvalið við stofnunina. Hver styrkþegi fær rannsóknarverkefni til úrvinnslu og til þess er ætlast að verkinu ljúki með birtingu á niðurstöðum við lok dvalar. Flestir styrkþegar eru ungt fólk sem hefur nýlokið embættisprófi. Margir nota dvölina við stofnunina til að öðlast æðri menntagráðu, ýmist licensiat eða doktorsgráðu við háskóla í heimalandinu.

Mikil aðsókn í rannsóknastöður.

Aðsókn í rannsóknastöður við Norrænu eldfjallastöðina er langt umfram getu stofnunarinnar til að veita styrki. Að jafnaði eru umsóknir þrisvar til fimm sinnum fleiri en hægt er að sinna. Ásókn manna utan Norðurlanda er einnig mikil, en stofnunin hefur enn sem komið er ekki farið inn á þá braut að styrkja aðra en Norðurlandabúa. Stofnunin hefur hins vegar tekið á móti fólki sem fær styrki eftir öðrum leiðum, t.d. styrkþegum Fulbrightstofnunarinnar bandarísku. Í samvinnu við háskóla í Frakklandi, Bretlandi og Þýskalandi hefur stofnunin haft veruleg afskipti af allmörgum doktorsverkefnum sem voru unnin að hluta til við Norrænu eldfjallastöðina.

Breytingar á samfélögum Austur-Evrópu hafa leitt til þess að Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á aukna samvinnu við þau, einkum Eystrasaltslöndin. Norræna eldfjallastöðin hefur brugðist við þessum nýju viðhorfum með því að bjóðast til að veita vísindamönnum frá þessum löndum aðstöðu við stofnunina. Fjárveiting fékkst til að bjóða einum manni til ársdvalar og jarðfræðingur frá Eistlandi kom til starfa við stofnunina 1. júní 1993 og styrkurinn var framlengdur til 31. maí 1995.

Styrkir til norrænna vísindamanna hafa dreifst nokkuð jafnt milli landa. Stjórn stofnunarinnar leitast við að veita styrki fyrst og fremst með hliðsjón af hæfni

umsækjenda, en þó verður ekki hjá því komist að taka nokkuð tillit til dreifingar milli þeirra landa sem standa að stofnuninni. Á seinni árum ber nokkuð á því að ungir íslenskir vísindamenn, sem hafa lokið doktorsprófi við erlenda háskóla, sækist eftir styrkþegastöðum við Norrænu eldfjallastöðina. Þetta fólk er að jafnaði hæfast umsækjenda hverju sinni, og þess vegna hefur hlutdeild Íslands í úthlutun styrkja orðið nokkuð meiri en eðlilegt getur talist. Á þessu ári varð að vísa frá þremur mjög vel hæfum íslenskum umsóknum af þessum sökum, en menntamálaráðuneytið hljóp undir bagga og veitti styrk til að sinna einni slíkri umsókn. Auk þessa hefur einn íslenskur styrkþegi fengið framlengingu á dvöl við stofnunina með tilstyrk frá Vísindasjóði og Vísindaráði Evrópu (European Science Foundation).

Af framansögðu er ljóst að stofnunin hýsir nú þrjá styrkþega til viðbótar þeim fimm sem fá greidd laun af fastri fjárveitingu. Þetta með öðru hefur enn aukið á húsnæðisvandræði stofnunarinnar sem voru ærin fyrir eins og vikið verður að síðar í skýrslunni.

Verkefni og tilraunir.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur átt sæti í nefnd á vegum Vísindaráðs Evrópu sem hafði það verkefni að skipuleggja eldfjallarannsóknir í Evrópu á næstu árum. Nefndin skilgreindi verkefni sem nefnist „European Volcanology Project" (EVOP), en markmiðið var að beina athyglinni fyrst og fremst að sex evrópskum eldfjöllum og leita leiða til að fjármagna dýrari rannsóknir en hingað til var hægt að gera. Krafla er eitt þessara sex tilraunaeldfjalla. Starf nefndarinnar leiddi til þess að einn af vísindasjóðum Evrópubandalagsins (Environment 1991–94) skilgreindi eldfjallafræði sem deild í þriðju rammaáætlun umhverfismálasjóðsins. Vegna tafa á fullgildingu EES-samningsins missti Krófluverkefnið af þessari lest. Norræna eldfjallastöðin var virkur þátttakandi í verkefni sem fjallar um eldfjallið Furnas á Azoreyjum. Þetta verkefni fékk ríflegan styrk frá umhverfissjóði EB, en af sömu orsökum reyndist ekki unnt að fá peninga til þátttöku Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Menntamálaráðuneytið, fyrir hönd íslenska ríkisins, greiddi þess vegna útlagðan kostnað vegna þátttöku Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Þætti okkar í Furnas-verkefninu er nú lokið og skýrslum hefur verið skilað.

EVOP-nefndin vinnur nú að undirbúningi samræmdra umsókna til fjórðu rammaáætlunar umhverfismálasjóðs ESB. Að þessu sinni verður áhersla lögð á tækniþróun í tengslum við vöktun eldfjalla og áframhaldandi grunnrannsóknir á eldvirkum svæðum.

Norræna eldfjallastöðin er virkur þátttakandi í verkefnum á vegum Vísindaráðs Evrópu Þar er um að ræða verkefni sem fjalla um þróun og prófun tækja til símælinga á

jarðeðlisfræðilegum breytum og „Greenland Icecore Project“ (GRIP) en hlutverk NE er greining örsmárra gjóskukorna í ískjarnanum og samanburður við þekkt gjóskulög.

Stofnunin er í náinni samvinnu við ýmsar erlendar stofnanir og háskóla, einkum í Evrópu. Hér er einkum um stofnanir að ræða sem ráða yfir dýrum tækjakosti eða sérþekkingu sem er ekki til á Íslandi eða annars staðar á Norðurlöndum.

Árið 1982 fór Norræna eldfjallastöðin þess á leit að stofnunin fengi aukið húsnæði, enda var það húsnæði, sem íslenska ríkið afhenti stofnuninni árið 1973, ætlað til bráðabirgða. Árið 1987 felldi Vinnueftirlit ríkisins þann úrskurð að „starfsemin væri búin að sprengja utan af sér það rými sem er þarna fyrir hendi samkvæmt reglugerð um húsnæði vinnustaða nr. 225/1975“. Enn fremur segir í úrskurði Vinnueftirlitsins að „vegna mikilla rakaskemmda í útveggjum hússins, sérstaklega á austurhliðinni, verði að telja húsnæðið víða heilsuspillandi í núverandi ástandi“. Ekkert hefur breyst frá því að þessi úrskurður var kveðinn upp annað en að stofnunin hefur stækkað umtalsvert á umliðnum sjö árum. Árið 1988 fékkst á fjárlögum heimild til að leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið samdi við Háskóla Íslands um að leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar í tengslum við nýbyggingu fyrir jarðvísindi á vegum háskólans gegn greiðslu til byggingarinnar sem næmi hlut Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Háskólinn áformaði að ljúka byggingu jarðvísindahúss árið 1991 en breytti síðan framkvæmdaáætlun og lagði áformin til hliðar. Þrátt fyrir þessa reynslu var enn samið við háskólann sem nú áformar að byggja svokallað náttúruvísindahús á næstu þremur árum. Ríkisstjórnin ályktaði í mars 1993 að áformað væri að greiða háskólanum fé sem næmi hlut Norrænu eldfjallastöðvarinnar í náttúruvísindahúsi samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1995. Þrátt fyrir þessi áform er ekki gert ráð fyrir slíku framlagi í frumvarpi til fjárlaga 1995. Stofnunin er langþreytt á tregðu íslenskra stjórnvalda til að standa við skuldbindingar sínar og fengin reynsla vekur efasemdir um getu háskólans sem verktaka. Húsnæðismál stofnunarinnar eru nú í öngþveiti og brýn þörf á tafarlausri úrlausn.

12. Norrænir sjóðir

12.1. Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans

Almennt um starfsemina.

Ársreikningur Norræna fjárfestingarbankans (NIB) fyrir árið 1994 liggur ekki fyrir enda árið ekki liðið þegar þessar línur eru skrifaðar. Áætlað er að rekstrarafgangur verði um 97 millj. ekna (ecu) en eka er reikningseining bankans. Þetta samsvarar rúmlega 8 milljörðum ísl. kr. eða um 12,6% af eigin fé (innborguðu stofnfé að viðbættum varasjóðum) bankans í árslok 1993. Rekstrarafgangur árið 1993 var 64 millj. ekna þannig

að hann hefur aukist um næstum helming milli ára. Þessi góða afkoma á rót sína að rekja til bæði aukinna tekna og lítilla tapa á útlánum. Í stað færslu að fjárhæð 16 millj. ekna á afskriftarreikning árið 1993 koma í ár viðbótartekjur sem nema 2 millj. ekna vegna bakfærslu af afskriftarreikningi.

Fjárfesting á öðrum Norðurlöndum en Íslandi hefur nú aftur aukist eftir efnahagsörðugleika undanfarinna ára. Lengi vel leit út fyrir að ný útlán til fjárfestingar á Norðurlöndum yrðu undir áætlun sem nam 500 millj. ekna fyrir árið en þau stefna nú yfir þá tölu. Sömu sögu er að segja af alþjóðlegum útlánum, þar með talin svonefnd verkefnalán. Áætluð ný útlán á árinu námu 125 millj. ekum en verða nokkru hærri.

Bankinn fékk það verkefni á sínum tíma að sjá um lán til Eystrasaltsríkjanna allt að 30 millj. ekna með ábyrgð ríkisstjórna Norðurlandanna. Í september höfðu 3 millj. ekna verið greiddar út á árinu af þessu fé.

Bankinn lánar til verkefna þar sem saman fara hagsmunir tveggja eða fleiri Norðurlandanna. Varðandi orkumál og visthæfar framkvæmdir nægir að um beina hagsmuni eins lands sé að ræða. Þetta er annars vegar vegna þess að orkukerfi annarra Norðurlanda en Íslands eru samtengd en hins vegar vegna þess að loftmengun þekkir engin landamæri og framkvæmd í einu landi kemur öðrum til góða. Þess má geta að komin er til framkvæmda útvíkkuð túlkun á sameiginlegum hagsmunum landanna varðandi innviðafjárfestingu, t.d. varðandi vegaframkvæmd sem er hluti af samtengdu vegakerfi landanna.

Starfsemi bankans felst einkum í því að fá fé að láni á alþjóðamarkaði og endurlána það síðan. Hann nýtur mjög góðrar lánshæfiseinkunnar, þ.e. hann hefur einkunnina þrjú A sem er hærri einkunn en eigendur hans hafa. Á þessu ári hefur t.d. fé verið fengið að láni í stórum stíl í jenum. Bankinn firrir sig beinni gengisáhættu með lána- og vaxtaskiptasamningum o.fl. Hann leggur mikið upp úr áhættustjórnun og það hefur skilað góðum árangri.

Í 1. og 2. töflu er yfirlit yfir útistandandi lán bankans og lántakendur.

Tafla 1: Útistandandi lán 1990–94

Upphæðir í millj. ekna	31/12 1990	31/12 1991	31/12 1992	31/12 1993	31/8 1994
Útistandandi lán alls	251,4	284,4	304,2	350,7	358,0
Fjöldi lántakenda	26	23	25	25	27
Fjöldi lána	56	64	67	70	74

	31/12 1990	31/12 1991	31/12 1992	31/12 1993	31/10 1994
Útistandandi alls milljarðar kr. 1)	21,2	24,0	25,7	29,6	30,2

1) Fast gengi eku 84,39 17/10 1994

Tafla 2: Yfirlit yfir lántakendur og útistandandi lán 17. október 1994

Lántakendur	**Fjöldi lántakenda**	**Upphæð í m.kr.**
Fjárfestingarsjóðir og bankar	8	14.494
Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga	6	8.207
Ríkissjóður	1	4.282
Sveitarfélög	3	1.961
Einkafyrirtæki	9	1.267
Samtals	27	30.211

Ísland og starfsemi NIB.

Á árinu 1994 hafa verið samþykkt sjö ný lán til Íslands alls að upphæð 1.267 millj. ísl. kr. Útborguð ný lán á árinu nema hins vegar alls 3,292 milljörðum kr.

Ný samþykkt lán og útborganir greinast á lántakendur samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tafla 3: Samþykkt og útborguð lán til Íslands 1994

Upphæðir í millj. kr.	**Samþykkt 1994**		**Útborgað 1994**	
	Fjöldi	**Upphæð**	**Fjöldi**	**Upphæð**
Ríkissjóður			1	700,0
Sveitarfélög	2	800,0	2	775,0
Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga	1	72,0	2	1422,0
Atvinnuvegasjóðir	1	150,0	1	150,0
Einkafyrirtæki	3	245,0	3	245,0
Samtals	7	1267,0	9	3292,0

Til samanburðar voru samþykkt níu lán til Íslands árið 1993 að jafnvirði 5,2 milljarða kr., en útborguð lán til Íslands í fyrra námu ríflega 3,6 milljörðum kr. Það er því um að ræða nokkurn samdrátt frá fyrra ári, einkum hvað varðar samþykktir nýrra lána sem skýrist af minni fjárfestingu en áður. Einn stærsti hópur íslenskra lántakenda undanfarin ár hafa verið atvinnuvegasjóðirnir, en í ár var aðeins samþykkt eitt lán til þess hóps lántakenda. Þetta má einkum rekja til þess að eftirspurn lántakenda eftir lánum í íslenskum krónum hefur aukist en sjóðirnir afla þeirra á innlendum markaði.

Eitt af einkennum í starfsemi NIB á Íslandi í ár hefur einmitt verið umfangsmikil gjaldmiðlabreyting veittra lána til Íslands, úr erlendum gjaldmiðlum yfir í íslenskar kr. Erlend lán frá NIB í íslenskum krónum nema nú jafnvirði 5,1 milljörðum krónum sem svarar til um 17% af heildarlánveitingum NIB til Íslands. NIB er enn sem fyrr langstærsti einstaki erlendi lánveitandinn til Íslands með um 11% af heildar langtíma erlendum skuldbindingum þjóðarbúsins, en heildarlánveitingar NIB til Íslands námu ríflega 30 milljörðum kr. í lok október 1994. Hlutur Íslands í lánveitingum NIB hefur farið heldur hækkandi undanfarin ár, en útistandandi lán NIB til Íslands í lok ágúst 1994 námu 9,7% af heildarútlánum bankans til Norðurlanda sem aftur eru um 84% af heildarútlánum NIB (norræn og alþjóðleg lán). Vegna minni fjárfestingar á Íslandi að undanförnu samfara verulegri aukningu á hinum Norðurlöndunum, einkum í Svíþjóð og Finnlandi, er líklegt að hlutfall Íslands í heildarútlánum bankans geti lækkað nokkuð á ný á komandi missirum.

Útlán flokkast undir norræn útlán svo lengi sem áhættan tengd lánveitingunni er bundin við Norðurlönd. Sjálft verkefnið, sem fjármagnað er, getur í einstökum tilvikum verið utan Norðurlanda. Nýlegt dæmi um slíkt lán er varðar Ísland er lánveiting NIB til íslensks fyrirtækis í sjávarútvegi vegna fjárfestinga þess í öðru fyrirtæki í Afríku sem starfar innan sömu greinar. Ekki er ólíklegt að slíkar fjárfestingar geti orðið algengari í framtíðinni samhliða auknum samruna, t.d. innan Evrópu, er fyrirtæki leita leiða til að bæta samkeppnishæfni sína og afla nýrra markaða fyrir framleiðslu sína og þjónustu.

Útistandandi lán til 27 lántakenda nema alls jafnvirði 358,0 millj. ekna eða 30.211 millj. kr. og greinast þannig á einstaka gjaldmiðla:

Tafla 4: Útistandandi lán til Íslands 17. október 1994

Mynt	Upphæð í milljónum	Hlutdeild í útlánum alls (%)	Jafnvirði í millj. ekna
USD	194,7	43,0	153,9
ISK	5130,9	17,0	60,8
DEM	102,3	15,0	53,7
CHF	71,9	12,6	45,3
NOK	135,0	4,5	16,2
FRF	104,6	4,5	16,0
JPY	1000000	2,3	8,2
GBP	2,7	1,0	3,4
ECU	0,4	0,1	0,4
		100,0	358,0

Tafla 5: Hlutdeild Íslands í útistandandi lánum NIB til Norðurlanda

	31/12 1990	31/12 1991	31/12 1992	31/12 1993	31/8 1994
Útistandandi lán	8,3%	8,4%	8,3%	9,1%	9,7%
Fjöldi lántakenda	7,8%	6,8%	7,3%	7,3%	7,6%
Fjöldi lána	11,7%	13,7%	13,2%	13,9%	15,0%

Eignarhluti Íslands í NIB er u.þ.b. 1%.

Stjórn bankans.

Jón Sigurðsson tók við sem aðalbankastjóri NIB í apríl sl. af Norðmanninum Jannik Lindbæk. Í bankaráðinu eiga nú sæti af Íslands hálfu: Guðmundur Magnússon, sem jafnframt er formaður bankaráðsins, og Tómas Árnason. Varamenn þeirra eru Ásgeir Jóhannesson og Þorkell Helgason.

12.2. Norræni iðnaðarsjóðurinn

Norræni iðnaðarsjóðurinn var stofnaður árið 1973. Tilgangur Norræna iðnaðarsjóðsins er að hvetja til norrænnar samvinnu um tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Auk þess á sjóðurinn að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni afurða, framleiðsluferla og þjónustu innan Norðurlanda með þátttöku í verkefnum og áætlunum á sviði tæknirannsókna og iðnþróunar. Sjóðurinn á að starfa með atvinnulífinu,

rannsóknaráðilum og yfirvöldum á Norðurlöndum, m.a. með því að stuðla að aukinni framleiðni í norrænum rannsóknum.

Sjóðurinn hafði árið 1994 60,6 millj. d.kr. til ráðstöfunar auk heimildar til að lofa framlögum til verkefna sem greiðast af fjárlögum næsta árs, alls að upphæð 69,8 millj. d.kr.

Um 80% af verkefnafé sjóðsins fer til áherslusviðanna NordFood (matvælaiðnaður), NordList (orkusparandi létt hönnun), Nordic Wood (tréiðnaður) og NordPap (pappírsiðnaður). Um 20% fara til rannsókna- og þróunarverkefna utan áætlana. Áætlanir eru komnar vel af stað. NordFood-áætlunin samanstendur af fjórum þáttum, NordList af þremur, Nordic Wood af sex og NordPap af fjórum þáttum.

Áætlunum á sviðum líftækni og efnistækni lauk árið 1994. Mat á efnistækniáætluninni liggur fyrir sem skýrsla í ritröð sjóðsins. Í líftækniáætluninni er verkefnunum lokið, og haldin hafa verið nokkur málþing. Nú hafa verið gefin út yfir 600 rit í tengslum við áætlunina, en mat á henni hófst 1994.

Þótt sjóðurinn hafi beint áherslum sínum að þessum sérsviðum er mikilvægt að hann haldi tengslum við fleiri svið norræns iðnaðar. Af þeim sökum hefur sjóðurinn m.a. styrkt nettengslaáætlun í ónæmistækni, þróun nýrra aðferða við rafsuðu og yfirborðsmeðferð, þróun umhverfisaðhæfðrar steypu, bætt umhverfi í djúpþrykksprentsmiðjum og verkefni á norrænum samstarfsvettvangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja o.fl.

Mikilvægt hlutverk sjóðsins er að eiga frumkvæði að og taka þátt í því að starfsmenn iðnfyrirtækja annars vegar og rannsókna- og menntastofnana hins vegar þrói norræn samskipti á sínum sviðum. Verkefni, sem sjóðurinn fjármagnaði árið 1994 á því sviði, eru m.a.: Útgáfa og ritstjórn tímaritsins "New Nordic Technology", málþing norrænna rektora um iðnaðarmál og norrænt samstarfsátak undir kjörorðinu „Tækni og iðnþróun við aldamót". Einnig má telja hér með framkvæmd námsmannaskipta á tæknisviði, NORDTEK.

Stjórn Norræna iðnaðarsjóðsins skipaði í ár norrænan samstarfshóp sem fékk það verkefni að vinna samnorræna áætlun fyrir norrænu stofnanirnar sem fjármagnaðar eru af rannsókna- og menntasviði og Norræna iðnaðarsjóðnum. Í samstarfshópnum eru fulltrúar frá öllum stofnunum á Norðurlöndum sem fjármagnaðar eru af rannsókna- og menntasviði.

12.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NoPEF)

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nordiska projektexportfonden, NoPEF) er að hvetja til samstarfs norrænna fyrirtækja og þátttöku þeirra í útflutningsverkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn styrkir norræn fyrirtæki og stofnanir til að gera

forathuganir og arðsemisathuganir vegna verkefna sem talin eru arðbær og þjóna hagsmunum Norðurlandanna. Í þessu skyni getur sjóðurinn styrkt gerð forathugana um allt að 50% af kostnaði við gerð þeirra. Styrkurinn er veittur í formi áhættuláns sem að öllu jöfnu þarf að endurgreiða ef verkefnið leiðir til sölusamnings en annars ekki.

Auk þessarar meginstarfsemi beitir sjóðurinn sér meðal annars fyrir ýmsum athugunum sem hafa almenna þýðingu fyrir norrænan verkútflutning. Þannig beitir hann sér fyrir sérstökum könnunum á sóknarfærum í verkefnaútflutningi, svo sem á nýjum mörkuðum eða á nýjum sviðum. Þá getur NoPEF haft frumkvæði að verkútflutningi með því að koma á samstarfi fyrirtækja. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn gengst einnig fyrir alþjóðlegum fundum og ráðstefnum á sviðum og mörkuðum sem teljast áhugaverð fyrir norrænt atvinnulíf.

Frá og með 1. janúar 1995 veitir sjóðurinn jafnframt skilyrt lán til alþjóðavæðingar fyrirtækja. Lánin eru veitt til að standa straum af kostnaði við forvinnu sem miðar að því að koma á samstarfi norrænna fyrirtækja og fyrirtækja utan Norðurlanda, endurskipulagningu fyrirtækja, nýfjárfestingu og stofnun dótturfyrirtækja í löndum utan ESB og EFTA.

Smá og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum.

Loks felur Norðurlandaráð sjóðnum tímabundin verkefni af ýmsu tagi. Þannig var sjóðnum falið að ráðstafa 300 millj. kr. á árunum 1990–92 til þess að örva útflutning sem stuðlar að umhverfisvernd og frá 1992 hefur sjóðurinn haft það verkefni að örva fjárfestingu í baltnesku löndunum samkvæmt sérstakri áætlun sem nefnist baltneska fjárfestingaráætlunin.

Þáttur NoPEF í baltnesku fjárfestingaráætluninni hefur snúið að stuðningi við athuganir á uppbyggingu smárra og meðalstórra fyrirtækja í baltnesku löndunum í samvinnu við norræn fyrirtæki. Samkvæmt áætluninni fékk sjóðurinn 5 millj. ekna (um 400 millj. ísl. kr.) til ráðstöfunar í þessu skyni. Þessi þáttur hefur sett mikinn svip á starfsemi sjóðsins á þessu ári eins og í fyrra.

985 verkefni á tólf árum.

NoPEF hefur nú starfað í tólf ár og fjallað um 985 verkefni (til 1. desember 1994) og þar af samþykkt lán og styrki til 511 verkefna að fjárhæð um 1,7 milljarðar kr. Á árinu 1994 veitti sjóðurinn styrki til 73 verkefna. Þessi verkefni skiptust þannig á Norðurlöndin og markaðssvæði:

	Fjöldi		Fjöldi
Danmörk	31	Austur-Evrópa	17
Finnland 10	Asía	10	
Ísland	2	Suður-Ameríka	2
Noregur	11	Afríka	2
Svíþjóð	18	Baltneska fjárfestingaráætlunin	42
Sameiginlegt	1		
Samtals 73	**Samtals**	**73**	

Eins og þessi skipting sýnir hefur baltneska fjárfestingaráætlunin verið fyrirferðamest í starfsemi sjóðsins á árinu 1994. Samtals 42 verkefni af 73 féllu undir þessa áætlun. Enginn vafi er því á að umrædd áætlun hefur stuðlað að aukinni fjárfestingu norrænna fyrirtækja í baltnesku löndunum.

Íslensk verkefni.

Samtals hafa 21 íslenskt verkefni fengið stuðning frá sjóðnum að fjárhæð um 82 millj. kr. Flest verkefnanna hafa tengst sjávarútvegi og orkubúskap, enda hafa Íslendingar haft fram að bjóða þekkingu á þessum sviðum sem er samkeppnishæf á alþjóðavettvangi. Einnig hefur sjóðurinn styrkt útflutningsverkefni á öðrum sviðum, meðal annars á sviði byggingariðnaðar, verktakastarfsemi, heilbrigðisþjónustu og hrossaræktar. Að auki tengjast íslenskir hagsmunir mörgum almennum verkefnum sem sjóðurinn hefur beitt sér fyrir í þágu atvinnulífsins á Norðurlöndum. Á árinu 1994 samþykkti NoPEF styrki til tveggja íslenskra verkefna sem eftirtalin fyrirtæki stóðu að:

	Finnsk mörk
Rafhönnun	347.000
HEH	835.000

Samtals samsvarar hlutur íslenskra fyrirtækja í styrkveitingum frá NoPEF um 5% af heildarstyrkveitingu sjóðsins. Hlutur Íslendinga í greiðslum til sjóðsins er 1%.

NoPEF, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors. Stjórnarformaður sjóðsins er Þórður Friðjónsson, en auk hans er Stefán Friðfinnsson í stjórninni fyrir Íslands hönd. Þorsteinn Ólafsson er forstjóri NoPEF.

12.4. Norræni þróunarsjóðurinn

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsingfors og nýtur samrekstrar með

honum að mörgu leyti. Stofnfé sjóðsins er 250 millj. SDR (um 25 milljarðar kr.) sem greiðist af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn“ og kemur síðasti hlutinn til greiðslu árið 1998.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lánin eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en með 0,75% þjónustugjaldi á ári.

Í lok nóvember 1994 hafði stjórn sjóðsins veitt vilyrði fyrir lánum til 53 verkefna í 27 þróunarlöndum að upphæð 186,9 millj. SDR (um 18,7 milljarðar kr.). Þar af hafa verið undirritaðir 43 lánasamningar að upphæð alls 151,6 millj. SDR (um 15 milljarðar kr.).

Tvö lán hafa verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Hið fyrra er lán til fiskveiðiverkefnis í Malawi og er lánsupphæðin 2,8 millj. SDR (um 280 millj. kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Alþjóðabankanum. Hið síðara er til fiskveiðiverkefnis í Namibíu og er lánsupphæðin 1,5 millj. SDR (150 millj. ísl. kr.). Þar tekur NDF þátt ásamt Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) í að fjármagna samstarfsverkefni Íslenskra sjávarafurða hf. og Ríkisútgerðarfélags Namibíu sem í sameiningu standa í verulegum fjárfestingum vegna uppbyggingar á veiðum og vinnslu. Hið sameiginlega fyrirtæki heitir Seaflower Whitefish Corporation. Lán NDF fer til tækjabúnaðar í frystihúsi sem byggt verður í bænum Luderitz. Verulegur hluti lánsins verður notaður til kaupa á flæðilínum og rafeindavogum frá Íslandi. NIB lánar hluta af fjárfestingu Íslenskra sjávarafurða hf. í Seaflower Whitefish Corporation.

Miklar líkur eru á að tvö lán til viðbótar með beinni íslenskri þátttöku verði undirrituð í desember 1994 eða janúar 1995. Þar er um að ræða fiskveiðiverkefni á Grænhöfðaeyjum í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og hitaveituverkefni i Tanggu í Kína í samvinnu við NIB. Lánsupphæðir NDF til verkefnanna eru 2,1 millj. SDR (210 millj. kr.) til Grænhöfðaeyja en 1 millj. SDR (100 millj. kr.) til Kína. Að þessum lánum undirrituðum verða heildarlán NDF til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum 7,4 millj. SDR (um 740 millj. ísl. kr.).

Þess utan eiga sér stað viðræður milli NDF, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Dönsku þróunaraðstoðarinnar (Danida) um hugsanlega samvinnu við fiskveiðirannsóknir við Mosambique. Þar er m.a. rætt um þann möguleika að nota Feng (skip Þróunarsamvinnustofnunar Íslands) til rannsókna á grunnslóð. Ósk um þetta hefur borist frá sjávarútvegsráðuneyti Mosambique.

Norræni þróunarsjóðurinn hefur sjö starfsmenn. Meðal þeirra er einn Íslendingur, Engilbert Guðmundsson hagfræðingur, en hann gegnir starfi aðstoðarframkvæmdastjóra sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Fulltrúi Íslands er dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en varamaður dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jens Lund Sørensen frá Danmörku.

12.5. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Ísland fer með formennsku í stjórn Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins. Í lok október 1994 hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í 36 umhverfisverkefnum og auk þess gefið fyrirheit um þátttöku í 41 öðru verkefni. Heildarfjármögnun NEFCO í þessum 36 verkefnum er áætluð um 32 millj. ECU eða um 80% af stofnfé félagsins. Þess má geta að heildarfjárveiting til þeirra 36 verkefna sem NEFCO hefur samþykkt að taka þátt í, er áætluð 310 millj. ECU (u.þ.b. 25 milljarðar kr.), þannig að augljóst er að hér er um umtalsverða fjárfestingu í umhverfisbætandi verkefnum að ræða. NEFCO er samstarfsaðili í tveimur verkefnum þar sem íslensk fyrirtæki leggja til þekkingu. Auk þess hafa tvö önnur íslensk verkefni fengið jákvæðar undirtektir hjá stjórn NEFCO. Á árinu hefur farið fram mat á starfsemi NEFCO og á grundvelli matsins og tillögum stjórnar NEFCO, ákváðu umhverfisráðherrar á fundi sínum í Tromsø í nóvembermánuði sl. að vinna að því heima fyrir að fá samþykki þjóðþinga sinna fyrir tvöföldun á stofnfé NEFCO á tímabilinu 1996 til ársins 2001. Stjórn NEFCO hélt kynningarfund fyrir íslensk fyrirtæki hér á landi í september þar sem kynnt var starfsemi félagsins og uppbygging þess og bent á þá möguleika sem íslensk fyrirtæki hafa í samstarfi við NEFCO.

12.6. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Mat verkefna.

Mat starfsmanna sjóðsins á lánshæfni umsóknarverkefna er þrískipt. Öll þrjú matsatriði verða að vera jákvæð með tilliti til hæfni verkefnanna til fjármögnunar úr sjóðnum.

Í fyrsta lagi verður verkefnið að vera gott þróunarverkefni í skilningi samþykkta sjóðsins og stjórnar hans. Er þá sérstaklega átt við þróun í útflutningi, sparnað á innflutningi, hagræðingu á þjónustu eða nýsköpun atvinnuvega. Þetta matsatriði byggist mikið á reynslu og oft er leitað til opinberra stofnana eða ráðuneyta ef vafi leikur á.

Í öðru lagi fer fram greining á rekstrarefnahag og markaðsmöguleikum verkefnisins hjá sjóðnum í nánu samstarfi við umsækjendur. Þessi greining er oftast nær nokkuð tímafrek enda fer hún ofan í kjölinn á forsendum og áætlunum allt að tíu ár fram í tímann. Henni lýkur með áætlun fyrir rekstur og jöfnuð sem umsækj-

andi og sjóðurinn samþykkja. Þótt ótrúlegt kunni að virðast koma oft veikleikar fram við slíka greiningu, jafnvel hjá reyndum fyrirtækjum. Litið er á fjármögnunina í heild ef fleiri lánastofnanir eru inni í dæminu.

Í þriðja lagi verður að vera nægileg trygging fyrir endurgreiðslu láns ef illa skyldi fara og verkefnið verða gjaldþrota. Fjallað er nánar um veð og áhættu þeirra hér á eftir.

Áhættumat verkefna og veða.

Þegar á öðru starfsári, 1989, hóf sjóðurinn að beita áhættumati bæði á verkefnunum og þeim veðum eða ábyrgðum sem veittar voru til tryggingar á endurgreiðslu lánsfjár.

Áhættumat verkefna er í eðli sínu huglægt og háð reynslu starfsmanna sjóðsins eða ráðgjafa þeirra og beinist að athafnasviði, stjórnendum og aðstæðum verkefnanna.

Áhættumat veðanna byggist í fyrsta lagi á óháðu markaðsmati reyndra fagmanna utan sjóðsins (á Íslandi er yfirleitt miðað við sölu innan eins árs) og í öðru lagi á huglægu reynslumati starfsmanna sjóðsins á mögulegri verðrýrnun veðsins ef eigendur skyldu verða gjaldþrota enda aðstæður við sölu veðs allt aðrar hjá gjaldþrota fyrirtæki. Beinist mat starfsmanna sjóðsins að staðsetningu, ástandi og hinni sérhæfðu notkun veðsins.

Matsgerðir þessar koma loksins saman í eina tölu sem lýsir áhættumati sjóðsins á útlánum til einstakra verkefna og einnig til útlána í heild. Þær eru að miklu leyti háðar reynslu starfsmanna og því eðlilegt að gæði og notagildi þeirra aukist verulega með tímanum og með aukningu á fjölda útlána. Reynslan af matsaðferðum sjóðsins hefur verið góð til þessa. Þær þykja ekki tímafrekar og auðvelda samanburð á verkefnum.

Áhættumat útlána er notað til þess að meta öryggi þeirra á lánstímabilinu og vísa þeim lánsmálum frá sem af einhverjum ástæðum geta ekki uppfyllt skilyrði sjóðsins til veða. Einnig eru þau notuð til þess að ákveða stærð afskriftareiknings útlána á ári hverju.

Länskjör.

Öll lán frá sjóðnum til þessa eru lán með viðmiðun við erlenda gjaldmiðla og eru þar algengastir danskar krónur (DKK), þýsk mörk (DEM) og bandaríkjadalir

(USD). DKK hefur lengi verið algengastur en DEM hefur færst mjög í aukana síðustu árin.

Vextir miðast við markaðsþróun millibankavaxta og stöðugleika þeirra á mörkuðum erlendis. Dæmigerður vaxtamunur hefur verið um 1,0–1,5 % á ári til þessa hjá sjóðnum, en hann er talinn nægilegur við venjuleg rekstrarskilyrði.

Ekki hefur vöxtum verið beitt þannig að mismunur sé gerður á verkefnum samkvæmt einhverju gæðamati hjá sjóðnum enda er það ekki talið hlutverk vaxtanna hjá sjóðnum. Slík mismunun gæti hæglega bitnað á góðum þróunarverkefnum sem síst mega við því.

Lengd lána fer að miklu leyti eftir þörfinni eins og hún kemur fram í greiningu sjóðsins á rekstrarefnahag umsóknarverkefna. Einnig er tekið tillit til væntanlegs aldurs verkefnisins á markaði og kemur þá t.d. oft í ljós að hátækniverkefni eiga sér stuttan aldur.

Öll lán frá sjóðnum eru undanþegin stimpilgjöldum samkvæmt lögum.

Útlán.

Umsóknum fjölgaði allverulega 1993 en hefur aftur fækkað 1994. Í lok nóvember hafa aðeins fimm lán verið greidd út til íslenskra verkefna og eitt lán til grænlensks verkefnis. Engin lán hafa verið afgreidd til Færeyja á árinu. Nokkur lán til íslenskra verkefna verða væntanlega greidd út fyrir jólin enda hefur stjórn sjóðsins þegar samþykkt þrjú þeirra.

Engin ný samstarfsverkefni landa á milli í útnorðri hafa komið fram í dagsins ljós og má segja að sá þáttur í tilgangi sjóðsins hafi valdið vonbrigðum fram að þessu. Hins vegar má halda því fram eftir fengna reynslu að slík verkefni séu eðlilega sjaldgæf, en ekki að öllu leyti ólíkleg og má þar nefna ferðamál sem líklegan vettvang samstarfsverkefna.

Útlán sjóðsins eru að miklu leyti í skilum, en þó eru vanskil meiri nú en á fyrri árum, ekki síst á útlánum til íslenskra fyrirtækja. Aðeins fjögur ný vanskilamál eru talin alvarleg og líkleg til vandræða eða taps fyrir sjóðinn. Eru tvö þeirra grænlensk og tvö færeysk.

Sjóðurinn hefur komist hjá tapi á útlánum fram til þessa þótt nokkur verkefni hafi farið illa og endað með gjaldþroti. Á þessu áru kemur þó að því að áætlaður afskriftareikningur útlána verði notaður, en mat á öryggi útlána er byggt á líkum eins greint er frá að framan.

Um þrjú hundruð umsókna hafa borist til sjóðsins frá upphafi, en tæplega helmingur þeirra hefur verið með þeim formlega hætti og nægilegum upplýsingum sem nauðsynlega þarf til umfjöllunar og greiningar. Alls hafa starfsmenn sjóðsins fjallað um og greint um

hundrað og þrjátíu umsóknir. Tæplega sjötíu þessara umsókna hafa verið lagðar fyrir stjórn sjóðsins og hefur einni umsókn verið hafnað en hinar allar samþykktar.

Styrkveitingar og skilyrt lán.

Fyrir rúmu ári ákvað stjórn sjóðsins að veita eingöngu styrki í undantekningartilfellum í sambandi við útlán enda hafa aðeins tveir styrkir verið veittir til þessa og þeir báðir til íslenskra verkefna. Stærð styrkja þótti vera eðlileg allt að 5,0 millj. ísl.kr.

Þess ber að geta að samkvæmt samþykktum getur sjóðurinn aðeins veitt styrki eða lán, sem í felst veruleg áhætta, úr uppsöfnuðum arði. Þessi regla setur að sjálfsögðu takmörk fyrir fjármögnun úr sjóðnum með svonefndu áhættufé.

Í stað styrkja var ákveðið að reyna um tíma aðra útlánstegund sem nefnist skilyrt lán til forkönnunar á sérstökum þróunarverkefnum. Þessi skilyrtu lán eru yfirleitt lítil (allt að 5,0 millj. ísl.kr.) og eru veitt í sambandi við stærri lánamál eins og styrkirnir. Skilyrtu lánin þarf ekki að endurgreiða ef verkefnið mistekst þótt vel og skilmerkilega hafi verið að því staðið. Þrjú slík lán hafa verið greidd út til íslenskra fyrirtækja á síðustu þremur árum.

Meðferð skilyrtra lána er mjög vandasöm, en of snemmt er að meta endanlega hæfni slíkra lána til verkefna í útnorðri og einnig fyrir starfshætti sjóðsins.

Reksturinn.

Rekstur sjóðsins er sjálfstæður að mestu leyti. Hann leigir skrifstofuhúsnæði á hentugum stað (nú hjá Byggðastofnun í Reykjavík) og kaupir sérfræðingaþjónustu af ýmsu tagi (lögfræðingar, matsmenn veða, skjalaþýðendur o.s.frv.) þegar nauðsyn krefur. Þrátt fyrir smæð sjóðsins er þetta nokkuð hentugur rekstrarmáti.

Sjóðurinn hefur fram að þessu þurft að fjárfesta í ríkiskuldabréfum (dönskum) til þess að ná bestu ávöxtun á eignum sínum bæði til langs og skamms tíma. Í sambandi við þessa starfsemi hefur hann fengið og notið ráða ýmissa erlendra banka.

Öll starfsemi sjóðsins hefur aukist verulega á síðustu árum og eru starfsmenn nú fjórir en alls eru stöðugildin þrjú að forstjóranum meðtöldum. Tveir starfsmenn vinna aðeins hálfan daginn í sambandi við bókhald og ritarastörf. Einn nýr starfsmaður var ráðinn 1993 og starfar hann aðallega við greiningu rekstrarefnahags umsóknarverkefna.

Tveir stjórnarfundir eru haldnir á ári hverju, einn í Kaupmannahöfn á vetrum og annar til skiptis í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi á sumrum. Langflest lánamál eru afgreidd skriflega í fjarskiptum og fjalla stjórnarfundir því mikið um stefnu- og efnahagsmál.

Rekstur sjóðsins og ástand útlána hefur fram að þessu verið þannig að hagnaður hefur verið af starfseminni á hverju starfsári. Hagnaðurinn fyrir árið 1994 verður varla

mikill þótt endanlegar tölur séu ekki þekktar, enda sýndi uppgjör á miðju ári nánast engan hagnað vegna tapa á grænlenskum og færeyskum útlánum.

Sjóðurinn er ekki á fjárlögum aðildarlanda nema hvað greiðslu stofnfjár varðar. Greiðslur þessar voru ákveðnar við stofnun sjóðsins 1986 og þeim lýkur 1995. Starfsemi sjóðsins fer að öllu leyti fram við almenn markaðsskilyrði samhliða öðrum lánastofnunum og verður sjóðurinn að standa sjálfur fyrir sínum rekstri og efnahag.

Segja má að starfsemi sjóðsins sé nú á tímamótum. Hún hefur byrjað hægt eins og við mátti búast hjá fjárfestingarsjóði á athafnasvæði í kreppu. Útlán hafa þó aukist verulega, sérstaklega á síðasta ári (1993). Aukningin er að verulegu leyti á útlánum til Íslands.

Nýting stofnfjár – miðuð við þá reglu samþykkta, að útistandandi lán mega verða alls að upphæð tvöföld stærð stofnfjár – er að nálgast 50% sem aftur á móti þýðir að sjóðurinn verður að útvega sér hagstæð innlán á næstunni til þess að geta haldið áfram starfseminni. Fram til þessa hefur sjóðurinn eingöngu aflað sér innlána til þess að ná jöfnuði í tegundum gjaldeyris og þar af leiðandi minni áhættu.

Langflest útlán hafa verið veitt til Íslands en fæst til Færeyja (aðeins tvö), enda er efnahagsástandið þar óvenju slæmt eins og allir vita.

Sjóðurinn hefur frá upphafi veitt lán til þróunarverkefna í flestöllum atvinnugreinum og af ásettu ráði í mjög breiðum skilningi – en þó í samræmi við samþykktir sjóðsins. Þetta hefur verið gert til þess að ná fótfestu og reynslu á athafnasvæðinu.

Nú þegar þessu takmarki hefur verið náð að verulegu leyti er tími til kominn, að mati stjórnarmanna að ákveða nánar og einbeita betur starfsemi sjóðsins inn á svið þróunarverkefna með verulega nýsköpunarmöguleika eins og það frekast er unnt – án þess að glata hinni sterku fjárhagsstöðu sem sjóðurin hefur nú. Þetta áform mun að sjálfsögðu takmarkast eitthvað af samþykktum sjóðsins eins og þær eru nú.

Í stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda sitja sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra varamann. Fyrir Íslands hönd situr Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, í stjórn sjóðsins og er hann jafnframt formaður stjórnar til haustsins 1995. Varamaður Sturlaugs er Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu.

II. ÁÆTLUN UM NORRÆNT SAMSTARF 1995 (C2)
Greinargerð Norrænu ráðherranefndarinnar, samstarfsráðherranna

I. INNGANGUR

Framtíðarhorfur í norrænni samvinnu

Form og inntak norrænnar samvinnu í framtíðinni mun að miklu leyti mótast af þátttöku Norðurlanda í evrópska samrunaferlinu samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði (EES) og hugsanlegri aðild Finnlands, Noregs og Svíþjóðar að Evrópusambandinu (ESB).

Þetta hlýtur að setja mark sitt á samstarfsáætlun ársins og væntir ráðherranefndin þess að Norðurlandaráð hafi skilning á því að ekki er unnt að gera fastmótaðar áætlanir til langs tíma. Breytingar hafa þó verið ákveðnar í megindráttum.

Langt er síðan Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin tóku að ræða þá möguleika og þær afleiðingar sem samruni í Evrópu hefur í för með sér. Minnt er á nefnd Norðurlandaráðs um alþjóðlega samvinnu, áætlun ráðherranefndarinnar „Norðurlönd í Evrópu fram til 1992“, en þó einkum endurmat persónulegra fulltrúa forsætisráðherranna á norrænni samvinnu sem breytingarnar byggjast enn á.

Framangreindar hugmyndir eiga það sameiginlegt að litið er á Norðurlönd sem svæði sem nátengt er innbyrðis, með eigin sérkenni, einsleita menningu, verulegan skyldleika tungumála og ríka og langvarandi hefð fyrir samvinnu. Þetta kemur best í ljós í þeirri áherslu á menningu og menntun sem einkennir samstarfið nú á dögum. Á mörgum sviðum hafa Norðurlönd sömu hagsmuni og sama verðmætamat, og sameiginleg afstaða Norðurlandanna til mála hefur gert þeim kleift að stuðla að norrænum lausnum í evrópskri samvinnu. Í nokkrum tilvikum hefur einnig tekist að nýta umræður á norrænum vettvangi sem grundvöll málatilbúnaðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana.

Mikilvægt er að ræða tilhögun norrænnar samvinnu ef fleiri ríki Norðurlanda ganga í ESB. Öll núverandi aðildarríki ESB, ásamt þeim ríkjum sem sótt hafa um aðild að ESB, hafa í sameiginlegri yfirlýsingu í aðildarsamningnum staðfest að þau séu samþykk því að norrænt samstarf haldi áfram og nái til allra Norðurlanda og sjálfsstjórnarsvæða í fullu samræmi við lög ESB.

Þegar viðkomandi ríki hafa tekið endanlega ákvörðun um aðild að ESB verður að ákveða hvernig unnt verði að tengja hagsmuni einstakra ríkja Norðurlanda evrópska ferlinu, þ.e. hvernig sameiginlegt fjármagn Norðurlanda nýtist best í þessu sambandi.

Jafnbrýnt er að viðhalda samvinnu Norðurlandanna innbyrðis. Mikilvægara er en nokkru sinni fyrr að samvinnu Norðurlandanna sé beint að þeim viðfangsefnum sem henta best norrænum samstarfsstofnunum og á þeim sviðum þar sem norræn samvinna getur helst gegnt mikilvægu hlutverki.

Aukin norræn samvinna á að koma til viðbótar við en ekki í stað víðtækara samstarfs á vettvangi Evrópu og alþjóðavettvangi.

Því ríki, sem fer með formennsku hverju sinni, ber – samkvæmt þeim grundvallarreglum sem gilda um virka formennsku – að hafa frumkvæði að samstarfi á öllum sviðum þar sem þess er þörf. Þörfin fyrir samstarf verður mismunandi frá ári til árs og frá einu sviði til annars. Slíkur sveigjanleiki gerir mönnum einnig kleift að fylgja skjótt eftir því frumkvæði sem Norðurlandaráð tekur, svo og aðlögun að samstarfsþörf sem víðtækari evrópsk samvinna leiðir af sér.

Ráðherranefndin leggur áherslu á að gagnsemi fyrir Norðurlönd skuli vera inntak alls þess sem gert er. Stöðugt er því verið að endurmeta stofnanir og samstarfsverkefni þar sem áhersla er lögð á að starfsemin stuðli að verðmætaauka fyrir Norðurlönd. Þörfin eykst fyrir starfsemi sem spannar heil svið, svo og samvinnu milli hinna ýmsu sviða, til þess að samstarfsstofnanir verði næmari fyrir hinum pólitíska vilja, þannig að þeim takist að bregðast skjótt við honum í verki. Þrátt fyrir að styrkur norrænnar samvinnu byggist á fastmótuðu samstarfi á mikilvægum fagsviðum er gerð sú krafa til samstarfsstofnana að þær lúti pólitískri yfirstjórn.

Augljóst er að mikið atvinnuleysi er stærsti vandi Norðurlandaþjóða. Ekki nægir að hvert ríki leysi sín vandamál á eigin spýtur, heldur er þörf virkrar alþjóðlegrar samvinnu. Slíkt starf ber að auka og stefna Norðurlöndin að aukinni samræmingu á þessu sviði. Atvinnuleysi hefur einnig í för með sér ýmis neikvæð áhrif sem nauðsynlegt er að berjast gegn.

Á komandi árum mun ráðherranefndin beita sér með virkum hætti gegn kynþátta- og útlendingahatri.

„Norræn samkennd" byggist á menningu og sögu, skyldleika tungumálanna og sameiginlegu gildismati. Ráðherranefndin mun því halda áfram að leggja áherslu á menningu og menntun í því skyni að efla norræna samkennd.

Umhverfismál tilheyra stórum málaflokki sem útheimtir víðtæka samræmingu milli hinna ýmsu sviða samfélagsins. Ráðherranefndin gerir ráð fyrir að löndin fimm haldi einnig á næstu árum áfram samstarfi um mótun norrænnar stefnu í umhverfismálum.

Grannsvæði Norðurlanda fá síaukna þýðingu fyrir þau. Þótt ríkisstjórnir Norðurlanda séu nú uppteknar af samruna Vestur-Evrópu gera þær sér fulla grein fyrir því að grannsvæðin hafa mikla þýðingu fyrir þau. Samvinna við Eystrasaltsríkin og norðvesturhéruð

Rússlands, þar með talið Barentssvæðið og heimskautahéruðin, mun skipta vaxandi máli á komandi árum.

Meginmarkmið afskipta Norðurlanda af málefnum Eystrasaltsríkjanna og norðvesturhéraða Rússlands er að stuðla að lýðræðisþróun, mannréttindum og breytingum til markaðsbúskapar.

II. MENNINGARSAMVINNA

Ráðherranefndin mun stuðla að þróun samvinnu á sviði menningarmála í samræmi við forgangsröðun þá sem ákveðin var við nýskipan samstarfsins. Börn og ungmenni, málskilningur með sérstakri áherslu á íbúa Vestur-Norðurlanda og finnskumælandi Finna, norræn samkennd, söguskilningur og dreifing upplýsinga um norræna listsköpun eru málaflokkar sem settir verða í öndvegi bæði í hinum nýju aðgerðum ráðherranefndarinnar og þeirri starfsemi sem fram fer innan stofnana menningargeirans, í listanefndum og styrkjakerfum.

Sérstök markmið verða áfram aukin samræming menningarmálastefnu, jafnt innan hvers ríkis sem á vettvangi Norðurlandasamstarfsins, svo og aukin kynning á samnorrænum áherslum í menningarmálum. Í þessu sambandi hyggst ráðherranefndin stuðla að frekari þróun nettengsla milli menningarstofnana hinna einstöku ríkja sem skapast hafa við að aukið fjármagn hefur verið lagt í menningarkynningu þess lands sem heldur Norðurlandaráðsþing hverju sinni, svo og áframhaldandi samræmingu átaks í menningarmálum erlendis.

Ráðherranefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi aðgerða í menningarmálum, bæði hvað snertir samvinnu við grannsvæði og svæðisbundna þróun og baráttu gegn fordómum og kynþáttahatri í samfélögum okkar.

Norræn sjálfsvitund

Aukinn samruni í Evrópu vekur spurningar um samkennd Norðurlandaþjóða í framtíðinni. Bæði á sviði menningar og menntunar kunna mörkin milli evrópskrar og norrænnar samkenndar að færast til. Á komandi árum mun ráðherranefndin beina sjónum sínum að samkennd Norðurlandaþjóða, einkum meðal æskufólks, með því að hafa frumkvæði að kerfisbundinni rannsókn á því hvað hefur áhrif á samkennd okkar og þróun hennar. Slík rannsókn mun veita hagnýtar upplýsingar í þágu forgangsröðunar verkefna í norræni samvinnu í framtíðinni.

Norræni menningarsjóðurinn

Ráðherranefndin hyggst áfram leggja áherslu á Norræna menningarsjóðinn og efla það reglubundna samráð um forgangsröðun og frumkvæði sem menningar- og

menntamálaráðherrar landanna, menningarmálanefndin og stjórn sjóðsins hafa komið sér saman um.

Stjórn sjóðsins hefur einnig haft frumkvæði að árlegri sýningu sem ber heitið „Norræn sýning ársins" og áformað er að halda árlega í einhverju Norðurlandanna þannig að öllum þjóðunum, hverri á fætur annarri, gefist tækifæri til að halda hana. Fyrsta sýningin verður haldin í tengslum við verkefnið „Kaupmannahöfn – menningarborg ársins 1996". Meginuppistaða hennar verður hið gríðarmikla safn Asgers Jorns af ljósmyndum af norrænni list frá fornöld og miðöldum. Sýningin verður haldin í Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn og safninu í Silkeborg undir heitinu „Norræn alþýðulist í 10.000 ár – Asger Jorn". Með þessu frumkvæði vill stjórn sjóðsins stuðla að aukinni samvinnu á sviði lista og milli norrænna safna.

Norræn samvinna á sviði kvikmynda og fjölmiðla

Norræna ráðherranefndin hyggst stuðla áfram að aukinni samvinnu á sviði kvikmynda og fjölmiðla og auka framlög til hennar. Kvikmyndir og sjónvarpsefni eru öflugir menningarmiðlar og meginundirstaða menningarneyslu Norðurlandaþjóða. Á tímum vaxandi alþjóðavæðingar lifandi mynda og áhrifa landlausrar fjöldamenningar telur ráðherranefndin það meginverkefni sitt að reka virka norræna menningarmálastefnu til viðhalds og þróunar norrænni fjölmiðlamenningu sem eykur samkennd Norðurlandaþjóða og tilfinningu um sameiginlega menningararfleifð.

Ráðherranefndin hyggst einnig leggja sérstaka áherslu á nýjar aðgerðir til dreifingar norrænna kvikmynda og sjónvarpsefnis á öllum Norðurlöndum. Niðurstöðum í skýrslu menningarmálaráðherranna 1994 um dreifingu kvikmynda og sjónvarpsefnis verður fylgt eftir með markvissum aðgerðum sem stuðla að dreifingu allra tegunda myndmiðla, þ.e. kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis. Einnig mun stuðlað að dreifingu kvikmynda eftir öðrum leiðum, svo sem í skólum, á bókasöfnum, í Norrænu húsunum og víðar. Með því móti er unnt að tryggja sem besta landfræðilega dreifingu kvikmynda og fullnægja svæðis- og staðbundnum þörfum.

Lögð verður áhersla bæði á dreifingu í viðskiptaskyni og án þess að líta til peningahagsmuna. Metnir verða möguleikar á að notfæra sér norrænar kvikmyndahátíðir í auknum mæli og stofna til norrænna kvikmyndaverðlauna. Lögð verður sérstök áhersla á nýmæli sem snerta börn og ungmenni, svo og minnihlutahópa og íbúa jaðarsvæða Norðurlanda. Hvað varðar börn og ungmenni telur ráðherranefndin brýnt að slík nýmæli miðist við eigin forsendur framangreindra hópa. Í þessu sambandi telur ráðherranefndin augljóst samhengi milli aðgerða á sviði kvikmynda og sjónvarps, tungumála og annarra norrænna verkefna sem snerta börn og ungmenni.

Í tengslum við þróun norrænnar samvinnu á sviði Kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins hyggst ráðherranefndin stuðla að því að sjóðnum verði falin meiri ábyrgð til að tryggja dreifingu þeirra verka sem hann hefur stutt á öllum dreifingarstigum. Í þessu sambandi hyggst ráðherranefndin leggja mikla áherslu á að þær norrænu sjónvarpsstöðvar sem aðild eiga að sjóðnum hafi fleiri norrænar myndir á dagskrá og nýti sér með virkum hætti forgangsrétt sinn til sýningar kvikmynda. Þeim norrænu sjónvarpsstöðvum, sem eiga ekki aðild að sjóðnum en hafa undirgengist skuldbindingar samkvæmt útvarpslögum, er boðin aðild að sjóðnum frá 1995.

Þáttur í þessum áherslubreytingum er að Norræni blaðamannaskólinn mun halda áfram að halda námskeið fyrir norræna blaðamenn á sviði menningarmála í því skyni að vekja athygli á norrænni samvinnu á þessu sviði.

Ráðherranefndin telur augljósa þörf á að hafa frumkvæði að því að varpa ljósi á grundvallarskilyrði framtíðarþróunar norrænna fjölmiðla. Stórauknar stafrænar útsendingar sjónvarpsefnis á næstu árum krefjast viðbúnaðar og dugnaðar þar sem til norrænnar samvinnu á sviði fjölmiðla kunna að verða gerðar nýjar kröfur og nýir möguleikar að opnast. Tækniþróunin getur m.a. opnað nýja möguleika til skilvirkrar dreifingar sjónvarpsrása nágrannaþjóða innan Norðurlanda. Ráðherranefndin telur nauðsynlegt að kannaðar verði afleiðingar þróunar á þessu sviði hvað snertir útsendingarrétt, höfundarétt og menningarlegar afleiðingar.

Tungumálasamstarf

Skyldleiki tungumálanna og málskilningur er meginundirstaða norrænnar samvinnu og að stórum hluta sameiginlegt málefni menningar- og menntamálaráðherranna. Samvinna á báðum þessum sviðum og framtak beggja ráðherrannefndanna eru grundvöllur mótunar hinnar nýju áætlunar um tungumálasamstarf sem gengur í gildi 1995.

Málskilningur er mikilvægur þáttur í miklum hluta nýsköpunar á menningarmálasviðinu. Hún skal í meira mæli koma til góða finnsku- og samískumælandi fólki og íbúum Vestur-Norðurlanda þannig að breyttar áherslur stuðli bæði að aukinni upplýsingamiðlun og sterkari norrænni samkennd. Ráðherranefndin hyggst í því skyni beina sérstakri athygli að norrænum bókmenntum, með aðalherslu á bæði þýðingar og dreifingu efnis, svo og upplýsingar.

Börn og ungmenni

Börn og ungmenni eru sá þjóðfélagshópur sem verður fyrir hvað mestum áhrifum frá fjölmiðlum sem reknir eru í hagnaðarskyni, jafnt bókmenntum og sjónvarpi sem öðrum miðlum. Jafnvægi og mótvægi eru mikilvægir þættir í stöðugleika menningar, bæði innan hvers ríkis og á vettvangi Norðurlanda. Ef ætlunin er að viðhalda norrænni samkennd og

stuðla að vexti hennar skiptir mestu máli að beina sjónum að börnum og ungmennum. Af þeim sökum hyggst ráðherranefndin móta heildarstefnu í málefnum barna og ungmenna.

Ráðherranefndinni er ljóst að norræn samvinna á sviði menningarmála er m.a. fólgin í verkefnum fyrir börn og ungmenni á ýmsum fagsviðum (í listanefndum, stýrihópum og stofnunum) sem hvert um sig ber að hluta ábyrgð á átaki fyrir börn og ungmenni með stuðningsaðgerðum og að eigin frumkvæði. Ráðherranefndin gerir sér hins vegar grein fyrir því að nauðsynlegt er að ákveðin hugmyndafræði liggi til grundvallar allri starfsemi hinna mismunandi stofnana í þágu barna og unglinga. Einnig verður að setja framlög til nýsköpunarinnar í samband við aðgerðir stofnana á sama sviði, þannig að verkefni, sem ekki falla á eðlilegan hátt undir núverandi styrkjakerfi – eða eru of kostnaðarsöm – séu sett framar en önnur í forgangsröð við úthlutun fjármagns.

Ráðherranefndin hyggst vinna að því með skipulegum hætti að samræma forgangsverkefni vegna barna og ungmenna varðandi alla þætti áherslubreytinganna á sama hátt og á sviði menningar og menntamála.

Samvinna á sviði lista

Meginmarkmið ráðherranefndarinnar er að auka samskipti og kynnisferðir norrænna listamanna, koma hinum norræna menningararfi á framfæri, auka nettengsl listastofnana á Norðurlöndum og efla upplýsingastarf um norræna list á Norðurlöndum.

Með styrkjakerfi fyrir unga listamenn hyggst ráðherranefndin láta listanefndirnar efla upplýsingamiðlun þar sem leggja skal áherslu á aðstöðu og möguleika ungra atvinnulistamanna á Norðurlöndum.

Ráðherranefndin leggur mikla áherslu á starf norrænu safnanefndarinnar, en henni hefur verið falið á þriggja ára reynslutímabili, 1994–97, að örva norræn söfn til að annast verkefni sem efla norræna samkennd og menningartengsl. Í nefndinni sitja sérfræðingar frá lista- og menningarsögulegum söfnum á Norðurlöndum, einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Ráðherranefndin væntir þess að safnanefndin hafi frumkvæði að hlutbundnum samstarfsverkefnum, svo sem að koma á fót upplýsinganeti, vekja athygli á söfnum í norrænni samvinnu á sviði menningarmála og efla verndun norræns menningarumhverfis.

Norrænar listanefndir (norræna tónlistarnefndin, nefnd um leikhús og danslist á Norðurlöndum, norræna bókmennta- og bókasafnanefndin og norræna lista- og listiðnanefndin) vinna að því að efla og styrkja innviði norræns listalífs með því að stofna til upplýsingakerfis og nettengsla hver á sínu sviði.

Á tónlistarsviði hyggst ráðherranefndin – með hliðsjón af þeim listræna árangri sem náðist á fyrsta starfsári Norrænu hljómsveitarinnar (Orkester Norden) – meta skilyrðin til þess að breyta henni í Sinfóníuhljómsveit norrænnar æsku í hæsta gæðaflokki. Starfsemi í

þágu norrænna gestalistamanna mun fá byr undir báða vængi þegar Norræna listamannamiðstöðin í Dalåsen verður opnuð árið 1995.

Alþýðleg menningarsamvinna — söguvitund

Söguvitund og saga Norðurlanda verða ofarlega á verkefnalista ráðherranefndarinnar fram á stórafmælisár Kalmarsambandsins, 1997. Þetta stóra verkefni verður fyrst og fremst unnið í samvinnu við Norrænu félögin undir heitinu NORDLIV. Veruleg fjárframlög frá ráðherranefndinni eiga á næstu árum að gera mögulega herferð sem nær hámarki í Kalmar. Meginviðfangsefnin verða annars vegar starfsemi Norrænu félaganna til að beina áhuga almennings í einstökum byggðarlögum og á einstökum svæðum að atburðum sem tengjast sögu liðins tíma og hins vegar að veglegum sögusýningum og samstarfi á sviði menntunar og rannsókna á vegum ráðherranefndarinnar. Þessi atriði verða sameinuð í samræmdri upplýsingaherferð undir stjórn ráðherranefndarinnar.

Kynning á norrænum málefnum innan og utan Norðurlanda

Samnorrænar menningarkynningar erlendis (þ.e. utan Norðurlanda) hafa til þessa einkum beinst að fjarlægum löndum, svo sem Bandaríkjunum og Japan. Með hliðsjón af hinni öru þróun í Evrópu nú telur ráðherranefndin eðlilegt að beina menningarviðburðum einnig til Evrópulanda. Því ber að stuðla að og efla samstarf samnorrænna stofnana og stofnana í hinum einstöku ríkjum varðandi menningarviðburði erlendis.

Ráðherranefndin vinnur kappsamlega að því að kanna möguleikana á að stofna til víðtækrar norrænnar menningarkynningar í tengslum við alþjóðlegu bókasýninguna í Frankfurt haustið 1997. Og sennilega verður unnt að stofna til sýningar á norrænni hönnun á 20. öld í París á tímabilinu 1998 til 2000. Í því skyni að ná til almennings sem víðast í Evrópu hefur stjórnarnefnd norræna menningarverkefnisins erlendis haft frumkvæði að því kanna forsendur þess að senda norræna menningarlest um Evrópu.

Öflugt norrænt átak kemur til framkvæmda 1996 þegar Kaupmannahöfn verður menningarborg Evrópu. Tvær stórar sýningar, sem nánar er lýst í fjárhagsáætlun fyrir árið 1995, verða undir stjórn ráðherranefndarinnar: „Norrænir landkönnuðir“ og „Margrét fyrsta“. Fyrrnefnda sýningin er einkum ætluð börnum og ungmennum. Auk þess eru í undirbúningi ýmis verkefni handa börnum og ungmennum.

Norræn samvinna samkvæmt menningarmálasamningnum — skipulag og samstarf í framtíðinni

Í tillögu ráðherranefndarinnar um nýsköpun og nýtt skipulag á sviði menningar, menntunar og rannsókna, sem ráðherranefndin lagði fram á 42. þingi Norðurlandaráðs, var tekið fram að ráðherranefndin liti á tímabilið 1993–96 sem reynslutímabil hinnar nýju

uppbyggingar á samstarfssviðum menningarmálasamningsins. Undir lok þessa tímabils hyggst ráðherranefndin leggja mat á skipulagið og – ef þörf krefur – sníða bæði norræna menningarmálasamninginn og samninginn um Norræna menningarsjóðinn eftir nýjum þörfum.

Ráðherranefndin hyggst halda áfram starfi sínu að markmiðagreiningu og verkaskiptingu á samstarfssviðunum menning og menntun/rannsóknir, svo sem tungumálasamvinnu, börn og ungmenni, svo og samstarfi menningarsviðs við skóla og norræna sendikennara.

III. MENNTUN OG VÍSINDI

Markmið samstarfsins á sviði menntunar og vísinda er að koma á norrænu samfélagi á þessu sviði. Aukin einbeiting, góð nýting fjármagns og mannafla, ásamt því að leggja aukna áherslu á hina norrænu vídd í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi, verða lykilatriði í samstarfi Norðurlandanna á sviði menntunar og vísinda á næstu árum. Samstarfið verður því aðlagað óskum forsætisráðherranna um aukna áherslu á menntamál.

Ráðherranefndin hyggst greina hvernig best verði staðið að samræmingu samskipta Norðurlandanna við önnur ríki Evrópu. Greiningin á m.a. að leiða í ljós hvernig hægt er að nota samstarfsformið innan Norrænu ráðherranefndarinnar til að stuðla að samræmingu gagnvart ESB, svo og að kanna möguleika og áhuga á því að Norðurlöndin eigi sameiginlegan fulltrúa í tilteknum tæknilegum starfshópum og nefndum á vegum ESB. Enn fremur skulu kannaðir möguleikar Norðurlanda til að hafa áhrif á og stuðla að framgangi mála hvað snertir aukna samræmingu og samhæfingu milli helstu rannsóknaraðila í Evrópu.

Samstarf á sviði skólamála

Markmið ráðherranefndarinnar er að stuðla að þróun og aukinni samkennd í norrænu skólasamfélagi. Á tímabilinu mun ráðherranefndin setja nemenda- og kennaraskipti í forgangsröð, stuðla að samskiptum norrænna skólamanna og því að komið verði fót á upplýsingakerfi og nettengslum sem verki sem almennur hvati í samstarfi norrænna skóla. Í „Sérstakri framkvæmdaáætlun um norrænt skólasamstarf 1994–96“ birti ráðherranefndin ákveðnar tillögur um ýmis verkefni sem byrjað var á 1994 og fylgt verður eftir 1995 og 1996.

Í mars 1994 kom ráðherranefndin á fót norrænu samskiptaneti skóla. Á tímabilinu 1995–96 er ætlunin að samskiptanetið þróist sem gagnasafn og samskiptakerfi fyrir norræna skóla. Markmiðið er að skapa grunnkerfi til eflingar norrænu skólasamstarfi. Í samskiptanetinu eiga einstakir skólar að geta veitt og aflað sér nýjustu upplýsinga á fjölmörgum sviðum sem þeir sjálfir telja mikilvæg.

Almennings- og fullorðinsfræðsla

Ráðherranefndin vill gjarnan haga samstarfi um fullorðins- og almenningsfræðslu þannig að það ýti undir samvinnu almannasamtaka, frjálsra félagasamtaka og lýðháskóla. Í samræmi við framkvæmdaáætlunina „VOKS FREM" vill ráðherranefndin stuðla að aukinni samvinnu milli sviða innan fullorðinsfræðslunnar í því skyni að auka gæði og bæta heildarmyndina í menntastefnu fyrir fullorðna, jafnt í löndunum sjálfum sem í norrænu samstarfi. Meginþemun eru: hæfniskröfur í framtíðinni og nýjar námsaðferðir, þar á meðal nýting nýrrar tækni og fjarkennsla, svo og staðbundin fræðasetur.

Í samstarfi á sviði almennings- og fullorðinsfræðslu hyggst ráðherranefndin á komandi árum leggja áherslu á það sem skipta mun máli andspænis þeim hæfniskröfum sem aukin þátttaka í Evrópusamstarfi leggur okkur á herðar, svo og starfsemi sem varðar menntun og atvinnuleysi. Ráðherranefndin mun meta nýjar hugmyndir og ábendingar sem er að vænta í skýrslu norræns starfshóps í árslok 1994.

Styrkjakerfin norrænir almenningsfræðslustyrkir og norrænir lýðháskólastyrkir verða sameinaðir í styrktarsjóð fyrir samstarf á sviði norrænnar almennings- og fullorðinsfræðslu. Lögð verður áhersla á að ná til nýrra markhópa og verkefni innan ramma áætlunarinnar VOKS FREM.

Námsmannaskipti

Áætlanir ráðherranefndarinnar um námsmannaskipti miðast einkum við þá kynslóð ungs fólks sem vegna stjórnmála- og efnahagsþróunar undanfarinna ára hneigist frekar til alþjóðahyggju en fyrri kynslóðir. Að mati ráðherranefndarinnar skiptir miklu máli fyrir framtíð norræns samstarfs og sjálfsmynd ungs fólks á Norðurlöndum, þegar það stendur frammi fyrir ögrun hins alþjóðlega, að það sé engum vafa undirorpið hver uppruni þess er, þannig að unga fólkið velkist ekki í vafa um að það sé ekki aðeins þegnar ákveðins ríkis heldur einnig Norðurlandabúar. Í þessu sambandi er mikilvægt fyrir ungmenni að þeim gefist tækifæri til þess – í tengslum við skólagöngu sína – að hafa bein kynni af tungu norrænna nágrannaþjóða, menningu þeirra, lífsháttum, gildismati, þjóðfélagsaðstæðum, náttúru landanna o.s.frv.

Ráðherranefndin hyggst halda áfram að leggja mikla áherslu á nemendaskipti í NORDPLUS-áætluninni. Hún telur að Norræna stofnunin fyrir framhaldsmenntun vísindamanna (NorFA), svo og NORDPLUS-kerfið, gegni mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi á sviði menntunar og vísinda.

Með NORDPLUS-junior verkefninu hyggst ráðherranefndin tryggja að samstarfið nái til allra kennslusviða ungmenna á aldrinum 16–19 ára.

Lýðháskóla- og almenningsfræðsluhefðin er sérnorrænt fyrirbæri. Ráðherranefndin hyggst enn frekar efla fjárhagslegan stuðning við norræna lýðháskóla á komandi árum í því skyni að veita ungmennum aukin tækifæri til að stunda nám í lýðháskóla í öðru norrænu landi.

Tungumálasamstarf

Tungumálasamstarfið á Norðurlöndum er skipulagt í framkvæmdaáætluninni NORDMÅL. Að metnum árangrinum af núverandi áætlun (1990–95) hyggst ráðherranefndin leggja nýja framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandaráð. Norræna málnefndin, Norræna tungumála- og upplýsingamiðstöðin og norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum, svo og samstarfið innan ramma NORDPLUS-kerfisins, stuðla einnig að því að styrkja norrænt málsamfélag verulega.

Markmið ráðherranefndarinnar er að styrkja samvinnu á sviði tungumála á komandi árum. Nýbreytni í þessum efnum á fyrst og fremst að koma til góða finnsku- og samískumælandi fólki og íbúum vestnorrænna landa, svo og börnum og ungmennum, með námskeiðahaldi, samningu kennslubóka, orðabókum, rannsóknum, upplýsingum o.s.frv., þannig að nýbreytnin miði að aukinni fræðslu og aukinni sjálfsvitund þegnanna. Á komandi árum hyggst ráðherranefndin stuðla að enn frekari fræðslu um Norðurlönd erlendis. Nám í norrænum tungumálum og um norræna menningu og samfélag er stundað í rösklega 200 háskólum víða um heim. Þessi starfsemi er mikilvægur þáttur í menningarútflutningi Norðurlanda.

Æðri menntun

Ráðherranefndin hyggst styrkja hið samnorræna samfélag á sviði æðri menntunar. Markmiðið er að fjarlægja síðustu hindranirnar fyrir hreyfanleika milli Norðurlanda, bæði þær sem teljast huglægar og þær hindranir sem eru formlegri og efnislegri.

Ungmenni, sem hyggjast afla sér æðri menntunar, eiga að geta litið á Norðurlönd í heild sem skólasvæði sitt. Markmið ráðherranefndarinnar – með frjálsu vali nemenda á skólum hvar sem er á Norðurlöndum – er að skapa grundvöll fyrir aukna samkeppni og þar með aukin gæði æðri menntunar. Í því skyni að móta formlegan ramma um norrænan skólamarkað hefur verið undirritaður norrænn samningur sem felur í sér að samningsaðilar skuldbinda sig til að veita þeim sem hyggjast leita sér menntunar í æðri skólum – og búsettir eru í öðru ríki Norðurlandanna – gagnkvæman aðgang að opinberum æðri menntastofnunum sínum með sömu eða sambærilegum skilyrðum og umsækjendum sem búsettir eru í eigin landi. Samningurinn gildir frá upphafi háskólaársins 1994/95. Í tengslum við samninginn hyggjast samningsaðilar komast að samkomulagi um greiðslu námskostnaðar sín í milli sem ganga skal í gildi í síðasta lagi 1. júlí 1996.

Verkaskipting og sérhæfing á sviði rannsókna og æðri menntunar á Norðurlöndum

Hinn opni markaður – og þarafleiðandi aukin samkeppni í Evrópu – hvetur Norðurlandaþjóðirnar til að stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á sviði æðri menntunar og rannsókna. Ráðherranefndin hyggst því örva háskóla og æðri menntastofnanir á Norðurlöndum til að stuðla að virkri og skipulagðri verkaskiptingu og sérhæfingu stofnana á komandi árum sem lið í norrænni samvinnu. Í samræmi við hugmyndir Davíðs Oddssonar forsætisráðherra um aukna verkaskiptingu Norðurlandaþjóða hefur ráðherranefndin enn fremur falið Norrænu stofnuninni fyrir framhaldsmenntun vísindamanna (NorFA) og Norræna rannsóknaráðinu (NFR) það verkefni að meta möguleikana á verkaskiptingu stofnana milli norrænna háskóla hvað varðar menntun vísindamanna, þar með talin samvinna um framhaldsmenntun að loknu háskólaprófi („graduate schools"). Markmið ráðherranefndarinnar er að samnorrænt fjármagn, sem veitt er til kynnis- og námsferðaáætlananna NORDPLUS og NorFA, verði notað til að örva það ferli sem stuðlar að verkaskiptingu og því að ryðja hindrunum úr vegi.

Vísindasamstarf

Markmið ráðherranefndarinnar er að stuðla að góðu og vel samstilltu samstarfi um norrænar rannsóknir. Slíkt vísindasamfélag skal, að svo miklu leyti sem unnt er að koma því við, einnig vera fyrirmynd gagnlegrar og virkrar samvinnu á vettvangi Evrópumála.

Markmið ráðherranefndarinnar er að rannsóknum, sem taka mið sitt af hinu sérnorræna – bæði menningarlega og félagslega – skuli ætlað aukið rými í slíku samstarfi. Þær áætlanir sem nú er unnið að – rannsóknir á vistkerfinu og húmanísk heimskautafræði sem unnið er að á tímabilinu 1993–97 – haldi áfram samkvæmt áætlun.

Að tilmælum Norðurlandaráðs vinnur Norræna rannsóknaráðið, í samvinnu við rannsóknaráð landanna, að norrænni rannsóknaráætlun innan samfélagsfræðilegra og húmanískra kjarnasviða undir heitinu „Norðurlönd og Evrópa" og er gert ráð fyrir að ráðherranefndin taki ákvörðun um málið 1994–95.

Norðurlönd taka í auknum mæli þátt í menntunar- og vísindaáætlunum ESB. Ráðherranefndin hyggst vinna að því að sameiginlegra hagsmuna Norðurlanda verði gætt sem best í undirbúningi og við framkvæmd evrópskra áætlana. Aukin samvinna Evrópuþjóða skapar nýja möguleika, ekki síst til að efla vísindin, en útheimtir að sama skapi fjármagn í samkeppni við framkvæmdir innan hvers ríkis og á vettvangi Norðurlandasamstarfs. Ráðherranefndin hyggst því, m.a. í náinni samvinnu við norrænar samstarfsstofnanir á sviði háskóla og rannsóknaráða, meta stöðugt þróunina í evrópskri samvinnu.

Norrænt samstarf á sviði fjarkennslu

Ný tækni hefur skapað nýja möguleika til að koma menntun á framfæri við hópa sem eiga erfitt með að nýta sér hefðbundna kennslu – vegna búsetu, starfa sinna eða fjölskylduaðstæðna. Ýmsir gagnvirkir miðlar, tölvustuðningur við kennslu og boðskipti o.fl., geta eftirleiðis orðið miklu þýðingarmeiri í þróun fjarkennslu, m.a. við endurmenntun og viðbótarmenntun vinnandi fólks; gagnvirkir miðlar valda líklega einnig breytingum á hefðbundinni kennslu ýmissa greina.

Ráðherranefndin telur að auka eigi norræna samvinnu á sviði fjarkennslu, en það má annars vegar gera með því að efla nettengsl og hins vegar með miðlun þekkingar og reynslu á þessu sviði. Unnið skal áfram að samnorrænum verkefnum til þróunar fjarkennslu og menntunar kennara á sviði fjölsviðskennslu. Ráðherranefndin leggur einnig áherslu á að aukin norræn starfsemi á sviði fjarkennslu getur haft mikla þýðingu hvað snertir samnorrænar aðgerðir í þágu Vestur-Norðurlanda – vegna þess að samkvæmt eðli sínu er fjarkennsla óháð landamærum, tíma og rúmi. Norræn fjarkennsla í framtíðinni – með þátttakendum frá öllum Norðurlöndunum – mun einnig stuðla að norrænni sjálfsvitund og samkennd.

IV. UMHVERFISMÁL

Ráðherranefndin hyggst vinna að því að hrinda í framkvæmd þeim markmiðum sem tilgreind eru í „Norrænni stefnuskrá í umhverfismálum, apríl 1994 – mars 1996." Í stefnuskránni er gert ráð fyrir að árangurinn af samvinnunni nýtist fyrst og fremst á Norðurlöndum, á grannsvæðum Norðurlanda og innan ESB eða EES eða annarra alþjóðastofnana.

Samkvæmt stefnuskránni skal norræn samvinna á sviði umhverfismála miðuð við meginregluna „ströngustu gildandi kröfur". Með því að fylgja í fótspor þess ríkis á Norðurlöndum sem beitir ströngustu reglum getur norræn samvinna á sviði umhverfismála orðið Norðurlöndum lyftistöng.

Umhverfismál á grannsvæðum Norðurlanda

Stuðningur við lausn umhverfisvandamála á grannsvæðum Norðurlanda er eitt forgangsverkefna í starfi ráðherranefndarinnar. Stuðningurinn getur verið fólginn í pólitískum áhrifum á ákvarðanir á Norðurlöndum og alþjóðavettvangi, svo og ákveðnum framlögum til einstakra verkefna sem miða að úrbótum í umhverfismálum. Til slíkra verkefna teljast einnig þau sem varða öryggi í kjarnorkuverum.

Ráðherranefndin hyggst stuðla að því að Eystrasaltsáætluninni innan HELCOM verði hrundið í framkvæmd með raunhæfum aðgerðum. Fjárhagslegur stuðningur Norðurlanda verður samræmdur innbyrðis, ásamt staðbundinni fjármögnun og með

aðstoð alþjóðlegra fjármögnunarstofnana, svo sem Norrænu fjármögnunarstofnunarinnar í umhverfismálum (NEFCO), Alþjóðabankans (IBRD) og Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD).

Ráðherranefndin telur afar mikilvægt að draga úr hinni miklu umhverfismengun sem kemur frá Norðvestur-Rússlandi og hefur veruleg áhrif á Norðurlöndum, koma í veg fyrir leka frá geislavirkum úrgangi á sorphaugum og í geymslum, svo og að stuðla að sjálfbærri efnahagsþróun á svæðinu sem yrði grundvöllur félagslegrar velferðar og pólitísks stöðugleika.

Á grundvelli starfsins innan Rovaniemi-ferlisins, og þá sérstaklega í krafti greiningar vandamála sem gerð er innan ramma „Áætlunar um eftirlit og mat á norðurskautssvæðinu (AMAP)", mun hlutverk ráðherranefndarinnar við að fylgja eftir aðgerðum vegna verstu umhverfisvandamálanna þróast enn frekar og fá fastara form. Ráðherranefndin hefur óskað eftir því að Norræna fjármögnunarstofnunin í umhverfismálum (NEFCO) ásamt aðalskrifstofu „Áætlunar um eftirlit og mat á norðurskautssvæðinu (AMAP)" tilgreini 10–12 forgangsverkefni og byrji á forkönnun þessara verkefna.

Ráðherranefndin mun vinna að því að afla fjármagns til aðgerða í umhverfismálum á grannsvæðum Norðurlanda umfram það sem gert er ráð fyrir í áætluninni um grannsvæðin.

Samvinna Evrópuríkja í umhverfismálum

Ráðherranefndin mun kappkosta að afla norrænum sjónarmiðum fylgis innan ESB og EES.

Mikilsvert er að gengið verði út frá ströngustu viðmiðunum í umhverfismálum og stuðla ber að þróun skilvirkra stjórnunartækja í umhverfisvernd. Enn fremur ber að setja bindandi reglur um umhverfismál þar sem m.a. eru tilgreindir gæðastaðlar fyrir umhverfið. Reglurnar skulu að svo miklu leyti sem unnt er miðast við lágmörk og hæsta mögulegt verndarstig.

Norðurlöndin munu taka virkan þátt í 5. umhverfisverndaráætlun ESB, einkum hvað snertir ákveðin áform um að samþætta umhverfismál hinum ýmsu samfélagsþáttum.

Ráðherranefndin mun fjalla um ýmis svið vandamála innan ESB/EES, svo sem:

- *Efnahagslega stjórnunarþætti:* Ráðherranefndin mun stuðla að samvinnu um beitingu koltvísýringsgjalds á Norðurlöndum
- *Loftmengun:* Norðurlönd munu vinna ötullega að því að í tilskipun ESB verði stórum kyndistöðvum við endurskoðun gert að sæta útblástursmörkum sem eru eins lág og mögulegt er og fjárhagslega verjandi
- *Kemísk efni (m.a. eiturefni):* Starfið á vegum ráðherranefndarinnar hvað snertir kemísk efni, sem eru hættuleg heilsu manna og umhverfinu, miðast aðallega við efni

sem eru hættuleg umhverfinu, valda ofnæmi og verka á miðtaugakerfi manna, svo og takmörkun á notkun hættulegra efna, svo sem þungmálma og ósoneyðandi efna. Enn fremur eru metin virk efni í ólífrænum og lífrænum eiturefnum

– *Úrgang:* Ráðherranefndin mun leitast við að hafa áhrif á mótun reglna á sviði sorphreinsunar, m.a. með tillögum um fyrirmæli um losunarstaði og umbúðir um sorp. Stuðla ber að setningu norrænna reglna um ábyrgð framleiðenda umbúða, blýrafgeyma og rafeindavara.

Alþjóðasamstarf í umhverfismálum

Innan norræns samstarfs í umhverfismálum verða útbúin grunngögn fyrir frekara starf og stefnumörkun í þessum málum sem mynda síðan grundvöll að stefnumörkun í hverju landi í því skyni að draga úr mengun andrúmslofts og sjávar.

Norræna ráðherranefndin mun enn fremur vinna að því að tekið verði tillit til umhverfisþátta í marghliða viðskiptakerfum og -reglum í tengslum við frekara starf innan GATT (Almenns samkomulags um tolla og viðskipti) og annarra alþjóðlegra kerfa. Auk þess mun ráðherranefndin beita sér fyrir stofnun kerfis til að sannprófa að staðið sé við skuldbindingar.

V. SJÁVARÚTVEGUR

Samstarfið byggist á eigin samstarfsáætlun á tímabilinu 1993–96 sem ráðherranefndin samþykkti í mars 1992 eftir að Norðurlandaráð hafði fjallað um hana.

Megintilgangur norræns samstarfs á sviði sjávarútvegs er að stuðla að framkvæmd fiskveiðistefnu ríkjanna. Meginmarkmið allra ríkja Norðurlanda er að vernda auðlindina með skynsamegri og líffræðilega hæfilegri nýtingu hennar og að styrkja undirstöður auðlindarinnar með því að byggja upp nýtingarkerfi sem samsvarar líffræðilegum forsendum hennar.

Ráðherranefndin vill nýta norræna samvinnu á sviði sjávarútvegs með því að leggja megináherslu á þróun samstarfsvettvangs auðlindastjórnunar, samtaka aðila í sjávarútvegi og rannsóknastofnana, þannig að samskiptakerfi myndist sem nær til allra þátta atvinnugreinarinnar.

Við framkvæmd samstarfsverkefnisins skal tekið sérstakt tillit til þeirrar þýðingar sem sjávarútvegur hefur fyrir efnahagslíf Grænlendinga, Íslendinga og Færeyinga.

Samstarf um stefnu í sjávarútvegs- og atvinnumálum

Ráðherranefndin leggur mikla áherslu á að styðja samstarf á sviði sjávarútvegs- og atvinnumála og hyggst nýta hinn norræna samstarfsvettvang til að stuðla að auknum norrænum áhrifum á mótun alþjóðlegrar stefnu í sjávarútvegsmálum.

Í framkvæmdaáætlun sjávarútvegsráðherranna fyrir formennskutímabilið 1994–95 eru tilgreind þau svið þar sem stuðla ber að samstarfi um mótun atvinnustefnu á komandi árum.

Um er að ræða m.a.:

- afleiðingar samrunaferlisins í ESB-ríkjunum og aðildar þeirra að ESB fyrir fiskveiðar Norðurlandaþjóðanna,
- afleiðingar breytinga á alþjóðareglum um fisk og fiskafurðir fyrir fiskveiðar Norðurlandaþjóða,
- viðskiptahindrandi eftirlitskerfi í innflutningslöndum, þar með talin samvinna um samningu reglna um heilbrigðis-, dýralækna-, gæða- og landamæraeftirlit,
- alþjóðlegt samstarf um fiskveiðar og umhverfismál með virkri þátttöku fiskveiðistjórnenda og samtaka í sjávarútvegi á Norðurlöndum til þess að hafa áhrif á efni alþjóðasamþykkta,
- aukið samstarf um rannsóknir á og stjórnun sameiginlegra auðlinda,
- áframhaldandi bætt tengsl milli allra Norðurlanda varðandi alþjóðleg hvalveiðimál,
- aukið samstarf milli Norðurlanda og grannsvæða þeirra við Eystrasalt, í Austur-Evrópu og á Barentssvæðinu,
- samstarf um rannsóknir og þróun þar sem lögð er áhersla – hvað snertir fjárframlög – á verkefni á eftirtöldum sviðum: auðlindastjórnun og fiskveiðitakmarkanir, valkosti og tæknilegar verndaraðgerðir, hafbeit og fiskeldi, framleiðslu, gæði og markað. Einnig skal unnið að auknum norrænum áhrifum á inntak evrópskra rannsóknaráætlana.

Samstarfsáætlunin verður metin á árinu 1995 og í tengslum við það – og miðað við niðurstöður í samruna ríkjanna við ESB – hyggst ráðherranefndin meta nákvæmlega pólitískar forsendur, efni og verklagsreglur varðandi samstarf Norðurlanda í fiskveiðimálum í framtíðinni.

VI. RÉTTINDAMÁL ÞEGNANNA

Réttindamál þegnanna taka til vinnumarkaðar og atvinnuumhverfis, stefnu í félags- og heilbrigðismálum og neytendamálum, svo og til matvælamála. Nátengd þessum sviðum er samvinna í jafnréttismálum, en hún heyrir undir samstarfssviðið löggjafarmál. Á framangreindum sviðum hefur þróast góð norræn samvinna sem spannar allt frá norrænum sáttmálum, samningum og samkomulögum um orðun sameiginlegra markmiða, m.a. í alþjóðlegri samvinnu, til hagnýts daglegs samstarfs milli stjórnvalda og stofnana.

Þeir mörgu þættir, sem eru svipaðir í stjórnmálum Norðurlanda, hefðum og uppbyggingu á sviði réttindamála þegnanna, valda því að innan hvers sviðs er unnt að

ræða um norrænt líkan þar sem ýmislegt er sameiginlegt en aðrir þættir einkennandi fyrir tiltekin svæði.

Af sameiginlegum þáttum í líkani Norðurlanda á sviði réttindamála þegnanna má nefna samvinnu sem spannar mörg svið, kynningar- og upplýsingastarfsemi og, ekki síst, að samtök hagsmunaaðila og neytenda eru höfð með í ráðum bæði við mótun og framkvæmd stefnunnar á þessu sviði. Á komandi árum hyggst Norræna ráðherranefndin styrkja enn frekar samvinnu við samtök hagsmunaaðila og neytenda á norrænum grunni í því skyni að efla þjóðfélagslega þáttinn og umræðuna, en það er einnig eitt af helstu markmiðum evrópskrar samvinnu.

Að vissu marki fellur norræn og evrópsk samvinna saman á sviði réttinda þegnanna, og daglegt líf þeirra fellur þannig að miklu leyti undir reglur samkvæmt lögum ESB og ákvæðum EES-samningsins. Norrænt samstarf er hins vegar á mörgum sviðum þróaðra en það evrópska og því getur það orðið forsenda fyrir og stuðningur við þátttöku Norðurlanda í samruna Evrópu.

Þess vegna hefur ráðherranefndin, sem réttindamál þegnanna heyra undir, lýst yfir þörf fyrir og vilja til að vernda hið norræna líkan og stuðla að þróun þess, ekki síst í því skyni að hafa áhrif á þróunina í Evrópu. Þetta er einmitt þema í þeim samstarfsverkefnum sem samþykkt hafa verið á sviði neytenda- og matvælamála. Sú verður einnig raunin í þeim áætlunum á sviði félags- og heilbrigðismála og varðandi vinnumarkað og vinnuumhverfi sem lagðar verða fyrir Norðurlandaráð.

Vinnumarkaður og vinnuumhverfi

Vaxandi atvinnuleysi á Norðurlöndum undanfarin ár hefur að sjálfsögðu valdið því að viðfangsefni norrænnar samvinnu hafa í vaxandi mæli beinst að atvinnumálum. Þótt atvinnumál séu að miklu leyti mál hvers ríkis er mikill pólitískur áhugi fyrir því að skiptast á þekkingu, reynslu og hugmyndum undir samnorrænni stjórn. Norræn samvinna um atvinnumál hefur þannig fyrst og fremst það markmið að koma til viðbótar því sem gert er í hverju landi. Meginmarkmiðið er að efla hagvöxt til þess að fjölga atvinnutækifærum. Enn fremur hyggst ráðherranefndin beina sérstakri athygli að atvinnuleysi meðal ungmenna og varanlegu atvinnuleysi, m.a. með því að ýta undir ráðstafanir sem hafa það markmið að koma í veg fyrir að hópar manna verði í reynd útilokaðir frá vinnumarkaðnum. Sem þætti í þessu hyggst ráðherranefndin stuðla að aðgerðum sem hafa að markmiði að virkja þá sem atvinnulausir eru og stuðla að dreifingu atvinnutækifæra. Enn fremur verður stefnt að því að viðhalda og bæta starfshæfni vinnandi fólks og örva það til ævilangrar símenntunar.

Ráðherranefndin hyggst stuðla að virkri og árangursríkri atvinnumálastefnu, m.a. með því að ýta undir aðgerðir til að auka framleiðni, svo og aðgerðir sem leitt geta til

aukinnar skilvirkni og sveigjanleika vinnuaflsins og í fyrirtækjunum. Atvinnumálastefnan verður einnig að stuðla að því að tálmar á vinnumarkaðnum hamli ekki efnahagsbata.

Norræn samvinna á sviði atvinnumála hefur einnig það markmið að stuðla að víðtækari alþjóðlegri samvinnu, einkum á evrópskum vettvangi. Ráðherranefndin beinir því sjónum að þeim sviðum norrænnar samvinnu sem einnig er gjaldgeng í evrópsku samhengi. Meðal annars vegna gildistöku EES-samningsins hafa þarfir og möguleikar aukist til að stuðla að þróun vinnumiðlunar milli landa. Aðlögun Norðurlanda að evrópska vinnumiðlunarkerfinu EURES er þegar hafin. Ráðherranefndin hyggst halda áfram að leggja áherslu á samvinnu á sviði vinnumiðlunar, m.a. í því skyni að leggja mikilvægan skerf til þróunar hins evrópska vinnumiðlunarkerfis.

Þau vandamál, sem atvinnuleysi hefur valdið á Norðurlöndum, hafa varpað ljósi á þörfina á samvinnu milli margra sviða. Ráðherranefndin hyggst því stuðla að náinni og uppbyggjandi samvinnu sem spannar mörg svið um raunhæf verkefni.

Á sviði vinnuumhverfismála hyggst ráðherranefndin halda áfram náinni norrænni samvinnu, bæði hvað varðar heildarlausnir og einstakar ákveðnar aðgerðir. Meðal annars verður haldið áfram að leggja áherslu á samvinnu og samræmingu í þátttöku Norðurlanda í evrópsku samstarfi um vinnuumhverfi, þar með talin samvinna um staðla innan Staðlastofnunar Evrópu (CEN) og Evrópunefndar um rafmagnsstaðla (CENELEC). Þar með hyggst ráðherranefndin halda því starfi áfram að stuðla að því að áhrif Norðurlanda á þróun hins evrópska vinnuumhverfis verði sem mest.

Enn fremur hyggst ráðherranefndin halda áfram að ýta undir norræna rannsóknarsamvinnu um vinnuumhverfi og leggja áherslu á þann hvata sem Norræna stofnunin um framhaldsmenntun á sviði vinnuumhverfismála (NIVA) er í þessari þróun.

Ráðherranefndin hyggst enn fremur efla upplýsingaskipti milli Norðurlanda á sviði vinnuumhverfis í því skyni að eiga möguleika á að meta stöðugt markmið og leiðir sem Norðurlöndin tileinka sér í viðleitni sinni til að stuðla að heilbrigðu og öruggu vinnuumhverfi.

Stefnan í félags- og heilbrigðismálum

Norræn samvinna á sviði félags- og heilbrigðismála hvílir á meginstoðun hins norræna velferðarkerfis. Málið snýst um grundvallarsjónarmið og meginreglur sem ganga eins og rauður þráður gegnum allan geirann: meginreglur um jafnrétti þegnanna, félagslega samstöðu og jafnan aðgang þegnanna að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, svo og um almenna áherslu á að þegnarnir njóti öryggis og velferðar í félags- og heilbrigðismálum. Ráðherranefndin hyggst auka samvinnu á þessu sviði með þessi aðalmarkmið að leiðarljósi. Þetta felur í sér að haldið verður áfram að leggja sérstaka áherslu á hagsmuni þeirra sem minna mega sín, vinna að því að tryggja hagsmuni

fatlaðra, tryggja réttindi tiltekinna hópa sjúklinga, tryggja öryggi og hagkvæmni læknisfræðilegra og um leið tæknilegra hjálpartækja o.s.frv.

Ráðherranefndin hyggst einnig vinna að því að þau gildi, sem norræn samvinna á sviði félags- og heilbrigðismála byggist á ,hafi sem mest áhrif í evrópskri samvinnu. Ráðherranefndin telur mikilvægt að norræn samvinna innan þessa sviðs verði skoðuð í evrópsku ljósi, m.a. í því skyni að norrænni samvinnu sé beint að þeim sviðum þar sem möguleikar eru á því að samvinnan geti einnig leitt til evrópsks samstarfs.

Ráðherranefndin telur miklu máli skipta að verulegur hluti starfseminnar á þessu sviði tengist áfram virkum samstarfsstofnunum sem hafa sýnt það og sannað með árangri sínum á viðkomandi sviði að rétt sé að fela þeim ný verkefni (þar með talin verkefni tengd grannsvæðum Norðurlanda) að svo miklu leyti sem unnt er.

Ráðherranefndin hyggst enn fremur styrkja upplýsingastarfsemi á þessu sviði með því að leggja áherslu á auknar og markvissari upplýsingar. Enn fremur hyggst ráðherranefndin auka samvinnu sem spannar mörg svið og auka með því möguleikana á samræmingu við önnur svið.

Meðal þeirra verkefna sem ráðherranefndin hyggst leggja á áherslu á næstunni eru:

- auknar upplýsingar um réttindi sem leiða af norrænum sáttmálum og samningum á sviði félags- og heilbrigðismála, m.a. í þeim tilgangi að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum hindrunum fyrir því að menn fái notið slíkra réttinda,
- að styrkja starfið með því að tryggja að hagsmunir neytenda ráði úrslitum við þróun, samþykkt og markaðssetningu vara (lyfja, lækningatækja, efna sem tannlæknar nota o.s.frv.),
- að efla samvinnu um forvarnir, þar með talið að styðja aðgerðir sem hafa það að markmiði að bæta heilsu manna og koma í veg fyrir sjúkdóma, m.a. að stuðla að samvinnu á sviði áfengis- og fíkniefnavarna,
- að viðhalda þeirri miklu áherslu sem lögð hefur verið á samnorræna menntun á sviði félags- og heilbrigðismála,
- að halda áfram að nýta hina miklu norrænu rannsóknarmöguleika á sviði félags- og heilbrigðismála, þar með talin tölfræðileg samvinna á þessum sviðum,
- að stuðla að verndun hagsmuna þeirra sem veikir eru fyrir og minna mega sín, m.a. með því að áfram verði lögð mikil áhersla á samnorræna stefnu í málefnum fatlaðra,
- að styðja verkefni sem eru til styrktar norrænni fjölskyldustefnu, einkum verkefni tengd börnum og ungmennum,
- að halda áfram samstarfi um umönnun aldraðra.

Matvælamál

Markmið samstarfs á sviði matvælaiðnaðar er að vernda neytendur fyrir heilsutjóni af völdum matvæla og villandi markaðssetningar. Ný matvæli og nýjar vörur þróast æ hraðar á markaði sem er að verða alþjóðlegri en áður, og neytendur eiga æ erfiðara með að afla sér réttra upplýsinga um innihald og eðli matvæla.

Ráðherranefndin vinnur markvisst að því:

- að auka þekkingu á eiturefnum í matvælum og auknu áhættumati (mengun, náttúruleg eiturefni og aukefni),
- að auka þekkingu á samspili matvæla og heilsu (ráðleggingar um mataræði o.fl.),
- að stuðla að aukinni hagkvæmni í samræmingu og verkaskiptingu norrænna stjórnvalda á þessu sviði,
- að auka skilvirkni matvælaeftirlits (eigin eftirlits framleiðenda, opinbers eftirlits, gæðaeftirlits og eftirlits með innfluttum matvörum),
- að bæta merkingar matvæla,
- að stuðla að óhefðbundnum starfsaðferðum, m.a. með aukinni samvinnu við aðrar greinar,
- að samhæfa reglur á matvælamarkaðnum með tilliti til stofnunar hins innri markaðar (EES-samningurinn).

Stefnan í neytendamálum

Ráðherranefndin starfar í samræmi við samstarfsáætlun á sviði neytendamála 1994–1998. Ráðherranefndin gerir ráð fyrir að neytendamál séu skipulögð með svipuðum hætti alls staðar á Norðurlöndum, m.a. með aðild umboðsmanns neytenda og mikilvægu hlutverki samtaka neytenda við ákvarðanir. Markmiðið er að styðja neytendur með því að veita þeim upplýsingar og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á gang mála og með setningu neytendalöggjafar.

Ráðherranefndin mun vinna ötullega að því að afla norrænni stefnu í neytendamálum fylgis innan EES og ESB.

Ráðherranefndin mun vinna áfram með hið jákvæða frjálsa umhverfismerki, græna svaninn. Takmarkið er að miklu fleiri vöruflokkar en nú er raunin megi bera merki græna svansins.

Meðal forgangsmála, sem tilgreind eru í hinni nýju framkvæmdaáætlun, verður m.a. unnið að eftirtöldum málum með því að koma á fót verkefnum eða með öðrum hætti á árunum 1995–96:

- norræna rannsóknarverkefnið á sviði neytendastefnu,
- áætlun í neytendamálum með tilliti til fjármálaþjónustu,
- neytendamenntun og upplýsingar um umhverfismál,

- áhrif norrænna neytenda á stefnuna í umhverfismálum,
- áhrif norrænna neytenda á evrópska stöðlun neysluvara,
- þátttaka Norðurlanda í evrópsku tilkynningakerfi um hættuleg efni og slys,
- greining á reynslu Norðurlanda af þeim kerfum sem komið hefur verið á um fjármálaráðgjöf og skuldbreytingar í því skyni að bæta þau,
- markviss og skilvirk gagnkvæm skipti á lausnum og kerfum sem stuðla að því að tryggja framboð vöru og þjónustu,
- að bæta möguleika neytenda til að hafa yfirsýn yfir og nýta sér alþjóðlegt framboð á sviði sparnaðar, trygginga og eftirlauna,
- hagkvæm og virk verkaskipting milli prófunarstofa norrænu neytendafélaganna.

VII. EFNAHAGSMÁL

Samstarf um orkumál

Ráðherranefndin hefur ákveðið að halda áfram norrænu samstarfi um orkurannsóknir. Þetta felur í sér að stofnað verður til nýrrar fjögurra ára áætlunar um orkurannsóknir, en heildarfjárveitingar til hennar nema 100 millj. n.kr. (verðgildi 1995). Áætluninni verður hrundið í framkvæmd 1995 og verður hún fjármögnuð af hinum einstöku ríkjum. Áætlunin nær til rannsókna og uppbyggingar færni á sviði líforkuferla og ljóstillífunar, efnarafala, orku og samfélags, fasts eldsneytis, fjarvarmaveitna, jarðolíutækni og samþættingar ferla.

Innra skipulag orkumála í hinum einstöku ríkjum Norðurlanda leiðir til breytinga á fyrri samskiptareglum innan norræns orkumarkaðar. Ráðherranefndin hyggst fylgja stöðugt eftir forsendum og þörfum fyrir norrænar framkvæmdir við þróun norræns orkumarkaðar, einkum með tilliti til þróunar í ESB og á Eystrasaltssvæðinu. Ráðherranefndin álítur að hugsanleg frekari stækkun dreifikerfis fyrir jarðgas á Norðurlöndum eigi að byggjast á viðskiptalegum grundvelli.

Ráðherranefndin mun á næstu árum leggja meiri áherslu en áður á kostnaðarhlið stefnunnar í málefnum andrúmsloftsins og þá sérstaklega hvað varðar vandamál tengd orku- og koltvísýringsskatti, svo og spurningar í sambandi við „samræmda skattlagningu".

Hvað snertir samvinnu um stefnu í orkumálum á alþjóðavettvangi (Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IEA), ESB/EES, orkusáttmáli Evrópu) telur ráðherranefndin að samvinna á vegum hennar, eins og hún er nú, sé kjörin forsenda mikilvægra skoðanaskipta um þau efni sem eru efst á baugi.

Ráðherranefndin heldur áfram að fylgjast með þróun forsendna fyrir uppbyggingu norræns dreifikerfis fyrir jarðgas og þörf fyrir aðgerðir, einkum með tilliti til þróunar mála innan ESB og í Eystrasaltsríkjunum.

Ráðherranefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að Norðurlöndin skiptist á þekkingu og vinni saman að orkuáætlunum og framkvæmdum sem tengjast þeim.

Samstarf í málefnum atvinnuveganna

Ráðherranefndin hyggst stuðla að bættum starfsskilyrðum og grundvallaraðstæðum smárra og meðalstórra fyrirtækja og mun því halda áfram að kanna þörfina fyrir útvegun áhættufjármagns á Norðurlöndum. Ráðherranefndin hyggst einnig kanna atriði eins og þýðingu þjónustugeirans fyrir atvinnusköpun, stækkun hans, útflutningsmál, evrópskan samruna og samræmingu á tæknisviði.

Ráðherranefndin stuðlar að tæknilegu iðnaðarsamstarfi á Norðurlöndum með Norræna iðnlánasjóðnum. Markmiðið er að örva tækniþróun og nýsköpun í iðnaði á Norðurlöndum og stuðla að framleiðslu vara, ferla og þjónustu sem stenst samkeppni á alþjóðavettvangi.

Sjóðurinn hefur fengið fjárveitingu til þriggja ára, 1995–97, sem nemur samtals 195 millj. n.kr. (182 millj. d.kr.), til að hrinda í framkvæmd áætlun sinni um ódýra hönnun léttra burðarhluta, nýja tækni í matvælaiðnaði, svo og í skógar- og timburiðnaði.

Á næsta ári hefur ráðherranefndin í hyggju að beita Nordtest til að halda uppi samkeppnishæfri skoðunartækni og mjög haldgóðri þekkingu á því sviði á Norðurlöndum, stuðla að þátttöku Norðurlanda í Evrópusamvinnu og vera upplýsingamiðstöð Norðurlanda.

Ráðherranefndin mun halda áfram að styðja verkefnaútflutning norrænna fyrirtækja til hinna ört vaxandi markaða í Austur-Evrópu, Asíu og Rómönsku Ameríku. Smáum og meðalstórum fyrirtækjum verður veittur víðtækari stuðningur við forathuganir áður en þau hefja fjárfestingar á nýjum og ört vaxandi mörkuðum, einkum í Austur-Evrópu og Asíu. Framkvæmdir eru í höndum Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NoPEF).

Þróun byggðamála

Ráðherranefndin hyggst leggja fram nýja samstarfsáætlun um vöxt og þróun byggðamála sem tillögu til umfjöllunar Norðurlandaráðs haustið 1994.

Þrátt fyrir að fleiri ríki Norðurlandanna gangi hugsanlega í ESB er augljós þörf fyrir svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum. Markmið byggðastefnu er að stuðla að efnahagslegu jafnrétti, valfrelsi, lífsgæðum, góðri afkomu samfélagsins, öryggi o.fl., svo og að viðhalda möguleikum fólks á að búa í strjálbýli. Slík markmið skipta einnig máli hvað viðkemur sameiginlegri afstöðu á alþjóðavettvangi.

Ráðherranefndin hyggst stuðla að frekari þróun samvinnu milli og innan norrænna héraða, m.a. samstarfssvæða í landamærabyggðum.

Samstarfið á fremur að byggjast á lausn sameiginlegra vandamála og möguleikum en landfræðilegri nánd. Það ætti einnig að ná til samstarfs milli norrænna svæða og svæða innan ESB.

Vestur-Norðurlönd og Norðurkollusamstarfið verða áfram samstarfssvið sem njóta forgangs. Ráðherranefndin leggur mesta áherslu á þróun þekkingar og skipti á reynslu, m.a. á vettvangi Norrænnar stofnunar um svæðisbundnar rannsóknir (NordREFO) og verkefnis um tölvutæka gagnasöfnun o.fl. (Bas-verkefnið). Í nýrri rannsóknaráætlun NordREFO, 1994–97, mun ráðherranefndin gera grein fyrir þeim afleiðingum sem yfirstandandi breytingar og framtíðarbreytingar á sviði efnahagsmála, innri uppbyggingar og stofnana muni hafa fyrir byggðamál.

Samstarf í landbúnaðarmálum

Samstarf í landbúnaði og á sviði skógnytja á Norðurlöndum er byggð á þremur framkvæmdaáætlunum. Norræn framkvæmdaáætlun um málefni landbúnaðar og skógnytja, auk viðbótaráætlunar við hana, er meginstjórntækið fyrir samvinnu í greinunum fram til 1996. Auk þess ákvað ráðherranefndin 1994 að stofna til sérstakrar framkvæmdaáætlunar um samstarf um erfðafræðilegan forða á tímabilinu 1994–97.

Meginviðfangsefni, auk samstarfs á sviði erfðafræði, eru rannsóknir, samstarf að umhverfismálum og samstarf um þróun landbúnaðar í hinum dreifðu byggðum. Ráðherranefndin mun gera nýja samstarfsáætlun þar sem bent verður á aðgerðir innan geirans á næsta áætlunartímabili. Áætlunin verður lögð fyrir 47. þing Norðurlandaráðs sem tillaga ráðherranefndarinnar.

Samvinna á sviði rannsókna fer fram á vegum norrænnar nefndar um rannsóknir í landbúnaði (NKJ) og samstarfsnefndar um norrænar skógrannsóknir (SNS). Meginrannsóknarverkefnin í framtíðinni eru m.a fólgin í að tryggja sjálfbæra framleiðslugetu í landbúnaði og skógnytjum og auka verðmætasköpun með bættri nýtingu þessara auðlinda.

Verkefni á sviði umhverfisverndar, sem blasa við í landbúnaði og skógnytjum, verða áfram í brennipunkti. Í samvinnu við umhverfismálageirann hefur verið gerð áætlun um norrænt samstarf um umhverfismál í landbúnaði. Áætlunin nær m.a. til þess að stuðla að eftirliti með umhverfisgæðum, til stefnunnar varðandi ræktað land, til sjálfbærrar hreindýraræktar og skógnytja. Ákvarðanir um skilgreiningar og viðmiðanir varðandi sjálfbærar skógnytjar eru sérlega mikilvægur grundvöllur stefnumörkunar um nýtingu skóga á Norðurlöndum í framtíðinni.

Byggðaþróun er mikilvægur þáttur í landbúnaðarstefnu ríkjanna og í viðbótaráætlun í greininni. Ráðherranefndin hyggst einkum stuðla að þróun landbúnaðar og skógnytja á norðursvæðum og Vestur-Norðurlöndum. Frekari aðgerða er að vænta í náinni samvinnu við byggðageirann.

Meginsamstarfssvið framkvæmdaáætlunarinnar varðandi erfðafræðilegar auðlindir eru aðgerðir til að auka hæfni, starfsemi erfðavísabanka og alþjóðlegt pólitískt samstarf í tengslum við Umhverfis- og þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNCED).

Samstarf í byggingar- og húsnæðismálum

Aukinn samruni í Evrópu mun hafa mikil áhrif á byggingar- og húsnæðismarkaðinn á Norðurlöndum, annars vegar vegna nánari tengsla Norðurlanda við ESB, en þó einkum vegna þróunarinnar á öðrum grannsvæðum Norðurlanda, sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum. Ráðherranefndin leggur áherslu á jafnvægi í byggðaþróun og atvinnuskapandi aðgerðir á byggingar- og húsnæðismarkaðnum með því að beina sjónum að eftirtöldum sviðum:

- endurnýjun borga með enduruppbyggingu og viðhaldi,
- innri uppbyggingu borga (umferð, þjónusta, umhverfi),
- visthæfum byggingum,
- sérstökum verkefnum sem pólitísk áhersla er lögð á.

Fylgst verður áfram með gerð staðla og tæknilegra vottana fyrir byggingarvörur í samræmi við tilskipun ESB um byggingarvörur. Því verður haldið áfram norrænni aðlögun að stöðlum Staðlastofnunar Evrópu (CEN) og Tæknivottunarstofnunar Evrópu (EOTA).

Samstarf á efnahags- og fjármálasviði

Samstarf ráðherranefndarinnar á efnahags- og fjármálasviði á að stuðla að jöfnum og stöðugum hagvexti, styrkja efnahagslegan samruna Norðurlanda og leggja hagsmunum Norðurlanda lið á vettvangi Evrópu og alþjóðavettvangi.

Stefnan í fjármálum skal vera með þeim hætti að hún stuðli að endurbótum á uppbyggingu samfélagsins, hagvexti og fullri atvinnu. Hlutfalli opinberra útgjalda mætti t.d. breyta með þeim hætti að fjárfestingar yrðu auknar á kostnað millifærslna. Hlutfall skatta og útgjalda ber að sníða að því stigi sem er viðunandi til langs tíma litið.

Til þess að ná fram stöðugum vexti og atvinnustigi leggur ráðherranefndin áherslu á að halda verðbólgu áfram niðri og gæta hófs í opinberum útgjöldum. Aðgerðir innan hvers ríkis skipta máli, en vegna aukinnar áherslu á efnahagslegan samruna á alþjóðavísu hafa ráðstafanir innan hvers ríkis því aðeins hámarksáhrif að um víðtæka alþjóðlega samvinnu sé að ræða. Því hefur ráðherranefndin í starfi sínu lagt áherslu á að ná víðtækri

alþjóðlegri samstöðu um aðgerðir og stefnumörkun til að stuðla að hagvexti og fjölgun atvinnutækifæra og hyggst fylgja eftir því samstarfi sem komið hefur verið á milli fjármála- og efnahagsmálaráðherra ESB-ríkja og EFTA-ríkja á þessu sviði.

Ráðherranefndin hyggst fylgja eftir könnun Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á atvinnuleysi í því skyni að stuðla að víðtækari alþjóðlegri samvinnu um stefnumörkun til að berjast gegn atvinnuleysi.

Á undanförnum árum hefur ráðherranefndin beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum í þeim tilgangi að bæta aðstöðu Norræna fjárfestingarbankans (NIB) til að stuðla að þróun norræns atvinnulífs. Meðal annars hefur hlutafé bankans verið aukið, aðstaða hans til að fjármagna innri uppbyggingu (infrastruktur) samfélagsins hefur verið bætt og lánamöguleikar vegna verkefnaútflutnings hafa verið auknir. Ráðherranefndin mun stuðla að frekari þróun starfsemi Norræna fjárfestingarbankans.

Ráðherranefndin hyggst kanna gaumgæfilega hvort efnahagslíf Norðurlandaþjóða hafi einhver þau sameiginleg einkenni sem torvelda eða auðvelda aðlögun að þeim nýjum aðstæðum sem eru að þróast á alþjóðavettvangi. Ráðherranefndin hyggst m.a. stuðla að umfjöllun um þessi mál á vettvangi Norræna efnahagsrannsóknaráðsins.

Ráðherranefndin hefur stofnað til tæknilegrar aðstoðar á grannsvæðum Norðurlanda í Rússlandi og vinnur nú að áætlunum sem miða að því að auka möguleika til að fjármagna fjárfestingar í smáum og meðalstórum fyrirtækjum á svæðinu.

Samvinna við Eystrasaltsríkin fer einnig fram innan annarra fjölþjóðlegra stofnana. Norðurlönd og Eystrasaltslöndin eiga sameiginlegan fulltrúa í Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (eitt kjörsvæði) og norrænir stjórnarmenn í Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu eru einnig fulltrúar Eystrasaltsríkjanna. Ráðherranefndin mun stuðla að því að slíkt samstarf aukist eftir því sem Eystrasaltsríkjunum vex fiskur um hrygg á þessu sviði.

Flutningar, innri uppbygging (infrastruktur) og umferðaröryggi

Norræn flutningamál hafa í vaxandi mæli verið rædd á vettvangi aukinnar samvinnu Evrópuþjóða á sviði vöruflutninga. Ráðherranefndin hefur hug á að laga hið norræna vega- og járnbrautakerfi að þróuninni í öðrum hlutum Evrópu, og norrænar reglugerðir um vöruflutninga verða aðlagaðar EES-samningnum. Árið 1993 var samin skýrsla á grundvelli áætlana einstakra landa um valin verkefni á sviði innri uppbyggingar samgangna til hagsbóta fyrir Norðurlönd sem framkvæma skal á næstu 10 árum. Ráðherranefndin mun meta og endurskoða þessar áætlanir fyrir 1996.

Ráðherranefndin hefur samþykkt áætlun um norrænt samstarf á sviði umhverfismála 1994–96. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á þörf fyrir að taka á umhverfisvandamálum sem stafa af vöruflutningum. Ráðherranefndin hyggst fylgja málinu eftir.

Í samstarfi um umferðaröryggi leggur ráðherranefndin áherslu á verkefni sem tengjast samræmingarstarfi ESB. Samstarfið skal einnig tryggja að framhald verði á þeim gagnlegu skiptum á þekkingu sem átt hafa sér stað milli norrænna vísindamanna. Í ljósi alvarlegra vandamála hvað snertir umferðaröryggi í Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi verður unnið að því að semja og hleypa af stokkunum framkvæmdaáætlunum um aukið umferðaröryggi í þessum löndum.

VIII. LÖGGJAFARMÁL

Löggjöf

Ráðherranefndin staðhæfir í starfsáætlun sinni fyrir tímabilið 1993–98 að hin evrópska samrunaþróun hafi það í för með sér að eðlisbreyting verði í löggjafarsamstarfi. Á þeim sviðum sem EES-samningurinn nær til mun samningurinn og þær reglur sem honum tengjast að miklu leyti einnig verða ráðandi um norræna samvinnu. EES-samningurinn fær sérstaka þýðingu á sviði samkeppni, ríkisstyrkja, opinberra innkaupa, laga um hlutafélög og einkaréttar (einkaleyfi, vörumerki, höfundarréttur).

Ráðherranefndin leggur megináherslu á samstarf Norðurlanda um að viðhalda líkum réttarvenjum á Norðurlöndum, einnig á þeim sviðum þar sem EES-samningurinn gefur færi á mismunandi lausnum. Slík samvinna leiðir til sparnaðar þar eð ríkin geta nýtt sér reynslu hvert annars. Fyrst og fremst er hér átt við beina hagnýtingu ESB-tilskipana sem samþykktar voru með EES-samningnum. Jafnvel þegar um er að ræða breytingar á vinnubrögðum og þess háttar telur ráðherranefndin að gagnlegt geti verið að hver læri af reynslu annarra, og þá sérstaklega af fenginni reynslu Dana.

Á þeim sviðum, sem EES-samningurinn tekur til, verður löggjafarstarfinu einkum beint að verkefnum á sviði laga um hlutafélög, staðfestingar dóma og fullnustu þeirra, vörumerkjaréttar, alþjóðlegs einkamálaréttar, friðhelgi einkalífsins og neytendaréttar.

Á þeim sviðum sem EES-samningurinn nær ekki til mun samstarfi í framtíðinni beint að refsi- og réttarfarsrétti, opinberum rétti, sifjarétti, sjórétti, gjaldþrotalögum og skaðabótarétti.

Grundvallarforsendur norrænnar samvinnu í framtíðinni í tengslum við EES-samninginn verða að miklu leyti hinar sömu þótt fleiri ríki Norðurlandanna fái aðild að ESB.

Rannsóknaráð evrópsks samrunaréttar mun hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því skyni að örva til rannsókna og skiptast á þekkingu á sviði samrunaréttar.

Ráðherranefndin styður núverandi uppbyggingu réttarríkja í Eistlandi, Lettlandi og Litháen með ýmissi þróunaraðstoð við lagasetningu sem einkum er fólgin í aðstoð

sérfræðinga og kaupum á lögfræðibókum. Slíkt starf er mjög mikilvægt fyrir ráðherranefndina og hún fylgist með öðrum möguleikum til alþjóðlegrar aðstoðar á sviði lagasetningar.

Jafnréttismál

Ráðherranefndin vinnur nú að framkvæmdaáætlun um norræn jafnréttismál fyrir tímabilið 1995–2000.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttismála á að leiða til áframhaldandi þróunar norrænna viðhorfa og skapa sameiginlegan grundvöll í víðtækara evrópsku og alþjóðlegu samstarfi.

Jafnréttismál eiga að gagnsýra öll svið samfélagsins, einnig þau svið sem ráðherranefndin fjallar sjálf um.

Ráðherranefndin skal stuðla að jafnræði kvenna og karla í öllum stjórnum, nefndum, starfshópum o.s.frv. sem starfa á vegum hennar, svo og í hinum ýmsu hópum sem starfa að norrænni samvinnu. Þar með eru einnig látnar í ljósi óskir um aukið jafnrétti í norrænni samvinnu.

Á næstu árum mun ráðherranefndin leggja áherslu á jafnrétti í starfi sem:

- stuðlar að jafnri þátttöku kvenna og karla í ákvörðunum í stjórnmálum og efnahagsmálum,
- stuðlar að jafnræði kvenna og karla hvað snertir fjárhag og áhrif; aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti eru mikilvægur þáttur í þessu starfi;
- stuðlar að jafnrétti til atvinnu,
- bætir möguleika bæði kvenna og karla til að sameina foreldrahlutverkið og atvinnu,
- hefur áhrif á evrópska og alþjóðlega þróun á sviði jafnréttis.

Til þess að starfið á þeim sviðum, sem áhersla er lögð á, verði árangursríkt hyggst ráðherranefndin stuðla að þróun aðferða sem efla virkt jafnréttisstarf.

Ráðherranefndin leggur sérstaka áherslu á að jafnréttis skuli gætt á öllum sviðum stjórnmála í hverju byggðarlagi, hverju héraði, í hverju landi og á Norðurlöndunum öllum. Aðrar áhrifaríkar aðferðir eru kynbundnar rannsóknir, tölfræði kynjanna og dreifing upplýsinga og þekkingar.

Í fjárhagsáætlun fyrir 1995 er tilteknum fjármunum veitt til að byggja upp norræna stofnun til að rannsaka stöðu kvenna, stöðu kynjanna og stöðuna í jafnréttismálum. Norræn samvinna um kynbundnar rannsóknir skipta miklu máli bæði fyrir norrænt og alþjóðlegt starf að jafnréttismálum. Slík samvinna eykur þekkingu sem gerir mögulegt virkara framlag á sviði jafnréttis. Þetta stuðlar einnig mjög að mótun samnorrænnar stefnu sem skiptir miklu máli á alþjóðavettvangi. Þau ögrandi viðfangsefni og væntingar sem Norðurlönd standa frammi fyrir á tímum aukinnar evrópskrar og alþjóðlegrar

samvinnu, bæði á sviði jafnréttis og kynbundinna rannsókna, auka mikilvægi rannsóknasamstarfsins enn frekar.

Málefni flóttamanna og fólksflutningar

Ráðherranefndin hyggst halda áfram að skiptast á upplýsingum við önnur ríki um nýja lagasetningu, auknar rannsóknir og tölfræði varðandi málefni flóttamanna. Forsendur þessa eru einkum að fá yfirsýn yfir lagagrundvöll einstakra ríkja, svo og að víkka þennan grundvöll í því skyni að samræma stefnu ríkjanna innbyrðis. Í þessu sambandi verður viðhaldið hinum nánu og mikilvægu tengslum – m.a. með viðræðum og samræmingu – við Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Alþjóðastofnun um fólksflutninga (IOM).

Baráttan gegn útlendingahatri

Ráðherranefndin mun beita sér fyrir öflugum aðgerðum í baráttunni gegn kynþátta- og útlendingahatri í samfélaginu, svo og mismunun eftir þjóðerni á vinnumarkaðnum, og ráðgerir í því sambandi víðtæka herferð gegn útlendingahatri sem nær hámarki 1995. Ráðherranefndin hyggst efla félagslega aðlögun flóttamanna og innflytjenda að samfélaginu. Ráðherranefndin mun halda áfram samvinnu varðandi fólksflutninga, m.a. rannsóknum á stöðu innflytjendakvenna og ungmenna á vinnumarkaðnum. Ráðherranefndin mun stuðla að því að auka möguleika þeirra sem leita hælis, flóttamanna og innflytjenda til að bera ábyrgð á eigin málum. Ráðherranefndin hyggst stuðla að aukinni samræmingu innan og milli hinna ýmsu alþjóðlegu stofnana á sviði fólksflutninga.

IX. GRANNSVÆÐI NORÐURLANDA

Grannsvæði Norðurlanda

Ráðherranefndin hefur ákveðið að halda áfram að auka samnorrænar aðgerðir á grannsvæðum Norðurlanda og sjást þess merki í fjárlögum fyrir 1995. Forsendur þessarar ákvörðunar eru annars vegar skýrsla aðalskrifstofunnar um það sem gert hefur verið og hins vegar mat á starfseminni með hliðsjón af tvíhliða og öðrum alþjóðlegum aðgerðum á hverju svæði.

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa einnig lýst yfir stuðningi við auknar samnorrænar aðgerðir á grannsvæðunum og áframhaldandi viðurvist í Eystrasaltsríkjunum í mynd norrænna upplýsingaskrifstofa.

Í viðauka við fjárhagsáætlun fyrir 1995 hefur ráðherranefndin ákveðið að verja árlega 50 millj. d.kr. undir sérstökum fjárlagalið til aðgerða á grannsvæðum Norðurlanda.

Jafnframt því hefur ráðherranefndin ákveðið að víkka framkvæmdaáætlun sína þannig að hún nái einnig til norðvesturhluta Rússlands, en þar er fyrst og fremst átt við Barentssvæðið, Sankti Pétursborg og nálæg svæði, svo og Kaliníngrad. Í starfsáætlunum fram til þessa hefur einkum verið gert ráð fyrir stuðningi við og aðgerðum í Eystrasaltsríkjunum þremur.

Mat á fyrri framkvæmdaáætlunum, sem er nýlega lokið, hefur aukið trú ráðherranefndarinnar á að samnorrænt starf og viðurvist í Eystrasaltsríkjunum hafi verið mjög gagnleg og að starfsemin sé viðbót við og efli tvíhliða samstarf. Auk þess hafa myndast nettengsl sem annars vegar tengja Eystrasaltsríkin og Norðurlönd og greiða hins vegar götu Eystrasaltsríkjanna að alþjóðavettvangi. Samnorræn viðurvist, m.a. í mynd norrænu upplýsingaskrifstofanna og starfsemi ýmissa stofnana, hefur einnig örvað og verið fyrirmynd að innbyrðis samvinnu Eystrasaltsríkjanna.

Ráðherranefndin hyggst halda áfram aðgerðum í Eystrasaltsríkjunum næstu þrjú árin, a.m.k. að sama marki og á undanförnum árum. Jafnframt því opnast möguleikar fyrir grannsvæði Norðurlanda í Rússlandi til að eiga aðild að framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar. Fyrst og fremst er um að ræða ýmis styrkjakerfi og námsferðir, þ.e. styrkjaáætlanir og fræðsluferðir embættismanna og þingmanna frá Barentssvæðinu og Sankti Pétursborg og nágrenni. Framhaldsmenntun á fjölmiðlasviði verður fram haldið í Eystrasaltsríkjunum og einnig verður lagður grundvöllur að henni á öðrum grannsvæðum. Starfsáætlun ráðherranefndarinnar á sviði iðnaðar verður haldið áfram með nemendaskiptum og ráðgjöf, ráðstefnum um einkavæðingu og sjónvarpsþáttaröð um markaðsbúskap. Ráðherranefndin fjallar sem stendur um hvernig best verði við komið samvinnu við Barentssvæðið í atvinnumálum jafnframt uppbyggingu samstarfs við Sankti Pétursborg.

Á sviði umhverfismála hyggst ráðherranefndin m.a. halda áfram að fylgjast með upplýsingum um umhverfismál í Eystrasaltsríkjunum í áætluninni sem tekur til grannsvæðanna. Jafnframt því hefur verið samþykkt meginstefna í umhverfismálum varðandi grannsvæði Norðurlanda.

Með auknum fjárveitingum í þágu grannsvæða Norðurlanda hefur reynst unnt að auka framlög til fræðslustarfsemi á þessum svæðum. Einkum aukast möguleikar ráðherranefndarinnar til að úthluta styrkjum til námsmanna, kennara, vísindamanna og embættismanna til námsferða og til að öðlast starfsreynslu á Norðurlöndum. Jafnframt því opnast möguleikar til frekari framlaga til að stuðla að framhaldsmenntun kennara samkvæmt beiðni menntamálaráðherra Eystrasaltsríkjanna.

Ráðherranefndin hyggst einnig efla og auka framlög á sviði félags- og heilbrigðismála, þannig að þau nái m.a. til menntunar á sviði heilsugæslu á Barentssvæðinu.

Til þess að auðvelda samræmingu og tryggja að málum verði fylgt eftir hvað varðar norrænar framkvæmdaáætlanir á hinum nýju grannsvæðum hefur ráðherranefndin nýlega ráðið verkefnisstjóra á vegum aðalskrifstofu svæðisráðs Barentssvæðisins í Kirkenes. Enn fremur er nú unnið að því að auka viðurvist og starfsemi ráðherranefndarinnar í Sankti Pétursborg og nágrenni. Ráðherranefndin hyggst reka áfram upplýsingaskrifstofur í Eystrasaltsríkjunum sem eiga að sjá um samræmingu samnorrænna aðgerða. Einnig er ráðgert að auka fjárveitingar í því skyni að auka möguleika hennar til enn virkari starfsemi, einkum á sviði menningar og kennslu í norrænum tungumálum.

Auknar fjárveitingar, sem koma til góða grannsvæðum Norðurlanda, gera mögulega eflingu þeirra verkefna sem þegar er unnið að og gefa færi á nokkrum nýjum verkefnum til viðbótar. Ráðherranefndin leggur þó enn mikla áherslu á að starfseminni sé einkum beint að stórum og sýnilegum verkefnum þar sem kostir norrænnar samvinnu og stofnana hennar fá notið sín.

Fylgiskjal.

Ræða Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi 7. mars 1994

Breytingar á Helsingforssáttmálanum um norræna samvinnu tóku gildi fyrir þing Norðurlandaráðs í nóvember 1993. Þar með lauk þeim áfanga í endurmati samvinnunnar sem hófst með yfirlýsingu forsætisráðherranna í nóvember 1991, en sá fundur var einnig haldinn á Álandseyjum. Þetta er því í annað sinn sem formennskulandið leggur fram hugmyndir sínar um forgangsröðun mála og starfsáætlun komandi starfsárs.

Ég vil hefja mál mitt með því að óska ríkisstjórnum Finnlands og Svíþjóðar til hamingju með samningana við Evrópusambandið (ESB). Hugsanleg aðild þessara landa að sambandinu breytir forsendum samstarfs milli Norðurlandanna. Meðan ekki liggur endanlega fyrir hvort verður af inngöngu landanna í ESB getum við lagt áherslu á að efla Norðurlandasamstarfið á þeim sviðum sem við höfum ákveðið að veita forgang. Með því getum við undirbúið hvernig við tökumst á við breyttar forsendur og aðlagað samstarfið að breyttum þörfum.

Ætlun okkar er að samstarfið verði, framvegis sem hingað til, marksækið og öflugt á grunni sameiginlegs gildismats og sameiginlegra hagsmuna sem er sá grundvöllur sem samstarfið hvílir á. Aðild fleiri Norðurlanda að ESB leiðir þó til þess að leita verður leiða til þess að norræn samvinna svari þörfum allra Norðurlandanna, óháð því hvort þau standa innan vébanda Evrópusambandsins eða utan.

Oft hefur verið haldið fram að samstarfið þurfi að vera eins sveigjanlegt og auðið er þannig að laga megi það skjótt að nýjum verkefnum morgundagsins og að því sé stýrt á pólitískt markvissan hátt. Þetta voru ástæður þeirrar nýbreytni að forsætisráðherrarnir hafa nú forustu í samstarfinu og setja því stjórnmálaleg markmið.

Málefni Evrópu – einkum samstarfið á grundvelli EES-samningsins og innan Evrópusambandsins – verða að sjálfsögðu fastur liður á dagskrá funda norrænna ráðherra, ekki síst funda forsætisráðherranna. Sama máli mun gegna um fundi Norðurlandaráðs.

Mestu máli skiptir að aðild fleiri norrænna ríkja að ESB leggi ekki stein í götu mikilvægra þátta í norrænu samstarfi. Þess vegna er það gleðiefni að í tengslum við aðildarsamninga landanna að ESB hefur verið gefin út sameiginleg yfirlýsing um norræna samvinnu. Í yfirlýsingunni segir að þau lönd, sem gerist þátttakendur í ESB, ætli sér að halda áfram norrænu samstarfi einnig við þau lönd sem gangi ekki í ESB. Þetta er þýðingarmikil pólitísk yfirlýsing um framhald norrænnar samvinnu.

Jafnframt verður að tryggja að Norðurlöndin verði áfram eitt vegabréfasvæði og þau réttindi verði varðveitt sem felast í gagnkvæmu ferðafrelsi Norðurlandabúa innan Norðurlandanna án vegabréfs eftir að fleiri lönd hafa gengið í ESB.

Umræða um málefni Evrópu takmarkast þó ekki einungis við aðild að bandalaginu. Í Norðurlandasamstarfinu hefur rík áhersla verið lögð á að styrkja svæðisbundið samstarf við Eystrasaltslöndin. Það samband viljum við styrkja bæði af sögulegum og menningarlegum ástæðum, auk þess sem við sýnum þannig samstöðu norrænna þjóða með þessum löndum. Pólitískt, efnahagslegt og hernaðarlegt öryggi Eystrasaltsríkjanna hefur augljóslega þýðingu fyrir Norðurlönd.

Þátttaka Eystrasaltslandanna á alþjóðavettvangi og í starfi alþjóðastofnana er þannig mjög mikilvæg fyrir stöðugleika í okkar heimshluta. Eistland og Litháen eiga þegar aðild að Evrópuráðinu og þess er vænst að Lettland bætist innan skamms í hópinn. Nefna má að ESB stefnir að því að gera fríverslunarsamninga við Eystrasaltslöndin, m.a. vegna þess að slíkir samningar hafa þegar verið gerðir milli þeirra og Norðurlandanna þriggja sem sótt hafa um aðild að sambandinu. Innan ESB er gert ráð fyrir því að viðræður um fríverslunarsamninga við Eystrasaltslöndin leiði til samninga sem svipar til þeirra samninga sem þegar hafa verið gerðir við Pólverja og Ungverja. Einnig má nefna að Eystrasaltslöndin þrjú eru þátttakendur í áætlun Atlantshafsbandalagsins um samstarf í þágu friðar.

Áætlun Atlantshafsbandalagsins getur leitt til miklu nánara samstarfs þess við Eystrasaltslöndin. Áætlunin felur í sér þá tímamótaákvörðun að þátttökulönd, sem telja öryggi sínu ógnað, geta krafist samráðs við Atlantshafsbandalagið. Það er einkar brýnt að Norðurlöndin þrjú, sem eru aðilar að NATO, geri sér ljóst að smáþjóðum á borð við Eystrasaltslöndin verði tryggður þessi réttur til samráðs við bandalagið þrátt fyrir að þau megni ekki eins skjótt og stærri samstarfslönd að taka þátt í hinu hernaðarlega samstarfi áætlunarinnar.

Vera rússneskra hersveita í Eistlandi og Lettlandi er stöðugt áhyggjuefni. Norðurlöndin hafa oftlega krafist þess að samið verði um heimkvaðningu rússneskra hersveita frá löndunum.

Niðurstöður fyrstu lýðræðislegu kosninganna í Rússlandi sem fram fóru í nóvember 1993 og áhrif þeirra á stjórnmálaástandið valda aukinni óvissu í þessu stórveldi sem liggur að Norðurlöndum og löndunum við Eystrasalt. Þróun mála þar frá því kosið var veldur enn frekari áhyggjum af afstöðu ríkisstjórnar Rússlands til grannlanda. Vinna þarf gegn öllum hugmyndum í Rússlandi um að grannlönd, eins og Eystrasaltsríkin, séu á sérstöku áhrifasvæði þeirra, svo og gegn hugmyndum um að Rússar geti krafist takmörkunar á þátttöku grannlanda sinna í starfi alþjóðasamtaka. Í þessu sambandi skiptir mestu að lýðræðisþróun nái sterkri fótfestu í Rússlandi.

Óvissa og hættur fyrir öryggi og stöðugleika í Evrópu fara því miður versnandi. Hörmungar og glæpaverk i í Bosníu leiddu til hótana NATO og Sameinuðu þjóðanna um loftárásir til að binda enda á hryðjuverk og koma á vopnahléi. Þessar hótanir hafa m.a. aukið líkur á því að viðunandi samningar náist milli stríðandi fylkinga og mun þá reyna á vilja þjóðanna til þess að koma á friði og stuðla að því að staðið verði við gerða samninga. Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð taka nú þegar umtalsverðan þátt í friðarstarfi í Bosníu og víðar í fyrrum Júgóslavíu og hafa í hyggju að halda því starfi áfram.

Mikið atvinnuleysi, sem einkennt hefur þróun efnahagsmála í heiminum undanfarin ár, hefur ekki látið Norðurlöndin ósnortin. Rýrnun á hagvexti margra síðustu ára hefur fylgt meira atvinnuleysi en með nokkru móti er hægt að sætta sig við. Þessari þróun þarf að snúa við með markvissum aðgerðum, bæði heima fyrir og í alþjóðlegu samstarfi.

Engar kraftaverkalausnir eru til. Grunninn verður að leggja jafnt með aðgerðum til skemmri tíma til að auka atvinnu og með langtímaaðgerðum sem skapi traustari grundvöll efnahagslífsins.

Í Norðurlandasamstarfinu hefur verið fjallað um atvinnuleysið og annan vanda sem rakinn verður til lítils hagvaxtar. Umfangsmikið starf hefur verið unnið á mörgum sviðum og sést það m.a. af starfsskýrslu ráðherranefndarinnar og starfsáætlunum. Ég er þeirrar skoðunar að norrænar aðgerðir hafi verið í góðu samræmi við það sem gert hefur verið bæði heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi.

Á sameiginlegum fundi forsætisráðherranna með fjármála- og efnahagsmálaráðherrunum í Mariehamn var samþykkt yfirlýsing um aðgerðir í atvinnumálum til að draga úr atvinnuleysi.

Norðurlöndin áttu frumkvæði að sameiginlegum fundi fjármálaráðherra EFTA-landanna með starfsbræðrum sínum í löndum Evrópusambandsins í Lúxemborg í apríl 1993 og aftur í Brussel í desember sama ár. Niðurstaða þessara sameiginlegu funda er sú að styrkja þarf stoðir hagstæðrar efnahagsþróunar með auknum hagvexti og fleiri atvinnutækifærum. Skammtímaaðgerðir verða að byggjast á breyttri forgangsröðun ríkisútgjalda fremur en á auknum útgjöldum.

Til þess að vinna ekki gegn langtímamarkmiðum þarf enn fremur að sveigja stefnuna í efnahagsmálum í ríkari mæli að uppbyggingu efnahagslífsins. Nauðsynlegt er að grípa til virkari aðgerða á vinnumarkaði og til sérstakra aðgerða til stuðnings ungu fólki á leið út í atvinnulífið.

Loks má nefna að verið er að leggja lokahönd á umfangsmikla athugun á vegum OECD á orsökum, afleiðingum og hugsanlegum aðgerðum gegn atvinnuleysi. Athugun þessi er gerð að frumkvæði Norðmanna og Norðurlöndin vinna að því að niðurstöður hennar geti orðið traustur grundvöllur að alþjóðlegu samstarfi.

Þessi málefni eiga fortakslaust að vera áfram til umræðu á norrænum vettvangi og í þessu efni eru menntun og rannsóknir mikilvæg forgangsverkefni. Á þingi Norðurlandaráðs í Mariehamn í nóvember 1993 var samþykkt tillaga um að taka saman greinargerð um sérstakar aðgerðir gegn atvinnuleysi á Norðurlöndum. Fjármálaráðherrunum var falið þetta verkefni og hafa þeir nú að höfðu samráði við aðra ráðherra lagt fram á þessu þingi ítarlega skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á alþjóðavettvangi og sérstaklega um það sem varðar Norðurlöndin. Í skýrslunni er einnig yfirlit um tillögur um ráðstafanir til þess að draga úr atvinnuleysi. Áhersla er lögð á að í einstökum löndum verði gripið til aðgerða til að leysa atvinnuleysisvandann. Þar er lögð áhersla á nauðsyn þess að hin einstöku lönd hafi frumkvæði að því að leysa úr þeim vandamálum sem kunna að hafa stuðlað að auknu atvinnuleysi. Í skýrslunni kemur fram að á Norðurlöndum hefur þegar verið gripið til ýmissa ráða sem draga munu úr atvinnuleysi síðar. Nefna má samstarf um auðveldara aðgengi að vinnumiðlunarskrifstofum, stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki og samstarf um víðtækari fjárfestingar í viðamiklum þjónustuframkvæmdum.

Við verðum hins vegar að gera okkur ljóst að sértækar ráðstafanir á þessu sviði hafa meiri möguleika á því að bera árangur í samstarfi enn fleiri ríkja en einungis Norðurlandanna. Þess vegna er mikilvægt að taka þátt í samstarfi um þessi verkefni á vettvangi EFTA, ESB og OECD.

Norrænu fjárlögin í ár bera merki þeirrar ákvörðunar að skipa beri menningu, menntun og rannsóknum í öndvegi. Ákvörðun um þessi forgangssvið stendur óhögguð. Aldrei fyrr hefur verið jafnmikilvægt að styrkja sameiginlegan menningararf þjóðanna og einmitt nú þegar tengslin við Evrópu verða nánari. Þess vegna verðum við að stuðla að því að þjóðirnar og þegnar þeirra kynnist innbyrðis þegar á æskualdri í námi og starfi. Framlög til menningarstarfa, menntunar og vísinda eru aukin á kostnað annars samstarfs landanna og niðurskurður af því tagi er aldrei átakalaus. Eftir þinghaldið í Mariehamn í nóvember 1993 féllust samstarfsráðherrarnir á fjárlagatillögurnar fyrir árið 1994 með þeim breytingum sem Norðurlandaráð hafði gert. Með þeirri ákvörðun féllust ráðherrarnir á sjónarmið þingsins um að hægar skyldi farið í breytingar á niðurskurði en ráð var fyrir gert í fyrstu tillögum til norrænu fjárlaganna. Ákvörðun ríkisstjórna Norðurlandanna að verja rekstrarafgangi ársins 1992 til sérstakra verkefna 1994 var jafnframt liður í að draga úr áhrifum af niðurskurði fjárlaganna.

Með breytingum, sem gerðar voru á Helsingforssáttmálanum sl. haust, voru áhrif Norðurlandaráðs á norrænu fjárlögin verulega aukin. Ég er þeirrar skoðunar að þessari breytingu fylgi jafnframt aukin ábyrgð Norðurlandaráðs á fjárlögunum – ábyrgð sem ráðið hefur sýnt að það getur axlað. Því er ekki að leyna að margir í röðum þingmanna hefðu fremur kosið að meiri áhersla hefði verið lögð á atvinnu-, félags- og efnahagsmál í

ljósi núverandi erfiðleika á vinnumarkaði í löndunum. Atvinnuástandið á Norðurlöndunum er hins vegar, eins og ég vék að hér að framan, þess eðlis að mun víðtækari samvinnu er þörf til þess að bætt verði úr.

Ljóst er að stuðningur við menningu, menntun og rannsóknir samkvæmt upphafsáætlun verður ekki aukinn innan ramma núverandi fjárlaga án þess að dregið verði verulega úr samstarfi á öðrum mikilvægum sviðum. Á næsta ári hefst undirbúningur að byggingu norrænnar menningar- og listamiðstöðvar í Nuuk á Grænlandi og verður verkið að hluta kostað af norrænu fjárlögunum. Gera má ráð fyrir allmiklum umræðum um norrænu fjárlögin á næstunni og í því sambandi þarf að leggja mat á ýmsa valkosti bæði varðandi umfang og skiptingu fjárins.

Á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í fyrra, lét Carl Bildt, forsætisráðherra Svíþjóðar, þau orð falla að tímabært væri að kanna hvort ekki geti verið um að ræða verkefni sem betra og hagkvæmara væri að vinna að í samstarfi Norðurlandanna en að það verði gert í löndunum hverju og einu. Ég vil ganga lengra og leggja til að kannaðir verði kostir þess að sameina stofnanir í löndunum og gera þær að norrænum stofnunum. Þýðing slíkrar könnunar vex við gildistöku EES-samningsins og þeirrar auknu evrópsku samkeppni sem stofnanir á Norðurlöndum sæta af þeim sökum. Samkeppnin er af hinu góða, en sjá þarf til þess að Norðurlöndin bíði ekki lægri hlut í henni. Ætlum við að hafa áhrif á reksturinn og njóta góðs af starfsemi margvíslegra stofnana sem veita menntun, stunda rannsóknir og veita fyrirtækjum þjónustu kann að reynast nauðsynlegt að sameina samsvarandi stofnanir á Norðurlöndunum eða auka samvinnu þeirra til muna og koma á verkaskiptingu milli þeirra. Að öðrum kosti er sú hætta fyrir hendi að stofnanir, sem Norðurlöndunum eru mikilvægar, fari halloka í erlendri samkeppni til óhagræðis þeim sem reiða sig á sérfræðiþekkingu þeirra. Af þessum ástæðum hvet ég til þess að kannaðir verði kostir breyttrar verkaskiptingar þar sem slíkt væri hagkvæmt. Þetta verkefni er mikilvægara en margir gera sér grein fyrir og snýst um störf og framboð á þjónustu, tæknilega færni í löndunum og lægri kostnað þegar litið er til lengri tíma. Með þessu móti er hægt að endurnýja og auka samstarf Norðurlandanna.

Meðal mikilvægustu markmiða samstarfsins á sviði mennta- og menningarmála er að ná til þeirra sem ungir eru. Stefnt er að því að leggja fram ráðherranefndartillögu um stefnu í málefnum barna og unglinga á þingi Norðurlandaráðs 1995. Skólinn er virkasta tækið til þess að ná athygli barna og unglinga. Því er áhersla lögð á að styrkja tengsl skóla og menningarstarfsemi í því augnamiði að kynna norrænni æsku norræna list og menningu.

Því miður hefur borið á hatri í garð útlendinga og kynþáttafordómum að undanförnu á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu. Á þingi Norðurlandaráðs í Mariehamn voru samþykkt tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar að kveðja til starfshóp til þess að gera

tillögu að norrænu átaki undir kjörorðinu „Norðurlönd gegn útlendingahatri“. Tillögur um aðgerðir og kostnaðaráætlun við slíkt átak, sem hafist gæti þegar nær dregur lokum þessa árs, verða tilbúnar 1. júlí næstkomandi (1994). Aðgerðir Norðurlandanna tengjast átaki sem Evrópuráðið gengst fyrir árið 1995. Unnið verður að átakinu í samvinnu við Norðurlandaráð og von okkar er sú að með þessu móti vaxi skilningur og velvild í garð útlendinga og fólks af öðrum kynþáttum.

Norræni menningarsjóðurinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í því að efla norrænt menningarsamstarf, ekki hvað síst grunnþættina, eða svonefndu „grasrótina“ s.n. Á þessu ári hefur sjóðnum verið fengið verulega aukið ráðstöfunarfé og þannig gert kleift að styrkja stærri verkefni, auk hefðbundinna styrkveitinga.

Styrkir til gerðar kvikmynda og sjónvarpsefnis hafa aukist verulega á árinu. Norræni sjónvarps- og kvikmyndasjóðurinn er rekinn í samvinnu norrænna ríkissjónvarpsstöðva og kvikmyndastofnana. Sjóðnum var komið á laggirnar í tilraunaskyni árið 1990 og var ákveðið að hann yrði starfræktur í fimm ár. Nú hefur verið ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram að því tilskildu að samstarfsaðilarnir hafi áhuga á framhaldi. Hörð alþjóðleg samkeppni ríkir í kvikmyndagerð, en á Norðurlöndum er hefð fyrir kvikmyndagerð af því tagi sem verðskuldar stuðning.

Þegar litið er til þess hve norrænt samstarf er umfangsmikið vekur það undrun hve fáir Norðurlandabúar þekkja til þess í raun og veru. Til að bæta hér um þarf að hefja markvissara upplýsingastarf en hingað til. Ráðherranefndin hyggst efla markvissa upplýsingastarfsemi á næsta ári og verður sérstök áhersla lögð á að gera norrænt samstarf sýnilegra en áður. Sú víðtæka kynning norrænnar menningar, sem fram fer hér í Stokkhólmi, er mikilvægur liður í þessu starfi, svo og fjölmörg önnur verkefni sem njóta forgangs í menningarsamstarfinu.

Haldið er áfram umræðum menningarmálaráðherranna og norrænna sjónvarpsstöðva um aukið norrænt samstarf um málefni sjónvarps. Menningarmálaráðherrarnir hafa fyrir nokkrum dögum sent forsætisráðherrum áfangaskýrslu um kosti á útsendingu sjónvarpsefnis til norrænna grannlanda og um leiðir til aukins norræns samstarfs um gerð sjónvarpsefnis, svo og um skipti á sjónvarpsefni. Æskilegast væri að framboð norræns sjónvarpsefnis ykist á Norðurlöndunum öllum, einnig á vestnorræna svæðinu, og sömuleiðis að tekið verði meira tillit til þarfa minnihlutahópa á Norðurlöndum. Nú hafa skapast tæknilegar forsendur til beinna sendinga sjónvarpsefnis milli vestnorræna svæðisins og annarra Norðurlanda og verður þessum kosti samstarfs gefinn sérstakur gaumur á næstu árum. Brýnt er að leysa vandkvæði vegna höfundaréttar. Ríkisstjórnir landanna geta hvorki né vilja blanda sér í gildandi samkomulag um höfundarétt á sjónvarpsefni, en mikilvægt er að benda á þýðingu þess að tillit sé tekið til minni áhorfendahópa í samningum sjónvarpsstöðva og eigenda höfundaréttar. Kanna þarf

kostnað við sjónvarpssendingar á jaðarsvæðum þar sem brýnt er að styrkja norræna samkennd á þeim svæðum.

Með nýjum aðferðum, m.a. í tungumálakennslu, má nú nota tölvusamband sem verið er að koma á milli allra skóla á Norðurlöndum. Tölvunetið er meðal forgangsverkefna sem unnið hefur verið að í menntamálasamstarfinu á undanförnum árum.

Nánari tengsl við Evrópu, bæði á grundvelli EES-samnings og með beinni aðild að ESB, opna frekari færi til alþjóðlegrar samvinnu um vísindi og rannsóknir. Þrátt fyrir þetta er afar mikilvægt að efla samvinnu Norðurlanda um rannsóknir og menntun vísindamanna sem tekur mið af raunverulegum þörfum landanna um leið og vísindasamfélag norrænna þjóða er styrkt. Stefna ber að því að beita mati og úttektum á gæðum og frammistöðu í vísindasamstarfinu og nýta ætti norrænt samstarf í þeim tilgangi að þróa hagkvæmar leiðir til samstarfs í þessum efnum.

Samstarf um umhverfismál er eitt þeirra sviða sem njóta forgangs í norrænu samstarfi. Fyrir þetta þing Norðurlandaráðs verður lögð ráðherranefndartillaga um norræna stefnu í umhverfismálum 1994–96. Markmið stefnunnar er að stuðla að sjálfbærri þróun og líffræðilegum fjölbreytileika. Af hálfu Íslands verður áhersla lögð á að hrinda umhverfisstefnunni í framkvæmd, en auk þess leggjum við þunga áherslu á að efla norrænt samstarf um umhverfisvernd á norðurslóðum.

Það er afar mikilvægt að Norðurlöndin sammælist um aðgerðir á alþjóðlegum vettvangi til verndar úthafinu. Það er sameiginlegt lífsspursmál að allt sem í okkar valdi stendur verði gert til þess að koma í veg fyrir að geislavirkum úrgangi og þrávirkum lífrænum efnum sé sökkt í úthafið. Samtímis verður að draga úr þeirri mengun úthafanna sem stafar af starfsemi á landi, en 70–80% þeirrar mengunar, sem vart verður í höfunum, stafa af slíkri starfsemi. Í grundvallaratriðum eru Norðurlöndin sömu skoðunar í umhverfismálum og ættu því í sameiningu að vinna að tillögugerð og að meðferð umhverfismála þegar þau eru á dagskrá á alþjóðavettvangi. Lífríki Norður-Atlantshafsins og nýtingu þess er alvarlega ógnað af auknu frárennsli frá endurvinnslustöðvum fyrir geislavirkan úrgang. Norðurlöndin eiga að standa gegn öllum áformum um aukna endurvinnslu á geislavirkum úrgangi.

Meðal verkefna þessa árs er aukið samstarf við Eystrasaltslöndin og Rússland um að leysa aðsteðjandi umhverfisvanda, einkum á Kólaskaga og á Barentssvæðinu. Norræna fjárfestingarfélagið, NEFCO, sem starfar að umhverfismálum gegnir hér mikilvægu hlutverki.

Forsætisráðherrarnir leggja mikla áherslu á mikilvægi samstarfs við grannsvæði Norðurlandanna. Góður árangur hefur yfirleitt náðst í samstarfi Norðurlanda við þau lönd sem liggja að Eystrasalti austanverðu. Á næsta ári verður tekin ákvörðun um framhald aðgerða á þessu sviði á grannsvæðum Norðurlandanna. Fjárfestingaráætlun í

Eystrasaltsríkjunum, sem lýkur árið 1995, verður metin og þegar niðurstöður mats liggja fyrir verður afráðið hvort framhald verður á henni.

Það er mikilvægt að samstarf við grannsvæði Norðurlandanna nái einnig til norðurslóða. Á þingmannaráðstefnu um Norðurheimskautssvæðin, sem Norðurlandaráð efndi til í Reykjavík sumarið 1993, var m.a. samþykkt ályktun um þýðingu þess að hlífa norðurslóð við mengun og ógn af völdum kjarnorkunotkunar. Jafnframt var athyglinni beint að þeim skilyrðum sem frumbyggjum á norðurslóðum eru búin.

Hagsmunir íbúa á norðurslóðum eru oftast áþekkir og er mikilvægi umhverfisverndar gott dæmi um það. Ráðherranefndin hyggst á þessu ári taka saman yfirlit yfir umhverfisvandamál á norðurslóðum. Þetta er hluti stærra verkefnis sem í raun og veru lýtur að úttekt á ástandi umhverfismála á Norðurlöndum. Mengunarslys á norðlægum hafsvæðum geta haft válegar afleiðingar fyrir vistkerfi í öllu Atlantshafinu og minnsti grunur um geislamengun þessara hafsvæða getur gert að engu möguleika okkar til útflutnings á sjávarafurðum.

Það er þó fleira en umhverfismál, sem beinir sérstakri athygli að samstarfi á norðurslóð. Ekki er síst um að ræða kjör og lífsskilyrði frumbyggja. Í desember 1994 hefst áratugur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað málefnum frumbyggja.

Málefni norðurslóða eru viðfangsefni í „Rovaniemi-ferlinu", í samstarfi á Barentssvæðinu og einnig í víðtæku alþjóðlegu samstarfi. Ég legg áherslu á að ráðherranefndin stuðli að skynsamlegri verkaskiptingu í þessu alþjóðlega samstarfi, auk þátttöku í einstökum verkefnum.

Sjávarútvegur er mikilvægastur atvinnugreina á Íslandi, á öllu vestnorræna svæðinu, svo og á fleiri svæðum annars staðar á Norðurlöndum. Það er Íslendingum sérstakt ánægjuefni að sjávarútvegsmál njóta nú forgangs í norrænu samstarfi að aflokinni endurskoðun samstarfsins. Við leggjum því áherslu á að þessu samstarfi verði fram haldið í samræmi við núverandi samstarfsáætlun á sviði sjávarútvegsmála. Á Norðurlöndunum öllum eru nú að verða umfangsmiklar breytingar á forsendum atvinnurekstrar í sjávarútvegi, bæði vegna ákvæða í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og fyrirhugaðrar inngöngu Norðurlanda í ESB. Því er nauðsynlegt að samráð sé haft reglulega og skipst sé á upplýsingum um áhrif aðildar að ESB við þau Norðurlandanna sem ekki hyggjast sækja um aðild að bandalaginu.

Það er skoðun mín að ákjósanlegt væri að gerð yrði sameiginleg athugun á áhrifum aðildarsamninga við ESB á sviði sjávarútvegsmála. Svipaðar athuganir um áhrif aðildarsamninga á aðra atvinnuvegi yrðu án efa gagnlegar.

Í alþjóðlegri umræðu er mönnum tíðrætt um nauðsyn þess að nýta fiskstofna og aðrar lifandi náttúruauðlindir án þess þó að næg grundvallarþekking sé ávallt til staðar. Á Norðurlöndunum ber brýna nauðsyn til þess að koma á sjálfbærri nýtingu fiskstofna og

annarra náttúruauðlinda. Það er því mikilvægt að tryggja að afleiðingar slíkrar nýtingar séu ljósar þegar málið er rætt. Fulltrúar aðila í norrænum sjávarútvegi þurfa að taka þátt í þessari umræðu og styrkja samstarfið sín á milli, enda fara hagsmunir þeirra saman þegar til lengri tíma er litið. Því ættu Norðurlöndin sameiginlega að stuðla að gerð sáttmála um úthafsveiðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægasta málefni Norðurlandasamstarfsins undanfarin 40 ár hefur verið að gefa þegnum landanna kost á því að ferðast hindrunarlaust milli landanna, flytja búferlum milli þeirra og stunda nám og störf á Norðurlöndunum öllum. Þessu starfi er ekki lokið en góður árangur hefur náðst á ýmsum sviðum. Á Norðurlandaráðsþingi í Ósló á síðasta ári vakti Carl Bildt máls á nauðsyn þess að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem eftir standa í vegi því að þegnar Norðurlanda geti flust á milli og unnið í hverju hinna Norðurlandanna sem er. Í júlímánuði 1993 fólu forsætisráðherrarnir Nils G. Åsling, fyrrverandi iðnaðarráðherra Svía, að kanna hvaða hindranir standa enn eftir í þessu efni. Í skýrslu hans, sem birt var í nóvember í fyrra, kemur fram að Norðurlandabúar, sem ferðast eða flytjast til einhvers hinna Norðurlandanna, njóta ekki að fullu sömu réttinda og ríkisborgarar þess lands sem þeir flytja til. Nú er unnið að því að ryðja þessum hindrunum úr vegi. Åsling lagði fram athyglisverða tillögu þess efnis að löndin gerðu með sér sérstakan samning sem fæli í sér bann við mismunun milli eigin ríkisborgara og aðfluttra Norðurlandabúa. Nú fer fram athugun á lagalegum forsendum þess að hrinda hugmyndum Åslings í framkvæmd. Ég tel það skref til réttrar áttar ef bann yrði lagt við mismunun á grundvelli þjóðernis norrænna manna á öllum Norðurlöndum. Slíkt bann væri í samræmi við þau réttindi sem ESB hefur tryggt íbúum aðildarlanda sambandsins.

Samstarfið, sem einkum snertir þegna á Norðurlöndum, varðar vinnumarkað, aðbúnað á vinnustöðum, félags- og heilbrigðismál, auk neytendamála. Gripið hefur verið til niðurskurðar á ráðstöfun norrænna fjármuna til verkefna í þessu samstarfi í samræmi við breytingar á forgangsröðun í samstarfi Norðurlandanna. Þessi niðurskurður hindrar þó ekki að því markmiði verði náð að sem víðast í löndunum geti þegnarnir litið á Norðurlöndin í heild sem það land sem þeir búa í, enda njóti þeir sama réttar og aðrir án tillits til búsetu. Þessi árangur hefur ekki náðst án fyrirhafnar heldur voru sett skýr pólitísk markmið sem leiddu til þess að ákvarðanir, sem tryggja þessi réttindi, voru teknar. Þessu starfi þarf að halda áfram.

Undanfarin missiri hefur færst í vöxt margvíslegt svæðisbundið samstarf milli landa í Evrópu. Á Norðurlöndum hefur verið vöxtur í slíku samstarfi um margra ára skeið. Nú þegar milliríkjasamstarf vex og samruni Evrópu er að verða að veruleika er tímabært að ráðherranefndin íhugi sérstaklega leiðir til þess að þróa frekar svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum við svæði utan Norðurlandanna.

Í drögum að áætlun um svæðasamstarf 1995–99 er fjallað um leiðir til aukins svæðasamstarfs milli Norðurlanda, og milli þeirra og Evrópusambandsins, svo og um samstarf við grannsvæðin í austri. Rætt hefur verið um tillögu sem felur í sér að hafið verði sérstakt samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Norður-Noregs. Íslendingar eru hlynntir þessari hugmynd og telja æskilegt að sem flest strandhéruð í Noregi tengist vestnorrænum löndum með þessum nýja hætti. Í áðurnefndum drögum ráðherranefndarinnar er einnig gert ráð fyrir því að innan skamms verði komið á samvinnu Vestur-Norðurlanda við Skotland og nærliggjandi eyjar. Ætlunin er að þessi samvinna byggi alfarið á grunni samstarfsverkefna.

Unnið er að gerð norrænnar samstarfsáætlunar á sviði rannsókna og þróunar í orkumálum og stefnt er að því að hún taki gildi árið 1996. Áhersla er lögð á að áfram verði unnið að þessu verkefni.

Starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins er kostuð með fjárveitingum af sameiginlegum fjárlögum Norðurlandanna, með framlögum af fjárlögum landanna sjálfra, auk framlaga norrænna fyrirtækja. Fjárveitingar til sjóðsins hafa dregist nokkuð saman, en keppt er að auknum framlögum frá atvinnulífinu. Undirstrika þarf mikilvægi þessa starfs og að áfram verði fylgt þeirri meginreglu að veita forgang þróunarverkefnum á sviði hátækni þar sem forsendur eru til iðnþróunar. Í þessu sambandi má sérstaklega nefna matvælaframleiðslu.

Norræni fjárfestingarbankinn og stofnanir, sem honum tengjast, gegna mikilvægu hlutverki í þágu atvinnulífs á Norðurlöndum. Staða bankans er sterk, hann er í stöðugum vexti og leitar nýrra og krefjandi verkefna. Norræni útflutningsverkefnasjóðurinn er einnig mikilvæg stofnun. Það er ekki síst með samstarfi í þessum efnum sem Norðurlöndin geta í sameiningu lagt grunn að hagstæðri efnahagsþróun, og nauðsynlegt er að halda því áfram.

Herra forseti! Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir mörgum forgangsverkefnum í samstarfi Norðurlandanna, en samt er langt því frá að allt sé upp talið. Meginverkefni okkar nú er að treysta samstarfið á þeim sviðum sem samstaða er um að njóta skuli forgangs. Þetta er eina færa leiðin til þess að sýna vilja okkar í verki því að annars mun fjara undan Norðurlandasamstarfinu í endalausum vangaveltum um í hverju samstarfið skuli felast.

Það er einlægur vilji okkar Íslendinga að efla norrænt samstarf þannig að það verði, hér eftir sem hingað til, virkur vettvangur til náins samráðs og stefnumótunar á sviðum þar sem hagsmunir okkar fara saman. Þetta er vilji ríkisstjórna allra Norðurlandanna og hann eigum við án efa sameiginlegan með þeim fulltrúum sem eiga sæti í Norðurlandaráði.

Á næsta starfsári þurfa Norðurlöndin hvert fyrir sig, í sameiningu og í alþjóðlegu samstarfi að grípa til aðgerða sem leggja tryggan grunn að hagfelldri þróun efnahagsmála

og draga úr vanda vegna atvinnuleysis. Auk þessa mikilvæga verkefnis nefni ég tvö atriði sem ég tel að muni setja mark sitt á norrænt samstarf á næstu árum:

Í fyrsta lagi mun væntanleg aðild Finnlands, Noregs og Svíþjóðar að Evrópusambandinu marka spor í norrænu samstarfi næstu árin, ekki síst fjölþætt óformlegt samstarf og samræður. Af hálfu Finna, Norðmanna og Svía hefur því verið lýst yfir að norrænt samstarf verði eflt þrátt fyrir aðild landanna að Evrópusambandinu.

Í öðru lagi þarf að tryggja að þau fjölþættu samstarfsverkefni, sem nú er unnið að, leiði til eins áþreifanlegs árangurs og frekast er unnt. Lengi var rætt um nauðsyn þess að Norðurlöndin yrðu eitt markaðssvæði. Með gildistöku EES-samningsins er þessu marki náð þrátt fyrir að farin hafi verið leið til þess sem er verulega frábrugðin þeirri leið sem áformað var að fara í fyrstu. Nú þurfum við að setja okkur það mark að norrænir þegnar geti litið á sig sem heimamenn hvar sem þeir eru búsettir á Norðurlöndum hverju sinni. Með þessu móti getum við skapað Norðurlandasamstarfinu nauðsynlega sérstöðu sem er forsenda fyrir árangursríku samstarfi á þessum vettvangi. Á þingi Norðurlandaráðs, sem haldið verður í Reykjavík að ári, skýrist hvort markmið okkar hafi borið góðan ávöxt.

596. Svar [233. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um framkvæmd jafnréttislaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Í hvaða skólum og á hvaða skólastigum er veitt fræðsla um jafnréttismál, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?*
2. *Hvaða viðurlög eru við því að brjóta 10. gr. jafnréttislaganna og hver er ábyrgur ef svo er fyrir hönd einstakra skóla og varðandi kennslubækur grunn- og framhaldsskóla?*
3. *Hvernig hefur menntamálaráðuneytið fylgst með þróun jafnréttismála í grunnskólum og framhaldsskólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum landsins? Hefur það staðið fyrir reglubundnum rannsóknum í því skyni eins og kveðið er á um í 10. gr.?*

Vorið 1990 lauk störfum starfshópur sem þáverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, skipaði til að undirbúa framkvæmd ákvæðis um menntun skv. 10. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Skýrsla starfshópsins, *Jöfn staða kynja í skólum. Stefna — markmið — leiðir*, var gefin út af menntamálaráðuneytinu haustið 1990. Í skýrslunni voru m.a. tillögur um stefnu og framkvæmd 10. gr. jafnréttislaga í skólum og öðrum menntastofnunum.

Skýrslan var send til allra skóla (leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla) og annarra mennta- og uppeldisstofnana ásamt bréfi frá ráðherra með ósk um að hún yrði kynnt og fjallað yrði um hana með starfsfólki.

Samkvæmt tillögum starfshópsins var skipuð þriggja manna framkvæmdanefnd til að fylgja eftir tillögunum og stefnu sem mörkuð var í skýrslu starfshópsins. Framkvæmdanefndin skilaði skýrslu til ráðherra í janúar 1994.

Bæði starfshópurinn og framkvæmdanefndin stóðu fyrir fjölmörgum kynningar- og fræðslufundum um menntunarákvæði jafnréttislaga, m.a. með fræðslustjórum, starfsfólki fræðsluskrifstofa, skólastjórnendum, stjórnum kennarasamtaka allra skólastiga, kennurum kennaramenntunarstofnana, skólameisturum, námsráðgjöfum og kennurum, Jafnréttisráði og nefndum, svo og foreldrafélögum nokkurra skóla.

Á undanförnum árum hafa nokkrir grunnskólar fengið styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla vegna verkefna sem stuðla að jafnri stöðu kynjanna. Einnig hefur Ísland tekið virkan þátt í norrænu verkefni, NORD-LILIA, sem beinist fyrst og fremst að kennaramenntun og leiðum til að stuðla að jafnri stöðu kynja á þeim vettvangi.

Svör við einstökum liðum fyrirspurnarinnar.

1. Allir skólar hafa fengið send gögn frá ráðuneytinu um jafna stöðu kynja í skólum og kennarar fjölmargra skóla, m.a. um 25 grunnskóla í Reykjavík, flestra grunnskóla á Reykjanesi og margra á Akureyri, hafa fengið fræðslu og námskeið um jafnréttismál um styttri eða lengri tíma. Einnig hafa kennarar margra leikskóla og nokkurra framhaldsskóla fengið kynningu og fræðslu. Vitað er að fjölmargir kennarar flétta jafnréttisfræðslu inn í ýmis önnur viðfangsefni og beita henni í daglegri umgengni og samskiptum við nemendur eins og kveðið er á um í 10. gr. jafnréttislaganna.

2. Engum viðurlögum er beitt við broti á 10. gr. jafnréttislaga. Í henni er kveðið á um að menntamálaráðuneytið beri ábyrgð á framkvæmd greinarinnar í samvinnu við Jafnréttisráð. Fræðslustjóra ber fyrir hönd ráðuneytisins að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd grunnskólalaga í hverju umdæmi í samvinnu við skólanefndir og fræðsluráð. Skólastjóri grunnskóla og skólameistari framhaldsskóla bera ábyrgð á faglegu starfi skóla.
3. Samkvæmt 10. gr. jafnréttislaga ber menntamálaráðuneytinu að fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, m.a. með reglubundnum rannsóknum. Fram að þessu hefur engin slík rannsókn verið framkvæmd, en rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála eru af skornum skammti í íslensku skólakerfi.

597. Svar [238. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um skóla á háskólastigi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða skólar í landinu eru á háskólastigi samkvæmt skilgreiningu menntamálaráðuneytisins?*
2. *Hver var árleg heildarfjárveiting til þeirra á núgildandi verðlagi frá árinu 1987 til ársins í ár?*
3. *Hversu margir nemendur hafa árlega stundað nám í þessum skólum á árunum 1984–94?*
4. *Hver var árleg fjárveiting á nemanda á háskólastigi á árunum 1987–94?*

Ekki eru til nein lög um háskólastigið í heild. Því er við skilgreiningu á hvaða skólar í landinu séu á háskólastigi stuðst við lög um einstakar stofnanir og einnig lög nr. 55/1974, um skólakerfi, en þar er í 5. gr. kveðið á um að til inngöngu í háskóla þurfi stúdentspróf eða sambærilega menntun.

Samkvæmt lögum um eftirtalda skóla teljast þeir til háskólastigs: Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Tækniskóli Íslands (frumgreinadeild undanskilin) og búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. Auk þessara skóla hefur Samvinnuháskólinn á Bifröst fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sem háskóli.

Í umfjöllun um háskólastigið hefur menntamálaráðuneytið í sumum tilvikum talið eftirtalda skóla með skólum á háskólastigi þar sem þeir krefjast formlega eða í reynd stúdentsprófs til inngöngu. Einnig hefur nám úr sumum þessara skóla verið metið af háskólum erlendis sem samsvarandi við háskólanám. Þessir skólar eru: Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tölvuháskóli Verslunarskólans.

Árleg heildarfjárveiting til einstakra skóla á árunum 1987–94.

Á verðlagi hvers árs		*1987*	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*	*1994*
02-201	Háskóli Íslands	687.530	972.144	1.181.931	1.328.182	1.569.790	1.520.830	1.558.600	1.565.100
02-210	Háskólinn á Akureyri	11.025	39.145	51.875	100.353	121.296	121.729	153.300	165.200
02-211	Tækniskóli Íslands	77.825	98.050	133.339	136.918	146.692	140.926	159.120	149.940
02-221	Kennaraháskóli Íslands	128.971	177.758	193.859	230.195	259.054	263.038	277.600	296.900
02-580	Samvinnuháskólinn		24.882	30.000	31.200	32.735	35.034	35.700	36.200
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri (búvísindadeild)	13.417	16.976	19.067	19.218	20.968	18.766	23.655	21.847
	samtals	918.768	1.328.955	1.610.071	1.846.066	2.150.535	2.100.323	2.207.975	2.235.187
Vísitala vergrar landsframleiðslu:		1.019	1.252	1.499	1.751	1.884	1.954	1.999	2.038

Á föstu verðlagi (1994)		*1987*	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*	*1994*
02-201	Háskóli Íslands	1.375.060	1.582.452	1.606.922	1.545.879	1.698.106	1.586.209	1.589.008	1.565.100
02-210	Háskólinn á Akureyri	22.050	63.720	70.528	116.801	131.211	126.962	156.291	165.200
02-211	Tækniskóli Íslands	155.650	159.605	181.284	159.360	158.683	146.984	162.224	149.940
02-221	Kennaraháskóli Íslands	257.942	289.354	263.565	267.925	280.229	274.346	283.016	296.900
02-580	Samvinnuskólinn	0	40.503	40.787	36.314	35.411	36.540	36.396	36.200
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri (búvísindadeild)	26.834	27.633	25.923	22.368	22.682	19.573	24.117	21.847
	samtals	1.837.536	2.163.267	2.189.009	2.148.648	2.326.322	2.190.613	2.251.052	2.235.187

Framlög til hvers skóla eru heildarframlög, þ.e. til rekstrar, stofnkostnaðar og viðhalds.
1987-1992 eru samkvæmt ríkisreikningi og 1993-1994 eru samkvæmt fjárlögum.

Fjöldi nemenda í skólum á háskólastigi á árunum 1984–94.

	1984-85	*1985-86*	*1986-87*	*1987-88*	*1988-89*	*1989-90*	*1990-91*	*1991-92*	*1992-93*	*1993-94*	*1994-95*
Háskóli Íslands	4397	4470	4428	4294	4454	4638	5101	5478	5034	5364	5478
Kennaraháskóli Íslands	356	314	365	436	562	666	640	690	594	659	626
Háskólinn á Akureyri*				31	58	73	123	161	186	277	385
Tækniskóli Íslands	220	208	241	241	250	260	335	383	393	371	332
Búsvís.deild Hvanneyri	11	9	20	9	20	11	24	13	26	12	21
Samv.háskólinn Bifröst**					34	74	79	74	74	77	78
Samtals	4984	5001	5054	5011	5378	5722	6302	6799	6307	6760	6920

* Kennsla hófst við Háskólann á Akureyri árið 1987
** Samvinnháskólinn fékk viðurkenningu sem háskóli á árinu 1988

Árleg fjárveiting á nemanda á háskólastigi á árunum 1987–94.

	1987	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*	*1994*
Fjöldi nemenda	5011	5378	5722	6302	6799	6307	6760	6920
Árleg fjárveiting (þús. kr.)	1.837.536	2.163.267	2.189.009	2.148.648	2.326.322	2.190.613	2.251.052	2.235.187
Árleg fjárveiting á nemenda (þús. kr.)	367	402	383	341	342	347	333	323

598. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Á eftir 2. málsl. 3 mgr. 2. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Yfirlit yfir stöðu vörslufjárreiknings skal sent umbjóðanda í upphafi hvers mánaðar.

599. Frumvarp til laga [370. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35 29. apríl 1966, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Stjórninni er þó ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu skuldbatt Ísland sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópusambandsins. Alþingi samþykkti af þessu tilefni lög nr. 123 27. desember 1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þar er að finna allítarlegar reglur um slíkar lánastofnanir.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 123/1993 er hugtakið „lánastofnun“ í merkingu laganna skilgreint. Með því er átt við „félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings“. Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum segir og að í skilgreiningu á lánastofnun felist að til lánastofnana teljist öll félög og stofnanir hér á landi sem hafa heimild í lögum eða samþykktum til að veita lán í eigin nafni og afla til þess fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Þetta þýðir með öðrum orðum að félög og stofnanir, sem annaðhvort hafa ekki heimild til lántöku og fjármagna starfsemi sína t.d. með framlögum á fjárlögum og ávöxtun eigin fjár eða hafa einungis heimild til að taka lán hjá öðrum lánastofnunum, falla utan skilgreiningarinnar. Síðar í athugasemdunum segir að skilgreininguna beri að túlka þannig að undir hana falli allar stofnanir og félög sem hafa til þess heimild í lögum eða samþykktum að afla sér fjár með þeim hætti sem tilgreindur er í skilgreiningunni, þó svo að þær nýti sér ekki og hafi jafnvel aldrei

nýtt sér þá heimild heldur afli fjár með öðrum hætti, t.d. með framlögum úr ríkissjóði, tekjum af mörkuðum tekjustofni eða beinum lántökum hjá ríkissjóði eða öðrum stofnunum eða félögum.

Skilyrði þess að stofnun teljist lánastofnun samkvæmt lögum nr. 123/1993 eru samkvæmt framangreindu tvö. Annars vegar að stofnunin veiti lán í eigin nafni og hins vegar að hún afli fjár til útlána með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Bæði skilyrðin verða að vera uppfyllt svo að stofnun teljist lánastofnun í skilningi laganna. Þær stofnanir sem uppfylla ekki framangreind skilyrði falla því utan við ákvæði laga nr. 123/1993.

Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35/1966, með síðari breytingum, er það m.a. hlutverk sjóðsins að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga sem eru svo kostnaðarsamar að fjár til þeirra verði ekki aflað af tekjum sveitarfélagsins nema á löngum tíma. Þá segir í 1. málsl. 6. gr. laganna að stjórn sjóðsins sé heimilt að gefa út skuldabréf fyrir hans hönd til þess að afla sjóðnum lánsfjár skv. c- og d-liðum 5. gr. laganna. Ljóst er samkvæmt þessu að Lánasjóður sveitarfélaga telst lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993.

Í lögum nr. 123/1993 felast ýmsar almennar reglur um lánastofnanir sem í sumum tilvikum ganga miklum mun lengra en fram kemur í ýmsum gildandi sérlögum um lánastofnanir hér á landi, þar á meðal lögum um Lánasjóð sveitarfélaga. Í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum er tekið fram að lánastofnanir, sem falla undir skilgreiningu laganna og starfandi eru við gildistöku þeirra, skuli hafa aðlagað starfsemi sína ákvæðum laganna eigi síðar en 1. janúar 1995. Í athugasemdum með þessu ákvæði segir þó m.a. að rétt sé að undirstrika að ekki sé sjálfgefið að allar starfandi lánastofnanir eigi að hafa heimild til þess að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings og falla þar með undir gildissvið frumvarpsins (laganna). Gert er þannig ráð fyrir því að lög þeirra stofnana sem undir lögin eiga að falla verði samræmd lögum nr. 123/1993 fyrir 1. janúar 1995. Því verður að breyta lögum þeirra stofnana sem falla nú undir hugtakið lánastofnun eins og það er skilgreint í lögum nr. 123/1993 en ekki er ætlast til að lögin nái til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Það sem liggur að baki ákvæðinu er að undanþiggja Lánasjóð sveitarfélaga ákvæðum laga nr. 123/1993. Sjóðurinn þarfnast ekki heimildar til útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings til að fjármagna starfsemi sína. Sjóðurinn hefur afar sérstöku og afmörkuðu hlutverki að gegna við sveitarfélögin í landinu. Engin ástæða er til að breyta lögum hans í veigamiklum atriðum og laga hann sérstaklega að reglum og kröfum Evrópusambandsins. Ákvæðið gerir því ráð fyrir að sjóðnum verði ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Eftir þessa breytingu rúmast starfsemi sjóðsins ekki lengur innan þeirrar skilgreiningar á lánastofnun sem fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 123/1993. Eftir breytinguna fellur hann því utan þeirra laga. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í 15. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, er að finna sambærilegt ákvæði og þetta. Það ákvæði var beinlínis sett til þess að Þróunarsjóður sjávarútvegsins heyrði ekki undir lög nr. 123/1993.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35/1966, með síðari breytingum.

Með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu skuldbatt Ísland sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópusambandsins. Alþingi samþykkti af þessu tilefni lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Í 1. mgr. 2. gr. þeirra laga er hugtakið „lánastofnun" skilgreint og ráð fyrir því gert að lög þeirra stofnana sem falla undir þá skilgreiningu verði samræmd áðurnefndum lögum fyrir 1. janúar 1995. Til eru þær stofnanir sem falla undir hugtakið lánastofnun en aldrei var ætlunin að lög nr. 123/1993 næðu til. Lánasjóður sveitarfélaga er ein þeirra.

Tilgangur frumvarps þessa er að undanþiggja Lánasjóð sveitarfélaga ákvæðum laga nr. 123/1993 um lánastofnanir. Þar með er stjórn sjóðsins ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Þetta ákvæði breytir ekki starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem starfsemi hans snýst ekki um að lána almenningi beint heldur sveitarfélögum. Frumvarpið miðar að því að halda starfsemi sjóðsins í horfinu og koma Lánasjóði sveitarfélaga hjá því að þurfa að sæta kröfum sem gerðar eru til lánastofnana og varða hlutafélagsform, bókhald, eftirlit bankaeftirlits Seðlabankans o.s.frv. Ekki verður séð að frumvarpinu fylgi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

600. Frumvarp til laga [371. mál]

um breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51 26. maí 1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr lokamálsliður svohljóðandi: Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu skuldbatt Ísland sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópusambandsins. Alþingi samþykkti af þessu tilefni lög nr. 123 27. desember 1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þar er að finna allítarlegar reglur um slíkar lánastofnanir.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 123/1993 er hugtakið „lánastofnun" í merkingu laganna skilgreint. Með því er átt við „félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings". Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum segir og að í skilgreiningu á lánastofnun felist að til lánastofnana teljist öll félög og stofnanir hér á landi sem hafa heimild í lögum eða samþykktum til að veita lán í eigin nafni og afla til þess fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Þetta þýðir með öðrum orðum að félög og stofnanir, sem annaðhvort hafa ekki heimild til lántöku og fjármagna starfsemi sína t.d. með framlögum á fjárlögum og ávöxtun eigin fjár eða hafa einungis heimild til að taka lán hjá öðrum lánastofnunum, falla utan skilgreiningarinnar. Síðar í athugasemdunum segir að skilgreininguna beri að túlka þannig að undir hana falli allar stofnanir og félög sem hafa til þess heimild í lögum eða samþykktum að afla sér fjár með þeim hætti sem tilgreindur er í skilgreiningunni, þó svo að þær nýti sér ekki og hafi jafnvel aldrei nýtt sér þá heimild heldur afli fjár með öðrum hætti, t.d. með framlögum úr ríkissjóði, tekjum af mörkuðum tekjustofni eða beinum lántökum hjá ríkissjóði eða öðrum stofnunum eða félögum.

Skilyrði þess að stofnun teljist lánastofnun samkvæmt lögum nr. 123/1993 eru samkvæmt framangreindu tvö. Annars vegar að stofnunin veiti lán í eigin nafni og hins vegar að hún afli fjár til útlána með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Bæði skilyrðin verða að vera uppfyllt svo að stofnun teljist lánastofnun í skilningi laganna. Þær stofnanir sem uppfylla ekki framangreind skilyrði falla því utan við ákvæði laga nr. 123/1993.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir skv. 4. gr. bjargráðasjóðslaga, nr. 51/1972, almenna deild og búnaðardeild. Þær veita hvor um sig fjárhagsaðstoð vegna tjónstilvika sem nánar er lýst í 8. og 9. gr. sömu laga. Samkvæmt 10. gr. laganna er fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins fólgin í veitingu styrkja og/eða lána eftir reglum sem sjóðstjórn setur. Samkvæmt 15. gr. laganna er gert ráð fyrir því að Bjargráðasjóður geti tekið „nauðsynleg lán fyrir sjóðinn". Heimildin til lántöku er því fyrir hendi hvort sem hún er „nýtt" eða ekki. Ljóst er samkvæmt þessu að Bjargráðasjóður telst til lánastofnunar í skilningi laga nr. 123/1993.

Í lögum nr. 123/1993 felast ýmsar almennar reglur um lánastofnanir sem í sumum tilvikum ganga miklum mun lengra en fram kemur í ýmsum gildandi sérlögum um lánastofnanir hér á landi. Í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum er tekið fram að lánastofnanir, sem falla undir skilgreiningu laganna og starfandi eru við gildistöku þeirra, skuli hafa aðlagað starfsemi sína ákvæðum laganna eigi síðar en 1. janúar 1995. Í athugasemdum með þessu ákvæði segir þó m.a. að rétt sé að undirstrika að ekki sé sjálfgefið að allar starfandi lánastofnanir eigi að hafa heimild til þess að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings og falla þar með undir gildissvið frumvarpsins (laganna). Bjargráðasjóður er þar auk fleiri sjóða nefndur sem dæmi þessa. Gert er þannig ráð fyrir því að lög um stofnanir, sem undir lög nr. 123/1993 eiga að falla, verði samræmd síðarnefndu lögunum fyrir 1. janúar 1995. Því verður að breyta

lögum þeirra stofnana sem falla nú undir hugtakið lánastofnun eins og það er skilgreint í lögum nr. 123/1993 en ekki er ætlast til að lögin nái til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Það sem liggur að baki ákvæðinu er að undanþiggja Bjargráðasjóð ákvæðum laga nr. 123/1993. Sjóðurinn þarfnast ekki heimildar til útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings til að fjármagna starfsemi sína. Sjóðurinn hefur afar sérstöku og afmörkuðu hlutverki að gegna hér á landi. Engin ástæða er til að breyta lögum hans í veigamiklum atriðum og laga hann sérstaklega að reglum og kröfum Evrópusambandsins. Ákvæðið gerir því ráð fyrir að sjóðnum verði ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Eftir þessa breytingu rúmast starfsemi sjóðsins ekki lengur innan þeirrar skilgreiningar á lánastofnun sem fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 123/1993. Eftir breytinguna fellur hann því utan þeirra laga. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í 15. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, er að finna sambærilegt ákvæði og lagt er til að hliðstætt ákvæði verði tekið upp í 6. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35/1966, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51/1972, með síðari breytingum.

Með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu skuldbatt Ísland sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópusambandsins. Alþingi samþykkti af þessu tilefni lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Í 1. mgr. 2. gr. þeirra laga er hugtakið „lánastofnun“ skilgreint og ráð fyrir því gert að lög þeirra stofnana sem falla undir þá skilgreiningu verði samræmd áðurnefndum lögum fyrir 1. janúar 1995. Til eru þær stofnanir sem falla undir hugtakið lánastofnun en aldrei var ætlunin að lög nr. 123/1993 næðu til. Bjargráðasjóður er ein þeirra.

Tilgangur frumvarps þessa er að undanþiggja Bjargráðasjóð ákvæðum laga nr. 123/1993 um lánastofnanir. Þar með er stjórn sjóðsins ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Þetta ákvæði skerðir starfsemi Bjargráðasjóðs ekki þar sem starfsemi hans hefur á undanförnum árum nær alfarið snúist um styrkveitingar. Frumvarpið miðar að því að halda starfsemi sjóðsins í horfinu og koma Bjargráðasjóði hjá því að þurfa að sæta kröfum sem gerðar eru til lánastofnana og varða hlutafélagsform, bókhald, eftirlit banka-

eftirlits Seðlabankans o.s.frv. Ekki verður séð að frumvarpinu fylgi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

601. Skýrsla [372. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1994.

1. Inngangur.

Á árinu 1994 var öflug starfsemi innan Norður-Atlantshafsþingsins og tekið var á erfiðum málum er snerta framtíð NATO og skipan evrópskra öryggismála. Veröldin hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Hrun járntjaldsins á sínum tíma var vissulega fagnaðarefni og hefur haft í för með sér jákvæðar breytingar í alþjóðamálum. Það er hins vegar ljóst að þó að öryggishagsmunir hafi breyst á undanförnum árum á Evrópa í dag við gífurleg öryggisvandamál að glíma.

Atlantshafsbandalagið hefur á undanförnum árum verið að laga sig að þeim nýju aðstæðum sem skapast hafa. Það hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna í öryggismálum Evrópu. Af þeim stofnunum, sem starfandi eru á sviði öryggismála í Evrópu, nýtur NATO ótvírætt mestrar virðingar, ekki síst meðal ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Með Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu, sem stofnað var árið 1991, tók NATO mikilvægt skref að því að bjóða ríki í Mið- og Austur-Evrópu velkomin í samfélag vestrænna ríkja. Þetta skref hafði mikla þýðingu fyrir samstarf við þessi ríki á sviði varnar- og öryggismála og hefur haft áhrif til aukins stöðugleika á svæðinu. Þetta samstarf var síðan enn aukið með áætlun NATO um Samstarf í þágu friðar. Þá má búast við að NATO taki enn frekar þátt í aðgerðum til að koma á friði í löndum utan bandalagsins þar sem það hefur mátt sem aðrar alþjóðastofnanir í Evrópu skortir.

Atlantshafsbandalagið hefur mætt þeim áskorunum sem það hefur staðið frammi fyrir á undanförnum árum með framsýni. Hefði NATO verið lagt niður við endalok kalda stríðsins hefði skapast tómarúm í öryggismálum í Evrópu sem leitt hefði til frekari óstöðugleika í álfunni. Evrópa þarf jafnmikið á samvinnu við Bandaríkin á sviði varnar- og öryggismála að halda í dag og fyrir 45 árum.

Vissulega er stefna bandalagsins gagnvart nýjum aðstæðum enn til umræðu á vissum sviðum. Spurningar t.d. um hvenær skuli stækka bandalagið og hvernig, um hlutverk Rússa í öryggiskerfi Evrópu og um hugsanlegar aðgerðir utan NATO-svæðisins eru enn til umræðu. Það þýðir þó ekki að NATO sé úrelt fyrirbæri, heldur að það sé lifandi bandalag sem tekst á við breytt umhverfi af sveigjanleika og hugmyndaauðgi.

Norður-Atlantshafsþingið var á árinu 1994 að fást við þær stóru spurningar sem bandalagið stendur nú frammi fyrir og mun sú umræða vafalaust halda áfram á árinu 1995. Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins hefur í málflutningi sínum lagt ríka áherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað að trúverðugleiki NATO hvílir einmitt á samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingatímum.

2. Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Norður-Atlantshafsþingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá 1955 verið þinglegur vettvangur löggjafa frá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins þar sem þeir koma saman til að ræða sameiginleg áhuga- og áhyggjumál. Undanfarið hefur þingið þó bæði fjölgað í hópi sínum og víkkað út starfssvið sitt í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í fyrrum Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Fimmtán nýjum lýðræðisríkjum úr hópi fyrrum kommúnistaríkja hefur verið veitt aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta nú tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast nú í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og að efnahagslegum og pólitískum vandamálum ásamt menningar- og umhverfismálum sem tengjast ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni veitir þingið nú einnig virkan stuðning við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum, sjá bls. 3.

3. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins, en með tímanum hefur komist á náin og virk samvinna á milli stofnananna.

Meginhlutverk þingsins er að upplýsa og efla samstöðu. Þingið gerir löggjöfum aðildarríkja bandalagsins og (nú) löggjöfum ríkja Mið- og Austur-Evrópu kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum varðandi mikilvæg sameiginleg hagsmunamál. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum sínum samkvæmt aðferðum sem þjóðirnar ákveða. Á þinginu endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana.

Þingið kemur saman tvisvar á ári til allsherjarfundar: vorfundar er stendur í þrjá daga og ársfundar er stendur í fimm daga. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer fram í fimm nefndum: stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og félagsmálanefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli kýs hún undirnefnd til að afla um það upplýsinga.

Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um á allsherjarfundi. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða. Ályktunum er hins vegar beint til ríkisstjórna aðildarríkja, enda er yfirleitt sett fram í þeim tiltekið álit. Á hverju ári tekur þingið til umræðu á allsherjarfundi sínum afmarkað efni sem er ofarlega á baugi.

Eitt af því sem gerir starfsemi þingsins einstæða er sambandið milli löggjafa beggja vegna Atlantshafsins, hin svonefndu Atlantshafstengsl. Í ljósi hlutverks Bandaríkjaþings í mörkun utanríkis- og varnarstefnu Bandaríkjanna og sér í lagi vegna þess hve þrálát umræða hefur verið um að deila byrðinni (þ.e. jafna sameiginlegum kostnaði öðruvísi milli Evrópu og Ameríku) er þetta ákaflega mikilvægur þáttur í starfsemi þingsins. Norður-Atlantshafsþingið hefur sérstaklega gert sér far um að styrkja tengslin við þingnefndir Bandaríkjaþings.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman tekið á sig fastara form, sem fyrr segir, og meðal formlegra samskipta má nefna: Formlegt svar af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins við tillögum þingsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins; ávarp framkvæmdastjóra NATO á haustfundum þingsins; aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO og SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe — æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu); og loks fundi milli forustumanna í þinginu og fulltrúa Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

Nýleg þróun er að þingið hefur verið á undanförnum árum til aðstoðar við myndun RÖSE-þingsins. Þingið hefur átt þátt í undirbúningi fyrstu funda hinnar nýju stofnunar og látið henni ýmsa þjónustu í té.

4. Þróun samskipta við Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og NATO sjálft hefur þingið orðið að endurskoða hlutverk sitt í ljósi örra breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á áframhaldandi þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er breytinga og aðlögunar þörf í ljósi þess að horfin er af vettvangi skýr og yfirvofandi ógnun. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggir á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. Atlantshafsþingið hefur tekið forustuna á löggjafarsviðinu í þeirri viðleitni að leggja grunn að slíkum samskiptum á sviði öryggismála við hinar nýfrjálsu þjóðir Mið- og Austur-Evrópu.

Þingið hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987, en það var ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundinum í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékkland og Slóvakía), Ungverjalands, Póllands og fyrrum Sovétríkjanna (nú Rússland) fengu aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litáens, Moldóvu, Rúmeníu, Slóveníu og Úkraínu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi þessa réttar felst í því að hann veitir löggjöfum hinna nýju lýðræðisríkja tækifæri til þess að taka virkan þátt í störfum þingsins (vor- og haustfundum, nefndarfundum o.fl.).

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum að því er varðar Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun, sem sett var fram árið 1991 af tveimur Bandaríkjamönnum, Charlie Rose, þingmanni og fyrrum forseta Norður-Atlantshafsþingsins, og Bill Roth öldungardeildarþingmanni, og naut stuðnings beggja þingflokka Bandaríkjaþings, beinir Norður-Atlantshafsþingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu.

Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt verulega af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölhliða umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum og sér í lagi um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla þeim upplýsingum og þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og ákvörðun fjárveitinga til varnarmála og herafla. Frá upphafi áætlunarinnar og fram til ársloka 1994 höfðu verið haldnar 23 námsstefnur.

Norður-Atlantshafsþingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttra rannsóknardvala (3–6 mánuði) á alþjóðaskrifstofunni. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til þess að starfslið þjóðþinga Mið- og Austur-Evrópulanda geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins sem að framan er lýst, má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd sem beinist að Evrópu allri við hið hefðbundna hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum. Þetta framtak sýnir einnig að þingfulltrúar hafa gert sér ljósa þá staðreynd að framvinda efnahagslegra og pólitískra breytinga í austri krefst vestræns stuðnings á öllum sviðum, ekki síst stuðnings þjóðþinga. Tilvist virkrar löggjafarsamkundu, sem hefur eftirlit og umsjón með framkvæmdarvaldinu, er ómissandi liður í öllu lýðræðislegu stjórnarfari. Löggjafarsamkundur í löndum Austur-Evrópu hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því að tryggja varanlegan árangur af pólitískum og efnahagslegum umbótum sem nú eiga sér stað og tryggja að sá árangur feli í sér tilurð raunverulegra lýðræðisþjóðfélaga.

5. Fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu og embættismenn þess.

Á Norður-Atlantshafsþinginu eiga sæti 188 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er hin bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Í sendinefndum Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands eru 18 þingmenn í hverri. Kanada, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa, hvert land. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi og Portúgal koma sjö frá hverju landi. Danmörk og Noregur senda fimm frá hvorri þjóð og frá Íslandi og Lúxemborg koma þrír frá hvoru landi. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndarfundum og allsherjarfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex, og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á allsherjarfundi (forseti, þrír varaforsetar, gjaldkeri). Sjötti embættismaðurinn (framkvæmdastjórinn) er kjörinn annað hvert ár af stjórnarnefndinni. Atlantshafsþinginu er stjórnað af stjórnarnefnd, en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna.

Alþjóðaskrifstofa Norður-Atlantshafsþingsins, undir stjórn framkvæmdastjórans, gegnir tvíþættu hlutverki: Annars vegar sér hún um mikið af þeim rannsóknum og úttektum sem eru nauðsynleg undirstaða hinna miklu starfa sem unnin eru í nefndunum og hins vegar vinnur hún þau stjórnunar- og skipulagsstörf sem nauðsynleg eru fyrir þingfundi, nefndarfundi og aðra skylda starfsemi Atlantshafsþingsins.

6. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til þess að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig árlegt framlag til þingsins.

Gjaldkeri ber ábyrgð á fjármálastjórn þingsins. Hann leggur ársreikninga og fjárhagsáætlun fyrir stjórnarnefndina og allsherjarfundi þingsins. Hann nýtur aðstoðar endurskoðanda sem tilnefndur er af stjórnarnefndinni.

7. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Eru tilnefndir í Íslandsdeildina þrír aðalmenn og þrír menn til vara. Í samræmi við starfsreglur Norður-Atlantshafsþingsins og ákvörðun þingflokka voru fulltrúar Alþingis sem hér segir árið 1994:

Aðalmenn: Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, varaformaður Íslandsdeildarinnar, og Petrína Baldursdóttir, Alþýðuflokki.

Varamenn: Ingi Björn Albertsson og Árni R. Árnason, Sjálfstæðisflokki, og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Framsóknarflokki.

Ritari deildarinnar er Belinda Theriault alþjóðaritari.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar.

Íslandsdeildin skiptist þannig í nefndir:

Sólveig Pétursdóttir á sæti í stjórnarnefnd þingsins, en varamaður hennar í nefndinni er Jón Kristjánsson.

Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Ingi Björn Albertsson. Árni R. Árnason.
Félagsmálanefnd:	Petrína Baldursdóttir.
Efnahagsmálanefnd:	Jón Kristjánsson.
Vísinda- og tæknimálanefnd:	Enginn.

Sólveig Pétursdóttir var á ársfundi þingsins kjörinn varaformaður vinnuhóps um evrópskar stofnanir og stofnanir sem lönd beggja vegna Atlantshafsins eiga aðild að. Petrína Baldursdóttir var á ársfundinum kjörinn framsögumaður undirnefndar félagsmálanefndar um málefni RÖSE. Jón Kristjánsson á sæti í undirnefnd efnahagsmálanefndar um samvinnu austurs og vesturs.

8. Fundir sem Íslandsdeildin tók þátt í á árinu.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo allsherjarfundi árlega, svokallaðan vorfund og ársfund að hausti. Auk þess er haldinn einn sérfundur stjórnarnefndar. Á svokölluðum febrúarfundum fundar stjórnarnefndin með framkvæmdastjóra NATO og Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmála- og varnar- og öryggismálanefndirnar halda sameiginlegan fund. Þá eru haldnar námsstefnur og fundir í nefndum og undirnefndum þingsins reglulega á milli þinga. Jafnframt er árlega farið í kynnisferð til eins aðildarríkis NATO til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Þá voru haldnar sex Rose-Roth námsstefnur á árinu. Íslandsdeildin tók þátt í febrúarfundunum, sérfundi stjórnarnefndar og vor- og haustfundum þingsins á árinu 1992 auk þess sem einn nefndarfundur var sóttur í efnahagsmálanefnd.

a. Fundur efnahagsmálanefndar.

Jón Kristjánsson sótti fund efnahagsmálanefndar þingsins sem haldinn var í París 14. og 15. febrúar í samvinnu við Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunina (OECD). Margir helstu embættismenn OECD hittu nefndina að máli og var m.a. rætt um efnahagsástandið í aðildarríkjum OECD og efnahagsþróunina í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

b. Febrúarfundir.

Jón Kristjánsson sat þessa fundi fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Um var að ræða fund stjórnarnefndar þingsins með Atlantshafsráðinu og varaframkvæmdastjóra NATO sem sótti fundinn í forföllum þáverandi framkvæmdastjóra, auk sameiginlegs fundar stjórnmálanefndar þingsins og varnar- og öryggismálanefndar þess. Á þessum fundum voru rædd þau pólitísku og hernaðarlegu málefni sem brenna heitast á NATO, svo sem hlutverk NATO, stækkun bandalagsins, loftárásir á Sarajevo og hlutverk Vestur-Evrópusambandsins (VES). Mikilvægi febrúarfundanna hefur verið að aukast verulega þar sem þetta eru orðnir einu fundirnir þar sem þingmenn frá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins geta rætt málefnin sín á milli án þátttöku aukaaðila.

c. Fundur stjórnarnefndar.

Fundur stjórnarnefndar þingsins var haldinn dagana 18.–20. mars í Aþenu. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar formaður og ritari. Aðalumræðuefni fundarins var stækkun NATO og stækkun þingsins, en skrifleg sjónarmið með og á móti stækkun þingsins á undan stækkun NATO voru lögð fyrir fundinn. Samþykkt var að lokum að ræða ekki sjálfstæða stækkun þingsins, heldur aðeins í samhengi við stækkun NATO.

d. Vorfundur.

Dagana 26.–30. maí var haldinn vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins í Ósló. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar formaður og ritari Íslandsdeildarinnar. Óvenjulítil þátttaka var af hálfu Íslandsdeildarinnar vegna þess að sveitarstjórnarkosningar voru haldnar á sama tíma á Íslandi.

Stjórnarnefndin samþykkti að veita Marokkó áheyrnaraðild að Norður-Atlantshafsþinginu með 13 atkvæðum, en fulltrúar Íslands, Danmerkur og Noregs sátu hjá. Samþykkt var samhljóða að veita Moldóvu aukaaðild að þinginu. Tveir bandarískir þingmenn, Heflin og Bereuter, lögðu fram yfirlýsingu til umræðu á þinginu. Var hún m.a. rædd í stjórnarnefnd. Fjallaði yfirlýsingin um með hvaða hætti Norður-Atlantshafsþingið ætti að bregðast við Félagsskap í þágu friðar, til hvaða aðgerða þingið gæti gripið til að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu samstarfsins og hvernig hægt væri að gera samstarfið áhrifaríkara. Vakti þessi yfirlýsing mikla athygli og var ákveðið að hún yrði að hluta til endurunnin og lögð síðan fyrir aðalfund þingsins um haustið.

Haldnir voru fundir í öllum fimm nefndum þingsins. Nefndastarfið á vorfundinum fólst að mestu leyti í undirbúningsstarfi fyrir ársfund Norður-Atlantshafsþingsins. Drög að skýrslum um margvísleg málefni voru lögð fram í nefndunum og rædd. Fundarmönnum gafst tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við drögin og áliti sínu á þeim áður en skýrsluhöfundar fullunnu skýrslurnar fyrir haustfundinn. Nefndirnar fengu til sín gesti til að ræða tiltekin málefni og meðal gesta var dr. Ibrahim Rugova, leiðtogi Albana í Kosovo, sem ávarpaði bæði stjórnmálanefnd og félagsmálanefnd þingsins.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Þar fluttu ávörp Jan Petersen, formaður Noregsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, Loic Bouvard, forseti Norður-Atlantshafsþingsins, og Björn Tore Godal, utanríkisráðherra Noregs. Þá fóru fram umræður um Félagsskap í þágu friðar sem aðildarlönd þingsins, aukaaðilar og nokkrir áheyrnarfulltrúar tóku þátt í. Í ræðu sinni lagði Sólveig Pétursdóttir áherslu á mikilvægi Atlantshafstengslanna. Hún sagði jafnframt að Félagsskapur í þágu friðar mætti ekki mismuna smærri þjóðum með takmarkaða hernaðargetu eins og Eystrasaltsþjóðunum og minnti á mikilvægi réttar samstarfsríkis til samráðs væri því ógnað.

e. Ársfundur.

40. aðalfundur Norður-Atlantshafsþingsins var haldinn dagana 14.–18. nóvember í Washington, D.C. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Petrína Baldursdóttir, Ingi Björn Albertsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Fundi stjórnarnefndar sat Sólveig Pétursdóttir. Stjórnarnefndin samþykkti að veita Slóveníu aukaaðild að þinginu og Ísrael áheyrnaraðild. Þá var ákveðið að aukaaðilar bæru framvegis sjálfir kostnað af þátttöku sinni í vor- og haustfundum þingsins nema í undantekningartilvikum, en hingað til hefur þátttaka þeirra verið kostuð af Rose-Roth áætlun þingsins. Jafnframt munu aukaaðilar fá aukinn þátttökurétt í störfum þingsins.

Stjórnarnefndin samþykkti yfirlýsingu frá bandarísku þingmönnunum Heflin og Bereuter, þar sem nefndum Norður-Atlantshafsþingsins er falið að skoða með hvaða hætti þær geti aðstoðað ríki Mið- og Austur-Evrópu sem áhuga hafa á inngöngu í NATO að uppfylla ýmis skilyrði. Í framhaldi af því verði gerðar framkvæmdaáætlanir fyrir þingið og fyrrnefnd lönd.

Haldnir voru fundir í öllum fimm nefndum þingsins. Margir góðir gestir mættu á nefndarfundi til að ræða hin ýmsu dagskrárefni þeirra. Yfirlit yfir skýrslur, sem afgreiddar voru í nefndum, er að finna á fylgiskjali III. Yfirlit yfir ályktanir þær, er samþykktar voru á þingfundi að lokinn afgreiðslu úr nefnd, er að finna í fylgiskjali IV.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Þar fluttu erindi, auk Loic Bouvard, formanns Norður-Atlantshafsþingsins, Willy Claes, framkvæmdastjóri NATO, og Lloyd Bentsen, fjármálaráðherra Bandaríkjanna.

Nýr forseti Norður-Atlantshafsþingsins var kjörinn Karsten Voigt, jafnaðarmaður frá Þýskalandi. Varaforsetar voru kjörnir Ruperez frá Spáni, Rompky frá Kanada og van Heemskerck Pillis-Duvekot frá Hollandi.

Aðalályktun fundarins fjallaði um NATO, samstarf í þágu friðar og stækkun bandalagsins. Í ályktuninni er Norður-Atlantshafsráðið m.a. hvatt til að setja fram skýra tímaáætlun um inngöngu nýrra ríkja í NATO og að veita þeim ríkjum sem uppfylla viss skilyrði inngöngu á næstu tveimur til fimm árum.

Alþingi, 3. febrúar 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Jón Kristjánsson, varaform.	Petrína Baldursdóttir.

Fylgiskjal I.

<table>
<tr><td colspan="3">NORÐUR-ATLANTSHAFSÞINGIÐ
Kemur saman á allsherjarfundi tvisvar á ári á vorfund og ársfund</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja
16 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
188 þingmenn
Fjöldi þingsæta stendur í hlutfalli við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar
frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi, Litáen, Moldóvu, Póllandi, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi, Ungverjalandi og Úkraínu
Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn
Kosin árlega
Forseti, 3 varaforsetar

Gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd
Formenn sendinefnda
Formenn nefnda
Hvert land hefur eitt atkvæði
Kemur saman þrisvar á ári</td><td></td></tr>
<tr><td>Nefndarfundir

5 nefndir:
Félagsmálanefnd
Varnar- og öryggismálanefnd
Efnahagsnefnd
Stjórnmálanefnd
Vísinda- og tækninefnd

Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir

Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga</td><td>Allsherjarfundir

Greiða atkvæði um tillögur nefndanna 5 og fjárhagsáætlun

Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi

Hlýða á ávörp gesta

Þátttaka auka- og áheyrnaraðila</td><td>Önnur starfsemi

Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað

Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth-áætlunarinnar</td></tr>
</table>

Fylgiskjal II.

UNDIRNEFNDIR — VINNUHÓPAR

Stjórnmálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um málefni Austur-Evrópu og Sovétríkjanna fyrrverandi.
Undirnefnd um Suðursvæðið.
Vinnuhópur um evrópskar stofnanir og stofnanir sem lönd beggja vegna Atlantshafs eiga aðild að.

Varnar- og öryggismálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um varnar- og öryggissamstarf Evrópu og Norður-Ameríku.
Undirnefnd um framtíð herafla.
Vinnuhópur um öryggismál á norðurslóðum.
Vinnuhópur um stækkun NATO.

Efnahagsnefnd.
(35 fulltrúar.*)

Undirnefnd um efnahagssamstarf og samhæfing austurs og vesturs.

Félagsmálanefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE).
Undirnefnd um Miðjarðarhafssvæðið.

Vísinda- og tækninefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um útbreiðslu hertækni.

---

* Fulltrúum fjölgar um einn eða tvo eftir því sem Íslendingar og Lúxemborgarar, með þrjá fulltrúa hvor þjóð, skipa fulltrúum sínum í einhverjar þrjár af þessum fimm nefndum.

Fylgiskjal III.

Skýrslur Norður-Atlantshafsþingsins 1994.

Stjórnmálanefnd:

Continental Drift;
um grundvallarspurningar er NATO stendur frammi fyrir.

CSCE: A case of identity;
um skilgreiningu RÖSE.

Partnership for Peace: A preliminary assessment;
um mat á Samstarfi í þágu friðar.

Cooperation and security in the Mediterranean;
um samstarf og öryggismál á Miðjarðarhafssvæðinu.

Peacekeeping in the Transdniester region: A test case for the CSCE;
um friðargæslu á Transdniester-svæðinu.

Threats to security in Central and Eastern Europe;
um ógnanir við öryggi Mið- og Austur-Evrópulanda.

The Partnership for Peace: A new step forward towards strengthening our security including through NATO enlargement. A Romanian view;
um Samstarf í þágu friðar frá sjónarhóli Rúmena.

The democratic transformation of Russia: challenges from without;
um lýðræðisþróunina í Rússlandi og ógnir við hana utan frá.

Varnar- og öryggismálanefnd:

After the NATO summit: New structures and modalities for military cooperation;
um nýtt samstarfsfyrirkomulag og nýjar samstarfsaðferðir á sviði hermála í kjölfar leiðtogafundar NATO.

New roles for the reserve forces;
um ný hlutverk varaliða.

NATO, the UN and peacekeeping: New context; New challenges;
um ný vandamál á sviði friðargæslu fyrir NATO og Sameinuðu þjóðirnar.

The enlargement of the Alliance;
um stækkun bandalagsins.

Security of Bulgaria: Regional and European dimensions;
um öryggismál í Búlgaríu.

NATO and NAA Enlargement. A Hungarian Perspective;
um stækkun NATO og Norður-Atlantshafsþingsins frá sjónarhóla Ungverja.

Félagsmálanefnd:

Democratization in Eastern Europe: An Interim Assessment;
um lýðræðisþróunina í Austur-Evrópu.

The CSCE Human Dimension: Principles, Mechanisms and Implementation;
um mannréttindamál innan RÖSE.

The rise of religious fundamentalism and the future of democracy in North Africa;
um uppsveiflu trúarofstækis og framtíðarhorfur lýðræðis í Norður-Afríku.

Efnahagsmálanefnd:
The Uruguay round and the next agenda for global trade;
um Úrúgvæ-lotuna og mál sem næst þarf að takast á við á sviði heimsviðskipta.
The European Energy Charter Treaty towards mutual energy security;
um orkumálasáttmála Evrópu.
Albania, new beginnings amidst immense challenges;
um efnahagsmál í Albaníu.

Vísinda- og tækninefnd:
The follow-up to the Earth Summit;
um aðgerðir í framhaldi af umhverfismálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.
Interim Report of the sub-committee on the proliferation of military technology;
um útbreiðslu hertækni.
Nuclear proliferation;
um útbreiðslu kjarnavopna.

Fylgiskjal IV.

Ályktanir Norður-Atlantshafsþingsins 1994.

Reccomendation 88 on European Security and Defence Identity and Combined Joint Task Forces.
Tillaga nr. 88 um varnar- og öryggismálahlutverk Evrópuríkja og sameiginlegt herstjórnarfyrirkomulag.
Resolution 248 on supporting democratization in Belarus, Moldova, Russia and Ukraine.
Ályktun nr. 248 um stuðning við lýðræðisþróun í Hvíta-Rússlandi, Moldóvu og Úkraínu.
Resolution 249 on land mine eradication measures.
Ályktun nr. 249 um aðgerðir til að eyða jarðsprengjum.
Resolution 250 on an Atlantic community.
Ályktun nr. 250 um Atlantshafstengslin.
Resolution 251 on Bosnia-Herzegovina and the Contact Group Peace Plan.
Ályktun nr. 251 um Bosníu Hersegóvínu.
Resolution 252 on a comprehensive approach to European security.
Ályktun nr. 252 um heildarstefnu í evrópskum öryggismálum.
Resolution 253 on ratification of the Chemical Weapons Convention.
Ályktun nr. 253 um staðfestingu efnavopnasamningsins.
Resolution 254 on security assurances and renewal of the Non-Proliferation Treaty.
Ályktun nr. 254 um framlengingu samningsins gegn útbreiðslu kjarnavopna.
Reslution 255 on NATO, Partnership for Peace and the Enlargement Process.
Ályktun nr. 255 um NATO, Samstarf í þágu friðar og stækkun NATO.
Order 28 on the relations of the North Atlantic Assembly with the countries of the Southern Mediterranean.
Tilmæli nr. 28 varðandi samskipti Norður-Atlantshafsþingsins við Miðjarðarhafslönd.

602. Skýrsla [373. mál]

Íslandsdeildar RÖSE-þingsins fyrir árið 1994.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna, sem undirrituð var 21. nóvember 1990 í París, var hvatt til þess að komið yrði á fót þingmannasamkundu ríkjanna. Fyrsti undirbúningsfundur til að hrinda þessu ákvæði Parísaryfirlýsingarinnar í framkvæmd var haldinn í apríl 1991 í Madrid. Á Madrid-fundinum var ákveðið að koma á fót RÖSE-þingi er kæmi saman einu sinni á ári (í júlí). Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal RÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum á árinu 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þings haldinn í júlí 1992 í Búdapest. RÖSE-þingið er því ungt að árum og starf þess er eðlilega enn í mótun. Þingið getur tvímælalaust orðið mikilvægur hlekkur í RÖSE-keðjunni á öllum sviðum RÖSE-samstarfsins. Þó er ljóst að hvað þingfundina sjálfa varðar er nauðsynlegt að taka vinnubrögð og skipulag til endurskoðunar ef samstarf þetta á að skila sér í einhverjum raunverulegum árangri. Sú vinna er nú hafin með endurskoðun á starfsreglum sem væntanlega verður afgreidd á árinu 1995.

I. Markmið og skipulag RÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum RÖSE-þingsins er því ætlað eftirfarandi hlutverk:

1. Að meta árangurinn af RÖSE-samstarfinu.
2. Að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra RÖSE-ríkjanna.
3. Að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum.
4. Að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í RÖSE-ríkjunum.
5. Að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana RÖSE.

Samkvæmt starfsreglum RÖSE-þingsins er aðild að þinginu miðuð við þing þeirra ríkja sem undirritað hafa Helsinki-yfirlýsinguna frá 1977 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 og að ríkin taki þátt í RÖSE-samstarfinu. Í dag eiga 52 þing RÖSE-ríkjanna aðild að RÖSE-þinginu. Samkvæmt samþykkt, sem gerð var í Kaupmannahöfn, er gert ráð fyrir 312 þingfulltrúum og þar af á Alþingi þrjá fulltrúa.

Starfsreglurnar gera ráð fyrir að RÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að á þinginu starfi þrjár fastanefndir er fjalli um mál er falla undir svið þeirra. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok allsherjarfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefni það sem tekið er fyrir í nefndinni það ár í samráði við formann og varaformann nefndarinnar. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar þrjár eru: nefnd um stjórn- og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, níu varaforsetum og gjaldkera. Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er skipuð forseta RÖSE-þingsins, varaforsetum, gjaldkera, formönnum nefnda þingsins og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, og er nefndinni ætlað að undirbúa störf þingsins.

Þingsköp RÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið og framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en að ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar

samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðu-reglu“ (consensus rule) en henni er fylgt á fundum fulltrúa ríkisstjórna RÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins fylgir svokallaðri „consensus minus one“ reglu sem felur í sér að til að ákvörðun nái fram að ganga má ekki nema fulltrúi eins aðildarríkis vera henni andvígur.

Fulltrúi ráðherraráðs RÖSE ávarpar þingið á árlegum fundi þess og gefur þinginu skýrslu um málefni RÖSE og þau verkefni sem verið er að vinna að á þeim vettvangi. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til þess ráðherra er mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins.

Líkt og almennt hefur gilt í RÖSE-samstarfi eru opinber tungumál þingsins sex: enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska.

II. Íslandsdeild RÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 1994:

Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, formaður, Finnur Ingólfsson, Framsóknarflokki, varaformaður, Sigbjörn Gunnarsson, Alþýðuflokki, Guðjón Guðmundsson, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Ragnar Grímsson, Alþýðubandalagi, og Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kvennalista (áheyrnarfulltrúi). Ritari deildarinnar er Belinda Theriault alþjóðaritari. Íslandsdeildin hélt fjóra formlega fundi á árinu.

III. Starfsemi á árinu 1994.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Stjórnarfundur RÖSE-þingsins var haldinn mánudaginn 17. janúar sl. í Kaupmannahöfn. Fundinn sóttu f.h. Íslandsdeildarinnar formaður og ritari.

Forseti RÖSE-þingsins, Ilkka Suominen, setti fundinn og lagði í inngangsorðum sínum áherslu á mikilvægi kosningaeftirlits sem eins af aðalverkefnum þingsins. Hann lýsti yfir ánægju með kosningaeftirlit RÖSE-þingsins í Rússlandi. Hann ræddi stöðu mála í Eystrasaltsríkjunum og setti fram þá hugmynd að RÖSE-þingið sendi þangað sendinefnd sem gæfi þinginu skýrslu næst þegar það kæmi saman.

Poul Nyrup Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, ávarpaði fundinn og svaraði síðan spurningum fundarmanna. Hann ræddi m.a. um kosti og galla RÖSE og lagði í því sambandi þunga áherslu á að breyta þyrfti, að hans mati, reglum RÖSE um ákvarðanatöku. Hann sagði „samstöðu-regluna“ úrelta og sagði jafnframt dönsku stjórnina fylgjandi því að öryggisráð yrði sett á stofn innan RÖSE þar sem aðildarríkin skiptust á að taka sæti eftir nánari reglum. Framkvæmdastjóri RÖSE, dr. Wilhelm Höynck, ræddi um niðurstöður ráðherrafundarins sem haldinn var í Róm í lok nóvember 1993 og svaraði fyrirspurnum fundarmanna um RÖSE-starfið.

Ryabov skýrði frá úrslitum kosninganna í Rússlandi og svaraði fyrirspurnum. Hann þakkaði RÖSE-þinginu framlag þess til kosningaeftirlitsins. Lögð var fram skýrsla um kosningaeftirlit RÖSE-þingsins í Rússlandi en 35 þingmenn tóku þátt í því auk starfsmanna. Framkvæmdastjóri RÖSE-þingsins taldi aðgerðina hafa heppnast vel, en þetta var frumraun RÖSE-þingsins á þessu sviði. Hann taldi mikilvægt að huga að því í framtíðinni hvernig best mætti samhæfa starf hinna mismunandi stofnana á sviði kosningaeftirlits þannig að hægt yrði að auka enn árangur um leið og dregið yrði úr kostnaði. Rætt var um skipulagningu kosningaeftirlits vegna kosninga fram undan í Úkraínu og í Moldóvu.

Starfsreglur RÖSE-þingsins voru endurskoðaðar á fundinum. Flestar breytingar voru tæknilegs eðlis eða orðalagsbreytingar. Ein grundvallarbreytingartillaga var lögð fram, en

þar var lagt til að því afbrigði af samstöðureglunni „consensus minus one", sem gildir í stjórnarnefndinni, yrði breytt í átt að meirihlutareglu. Sú tillaga um þetta mál, sem flestir gátu sameinast um, var tillaga Frakka sem gekk út á það að þegar stjórnarnefndin fjallaði um ályktanir nægði aukinn meiri hluti atkvæða eða ⅔ greiddra atkvæða en að núverandi regla væri óbreytt að öðru leyti. Ekki náðist þó sátt um þessa tillögu. Þar sem sýnt var að a.m.k. tveir fulltrúar voru á móti breytingum á núverandi reglu, þ.e. fulltrúar Tyrklands og Ítalíu, ákvað forseti RÖSE-þingsins að tilgangslaust væri að ganga til atkvæðagreiðslu um þessa tillögu eða aðrar um þetta mál.

Tvær ályktanir voru lagðar fram á fundinum. Önnur fjallaði um málefni Bosníu en hin um inngöngu Makedóníu í RÖSE. Í báðum tilfellum voru minnst tveir fulltrúar andvígir ályktuninni og því var hvoruga hægt að samþykkja.

b. Annar fundur RÖSE-þingsins.

Dagana 4.–8. júlí sl. var haldinn þriðji árlegur fundur RÖSE-þingsins, að þessu sinni í Vínarborg. Aðild að RÖSE-þinginu eiga 53 aðildarlönd RÖSE. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Tómas Ingi Olrich, formaður, Finnur Ingólfsson og Sigbjörn Gunnarsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Áður en þingið hófst formlega fundaði stjórnarnefnd þingsins. Á fundinum var m.a. lögð fram tillaga um að breyta starfsreglum þingsins í þá veru að varamönnum yrði almennt leyft að mæta og fylgjast með þingstörfum. Þessi tillaga var felld og mega því varamenn áfram sem hingað til einungis sækja þingið í forföllum aðalmanna.

Þingstarfið skiptist í þingfundi og nefndarstarf en auk þess funduðu stjórnmálahópar þeir er starfa innan þingsins. Við setningarathöfn þingsins fluttu ávörp Ilkka Suominen, fráfarandi forseti RÖSE-þingsins, dr. Heinz Fischer, forseti austurríska þingsins, dr. Franz Vranitzky, kanslari Austurríkis, og Antonio Martino, formaður ráðherraráðs RÖSE, sem jafnframt svaraði fyrirspurnum.

Íslandsdeildin tók fullan þátt í nefndarstarfi og skiptist þannig í nefndir:

1. nefnd um stjórn- og öryggismál: Tómas Ingi Olrich,
2. nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál: Finnur Ingólfsson,
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál: Sigbjörn Gunnarsson.

Nefndirnar fengu til sín gesti til að flytja erindi um afmörkuð mál og svara fyrirspurnum. Í fyrstu nefndina kom Gerbhardt von Moltke, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO, í aðra nefndina Jean Claude Paye, framkvæmdastjóri OECD, og í þriðju nefndina Max van der Stohl, umboðsmaður RÖSE í málefnum minnihlutahópa. Skýrslur voru lagðar fram til umræðu í öllum nefndum.

Á þinginu fór fram kjör forseta RÖSE-þingsins og sex varaforseta af níu. (Varaforsetar eru kjörnir til þriggja ára, þrír á hverju ári. Nú þurfti hins vegar að kjósa aukalega nýja varaforseta til að ljúka kjörtímabili þriggja varaforseta sem sitja ekki lengur á þingi.) Frank Swaelen frá Belgíu var sjálfkjörinn í embætti forseta. Frambjóðendur til varaforseta voru fimmtán en eftirfarandi náðu kosningu:

Francis LeBlanc	Kanada	til þriggja ára
Iwan P. Rybkin	Rússland	til þriggja ára
Willy Wimmer	Þýskaland	til þriggja ára
Kuanysh Sultanov	Kazakhstan	til tveggja ára
Jan Carnogursky	Slóvakía	til eins árs
Nilde Iotte	Ítalía	til eins árs

Ályktun fundarins var unnin þannig að lagðar voru fram skýrslur í hverri nefnd en á grundvelli þeirra höfðu verið samin drög að ályktunum. Voru þessi drög rædd í viðkomandi nefnd, breytingartillögur lagðar fram og ályktun afgreidd. Jafnframt voru lögð fram drög að ályktun um málefni fyrrum Júgóslavíu sem rædd voru og afgreidd með breytingartillögum í hverri nefnd fyrir sig eftir efni máls. Þessum ályktunum var síðan steypt saman í eina heildarályktun í fjórum köflum sem lögð var fyrir þingið. Ályktun þingsins er tuttugu og níu síðna skjal. Eru þar vandfundin áhersluatriði og stefnumarkandi samþykktir. Er hér eflaust ein af ástæðunum fyrir því að þingmannasamtök RÖSE hafa ekki haft þau áhrif sem vonir hafa verið bundnar við. Eins og segir í inngangsorðum skýrslunnar er brýnt að taka vinnubrögð og skipulag þingsins til endurskoðunar með það fyrir augum að gera þingstarfið markvissara ef raunverulegs árangurs á að vænta af þessum vettvangi.

c. Kosningaeftirlit.

RÖSE-þingið ákvað frá upphafi að taka virkan þátt í kosningaeftirliti og leggja áherslu á það starf sem mikilvægan lið í eflingu lýðræðis og virðingar fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur RÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Á árinu 1994 tók RÖSE-þingið þátt í kosningaeftirliti vegna kosninga í Moldóvu, Kazakhstan, Úkraínu og Makedóníu. Íslandsdeildin tók ekki þátt í þessu starfi þar sem fjárveiting deildarinnar gerði ekki ráð fyrir slíkri þátttöku.

d. Annað.

RÖSE-þingið hefur átt fulltrúa á fundum embættismannanefndar RÖSE. Það hefur tekið þátt í fundum efnahagsmálanefndarinnar og í námsstefnum lýðræðis- og mannréttindaskrifstofunnar. Þingið sendi sendinefnd til fyrrum Júgóslavíu á árinu, tók þátt í ferðum formanns ráðherraráðs RÖSE til ýmissa svæða og sendi fulltrúa til að kynna sér starf sendinefndar RÖSE í Moldóvu.

Alþingi, 4. febr. 1995.

Tómas Ingi Olrich, form. | Finnur Ingólfsson, varaform. | Sigbjörn Gunnarsson.

Guðjón Guðmundsson. | Ólafur Ragnar Grímsson.

Fylgiskjal I.

SKIPAN RÖSE-ÞINGSINS

		Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta eftir þinghópum
A.	Bandaríkin	17	17
B.	Rússland	15	15
C.	Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D.	Kanada og Spánn	10	20
E.	Úkranía, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F.	Rúmenía	7	7
G.	Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkneska lýðveldið, Sviss, Hvíta-Rússland, Úzbekistan, Kazakhstan	6	78
H.	Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I.	Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J.	Kípur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litáen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldóva, Tajikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kyrgízía, Armenía, Azerbaijan, Bosnía-Herzegovína	3	51
K.	Liechtenstein, Mónakó, San Marínó	2	6
			Samtals 312

Fylgiskjal II.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeild RÖSE-þingsins.

1. gr.

Íslandsdeild RÖSE-þingsins (The Icelandic delegation to the CSCE Parliamentary Assembly) er skipuð fimm alþingismönnum. Íslandsdeildin sendir þrjá fulltrúa á RÖSE-þingið hvert ár, sbr. ákvæði Madrid-yfirlýsingarinnar frá apríl 1991 og viðauka við starfsreglur þingsins frá janúar 1993 um fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarþingum.

2. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna í Íslandsdeildina eftir hverjar alþingiskosningar og gildir tilnefningin út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað.

3. gr.

Þingflokkur skal tilnefna í deildina eftir hlutfallsreglu jafnmarga þingmenn og hann á rétt til samkvæmt stærð flokksins nema samkomulag sé um aðra skiptingu fulltrúa. Þingflokki, sem ekki hefur styrkleika til að hljóta fulltrúa í Íslandsdeildina, skal heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum deildarinnar. Áheyrnarfulltrúi skal hafa rétt til þátttöku í starfi RÖSE-þingsins samkvæmt almennum reglum 7. gr.

4. gr.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla Íslandsdeildina saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann deildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Formaður situr í stjórnarnefnd (Standing Committee) RÖSE-þingsins, sbr. 32. gr. starfsreglna þess.

5. gr.

Íslandsdeildin hefur ritara sem er nefndinni til aðstoðar, sbr. 3. mgr. 35. gr. þingskapa Alþingis.

6. gr.

Íslandsdeildin skal árlega leggja fyrir forsætisnefnd Alþingis, innan þess frests sem nefndin ákveður, tillögur um fjárveitingar til starfsemi deildarinnar. Tillagan skal við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða árgjald til aðalskrifstofu þingsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

7. gr.

Í upphafi hvers kjörtímabils skipuleggur Íslandsdeildin þátttöku deildarinnar í starfi RÖSE-þingsins fyrir kjörtímabilið í heild, sbr. 2. mgr.

Formaður deildarinnar skal að jafnaði sækja öll þau þing sem Íslandsdeildin tekur þátt í. Við val á öðrum þátttakendum á þingin skal fylgja hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka ef ekki er samkomulag um annað.

8. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

(Samþykktar á fundi forsætisnefndar 28. apríl 1993.)

603. Skýrsla [374. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um 45. þing ráðsins 1994.

1. Inngangur.

Evrópskar stofnanir eru í sífelldri þróun. Á árinu 1994 bættust þrjú ríki í Evrópusambandið (ESB), starfsháttum Ráðstefnunar um öryggi og samvinnu í Evrópu var breytt og nú hefur Öryggissamvinnustofnun Evrópu (ÖSE) verið komið á laggirnar. Vestur-Evrópusambandið (VES) er að styrkjast. Þessar breytingar snerta Evrópuráðið á ýmsan hátt og hafa vakið umræður innan vébanda þess og á Evrópuráðsþinginu um eðlilega verkaskiptingu milli þessara stofnana og annarra. Í þessu sambandi má geta þess að Evrópuráðsþingið starfar sem þingmannasamkunda fyrir Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD) og Evrópska bankann fyrir endurreisn og þróun í London (EBRD) og koma forstjórar þessara stofnana til umræðna á þinginu og nefndir þess kanna starfsemi stofnananna.

Á síðasta ári var skipt um framkvæmdastjóra Evrópuráðsins í spennandi kosningu á þingi þess. Er það almennt mat forustu þingsins að þrátt fyrir átök um framkvæmdastjóra og breytingar á umhverfi ráðsins í Evrópu hafi því tekist að halda vel á sínum hlut á árinu og þar hafi þingið átt verulegan hlut að máli.

Sé litið á innra skipulag Evrópuráðsins annars vegar og stöðu þess út á við hins vegar eru tvö meginatriði tengd árinu 1994. Í fyrsta lagi var með eindregnum stuðningi þingsins gengið frá viðauka 11 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lýtur að gjörbreytingu Mannréttindadómstóls Evrópu. Er nauðsynlegt að ríkisstjórn Íslands og Alþingi staðfesti aðild Íslands að þessum viðauka og hann verði lögfestur hér eins og önnur ákvæði mannréttindasáttmálans. Í öðru lagi fóru fram miklar umræður um aðild Rússlands að Evrópuráðinu. Á vegum ráðherranefndarinnar og þingsins var kannað hvort Rússland uppfyllti aðildarkröfur ráðsins. Mikið skortir á í því efni, en engu að síður lá í loftinu að Rússland kynni að verða 35. aðildarríki ráðsins á árinu 1995. Stríðið í Tsjetsjeníu kollvarpaði öllum slíkum hugmyndum og er málið nú í biðstöðu.

Það er skoðun Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins að þátttaka í því sé mjög mikilvæg til að undirstrika áhuga Íslands á pólitískri þátttöku í samstarfi Evrópuríkjanna. Íslandsdeildin fagnar því að nú hefur verið ákveðið að opna skrifstofu á vegum sendiráðsins í París í Strassborg. Þar með skapast nýjar forsendur fyrir að samræma betur störf þeirra fjölmörgu Íslendinga sem sækja fundi í Strassborg. Telur Íslandsdeildin nauðsynlegt fyrir Alþingi og sérstaklega forsætisnefnd þess að taka stefnumarkandi ákvörðun um þátttöku alþingismanna í störfum Evrópuráðsþingsins. Núverandi fjárveitingar leyfa t.d. ekki jafnmikla þátttöku í Evrópuráðsþinginu og í Norðurlandaráði. Með hliðsjón af stöðu Ís-

lands í evrópsku samstarfi er ekki síður mikilvægt að leggja rækt við þingmannasamstarf á vettvangi Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur starfað í samræmi við starfsreglur sem hún setti sér 16. janúar 1992. Framkvæmd á starfsreglunum ræðst af því fé sem Íslandsdeildin fær til ráðstöfunar hverju sinni. Meginreglan er að fjórir þingmenn sæki hvert þing ráðsins, þ.e. þrír aðalmenn og varamaður auk ritara. Þingmenn sitja í fleiri en einni nefnd og leitast við að sækja fundi í þeim eftir föngum.

Aukin umsvif Evrópuráðsþingsins og nefnda á vegum þess gera ríkari kröfur til Íslandsdeildarinnar. Að mati hennar er brýnt að bregðast við þessum kröfum á þann veg að enginn geti dregið í efa áhuga Alþingis á því að rækta sem best tengsl við Evrópuráðið. Þetta er þeim mun mikilvægara þegar haft er í huga að aðild Íslands að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá. Þing Evrópuráðsins er vettvangur sem Íslendingar geta nýtt sér til að kynna viðhorf sín til þeirra mála sem snerta hagsmuni þeirra í evrópsku samstarfi eða ber hæst í samstarfi Evrópuríkja.

Á síðasta ári ritaði Íslandsdeild forsætisnefnd bréf vegna aukinna útgjalda ef fulltrúi Íslands yrði kjörinn formaður í nefnd á vegum Evrópuráðsþinsins. Tók forsætisnefnd jákvæða afstöðu til tilmæla deildarinnar, sjá fskj. IV og V. Lára Margrét Ragnarsdóttir var kjörin formaður nefndar um tengsl milli þjóðþinga og við almenning í júní 1994 til janúar 1995, en þá var hún endurkjörin formaður starfsárið 1995–1996.

Efni skýrslunnar.

Í þessari skýrslu er fjallað um þing Evrópuráðsins árið 1994. Er þetta í fyrsta sinn sem þingárið miðast við almanaksárið.

Í skýrslunni er efni einstakra tillagna og ályktana Evrópuráðsþingsins 1994 ekki rakið, hins vegar er birt sem fskj. I skrá um þessi mál. Er unnt að vísa til hennar ef áhugi er á því að kynna sér mál frekar og skýrslur sem samdar eru til rökstuðnings með samþykktum þingsins. Með skýrslunni eru birtar frásagnir Íslandsdeildarinnar af fjórum fundalotum ársins 1994, en þeim hefur áður verið dreift til þingmanna, fskj. II. Einnig er birt í íslenskri þýðingu tillaga frá Ragnari Arnalds um evrópsk verðlaun fyrir unga rithöfunda og listamenn sem samþykkt var á fundi fastanefndar Evrópuráðsþingsins 28. febrúar 1994, fskj. III.

2. Almennt um Evrópuráðið.

Stofnskrá Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 er mótuð af þeirri von að Evrópuríkin geti með því að bindast fastari böndum staðið að því að varðveita lýðræði, mannréttindi og frið í heiminum. Í inngangi stofnskrárinnar segjast ríkin staðfesta á ný trú sína á þau verðmæti, andleg og siðferðileg, sem eru hin sameiginlega arfleið þessara þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar.

Í 3. gr. stofnskrárinnar segir um skilyrði til þess að verða aðili að Evrópuráðinu að sérhvert þátttökuríki verði að viðurkenna grundvallarreglurnar um skipun laga og um að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi. Ríkin verði og í orði og verki að taka þátt í samvinnu til að ná markmiði ráðsins eins og það er skilgreint í fyrsta kafla stofnskrárinnar.

Hinn 7. febrúar 1950 var þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi um að Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu og kom hún til framkvæmda 1951.

Frá stofnun Evrópuráðsins hafa fjölmargir Evrópusáttmálar verið settir um ýmis svið þjóðlífsins og er mikilvægastur þeirra mannréttindasáttmáli Evrópu sem var undirritaður árið 1950 en Ísland fullgilti 19. júní 1953. Alþingi lögfesti sáttmálann 6. maí 1994, sbr. lög nr. 62/1994. Evrópuráðið hefur því reynst kjörinn vettvangur til þess að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðis og breytts þjóðskipulags, laga og réttar.

Aðildarríki og gestaaðild.

Aðildarríkjum fjölgaði um eitt á sl. ári þegar Andorra fékk aðild í október og eru þau nú 34 talsins (aðild Lettlands var samþykkt á fundi Evrópuráðsþingsins í janúar 1995). Innan sviga er getið aðildarárs þeirra ríkja sem fengu aðild að ráðinu eftir stofnun þess 1949: Bretland, Frakkland, Belgía, Holland, Lúxemborg, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Ítalía, Írland, Grikkland og Tyrkland. Síðan hafa bæst við: Ísland og Þýskaland (1950), Austurríki (1956), Kípur (1961), Sviss (1963), Malta (1965), Portúgal (1976), Spánn (1977), Liechtenstein (1978), San Marino (1988), Finnland (1989), Ungverjaland (1990), Pólland (1991), Búlgaría (1992), Eistland, Litáen og Slóvenía (maí 1993), Tékkland og Slóvakía (júní 1993), Rúmenía (september 1993), Andorra (október 1994) og Lettland (janúar 1995). Hinn 11. maí 1989 var samþykkt á þinginu ályktun um að veita ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, að vissum skilyrðum uppfylltum, gestaaðild að ráðinu. Hefur slík aðild jafnan verið undanfari þess að ríkin fengju fulla aðild.

Gestaaðild hafa nú Albanía, Hvíta-Rússland, Bosnia-Herzegóvína, Króatía, Makedónía, Moldóva, Rússland og Úkraína. Þar af hafa öll ríkin fyrir utan Hvíta-Rússland þegar sótt um fulla aðild að Evrópuráðinu. Þá hafa Armenía, Azerbaidjan og Georgía formlega sótt um gestaaðild. Auk þess hefur ísraelska þingið áheyrnarfulltrúa.

Skipulag þinghaldsins.

Evrópuráðsþingið veitir ráðherranefnd Evrópuráðsins ráðgjöf en í henni sitja utanríkisráðherrar allra aðildarríkja eða fulltrúar þeirra. Hugtakið ráðgjafarþing gefur alls ekki rétta mynd af störfum þingsins og er hugtakið ekki lengur notað um Evrópuráðsþingið þótt það sjáist enn í ýmsum opinberum íslenskum og erlendum skjölum. Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra í París, er fastafulltrúi Íslands í ráðherranefndinni, en á síðasta ári ákvað utanríkisráðuneytið að opna skrifstofu í Strassborg til að sinna hagsmunagæslu við Evrópuráðið og mun Sveinn Á. Björnsson sendifulltrúi starfa á skrifstofunni og flytjast til Strassborgar um mitt ár 1995.

Þingið er umræðuvettvangur Evrópuráðsins og því er falið að fjalla um þau mál sem heyra undir starfssvið þess samkvæmt stofnskránni og leggur það niðurstöður sínar fyrir ráðherranefndina í formi tillagna. *Tillaga* (recommendation) er skilgreind sem tillaga þingsins til ráðherranefndarinnar en framkvæmd hennar er á höndum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Þingið getur og skilað ráðherranefndinni áliti á málefnum sem hafa verið borin undir það. *Álit* (opinion) þingsins geta einnig verið í formi ályktana. *Ályktun* (resolution) er skilgreind sem ákvörðun í mikilvægu málefni sem þingið hefur vald til að framkvæma eða álit sem það eitt ber ábyrgð á. Þingið getur gefið skrifstofu eða öðrum stofnunum þess *fyrirmæli* (order).

Mikilvægastar þessara ákvarðana eru tillögur til ráðherranefndarinnar um að samþykkja ákvarðanir þingsins svo að fela megi ríkisstjórnum aðildarríkjanna að hrinda þeim í framkvæmd. Tillögur Evrópuráðsþingsins til ráðherranefndarinnar hafa verið stefnumarkandi fyrir lagasetningu og reglugerð í þátttökuríkjum. Virk þátttaka af hálfu Íslands

ætti því að auka óbeint áhrif okkar á stefnu og lagagerð í Evrópu.

Skipan sendinefndar hverrar þjóðar á þinginu endurspeglar þingstyrk stjórnmálaflokka í heimalandinu. Á þinginu starfa þingflokkar þar sem tekin er sameiginleg afstaða til þeirra mála sem eru á dagskrá þingsins hverju sinni. Þessir þingflokkar eru Socialist Group, þ.e. jafnaðarmenn (Alþýðuflokkurinn), European Democratic Group, þ.e. hægri flokkar (Sjálfstæðisflokkurinn), Liberal Democratic and Reformers Group, þ.e. frjálslyndir (Framsóknarflokkurinn), European People's Party, þ.e. kristilegir flokkar og United European Left, þ.e. flokkar til vinstri við jafnaðarmenn. Fulltrúar Alþýðubandalags og Kvennalista hafa ekki tekið þátt í störfum þingflokka á Evrópuráðsþinginu.

3. 45. þing Evrópuráðsins.

a. Fulltrúar Íslands á Evrópuráðsþinginu.

Í samræmi við stofnskrá Evrópuráðsins eru þrír fulltrúar af hálfu Íslands á þingi þess og þrír til vara. Íslandsdeild Evrópuráðsins er skipuð til fjögurra ára og í henni eru nú: Björn Bjarnason formaður, Sjálfstæðisflokki, Guðmundur Bjarnason varaformaður, Framsóknarflokki, Sigbjörn Gunnarsson, Alþýðuflokki, Ragnar Arnalds, Alþýðubandalagi, Kristín Ástgeirsdóttir, Samtökum um kvennalista og Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki.

b. Þingfundir I.–IV. hluta 45. þings (1994).

Hinir fjórir hlutar þingsins árið 1994 voru haldnir 24.–28. janúar, 11.–15 apríl, 28. júní – 1. júlí og 3.–7. október. Frásögnum af þessum þingum hefur verið dreift til þingmanna og eru birtar með þessari skýrslu í fskj. II.

c. Ný ríki og gestaaðild.

Á árinu 1994 fékk eitt nýtt ríki aðild að Evrópuráðinu. Andorra gerðist 33. aðildarríki ráðsins á haustþinginu í október sl.

d. Ræður þjóðarleiðtoga á 45. þinginu.

Esko Aho, forsætisráðherra Finnlands, Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, Jacques Santer, forsætisráðherra Lúxemborgar, Glafcos Clerides, forseti Kípur, Yasser Arafat, forseti framkvæmdastjórnar frelsissamtaka Palestínu (PLO), Algirdas Brazauskas, forseti Litáens, Milan Kucan, forseti Slóveníu, Mary Robinson, forseti Írlands, Ion Illiescu, forseti Rúmeníu, Michal Kovác, forseti Slóvakíu og Waldemar Pawlak, forsætisráðherra Póllands, ávörpuðu 45. þing Evrópuráðsins.

e. Ályktanir og tillögur samþykktar á 45. þingi (1994).

Á 45. þingi (1994) Evrópuráðsins voru samþykktar 26 tillögur og 33 ályktanir fyrir utan álit og fyrirmæli. Í fskj. I er birt yfirlit yfir samþykktirnar. Í þingtíðindum Evrópuráðsins er unnt að kynna sér alla texta og ræður á þinginu. Skrifstofa Alþingis hefur þessi skjöl í vörslu sinni.

4. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndum skiptist þannig:

1. Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Björn Bjarnason
2. Fastanefnd:	Björn Bjarnason
3. Stjórnmálanefnd:	Björn Bjarnason
4. Laganefnd:	Ragnar Arnalds
til vara:	Björn Bjarnason
5. Efnahagsnefnd:	Guðmundur Bjarnason
til vara:	Ragnar Arnalds
6. Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Guðmundur Bjarnason
til vara:	Kristín Ástgeirsdóttir
7. Þingskapanefnd:	Björn Bjarnason
til vara:	Guðmundur Bjarnason
8. Fjárlaganefnd:	Sigbjörn Gunnarsson
9. Landbúnaðarnefnd:	Sigbjörn Gunnarsson
10. Vísinda- og tækninefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
til vara:	Sigbjörn Gunnarsson
11. Mennta- og menningarmálanefnd:	Ragnar Arnalds
til vara:	Guðmundur Bjarnason
12. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
til vara:	Guðmundur Bjarnason
13. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Kristín Ástgeirsdóttir
til vara:	Björn Bjarnason
14. Flóttamannanefnd:	Kristín Ástgeirsdóttir
15. Nefnd um almannatengsl þingsins:	Lára Margrét Ragnarsdóttir

b. Þátttaka í nefndarfundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í 12 nefndafundum alls sem haldnir eru ýmist í Strassborg eða París eða einhverju aðildarríkja ráðsins.

5. Annað.

a. Nefndarformennska.

Á III. hluta þingsins, í lok júní 1994 var Lára Margrét Ragnarsdóttir kjörin formaður fastanefndar þingsins um almannatengsl og samskipti milli þjóðþinga til byrjun næsta þings í janúar 1995, en þá var hún einróma endurkjörin til næsta árs.

b. Framsögur um skýrslur.

Björn Bjarnason var valinn af stjórnmálanefnd þingsins til að vera skýrsluhöfundur og framsögumaður nefndarinnar um baráttuna gegn hryðjuverkum PKK (kúrdískra baráttusamtaka) í Evrópu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var í júní 1994 með framsögu um störf nefndar um samskipti milli þjóðþinga og við almenning þar sem hún gerði grein fyrir starfsemi nefndarinnar síðast liðin þrjú ár og stefnumótun.

c. *Ályktun um verðlaun til ungra rithöfunda og listamanna.*

Á fundi fastanefndar þingsins 28. febrúar 1994 var samþykkt ályktun lögð fram af Ragnari Arnalds um að efnt verði til árlegrar samkeppni um verðlaun til handa ungum rithöfundum og listamönnum. Er tillagan birt í íslenskri þýðingu í fskj. III.

d. Könnun á viðveru þingmanna.

Tölfræðileg athugun var gerð á viðveru þingmanna Evrópuráðsins á fundum þess árið 1993. Þar kom í ljós að af 31 sendinefnd á þingi Evrópuráðsins varð Íslandsdeildin í þriðja sæti hvað varðar þátttöku í þingfundum á árinu 1993 og var mæting 91,11%. Formaður Íslandsdeildarinnar varð áttundi í röðinni varðandi fundarsetu af 486 þingmönnum sem áttu rétt til setu á Evrópuráðsþinginu.

e. Nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins.

Á vorþinginu í apríl 1994 var sænski Evrópuráðsþingmaðurinn Daniel Tarschys kosinn framkvæmdastjóri ráðsins til fimm ára. Hann tók við af Catherine Lalumiére.

f. Forseti Alþingis heimsækir þingið.

Forseti Alþingis, frú Salome Þorkelsdóttir, heimsótti Evrópuráðsþingið sl. sumar í boði forseta þingsins Miguel-Angel Martínez. Fylgdist hún með störfum þingsins og átti fundi með forseta þess, framkvæmdastjóra og embættismönnum.

g. Fundur vísinda- og tækninefndar í Reykjavík.

Dagana 12.–13. september 1994 hélt vísinda- og tækninefnd Evrópuráðsþingsins fund í Reykjavík. Þar var einkum lögð áhersla á nýtingu orkulinda, svo sem varmaorku og framtíðarmöguleika, þar á meðal útflutning orku. Fyrri daginn héldu fulltrúar frá Orkustofnun fyrirlestra en síðan var farið í Bláa lónið og Hitaveita Suðurnesja heimsótt, skoðuð var þörungaræktin og virkjunin. Seinni daginn var farið í höfuðstöðvar Landsvirkjunar og Búrfellsvirkjun skoðuð. Íslandsdeildin bauð nefndinni til kvöldverðar á Þingvöllum í lok heimsóknarinnar.

Alþingi, 6. febr. 1995.

Björn Bjarnason, form.	Guðmundur Bjarnason, varaform.	Sigbjörn Gunnarsson.
Ragnar Arnalds.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal I.

Samþykktir þings Evrópuráðsins 1994.

Tillögur:

Recommendation 1228: on cable networks and local television stations: their importance for Greater Europe,
um kapalsjónvarp og svæðissjónvarp: mikilvægi þess fyrir stækkaða Evrópu.

Recommendation 1229: on equality of rights between men and women,
um jafnrétti kynjanna.

Recommendation 1230: on the Social Development Fund of the Council of Europe: activities and outlook,
um Viðreisnarsjóð Evrópuráðsins: starfsemi og horfur.

Recommendation 1231: on the follow-up to be given to the Vienna Summit,
um framkvæmd ályktana leiðtogafundarins í Vínarborg.

Recommendation 1232: on the management of water resources in relation to agriculture,
um stjórnun vatnsauðlinda fyrir landbúnað.

Recommendation 1233: on the European environmental policy (1992–93),
um umhverfismálastefnu Evrópu (1992–93).

Recommendation 1234: on a European prize for young writers and artists,
um evrópsk verðlaun fyrir unga rithöfunda og listamenn.

Recommendation 1235: on psychiatry and human rights,
um geðlækningar og mannréttindi.

Recommendation 1236: on the right of asylum,
um réttinn til hælis.

Recommendation 1237: on the situation of asylum-seekers whose asylum applications have been rejected,
um stöðu flóttamanna sem hefur verið neitað um hæli.

Recommendation 1238: on the situation in Bosnia-Herzegovina,
um ástandið í Bosníu-Herzegóvínu.

Recommendation 1239: on the cultural situation in the former Yugoslavia,
um ástand menningarmála í ríkjum fyrrum Júgóslavíu.

Recommendation 1240: on the protection and patentability of material of human origin,
um vernd og nýtingu efna úr mannslíkamanum.

Recommendation 1241: on the application of conventions concerning the environment,
um framkvæmd samninga um umhverfismál.

Recommendation 1242: on European common policy for the polar regions,
um samevrópska stefnu í málum heimsskautasvæðanna.

Recommendation 1243: on demographic change and sustainable development,
um breytingu á fólksfjölda og sjálfbæra þróun.

Recommendation 1244: on food and health,
um matvæli og heilsu.

Recommendation 1245: on the detention of persons pending trial,
um gæsluvarðhald.

Recommendation 1246: on the abolition of capital punishment,
um afnám dauðarefsingar.

Recommendation 1247: on the enlargement of the Council of Europe,
um stækkun Evrópuráðsins.

Recommendation 1248: on education of gifted children,
um menntun framúrskarandi nemenda.

Recommendation 1249: on co-operation in the Mediterranean basin,
um samvinnu við Miðjarðarhafið.

Recommendation 1250: on the enlargement of the Council of Europe and the budgetary prospects,
um stækkun Evrópuráðsins og fjárhagshorfur þess.

Recommendation 1251: on the conflicts in Nagorno-Karabakh,
um átökin í Nagorno-Karabakh.

Recommendation 1252: on relations between the Council of Europe and the United Nations,
um samskipti Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna.

Recommendation 1253: on the activities of the International Organization for Migration (IOM) in 1992 and 1993,
um starfsemi Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar (IOM) árin 1992 og 1993.

Recommendation 1254: on the medical and welfare rights of the elderly: ethics and politics,
um rétt aldraða til velferðar og læknisþjónustu: siðfræði og stjórnmál.

Ályktanir:

Resolution 1018: on equality of rights between men and women,
um jafnrétti kynjanna.

Resolution 1019: on the humanitarian situation and needs of the refugees, displaced persons and other vulnerable groups in the countries of former Yugoslavia,
um stöðu mannúðarmála og þarfir flóttamanna og annara viðkvæmra hópa í ríkjum fyrrum Júgóslavíu.

Resolution 1020: on the economic consequences and problems for neighbouring contries arising from the implementation of United Nations sanctions against the Federal Republic of Yugoslavia (Serbia and Montenegro),
um efnahagslegar afleiðingar og vandamál í nágrannaríkjum lýðveldisins Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalands) vegna aðgerða Sameinuðu þjóðanna gegn þeim.

Resolution 1021: on the preservation and development of the Danube basin,
um verndun og þróun Dónársvæðisins.

Resolution 1022: on the humanitarian situation and needs of the displaced Iraqui Kurdish population,
um stöðu mannúðarmála og þarfir kúrdískra flóttamanna frá Írak.

Resolution 1023: on European transport problems (reply to the 38th and 39th annual reports of the European Conference of Ministers of Transport (ECMT)),
um samgönguvanda í Evrópu (í tilefni af 38. og 39. ársskýrslu Evrópuráðstefnu samgönguráðherra (ECMT.)

Resolution 1024: on the European environmental policy (1992–93),
um umhverfismálastefnu Evrópu (1992–93).

Resolution 1025: on the future of international exhibitions,
um framtíð alþjóðlegra sýninga.

Resolution 1026: on the massacre in Hebron and its consequences for the peace process in the Middle East,
um blóðbaðið í Hebron og afleiðingar þess fyrir friðarumleitanir í Miðausturlöndum.

Resolution 1027: on the embargo imposed by Greece against the former Yugoslav Republic of Macedonia,
um viðskiptabann Grikklands gegn fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu.

Resolution 1028: on the activities of the European Free Trade Association (EFTA) in 1991 and 1992 (in reply to the 31st and 32nd annual reports),
um starfsemi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) árin 1991 og 1992 (í tilefni 31. og 32. ársskýrslu).

Resolution 1029: on psychiatry and human rights,
um geðlækningar og mannréttindi.

Resolution 1030: on the arrest and detention of six members of the Turkish Grand national Assembly on 2 and 3 March 1994,
um handtöku og gæsluvarðhald sex þingmanna á tyrkneska þinginu 2. og 3. mars 1994.

Resolution 1031: on the honouring of commitments entered into by member states when joining the Council of Europe,
um virðingu fyrir skuldbindingum nýrra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Resolution 1032: on the use of primary and recycled fibre in the European paper industry,
um notkun frum- og endurunninna trefja í pappírsiðnaði í Evrópu.

Resolution 1033: on European air transport policies — civil aviation at a crossroads,
um evrópska flugmálastefnu — almennt flug á krossgötum.

Resolution 1034: on the activities of the Office of the United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR) from 1990 to 1993,
um starfsemi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 1990 til 1993.

Resolution 1035: on Europeans living abroad,
um Evrópumenn búsetta erlendis.

Resolution 1036: on the progress of economic reform in central and eastern Europe: lessons and prospects,
um framgang efnahagslegra umbóta í Mið- og Austur-Evrópu: lærdómur og horfur.

Resolution 1037: on research and development in smaller countries,
um rannsóknir og þróun í smærri ríkjum.

Resolution 1038: on European common policy for the polar regions,
um evrópska stefnu í málefnum heimsskautasvæðanna.

Resolution 1039: on rural and agricultural reform in the new democracies of central and eastern Europe,
um umbætur í sveitastjórnar- og landbúnaðarmálum í nýjum lýðveldum Mið- og Austur-Evrópu.

Resolution 1040: on the activities of the European Bank of Reconstruction and Development,
um störf Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Resolution 1041: on the consequences of the dissolution of the Party for Democracy (DEP) in Turkey,
um afleiðingar þess að lýðræðisflokkurinn í Tyrklandi (DEP) hefur verið leystur upp.

Resolution 1042: on deserters and draft resisters from the republics of former Yugoslavia,
um liðhlaupa og þá sem verjast herkvaðningu í lýðveldum fyrrum Júgóslavíu.

Resolution 1043: on the composition of the Standing Committee and the voting right of political group chairmen in the Bureau and the Standing Committee,
um setu í fastanefndinni og atkvæðisrétt formanna pólitískra hópa í forsætisnefnd og fastanefnd.

Resolution 1044: on the abolition of capital punishment,
um afnám dauðarefsingar.

Resolution 1045: on the energy/environment interface.
um samspil orku og umhverfis.

Resolution 1046: on OECD activities in 1993,
um starfsemi OECD árið 1993.

Resolution 1047: on the conflict in Nagorno-Karabak,
um átökin í Nagorno-Karabak.

Resolution 1048: on relations between the Council of Europe and the United Nations,
um samskipti Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna.

Resolution 1049:	on the situation of the German ethnic minority in the former Soviet Union, *um stöðu þýska þjóðernisminnihlutans í fyrrum Sovétríkjum.*
Resolution 1050:	on Rwanda and the prevention of humanitarian crises, *um Rúanda og varnir gegn hættuástandi fyrir almenning.*
Resolution 1051:	on food and agricultural development in the Mediterranean basin, *um matvæli og þróun í landbúnaði við Miðjarðarhaf.*

Fylgiskjal II.

Frásögn af I. hluta 45. þings Evrópuráðsins 24.–28. janúar 1994.

Dagana 24.–28. janúar 1994 var I. hluti 45. þings Evrópuráðsins haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins Björn Bjarnson, formaður, Guðmundur Bjarnason, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Ragnar Arnalds, auk Þorsteins Magnússonar ritara sendinefndarinnar.

Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum og í þingflokkum. Á þingfundum var fjallað um ýmsar skýrslur sem nefndir þingsins höfðu unnið milli þinga. Í því sambandi má nefna skýrslu um jafnrétti karla og kvenna, hlutverk Evrópuráðsins með hliðsjón af niðurstöðum Vínarráðstefnu leiðtoga ríkja Evrópuráðsins í október 1993, mikilvægi héraðssjónvarpsstöðva, breytingar á mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, ástandið í ríkjum fyrrum Júgóslavíu, viðreisnarsjóð Evrópuráðsins og stefnu í umhverfismálum fyrir Evrópu. Í framhaldi af umræðum um einstakar skýrslur var ályktað um efni þeirra og má þar geta ályktunar um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og fela í sér að í stað Mannréttindadómstólsins og mannréttindanefndarinnar kemur einn dómstóll.

Veigamikil skýrsla um fjölgun aðildarríkja Evrópuráðsins, sem var á dagskrá þingsins og lögð var fram af stjórnmálanefnd þingsins, var dregin til baka og vísað aftur til nefndar til frekari athugunar og féll því umræða um þetta dagskrárefni niður á þinginu. Í sambandi við fjölgun aðildarríkja ráðsins hefur eitt meginvandamálið verið hvernig draga á landamæri Evrópu og þá ekki síst sú spurning hvaða ríki fyrrum Sovétríkjanna koma til greina sem aðildarríki.

Nokkrir framámenn ávörpuðu þingið og svöruðu fyrirspurnum þingfulltrúa. Þar má nefna Esko Aho, forsætisráðherra Finnlands, Thorvald Stoltenberg, sáttasemjara Sameinuðu þjóðanna í ríkjum fyrrum Júgóslavíu, Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels og Jacques Santer, forsætisráðherra Lúxemborgar. Þá flutti Robert Urban, utanríkisráðherra Belgíu og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins skýrslu um störf ráðherranefndarinnar og Bernard Bosson, samgönguráðherra Frakklands og formaður samgöngunefndar ráðherranefndar Evrópuráðsins gerði grein fyrir störfum samgöngunefndarinnar.

Það setti nokkurn svip á þingið að á næsta þingi, sem haldið verður í apríl, verður kosinn framkvæmdastjóri Evrópuráðsins. Nokkuð ljóst er að baráttan um embættið er einkum á milli Catherine Lalumiére, núverandi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, og sænska þingmannsins Daniel Tarschys, en framboð hans er stutt af sænsku ríkisstjórninni. Báð-

ir frambjóðendurnir mættu á fundi þingflokka og gerðu grein fyrir framboði sínu, auk þriðja frambjóðandans, Antonio La Pergola, sem er fyrrverandi ráðherra á Ítalíu, en líklegt er að hann dragi framboð sitt til baka áður en til kosninga kemur.

Á fundi vísinda- og tækninefndar þingsins kom fram áhugi á að halda fund á Íslandi í september nk. og er Íslandsdeildin nú að kanna málið enda gæti Ísland vafalaust haft verulegan ávinning af slíkum fundi.

Frásögn af II. hluta 45. þings Evrópuráðsins 11.–15. apríl 1994.

Dagana 11.–15. apríl 1994 var II. hluti 45. þings Evrópuráðsins haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins Björn Bjarnason, formaður, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Ragnar Arnalds, auk Belindu Theriault, ritara sendinefndarinnar.

Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum og í þingflokkum. Á þingfundum var fjallað um skýrslur um eftirfarandi málefni sem nefndir þingsins höfðu unnið milli þinga: um starfsemi EFTA 1991 og 1992; um geðlækningar og mannréttindi; um réttinn til hælis; um skuldbindingar nýrra aðildarríkja Evrópuráðsins; um ástand menningarmála í fyrrum Júgóslavíu; um siðfræði á sviði raunvísinda hvað varðar vernd og nýtingu efna úr mannslíkamanum; um notkun frum- og endurunninna trefja í pappírsiðnaði í Evrópu; um ástandið í Bosníu-Herzegovínu; og um handtöku og varðhald sex tyrkneskra þingmanna. Í framhaldi af umræðum um einstakar skýrslur var ályktað um efni þeirra.

Þá var fjallað um starfsskýrslu framkvæmdastjórnar og stjórnarnefndar þingsins á fyrsta degi þingsins. Rússneski þingmaðurinn Vladimir Zhirinovsky kvaddi sér hljóðs undir þessari umræðu og vakti á sér óskipta athygli. Hann tók fram að hann væri eini þingmaðurinn í rússnesku sendinefndinni sem talaði fyrir hönd milljóna Rússa. Hann úthúðaði Evrópuráðinu og sakaði það og aðildarríki þess um andlýðræðisleg vinnubrögð og að reyna að hindra þróun rússneska ríkisins. Hann sagði landamæri Rússlands enn óákveðin og varaði aðildarríki Evrópuráðsins við deilum við Rússa og sagði slíkar deilur mundu verða Evrópubúum dýrkeyptar. Jafnframt hvatti hann Evrópuríki til að greiða Rússum skaðabætur fyrir að hafa neytt upp á þá kommúnismanum. Þá sagði hann Rússland ekkert erindi eiga í Evrópuráðið, en aðildarumsókn Rússa verður eitt af mikilvægustu málefnum á dagskrá þingsins næstu mánuði.

Nokkrir framámenn ávörpuðu þingið og svöruðu fyrirspurnum þingfulltrúa. Þar má nefna Glafcos Clerides, forseta Kípur, Yasser Arafat, forseta framkvæmdastjórnar PLO, og Algirdas Brazauskas, forseta Litáens. Þá flutti Willy Claes, utanríkisráðherra Belgíu og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, skýrslu um störf ráðherranefndarinnar.

Kosningar fóru fram á þinginu um embætti framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Kosið var á milli Catherine Lalumiére, núverandi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, og sænska þingmannsins Daniel Tarschys. Tarschys vann þessa spennandi kosningu með 113 atkvæðum gegn 109 og var því kjörinn næsti framkvæmdastjóri Evrópuráðsins til fimm ára. Jafnframt fóru fram kosningar um fulltrúa Eistlands og Litáens í Mannréttindadómstól Evrópu. Fyrir hönd Eistlands var kjörinn Uno Lohmus, en fyrir hönd Litáens Pranas Küris.

Björn Bjarnason var valinn sem skýrsluhöfundur og framsögumaður stjórnmálanefndarinnar um baráttuna gegn hryðjuverkum PKK (kúrdíska hryðjuverkasamtaka) í Evrópu.

Íslandsdeildinni barst bréf á þinginu um tölfræðilega athugun sem gerð var um viðveru þingmanna Evrópuráðsþingsins á fundum þess árið 1993. Þar kemur fram að af 31 sendinefnd á þingi Evrópuráðsins varð Íslandsdeildin í þriðja sæti varðandi þátttöku í þingfundum á árinu 1993 og var mæting 91,11%, en formaður Íslandsdeildarinnar varð áttundi í röðinni varðandi fundarsetu af 486 sem eiga rétt til setu á Evrópuráðsþinginu.

Frásögn af III. hluta þings Evrópuráðsins 1994, 28. júní – 1. júlí.

Dagana 28. júní–1. júlí 1994 var III. fundarlota Evrópuráðsþingsins 1994 í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Björn Bjarnason formaður, Guðmundur Bjarnason, Kristín Ástgeirsdóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir, auk Belindu Theriault, ritara sendinefndarinnar.

Forseti Alþingis, frú Salome Þorkelsdóttir, heimsótti þingið í boði forseta Evrópuráðsþingsins, Miguel Angel Martinez. Hún dvaldist tvo daga í Strassborg og fylgdist með störfum þingsins, átti viðræður við forseta þess og embættismenn, auk þess sem hún ræddi við nýkjörinn framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, Daniel Tarschys. Forseti Evrópuráðsþingsins ræddi bæði við forseta Alþingis og í setningarræðu sinni á þinginu um þá hugmynd sína að þjóðþing aðildarríkja Evrópuráðsins taki frá eina viku í hverjum mánuði fyrir alþjóðastarf þingmanna. Með því að breyta skipulagi á heimaþingunum yrði þingmönnum auðveldað að taka virkan þátt í alþjóðastarfi án þess að það bitnaði á störfum þeirra heima fyrir. Þessari hugmynd var misjafnlega tekið en hún er til marks um þá þróun að alþjóðastarf þingmanna fer sívaxandi og oft er erfiðleikum bundið að samhæfa þátttöku í fundum.

Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum þingsins og í þingflokkum. Á þingfundum var fjallað um skýrslur um eftirfarandi málefni sem nefndir þingsins höfðu unnið milli þinga: um almannatengsl Evrópuráðsins og samskipti við þjóðþing, en framsögumaður þeirrar skýrslu var Lára Margrét Ragnarsdóttir, um fólksfjölda- og sjálfbæra þróun, um matvæli og heilsu, um jafnrétti kynjanna í menntamálum, um afleiðingar þess að lýðræðisflokkurinn í Tyrklandi hefur verið leystur upp, um varðhald þeirra er bíða réttarhalda og um liðhlaupa frá lýðveldum fyrrum Júgóslavíu. Í framhaldi af umræðum um einstakar skýrslur var ályktað um efni þeirra. Fjallað var um starfsskýrslu framkvæmdastjórnar og stjórnarnefndar þingsins. Nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins ávarpaði þingið, en hann tók við embætti u.þ.b. viku áður en þingið hófst. Jafnframt fór fram umræða um viðskiptabann Grikkja á Makedóníu. Jacques de Larosiére, hinn nýi bankastjóri Evrópska bankans fyrir endurreisn og þróun (EBRD), flutti þinginu skýrslu um störf bankans sem tekið hefur stakkaskiptum á undanförnu ári.

Tveir þjóðhöfðingjar, Milan Kucen, forseti Slóveníu og Mary Robinson, forseti Írlands, ávörpuðu þingið.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var í aukakosningum kjörinn formaður fastanefndar þingsins um almannatengsl og samskipti við þjóðþing til I. hluta þingsins 1995 í janúar næstkomandi.

Frásögn af IV. hluta 45. þings (1994) Evrópuráðsins í Strassborg.

Dagana 3.–7. október 1994 var IV. hluti 45. þings (1994) Evrópuráðsins haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds og Lára Margrét Ragnarsdóttir, auk ritara.

Á fyrsta degi þingsins var samþykkt aðildarumsókn Andorru að Evrópuráðinu og verður hún væntanlega 33. aðildarríki þess. Albanía, Hvíta Rússland, Lettland, Moldóva, Króatía, Rússland og Úkraína hafa óskað eftir aðild að ráðinu en auk þeirra hafa Armenía, Azerbaidjan og Georgía sótt formlega um gestaaðild að því.

Eftirfarandi þjóðarleiðtogar ávörpuðu þingið: Ion Illiescu, forseti Rúmeníu, Michal Kovác, forseti Slóvakíu og Waldemar Pawlak, forsætisráðherra Póllands. Auk þeirra ávarpaði þingið Philippe Séguin, forseti fulltrúadeildar franska þingsins og Sean Treacy, forseti írska þingsins, heimsótti Evrópuráðið. Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður nefndar Evrópuráðsþingsins um tengsl milli þinga Evrópuráðsríkja og almennings, átti fund með Sean Treacy til að ræða um leiðir til að bæta ímynd og kynna betur starfsemi Evrópuráðsins.

Að venju var einum degi á þessu haustþingi varið í umræður um áfangaskýrslu OECD fyrir árið 1993. Sviinn Staffan Sohlman, starfandi varaframkvæmdastjóra OECD, flutti skýrslu um starfsemi stofnunarinnar en þingmenn frá Ástralíu, Kanada, Japan og Mexíkó tóku þátt í umræðum auk Evrópuráðsþingmanna og einum fulltrúa Evrópuþingsins. Sú nýbreytni var tekin upp að þingmenn ríkja utan Evrópuráðsins tóku þátt í umræðunum og lögðu fram breytingartillögur við ályktun þingsins um skýrsluna.

Stanislav Daskalov, utanríkisráðherra Búlgaríu, flutti skýrslu ráðherranefndarinnar og svaraði spurningum þingmanna.

Auk þess ályktaði þingið um eftirfarandi málefni: dauðadómsrefsingu, orku og umhverfi, stækkun Evrópuráðsins, menntun framúrskarandi nemenda, samvinnu í umhverfismálum við Miðjarðarhaf en drögum að Evrópusamþykkt um lífsiðfræði var vísað aftur til nefndar.

Þá var haldinn fundur með norrænu nefndunum og rætt um aðildarumsókn Rússlands og mannréttindabrot í Tyrklandi sem hafa verið mikið til umræðu í þinginu að undanförnu.

Árið 1995 hefst þing Evrópuráðsins með fundi dagana 23.–27. janúar 1995.

Fylgiskjal III.

Ályktun nr. 1234 (1994)[1] um evrópsk verðlaun fyrir ung skáld og listamenn.

1. Þinginu er ljóst mikilvægi þess að veita ungu fólki hvatningu og stuðla að afreksverkum á sviði bókmennta og lista í Evrópu.
2. Með iðnvæðingu og þróun afþreyingar nútímans er baráttan um athygli almennings orðin afar hörð. Veiting verðlauna er sígild aðferð til þess að vekja athygli almennings á því sem telst sérlega áhugavert hverju sinni. Verðlaun geta þannig orðið til þess að gera almenningi kleift að meta það sem skarar fram úr hverju sinni og haft þannig beint og raunverulegt gildi fyrir þróun listanna.
3. Evrópuráðið hefur átt mikið frumkvæði í menningarmálum Evrópu og ráðinu ber að styrkja enn stöðu sína og halda forustuhlutverki sínu.

---

[1] Texti samþykktur af fastanefndinni fyrir hönd þingsins 28. febrúar 1994. Sjá skjal nr. 6958, skýrslu menningar- og menntanefndar (framsögumaður: Ragnar Arnalds).

4. Þingið beinir því þess vegna til ráðherranefndarinnar
   i. að nefndin setji á stofn, með viðeigandi samningi, evrópsk verðlaun fyrir ung skáld og listamenn. Verðlaunin, sem veitt verði ár hvert, skulu vera viðurkenning fyrir framúrskarandi verk á sviði
      a. tónlistar,
      b. ljóðlistar, skáldsagnaritunar og leikritunar,
      c. sjónlista og hönnunar, sem gerð eru af ungu fólki hvaðanæva af því svæði sem menningarsáttmáli Evrópu nær til;
   ii. að nefndin komist að samkomulagi um að athöfnin þar sem verðlaunaveitingin fer fram verði liður í viðeigandi listahátíð sem haldin er til skiptis í þeim löndum sem undirritað hafa menningarsáttmála Evrópu. Kostnaður við athöfnina og kynningu þeirra verka sem til verðlauna vinna skal borinn af því landi sem listahátíðina heldur.

Fylgiskjal IV.

Bréf formanns Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins til forseta Alþingis.

(19. apríl 1994.)

Á fundi Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins 12. apríl 1994 var rætt um þá stöðu sem kæmi upp ef Íslendingur veldist til formennsku í einhverri af nefndum ráðsins. Íslandsdeildin kann að þurfa að taka afstöðu til þessarar spurningar á næstunni.

Fjárhagsáætlun Íslandsdeildarinnar gerir ekki ráð fyrir öðru en lágmarksþátttöku í störfum Evrópuráðsþingsins sem aukast jafnt og þétt með stækkun þess og auknum umsvifum. Í ár er gert ráð fyrir að Íslandsdeildin fái 6,9 millj. kr. í sinn hlut sem er minna en á síðasta ári og setur öllu starfi deildarinnar þröngar skorður. Hér er ekki farið fram á hækkun þessarar fjárveitingar, heldur er á hana minnst til að leggja áherslu á að af henni verður ekkert tekið ef til nefndarformennsku kæmi.

Íslandsdeildin sem heild eða einstakir þingmenn hennar geta ekki tekið ákvarðanir um auknar skyldur á vettvangi Evrópuráðsþingsins nema fyrir liggi afstaða forsætisnefndar til þess hvort Íslandsdeildin eða viðkomandi þingmaður fengi sérstaka fjárveitingu til að sinna skyldum sínum t.d. sem nefndarformaður eða framsögumaður nefndar. Til marks um umsvif þess starfs sem um er að ræða má gera ráð fyrir að nefndarformaður þurfi að sækja fundi erlendis u.þ.b. tíu sinnum á ári. Samkvæmt starfsreglum Íslandsdeildarinnar sækir þingmaður vissan fjölda funda á ári. Væri frekar þörf á að auka við hann en fækka ferðum. Mætti áætla að nefndarformennska hefði í för með sér 1,5 millj. kr. aukakostnað á ári. Samkvæmt reglum Evrópuráðsþings er formaður kjörinn til þriggja ára, enda sitji hann þann tíma á heimaþingi sínu.

Hjálagt er bréf sem Íslandsdeildinni barst 12. apríl. Þar kemur fram að af 31 sendinefnd á þingi Evrópuráðsins varð Íslandsdeildin í þriðja sæti varðandi þátttöku í þingfundum á árinu 1993 og var mæting 91,11%, en formaður Íslandsdeildarinnar varð áttundi í röðinni varðandi fundarsetu af 486 sem eiga rétt til setu á Evrópuráðsþinginu. Íslandsdeildin sem heild hefur þannig sinnt vel því starfi sem henni er falið að sinna fyrir hönd Alþingis. Hið sama verður ekki sagt um þátttöku í nefndarfundum utan þingtíma, en þar setur fjárveiting skorður. Formennska í nefnd mundi auka vægi Íslands í starfi Evrópuráðsþingsins.

Fer ég þess á leit fyrir hönd Íslandsdeildarinnar að forsætisnefnd taki þetta mál til umfjöllunar. Að því kynni að koma í haust að til Íslandsdeildarinnar yrði leitað vegna nefndarformennsku. Jafnframt er vakin athygli á því að skýrslugerð og framsaga á vegum nefnda Evróuráðsþingsins leiðir í vissum tilvikum til aukaútgjalda sem raska hinni þröngu fjárhagsáætlun og reglubundinni þátttöku í störfum Evrópuráðsþingsins.

Loks leyfi ég mér að benda á að þetta erindi snertir í raun fleiri alþjóðanefndir en Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og kynni því að vera æskilegt að setja um það almenna reglu svo að alþjóðanefndum væri ljóst innan hvaða ramma þær starfa að þessu leyti. Að sjálfsögðu hljóta alþjóðanefndir að sitja við sama borð hvað þetta varðar. Alþjóðlegur samstarfsvettvangur þingmanna er ekki síður mikilvægur til gæslu íslenskra hagsmuna almennt í alþjóðlegu samstarfi en hver annar þar sem íslenska ríkið á aðild að.

Virðingarfyllst,

Björn Bjarnason, formaður.

Fylgiskjal V.

Svar forseta Alþingis.

(7. september 1994.)

Forsætisnefnd hefur rætt á tveim fundum efni bréfs formanns Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um formennsku alþingismanna í nefndum alþjóðasamtaka sem Alþingi á aðild að, dags. 19. apríl sl., einkum um þann kostnað sem af slíku leiðir. Síðan bréfið var ritað hefur reyndar einn alþingismaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, verið kjörinn til formennsku í nefnd Evrópuráðsþingsins um almannatengsl.

Forsætisnefnd telur að mikilvægt sé að alþingismenn, sem taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum Alþingis, eigi kost á því til jafns við aðra þingmenn að taka að sér ábyrgðarstörf innan alþjóðasamtaka, þar á meðal formennsku í nefndum sé kostnaður sem því fylgir innan hóflegra marka.

Alþjóðlegt samstarf á vegum Alþingis hefur verið byggt á því að alþingismenn gættu mikils hófs í ferðakostnaði og færu ekki til fundar erlendis nema nauðsyn bæri til. Árlegar fjárhagsáætlanir fyrir alþjóðanefndir sýna þetta en þar hefur verið beitt fremur ströngum reglum um ferðafjölda hvers þingmanns. Ljóst er að þegar alþingismaður tekur að sér formennsku í nefnd verður að víkja frá slíkri fjárhagsáætlun og reglum um ferðafjölda.

Forsætisnefnd hefur samþykkt fyrir sitt leyti að Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins fái aukafjárveitingu á þessu ári svo að ekki komi til röskunar á þátttöku annarra þingmanna deildarinnar í þing- og nefndarstörfum til ársloka, sbr. meðfylgjandi kostnaðaráætlun, enda rúmist þessi aukakostnaður ekki innan þeirrar fjárveitingar sem Íslandsdeildin hefur í ár.

Forsætisnefnd leggur þó áherslu á að þegar fyrir liggur að alþingismaður á kost á ábyrgðarstarfi innan alþjóðasamtaka sem Alþingi á aðilda að sé nefndinni gerð grein fyrir því áður en endanleg ákvörðun er tekin þannig að hún eigi kost á að taka afstöðu til málsins á grundvelli áætlunar um þann kostnað sem því fylgir.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Alþingis.

604. Skýrsla [375. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1994.

I. Almennt starf.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 með það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar fóru vaxandi þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989. Mikilvægi nefndarinnar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994, en fulltrúar úr henni skipa EFTA-hluta hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi nokkrum sinnum á ári. Á milli funda hittist dagskrárnefnd þingmannanefndarinnar, en hún gerir eins og nafnið bendir til tillögur að dagskrá og verkefnum þingmannanefndarinnar, auk þess sem hún fjallar um aðkallandi mál. Í dagskrárnefnd sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi. Í Íslandsdeildinni hefur auk formanns einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi dagskrárnefndarinnar. Innan þingmannanefndarinnar eru starfandi þrír vinnuhópar, vinnuhópar um landbúnað og sjávarútveg, fjármál og umhverfismál og hittast þeir yfirleitt í tengslum við fundi þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefnd EFTA hefur einnig samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu, en það samstarf hefur aukist á undanförnum árum vegna aukinna viðskiptatengsla og samninga við þessi ríki. Þá hefur þingmannanefnd EFTA á undanförnum árum haft samskipti við Evrópuþingið og eru þau samskipti nú orðin formleg eftir gildistöku EES-samningsins og stofnun þingmannanefndar EES. Þingmannanefnd EFTA hafði í samvinnu við Evrópuþingið frumkvæði að því að í samningnum um EES var gert ráð fyrir sextíu og sex manna sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Hin sameiginlega þingmannanefnd EES á að fara ofan í saumana á nýrri EES-löggjöf á undirbúningsstigi og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári, en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda.

Hvert EFTA-ríki má senda fimm aðalmenn og tvo áheyrnarfulltrúa á fundi þingmannanefndar EFTA þótt Íslandsdeildin nýti heimildina alla jafna ekki til fulls. Á fundi þingmannanefndar EES hefur Íslandsdeildin rétt á að senda fjóra aðalmenn. (Ísland fékk úthlutað þremur sætum en geymir þar að auki eitt sæti fyrir Liechtenstein þangað til það getur tekið þátt í EES.)

Ljóst er að innganga fjögurra EFTA-ríkja í ESB 1. janúar 1995 mun hafa áhrif á framtíðarstarf EFTA og þar með þingmannanefndarinnar. Þingmenn þeirra ríkja sem eftir verða í EFTA hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikilvægt sé að halda samstarfinu áfram þó að aðstæður séu breyttar. Jafnframt freistar þingmannanefndin þess nú að ná samkomulagi við Evrópuþingið um hvernig skipulagi og starfsemi þingmannanefndar EES skuli háttað í framtíðinni. Hagsmunir þeirra ríkja sem eftir verða í EFTA hvað snertir áframhaldandi öflug tengsl við Evrópuþingið eru augljósir.

II. Fulltrúar Alþingis í þingmannanefnd EFTA.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir á árinu 1994: Vilhjálmur Egilsson, Sjálfstæðisflokki, formaður deildarinnar, Páll Pétursson, Framsóknarflokki, Eyjólfur Konráð Jónsson, Sjálfstæðisflokki, Gísli S. Einarsson, Alþýðuflokki, Guðrún Helgadóttir, Alþýðu-

bandalagi og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kvennalista. Í maí hvarf Ingibjörg Sólrún úr Íslandsdeildinni er hún hætti þingmennsku. Guðrún J. Halldórsdóttir tók sæti hennar í deildinni fram að 118. þingi, en þá tók Anna Ólafsdóttir Björnsson við sætinu. Belinda Theriault, alþjóðaritari Alþingis, er ritari Íslandsdeildarinnar. Íslandsdeildin hélt fjóra formlega fundi á árinu, auk þess sem hún fundaði einu sinni með utanríkismálanefnd.

Einn aðalmaður og einn varamaður úr hverri landsdeild sitja í hverjum vinnuhópi þingmannanefndar EFTA. Íslandsdeildin skiptir með sér verkum sem hér segir:

Vinnuhópur um fjármál:	Guðrún Helgadóttir,
til vara:	Gísli Einarsson.
Vinnuhópur um umhverfismál:	Eyjólfur Konráð Jónsson,
til vara:	Anna Ólafsdóttir Björnsson (áður Ingibjörg Sólrún Gísladóttir).
Vinnuhópur um landbúnað og sjávarútveg:	Vilhálmur Egilsson,
til vara:	Páll Pétursson.

Vilhjálmur hefur jafnframt gegnt formennsku í vinnuhópnum um landbúnað og sjávarútveg.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA á árinu 1994.

Umsvif og starfsemi á árinu báru merki þess aukna vægis sem þingmannanefnd EFTA hefur öðlast innan EFTA á undanförnum árum. Á árinu 1994 var miklum tíma þingmannanefndar EFTA varið til að hlúa að samstarfi við Evrópuþingið á vettvangi hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES. Þar sem þessi samstarfsvettvangur var alveg nýr var starf þess eðlilega enn í mótun. Þá var sérstaklega mikilvægt fyrir fulltrúa þeirra ríkja sem eftir verða í EFTA að rækta tengsl sín við Evrópuþingmenn. Jafnframt lögðu fulltrúar þessara ríkja áherslu á að ræða framtíð EFTA og móta stefnu í því máli. Þá var lögð áhersla á að fylgjast vel með gangi EES-mála, að fá upplýsingar frá embættismönnum stofnana EFTA og frá ráðherraráðinu um þau mál og koma skoðun þingmanna á framfæri við þessa aðila. Þrátt fyrir hina miklu áherslu á EES-mál rækti þingmannanefnd EFTA einnig samstarfið við ríki Mið- og Austur-Evrópu og hélt með fulltrúum þeirra stóran fund þar sem skipst var á skoðunum og upplýsingum og rætt um samstarf þessara ríkja við EFTA, auk þess sem sendinefnd þingmannanefndarinnar fór í upplýsingaferð til Slóveníu.

Vinnuhópur þingmannanefndar EFTA um umhverfismál hitti á árinu fulltrúa frá samtökum er nefnast Globe, en í þeim samtökum eru þingmenn frá Evrópuþinginu, Bandaríkjunum, Rússlandi og Japan sem vinna að umhverfismálum. Óskuðu samtökin eftir samstarfi við fulltrúa þjóðþinga EFTA-ríkjanna. Íslandsdeildin ákvað, þar sem hún taldi málið ekki heyra beint undir hana, að kynna þetta mál fyrir þingflokkum og síðan umhverfisnefnd Alþingis, en nefndin hefur síðan tekið að sér tengsl við samtökin.

Þess ber að geta sérstaklega að Íslandsdeildin tók upp umræður um mengun hafsins af völdum kjarnorkuúrgangs frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum innan vinnuhóps þingmannanefndar um umhverfismál. Íslenskir og norskir þingmenn beindu í framhaldi af því skriflegum spurningum til ráðherraráðs EES um málið í október sl. Beðið er eftir svari.

Loks má geta þess að Íslandsdeildin tók þátt í að taka á móti Íslandsnefnd Evrópuþingsins sem kom til Íslands 16.–19. febrúar í boði utanríkismálanefndar.

Þingmannanefnd EFTA varð með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt og eru nefndirnar kallaðar hér á eftir til aðgreiningar þingmannanefnd EFTA I og þingmannanefnd EFTA II þegar um fundi nefndarinnar er að ræða. Aðgreiningin byggist á því að Sviss og Liechtenstein eiga ekki aðild að EES og eiga því ekki aðild að þingmannanefnd EFTA II sem fjallar um EES-mál og myndar EFTA-hlutann í þingmannanefnd EES.

a. Fundur formanna landsdeilda þingmannanefndar EFTA og fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES með formönnum landsdeilda þingmannanefndar EFTA.

Fundirnir voru haldnir 11. janúar í Brussel. Vilhjámur Egilsson sótti fundina fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Starfsáætlun þingmannanefndar EFTA var rædd á fyrri fundinum. Á báðum fundum voru starfsreglur þingmannanefndar EES ræddar og farið var yfir undirbúning fyrir fyrsta fund þingmannanefndar EES.

b. Fyrsti fundur þingmannanefndar EFTA II og fyrsti fundur þingmannanefndar EES.

Fundina sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Páll Pétursson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gísli S. Einarsson og Guðrún Helgadóttir. Fundirnir fóru fram í Brussel dagana 24.–25. janúar. Á fyrsta fundi þingmannanefndar EFTA II var farið yfir starfsáætlun þingmannanefndar EFTA fyrir fyrri part ársins, rætt var um samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu og fundur þingmannanefndar EES var undirbúinn. Formaður þingmannanefndar EFTA II var kjörinn Haakon Blankenborg frá Noregi og varaformaður Erkki Tuomioja frá Finnlandi. Í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES voru kjörnir fyrir hönd þingmannanefndar EFTA Haakon Blankenborg, Erkki Tuomioja, Lars Tobison frá Svíþjóð og Herbert Schmidtmeier frá Austurríki.

Egon Klepsch, þáverandi forseti Evrópuþingsins, og Kirste Kolle Gröndahl, forseti norska Stórþingsins, opnuðu fund þingmannanefndar EFTA. Gary Titley, formaður EES-sendinefndar Evrópuþingsins, var kjörinn formaður þingmannanefndar EES og Haakon Blankenborg, formaður þingmannanefndar EFTA, varaformaður. Ávörp fluttu Alexandros Baltas, utanríkisviðskiptaráðherra Grikkja, Pertti Salolainen, formaður ráðherraráðs EFTA, og Hans van den Broek frá framkvæmdastjórn ESB. Þingmannanefnd EES samþykkti starfsreglur sínar. Umræður fóru fram um viðbótarpakka EES og eftirlitsstofnun EFTA. Rætt var um framtíðarstarf nefndarinnar og valdir framsögumenn til að taka saman skýrslur fyrir næsta fund nefndarinnar.

c. Fundur vinnhóps þingmannanefndar EFTA um fjármál.

Fundur vinnuhópsins var haldinn 24. febrúar og hófst í höfuðstöðvum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Fundinn sátu fulltrúar allra EFTA-ríkjanna. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sat ritari fundinn. Knut Almestad, forseti ESA, tók á móti vinnuhópnum ásamt Svein Arneberg, yfirmanni rekstrarsviðs ESA, og Eijo Vuorikallio sem hefur umsjón með fjármálum ESA. Umræður voru um hlutverk ESA, skipulag þess og fjármál.

d. Fundir dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA og vinnuhóps um umhverfismál.

Vilhjálmur Egilsson og Páll Pétursson sóttu fundina f.h. Íslandsdeildarinnar. Unnið var að undirbúningi næstu funda þingmannanefnda EFTA og EES á fundi dagskrárnefndar. Á fundi vinnuhópsins var rætt um EES-reglur á undirbúningsstigi á sviði umhverfismála. Jafnframt tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar upp mengun hafsins af völdum kjarnorkuúrgangs frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum. Ákveðið var að ræða það mál frekar síðar.

e. Heimsókn þingmannanefndar EFTA I til Slóveníu í apríl.

Sendinefnd þingmannanefndar EFTA heimsótti þing Slóveníu í Ljubliana dagana 7.–8. apríl. Fulltrúi Íslandsdeildarinnar var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Markmið heimsóknarinnar var að auka samskipti við þingmenn í Slóveníu, en þeir höfðu á 3. fundi þingmannanefndar EFTA með fulltrúum ríkja Mið- og Austur-Evrópu í október 1993 rætt um áhuga Slóvena á inngöngu í EFTA. Jafnframt vildu báðir aðilar kanna möguleika á auknum viðskiptum og liðka fyrir samningum um fríverslun milli EFTA og Slóveníu.

f. Fundir þingmannanefndar EFTA I og II, vinnuhópa og þingmannanefndar EES.

Dagana 25.–27. apríl voru haldnir eftirfarandi fundir á vegum þingmannanefndar EFTA í Helsinki: 34. fundur þingmannanefndar EFTA I, 2. fundur þingmannanefndar EFTA II, 2. fundur þingmannanefndar EES og fundir í vinnuhópum þingmannanefndar EFTA um landbúnað og sjávarútveg og umhverfismál. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Gísli Einarsson, Guðrún Helgadóttir og Páll Pétursson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Á aðalfundi þingmannanefndar EFTA I var Jörn Donner frá Finnlandi kjörinn formaður til eins árs og Büchel frá Liechtenstein varaformaður. Á aðalfundi þingmannanefndar EFTA II var Donner einnig kjörinn formaður en Schmidtmeier frá Austurríki kjörinn varaformaður. Rætt var um starfsemi síðasta árs og framtíðaráherslur þingmannanefndarinnar og vinnuhópanna. Lögð var fram skýrsla um ferð sendinefndar til Slóveníu í byrjun apríl og skýrði formaður sendinefndarinnar frá því að stjórnmálaleg og efnahagsleg þróun landsins hefði vakið aðdáun sendinefndarinnar allrar og að hún væri sammála um að bjóða ætti Slóveníu velkomna í EFTA hefði landið áhuga á inngöngu.

Viðbótarpakkinn var ræddur í þingmannanefnd EFTA II og þingmannanefnd EES. Ákveðið var að þingmenn í þingmannanefnd EES beittu sér ákaft fyrir því að málið yrði tekið á dagskrá Evrópuþingsins og m.a. að formaður þingmannanefndar EES, Gary Titley, skrifaði Egon Klepsch, forseta Evrópuþingsins, bréf og óskaði eindregið eftir því að málið yrði sett á dagskrá þingsins 4. maí. (Þess má geta að þessi þrýstingur bar árangur. Málið komst á dagskrá til afgreiðslu 4. maí.)

Ýmsir gestir ávörpuðu fundina, þar á meðal Pertti Salolainen, formaður ráðherraráðs EFTA og utanríkisviðskiptaráðherra Finnlands, Stylianos Valsamas-Rallis, sendiherra Grikklands í Finnlandi, og Steffen Smidt, yfirmaður starfshóps framkvæmdastjórnar ESB um stækkun sambandsins. Jafnframt sátu fundina framkvæmastjóri EFTA, Georg Reisch, og fulltrúar frá eftirlitsstofnun EFTA sem svöruðu fyrirspurnum sem til þeirra var beint.

Rætt var um framtíð EFTA og EES. Fram kom að aðildarríki EFTA hefðu gefið fyrirmæli um að starfsfólk yrði einungis ráðið fram í júní 1995. Jafnframt að öll tæki fyrir stofnanir EFTA hefðu verið tekin á leigu og þeim mætti skila með skömmum fyrirvara. Þá kom fram að aðildarríki EFTA ættu að gefa tólf mánaða fyrirvara áður en þau yfirgæfu stofnunina. Ákveðið hefði verið meðal aðildarríkja EFTA að veita ríkjum svigrúm varðandi þetta, en þau ríki, sem gengju í ESB 1. janúar 1995, mundu virða fjárhagsskuldbindingar sínar við EFTA í sex mánuði eftir að þau gengju í ESB. Íslenska sendinefndin spurði um stofnanaþáttinn og hvernig menn sæju fyrir sér samstarfið við þá sem eftir yrðu í EES. Embættismenn EFTA og ESB töldu þessi mál vera mjög viðkvæm, sögðu viðræður vera á byrjunarstigi og vildu lítið ræða þau á þessum tíma. Íslenska sendinefndin lagði áherslu á að réttindi þeirra sem væru aðilar að EES en gengju ekki í ESB yrðu ekki skert þó að önnur EFTA-ríki gengju í sambandið. Flestir voru sammála um að EES hefði starfað vel fyrstu mánuðina þótt vissulega mætti finna nokkur dæmi um erf-

iðleika. Upplýsingar komu fram um fyrirhugaðar þjóðaratkvæðagreiðslur í Austurríki, Sviþjóð, Noregi og Finnlandi.

Nýr stjórnmálahópur innan þingmannanefndar EES var stofnaður á fundinum, „the Open Europe Group". Tveir íslenskir þingmenn voru meðal stofnenda hópsins, Guðrún Helgadóttir og Páll Pétursson. Formaður hópsins er Jens-Peter Bonde.

Skýrslur voru lagðar fram í þingmannanefnd EES um „frelsin fjögur", samkeppnismál og um jaðarmálefni EES-samningsins. Jafnframt voru ályktanir samþykktar um þessi mál. Ákveðið var að bæta einum málaflokki við fyrir næsta fund, þ.e. félagslegum málefnum.

g. Fundur þingmannanefnda EFTA I og II, fundur í vinnuhópum um landbúnað og sjávarútveg og umhverfismál og fundur með ráðherraráði EFTA.

21. júní voru haldnir eftirfarandi fundir á vegum þingmannanefndar EFTA í Helsinki: 35. fundur þingmannanefndar EFTA I, 3. fundur þingmannanefndar EFTA II, fundir í vinnuhópum þingmannanefndar EFTA um landbúnað og sjávarútveg og umhverfismál og 10. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA. Jafnframt funduðu stjórnmálahópar sem starfa innan þingmannanefndarinnar. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Gísli Einarsson og Páll Pétursson, auk ritara.

Áður en framannefndir fundir hófust hittust fulltrúar Íslands, Sviss og Liechtenstein á óformlegum fundi. Ákveðið var að þessi ríki funduðu í september til að ræða framtíð EFTA. Fundurinn yrði haldinn í tengslum við fund dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA í september. Tilgangurinn með fundinum væri að ræða framhald EFTA-starfsins þegar eða ef öll EFTA-ríkin, sem sótt hefðu um aðild að ESB, gengju inn í sambandið, framtíð stofnana EFTA og EES og hugsanlega stækkun EFTA í austurátt. Rætt var um mikilvægi þess að landsdeildirnar ræddu málin og mynduðu sér skoðun fyrir haustið. Jafnframt var rætt um að bjóða framkvæmdastjóra EFTA á fundinn ásamt fastafulltrúum landanna hjá EFTA.

Austurríkismenn skýrðu frá úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu þeirra um aðild að ESB. Í framhaldi af því skýrðu fulltrúar Finnlands, Sviþjóðar og Noregs frá stöðu mála varðandi ESB-aðild í þeirra heimalöndum. Fulltrúar Evrópuþingsins komu á fundinn og skýrðu frá úrslitum kosninga til Evrópuþingsins og ræddu um hugsanleg áhrif þeirra á stjórnmál í Evrópu og á störf Evrópuþingsins.

Að frumkvæði Íslandsdeildarinnar var aðaldagskrárefni umhverfishóps þingmannanefndar EFTA á þessum fundi mengun hafsins af völdum kjarnorkuendurvinnslustöðva og hugsanleg efnahagsleg áhrif hennar á EES-svæðinu. Davíð Egilsson, deildarstjóri hjá Siglingamálastofnun, fræddi fundarmenn um þetta mál. Ákveðið var að í framhaldi af þessum fundi mundi Íslandsdeildin skrifa stutta greinargerð um málið ásamt ályktun og leggja fyrir næsta fund vinnuhópsins í október með það fyrir augum að málið yrði síðan tekið upp í þingmannanefnd EES.

Á fund vinnuhóps þingmannanefndar EFTA um landbúnað og sjávarútveg mætti sérfræðingur finnska landbúnaðarráðuneytisins og ræddi við fundarmenn um aðlögun finnsks landbúnaðar að landbúnaðarstefnu ESB.

Fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA sátu jafnframt framkvæmdastjóri EFTA og embættismenn EFTA-dómstólsins og eftirlitsstofnunar EFTA. Árangurinn af EES-samstarfinu til þessa var metinn og rætt var um ýmis EES-tengd mál, m.a. starfsemi eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins, einkasölu ríkisins á áfengi á Norður-

löndum, stofnanamál EFTA eftir hugsanlega brottför fjögurra aðildarríkja og hugsanlega aðild Austur-Evrópuríkja að EFTA. Upplýst var að von er á skriflegu svari við tillögum síðasta fundar þingmannanefndar EES frá sameiginlegu EES-nefndinni.

h. Fundur dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA, fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES og fundur um framtíð EFTA.

Fundir voru haldnir 15. september í Brussel í dagskrárnefnd þingmannanefndar EFTA, vinnuhópi þingmannanefndar EFTA um fjármál og framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES (óformlegur fundur). Fundur var haldinn 16. september í Bern um framtíð EFTA.

Dagskrárnefndarfundinn sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Páll Pétursson og ritari deildarinnar. Skýrt var frá því í upphafi fundarins að Evrópuþingið hefði ekki enn tilnefnt fulltrúa til setu í þingmannanefnd EES vegna almennra deilna innan þingsins um skiptingu sæta í nefndum milli þingflokka. Þetta skapaði erfiðleika fyrir fyrirhugaðan fund þingmannanefndar EES í október. Raddir væru uppi innan Evrópuþingsins um að fresta fundinum fram í nóvember eða desember þegar ljóst yrði hvaða EFTA-ríki gengju í ESB um áramót. Fundarmenn bentu á að ef fundurinn yrði haldinn í október mundi aðaláherslan vera á EES-mál, en ef hann yrði haldinn seinni partinn í nóvember eða í desember væri hætta á að stækkun ESB yrði aðalumræðuefnið. Tekið var fram að drög að skýrslum, sem leggja ætti fyrir fundinn í október, væru tilbúin. Fundarmenn voru sammála um að hvetja Evrópuþingið til að leysa sín innri vandamál og þrýsta á að fundurinn yrði haldinn í október eins og löngu hefði verið ákveðið.

Vilhjálmur Egilsson kynnti skjal frá Íslandsdeildinni með greinargerð um mengun hafsins af völdum geislavirks úrgangs og spurningalista til ráðherraráðs EES sem Íslandsdeildin hygðist senda ráðherraráðinu á grundvelli 16. gr. starfsreglna þingmannanefndar EES. Norðmenn báðu um að fá að koma með breytingartillögu þannig að betur kæmi fram mikilvægi málsins fyrir önnur Norðurlönd en Ísland. Var ákveðið að Norðmenn og Íslendingar ynnu að því sameiginlega áður en málið yrði sent til ráðherraráðsins.

Rætt var um að halda fund með fulltrúum frá Mið- og Austur-Evrópu í desember í tengslum við ráðherrafund EFTA. Ákveðið var að stefna að slíkum fundi og bjóða 2–3 fulltrúum allra samstarfsríkja EFTA.

Fund vinnuhópsins um fjármál sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Guðrún Helgadóttir, Gísli S. Einarsson og ritari deildarinnar. Björn Friðfinnsson kynnti starfsemi ESA frá gildistöku EES-samningsins. Hann kynnti fjárhagsáætlun ESA fyrir fyrstu sex mánuði 1995, en hún gerði ráð fyrir fullri starfsemi til 1. júlí 1995. Hann útskýrði að EFTA-ríkin innan EES væru nú að semja um aðlögunartímabil fyrir ESA áður en stofnunin yrði lögð niður. Skrifa ætti undir samninginn fyrir lok september. Gert væri ráð fyrir að ESA héldi eftirlitshlutverki sínu í þrjá mánuði eftir væntanlega inngöngu fjögurra EFTA-ríkja í ESB (1. janúar 1995) og jafnframt að ESA fylgdi málum eftir fyrir EFTA-dómstólnum í mesta lagi í sex mánuði eftir inngönguna, en hefði möguleika á framlengingu um þrjá mánuði í viðbót ef þörf krefði. Jafnframt þyrfti ESA að afhenda framkvæmdastjórn ESB viðeigandi gögn og mál áður en stofnunin yrði lögð niður. Drög að áliti varðandi fjárhagsáætlun ESA voru lögð fyrir fundinn og samþykkt.

Fund framkvæmdastjórnar EES sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og ritari. Þar sem Evrópuþingið er ekki búið að tilnefna í þingmannanefnd EES var einungis hægt að halda óformlegan fund. Tekið var skýrt fram af hálfu þingmannanefnd-

ar EFTA að hún vildi að fyrirhugaður fundur þingmannanefndar EES 13. október yrði haldinn og jafnframt að það væri ekki hlutverk þingmannanefndar EES að ræða stækkun ESB heldur ætti hún að halda sig við EES-mál og því væri engin ástæða til að fresta fundinum þar til þjóðaratkvæðagreiðslur um inngöngu í ESB hefðu farið fram í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Fulltrúar Evrópuþingsins lofuðu að koma skilaboðum þingmannanefndar EFTA á framfæri innan Evrópuþingsins og reyna að koma til móts við óskir hennar.

Fundur um framtíð EFTA var haldinn í Bern í boði svissneska þingsins og sátu hann fulltrúar Sviss, Íslands og Liechtenstein. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Páll Pétursson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir og ritari Íslandsdeildarinnar. Jafnframt sátu fundinn Kjartan Jóhannsson, framkvæmdastjóri EFTA, og aðrir embættismenn EFTA, auk fulltrúa utanríkisráðuneyta Sviss og Íslands.

Eftir nokkra umræðu voru fundarmenn sammála um að ef EFTA yrði viðhaldið í einhverri mynd væri mikilvægt að þingmannasamstarfið legðist ekki niður þó að það yrði með öðrum hætti en hingað til. Þingmannanefndin mundi undir slíkum kringumstæðum auka samstarfið við ríki Mið- og Austur-Evrópu og leggja áherslu á samstarf og tengsl við Evrópuþingið. Ákveðið var að halda annan fund í desember í tengslum við fundi þingmannanefndar EFTA. Samþykkt var að fundurinn léti frá sér fréttatilkynningu þar sem niðurstöður fundarins kæmu fram.

i. Fundur þingmannanefndar EES, sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA I og II og fundur vinnhóps um landbúnað og sjávarútveg.

Dagana 12.–13. október sl. voru haldnir eftirfarandi fundir á vegum þingmannanefndar EFTA í Brussel: Fundur í vinnuhópi þingmannanefndar EFTA um landbúnað og sjávarútveg, sameiginlegur fundur þingmannanefnda EFTA I og II og fundur þingmannanefndar EES. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Páll Pétursson, Gísli S. Einarsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Gestur fundar vinnuhóps þingmannanefndar EFTA um landbúnað og sjávarútveg var Dirk Ahner, forstöðumaður áætlanadeildar landbúnaðarmálaskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB (DG VI), sem ræddi hina sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB (CAP) og framtíð hennar. Hann sagði að ESB hefði hafið umbætur á landbúnaðarstefnunni árið 1992, en aðlögunartímabilið vegna umbótanna stæði út markaðsárið 1995–96. Eftir þann tíma kæmu umbæturnar fyrst að fullu til framkvæmda, en segja mætti að mjög vel hefði gengið fyrstu tvö árin að koma framkvæmdunum áleiðis. Framleiðsla og birgðir færu minnkandi í þeim greinum sem umbæturnar næðu til. Hann gerði ekki ráð fyrir meiri háttar viðbótarumbótum á næstu árum því að reynsla þyrfti að fást af umbótum sem gerðar hefðu verið. Ahner taldi ólíklegt að landbúnaðarmál yrðu ofarlega á baugi á ríkjaráðstefnu ESB sem hefst 1996, umræða um þau mundi snúast um langtímamarkmið. Hann nefndi fjögur atriði sem hefðu mótandi áhrif á stefnu ESB í landbúnaðarmálum í framtíðinni: Mat á umbótum þeim sem hófust 1992, nauðsyn þess að taka tillit til umhverfismála við mótun landbúnaðarstefnu, væntanlega inngöngu ríkja Mið- og Austur-Evrópu í ESB eftir aldamót og umræður um framtíðarumbótastefnu í landbúnaðarmálum sem hæfust væntanlega undir aldamót í tengslum við umræður um nýja GATT-(eða WTO-)lotu. Þá sagði hann 65% bænda innan ESB vera 55 ára eða eldri og að margir þeirra ættu engan arftaka. Því hefðu núverandi umbætur ekki mikla röskun á atvinnumálum í för með sér.

Jón Baldvin Hannibalsson, formaður ráðherraráða EFTA og EES, ávarpaði fund þingmannanefndar EES og svaraði fyrirspurnum. Hannes Hafstein, formaður sameiginlegu EES-nefndarinnar, Graham Avery f.h. framkvæmdastjórnar ESB og Knut Almestad f.h. eftirlitsstofnunnar EFTA tóku jafnframt þátt í umræðunum. Rætt var um það að of langur tími liði frá því að regla kæmist til framkvæmda innan ESB þangað til hún tæki gildi á EES-svæðinu þar sem ferillinn innan ESB væri of flókinn og langdreginn. Upplýst var að búið væri að leggja fram tillögu til einföldunar á þessum ferli innan ESB og að hún væri nú til umfjöllunar innan Evrópuþingsins. Vilhjálmur Egilsson lagði fram ályktun í þingmannanefnd EES þar sem þingmannanefndin hvetur Evrópuþingið til að samþykkja tillöguna með skjótum hætti. Ályktunin var samþykkt.

Þá var m.a. rætt um ýmis mál sem til umfjöllunar voru í eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmd samningsins með tilliti til viðurkenningar prófa og atvinnuréttinda, umhverfismál og framtíð EES-samningsins. Vilhjálmur Egilsson spurði hvort búið væri að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að vandamál tengd viðskiptum með fisk eins og komið hefðu upp fyrr á árinu í Frakklandi kæmu upp aftur á næsta ári. Hann fékk þau svör að framkvæmdastjóri ESB hefði fullvissað samstarfsaðila sína innan EES um að allt yrði gert til að forðast að slík vandamál kæmu upp aftur. Hins vegar var bent á að slíkt væri seint fulltryggt fyrir fram, enda hefði ESB engan her til að fylgja málum eftir.

Upplýst var að ekki væri búið að svara spurningum þeim sem þingmenn Íslands og Noregs í þingmannanefnd EES hefðu lagt fram til ráðherraráðs EES og fastanefndarinnar um mengun hafsins af völdum kjarnorkuúrgangs frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum þar sem hvorki fastanefndin né ráðherraráðið hefði komið saman síðan spurningarnar bárust. Þingmenn óskuðu eftir svari sem fyrst.

Skýrslur voru lagðar fram um evrópsk fjarskipta- og samgöngunet, samkeppnismál og ríkisaðstoð og félagsleg málefni. Ályktanir um fjarskipta- og samgöngunet og um félagsleg málefni voru samþykktar.

j. Fundur með fulltrúum ríkja Mið -og Austur-Evrópu, sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA I og II og fundur með ráðherraráði EFTA.

Dagana 11.–13. desember sl. voru haldnir eftirfarandi fundir á vegum þingmannanefndar EFTA í Genf: óformlegur fundur fulltrúa þeirra ríkja sem áfram verða í EFTA, fundur með fulltrúum ríkja Mið- og Austur-Evrópu, fundur með ráðherraráði EFTA og fundur þingmannanefndar EFTA I og II. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Páll Pétursson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Helgadóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Aðalumræðuefni fundanna var framtíð EFTA og EES, sérstaklega með tilliti til þingmannasamstarfs. Fram kom hjá þingmönnum þeirra ríkja sem áfram verða í EFTA — Íslands, Noregs, Sviss og Liechtenstein — að nauðsynlegt væri að viðhalda EFTA í smækkaðri mynd. Varðandi þingmannanefnd EFTA var niðurstaðan sú að hún starfaði áfram á sömu nótum og hingað til, m.a. að samskiptum bæði við Evrópuþingið og þingmenn ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Gert er ráð fyrir að fimm þingmenn frá hverju EFTA-landi sitji í nefndinni áfram sem hingað til.

Þingmannanefnd EES er samkvæmt EES-samningnum skipuð sextíu og sex þingmönnum. Þrjátíu og þrír eru tilnefndir af Evrópuþinginu og þrjátíu og þrír frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Vegna breyttra aðstæðna frá 1. janúar 1995 væri æskilegt að fækka í nefndinni. Þingmenn voru þó sammála um að skipan þingmannanefndarinnar væri ekki efni til að breyta EES-samningnum sjálfum því að slíkt kallaði á nýtt staðfestingarferli

í öllum aðildarríkjunum. Ákveðið var að fara fram á það við Evrópuþingið að tilnefnt yrði í nefndina eins og samningurinn gerir ráð fyrir en að reiknað yrði með því að mæta með mun færri fulltrúa á fundi nefndarinnar.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lögðu áherslu á mikilvægi þingmannasamstarfsins og hvöttu nefndina til að nýta vel tækifæri sem gæfust til samstarfs við Evrópuþingið og þjóðþing ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Mikilvægt væri að auka þessi samskipti. Jafnframt yrði á næstunni mikil umræða um framtíðarskipulag og starfsemi EFTA og þingmannanefndin ætti að taka virkan þátt í henni. Vilhjálmur Egilsson bað um loforð frá ráðherraráðinu um að þingmannanefndin fengi áfram nauðsynlegt fjármagn og starfsfólk til að halda uppi öflugri starfsemi. Fyrir hönd ráðherraráðsins bað formaðurinn, Jón Baldvin Hannibalsson, þingmannanefndina um að leggja á næstunni fram upplýsingar um þarfir hennar í framtíðinni. Hann sagði þingmannasamstarfið mjög mikilvægt, en gat ekki gefið ákveðin svör um úthlutun til þessa þar sem enn væri verið að semja um framtíðarskipulag stofnunarinnar.

Fulltrúar Sviss lögðu áherslu á að höfuðstöðvar EFTA yrðu áfram í Genf þó að hluti af starfseminni færi fram í Brussel. Jón Baldvin Hannibalsson upplýsti að EFTA-dómstóllinn flyttist til Lúxemborgar. Páll Pétursson lagði áherslu á að EFTA-stofnanir yrðu staðsettar í EFTA-ríkjum.

Blankenborg frá Noregi var kjörinn formaður þingmannanefndar EFTA frá ármótum fram að aðalfundi næsta sumar og Büchel frá Liechtenstein varaformaður. Þingmannanefnd EFTA ákvað að fara fram á að fá starfsmann í Genf og starfsmann í Brussel innan EFTA fyrir þingmannanefndina.

Alþingi, 6. febr. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Páll Pétursson.	Gísli Einarsson.
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Guðrún Helgadóttir.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.

605. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra tryggingafélaga, Gest Jónsson hrl. og frá Lögmannafélagi Íslands Ragnar Aðalsteinsson formann, Ingólf Hjartarson varaformann og Martein Másson framkvæmdastjóra. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust um málið á 117. löggjafarþingi frá Neytendasamtökunum, Lögmannafélagi Íslands, Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, Gesti Jónssyni og Gunnlaugi Claessen, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Friðriki Arngrímssyni, Hákoni Árnasyni og Ingólfi Hjartarsyni.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem snúa m.a. að öryggi viðskiptamanna lögmanna. Í fyrsta lagi verði fé viðskiptamanna geymt á sérstökum reikningum, vörslufjárreikningum, og í öðru lagi verði lögmönnum skylt að kaupa starfsábyrgðartryggingar. Talsvert hefur verið rætt um síðarnefnt atriði í nefndinni og í framhaldi af því eru lagðar til breytingar á 2. gr. Enn fremur hefur, í tengslum við vörslufjárreikninga, verið fjallað um samskipti lögmanna og viðskiptamanna þeirra hvað varðar upplýsingar um innheimtufé. Rætt var um hvort hægt væri að koma því við að lögmenn sendu viðskiptamönnum sínum reglulega yfirlit eða tryggðu þeim með öðru móti upplýsingar um stöðu reikninganna. Nefndin lítur svo á að viðskiptamenn lögmanna geti gert samkomulag um að fá slík yfirlit. Ekki eru lagðar til breytingartillögur um þetta atriði að sinni en bent er á að nú stendur yfir heildarendurskoðun á lögum um málflytjendur og er gert ráð fyrir að þessi atriði, sem nefnd hafa verið hér að framan, verði athuguð frekar við þá endurskoðun.

Lagðar eru til eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. 2. mgr. 2. gr. verði breytt þannig að lögmönnum gefist tveir kostir til að sinna skyldu um starfsábyrgðartryggingu, þeir geti keypt ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi eða lagt fram aðra jafngilda tryggingu að mati stjórnar Lögmannafélagsins. Síðari möguleikinn verður að vera fyrir hendi ef vátryggingafélag telur sér ekki fært að selja lögmanni ábyrgðartryggingu.

   Þá er lagt til að Lögmannafélagið hafi í samþykktum sínum um tryggingarskyldu hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna og er það í ljósi þess að Lögmannafélagið kveður sjálft á um þessi atriði í samþykktum sínum. Í þessu sambandi er bent á að samþykktir félagsins öðlast ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær, sbr. lokamálslið 1. mgr. 2. gr., og til að tryggja neytendavernd enn frekar hefur verið bætt við 2. mgr. að ráðherra skuli, áður en hann staðfestir samþykktir um tryggingarskyldu, leita umsagnar samtaka neytenda og vátryggingafélaga.
2. Lögð er til breyting á síðari málslið 4. mgr. 2. gr. í samræmi við síðastnefnda breytingu þannig að ráðherra leiti umsagnar þessara aðila áður en hann setur reglugerð, ef til þess kemur.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 6. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Pétur Bjarnason.

Tómas Ingi Olrich. Jón Helgason.

606. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Lögmannafélag Íslands skal í samþykktum sínum setja reglur um skyldu félagsmanna til þess að kaupa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða leggja fram aðra jafngilda tryggingu að mati stjórnar Lögmannafélagsins vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Í samþykktunum skal kveðið á um lágmark vátryggingarfjárhæðar og hámark eigin áhættu vátryggingartaka með hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta vátryggingartaka í tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Undanskyldir vátryggingarskyldunni eru lögmenn sem starfa hjá opinberum aðilum, lánastofnunum og vátryggingafélögum að því er varðar lögmannsstörf í þágu þessara aðila. Stjórn Lögmannafélagsins er heimilt að undanþiggja einstaka lögmenn tryggingarskyldunni, enda hafi þeir ekki opna starfstofu. Stjórn Lögmannafélagsins úrskurðar um skyldu einstakra félagsmanna til vátryggingarkaupa. Ráðherra skal áður en hann staðfestir samþykktir um tryggingarskyldu leita umsagnar samtaka neytenda og vátryggingafélaga.

b. Við síðari málslið 4. mgr. bætist: og skal hann leita umsagnar með sama hætti og segir í 2. mgr.

607. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um endurskoðun skattalaga.

Flm.: Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Ólafur Ragnar Grímsson, Guðrún Helgadóttir, Jóhann Ársælsson, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Svavar Gestsson, Ragnar Óskarsson.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að endurskoða skattalög með það fyrir augum að draga úr skattbyrði á lágar tekjur og meðaltekjur og flytja til fjármuni í skattkerfinu til að auka jöfnuð í lífskjörum. Í því skyni skal að því stefnt:

að hækka skattleysismörk og verja til þess 2 milljörðum kr. í fyrsta áfanga;

að greiðslur í lífeyrissjóði verði í áföngum gerðar frádráttarbærar frá skatti;

að ónýttur persónuafsláttur unglinga 16–20 ára sem dveljast í heimahúsum verði millifæranlegur til foreldris eða foreldra með lágar tekjur;

að persónuafsláttur greiðist út að hluta ef hann nýtist ekki til millifærslu eða til frádráttar sköttum;

að lagður sé stighækkandi hátekjuskattur á fjölskyldutekjur yfir 400 þús. kr. á mánuði;

að sett sé þak á tekjutengda skerðingu bótaliða, svo sem vaxtabóta og barnabóta, þannig að jaðarskattshlutfall fari aldrei yfir 55%;

að reglur um húsaleigubætur verði endurskoðaðar og bæturnar færðar inn í skattkerfið og standi öllum leigjendum til boða;

að fjármagnstekjur séu skattlagðar eins og aðrar tekjur, þó með sérstökum persónuafslætti til að hvetja fólk áfram til sparnaðar;

að lögaðilar (hlutafélög og önnur fyrirtæki í félagsformi) greiði hliðstæðan tekjuskatt og fyrirtæki sem rekin eru á ábyrgð einstaklinga;

að fyrirtæki fái sérstakan frádrátt frá tekjuskatti vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna;

að þrengdar verði heimildir fyrirtækja til að draga frá skattskyldum tekjum tap fyrirtækja sem þau hafa keypt;

að skattar á miklar eignir verði hækkaðir og þak sett á frádráttarheimildir vegna risnukostnaðar;

að skatteftirlit verði hert og aðgerðir gegn skattsvikum stórauknar, m.a. með bættu eftirliti og hertum viðurlögum vegna stærri brota og tiltekin markmið sett um árangur í skattinnheimtu.

Greinargerð.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa almenn lífskjör í landinu versnað til muna og ójöfnuður aukist. Sótt hefur verið að lágtekjufólki úr tveimur áttum samtímis. Annars vegar hefur kaupmáttur launa rýrnað mjög verulega en samtímis hefur skattbyrði á fólk með lágar tekjur og meðaltekjur stóraukist.

Tillaga þessi fjallar um mörkun nýrrar stefnu í skattamálum. Gert er ráð fyrir að a.m.k. 5–7 milljarðar kr. verði fluttir frá fjármagnseigendum, hátekjufólki og vel stæðum fyrirtækjum til lágtekjufólks og fólks með meðaltekjur.

Hækkun skattleysismarka.

Persónuafsláttur í tekjuskatti einstaklinga (og þar með skattleysismörk) hefur ekki hækkað í réttu hlutfalli við verð- og tekjubreytingar í þjóðfélaginu á undanförnum árum og því lækkað í raun. Alþýðubandalagið leggur til að skattleysismörk verði hækkuð í nokkrum áföngum. Hækkun skattleysismarka í 60.000 kr. á mánuði um sl. áramót hefði kostað ríkissjóð 1.200 millj. kr. í tekjutap. Hækkun skattleysismarka í 65 þús. kr. á mánuði mun kosta rúma 5 milljarða kr. og hækkun í 70.000 kr. á mánuði mun kosta rúma 8 milljarða kr.

Ónýttur persónuafsláttur unglinga.

Það er sanngirnismál að foreldrar með lágar tekjur geti notað sér ónýttan persónuafslátt unglinga á aldrinum 16–20 ára sem dveljast í heimahúsum og eru því að mestu á framfæri foreldranna.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar voru við álagningu árið 1994 samtals 20.335 framteljendur á aldrinum 16 til og með 20 ára og nam persónuafsláttur þessara framteljenda 5,8 milljörðum kr. Af þessum framteljendum eru 16.228 sem ekki nýta persónuafslátt sinn að fullu. Ónýttur persónuafsláttur þessara framteljenda er um 2,5 milljarðar kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu mikið foreldrar þessara barna gætu nýtt af persónuafslætti þeirra, en þar sem heimildin yrði bundin við lágar tekjur foreldra og veru unglinganna í heimahúsum yrði aðeins um lítið brot af þeirri upphæð að ræða.

Persónuafsláttur greiðist út.

Ónýttur persónuafsláttur fellur niður ef hann nýtist ekki til millifærslu eða til frádráttar sköttum. Með því að greiða ónýttan persónuafslátt út er fundin leið til að styðja sérstaklega þá sem eru með laun undir skattfrelsismörkum. Nokkur hluti þessa fólks er unga fólkið á aldrinum 16–20 ára sem þegar hefur verið nefnt.

Stighækkandi hátekjuskattur.

Við afgreiðslu skattalaga í lok sl. árs var hátekjuskattur lækkaður og mun það kosta ríkissjóð um 100 millj. kr. á þessu ári. Viðmiðunarmörk hátekjuskatts voru hækkuð úr 200 þús. kr. í 235 þús. kr. fyrir einstaklinga og úr 400 þús. kr. í 450 þús. kr. fyrir hjón á mánuði.

Þingmenn Alþýðubandalagsins greiddu atkvæði gegn lækkun hátekjuskatts. Tekjuskattskerfið verður að nýtast til tekjujöfnunar og nær væri að hátekjuskatturinn væri stighækkandi og hækkaði úr 5 í 8% á hæstu tekjurnar.

Þak á tekjutengda skerðingu.

Margvíslegar bætur sem ríkið greiðir út, m.a. vaxtabætur og barnabætur, skerðast þegar tilteknum heildartekjum er náð. Þetta hefur leitt til þess að jaðarskattur getur orðið býsna hár hjá fólki með meðaltekjur. Nauðsynlegt er að sett sé þak á það hve hátt hlutfall jaðarskattsins getur orðið og er hér lagt til að miðað verði við 55%.

Húsaleigubætur færðar inn í skattkerfið.

Núgildandi kerfi húsaleigubóta hefur verið harðlega gagnrýnt, enda nýtist það aðeins hluta leigjenda. Víða um land hafa sveitarfélög neitað að eiga aðild að þessu kerfi og þar eru því engar bætur greiddar. Brýnt er að endurskoða reglur um húsaleigubætur og færa þær inn í skattkerfið svo að þær standi öllum leigjendum til boða.

Fjármagnstekjur séu skattlagðar.

Þingmenn Alþýðubandalagsins hafa margsinnis gert tillögur um að fjármagnstekjur séu skattlagðar eins og aðrar tekjur, en þó með þeim fyrirvara að einhver takmörkuð upphæð sé skattfrjáls hjá hverjum og einum með sérstökum persónuafslætti til að hvetja fólk áfram til sparnaðar. Í tillögu sem þingmenn Alþýðubandalagsins fluttu fyrir þremur árum um álagningu fjármagnsskatts voru færð að því rök að slíkur skattur gæti skilað ríkissjóði um 2 milljörðum kr.

Núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa hummað það fram af sér allt kjörtímabilið að taka ákvörðun um fjármagnsskatt. Í þeirra röðum hefur einkum verið rætt um flatan 10% bruttóskatt á fjármagnstekjur. Sú tilhögun hefði þann ókost að allur sparnaður hversu smár sem hann væri yrði skattlagður og vaxtaútgjöld kæmu ekki til frádráttar vaxtatekjum, t.d. ef maður selur íbúð og kaupir aðra.

Samræming fyrirtækjaskatta.

Heildarvelta fyrirtækja annarra en fjármálastofnana er áætluð um 680 milljarðar kr. á árinu 1994. Tekjuskattur fyrirtækja er hins vegar aðeins 3.425 millj. kr. á liðnu ári.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur tekjuskattshlutfall hlutafélaga og annarra fyrirtækja, sem rekin eru í félagsformi, verið lækkað úr 45% í 33%. Þetta hefur gerst á sama tíma og skatthlutfall einstaklinga hefur hækkað í tæp 42% og aðstöðugjald upp á 4.000 millj. kr. hefur verið létt af fyrirtækjum. Það misrétti sem af þessu hefur hlotist lýsir sér m.a. í því að fyrirtæki, sem rekin eru á reikning eigenda og ekki eru í félagsformi, þurfa að greiða hlutfallslega miklu hærri tekjuskatt en stóru fyrirtækin. Nauðsynlegt er að skatthlutfallið, sem lagt er til grundvallar í almennum tekjuskatti, sé það sama á einstaklinga og öll fyrirtæki. Áætla má að þessi samræming yki tekjur ríkissjóðs um 1.200 millj. kr. á ári.

Frádráttur vegna nýsköpunar.

Skattaívilnanir til fyrirtækja eiga því aðeins rétt á sér að þær séu líklegar til að auka atvinnu og umsvif í efnahagskerfi landsmanna. Þingmenn Alþýðubandalagsins telja rétt að fyrirtæki fái sérstakan frádrátt frá tekjuskatti vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna. Þetta hefur áður komið fram, m.a. í þeirri stefnumörkun í efnahags- og atvinnumálum sem kennd var við Útflutningsleiðina en þar var lagt til:

1. Að tekjutengdir skattar á einstaklinga yrðu felldir niður í allt að tvö ár hjá þeim starfsmönnum sem að meginhluta dveljast erlendis við öflun nýrra markaða og sölustarfsemi. Þannig verði fyrirtækin hvött til að flytja áherslur yfir í útflutningsstarfsemi.
2. Að framlög til rannsókna, þróunarstarfs, markaðsleitar og annarrar útflutningstengdrar starfsemi verði ívilnandi við skattgreiðslu fyrirtækja.
3. Að ný einstaklingsfyrirtæki og hlutafélög, sem afla meira en helmingi tekna sinna með sölu á erlendum mörkuðum, verði skattfrjáls fyrstu þrjú árin.

Þrengri heimildir til að nýta keypt tap fyrirtækja.

Samkvæmt skattalögum er fyrirtækjum heimilt að nýta sér til skattfrádráttar uppsafnað tap fyrirtækja í skyldri starfsemi sem þau hafa keypt, en rekstrartap má nýta í fimm ár frá því það myndast. Oft er um að ræða stórfelldan undandrátt tekna með þessari aðferð. Þingmenn Alþýðubandalagsins telja óhjákvæmilegt að þessi heimild verði verulega þrengd. Því miður liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um hvað gæti verið um að ræða miklar fjárhæðir.

Skattar á miklar eignir hækkaðir.

Við afgreiðslu skattalaga í lok sl. árs var stóreignaskatturinn strikaður út. Það voru einmitt stærstu tíðindin í skattalagabreytingum ríkisstjórnarinnar að skattur þessi, sem mjög ranglega var kenndur við fátækar ekkjur, skyldi afnuminn. Skatturinn nam 0,75 % á nettóeignir yfir 10 millj. kr. á einstakling (20 millj. kr. á hjón) og hafði verið lagður á í mörg ár til viðbótar við almennan 1,2% eignarskatt. Þeir einir þurftu að borga þennan stóreignaskatt að fullu sem höfðu í tekjur sem svarar 167 þús. kr. á mánuði og voru það um 1.600 manns. Álíka stór hópur greiddi skertan stóreignaskatt vegna minni tekna og þeir sem höfðu minna en 1 millj. kr. í árstekjur sluppu við þennan skatt þrátt fyrir miklar eignir. Stóreignaskatturinn var því mjög sanngjarn. En hann var strikaður út og kostaði það ríkissjóð um 120 millj. kr.

Þingmenn Alþýðubandalagsins greiddu atkvæði gegn þessu og telja sjálfsagt og eðlilegt að skattar á miklar eignir séu frekar hækkaðir. Þjóðhagsstofnun áætlar að 5% aukaskattþrep á tekjur á bilinu 350.000–500.000 kr. á mánuði og 10% skattþrep á tekjur umfram 500.000 kr. á mánuði mundu skila um 629 millj. kr. miðað við álagningargrunn á árinu 1994.

Skatteftirlit hert.

Enginn vafi er á því að með stórauknu skatteftirliti og hertum viðurlögum við meiri háttar brotum má auka tekjur ríkissjóðs mjög verulega. Í samþykkt aðalfundar miðstjórnar Alþýðubandalagsins var sérstök áhersla lögð á aðgerðir gegn skattsvikum: Meðal slíkra aðgerða gegn skattsvikum verði:

— Aukin sérhæfing hjá skattyfirvöldum með nýrri verkaskiptingu á skattstofum.
— Sérþjálfaðar eftirlitssveitir.
— Hert viðurlög og fangelsisvistir vegna stærri brota.
— Ný lagaákvæði og lámarksrefsingar fyrir skattsvik.
— Missir starfsréttinda og rekstrarleyfa vegna svartrar atvinnustarfsemi og bókhaldsbrota.

Með þingsályktunartillögu þessari voru birt sex fylgiskjöl. Á fskj. I voru prentaðar töflur frá Þjóðhagsstofnun yfir dreifingu eignarskatts við álagningu 1994; um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Á fskj. II voru birtar töflur frá Seðlabanka Íslands úr „Íslenskum efnhagsstærðum"; um þær vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins), sjá einnig bls. 2394 í A-deild Alþt. 1994–95. Á fskj. III var prentað nefndarálit 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingar í skattamálum, 251. mál 117. löggjafarþings, ásamt 18 fylgiskjölum; um þau gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins) og lausaskjals nr. 411 frá 117. löggjafarþingi, sjá einnig bls. 1994 í A-deild Alþt. 1993–94. Á fskj. IV var grein eftir Steingrím J. Sigfússon, „Húsaleigubætur — góðu máli klúðrað", sem birtist í *Degi* í janúar 1995, á fskj. V grein úr *Dagsbrún* 1994 um hagnað fyrirtækja á síðasta ári og á fskj. VI kaflar úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í október 1994 um áhrif skattbreytinga samkvæmt lögum nr. 122/1993; um fskj. IV, V og VI vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

608. Fyrirspurn [377. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað ríkissjóðs við Ár fjölskyldunnar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvenær hófst undirbúningur undir Ár fjölskyldunnar hér á landi?
2. Hve miklu fé var varið:
   a. til nefndastarfa,

b. til ferða á ráðstefnur erlendis,
c. til annarra verka?
3. Hver varð sýnilegur árangur?

Skriflegt svar óskast.

609. Fyrirspurn [378. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað af ráðherraskiptum.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Hver hefur kostnaðarauki ríkissjóðs orðið af ráðherraskiptum á valdatíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

Óskað er eftir að biðlaun verði sundurliðuð á einstaka ráðherra.

Skriflegt svar óskast.

610. Fyrirspurn [379. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað við undirbúning orkufreks iðnaðar.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Hver hefur kostnaður ríkisins orðið við undirbúning orkufreks iðnaðar á valdatíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

Skriflegt svar óskast.

611. Skýrsla [380. mál]

um störf Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1994.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fundi Alþingis 18. desember 1993 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Jón Helgason, Petrína Baldursdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guð-

mundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Á fundi sínum 7. janúar 1994 kaus Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins Jón Helgason formann og Petrínu Baldursdóttur varaformann.

Á fundi Alþingis 28. desember 1994 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Ingibjörg Pálmadóttir, Petrína Baldursdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Á fundi sínum 6. febrúar 1995 kaus Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins Árna Johnsen formann og Steingrím J. Sigfússon varaformann.

2. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Deildin hélt sjö fundi á starfsárinu. Meðferð samþykkta ráðsins í þjóðþingunum var til umræðu í Íslandsdeildinni í framhaldi af miðsvetrarfundi landsdeildaformanna í Kaupmannahöfn í janúar 1994 og á fundi í deildinni í mars var til umræðu bréf Sighvats Björgvinssonar, samstarfsráðherra Norðurlanda, þar sem gerð var grein fyrir fundi vestnorrænu samstarfsráðherranna í tengslum við 44. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Þar fór samstarfsráðherra þess á leit að ráðið sýndi aðhald og raunsæi í tillögugerð. Í framhaldi af þessu ákvað Íslandsdeildin að láta skrifstofuna gera yfirlit yfir samþykktir ráðsins frá upphafi og meðferð þeirra og leggja í ljósi þess fram tillögu um hvaða tillögur ætti að fella endanlega af dagskrá. Þessi vinna yrði lögð til grundvallar við gerð tillögu sem lögð yrði fyrir næsta ársfund um að fella af dagskrá ráðsins megnið af þeim gömlum tillögum sem enn voru á dagskrá. Auk þess var rætt um þau drög að samstarfsáætlun um byggðamál sem lögð höfðu verið fram í Norðurlandaráði og sem Davíð Oddsson forsætisráðherra hafði gert að umtalsefni í ræðu sinni á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi.

Á fundum ráðsins á árinu var mikið rætt um framtíðarsamstarfið í ljósi framangreindrar samstarfsáætlunar um byggðamál. Á fundi í júlí skýrði Sigurður Guðmundsson, formaður NÄRP, norrænu embættismannanefndarinnar um byggðamál, deildinni frá starfi nefndarinnar og gerði grein fyrir hugmyndum hennar um að endurskipuleggja samstarfið og kanna möguleika á samstarfi við strandhéruð Noregs og e.t.v. í framtíðinni við Skotland. Í nefndinni höfðu engar hugmyndir komið fram um breytingu á starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins. Ákveðið var að fylgjast áfram með störfum NÄRP. Í framhaldi af umræðunum um framtíðarstarfið var gerð samþykkt á ársfundi ráðsins um að skipa starfshóp til að endurmeta störf Vestnorræna þingmannaráðsins.

Vandinn í færeysku efnahagslífi og þjóðlífi var á árinu mikið til umræðu í Íslandsdeild og á fundi í maí gerði Jan Klövstad, fyrrverandi forstöðumaður Norðurlandahússins í Tórshavn, grein fyrir ástandinu í Færeyjum. Rætt var um mögulegt frumkvæði Íslendinga um aðstoð Færeyingum til handa. Í bréfi til Davíðs Oddssonar forsætisráðherra 4. maí var komið á framfæri samþykkt Íslandsdeildarinnar um að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að skipaður yrði starfshópur fulltrúa allra þingflokka og ríkisstjórnar til að fara með málið.

Á miðsvetrarfundi landsdeildaformanna ráðsins í Kaupmannahöfn 12. janúar 1994 var m.a. til umræðu meðferð samþykkta ráðsins í þjóðþingunum, þátttaka vestnorrænna kvenna í kvennaráðstefnunni „Nordisk Forum" í Åbo í ágúst 1994, samningur frá september 1993 milli Grænlands og Íslands um ferðamál og fyrirhugaður sumarfundur á Grænlandi 1994.

3. Tíundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1994.

Vegna lögþingskosninga í Færeyjum þurfti að fresta fyrirhuguðum ársfundi í Ilulissat í júní 1994. Í umræðum í Íslandsdeildinni um nýjan fundarstað kom fram sú eindregna skoðun að hann skyldi vera í einhverju vestnorrænu landi, helst á Grænlandi. Að lokum var þó samþykkt að fara að tillögu Færeyinga um að halda hann í Kaupmannahöfn þar sem annað væri illframkvæmanlegt en tekið fram að um undantekningu væri að ræða.

Þar af leiðandi var 10. ársfundur ráðsins haldinn í Kaupmannahöfn 14. september 1994. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar þingmannaráðsins eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Helgason, Petrína Baldursdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Alls sóttu 11 vestnorrænir þingmenn ársfundinn. Á fundinum fluttu formenn landsdeildanna stuttar skýrslur um störfin á árinu og gerðu í stuttu máli grein fyrir stjórnmálalegri stöðu, hver í sínu landi. Í almennu umræðunum kom fram eindreginn vilji fulltrúanna til að efla framtíðarsamstarfið, ekki síst í ljósi stöðu vestnorrænu landanna þriggja utan Evrópusambandsins í fyrirsjáanlegri framtíð. Fyrir þinginu lá ein tillaga. Hún var til landsstjórna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands um að skipa starfshóp til að ræða mögulegt samstarf um samskipti við og sameiginlegar áherslur landanna gagnvart Evrópusambandinu í ljósi stöðu vestnorrænu landanna utan sambandsins um fyrirsjáanlega framtíð og var hún samþykkt einróma. (Sjá þingsályktunartillögu sem lögð er fram á Alþingi samhliða skýrslunni.) Auk þess voru samþykktar þrjár eftirfarandi ákvarðanir um störf ráðsins sjálfs:

1. Ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins, haldinn 14. september 1994 í Kaupmannahöfn, samþykkir að setja niður vinnunefnd, skipaða tveim fulltrúum frá hverju landi, til að endurmeta stöðu samstarfsins innan Vestnorræna þingmannaráðsins.

   Nefndin skal kynna sér þær hugmyndir sem uppi hafa verið um breytingar á vestnorrænu samstarfi og hugsanlega útvíkkun þess svo að það taki til Norður-Noregs og e.t.v. Skotlands, sem og aðrar breytingar sem rætt hefur verið um á vettvangi norræns samstarfs og taka þarf mið af.

   Nefndinni ber einnig að meta stöðu ráðsins í ljósi almennt breyttra aðstæðna frá því að ráðið var stofnað.

   Nefndin skal skila skýrslu um starf sitt eigi síðar en mánuði fyrir næsta ársfund og senda hana ráðsmönnum til kynningar. Skýrslan verði tekin fyrir á fundinum og verði þar grundvöllur umræðna um framtíð samstarfsins.
2. Vestnorræna þingmannaráðið ákveður að fella af dagskrá öll áður samþykkt tilmæli að undanskildum eftirfarandi tilmælum: Tilmæli nr. 1/1992, nr. 2/1992, nr. 4/1992, nr. 5/1992, nr. 6/1992 og nr. 1–6/1993. Tilmælin frá árinu 1993 eru ekki felld af dagskrá þar eð það er enn ekki tímabært.

   Varðandi tilmæli nr. 5/1992 var ákveðið að hafa samband við þá ráðherra sem fara með menningarmál og mælast til að þeir flýti málinu. Auk þess var ákveðið að snúa sér til fulltrúa vestnorrænu landanna í Norðurlandaráði varðandi 2. lið í tilmælunum.

3. Vestnorræna þingmannaráðið ákveður að breyta 2. gr. þingskapalaganna eins og hér segir:

   Formaður ráðsins verður kosinn eftir tilnefningu frá landsdeild verðandi gestgjafalands.

4. Landsdeildir hinna landanna tilnefna landsdeildarformenn. Eftir samþykkt ráðsins mynda þeir ásamt formanninum forsætisnefnd, 1. varaformaður er formaður landsdeildar þess lands sem verður gestgjafaland næst, 2. varaformaður er formaður landsdeildar gestgjafalandsins. Formaður og forsætisnefnd eru kosin til eins árs í senn.

   Formaðurinn setur fundinn og sér um eftirlit og samþykkt af fulltrúum ráðsins ásamt fundarstjórn. Í lok fundarins hefur hann frumkvæði um kosningu nýs formanns og varaformanna.

   Við forföll formannsins gegna varaformennirnir í réttri röð fundarstjórn.

Samkvæmt nýgerðum breytingum á 2. gr. í þingskapalögum ráðsins um formennsku o.fl. tók grænlenski þingmaðurinn Kaj Egede við formennsku í ráðinu í lok fundarins.

Ákveðið var að halda 11. ársfund þingmannaráðsins á Grænlandi sumarið 1995.

Alþingi, 6. febr. 1995.

Árni Johnsen, form.	Steingrímur J. Sigfússon, varaform.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.		Petrína Baldursdóttir.

612. Tillaga til þingsályktunar [381. mál]

um samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1994.

Flm.: Árni Johnsen, Steingrímur J. Sigfússon, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Petrína Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, landsstjórnar Færeyja og landsstjórnar Grænlands að þær skipi starfshóp til að ræða mögulegt samstarf um samskipti og sameiginlegar áherslur landanna gagnvart Evrópusambandinu í ljósi stöðu þeirra utan sambandsins um fyrirsjáanlega framtíð.

Greinargerð.

Í samræmi við 2. gr. I. kafla samkomulagsins um Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti ráðið á árinu 1994 tilmæli til ríkisstjórna Vestur-Norðurlanda og er tillaga þessi flutt til að færa þau á vettvang Alþingis, en þau fjalla um starf og sameiginlegar áherslur landanna gagnvart Evrópusambandinu í ljósi stöðu þeirra utan þess.

Þingmannaráðið samþykkti einnig að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnanna að yrði aðild að Evrópusambandinu hafnað af einu eða fleiri Norðurlandanna, sem um það kusu sl. haust, yrði einnig leitað eftir samstarfi við þau lönd um þátttöku í þessu samstarfi.

613. Skýrsla [382. mál]

um norrænt samstarf frá febrúar 1994 til febrúar 1995.

1. Inngangur.

Framtíð norræns samstarfs hefur verið mjög í sviðsljósinu á þessu starfsári. Ýmsar getgátur og hugsanlegt mynstur fyrir framtíðarskipulag samstarfsins voru uppi fyrr á árinu áður en þjóðaratkvæðagreiðslur Finna, Svía og Norðmanna um aðild að ESB fóru fram. Í framhaldi af þjóðaratkvæðagreiðslunum var ákveðið að setja á stofn nefnd til að endurskoða samstarfið með það í huga að fyrir lægju tillögur um breytingar á Norðurlandasamstarfinu á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 27. febrúar til 2. mars 1995. Nefnd þessi var sett á stofn við þing ráðsins í Tromsö í nóvember 1994, en á því þingi voru samþykkt tilmæli byggð á tveimur þingmannatillögum um stofnun slíkrar nefndar. Endurskoðunarnefnd samstarfsins er skipuð norrænu samstarfsráðherrunum og fimm fulltrúum Norðurlandaráðs frá öllum Norðurlöndunum sem eru samtímis fulltrúar allra flokkahópa. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru Sighvatur Björgvinsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, og Halldór Ásgrímsson, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Nefndin hefur þegar haldið nokkra fundi og í mótun eru ákveðnar tillögur um breytingar á samstarfinu. Þær helstu breytingar, sem að líkum lætur að verði samþykktar, eru þær að augljósari pólitísk stjórnun verði á samstarfinu, augljósari forgangsröð verkefna sem eru sérnorræn (t.d. menningarmál, menntamál og umhverfismál), aukið verði samráð um evrópsk og önnur alþjóðamál og sérstaklega verði lögð áhersla á samvinnu um nærsvæðin (t.d. heimskautssvæðin og Eystrasaltssvæðin).

Hjá ríkisstjórnum allra landanna hefur komið fram sterkur vilji til að halda norrænu samstarfi áfram. Þetta hefur einnig komið fram í orðum forsvarsmanna Finna og Svía sem orðnir eru aðilar að Evrópusamstarfinu en fram hafa þó komið hugmyndir Svía um að skera fjárveitingar til samstarfsins niður um sem svarar 150 milljónum danskra króna á þremur árum. Þessi tillaga hefur fengið neikvæðar undirtektir annarra landa.

Það virðist vera eindreginn vilji allra landa að vinna á móti því að Noregur og Ísland verði pólitískt viðskila við önnur Norðurlönd. Almennt er talið mikilvægt að sjá til þess að Noregur og Ísland einangrist ekki pólitískt og að þessi lönd fái nákvæma innsýn í Evrópumálefni.

Helsinki-sáttmálinn er enn í gildi sem grunnur samstarfsins. Hið norræna ákvæði, sem er í samningum Svíþjóðar og Finnlands að ESB, veitir formlegan rétt fyrir þau Norðurlönd, sem eru í ESB, til að taka þátt í norrænu samstarfi og að þróa samstarfið áfram.

Fyrir þátttöku Íslands í norrænu samstarfi er mikilvægt að við endurskoðun samstarfsins verði lögð áhersla á að hin aukna pólitíska stjórnun á samstarfinu leiði ekki til þess að um minni áhrif Íslands sem þjóðar verði að ræða á samstarfið.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga hvernig Íslendingar geti nýtt sér aðild nágrannaþjóðanna að ESB sem hjálp við upplýsingaöflun og tengsl inn í Evrópusambandið.

46. þing Norðurlandaráðs stendur fyrir dyrum í Reykjavík 27. febrúar til 2. mars nk. Á því þingi mun Ísland taka við formennsku og forsetastól í Norðurlandaráði. Þar með munu áhrif Íslands verða meiri á nánari mótun og skipulag framtíðarmálanna.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og fastanefndir Norðurlandaráðs.

Þann 18. desember 1993 kaus Alþingi eftirtalda þingmenn til setu í Norðurlandaráði til eins árs: Geir H. Haarde, Rannveigu Guðmundsdóttur, Árna M. Mathiesen, Sigríði A. Þórðardóttur, Halldór Ásgrímsson, Hjörleif Guttormsson og Kristínu Einarsdóttur. Varamenn voru kosnir: Sturla Böðvarsson, Petrína Baldursdóttir, Árni Johnsen, Ingi Björn Albertsson, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þann 10. febrúar 1994 skipti Íslandsdeild með sér verkum á fundi þannig að Halldór Ásgrímsson var kosinn formaður, tilnefndur í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og endurkosinn í laganefnd, Geir H. Haarde var kosinn varaformaður deildarinnar og tilnefndur í forsætisnefnd, Rannveig Guðmundsdóttir var endurkosin í menningarmálanefnd, Árni M. Mathiesen var endurkosinn í fjárlaganefnd og tilnefndur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt, Sigríður A. Þórðardóttir var endurkosin í félagsmálanefnd, Hjörleifur Guttormsson var endurkosinn í efnahagsmálanefnd og Kristín Einarsdóttir var endurkosin í umhverfismálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi 7.–10. mars 1994 var kosið í trúnaðarstöður í samræmi við framannefndar tilnefningar Íslandsdeildar. Einnig var Rannveig Guðmundsdóttir endurkosin formaður menningarmálanefndar og Hjörleifur Guttormsson endurkosinn í kjörnefnd en hann situr einnig í forsætisnefnd sem fulltrúi flokkahóps vinstrisósíalista.

Þann 22. desember 1994 kaus Alþingi sömu menn til setu í Norðurlandaráði næsta starfsár, að undanskilinni þeirri breytingu að í stað Rannveigar Guðmundsdóttur var Guðmundur Árni Stefánsson kosinn aðalmaður í ráðinu. Einnig var Jóna Valgerður Kristjánsdóttir kosin varamaður í stað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

2.2. Störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt 12 fundi á starfsárinu. Undirbúningur þings Norðurlandaráðs hófst á árinu.

Fyrir 44. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi átti Íslandsdeild fund með forsætisráðherra Davíð Oddssyni og samstarfsráðherra Norðurlanda Sighvati Björgvinssyni. Var þar rætt um stefnumótun forsætisráðherra í Norðurlandamálum fyrir komandi starfsár sem Ísland hefur formennsku fyrir en einnig var rætt um ýmsar leiðir til að styrkja norrænt samstarf og mikilvægi þess fyrir Ísland.

Í tengslum við 44. þingið átti deildin fund með fulltrúum þeirra íslensku ungliða stjórnmálaflokkanna sem sóttu þingið. Á fundinum var rætt um þau mál sem ungliðarnir vildu að áhersla yrði lögð á í norrænu samstarfi og lokaályktun Norðurlandaráðsþings æskunnar, sem haldið var dagana fyrir þingið, var kynnt.

Íslandsdeild einbeitti sér á starfsárinu einkum að málefnum sem varðar framtíð norræns samstarfs. Á fundi Íslandsdeildar af þessu tilefni komu m.a. Snjólaug Ólafsdóttir, formaður norrænu samstarfsnefndarinnar, og Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, og fjölluðu um norrænu fjárlögin og tímaáætlun endurskoðunar samstarfsins.

Til að varpa ljósi á stöðu Íslands í breyttri Evrópu komu á fund Íslandsdeildar Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra til að fjalla um samningsstöðu Íslands við hugsanlega inngöngu annarra Norðurlanda í ESB og Guðrún Eyjólfsdóttir fréttamaður til að fjalla um stöðuna í sjávarútvegsmálum.

Formaður Íslandsdeildar, Halldór Ásgrímsson, heimsótti Brussel dagana 21.–22. júní 1994, m.a. til þess að kynna sér stöðu Íslands vegna breytinga á stofnunarþáttum ESB-samstarfsins ef önnur norræn lönd ganga í sambandið. Átti hann m.a. samtal við Viktor Bangemann, fulltrúa Þjóðverja í framkvæmdarstjórn ESB, um stöðu Íslands við inngöngu annarra norrænna landa í sambandið, Øvin Berg, fastafulltrúa Noregs í Brussel og aðalsamningarmanns Noregs í samningum um EES og aðild Norðmanna að ESB, forstjóra eftirlitsstofnunar ESB, Knut Almestad, og sendiherra Íslands í Brussel, Hannes Hafstein. Skýrsla um ferðina var afhent Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á árinu veittir þremur íslenskum fréttamönnum. Samanlagt var styrkupphæðin að jafnvirði 75.000 SEK. Íslandsdeild ákvað að eftirgreindir fréttamenn hlytu styrki: Friðrik Páll Jónsson, Hjörtur Gíslason og Svanhildur Eiríksdóttir.

Árið 1992 var ákveðið að veita þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi norræna styrki til að heimsækja Norðurlönd og kynna sér framkvæmd lýðræðis og þingræðis og auka við faglega þekkingu sína. Á árinu 1994 heimsóttu tveir hópar þingmanna Ísland. Þau málefni, sem sérstaklega voru kynnt hér á landi, voru sveitarstjórnarmál, vinnumarkaðsmál, einkavæðing ríkisfyrirtækja og hagsmunamál bænda.

Sameiginlegur fundur var haldinn á árinu með Íslandsdeild Norðurlandaráðs og framkvæmdastjórn Norræna félagsins á Íslandi. Þar var rætt um ýmis málefni er Norræna félagið er að vinna að nú, m.a. um útvíkkun Nordjobb til Eystrasaltslandanna.

Dagana 10.–13. desember var haldin norræn fréttamannaráðstefna á Íslandi sem bar yfirskriftina „Ísland, Norðurlönd og norrænt samstarf í nýrri Evrópu“. Ráðstefnan var haldin af Íslandsdeild Norðurlandaráðs í samvinnu við forsætisnefndarskrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

Tekið var á móti erlendum fréttamönnum, sem á ráðstefnuna komu, helgina 10.–11. desember til að kynna þeim sögu Íslands og þjóðmálaástand.

Rúmlega 40 manns, fréttamenn og stjórnmálamenn, frá öllum Norðurlöndum sóttu ráðstefnuna. Framsögumenn voru m.a. Per Olof Håkansson, forseti Norðurlandaráðs, Hans Engell, formaður flokkahóps hægrimanna í Norðurlandaráði, og Lars-Åke Engblom, lektor við fréttamannaháskólann í Jönköping. Sá síðastnefndi kynnti niðurstöður rannsókna í skýrsluformi sem hann hafði unnið að sl. haust um Ísland, Norðurlönd og Evrópu eftir þjóðaratkvæðagreiðslurnar haustið 1994. Í grófum dráttum er niðurstaða skýrslunnar sú að þar eð Noregur mun ekki gerast meðlimur í ESB koma íslenskir stjórnmálamenn ekki til með að sýna því áhuga á næstunni. Aftir á móti mun norrænt samstarf breytast og aðlagast meira Evrópusamstarfinu.

Á ráðstefnunni var rætt um framtíð norrænnar samvinnu og kom þar helst fram að auka þyrfti pólitískt innihald samstarfsins og aðlaga formið breyttum aðstæðum ef samstarfið ætti ekki að hverfa í skuggann af Evrópusamstarfinu. Ráðstefnunni lauk með umræðuþætti sem íslenska sjónvarpið tók upp og stýrði um framtíð norræns samstarfs og voru þátttakendur þar hinir fyrrnefndu framsögumenn ráðstefnunnar ásamt Halldóri Ásgrímssyni, formanni Íslandsdeildar.

Í kjölfar þess að haldin var í Reykjavík á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs fjölþjóðleg þingmannaráðstefna um þróun og vernd norðurheimskautssvæðisins í ágúst 1993 var ákveðið að stofna fasta þingmannanefnd til að fylgja eftir ályktunum þingsins og meta nauðsyn áframhaldandi samstarfs. Halldóri Ásgrímssyni var síðar falið af forsætisnefnd Norðurlandaráðs að vera þar í forsvari.

Þessi nefnd hóf störf á árinu en í henni eiga sæti á vegum Norðurlandaráðs, auk Halldórs, Birgitta Dahl, forseti sænska þingsins, og Jan P. Syse, fulltrúi Norðmanna í forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Á árinu hefur farið fram vinna í því að fá Rússland, Kanada, Bandaríkin og Evrópusambandið til að tilnefna fulltrúa í þessa nefnd. Fulltrúar eru þegar tilnefndir frá Kanada og Rússlandi.

Nefndin er þegar byrjuð að vinna úr tillögum þeim er samþykktar voru á fyrrnefndri þingmannaráðstefnu um norðurheimskautssvæðið í Reykjavík sem lokaskjal með áskorunum til viðkomandi ríkisstjórna um úrbætur á sviði umhverfis- og þróunarmála. Áætlað er að halda aðra þingmannaráðstefnu í byrjun árs 1996, væntanlega í Kanada, um sama efni. Á vegum ráðherranefndarinnar er verið að vinna skýrslu um málefni heimskautssvæða og á grundvelli hennar mun væntanlega verða lögð fram ráðherratillaga um aðgerðir í þessum málaflokki á haustþingi Norðurlandaráðs.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda og forsætisnefndar Norðurlandaráðs í sambandi við þing Norðurlandaráðs í Tromsö í nóvember 1994 var ákveðið að stofna sérstaka nefnd til að endurskoða Norðurlandasamstarfið í ljósi þess að Svíþjóð og Finnland gengu í Evrópusambandið um áramótin. Nefndin er skipuð samstarfsráðherrum Norðurlanda og þingfulltrúum frá öllum Norðurlöndum, einum frá hverju, jafnframt sem þeir eru fulltrúar allra flokkahópanna. Af Íslands hálfu situr Sighvatur Björgvinsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, í nefndinni og Halldór Ásgrímsson, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur fjallað um framlagðar tillögur nefndarinnar á fundum sínum. Nánar segir frá tillögunum í inngangi skýrslunnar.

Á starfsárinu hafa meðlimir Íslandsdeildar verið meðflutningsmenn að mörgum þingmannatillögum, m.a. var Halldór Ásgrímsson fyrsti flutningsmaður tillögu um að auka norrænu fjárlögin og einnig tillögu um stofnun norrænnar upplýsingaskrifstofu í Brussel. Hjörleifur Guttormsson var fyrsti flutningsmaður tillögu um stuðning til kvenna við að stofna lítil og meðalstór fyrirtæki. Að frumkvæði Rannveigar Guðmundsdóttur lagði menningarmálanefnd Norðurlandaráðs fram nefndartillögu um notkun afþreyingarefnis í sjónvarpi og kvikmyndum til að ná athygli barna og ungmenna í baráttunni gegn misnotkun vímuefna, kynþáttafordómum og ofbeldi.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1. Forsætisnefnd.

Forseti Norðurlandaráðs er Per Olof Håkansson en hann tók við af Sten Andersson sem lét af þingmennsku við þingkosningar í Svíþjóð í september 1994. Sten Andersson hafði tekið við forsetastöðunni af Jan P. Syse á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í mars 1994. Fulltrúar Íslandsdeildar í forsætisnefnd eru Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde en Hjörleifur Guttormsson tók sæti í nefndinni á vegum flokkahóps vinstrisósíalista 26. október 1993.

Forsætisnefnd hefur haldið 11 fundi á starfsárinu. Auk þess hefur forsætisnefnd haldið tvo fundi með forsætisráðherrum Norðurlanda í sambandi við þing ráðsins. Þar var aðallega rætt um samningagerð við ESB, nærsvæðapólitík og framtíð samstarfsins. Forsætisnefnd hefur einnig haldið fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda. Þeir fundir

hafa aðallega fjallað um hvernig fylgja megi eftir ákvörðunum á þingum ráðsins og skipulagningu og undirbúning næstu þinga.

Forgangsverkefni í norrænu samstarfi voru ákveðin fyrir tveimur árum, þ.e. menningarmál, rannsóknir og menntamál, umhverfismál, réttindi borgaranna, fjárhagsmál, fiskveiðimál og lagaleg málefni. Í viðbót við þetta ákvað forsætisnefnd að forgangsverkefni ársins skyldu einkum verða atvinnumál og utanríkis- og varnarmál. Einkum og sér í lagi var ákveðið að leggja áherslu á Evrópumál og nærsvæðapólitíkina.

Forsætisnefnd hafði til umfjöllunar þingmannatillögu um áætlun um Evrópusamvinnu Norðurlanda þar sem þeim tilmælum var beint til norrænu ráðherranefndarinnar að hún framkvæmi könnun á helstu samstarfsverkefnum Norðurlanda í evrópsku samhengi í samráði við Norðurlandaráð og að hún á grundvelli þessa starfs leggi fram tillögu um Evrópusamvinnu Norðurlanda. Þingmannatillaga þessi var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Tromsö ásamt annarri tillögu um uppbyggingu og verkefni Norðurlandaráðs í framtíðinni þar sem ríkisstjórnir Norðurlanda skulu í samvinnu við forsætisnefnd Norðurlandaráðs stofna starfshóp sem hraði störfum við að semja tillögur um framtíðaruppbyggingu og verkefni ráðsins.

Á grundvelli þessara tillagna var stofnaður starfshópur sá sem greint er frá í inngangi. Á þinginu í Tromsö var einnig samþykkt þingmannatillaga sem forsætisnefnd hafði haft til umfjöllunar, en hún er um aukna samvinnu ríkjanna við Norðursjó þar sem norræna ráðherranefndin fær það hlutverk að athuga tilhögun svæðisbundinnar samvinnu sem komist hefur á umhverfis Norðursjó á undanförnum árum, athuga hvernig best megi nýta svæðisbundna samvinnu ríkjanna umhverfis Norðursjó, ásamt Skotlandi, til að koma á hagkvæmri skiptingu vinnu og fjármagns milli annarra samstarfsstofnana á svæðinu og að halda áfram því starfi að gæta norrænna hagsmuna við undirbúning 4. Norðursjávarráðstefnunnar í júní 1995.

Forsætisnefnd lagði áherslu á nærsvæðapólitík á árinu. Þingmannanefnd sú, sem ákveðið var að skipa á Norðurskautsráðstefnunni sem haldin var á Íslandi í ágúst 1994, hóf störf á árinu undir forustu Halldórs Ásgrímssonar.

Í maí 1994 tóku nokkrir fulltrúar frá forsætisnefnd og aðrir í Norðurlandaráði þátt í 3. þingmannaráðstefnu um Eystrasaltssvæðið sem haldin var í Varsjá í Póllandi. Aðalefnið var svæðasamskipti í Evrópu, umhverfisvernd á Eystrasaltssvæðinu, ásamt umræðu sem m.a. tók til öryggismála. Í september 1995 verður 4. þingmannaráðstefnan um Eystrasaltssvæðið haldin á Borgundarhólmi í Danmörku.

Norrænir styrkir fyrir þingmenn frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi hafa haldið áfram á árinu og mikill áhugi er fyrir þeim. Á árinu hafa um 20 þingmenn haft möguleika á að kynnast vinnunni í Norðurlandaráði, þjóðþingum og öðrum opinberum stofnunum á Norðurlöndum.

Í janúar 1995 skipulagði forsætisnefndin ráðstefnu um Norðurlönd hjá Sameinuðu þjóðunum, „Fyrir frið og þróun", þar sem m.a. framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros Gali, hélt opnunarræðu. Davíð Oddsson forsætisráðherra hélt ræðu við opnunina fyrir hönd norrænu forsætisráðherranna. Þátttakendur ráðstefnunnar voru um 300 en á árinu 1995 er 50 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna og var ráðstefnan m.a. haldin af því tilefni. Á ráðstefnunni kom fram vilji Norðurlandaþjóðanna til að halda áfram því samstarfi sem löndin hafa haft með sér innan alþjóðastofnana og ekki síst Sameinuðu þjóðanna.

3.2. Laganefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar í laganefnd er Halldór Ásgrímsson. Sænski þingmaðurinn Arne Andersson hefur verið formaður nefndarinnar frá því í september 1994. Fram að þeim tíma var sænski þingmaðurinn Hans Nyhage formaður, en hann lét af þingmennsku eftir sænsku þingkosningarnar í september.

Laganefnd hélt sex fundi á árinu og auk þess fund með jafnréttisráðherrum landanna í sambandi við Nordisk Forum í Turku í Finnlandi í ágúst 1994.

Nefndin fjallaði á árinu um þingmannatillögu um framkvæmdaáætlun gegn misnotkun ávana- og fíkniefna á Norðurlöndum og grannsvæðum. Var ákveðið að beina þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar að hún mótaði m.a. norræna framkvæmdaáætlun um baráttu gegn misnotkun ávana- og fíkniefna á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra og mótaði tillögur um aukna samvinnu lögreglu- og tollayfirvalda þessara ríkja um upplýsingar og fræðslu og síðan meðferð og endurhæfingu, m.a. hvað snertir fíkniefnaneytendur í fangelsum, auk þess að Norðurlöndin móti eigin aðferð í forvörnum og að útbúið verði upplýsinga- og fræðsluefni handa almenningi, einkum börnum og unglingum, í samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld.

Nefndin fjallaði einnig um þingmannatillögu um aðgerðir í baráttunni gegn barnaklámi þar sem samþykkt var að beina þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar að hún geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að saknæmt teljist að hafa barnaklám undir höndum á Norðurlöndum og að Norðurlönd verði í fararbroddi í öðrum ráðstöfunum á alþjóðavettvangi í baráttunni gegn barnaklámi.

Á árinu hafði laganefnd til meðferðar ráðherranefndartillögu um nýja framkvæmdaáætlun fyrir jafnrétti 1995–2000. Á fundi sínum í Turku ákvað nefndin að senda ráðherranefndinni bréf með uppkasti að álitsgerð nefndarinnar um framkvæmdaáætlunina.

Nefndin átti hlut að undirbúningnum að Nordisk Forum 1994 í Turku sem var norræn kvennaráðstefna sem samanstóð bæði af óopinberri og opinberri jafnréttisráðstefnu. Samanlagt voru þátttakendur yfir 16.000.

Laganefndin hélt ráðstefnu um framkvæmd jafnréttis með öllum þingnefndum Norðurlandaráðs. Auk þess hafði nefndin frumkvæði að bókinni „Norðurlönd, paradís kvenna?“ sem kom út í samvinnu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar.

Í apríl 1994 heimsótti laganefnd Evrópuþingið og framkvæmdanefnd ESB í Brussel.

Fulltrúar frá laganefnd tóku þátt í evrópskri undirbúningsráðstefnu í Vín að 4. heimskvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Beijing í Kína í september 1995.

Á þingi Norðurlandaráðs í Tromsö tók ráðið ákvörðun um innri málefni varðandi jafnari kynjaskiptingu í opinberum stöðum hjá Norðurlandaráði o.fl. Að sama skapi var tekin ákvörðun um að Samar fái áheyrnarfulltrúa með málfrelsi við almennar umræður á fundum Norðurlandaráðs og að öðru leyti í samræmi við starfsreglur Norðurlandaráðs. Þessi ákvörðun um innri málefni var tekin á grundvelli þingmannatillögu um þátttöku Sama í starfi Norðurlandaráðs.

3.3. Menningarmálanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar og formaður menningarmálanefndar var Rannveig Guðmundsdóttir þar til að hún varð félagsmálaráðherra 12. nóvember 1994. Íslandsdeild tilnefndi Guðmund Árna Stefánsson í stað hennar á fundi sínum 22. desember 1994.

Menningarmálanefndin hefur haldið sex fundi á árinu og auk þess einn fund með norrænu menningar-, menntamála- og rannsóknarráðherrum.

Á starfsárinu hefur nefndin framfylgt áætlunum um nýjar áherslur í menningar- og menntamálum sem ákveðnar voru í kjölfar ákvörðunar um að veita aukið fjármagn til menningar- og menntamála.

Á starfsárinu hefur nefndin einkum einbeitt sér að málefnum barna og ungmenna og óskað eftir því við norrænu ráðherranefndina að hún leggi fram framkvæmdaáætlun fyrir börn og ungmenni sem taki bæði til menningar- og menntamálageirans. Ráðherranefndin hefur ákveðið að leggja fram ráðherranefndartillögu um slíka framkvæmdaáætlun haustið 1995.

Nefndin hefur einnig fjallað um menntamál og hvernig hægt er að auðvelda viðurkenningu námsgreina milla landa. Nefndin fjallaði um þingmannatillögu um aukna menntasamvinnu í fámennum atvinnugreinum þar sem ráðherranefndinni var m.a. falið að víkka út NORDPLUS-junior framkvæmdaáætlunina.

Rætt hefur verið um vilja og möguleika þess að fjölga hinum norrænu menningarverðlaunum í samræmi við aukna fjárveitingu til menningar. Stofnaðir voru starfshópar innan ráðherranefndarinnar og menningarmálanefndarinnar sem munu hittast á þinginu í Reykjavík í febrúar 1995 til að koma sér saman um niðurstöðu. Aðallega hefur verið rætt um möguleika á að stofna til verðlauna sem mundu flytjast milli listgreina ár frá ári.

Menningarmálanefndin hefur skipt sér niður í þrjá vinnuhópa til að sinna alþjóðamálum. Hóparnir einbeita sér að málefnum varðandi Eystrasaltslöndin, Evrópuráðið og ESB. Vinnuhópur um Evrópuráðið og Eystrasaltslönd skipulagði í sameiningu þriggja daga ráðstefnu um norræna samvinnu við Eystrasaltslöndin í menningarmálum 18.–20. maí. Þátttakendur voru fulltrúar frá Norðurlandaráði, Eystrasaltsráðinu og menningarmálanefnd Evrópuráðsins.

Vinnuhópur um ESB-mál fór í kynningarferð til Brussel í febrúar 1994. Vinnuhópurinn stóð að ráðstefnu um opna stjórnsýslu í Brussel 20. október undir yfirskriftinni „Norðurlönd, Evrópusambandið og opin stjórnsýsla". Þar komu saman þátttakendur utan Norðurlanda frá norrænum sendiráðum og þingum og norrænir fréttamenn staðsettir í Brussel. Einkum var ræddur mismunur á stjórnsýsluvenjum í Evrópu og á Norðurlöndum.

Menningarmálanefnd fjallaði um þingmannatillögu um norrænan brag á bókasýningunni í Frankfurt 1997 þar sem mælt var með að ráðherranefndin kannaði hvernig hægt væri að deila kostnaði við slíka framkvæmd og að tilkynna skipuleggjendum bókasýningarinnar áhuga á þessu framtaki.

3.4. Félagsmálanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar í félagsmálanefnd er Sigríður A. Þórðardóttir. Sænski þingmaðurinn Lena Öhrsvik var formaður nefndarinnar fram að sænsku þingkosningunum í september 1994 en þá tók sænski þingmaðurinn Yvonne Sandberg Friis við formennsku.

Félagsmálanefnd hélt fimm reglulega fundi á starfsárinu og einn fund með félags- og heilbrigðisráðherrunum.

Atvinnumálin, einkum aðferðir til að vinna á móti atvinnuleysi, voru eitt af forgangsverkefnum nefndarinnar á árinu. Einkum hefur verið lögð áhersla á að leitast við að samræma þær norrænu framkvæmdir sem stuðla að aukningu atvinnutækifæra, að löndin deili með sér reynslu af aðgerðum til að auka atvinnu og að ræða nánar hvernig hinn norræni vinnumarkaður geti starfað betur í raun. Þar hefur nefndin staðhæft að sambandið milli

menntunarstigs og atvinnuleysis sé mjög skýrt, en ónóg fullorðinsfræðsla og starfsþjálfun er vandamál. Vegna þessa ástands hefur félagsmálanefnd ákveðið að hafa frumkvæði að málstefnum um starfsmenntun og fullorðinsfræðslu.

Félagsmálanefnd hefur bent á að stofnun nýrra fyrirtækja á Norðurlöndum hefur minnkað stöðugt síðustu ár og talið mikilvægt að skapa aðstæður sem örva áhuga til stofnunar fyrirtækja.

Félagsmálanefndin hefur lagt áherslu á þörfina fyrir að víkka út hinn norræna vinnuverndarsamning. Nauðsynlegt er að bæta inn í hann rétti til framhaldsnáms og meðákvörðunartöku fyrir launþega.

Ráðið samþykkti tilmæli til norrænu ráðherranefndarinnar um norræna byggingar- og húsnæðisstefnu í evrópsku samhengi á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Samkvæmt þeim skal norræna ráðherranefndin viðhalda og stuðla að þróun norrænnar samvinnu á sviði byggingar- og húsnæðismálastefnu í víðara samhengi með tilliti til þess hver sjálfbær þróunarsvið innri uppbyggingar verða. Skipti á upplýsingum um reynslu á sviði byggingar- og húsnæðismála verði hafin milli Norðurlanda og ESB og samvinna við Eystrasaltslöndin og Norðvesturhéruð Rússlands á sviði byggingar- og húsnæðismála verði efld.

Félagsmálanefnd er þeirrar skoðunar að þeir norrænu fjármunir, sem notaðir hafa verið í samvinnu um norræna byggingar- og húsnæðismálastefnu, hafi nýst mjög vel og borið sýnilegan árangur, einkum og sér í lagi með því að stofnað hafi verið til náins samstarfs milli rannsóknaraðila.

Norræna ráðherranefndin hefur á starfsárinu gert nýja framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála. Félagsmálanefnd lýsti sig jákvæða gagnvart framkvæmdaáætluninni og stefnumörkun hennar. Nefndin hafði þó ýmislegt við framkvæmdaþátt áætlunarinnar að athuga.

Félagsmálanefnd skipulagði málþing í Ósló 10.–11. maí um aðstöðu líkamlega fatlaðra með tilliti til nýrra reglna sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt um stefnumörkun í málefnum fatlaðra.

Tilmæli til ráðherranefndarinnar um aukna samvinnu um framkvæmd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna voru samþykkt á árinu þar sem lagt var til að ráðherranefndin efldi samstarf sitt á þeim sviðum sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna nær til. Til ríkisstjórna Norðurlanda var því beint að þær ynnu að því á alþjóðavettvangi að meginákersla yrði lögð á að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenni yrði framfylgt.

Vegna aukinnar notkunar hormóna á Norðurlöndum hefur félagsmálanefnd óskað eftir og fengið samþykkta þingmannatillögu um aðgerðir gegn misnotkun hormóna. Þar er þeim tilmælum beint til norrænu ráðherranefndarinnar að hún kanni forsendur aukinnar norrænnar samvinnu í þeim tilgangi að berjast gegn misnotkun stera og annarra lyfja. Ríkisstjórnir Norðurlanda eiga að vekja athygli á þeim vanda sem fylgir steraneyslu á öðrum vettvangi í Evrópu en á sviði íþrótta og vinna að því að öll aðildarríki Evrópuráðsins staðfesti samþykkt ráðsins frá 1989 um baráttu gegn misnotkun lyfja.

Samvinna um málefni aldraðra hefur verið forgangsverkefni félagsmálanefndar. Einkum og sér í lagi hefur nefndin lagt áherslu á breytilegan eftirlaunaaldur, athugun á stofnunum og samvinnu milli aldurshópa.

Á þinginu í Stokkhólmi var gerð norræn samþykkt um félagslega aðstoð og þjónustu. Á þingi Norðurlandaráðs í Tromsö var staðfest ráðherratillaga um áætlun um norræna samvinnu á sviði félags- og heilbrigðismála 1995–2000 og þingmannatillaga um búferlaflutninga með skipulegum hætti.

Félagsmálanefndin hefur starfandi þrjá vinnuhópa í alþjóðamálefnum: vinnuhóp um málefni Sameinuðu þjóðanna, vinnuhóp um Evrópumálefni og vinnuhóp um málefni Eystrasaltslandanna. Tveir hinir síðastnefndu hafa farið í námsferðir annars vegar til Strassborgar og Brussel og hins vegar til Lettlands, Litáen og Kaliningrad.

3.5. Umhverfisnefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar í umhverfisnefnd er Kristín Einarsdóttir, en finnski þingmaðurinn Anneli Jäätenmäki var formaður nefndarinnar fram að 44. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Þá tók álenski þingmaðurinn Olof Salmén við formennsku.

Umhverfisnefnd hefur haldið fimm nefndarfundi á starfsárinu. Auk þess hefur nefndin haldið fund með umhverfisráðherrum og samgönguráðherrum í sambandi við 44. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og einnig með umhverfisráðherrum í sambandi við 45. þing Norðurlandaráðs í Tromsö.

Umhverfismálin eru fremst í forgangsröð hjá umhverfisnefndinni. Nefndin hefur talið mikilvægt að beina sjónum sínum að því hvað gert er hjá norrænu ráðherranefndinni í umhverfismálum og hefur því haldið fundi með ráðherranefndinni, m.a. á þinginu í Stokkhólmi þar sem fjallað var um ráðherranefndartillögu um norræna áætlun í umhverfismálum 1994–1996. Nefndin taldi að áætlun þessi þyrfti að vera nákvæmari og beinskeyttari og taldi að kjarnorkuver í Austur-Evrópu og hvernig farið er með kjarnorkuúrgang þaðan sé eitt mikilvægasta málefnið til að vinna að á norrænum vettvangi núna og þyrfti að setja það inn í framkvæmdaáætlunina.

Nefndin telur eitt mikilvægasta málefnið vera að flýta því að finna leiðir til fjármagna umhverfisframkvæmdir á nærsvæðum Norðurlandanna. Nefndin telur einnig mikilvægt að umhverfismálin verði sýnileg og að íbúar Norðurlanda skilji mikilvægi framkvæmd verkefna sem verða til að ná fram ásættanlegri þróun á Norðurlöndum í þessum efnum. Því hafa umhverfisnefndin og norrænu umhverfisráðherrarnir komið sér saman um að lögð verði fram ráðherranefndartillaga um stofnun norrænna umhverfisverðlauna á þingi ráðsins 1995.

Á þingi ráðsins í Stokkhólmi vorið 1994 voru fyrir utan ráðherranefndartillögu um norræna áætlun í umhverfismálum samþykkt þrenn tilmæli, byggð á fjórum þingmannatillögum. Í fyrsta lagi er um að ræða tillögu um meðferð úrgangs sem er hættulegur umhverfinu, í öðru lagi skýrslu um kjarnorkuúrgang og í þriðja lagi tillögu um þróun umhverfismála og öryggi á norðurskautssvæðinu.

Svæðasamstarf framtíðarinnar er mikilvægt mál fyrir nefndina. Nefndin hefur talið að mikilvægustu samstarfsþarfirnar, bæði hvað varðar samstarf innan Norðurlanda og með nærsvæðum, breyttust ekki hverjar sem niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslnanna um Evrópusamstarfsaðildina yrðu. Þetta gildir bæði um málefni varðandi umhverfi og þróun við Eystrasalt, á Barentsvæðinu og annars staðar á norðursvæðum. Þar eð skipulag samstarfsins er óljóst hefur nefndin mælst til að norræna ráðherranefndin leggi fram ráðherranefndartillögu á þinginu í Reykjavík um endurnýjaða framkvæmdaáætlun um svæðasamstarf.

Hvað varðar landbúnað og fiskveiðar hefur nefndin talið mikilvægt að byggt sé upp náið samstarf með umhverfisgeiranum. Slíkt samstarf hefur nú hafist.

Á þinginu í Stokkhólmi var samþykkt ráðherranefndartillaga um framkvæmdaáætlun um samvinnu á sviði erfðafræðilegra auðlinda og á þinginu í Tromsö var samþykkt þingmannatillaga um samnorrænar upplýsingar um skógarnytjar.

Nefndin sér einnig um málefni varðandi samgöngur. Þar telur nefndin að tengja þurfi umhverfismálin sérstaklega við samgöngumál með tilliti til þess hversu mikil áhrif samgöngur hafa á umhverfi. Þessi málefni voru rædd við samgönguráðherrana í tengslum við þingið í Stokkhólmi.

Nefndin heimsótti á árinu m.a. Norræna fjárfestingarbankann og Norræna umhverfisfjárfestingarfélagið NEFCO.

3.6. Efnahagsmálanefnd.

Íslenski fulltrúinn í efnahagsmálanefnd er Hjörleifur Guttormsson en formaður nefndarinnar er Niels Ahlmann-Ohlsen. Nefndin hélt fimm fundi á árinu.

Nefndin hélt ráðstefnu 11.–12. apríl 1994 um ástand norrænna atvinnumála. Sérfræðingar frá ráðuneytum, rannsóknastofnunum o.fl. innan og utan Norðurlanda greindu þar frá ólíkum sjónarmiðum varðandi atvinnumál. Þátttakendur á ráðstefnunni voru fyrir utan fulltrúa frá ráðinu fulltrúar frá þjóðþingunum, fulltrúar vinnuveitenda og launþega og fréttamenn.

Á þinginu í Tromsö í nóvember 1994 fjallaði nefndin um þingmannatillögu um norræna framkvæmdaáætlun til að auka atvinnustig á Norðurlöndum. Tillagan varð að tilmælum til ráðherranefndarinnar um að auka aðgerðir til að skapa meiri atvinnu á Norðurlöndum. Samtímis hélt nefndin fund með fjármálaráðherrum um sama efni.

Nefndin hefur bæði í tilmælum og í samvinnu við aðrar stofnanir lagt áherslu á að á norrænt samstarf verði að líta sem hluta af evrópsku samstarfi, ekki síst þegar um er að ræða viðskiptamál, atvinnumál, orkumál og samgöngur. Nefndin hefur einkum einbeitt sér að sambandinu við Eystrasalts- og Mið-Evrópuríkin.

Efnahagsmálanefnd hefur átt fulltrúa á mjög mörgum norrænum og evrópskum ráðstefnum um þessi efni. Auk þess er lagðar fram reglubundið skýrslur um ESB- og EES-málefni frá fulltrúum landanna á fundum nefndarinnar. Á þingi Norðurlandaráðs í Tromsö voru samþykkt tilmæli byggð á þingmannatillögu um að ráðherranefndin athugi möguleika á sérstökum sjóði fyrir iðnað í Eystrasaltslöndum.

Efnahagsmálanefnd hefur einnig einbeitt sér að orkumálum og skipuleggur ráðstefnur með umhverfisnefndinni um orku- og umhverfismál. Starfshópur á vegum nefndarinnar um orkumál hélt fund í maí með stjórn NORDELS varðandi norræn orkumál almennt og þróun orkustofnana landanna sérstaklega.

3.7. Fjárlaganefnd.

Formaður fjárlaganefndar er norski þingmaðurinn Peter Angelsen. Af hálfu Íslands situr Árni M. Mathiesen í nefndinni og er hann einnig varaformaður hennar. Fjárlaganefnd hélt sjö fundi á árinu, þar af tvo fundi með formanni ráðherranefndarinnar (samstarfsráðherrar Norðurlanda).

Fjárlaganefnd hefur á árinu einkum einbeitt sér að þremur stórum málefnum: í fyrsta lagi að undirbúa jarðveginn fyrir aukna pólitíska stjórnun hins norræna fjárlagaferlis sem veitir möguleika á betri stjórnmálalegri umræðu um markmið og forgangsverkefni. Í öðru lagi að ræða nauðsyn pólitískrar forgangsröðunar og þörf fyrir sveigjanleika til að veita rými fyrir tímabundin pólitísk mál og í þriðja lagi að ræða þörfina fyrir eftirlit þingmanna og yfirsýn yfir norræna samstarfið, einkum samband þess við sams konar starf á Norðurlöndum og í Evrópu.

Fjárlaganefndin hefur einkum beitt sér fyrir því að fá fram umræður og ákvarðanir Norðurlandaráðs inn á þá braut að undirbúinn verði jarðvegur fyrir norrænt samstarf eftir að nýtt ástand skapast við það að fleiri Norðurlönd ganga í Evrópusambandið.

Á starfsárinu hefur fjárlaganefndin athugað hvernig hin opna stjórnsýsla virkar í norrænum stofnunum. Ástæðan fyrir þessari athugun er 43. gr. Helsinki-sáttmálans, en þar stendur að í norrænu samstarfi eigi að virða regluna um stjórnsýslu eins og hægt er. Hægt var að finna vissa vankanta á opinberri stjórnsýslu og var gerð tillaga um ný vinnubrögð í skjalasöfnun og skráningu skjala í norrænu stofnununum.

Fjárlaganefnd gerir álitsgerð um framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun norrænnar samvinnu eftir að hafa leitað álits annarra þingnefnda Norðurlandaráðs um málið. Á þingi Norðurlandaráðs í Tromsö voru samþykkt tilmæli um framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun norrænnar samvinnu 1995. Fjallað var um þingmannatillögu um hækkun norrænu fjárlaganna í sambandi við ráðherranefndartillöguna um fjárhagsáætlunina.

Fjárlaganefnd hefur eftirlit með starfsemi forsætisnefndarskrifstofu Norðurlandaráðs og fjallar því um uppgjör skrifstofunnar og skýrslu endurskoðenda ráðsins um starfsemina. Fjárlaganefnd hefur lokið meðferð sinni á uppgjöri ársins 1993 og gerði ekki athugasemdir við það.

4. Þing Norðurlandaráðs.

4.1. 44. þing ráðsins.

Norðurlandaráð hélt 44. þing sitt í Stokkhólmi 7.–10. mars 1994. Fjallað var um 16 þingmannatillögur, fjórar ráðherranefndartillögur og 35 fyrirspurnir. Þingmanna- og ráðherranefndartillögurnar urðu að 16 nýjum tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda og norrænu ráðherranefndarinnar.

Á þinginu voru einkum fjárlög þingsins í brennidepli, en á fundi sem samstarfsráðherrarnir héldu meðan á þinginu stóð var ákveðið að veita 50 milljónir danskra króna til viðbótar til hinna norrænu fjárlaga. Á þinginu hafði komið fram þingmannatillaga, með Halldóri Ásgrímssyni sem flutningsmanni, um að hækka fjárlög Norðurlandasamstarfsins um 40 milljónir.

Þar sem Íslendingar fara með forustuhlutverk í ríkisstjórnasamstarfinu þetta starfsár flutti Davíð Oddsson forsætisráðherra inngangsræðu almennu stjórnmálaumræðnanna. Hann ræddi einkum um Evrópusamstarfið og lagði áherslu á mikilvægi sameiginlegu yfirlýsinganna um norrænt samstarf sem er að finna í aðildarsamningum hinna þriggja norrænu landa að ESB. Einnig lagði forsætisráðherra áherslu á mikilvægi þess að í Norðurlandasamstarfi einbeittu menn sér áfram að ákveðnum málefnum, löguðu sig að hinu pólitíska starfi og tækju tillit til allra Norðurlanda. Hann nefndi einnig öryggismál og sérstaklega hina norrænu friðargæslu, m.a. í Bosníu. Hann áleit að það hefði mikla þýðingu fyrir öryggið í þessum heimshluta að Eystrasaltslöndin tækju þátt í alþjóðasamstarfi.

Hann lagði sérstaka áherslu á að mikilvægt væri fyrir öll Norðurlönd að leysa umhverfisvandamálin m.a. með auknu samstarfi við Eystrasaltslöndin og Rússland.

Forsætisráðherra taldi nauðsynlegt að láta gera úttekt á hvaða verkefni mætti vinna betur í samstarfi Norðurlandanna og hvaða möguleikar væru á að auka vinnuskiptingu milli landanna. Forsætisráðherra nefndi einnig vandamál vegna aukins útlendingahaturs á Norðurlöndum og sagði frá norrænni áætlun þar að lútandi. Hann taldi einnig að þekkingu á norrænu samstarfi væru ábótavant hjá íbúum Norðurlanda og því þyrfti að breyta. Í ræðunni var lögð sérstök áherslu á mikilvægi aukins samstarfs um norðurskautsmál-

efnin. Það sama gildir um sjávarútvegssamvinnuna en hún er mikilvæg fyrir mörg Norðurlandanna.

Í almennu umræðunum tóku 73 þingmenn og ráðherrar til máls. Fyrir hönd forsætisnefndar ráðsins talaði Jan P. Syse, fyrir hönd flokkahóps sósíaldemókrata Ingvar Carlsson, fyrir hönd miðflokkanna Halldór Ásgrímsson alþingismaður, fyrir hönd hægrimanna Hans Engell og fyrir hönd flokkahóps vinstrisósíalista Lars Werner. Af hálfu Íslendinga tóku auk framangreindra þátt í umræðunum Davíð Oddsson forsætisráðherra, Geir H. Haarde alþingismaður, Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Sighvatur Björgvinsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og norrænn samstarfsráðherra og Rannveig Guðmundsdóttir þáverandi alþingismaður.

Að loknum almennum umræðum tóku við málefni nefndanna. Fyrir þingið voru lagðar fjórar ráðherranefndartillögur, 14 þingmannatillögur og tvær nefndartillögur. Samþykkt voru 16 tilmæli og tvær yfirlýsingar. Fyrirspurnir til ráðherranefndar Norðurlanda og ríkisstjórna voru 35 að tölu á starfsárinu. Samþykktirnar og þær fyrirspurnir sem íslensku fulltrúarnir í ráðinu báru fram á árinu fylgja skýrslunni sem fskj. I og III.

Um málefni nefndanna og þær tillögur sem fram voru lagðar á 44. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi er nánar fjallað í þessari skýrslu í 3. kafla í sambandi við hverja nefnd fyrir sig.

4.2. 45. þing ráðsins.

Norðurlandaráð hélt 45. þing sitt í Tromsö í Noregi 15.–16. nóvember 1994 og var það í þriðja sinn sem haldið var reglulegt þing bæði að hausti og vori. Helstu mál þingsins voru utanríkis- og varnarmál, tengsl Norðurlandanna við Evrópusamstarfið og norræn fjárlög ársins 1995.

Almennar umræður þingsins voru helgaðar utanríkis- og varnarmálum ásamt Evrópumálunum en þegar þingið var haldið hafði farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Finnlandi og Svíþjóð um aðild landanna að ESB með þeirri niðurstöðu að meiri hluti þjóðanna hafði kosið aðild.

Með forustu Íslendinga þetta starfsár kom það í hlut íslenska utanríkisráðherrans Jóns Baldvins Hannibalssonar að flytja inngangsræðuna.

Hann fjallaði einkum um Evrópusamstarfið og svæðasamvinnuna í Norður-Evrópu. Hann taldi væntanlega aðild fleiri Norðurlanda að ESB mundi gefa nýja möguleika og vekja áhuga Evrópusambandslanda á Norður-Evrópu og Norðurlöndum. Hann taldi einnig vera stuðning í Rússlandi við þessa þróun.

Utanríkisráðherra lagði áherslu á að jafnvel þótt Ísland hefði ekki sótt um aðild að ESB og Noregur hefði enn þá ekki tekið ákvörðun um aðild væri það alveg ljóst að þessi þróun yrði einnig til hagsbóta fyrir Noreg og Ísland. Norrænt samstarf mundi þó breytast verulega án tillits til þess hvernig þróunin yrði í Noregi og á Íslandi varðandi Evrópusamstarf. Þau Norðurlönd sem verða aðilar að Evrópusambandinu munu vinna enn nánar saman en áður á mörgum sviðum. Þau Norðurlandanna, sem velja að standa fyrir utan ESB, munu upplifa óöryggi varðandi norrænt samstarf í framtíðinni. Ráðherra taldi að samt sem áður væri til staðar áframhaldandi vilji til norræns samstarfs í utanríkissamskiptum Norðurlandanna innan annarra alþjóðastofnana. Utanríkisráðherrann ræddi nokkuð um auðlindapólitík og sérstaklega fiskveiðipólitík í heiminum og það ósamkomulag sem risið hefði milli Noregs og Íslands um veiðar í Barentshafi. Hann lagði áherslu á að þessar þjóðir mundu finna friðsamlega lausn á málinu sem bæði löndin gætu sætt sig við.

Eftir framsöguræðuna urðu almennar umræður um norrænt samstarf framtíðarinnar ásamt utanríkis- og varnarmálaumræðum.

Fyrir hönd forsætisnefndar talaði forseti Norðurlandaráðs, Per Olof Håkansson, Thorbjørn Jagland talaði fyrir hönd flokkahóps sósíaldemókrata, Knud Enggaard fyrir flokkahóp miðjumanna, Hans Engell fyrir hönd flokkahóps hægrimanna og Kjellbjørg Lunde talaði fyrir flokkahóp vinstrisósíalista.

Auk utanríkisráðherra töluðu af Íslands hálfu alþingismennirnir Sigríður A. Þórðardóttir, Geir H. Haarde, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Einarsdóttir.

Því næst fór fram umræða um og afgreiðsla fjárlaga Norðurlandasamstarfsins fyrir árið 1995. Fjárlaganefndin hafði lagt til nokkrar minni háttar tilfærslur innan fjárlagatillögunnar sem voru samþykktar á þinginu. Nánar er greint frá innihaldi tillögunnar í kafla 3.7 í þessari skýrslu.

Að lokum fór fram afgreiðsla mála annarra nefnda Norðurlandaráðs. Fyrir utan fjárlagatillöguna var lögð fram ein önnur ráðherratillaga og 10 þingmannatillögur sem allar voru samþykktar. Um tillögurnar er fjallað í 3. kafla í samhengi við umfjöllun um hverja nefnd fyrir sig. Samþykktirnar fylgja skýrslunni sem fskj. II.

Alþingi, 6. febr. 1995.

Halldór Ásgrímsson, form.	Geir H. Haarde, varaform.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Árni M. Mathiesen.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Kristín Einarsdóttir.
	Hjörleifur Guttormsson.	

Fylgiskjal I.

Tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni teknar á 44. þingi Norðurlandaráðs.

(11. mars 1994.)

Tilmæli:

Nr. 1/1994.

Norræn áætlun í umhverfismálum 1994–1996 (B 142/m).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún leggi fram ákveðna tillögu um meginmarkmiðin varðandi þau atriði sem umhverfisnefndin lagði áherslu á í álitsgerð sinni,
— að hún gefi Norðurlandaráði reglulega skýrslu um það hvernig markmiðum er náð, og
— að hún sjái til þess að á umhverfis- og fjármálasviði verði fundnar nýjar aðferðir til fjármögnunar á aðgerðum í umhverfismálum á grannsvæðum Norðurlanda.

Nr. 2/1944.
Meðferð úrgangs sem er hættulegur umhverfinu (A 1035/m).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún kanni hvaða kröfur beri að gera varðandi meðferð úrgangs sem er hættulegur umhverfinu, og
— að í ljósi þeirrar niðurstöðu sem fengist hefur stuðli hún að þróun skilvirkrar og hagkvæmrar aðstöðu á Norðurlöndum til að meðhöndla úrgang sem er hættulegur umhverfinu og leggi fram fyrstu skýrslu um málið á 45. þingi Norðurlandaráðs.

Nr. 3/1994.
Skýrsla um kjarnorkuúrgang (A 1060/m).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún flytji á haustfundi Norðurlandaráðs ítarlega greinargerð um allan úrgang og meðferð hans frá hvers konar starfsemi sem myndar kjarnorkuúrgang á Norðurlöndum, svo og spá um það magn úrgangs sem gera má ráð fyrir í framtíðinni. Greinargerðin skal einnig ná til úrgangs sem samkvæmt samningum hefur verið fluttur eða ætlunin er að flytja til ríkja utan Norðurlanda.

Nr. 4/1994.
Þróun umhverfismála og öryggi á norðurskautssvæðinu (A 1061/m og A 1062/m).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

— að þær hraði athugun um nýtingu auðlinda og ástand í umhverfismálum á norðurskautssvæðinu, m.a. hvað varðar auðlindir hafsins, olíuvinnslu, námugröft, flutninga, mengun úr nágrenninu og mengun sem berst lengra að, kanni forsendur sjálfbærrar þróunar við heimskautaaðstæður og leggi fram tillögur um hvernig unnt megi verða að stuðla að alþjóðlegum aðgerðum til slíkrar þróunar.
— að þær kanni þá ógn sem norðurskautshéruðunum er búin af völdum hernaðar- og borgaralegrar kjarnorkustarfsemi á norðurskautssvæðinu, þar á meðal:
  — afleiðingar kjarnavopnatilrauna,
  — losun og geymslu kjarnakleyfra efna,
  — hættu af notkun kjarnorkuknúinna kafbáta og ísbrjóta,
  — kjarnorkuvígbúnaðar,
— að þær meti í samráði við norrænar og alþjóðlegar rannsóknarstofnanir hvaða rannsóknarverkefni eru brýnust á norðurskautssvæðinu og hvernig unnt megi verða að tryggja nauðsynlegt fjármagn í því skyni,
— að þær á alþjóðavettvangi vinni að því að koma í veg fyrir losun efna sem eru sérstaklega hættuleg í umhverfinu, svo sem PCB, kadmíns, blýs, brennisteins, geislavirkra efna o.fl. fyrir árið 2000 í síðasta lagi,
— að þær í samvinnu við Barentsráðið og á grunni ofangreindrar athugunar vinni að myndun stórs friðaðs svæðis á Barentshafi,
— að þær vinni að stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaups á norðurskautssvæðinu:
  — að sameiginlegu frumkvæði Norðurlanda,
  — með því að fá samþykkta yfirlýsingu þess efnis að Norðurlönd, Kolaskagi, Kirjálaland og Eystrasaltslöndin séu kjarnavopnalaust svæði,
  — með aðgerðum Sameinuðu þjóðanna, Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) og innan Rovaniemi-ferlisins,

— með alþjóðlegum samningum um afvopnun,
— með því að vinna að stofnun stjórnkerfis á norðurskautssvæðinu í líkingu við það sem stofnað hefur verið á suðurskautssvæðinu,
— að þær hafi frumkvæði að því að sérfræðinganefnd skipuð fulltrúum ríkjanna átta sem liggja að norðurskautssvæðinu hafi eftirlit með öryggi og afvopnun á því,
— að þær taki tillit til hagsmuna frumbyggja varðandi alla ofangreinda starfsemi,
— að þær taki tillit til tillagna um þátttöku þjóðþinga sem samþykktar voru á alþjóðlegri þingmannaráðstefnu um norðurskautssvæðið í Reykjavík 1993, og
— að þær leggi fram áfangaskýrslu um hvað áunnist hefur í tilmælavinnunni á 45. þingi Norðurlandaráðs í Tromsö í nóvember 1994.

Nr. 5/1994.
Framkvæmdaáætlun um samvinnu á sviði erfðafræðilegra auðlinda (B 140/m).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að hún staðfesti framkvæmdaáætlun um samvinnu á sviði erfðafræðilegra auðlinda í samræmi við ráðherranefndartillögu B 140/m og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem umhverfisnefndin hefur lagt fram,
— að hún á næsta fjárlagaári veiti nægilegt fé á fjárlögum til samstarfsáætlunar um erfðafræðilegar auðlindir.

Nr. 6/1994.
Aukin samvinna í fámennum atvinnugreinum (A 1054/k).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að hún hafi frumkvæði að aðgerðum til að auka norræna samvinnu á sviði menntunar í fámennum atvinnugreinum í samræmi við þau sjónarmið sem hér eru tilgreind og leggi aukna áherslu á NORDPLUS-Junior-áætlunina þannig að innan hennar verði kleift að mynda norræn nettengsl í því skyni að koma á og tryggja sérmenntun í slíkum atvinnugreinum.

Nr. 7/1994.
Norrænn bragur á bókasýningunni í Frankfurt 1997 (A 1065/k).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að hún meti möguleikana á því að setja norrænan brag á bókasýninguna í Frankfurt 1997 og kanni skiptingu kostnaðar viðkomandi aðila við það, og
— að hún í samráði við samtök norræna bókaútgefenda, án þess að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga, tilkynni hugsanlegan áhuga Norðurlanda á því að setja norrænan brag á bókasýninguna 1997.

Nr. 8/1994.
Framkvæmdaáætlun gegn misnotkun ávana- og fíkniefna á Norðurlöndum og grannsvæðum (A 1050/j).

1. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að hún móti norræna framkvæmdaáætlun gegn misnotkun ávana- og fíkniefna á Norðurlöndum og grannsvæðum Norðurlanda og auki samvinnu lögreglu- og tollyfirvalda þessara ríkja, varðandi upplýsingar og fræðslu og á sviði meðferðar og endurhæfingar, m.a. hvað snertir fíkniefnaneytendur í fangelsum,

— að hún stofni norrænan starfshóp undir stjórn norrænu tengiliðanefndarinnar í fíkniefnamálum (NKN) í því skyni að leggja, í samvinnu við aðrar mikilvægar samstarfsstofnanir og hlutaðeigandi stjórnvöld, framkvæmdaáætlun fyrir laganefnd Norðurlandaráðs á þingi ráðsins í Tromsö haustið 1994,
— að hún sjái til þess að í framkvæmdaáætluninni sé gert ráð fyrir að sérhvert ríki Norðurlandanna — og þau öll sameiginlega — móti eigin aðferðir í forvörnum og að útbúið verði upplýsinga- og fræðsluefni handa almenningi, fyrst of fremst handa þeim samfélagshópum sem eru í mestri hættu, einkum börnum og unglingum, í samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld,
— að hún sjái til þess að í framkvæmdaáætluninni sé m.a. gert ráð fyrir aðgerðum í samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld gegn notkun stera til annarra nota en í læknisfræðilegum tilgangi,
— að hún haldi áfram að stuðla að þverfaglegum vísindarannsóknum á öllum sviðum misnotkunar með tilliti til félagslegra breytinga á velferðarsamfélaginu,
— að hún vinni að því að heildaryfirsýn fáist yfir öll svið misnotkunar, svo og að jafnvægis sé gætt milli aðgerða, sem miða að því að draga úr eftirspurn, og eftirlits [með innflutningi og dreifingu] og sjái í þessu efni til þess að samvinna sé milli viðkomandi sviða,
— að hún sjái til þess að norræn samvinna á sviði ávana- og fíkniefna sé í takt við aðrar alþjóðlegar aðgerðir á þessu sviði og að einkum Eystrasaltslöndunum gefist tækifæri til að njóta góða af markmiðum og árangri framkvæmdaáætlunarinnar.

2. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:
— að sérhvert Norðurlandanna og Norðurlöndin í heild stuðli að því að öll ríki Evrópusambandsins (ESB) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) samþykki og starfi samkvæmt samþykktum Sameinuðu þjóðanna um ávana- og fíkniefni,
— að sérhvert Norðurlandanna og Norðurlöndin í heild stuðli að því að varanlegur árangur náist við að koma í veg fyrir og berjast gegn neyslu vanabindandi lyfja jafnt á Norðurlöndum og alþjóðavettvangi.

Nr. 9/1994.
Aðgerðir í baráttunni gegn barnaklámi (A 1064/j).

1. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að hún geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að saknæmt teljist að hafa barnaklám undir höndum á Norðurlöndum,
— að hún efli samvinnu lögreglu- og tollyfirvalda hlutaðeigandi ríkja til að koma í veg fyrir dreifingu barnakláms,
— að hún stuðli að því að Norðurlönd verði í fararbroddi í öðrum ráðstöfunum á alþjóðavettvangi í baráttunni gegn barnaklámi.

2. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:
— að sérhvert Norðurlandanna og Norðurlöndin í heild stuðli að því að öll ríki heims samþykki og starfi samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna, og
— að Norðurlöndin túlki sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna með sama hætti.

Nr. 10/1994.
Hækkað útlánaþak verkefnaútflutningslána (PIL) Norræna fjárfestingarbankans (B 143/e).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún samþykki hækkun útlánaþaks Norræna fjárfestingarbankans til verkefnaútflutningslána (PIL) og breyti samþykktum sínum í samræmi við þá ráðherranefndartillögu sem lögð hefur verið fram.

Nr. 11/1194.
Norræn byggingar- og húsnæðismálastefna í evrópsku samhengi (A 1052/s).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún viðhaldi og stuðli að þróun norrænnar samvinnu á sviði byggingar- og húsnæðismálastefnu í víðara samhengi með tilliti til þess hver sjálfbær þróun á sviði innri uppbyggingar verður,
— að hún leitist sérstaklega við að skiptast á skoðunum um markmið í húsnæðismálum á Norðurlöndum,
— að hún hefji skipti á upplýsingum um reynslu milli Norðurlanda og ESB á sviði byggingar- og húsnæðismála, og
— að hún efli samvinnu við Eystrasaltslöndin og norðvesturhéruð Rússlands á sviði byggingar- og húsnæðismála.

Nr. 12/1994.
Aukin samvinna um framkvæmd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna (A 1053/s).

1. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún efli samstarf sitt á þeim sviðum sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna nær til.

2. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

— að þær vinni að því á alþjóðavettvangi að meginhersla verði lögð á að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna verði framfylgt.

Nr. 13/1994.
Aðgerðir gegn misnotkun hormóna (A 1058/s).

1. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún kanni forsendur aukinnar norrænnar samvinnu í þeim tilgangi að berjast gegn misnotkun stera og annarra lyfja.

2. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

— að þær veki athygli á öðrum vettvangi en á sviði íþrótta í Evrópu á þeim vanda sem fylgir steraneyslu, svo og að þær vinni að því að öll aðildarríki Evrópuráðsins staðfesti samþykkt ráðsins frá 1989 um baráttu gegn misnotkun lyfja.

Nr. 14/1994.
Norræn samþykkt um félagslega aðstoð og þjónustu (B 141/s).

1. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún staðfesti fram komna tillögu til norrænnar samþykktar um félagslega aðstoð og þjónustu með hliðsjón af sjónarmiðum félagsmálanefndarinnar.

2. Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:
— að þær stuðli að setningu laga hver í sínu landi sem tryggi rétt Norðurlandabúa til ferðaþjónustu aldraðra og fatlaðra.

Nr. 15/1994.
Eftirlitshlutverk fjárlaganefndarinnar 1993: rannsóknir á sviði húsnæðismálastefnu (A 1066/b).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að varðandi starfið að nýrri samstarfsáætlun í húsnæðismálum taki hún tillit til þeirra sjónarmiða og tillagna sem komið hafa fram, bæði í fyrirliggjandi skýrslu og greinargerð fjárlaganefndarinnar, hvað varðar eftirlitshlutverkið, en í því starfi ber einnig að kanna möguleikana á því að efla samstarfið við löndin umhverfis Eystrasalt, og
— að hún gefi nefndinni skýrslu um til hvaða aðgerða hefur verið gripið eftir matið á starfinu.

Nr. 16/1994.
Notkun norræna fánans (A 1059/p).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:
— að þær sjái til þess að norræni fáninn sé dreginn að húni í öllum stærri aðkomuhöfnum og landamærastöðvum Norðurlanda.

Umsagnir Norðurlandaráðs:

1. Umsögn Norðurlandaráðs um skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um norræna samvinnu (C1) (fjárlaganefndin).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að hún taki tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í athugasemdum fjárlaganefndarinnar, þar á meðal í meðfylgjandi umsögnum fagnefndanna.

2. Umsögn Norðurlandaráðs um greinargerð norrænu ráðherranefndarinnar um áætlun um norræna samvinnu (C2) ásamt viðbótarskýrslu forsætisráðherranna (skjal 3) (fjárlaganefndin).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
— að hún hverfi frá nákvæmri prósentuskiptingu fjárveitinga, en meti í staðinn hvar norrænt fjármagn kemur að bestum notum fyrir norræna samvinnu,
— að hún útvíkki rannsóknarhugtakið þannig að það nái einnig til annarra rannsókna en þeirra sem gerðar eru innan menningargeirans,
— að þátttaka í fjármögnun lista- og menningarmiðstöðvar í Nuuk (u.þ.b. 22,9 milljónir danskra króna árin 1995 og 1996) komi úr fjárlögum menningarmála,
— að hún veiti því athygli að eftirlit þjóðþinganna minnkar ef stór hluti norrænnar samvinnu fer fram í formi óformlegra samskipta milli ríkisstjórnanna,
— að hún geri ráðinu kleift að taka frá byrjun þátt í samningsferlinu í tengslum við nýja samninga varðandi ramma- og markmiðsstjórnun,
— að hún veiti ráðinu nauðsynlegar upplýsingar á meðan á fjárlagavinnu 1994 stendur samkvæmt tímaáætlun þeirri sem fram kemur í textanum,
— að hún haldi áfram að stuðla að ákveðnum norrænum aðgerðum til að draga úr atvinnuleysi,

— að hún kanni möguleikana á því að sameina stofnanir í löndunum og breyta þeim í norrænar stofnanir eða efla með þeim samvinnu og verkaskiptingu,
— að stuðla að vistfræðilega réttri (sjálfbærri) nýtingu fiskistofna og annarra náttúruauðlinda Norðurlanda,
— að kynna norræna samvinnu og þýðingu hennar fyrir íbúa Norðurlanda með markvissri upplýsingaherferð,
— að hún taki að öðru leyti tillit til þeirra sjónarmiða sem koma fram í greinargerðinni.

Ákvörðun um innra málefni:

1. Áheyrnarfulltrúi Sama hjá Norðurlandaráði (A 1070/j).

Norðurlandaráð gerir eftirfarandi samþykkt um innri málefni:
— að Samar fái áheyrnarfulltrúa með málfrelsi við almennar umræður á fundum Norðurlandaráðs og að öðru leyti í samræmi við starfsreglur Norðurlandaráðs.

Fylgiskjal II.

Tilmæli og ákvarðanir um innri málefni teknar á 45. þingi Norðurlandaráðs.
(17. nóvember 1994.)
(Tilmæli 1–16/1994 og ákvörðun um innra málefni nr. 1/1994, sbr. 44. þing; skýrsla 17/1994, sjá aftast í þessu skjali.)

Tilmæli:

Nr. 18/1994.
Framkvæmdaáætlun og fjárlagaáætlun um norræna samvinnu 1995 (B 144/b), C2; A 1068/b).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:
1. að strax að loknum þjóðaratkvæðagreiðslum um aðild að ESB móti hún ásamt ráðinu reglur um tilhögun norrænnar samvinnu miðað við það ástand sem ríkir þegar niðurstöður allra þjóðaratkvæðagreiðslna liggja fyrir. Norðurlandaráð gengur út frá því að tillögur og hugmyndir verði kynntar í skýrslum forsætisráðherranna á fundi ráðsins á Íslandi,
2. að hún standi sem fyrst fyrir hreinskilinni umræðu í samvinnu við Norðurlandaráð um forgangsröðun sem miðist við stöðu norrænnar samvinnu eftir að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna um aðild að ESB liggja fyrir. Einkum ber að varpa ljósi á eftirtalin atriði:
   — eðlileg svið norrænnar samvinnu í víðara alþjóðlegu samhengi,
   — tengsl norrænnar samvinnu og starfsemi þjóðþinga, ríkisstjórna, yfirvalda og stofnana,
   — fastákveðna forgangsröðun hvað snertir umhverfismál, atvinnumál og grannsvæði Norðurlanda,

— einbeitingu og kynningu samnorrænna aðgerða,
— sveigjanleika til að efla aðgerðir í málum sem hafa stórpólitíska þýðingu,
— könnun á öðrum fjármögnunarleiðum,
— skoðun á öllum norrænum stofnunum og verkefnum með tilliti til pólitískrar forgangsröðunar.

3. að gera/taka tillit til eftirtalinna breytinga/ábendinga í fjárlagaáætlun fyrir 1995:
Menning/menntun/rannsóknir:
Fjárveitingar til menningarmálasjóðsins verða hækkaðar um 1,0 miljón danskra króna, og 0,1 miljón danskra króna verður veitt til stúdentaskipta við Vestnorðurlönd. Lagt er til að fjármögnun verði í samræmi við umsögn menningarmálanefndarinnar.
Umhverfismál:
Í tengslum við fundi forsætisnefndarinnar og starfshópanna í janúar 1995 óskar Norðurlandaráð að fá greinargerð um árangurinn af starfi ráðherranefndarinnar um athugun á aðgerðum í umhverfismálum á grannsvæðum Norðurlanda og tillögur um hagkvæmari nýtingu fjármagns til aðgerða á sviði umhverfismála á grannsvæðunum. Í þessu tilviki er einnig gert ráð fyrir greiningu á framlögum einstakra ríkja og samnorrænum framlögum.
Þegnréttur:
1 milljón danskra króna verður varið til hæfnisaukandi aðgerða á vinnumarkaði og vinnuumhverfis. Fjármögnun með afgangsfé frá 1993 úr varasjóði ráðherranefndarinnar.
Annað:
Hvað snertir Norrænu félögin og Samtök norrænu félaganna óskar Norðurlandaráð eftir að fá í hendur sem fyrst greiðnargerð frá norrænu ráðherranefndinni um fjármögnun og fjármögnunarleiðir. Norðurlandaráð leggur þó til að 0,3 milljónir danskra króna verði veittar Samtökum Norrænu félaganna til viðbótar. Fjármögnun með afgangsfé frá 1993, úr varasjóði ráðherranefndarinnar.
Norðurlandaráð óskar eftir greinargerð norrænu ráðherranefndarinnar um framtíðarskilyrði og fjármögnun Norrænnar garðyrkjumiðstöðvar. Norðurlandaráð leggur þó til að 0,6 milljónum danskra króna til viðbótar verði veitt til Norrænnar garðyrkjumiðstöðvar. Fjármögnun með afgangsfé frá 1993, úr varasjóði ráðherranefndarinnar.
Norðurlandaráð gerir einnig ráð fyrir því að ráðherranefndin geri gangskör að því að kanna hvort yfirfært framkvæmdafé frá fyrri árum og afgangsfé frá 1993 megi nota til að efla norrænar aðgerðir á þeim sviðum sem ráðið leggur sérstaka áherslu á, þ.e. í umhverfismálum, atvinnumálum og samvinnu við grannsvæði Norðurlanda.

4. að fylgja eftirfarandi sameiginlegri tímaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs við gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana fyrir 1996:
Janúar:
Fundir Norðurlandaráðs og starfshópa, umræður um meginstefnu og áhersluatriði í norrænni samvinnu í framtíðinni.
Febrúar/mars:
Fjárlaganefndin ræðir við samstarfsráðherrana og mótar meginreglur þjóðþinganna um fyrirmæli hvað snertir framkvæmda- og fjárhagsáætlanir í samráði við aðrar stofnanir ráðsins. Þetta verður lagt fyrir allsherjarfund ráðsins á vorþingi í mars 1995 sem tilmæli til ráðherranefndarinnar.

Mars–júní:
Unnið úr tillögum um framkvæmda- og fjárhagsáætlanir á vegum norrænu ráðherranefndarinnar annars vegar og Norðurlandaráðs hins vegar.
Júní/júlí:
Gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana er lokið.
Ágúst:
Fagnefndir Norðurlandaráðs (sumarfundir).
Umræður fulltrúa stjórnmálaflokka í Norðurlandaráði.
September:
Fundir forsætisnefndar Norðurlandaráðs og starfshóp.
Október:
Fjárlaganefnd Norðurlandaráðs leggur fram endanlegar tillögur sínar.
Nóvember:
Allsherjarfundur Norðurlandaráðs tekur ákvarðanir á haustþingi.

Nr. 19/1994.
Eftirlitshlutverk fjárlaganefndar: Aðgengi að upplýsingum norrænna samstarfsstofnana (A 1091/b).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

1. að hún sjái til þess að nýtt ákvæði verði sett í lög stofnana þar sem kveðið er á um að stofnunin skuli beita þeim reglum um aðgengi að upplýsingum sem gilda í heimalandi stofnunarinnar.
   Í lögunum skal vera ákvæði þess efnis að unnt sé að áfrýja til Norðurlandaráðs sem æðsta úrskurðaraðila ef ekki semst um annað,
2. að hún sjái til þess að nýtt ákvæði verði sett um vinnutilhögun á skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar og í lög norrænna stofnana þar sem kveðið er á um að skrá skuli öll móttekin og samin skjöl.
   Í skráningunni skal koma fram:
   — dagsetning þegar skjalið var móttekið eða samið,
   — dagbókarnúmer eða annað auðkenni á skjalinu,
   — frá hverjum skjalið kom/hver er móttakandi skjalsins,
   — stutt lýsing á efni skjalsins.
   Auk þess ber aðalskrifstofunni að varðveita öll skjöl og koma þeim fyrir í skjalasafni þannig að unnt sé að beita reglunni um aðgengi að upplýsingum á skilvirkan hátt.

Nr. 20/1994.
Áætlun um Evrópusamvinnu Norðurlanda (A 1071/p).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún framkvæmi könnun á helstu samstarfsverkefnum Norðurlanda í evrópsku samhengi í samráði við Norðurlandaráð, og
— að hún á grundvelli þessa starfs leggi fram tillögu um Evrópusamvinnu Norðurlanda.

Nr. 21/1994.

Uppbygging og verkefni Norðurlandsráðs í framtíðinni.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

— að þær í samvinnu við forsætisnefnd Norðurlandaráðs stofni starfshóp sem hraði störfum við að semja tillögur um framtíðaruppbyggingu og -verkefni ráðsins.

Nr. 22/1994.

Aukin samvinna ríkjanna við Norðursjó (A 1076/p).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún athugi tilhögun svæðisbundinnar samvinnu sem komist hefur á umhverfis Norðursjó á undanförnum árum, jafnt á vettvangi ríkisstjórna og þjóðþinga, jafnvel að frumkvæði einkaaðila,

— að hún meti með tilliti til niðurstöðu slíkrar athugunar hvernig best megi nýta svæðisbundna samvinnu ríkjanna umhverfis Norðursjó ásamt Skotlandi til þess að koma á hagkvæmri skiptingu vinnu og fjármagns milli annarra samstarfsstofnana á svæðinu,

— að hún haldi áfram því starfi að gæta norrænna hagsmuna við undirbúning 4. Norðursjávarráðstefnunnar í júní 1995.

Nr. 23/1994.

Áætlun um norræna samvinnu á sviði félags- og heilbrigðismála 1995–2000 (B 145/s).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún staðfesti ráðherranefndartillögu um „Áætlun um norræna samvinnu á sviði félags- og heilbrigðismála 1995–2000“ í samræmi við ráðherranefndartillögu B 145/b, að teknu tilliti til sjónarmiða félagsmálanefndarinnar.

Nr. 24/1994.

Búferlaflutningar með skipulegum hætti (A 1063/s).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

— að þær móti viðeigandi stefnu til að koma í veg fyrir og vinna gegn óskipulegum búferlaflutningum að austan til Norðurlanda og veiti nægilegan fjárhagsstuðning til starfsemi Alþjóðastofnunar um búferlaflutninga (IOM) til þess að auðvelda búferlaflutninga með skipulegum hætti,

— að þær stuðli að alþjóðlegri samvinnu um nýja stefnu í málefnum flóttamanna og varðandi búferlaflutninga sem hafi það að markmiði að búferlaflutningar verði með skipulegum hætti.

Nr. 25/1994.

Framkvæmdaáætlun um aukið atvinnustig (A 1067/e).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að með sameiginlegri framkvæmdaáætlun efli hún aðgerðir til að auka atvinnustigið á Norðurlöndum, m.a. með því að meta þær aðgerðir sem lagðar eru til í fulltrúatillögu A 1067/e um frumkvæði að auknu atvinnustigi og með því að halda áfram að leggja áherslu á tilmæli Norðurlandaráðs nr. 26/1993.

Nr. 26/1994.
Áhættufjármagn fyrir Eystrasaltsríkin (A 1090/e).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún meti hvort stofna beri sérstakan sjóð með áhættufjármagni að fjárhæð 10 milljónir ekur til að veita fé til verkefna og stofnunar lítilla fyrirtækja í Eystrasaltsríkjunum.

Nr. 27/1994.
Samnorrænar upplýsingar um skógarnytjar (A 1072/m).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún stuðli að samvinnu milli þeirra sem stunda skógarnytjar, hlutaðeigandi yfirvalda og skógrannsóknastofna í hverju landi og á Norðurlöndum í því skyni að fá fram hlutlægar upplýsingar um stærð norrænna skóga og umfang skógnytja.

Ákvarðanir um innri málefni:

(Nr. 1/1994, sjá 44. þing.)

Nr. 2/1994.
Breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs vegna reglunnar um aðgengi að upplýsingum (A 1091/b).

Norðurlandaráð samþykkir eftirfarandi ákvörðun um innri málefni sín:

— að nýtt ákvæði skuli sett í starfsreglur aðalskrifstofu Norðurlandaráðs sem kveður á um að skrá skuli öll móttekin og samin skjöl.

Í skráningunni skal koma fram:

— dagsetning þegar skjalið var móttekið eða samið,
— dagbókarnúmer eða annað auðkenni á skjalinu.
— frá hverjum skjalið kom/hver er móttakandi skjalsins.
— stutt lýsing á efni skjalsins.

Auk þess ber aðalskrifstofunni að varðveita öll skjöl og koma þeim fyrir í skjalasafni þannig að unnt sé að beita reglunni um aðgengi að upplýsingum á skilvirkan hátt.

Nr. 3/1994.
Jafnari kynjaskipting í ábyrgðarstöðum hjá Norðurlandaráði o.fl. (A 1081/j).

Laganefndin beinir þeim tilmælum til Norðurlandaráðs:

— að aðildarríkin leitist við að hafa jafnari kynjaskiptingu fulltrúa sinna í ráðinu,
— að að ráðið stuðli að því farið sé í reynd að starfsreglum kjörnefndar ráðsins um jafnari kynjaskiptingu í ábyrgðarstöðum hjá ráðinu,
— að ráðið stuðli að jafnari kynjaskiptingu við skipun í yfirmannastöður hjá ráðinu.

Yfirlýsing (samþykkt af forsætisnefnd Norðurlandaráðs 23. ágúst 1994):

Nr. 17/1994.
Norrænt tímarit um áfengismálastefnu (A 1080/s).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

— að þær veiti fé til að tryggja útgáfu norræns tímarits um áfengismálastefnu.

Fylgiskjal III.

Fyrirspurnir til ráðherranefnda og ríkisstjórna Norðurlanda frá fulltrúum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Hjörleifur Guttormsson:
Fyrirspurn E1/1994 til ríkisstjórnar Danmerkur og ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 44. þing Norðurlandaráðs um samnorrænt vegabréfasvæði.

Hjörleifur Guttormsson:
Fyrirspurn E2/1994 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 44. þing Norðurlandaráðs um aðgerðir gegn stóraukinni geislavirkri mengun frá Dounreay og Sellafield.

Kristín Einarsdóttir:
Fyrirspurn E4/1994 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 44. þing Norðurlandaráðs um aðgerðir til að minnka atvinnuleysi kvenna á Norðurlöndum.

Halldór Ásgrímsson:
Fyrirspurn E17/1994 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 44. þing Norðurlandaráðs um norðurskautssamstarfið.

Kristín Einarsdóttir:
Fyrirspurn E33/1994 til ríkisstjórna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar fyrir 44. þing Norðurlandaráðs um boðun til aukafundar í París vegna aukningar á geislavirkri mengun í Norður-Atlantshafi.

614. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð um merkingu skipa, nr. 550/1982, hluta N, lið 2.3, en þar segir að þilfarsfiskiskip skuli vera merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum. Í fyrsta lagi verði sú breyting gerð á að í stað skipaskrárnúmera komi kallmerki skipsins og í öðru lagi verði hæð merkingarstafa á þilfarsskipum breytt með eftirfarandi hætti:

1. Ef skipslengd er á bilinu 15–20 m skal hæð stafa vera 50 sm.
2. Ef skipslengd er á bilinu 20–45 m skal hæð stafa vera 75 sm.
3. Ef skipslengd er 45 m eða lengri skal hæð stafa vera 100 sm.

Stafirnir verði settir á sérstök merkingarspjöld, svartir á lit á ljósum bakgrunni sem gefur endurskin.

Greinargerð.

Reglur um merkingu skipa í núverandi mynd hafa verið í gildi í rúm 12 ár. Þar er gerð krafa um að stærri skip séu auðkennd með umdæmisstöfum og tölum á bóg beggja megin ásamt nafni. Auk þess skulu þilfarsfiskiskip merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum skipsins.

Tveir helstu gallar núgildandi reglugerðar hvað varðar þilfarsfiskiskip eru að stærð stafa, sem mælt er fyrir um í 4. kafla hennar, er of lítil og að notast er við skipaskrárnúmer í stað kallmerkis. *Sá merkingarháttur að merkja með skipaskrárnúmeri er sérístenskt fyrirbæri sem ekki þekkist erlendis.* Hins vegar eru kallmerki skipa alþjóðlegt kerfi sem fletta má upp í alþjóðlegum skipaskráningarbókum. Með þeirri breytingu sem orðið hefur á sókn íslenskra fiskiskipa, fjær landi og til fjarlægra miða, hlýtur sú krafa að koma fram frá erlendum aðilum sem sinna eftirliti á hafinu að íslensk fiskiskip verði merkt á þann hátt sem samræmist alþjóðlegum merkingum fiskiskipa. Hvað varðar stærð stafa hlýtur það að teljast ákveðinn öryggisþáttur að hafa slíkar merkingar afgerandi þannig að þær séu nokkuð auðlesnar, t.d. frá þyrlum, og þannig sé auðvelt að þekkja skipið þegar neyðarástand skapast. Staðsetning merkingarskilta á skipi yrði að taka mið af því hversu vel skiltin sæjust bæði frá sjó og úr lofti og því eðlilegt að efri brún spjalds hallaði um tíu gráður til að auðvelda aflestur úr flugvél.

Í núgildandi reglugerð um merkingu íslenskra fiskiskipa eru ákvæði þess efnis að ef skip eru minni en 30 brt (undir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 25 sm en á skipum stærri en 30 brt (yfir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 45 sm. Þar sem íslensk fiskiskip undir 30 brt hafa ekki kallmerki yrði sú skráningarskylda sem nú gildir að vera áfram við lýði fyrir hin smærri fiskiskip, enda ætti slíkt ekki að koma að sök, a.m.k. ekki vegna sóknar á fjarlæg mið.

Ætla má að einhvern aðlögunartíma þurfi fyrir útgerðir og Siglingamálastofnun, sem og Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, ef og þegar þessi breyting nær fram að ganga, en þó ætti að vera óþarft að hafa hann meiri en tvö ár.

615. Nefndarálit [315. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Svein Snorrason hrl., Pál Hjartarson aðstoðarsiglingamálastjóra og Einar Hermannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, sem áttu sæti í nefndinni sem vann að frumvarpinu og Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti, sem var ritari þeirrar nefndar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 6. gr. bætist ný efnismgr., 4. mgr., er orðist svo:
Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við vélstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.

Breyting þessi er til að taka af allan vafa um að þeir sem undir lögin heyra skuli hafa atvinnuskírteini sín meðferðis á skipi og auðvelda þannig Landhelgisgæslu ríkisins eftirlitsstörf sín að þessu leyti.

Alþingi, 6. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Guðni Ágústsson.
Egill Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Árni Johnsen.
Sturla Böðvarsson.	Jóhann Ársælsson.	Stefán Guðmundsson.

616. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti. Fram kom að frumvarpið felur í sér heimild samgönguráðherra til að fullnægja þeim skuldbindingum EES-samningsins er taka til flutningastarfsemi með setningu reglugerða. Í greinargerð með frumvarpinu eru taldar upp sex gerðir sem staðfesta þarf með reglugerð. Sú sjöunda, reglugerð nr. 1191/69/EBE, sem átti að vera þar á meðal, hefur hins vegar af misgáningi fallið niður og er hún birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að það nái einnig til reglugerðar nr. 1191/69/EBE sem fylgir með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Alþingi, 6. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Egill Jónsson.
Árni Johnsen.		Sturla Böðvarsson.

Fylgiskjal.

EES
Flutningastarfsemi.
XIII. Viðauki.
I. Flutningar á landi.
i. Almenn málefni.

1191/69/EBE
(101/73/EBE, 3572/90/EBE, 1893/91/EBE, 179 H, 172 B, 185 I)

Heiti:

Council Regulation of 26 June 1969 on action by Member States concerning the obligations inherent in the concept of the public services in transport by rail, road and inland waterway.

Reglugerð ráðsins frá 26. júní 1969 um aðgerðir aðildarríkjanna vegna skyldna sem felast í hugtakinu opinber þjónusta í flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (369 R 1191).

Innihald gerðar:

Reglugerðin vísar til þess markmiðs stefnumörkunar í samgöngumálum að eyða beri misræmi sem fram kemur þegar aðildarríki leggja á flutningafyrirtæki skyldur sem felast í hugtakinu opinber þjónusta og getur valdið verulegri röskun á samkeppnisskilyrðum. Slíkt er kallað skylda til almannaþjónustu (public service obligation), þ.e. þjónustu sem byggist á öðrum forsendum en ef hún væri rekin með arðsemissjónarmið að leiðarljósi. Aðildarríkjum ber að afnema allar skyldur til almannaþjónustu á sviði flutninga nema sýnt sé fram á að hún sé nauðsynleg til að tryggja fullnægjandi samgöngur. Samgöngufyrirtæki, sem ber að tryggja fullnægjandi samgönguþjónustu, geta fengið bætur fyrir fjárhagsútlát sem þau verða fyrir.

617. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Þessu frumvarpi er ætlað, ef að lögum verður, að veita samgönguráðherra opna heimild til setningar nokkurra reglugerða á flutningasviði til að fullnægja EES-skuldbindingum. Sú lagasetningaraðferð, sem lögð er til í frumvarpinu, er í hæsta máta óeðlileg og til þess fallin að ýta undir það viðhorf sem oft heyrist að Alþingi sé ofurselt framkvæmdarvaldinu og hlutverk þess fremur í ætt við afgreiðslustofnun en löggjafarþing. Mun eðli-

legra er að sett verði sérstök lög í hverju tilviki fyrir sig og á grundvelli þeirra verði samgönguráðherra heimilt að gefa út reglugerðir í samræmi við þessar skuldbindingar okkar samkvæmt EES-samningnum. Með skírskotun til framanritaðs leggur minni hluti nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 7. febr. 1995.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, frsm. Jóhann Ársælsson. Guðni Ágústsson.

Stefán Guðmundsson.

618. Frumvarp til laga [384. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Á árunum 1995–99 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 11. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð, sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Um innheimtu þessa gjalds fer skv. 11. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýlega skilaði áliti nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að endurskoða lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Í áliti nefndarinnar kemur fram að nauðsynlegt er að veita frekari fjármunum til snjóflóðavarna. Nefndin gerði tillögu um að á árunum 1995–99 yrði innheimt 10% álag á iðgjöld vegna viðlagatryggingar. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld rynnu til ofanflóðasjóðs. Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum hefur ofanflóðasjóður nú til ráðstöfunar 5% af tekjum af iðgjöldum viðlagatryggingar auk beinna framlaga á fjárlögum. Framlag frá Viðlagatryggingu Íslands hefur verið liðlega 20 m.kr. á ári. Beint framlag á fjárlögum hefur verið liðlega 6 m.kr.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til mundu ráðstöfunartekjur ofanflóðasjóðs vegna tekna af viðlagatryggingariðgjöldum u.þ.b. þrefaldast og hækka úr liðlega 20 m.kr. í tæplega 80 m.kr. Til viðbótar kæmu bein framlög á fjárlögum til sjóðsins.

Þegar höfð eru í huga snjóflóðin í Súðavík þarf vart að hafa mörg orð um nauðsyn þess að endurskoða allt áhættumat vegna snjóflóðahættu og gera átak í snjóflóðavörnum á Íslandi. Með því viðbótarfjármagni sem fengist með þessari lagabreytingu yrði unnt að gera nauðsynlegt átak í þessum efnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt á tímabundið 10% álag á iðgjöld viðlagatryggingar og skal því ráðstafað í ofanflóðasjóð, sbr. lög nr. 28/1985. Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands mun álagið skila um 50 m.kr. tekjuauka miðað við tekjur af iðgjöldum árið 1994. Framangreind tímabundin hækkun á iðgjöldum mun ekki hafa bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram það sem ríkissjóður greiðir í iðgjöld sem vátryggingartaki. Ekki reyndist auðvelt að nálgast iðgjaldagreiðslur A-hluta ríkissjóðs vegna viðlagatryggingar, en þar er um óverulegan kostnaðarauka að ræða.

619. Fyrirspurn [385. mál]

til landbúnaðarráðherra um markaðsetningu á íslenska hestinum.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu háum upphæðum hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins varið til að styrkja markaðssetningu og útflutning á íslenska hestinum frá árinu 1990, hvert ár tilgreint sérstaklega, og til hvaða aðila hafa slíkir styrkir runnið?
2. Hafa einhverjir aðrir sjóðir lagt fram fjármagn til markaðssetningar á íslenska hestinum á þessu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

620. Frumvarp til laga [386. mál]

um sjúkraliða.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi á sjúkraliðabraut frá skóla hér á landi sem heilbrigðs- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir. Einnig má veita þeim leyfi sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar landlæknis og Sjúkraliðafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

5. gr.

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins. Þó skal slík skipan háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða skv. 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining.

Heimilt er að ráða sjúkraliða til starfa með læknum, ljósmæðrum og sjúkraþjálfurum undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra að svo miklu leyti sem slík störf eru ekki falin öðrum með lögum eða reglugerðum.

6. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Ef sjúkraliði vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis skal landlæknir áminna hann. Komi áminning ekki að haldi leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að hlutaðeigandi skuli sviptur starfsleyfi en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi skv. 1. mgr. og er þá ráðherra heimilt að veita honum leyfi aftur enda liggi fyrir meðmæli landlæknis og umsögn Sjúkraliðafélags Íslands.

8. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 2. gr. gildandi laga eins og henni var breytt með lögum nr. 15/1992.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. gildandi laga eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 73/1989 að því viðbættu að heimilað er að sjúkraliðar geti starfað sem stoðstétt lækna, ljósmæðra og sjúkraþjálfara.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. gildandi laga nema lagt er til að Sjúkraliðafélaga Íslands gefi einnig umsögn um endurveitingu starfsleyfa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraliða.

Frumvarpið felur í sér breytingu á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingu. Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

621. Svar [273. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um hönnun, viðhald og viðgerðir á vegum ríkisins.

1. *Hvernig er háttað vali á aðilum sem annast hönnun vegna viðhalds og viðgerða á opinberum byggingum og öðrum eignum, svo og þeim sem annast viðgerðir og viðhald?*

Engar almennar reglur hafa gilt um hvernig velja skuli hönnuði til að undirbúa viðhalds- og viðgerðarverkefni. Algengt er að þeir ráðgjafar sem hönnuðu viðkomandi byggingu upphaflega séu fengnir til að gefa ráð þegar þörf er á slíku.

Þörf er á úrbótum á þessu sviði, þ.e. að settar verði skýrar reglur og leiðbeiningar um það hvernig ríkið skuli standa að kaupum á hönnun og undirbúningi. Hagsmunir ríkisins felast í sem lægstum framkvæmdakostnaði og til þess að svo megi verða þarf oft að leggja meira í undirbúning og hönnun en nú er gert.

Fjármálaráðuneytið efndi á liðnu vori til ráðstefnu um þessi mál sem leiddi til viðræðna milli fulltrúa ráðuneytisins, Framkvæmdasýslu ríkisins, Arkitektafélags Íslands og Félags ráðgjafarverkfræðinga um setningu sameiginlegra reglna um tilhögun á kaupum á hönnunarþjónustu. Stefnt er að því að kynna niðurstöðu þessarar vinnu á ráðstefnu um miðjan mars nk.

Skýrar reglur gilda um val á þeim aðilum sem annast skulu viðgerðir og viðhald opinberra bygginga ef verkið kostar yfir 5 m.kr. Lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, gilda um viðhald og viðgerðir jafnt og um aðrar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Í útboðsstefnu ríkisins og reglum um innkaup ríkisins er þetta áréttað og nánar kveðið á um framkvæmd útboða. Engar reglur kveða á um útboð undir viðmiðunarmörkunum enda getur ávinningur útboða horfið í kostnað við undirbúning. Eftir sem áður hefur fjármálaráðuneytið hvatt til notkunar útboða undir viðmiðunarmörkum eftir því sem hagstætt þykir. Samkvæmt útboðsstefnu ríkisins er skylt að kanna verð og gæði hjá seljendum þyki ekki hagkvæmt að bjóða verkefnið út.

Algengt er að viðhald sem er ekki boðið út sé í höndum starfsmanna hlutaðeigandi stofnana eða aðkeyptra iðnaðarmanna sem sinna reglubundnum verkefnum.

Skýrar reglur gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skyldu til útboða, bæði vegna hönnunar og framkvæmda. Fjárhæðarmörk eru rúmlega 15 m.kr. vegna þjónustu, þar með talið hönnunar og 377 m.kr. vegna framkvæmda.

2. *Hvaða verklagsreglur gilda um útboð þegar hönnun, viðhald og viðgerðir eiga í hlut?*

Skýrar almennar reglur gilda um útboð á viðhaldi og viðgerðum bygginga. Lög um skipan opinberra framkvæmda, útboðsstefna ríkisins og reglur um innkaup ríkisins gilda þar um eins og fyrr segir.

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út handbók þar sem lýst er hvernig standa skuli að verki við undirbúning framkvæmda, þar með talið viðhald og viðgerðir.

Lögð er áhersla á að ekki verði vikið frá ákvæðum laganna um opinberar framkvæmdir sem m.a. felst í því að ekki verður hafist handa við undirbúning breytinga, endurbætur og viðgerðir ríkisbygginga fyrr en að lokinni frumathugun, hönnun og að fjármagn hefur verið tryggt til framkvæmda.

Loks má geta þess að á vegum fjármálaráðuneytisins hefur verið unnið að athugun á því hvernig best megi standa að rekstri eigna ríkisins og hvernig viðhaldi er sinnt.

3. *Við hve marga aðila hefur verið samið um hönnun vegna viðhalds og viðgerða, svo og viðgerðir og viðhald árin 1993 og 1994?*

Ógjörningur er að svara þessu vegna ríkisins alls. Hins vegar má fá upplýsingar hjá einstökum stofnunum. Á vegum fjármálaráðuneytisins starfa tvær stofnanir að viðhaldi og viðgerðum á byggingum, Framkvæmdasýsla ríkisins og Fasteignir ríkissjóðs. Kannað var hver kostnaður þessara stofna var og hversu marga aðila þessar stofnanir fengu til verka. Framkvæmdasýsla ríkisins keypti að þjónustu hönnuða í 19 verkefnum á árinu 1993 og 27 á árinu 1994. Fasteignir ríkissjóðs keyptu að hönnunarþjónustu 23 hönnuða á hvoru árinu 1993 og 1994. Fjöldi verktaka í viðgerðum og viðhaldi á vegum Framkvæmdasýslunnar voru 131 á árinu 1993 og 162 á árinu 1994. Hjá Fasteignum ríkissjóðs var sambærilegur fjöldi 140 á árinu 1993 og 142 á árinu 1994.

4. *Hversu miklu fé var varið til hönnunar vegna viðgerða og endurbóta á vegum ríkisins, svo og til viðhalds og viðgerða árin 1993 og 1994?*

Hönnunar- og eftirlitskostnaður ríkisins vegna viðgerða og endurbóta nam á árinu 1993 samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi um 70 m.kr. Heildarkostnaður ríkisins af viðhaldi bygginga nam 770 m.kr. á árinu 1993 og 868 m.kr. árið 1994.

Aðkeypt hönnun viðhaldsverkefna á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins var 8 m.kr. á árinu 1993 og 12 m.kr. á árinu 1994. Hjá Fasteignum ríkissjóðs námu samsvarandi tölur tæpum 8 m.kr. vegna ársins 1993 og 10 m.kr. vegna ársins 1994.

Viðhalds- og viðgerðarkostnaður verkefna á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins nam 77 m.kr. á árinu 1993 en 189 m.kr. á árinu 1994. Hjá Fasteignum ríkissjóðs námu samsvarandi tölur 185 m.kr. á árinu 1993 og 134 m.kr. á árinu 1994.

622. Nefndarálit [316. mál]

um frv. til l. breyt. á l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fengið á fund til sín Svein Snorrason hrl., Pál Hjartarson aðstoðarsiglingamálastjóra og Einar Hermannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, sem áttu sæti í nefndinni sem vann að frumvarpinu og Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti, sem var ritari þeirrar nefndar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

a. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 3. mgr. 13. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
   Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, eftir því sem við á. Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.
   Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við skipstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.
b. Við bætist ný grein, 12. gr., er orðist svo:
   2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

Breyting sú, sem fram kemur í 2. mgr. a-liðar, er til að taka af allan vafa um að skipstjórnarmenn þurfi að hafa atvinnuskírteini sín meðferðis á skipi og auðvelda þannig Landhelgisgæslu ríkisins eftirlitsstörf sín að þessu leyti. Breytingin í b-lið er gerð til samræmis við frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, 315. mál, enda er um sömu nefndina að ræða.

Alþingi, 8. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Guðni Ágústsson.
Egill Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Árni Johnsen.
Sturla Böðvarsson.	Jóhann Ársælsson.	Stefán Guðmundsson.

623. Tillaga til þingsályktunar [387. mál]

um eflingu glasafrjóvgunardeildar Landspítalans.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Petrína Baldursdóttir, Svavar Gestsson, Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að sjá til þess að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að efla glasafrjóvgunardeild Landspítalans og tryggja nauðsynlegar fjárveitingar á fjáraukalögum ársins 1995 í því skyni. Markmiðið verði að tvöfalda afkastagetu deildarinnar með bættum tækjabúnaði og húsnæði þannig að unnt verði að stytta langan biðtíma.

Greinargerð.

1. Staðan á glasafrjóvgunardeild Landspítalans.

Stofnsetning glasafrjóvgunardeidar við Landspítalann árið 1991 var mikið framfaraspor og hafa nú á þriðja hundrað börn fæðst hér á landi fyrir tilstuðlan deildarinnar. Fram að þeim tíma þurftu konur að fara í tæknifrjóvgun erlendis og árlega fóru héðan á annað hundrað pör í því skyni. Tryggingastofnun ríkisins greiddi sjúkrakostnað samfara aðgerðunum og námu greiðslur stofnunarinnar að jafnaði rúmlega 20 millj. kr. á ári.

Í upphafi var gert ráð fyrir að á glasafrjóvgunardeild Landspítalans yrðu gerðar 100–150 aðgerðir á ári og öll aðstaða og tækjabúnaður voru við það miðuð. Þrátt fyrir að aðgerðum hafi fljótlega verið fjölgað í um 250 á ári vegna mikillar eftirspurnar og árangur deildarinnar sé með því allra besta sem þekkist hefur myndast þar mjög langur biðlisti sem sífellt lengist. Nú bíða um 650 pör eftir því að komast í aðgerð. Þau pör sem eru á biðlistanum nú þurfa að bíða í rúmlega tvö ár og þeir sem nú eru skráðir geta vænst þess að komast að vorið 1997. Mikilvægt er að benda á að einungis eru um þriðjungs líkur á því að fyrsta aðgerð takist. Tölfræðilega þurfa því um 400 pör af þeim 650, sem í dag eru á biðlista, að fara aftur í aðgerð og komast þá ekki að fyrr en árið 2000 miðað við óbreytt afköst deildarinnar.

2. Nauðsynlegar úrbætur.

Nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Ríkisspítala hefur metið hvaða kostnaður er því samfara að tvöfalda afkastagetu glasafrjóvgunardeildarinnar. Samkvæmt frumathugun nefndarinnar er áætlað að 9 millj. kr. þurfi til kaupa á fósturvísafrysti og til smásjárglasafrjóvgunar og um 31 millj. kr. til breytinga á húsnæði. Þar er annars vegar um að ræða 13 millj. kr. til breytinga á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu, þannig að unnt verði að flytja mæðraskoðun þangað úr kjallara kvennadeildar Landspítalans, og hins vegar 18 millj. kr. til að koma þar upp aðstöðu fyrir glasafrjóvgunardeildina. Auk þess er talið að ráða þurfi þrjá nýja starfsmenn. Heildarkostnaður er því metinn um 40 millj. kr. og mun hann ekki einungis nýtast glasafrjóvgunardeild heldur einnig framtíðarstarfsemi kvennadeildar Landspítalans. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hér er um stofnkostnað að ræða en tekjur glasafrjóvgunardeildarinnar nema nú um 20 millj. kr. á ári og munu aukast í réttu hlutfalli við fjölgun aðgerða. Þá er rétt að geta þess að áætla má að með tilkomu fósturvísafrystis sparist milljóna króna lyfjakostnaður árlega. Það byggist á því að í um 125 af þeim aðgerðum sem gerðar eru á ári hverju er afgangs fósturvísum hent í stað þess að frysta þá og nota í aðra aðgerð. Ef unnt yrði að geyma þá yrði komist hjá lyfjameðferð sem kostar um 40 þús. kr., auk þess sem aðgerðin sjálf yrði mun ódýrari en ella. Þá er rétt að benda á að gera má ráð fyrir sparnaði með tilkomu smásjárfrjóvgunar sem gerir kleift að aðstoða pör þar sem aðalorsök ófrjósemi er hjá manninum. Nú leita pör til útlanda í þessu skyni og Tryggingastofnun ríkisins greiðir um 240 þús. kr. fyrir hverja meðferð, auk þess sem hún kostar sjúklinga um 500 þús. kr. Sérfræðingar Landspítalans áætla að framkvæma þurfi nú um 50 smásjárglasafrjóvganir á ári.

3. Atbeini Alþingis.

Fyrir liggur að með tiltölulega litlum stofnkostnaði, eða um 40 millj. kr., má bæta til langframa úr stöðu hundruða íslenskra hjóna. Er þá hvorki tekið tillit til aukinna sértekna glasafrjóvgunardeildar né hugsanlegs sparnaðar sjúkratrygginga. Afar brýnt er að þegar sé bætt úr hinni miklu þörf sem fyrir hendi er á þessu sviði þar sem fyrirsjáanlegt

er að vandinn mun aukast á komandi árum verði ekki að gert. Þar er atbeini heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og stuðningur Alþingis nauðsynlegur þannig að fjárveiting verði tryggð og sú framúrskarandi starfsemi sem nú fer fram á glasafrjóvgunardeildinni verði styrkt.

624. Nefndarálit [138. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að kanna embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur meiri hluti hennar hvorki ástæðu til skipunar þeirrar rannsóknarnefndar sem tillagan gerir ráð fyrir né þeirrar rannsóknar á embættisfærslu umhverfisráðherra sem þar er mælt fyrir um og leggur til að tillagan verði felld.

Alþingi, 8. febr. 1995.

Guðmundur Árni Stefánsson, varaform., frsm. Björn Bjarnason. Ey. Kon. Jónsson.

Ingi Björn Albertsson. Tómas Ingi Olrich.

625. Fyrirspurn [388. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslukostnað.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hefur ráðherra gefið fyrirmæli til sýslumanna um innheimtu löggæslukostnaðar vegna skemmtana, m.a. af framlengingarleyfum hjá veitingahúsum úti um land, þannig að tryggt sé að mismunun í þessum efnum sé úr sögunni og ef svo er frá hvaða tíma?

626. Fyrirspurn [389. mál]

til samgönguráðherra um undirbúning að jarðgöngum undir Hvalfjörð.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er staða undirbúnings að jarðgöngum undir Hvalfjörð?
2. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til undirbúnings og hönnunar af hálfu ríkisins annars vegar og Spalar hf. hins vegar?

3. Hvernig er fyrirhugað að standa að fjármögnun framkvæmda og hvar eru þau mál á vegi stödd?
4. Er gert ráð fyrir að ríkið kosti einhverju til við framkvæmdina og ef svo er um hversu háa upphæð er þar að ræða?
5. Hvaða hugmyndir eru um framkvæmdahraða?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur undirbúningur að gerð jarðganga undir Hvalfjörð staðið um nokkurt árabil. Árið 1990 voru sett lög (nr. 45/1990) sem heimiluðu að ríkið gengi til samninga við fyrirtæki sem stofnað yrði til þess að hafa forgöngu um framkvæmdina og annast rekstur. Þetta fyrirtæki, Spölur hf., hefur síðan haft undirbúning með höndum á grundvelli samnings frá öndverðu ári 1991.

Frá upphafi var það grundvallarforsenda fyrirhugaðrar framkvæmdar að hún gæti borið sig sem sjálfstætt fyrirtæki og unnt væri að ráðast í verkið á grundvelli sérstakrar fjármögnunar án þátttöku eða ábyrgðar ríkisins og þar með utan vegáætlunar. Á þessum forsendum hefur sá stuðningur, sem fyrirhugaðar framkvæmdir hafa átt að mæta, byggst enda ekki um það deilt að jarðgöng undir utanverðan Hvalfjörð yrðu hin mesta samgöngubót.

Í ljósi þessa aðdraganda málsins og þess að undirbúningur hefur dregist nokkuð á langinn er fyrirspurn þessi flutt til að grennslast fyrir um stöðu þess.

627. Fyrirspurn [390. mál]

til fjármálaráðherra um hlutabréfaeign einstaklinga.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

1. Hve háa fjárhæð telja einstaklingar fram sem hlutabréfaeign?
2. Hve háa fjárhæð telja einstaklingar fram sem arð af hlutabréfum?
3. Hverjar eru skatttekjur ríkissjóðs af hlutabréfaeign einstaklinga, þ.e.:
   a. hve margir einstaklingar greiða eignarskatt af hlutabréfaeign og hve mikið,
   b. hve margir einstaklingar greiða tekjuskatt af hlutabréfaeign og hve mikið?

Skriflegt svar óskast.

628. Fyrirspurn [391. mál]

til iðnaðarráðherra um framleiðslu á kísilmálmi.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hefur markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis aflað sér upplýsinga um áhuga erlendra aðila á að fjárfesta í vinnslu kísilmálms hér á landi?
2. Hver er þróunin í verðlagi kísilmálms á alþjóðlegum mörkuðum síðustu fjögur ár?
3. Eru uppi áform í iðnaðarráðuneytinu um að gera úttekt á hagkvæmni kísilmálmvinnslu?

629. Nefndarálit [323. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund til sín Ásgeir Einarsson frá iðnaðarráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Guðmundur Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. febr. 1995.

Svavar Gestsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir.	Pálmi Jónsson.
Sverrir Sveinsson.	Guðjón Guðmundsson.	Gísli S. Einarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.		Tómas Ingi Olrich.

630. Nefndarálit [325. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ásgeir Einarsson frá iðnaðarráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Guðmundur Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. febr. 1995.

Svavar Gestsson, form.	Kristín Einarsdóttir, frsm.	Pálmi Jónsson.
Guðjón Guðmundsson.	Gísli S. Einarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Tómas Ingi Olrich.		Sverrir Sveinsson.

631. Fyrirspurn [392. mál]

til fjármálaráðherra um fræðslu um bókhald og fjárreiður ríkisstofnana.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar í ríkisreikningi 1993 til starfsmanna ríkisins þar sem segir „að full ástæða sé til þess að auka upplýsingagjöf og fræðslu fyrir þá sem sinna bókhaldi og fjárreiðum ríkisstofnana“?

632. Fyrirspurn [393. mál]

til menntamálaráðherra um réttindamál kennara.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til að fjalla um réttindamál kennara í tengslum við áformaðan flutning grunnskólans til sveitarfélaga?

633. Tillaga til þingsályktunar [394. mál]

um tilraunavinnslu á kalkþörungum í Arnarfirði og Húnaflóa.

Flm.: Pétur Bjarnason, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hvort hagkvæmt geti verið að vinna áburð eða fóðurblöndunarefni úr kalkþörungum sem m.a. finnast í allmiklu magni í Arnarfirði og Húnaflóa.

Verði niðurstaðan jákvæð verði þessi mið könnuð frekar, áætlað magn kalkþörungs og árleg endurnýjun. Enn fremur verði markaðir fyrir þessa framleiðslu skoðaðir með tilliti til vinnslu- og flutningskostnaðar.

Sérstaklega verði skoðað hvort hægt sé að nýta vélakost sem nú er til staðar til þessarar vinnslu.

Greinargerð.

Það hefur verið vitað um árabil að í Arnarfirði og Húnaflóa er að finna auðug mið kalkþörunga. Dr. phil. Helgi Jónsson segir m.a. frá þessu árið 1910 í ritum sínum um íslenska sæþörunga.

Sigurður V. Hallsson efnaverkfræðingur tók sýni 1969 úr Arnarfirði sem þurrkað var í fiskimjölsverksmiðju á Patreksfirði og síðan efnagreint hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Niðurstaða þeirrar efnagreiningar var sem hér segir:

Kalsíumkarbónat ($CaCo_3$)	79,3%
Magnesíumkarbónat ($MgCO_3$)	9,7%
Vatn	0,7%
Köfnunarefni (N)	0,25%
Sandur (óuppleysanlegt í saltsýru)	1,5%

Sigurður V. Hallsson segir m.a. svo í grein sem hann skrifar í blaðið Ísfirðing 11. október 1969 þar sem hann lýsir miðum við Langanes í Arnarfirði: „Brún neðansjávarnessins var staðsett með sextant og kortlögð, og reyndist flatarmál kalkþörungamiðanna við Langanes um 2,4 km^2. Á þessu svæði ætti því samkvæmt mælingum á rúmþyngd kalkþörunga að vera um 2 millj. tonna af ferskum kalkþörungum í 1 meters þykku lagi, en þykkt lagsins er enn ókönnuð. Ef miðað væri við að vöxtur þörunganna væri 1 cm á einu ári, en lifandi skel sem fannst innan í kalkþörungsmola gefur það til kynna, ætti framleiðslan að vera 20 þús. tonn af kalkþörungum á Langanessvæðinu einu saman. Ofangreindum tölum er einungis ætlað að gefa til kynna í hvaða stærðarflokki mærlingsframleiðslan gæti verið samkvæmt þeim frumathugunum sem hér hafa verið gerðar.“ Sigurður notar hér orðið mærlingur um þörungana.

4.–6. september 1975 var svo safnað sýnum til könnunar á lífríki þessara setlaga í Arnarfirði. Könnunin var gerð á rs. Dröfn og lýsir Karl Gunnarsson þeim í grein í tímaritinu Hafrannsóknir, 10. hefti 1977. Gert var ráð fyrir að þykkt setlaganna yrði mæld í þeirri athugun en úr því gat ekki orðið og er því lítið hægt að segja um þykkt þeirra með vissu. Karl telur æskilegt að setlögin í Arnarfirði yrðu athuguð á öðrum árstíma þar sem hugsanlegt væri að þá fengist önnur mynd af gróðrinum.

Enn var svo gerð könnun í Húnaflóa með svokallaðri Shipek-botngreip í leiðangri rs. Drafnar í vestanverðum Húnaflóa í janúar 1979. Þar voru tekin sýni á 140 stöðum á vestanverðum Húnaflóa, en tilgangur þeirrar ferðar var m.a. að kanna hvort þar mætti finna skeljasand sem nýta mætti til áburðar á ræktað land. Í Strandasýslu er kalkskortur mikill í jarðvegi og sýrustig lágt. Því var talið að spara mætti verulegt fé ef unnt væri að vinna kalk sem næst notkunarstað því að flutningar á áburðarkalki eru ákaflega kostnaðarsamir.

Kjartan Thors og Guðrún Helgadóttir hafa lýst þessum leiðangri í grein sem nefnist „Kalkþörungar á Húnaflóa og hugsanleg nýting þeirra“, en greinin birtist í ritinu Íslenskar landbúnaðarrannsóknir 1980. Niðurstöður þeirra sýna að „við sunnanverðan Húnaflóa, þ.e. í Miðfirði, Hrútafirði og Bitrufirði utanverðum, eru víðáttumiklar breiður af kalkþörungaseti. Ekki er unnt að segja til um þykkt þessa sets, en hin mikla útbreiðsla þess sýnir að um mikið magn er að ræða. Kalkþörungasetið er á litlu dýpi og því aðgengilegt til dælingar eða moksturs af hafsbotni.“

Frakkar taka árlega um 300.000 lestir af kalkþörungaseti (maerl) af hafsbotni við Bretagneskaga. Úr kalkþörungasetinu vinna Frakkar kalkáburð til notkunar í landbúnaði, en einnig hefur það verið notað til blöndunar í skepnufóður og til síunar á súru neysluvatni.

Þar sem alllangt er síðan þessu máli hefur verið gefinn gaumur, en ástæða er til þess að ætla að hér geti verið um veruleg verðmæti að ræða, er þessi þingsályktunartillaga flutt nú. Það er skoðun flutningsmanna að athuga beri allar auðlindir sjávar og landgrunns sem nýtanlegar kunni að vera, ekki síst ef hægt er að nota aðstöðu og vélakost sem þegar er fyrir hendi til vinnslunnar.

634. Fyrirspurn [395. mál]

til samgönguráðherra um vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Frá Sverri Sveinssyni.

Hvað líður samanburði á vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með jarðgöngum um Héðinsfjörð og gerð heilsársvegar um Lágheiði?

635. Frumvarp til laga [396. mál]

um greiðsluaðlögun.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Guðmundur Stefánsson, Guðni Ágústsson, Halldór Ásgrímsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhann Einvarðsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Helgason, Jón Kristjánsson, Pétur Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Sverrir Sveinsson, Valgerður Sverrisdóttir.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með greiðsluaðlögun samkvæmt lögum þessum er átt við að skuldari verði fyrir sitt leyti leystur að hluta undan fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Greiðsluaðlögun nær þó ekki til allra fjárhagslegra skuldbindinga, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Greiðsluaðlögun verður aðeins ákvörðuð af sýslumanni en kröfuhafi getur þó kært ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms, sbr. ákvæði VI. kafla. Kröfuhafi er bundinn af greiðsluaðlögun þegar hún hefur verið ákveðin.

Ef beiðni um greiðslustöðvun eða gjaldþrotaskipti á búi skuldara eða beiðni um nauðasamninga liggur fyrir hjá héraðsdómi þegar umsókn um greiðsluaðlögun berst verður umsóknin ekki tekin til umfjöllunar fyrr en meðferð þessara beiðna er lokið. Ef slíkar beiðnir koma fram af hálfu kröfuhafa á meðan sýslumaður hefur greiðsluaðlögun til meðferðar skulu þær látnar bíða þar til meðferð málsins er lokið hjá sýslumanni.

Á meðan umsókn um greiðsluaðlögun er til meðferðar hjá sýslumanni verður eignum skuldara ekki ráðstafað með nauðungarsölu.

II. KAFLI
Skilyrði greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Einstaklingur, sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur, á rétt á greiðsluaðlögun ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Hann er í varanlegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að hann geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar.
2. Bú hans er hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hefur hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga.
3. Að greiðsluaðlögun teljist sanngjörn með tilliti til aðstæðna skuldara og lánardrottna.

Við mat skv. 3. tölul. 1. mgr. skal taka tillit til hvar og hvenær til skuldarinnar hefur stofnast, til hvaða ráðstafana skuldarinn hefur gripið til að standa við skuldbindingar sínar og hvort hann hafi sjálfur reynt að ná samkomulagi við kröfuhafa.

3. gr.

Óheimilt er að veita einstaklingi greiðsluaðlögun oftar en einu sinni nema sérstakar ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Fjárkröfur sem greiðsluaðlögun nær til.

4. gr.

Undir greiðsluaðlögun falla allar fjárkröfur á hendur skuldara sem stofnast hafa fram að þeim tíma að greiðsluaðlögun er ákveðin, sbr. þó 2. mgr.

Greiðsluaðlögun tekur ekki til:

1. Veðkrafna að því leyti sem eign stendur undir kröfu.
2. Krafna sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun er lögð fram.
3. Krafna sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldara væri tekið til gjaldþrotaskipta.
4. Krafna sem ágreiningur er um.

5. gr.

Allar kröfur skv. 1. mgr. 4. gr. eru jafnréttháar. Þetta á þó ekki við ef:

1. Kröfuhafi samþykkir að krafa hans sé réttlægri en aðrar.
2. Upphæð kröfu er það lág að sérstakar ástæður mæla með því að hún sé greidd að fullu áður en til greiðsluaðlögunar kemur.

IV. KAFLI
Umsókn um greiðsluaðlögun.

6. gr.

Umsókn um greiðsluaðlögun skal rituð á eyðublað sem sýslumaður lætur í té og beint til sýslumanns í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili. Umsókn, sem ekki er beint í rétt umdæmi, skal framsend af sýslumanni á réttan stað.

Umsókn skal undirrituð af skuldara.

Með umsókn skulu fylgja staðfest endurrit af síðasta skattframtali skuldara.

7. gr.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í umsókn:

1. Nafn skuldara, kennitala og heimili, svo og nöfn fyrirsvarsmanna, ef því er að skipta, og heimili þeirra.
2. Vottorð um lögheimili hér á landi.
3. Upplýsingar um eignir og skuldir ásamt nöfnum kröfuhafa, kennitölu þeirra, heimilisfangi og símanúmeri, enn fremur hverjir eru ábyrgðarmenn fyrir skuldara.
4. Upplýsingar um tekjur og útgjöld.
5. Upplýsingar um persónulegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara og fjölskyldu hans sem hafa þýðingu fyrir mat á greiðsluaðlögun.

Framangreindar upplýsingar skulu gefnar að viðlögðum drengskap.

V. KAFLI
Málsmeðferð hjá sýslumanni.

8. gr.

Þegar sýslumanni hefur borist umsókn um greiðsluaðlögun skal hann kanna hvort hún fullnægi formskilyrðum skv. 7. gr. Sýslumaður skal benda umsækjanda á atriði sem áfátt er í umsókn og gera honum jafnframt grein fyrir að henni kunni að verða hafnað verði ekki bætt úr þeim.

Sýslumaður skal vísa frá umsókn um greiðsluaðlögun reynist ekki unnt að leggja hana til grundvallar athugun málsins og skuldari hefur ekki farið eftir tilmælum sýslumanns um að bæta úr annmörkum. Skal hann tilkynna skuldara og þekktum kröfuhöfum þá ákvörðun sína.

9. gr.

Þegar fullnægjandi umsókn liggur fyrir skal sýslumaður afla upplýsinga um persónulegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara eftir því sem tilefni er til. Sýslumaður getur ef hann kýs frekar falið skuldara að útvega þessar upplýsingar.

Sýslumanni er heimilt að kalla skuldara til viðtals vegna umsóknar hans. Þar skal skuldari veita þær viðbótarupplýsingar sem sýslumann vantar til að geta tekið ákvörðun í málinu. Boð um viðtal skal sent á lögheimili skuldara. Í því skal gerð grein fyrir af hverju skuldari er kallaður til viðtals og að umsókn hans um greiðsluaðlögun kunni að verða hafnað ef hann mætir ekki. Ef ástæða þykir til skal sýslumaður einnig boða kröfuhafa eða aðra aðila sem veitt geta upplýsingar um málið til viðtals.

10. gr.

Fullnægi skuldari ekki skilyrðum greiðsluaðlögunar, sbr. 2. og 3. gr., skal sýslumaður hafna umsókn. Skal hann rökstyðja þá ákvörðun sína og tilkynna skuldara og þekktum kröfuhöfum.

11. gr.

Fullnægi skuldari skilyrðum greiðsluaðlögunar skal sýslumaður, í samráði við skuldara, leggja fram tillögu að greiðsluaðlögun. Hún skal ávallt lögð fram í stöðluðu formi. Í tillögu að greiðsluaðlögun skal koma fram:

1. Hvaða fjárkröfur skv. 4. gr. falli undir greiðsluaðlögunina og hvort þær séu allar jafnréttháar.

2. Sú upphæð sem kemur til skipta milli kröfuhafa og hversu há upphæð stendur eftir af kröfum sem ekki fást greiddar. Fram skulu koma heildarfjárhæðir og sundurliðað yfirlit yfir einstakar kröfur.
3. Greiðsluáætlun sem sýnir hvenær og hvernig eftirstöðvar skulda verða greiddar kröfuhafa.

Við mat á greiðslugetu skuldara, sem fram kemur í greiðsluáætlun skv. 3. tölul. 1. mgr., skal taka tillit til allra tekna skuldara að frádregnum framfærslukostnaði hans og fjölskyldu hans. Ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða skal einnig líta til tekna maka.

Greiðsluáætlun skv. 3. tölul. 1. mgr. skal vera til fimm ára nema sérstakar ástæður mæli með lengri eða skemmri tíma.

12. gr.

Tillögu að greiðsluaðlögun skv. 11. gr. skal senda til allra kröfuhafa sem lagt er til að sæti lækkun eða brottfalli á kröfu og ábyrgðarmanna skuldara og þeir hvattir til að gera athugasemdir um fyrirliggjandi tillögur innan tveggja vikna. Þar skal einnig koma fram að það hindri ekki ákvörðun um greiðsluaðlögun þó að athugasemdir berist ekki fyrir tilsettan tíma.

13. gr.

Sýslumaður skal taka afstöðu til þeirra athugasemda sem fram koma á grundvelli 12. gr. svo fljótt sem kostur er. Ef hann telur þörf á að breyta tillögunni skal sýslumaður tilkynna um það með þeim hætti sem segir í 12. gr. Þá skal sýslumaður senda öllum kröfuhöfum bréf þar sem fram kemur hvort talin er ástæða til að breyta tillögunni eða ekki á grundvelli athugasemda viðkomandi kröfuhafa ásamt rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu.

Kröfuhafi, sem að liðnum fresti hefur ekki gert athugasemdir á grundvelli 12. gr., telst hafa samþykkt tillöguna.

Eftir að sýslumaður hefur tekið afstöðu til athugasemda á grundvelli 1. mgr. eða ef allir kröfuhafar lýsa sig samþykka tillögu að greiðsluaðlögun og hún samræmist þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum skal sýslumaður taka ákvörðun um að greiðsluaðlögun skuli ná fram að ganga.

14. gr.

Þegar ákvörðun um greiðsluaðlögun hefur verið tekin skal birta tilkynningu þar um í Lögbirtingablaðinu ásamt áskorun til allra kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum í síðasta lagi einum mánuði frá birtingu. Ef ástæða þykir til getur sýslumaður ákveðið að tilkynning skuli einnig birt í einu eða fleiri dagblöðum. Sýslumaður getur einnig framlengt innköllunarfrestinn upp í tvo mánuði ef sérstök ástæða þykir til.

15. gr.

Eftir að innköllunarfrestur skv. 14. gr. er liðinn skal sýslumaður birta tilkynningu í Lögbirtingablaðinu um að greiðsluaðlögun sé komin til framkvæmda. Tekur greiðsluaðlögun þá gildi frá þeim tíma sem birtingin fer fram.

VI. KAFLI
Kæruheimildir.

16. gr.

Skuldari eða kröfuhafi geta krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um greiðsluaðlögun með því að tilkynna það sýslumanni innan viku frá því að þeim verður sú ákvörðun kunn.

Skuldari getur krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um að vísa umsókn um greiðsluaðlögun frá á grundvelli 2. mgr. 8. gr. eða hafna umsókn með vísan í 10. gr. og skal hann þá tilkynna sýslumanni þar um með sama hætti og getur í 1. mgr.

Ef krafist er úrlausnar á grundvelli 1. eða 2. mgr. skal sýslumaður bóka nákvæmlega hver sú ákvörðun er sem krafist er úrlausnar héraðsdómara um og hverjar kröfur aðilar gera. Skulu jafnframt bókaðar í stuttu máli röksemdir sem þeir færa fyrir kröfum sínum. Síðan skal sýslumaður framsenda málið til héraðsdóms sem hefur dómsvald í umdæmi hans.

17. gr.

Dóminum ber að ógilda ákvörðun sýslumanns ef forsendur fyrir greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum eru ekki uppfylltar eða ef skuldari mætir ekki til boðaðs þinghalds.

Að öðru leyti skulu ákvæði 86.–91. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, gilda um málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

18. gr.

Ef héraðsdómur úrskurðar skuldara í vil getur skuldari borið málið aftur undir sýslumann sem ber þá að taka málið til meðferðar að nýju. Sama gildir ef héraðsdómur hnekkir ákvörðun sýslumanns á grundvelli kæru kröfuhafa nema úrskurður héraðsdóms hafi byggst á því að umsókn skuldara fullnægi ekki skilyrðum II. kafla eða að fjárkröfur viðkomandi kröfuhafa falli undir 2. mgr. 4. gr.

Úrskurðir héraðsdóms eru fullnaðarúrskurðir.

Sýslumanni ber að tilkynna kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum um ef héraðsdómur hnekkir ákvörðun sýslumanns á grundvelli kæru skv. 1. mgr. 16. gr. Hann skal jafnframt láta birta slíkan úrskurð héraðsdóms í Lögbirtingablaði.

VII. KAFLI
Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

19. gr.

Birting ákvörðunar um greiðsluaðlögun skv. 15. gr. leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögun nær til. Við greiðsluaðlögun er skuldari jafnframt leystur undan ábyrgð á greiðslu krafna sem voru óþekktar þegar erindi um greiðsluaðlögun var til umfjöllunar en hefðu fallið undir greiðsluaðlögunina. Þetta gildir þó ekki um kröfur sem falla undir 2. tölul. 4. gr.

Vextir af skuldum skv. 1. og 2. málsl. 1. mgr. falla niður frá sama tíma.

Greiðsluaðlögun, sem komin er til framkvæmda, hefur engin áhrif á rétt kröfuhafa til að krefjast gjaldþrotaskipta á grundvelli krafna sem stofnast hafa eftir birtingu skv. 15. gr. eða krafna sem ekki féllu undir greiðsluaðlögunina á grundvelli 2. mgr. 4. gr. Hún hefur heldur ekki áhrif á rétt kröfuhafa gegn ábyrgðarmönnum.

VIII. KAFLI
Endurmat greiðsluaðlögunar.

20. gr.

Að beiðni kröfuhafa, sem á kröfu er fellur undir greiðsluaðlögun samkvæmt þessum lögum, getur sýslumaður fellt greiðsluaðlögun úr gildi, eða ef 5. tölul. þessarar málsgreinar á við endurmetið greiðsluaðlögun, ef:

1. skuldari hefur á fölskum forsendum fengið kröfuhafa til að samþykkja greiðsluaðlögun,
2. skuldari hefur í umsókn sinni um greiðsluaðlögun eða við meðferð málsins látið kröfuhafa í té rangar upplýsingar um stöðu sína eða annað sem ætla má að skipt hafi máli við mat kröfuhafa á því hvort hann ætti að samþykkja greiðsluaðlögun,
3. skuldari hefur gefið rangar upplýsingar til sýslumanns eða héraðsdóms eða látið hjá líða að veita upplýsingar sem hann er skyldugur til að gefa og þessar röngu upplýsingar hafa orðið til þess að ákvörðun um greiðsluaðlögun reynist ekki í samræmi við raunverulega stöðu skuldara,
4. skuldari fylgir ekki greiðsluáætluninni, nema um lítils háttar frávik sé að ræða,
5. fjárhagsstaða skuldara batnar verulega eftir að greiðsluaðlögun er hafin.

Kröfuhafi verður að leggja fram beiðni um endurmat innan árs frá því að tilkynning um greiðsluaðlögun var birt skv. 15. gr. Beiðni um endurmat á grundvelli 4. eða 5. tölul. má þó leggja fram hvenær sem er á þeim tíma sem greiðsluaðlögun nær til.

Sýslumaður skal gefa skuldara, kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum kost á að tjá sig um beiðni um endurmat samkvæmt þessari grein, sbr. 12. gr.

21. gr.

Að beiðni skuldara getur sýslumaður breytt ákvörðun sinni um greiðsluáætlun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 11. gr., ef aðstæður hafa breyst verulega eftir að tilkynning um greiðsluáætlun var birt.

Sýslumaður skal gefa kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum kost á að tjá sig um beiðni um endurmat samkvæmt þessari grein, sbr. 12. gr.

22. gr.

Heimilt er sýslumanni að afturkalla eða breyta að eigin frumkvæði fyrri ákvörðun um heimild til greiðsluaðlögunar ef einhverjar upplýsingar koma fram sem hefðu leitt til höfnunar á greiðsluaðlögun.

23. gr.

Ef sýslumaður ákveður að endurskoða fyrri ákvörðun um greiðsluaðlögun skal sú ákvörðun rökstudd og birt skuldara og öðrum aðilum á þann hátt sem mælir fyrir um í 15. gr. Endurákvörðun telst komin til framkvæmda við birtingu í Lögbirtingablaði.

Um kæru endurákvörðunar gilda ákvæði VI. kafla.

IX. KAFLI
Önnur ákvæði.

24. gr.

Ef skuldari deyr telst umsókn um greiðsluaðlögun sjálfkrafa fallin niður.

25. gr.

Ef skuldari afturkallar umsókn um greiðsluaðlögun skal meðferð málsins samstundis hætt.

26. gr.

Samkomulag sem skuldari eða þriðji maður gerir þar sem einhverjum kröfuhafa sem fellur undir greiðsluaðlögunina er lofað hærri greiðslum en greiðsluaðlögunin segir til um telst ógilt.

27. gr.

Einstaklingum sem lögaðilum er skylt að veita sýslumanni og héraðsdómi allar þær upplýsingar sem óskað er um persónulega og fjárhagslega stöðu skuldara og nauðsynlegar teljast til að geta tekið afstöðu til umsóknar um greiðsluaðlögun.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að gefa þeim einstaklingum sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum því að neyðarástand hefur skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot blasir við mörgum þeirra. Það hefur skapað margvísleg félagsleg vandamál, lagt auknar byrðar á félagsmálastofnanir, aukið örvæntingu einstaklinga og fjölskyldna og skapað sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa. Tvær meginástæður eru fyrir greiðsluerfiðleikum heimilanna, í fyrsta lagi húsnæðismálin sem birtast í göllum húsbréfakerfisins, styttri lánstíma, hærri vöxtum og þar af leiðandi aukinni greiðslubyrði og í öðru lagi vaxandi atvinnuleysi, stórhækkaðir skattar, auknar álögur í formi þjónustugjalda, lækkun barna- og vaxtabóta og vaxandi kjaraskerðing.

Til að koma í veg fyrir þá holskeflu gjaldþrota, sem nú blasir við og gera mun þúsundir fjölskyldna heimilislausar, þarf að grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heimilanna, vandamálum sem þegar eru orðin svo mikil að heimilin ráða ekki við þau. Margt þarf að koma til, svo sem greiðsluaðlögun, lenging lána, félagsleg aðstoð og veiting greiðsluerfiðleikalána.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um greiðsluaðlögun þar sem skuldurum verði hjálpað til að komast út úr mesta svartnættinu. Markmiðið með greiðsluaðlögun er að skuldari fái lánskjörum breytt þannig að greiðslubyrði verði léttari. Breyting á lánskjörum getur falið í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt eða skuld lækkuð eða fryst um tíma á meðan fólk leitar lausna á tímabundnum erfiðleikum t.d. vegna atvinnuleysis, veikinda og fleira. Greiðsluaðlögun kemur aðeins til greina hafi hún í för með sér ávinning fyrir skuldara, lánardrottna og samfélagið í heild. Ávinningur fyrir skuldarana verði sá að þeir geti staðið í skilum með skuldina, ávinningur fyrir lánardrottnana verði sá að líkur á endurgreiðslu aukist og ávinningur samfélagsins verði sá að færri þurfi að leita á náðir félagsmálastofnananna.

Til að ná sem víðtækastri samstöðu um þau markmið sem frumvarp þetta um greiðsluaðlögun snýst um er mikilvægt að greiðsluaðlögun nái jafnt til skulda við ríki, innlánsstofnanir, lífeyrissjóði og verkalýðshreyfingu sem og húsnæðisskulda.

Í lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, er sérstaklega fjallað um nauðasamninga. Áður voru reglur um nauðasamninga í sérstökum lögum, nr. 19/1924. Með breyttum lögum virðist samkvæmt almennri greinargerð í frumvarpi til laga um gjaldþrotaskipti m.a. hafa verið ætlunin að einstaklingar, sem ekki eru í atvinnurekstri, gætu í auknum mæli leitað eftir nauðasamningum við lánardrottna sína án tengsla við gjaldþrotaskipti. Raunin hefur hins vegar orðið sú að lítil sem engin breyting hefur orðið í þessu efni frá því sem áður var. Mjög sjaldgæft er að einstaklingar fari í nauðasamningsumleitanir nema í beinum tengslum við gjaldþrotaskipti. Ástæðan er líklega sú hversu þungt þetta úrræði gjaldþrotaskiptalaganna er í vöfum auk þess sem töluverður kostnaður er því fylgjandi fyrir skuldara. Í þessu frumvarpi er lagt til að skapað verði virkt úrræði fyrir stjórnvöld til að aðstoða þá einstaklinga og fjölskyldur í landinu sem lent hafa í alvarlegum fjárhagserfiðleikum við að ná fótfestu á ný í þjóðfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með hugtakinu greiðsluaðlögun í lögum þessum er átt við að hægt verði að leysa skuldara að hluta undan fjárhagslegum skuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur. Vissar kröfur eru þó ávallt undanþegnar greiðsluaðlögun, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Gert er ráð fyrir að málsmeðferð í tengslum við umsókn um greiðsluaðlögun verði á einni hendi, þ.e. hjá sýslumanni, en heimilt er að kæra vissar ákvarðanir sýslumanns til héraðsdóms, sbr. VI. kafla. Kröfuhafi er bundinn af úrskurði um greiðsluaðlögun þegar hún hefur verið ákveðin. Hann getur þó í vissum tilvikum óskað eftir endurmati á ákvörðuninni, sbr. VIII. kafla.

Ekki þykir eðlilegt að fjallað verði um umsókn um greiðsluaðlögun meðan héraðsdómur hefur málefni skuldara til meðferðar á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991. Hins vegar er nauðsynlegt að frysta beiðnir um greiðslustöðvun, gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga sem koma fram meðan umsókn um greiðsluaðlögun er til meðferðar hjá sýslumanni.

Um skýringu á 4. mgr. vísast í skýringar á 2. mgr. 40. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Um II. kafla.

Hér er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að greiðsluaðlögun komi til greina. Hafa verður í huga að þessi skilyrði verða aldrei afmörkuð að fullu í lögum þar sem ávallt hlýtur að verða að meta hvert tilvik fyrir sig.

Um 2. gr.

Grunnforsendur fyrir því að greiðsluaðlögun sé heimil eru annars vegar að skuldari eigi lögheimili hér á landi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Ef þessar forsendur eru uppfylltar á skuldari rétt á greiðsluaðlögun ef skilyrðum 1.–3. tölul. er fullnægt. Nokkuð auðvelt á að vera að ganga úr skugga um hvort skilyrðum 1. og 2. tölul. er fullnægt, þ.e. hvort sýnt sé að samanlagðar tekjur dugi ekki til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum og hvort bú skuldara sé nokkuð í greiðslustöðvun, undir gjaldþrotaskiptum eða nauðasamningar komist á. Skilyrði 3. tölul. um hvort greiðsluaðlögun teljist sanngjörn með tilliti til persónulegra og fjárhagslegra aðstæðna skuldara er hins vegar mjög matskennt. Í 2. mgr. kemur fram hvað beri að hafa í huga við mat á því hvort þetta skilyrði er uppfyllt. Tilgangurinn með þessum lögum er að veita þeim einstaklingum, sem

stofnað hafa til skuldbindinga sem þeir ráða ekki við, kost á niðurfellingu þeirra skulda að hluta. Aðeins í þeim tilvikum þar sem ólíklegt er að skuldari hafi, þegar til hinna fjárhagslegu skuldbindinga var stofnað, átt að geta séð fyrir mjög breyttar aðstæður í framtíðinni hlýtur greiðsluaðlögun að teljast sanngjörn en ekki ef líklegt er að skuldara hafi mátt vera ljóst þegar til lánanna var stofnað að hann mundi ekki standa undir greiðslubyrði á þeim lánum. Því miður er nokkuð ríkjandi í okkar íslenska þjóðfélagi að menn fari út í alls konar fjárfestingar án þess að hafa reiknað dæmið til fulls með það að leiðarljósi að þetta hljóti að reddast einhvern veginn. Það væri engan veginn sanngjarnt með tilliti til þeirra sem fara ekki út í fjárfestingar nema hafa eftir bestu getu reiknað út að þeir séu borgunarmenn fyrir þeim skuldum sem stofnað er til að fyrrnefndi hópurinn gæti treyst á að redda sér fyrir horn ef dæmið gengur ekki upp með því að óska eftir greiðsluaðlögun. Þær aðstæður eru samt alltaf að koma upp að menn sem töldu sig hafa allt sitt á þurru þegar til tiltekinna fjárfestinga var stofnað eru skyndilega ekki lengur borgunarmenn fyrir skuldum sínum, t.d. vegna þess að þeir hafa óvænt misst vinnu sína eða jafnvel að ríkið hefur verið að bæta á einhverjum álögum sem ekki voru fyrir hendi þegar þeir gerðu sína útreikninga í upphafi. Það er fyrst og fremst í þessum tilvikum sem greiðsluaðlögun getur talist sanngjörn skv. 3. tölul. þessarar greinar.

Um 3. gr.

Þau úrræði, sem frumvarp þetta mælir fyrir um, hljóta alltaf að vera alger undantekningarúrræði sem ekki er gripið til fyrr en allar aðrar dyr virðast lokaðar. Því er ekki eðlilegt að hver einstakur aðili eigi rétt á greiðsluaðlögun nema einu sinni. Þó er gert ráð fyrir að víkja megi frá þessu í sérstökum tilvikum ef sýslumaður metur það svo, en þá undanþágu verður að skýra mjög þröngt.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er mælt fyrir um hvaða kröfur falla undir greiðsluaðlögun og um réttháð þeirra.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að allar fjárkröfur á hendur skuldara geti fallið undir greiðsluaðlögun, en í 2. mgr. eru taldar upp undantekningarnar frá þessari meginreglu.

Ekki þykir eðlilegt að kröfur, sem tryggðar eru með veðrétti í eign skuldara, falli undir greiðsluaðlögun enda er þar um kröfur að ræða sem almennt njóta forgangsréttar í réttarfarsframkvæmd. Það er líka skilyrði til að kröfur geti fallið undir greiðsluaðlögun að þær séu gjaldfallnar. Í 3. tölul. er sambærileg regla við ákvæði í 5. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Loks þykir ekki eðlilegt að greiðsluaðlögun nái til krafna sem ágreiningur er uppi um.

Um 5. gr.

Almenna reglan er sú að allar kröfur sem greiðsluaðlögun lýtur að eru jafnréttháar, en þó er gerð undantekning í tveimur tilvikum. Annars vegar þegar um það er að ræða að kröfuhafi samþykkir að aðrar kröfur gangi framar hans eigin og hins vegar þegar upphæð kröfu er mjög lág með tilliti til annarra krafna og sérstakar ástæður mæla með því að viðkomandi kröfuhafi fái sína kröfu greidda að fullu. Þessi síðarnefnda heimild er sett inn til einföldunar á framkvæmd greiðsluaðlögunar auk þess kröfuhafar væru lítt betur

settir þó slíkar smákröfur yrðu teknar með. Það er lagt á sýslumann að meta hvenær krafa telst það lág að rétt sé að greiða hana að fullu.

Um IV. kafla.

Hér eru settar fram reglur um meðferð og form umsóknar um greiðsluaðlögun.

Um 6. gr.

Umsókn um greiðsluaðlögun skal vera skrifleg og beint til sýslumanns í réttu umdæmi. Til að einfalda alla málsmeðferð er gert að skilyrði að hún sé útfyllt á staðlað eyðublað sem sýslumaður lætur í té. Þannig er tryggt að samræmi verði milli umsókna og sýslumaður ætti því að eiga mun hægar um vik að taka afstöðu til hvers einstaks máls.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér eru talin upp þau atriði sem fram þurfa að koma í umsókn. Þessar upplýsingar eiga að vera þessi eðlis að sýslumaður eigi auðvelt með að meta hvort yfir höfuð sé ástæða til frekari framhalds málsins eða ekki. Jafnframt eiga þær að flýta fyrir allri vinnu við málið. Ekki er ástæða til að skýra nákvæmlega alla töluliðina en þó skal tekið fram að 5. tölul. er hafður með fyrst og fremst til að skuldari geti reynt að sannfæra sýslumann um raunverulega þörf hans á að fá að njóta þeirrar skuldaniðurfærslu sem lögin mæla fyrir um.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um málsmeðferðina hjá sýslumanni. Rétt er að geta þess að um sérstakt hæfi sýslumanns gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 8. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu sýslumanns gagnvart skuldara og sýslumanni jafnframt gert að vísa umsókn um greiðsluaðlögun frá ef formskilyrðum er enn ekki fullnægt eftir að hann hefur leiðbeint skuldara um hverju var áfátt.

Um 9. gr.

Hér er mælt fyrir um heimildir sýslumanns til upplýsingaöflunar við meðferð máls. Hann getur bæði leitað eftir upplýsingum um aðstæður skuldara hjá bönkum og opinberum stofnunum, sbr. 27. gr., eða kallað skuldara eða aðra til viðtals.

Um 10. gr.

Ef skuldari fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 2. og 3. gr. laganna ber sýslumanni skylda til að hafna umsókn. Um rökstuðning og tilkynningu slíkrar höfnunar fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Um 11. gr.

Þessi grein inniheldur ákvæði um form tillögu að greiðsluaðlögun, sem sýslumaður leggur fram í samráði við skuldara. Þar skal í fyrsta lagi tekið fram hvaða kröfur muni falla undir greiðsluaðlögunina og hvort einhverjar þeirra séu rétthærri en aðrar. Í öðru lagi þarf að koma skýrt fram hver sú upphæð er sem kemur til skipta milli kröfuhafa og einnig heildarupphæð þeirra krafna sem lagt er til að falli niður. Í þriðja lagi skal tillagan inni-

halda greiðsluáætlun sem segir til um hvenær og hvernig eftirstöðvar skulda skv. 2. tölul. verða greiddar til kröfuhafa.

Greiðsluáætlun hlýtur ávallt að byggjast á mati á greiðslugetu skuldara. Greiðslugetan miðast við tekjur skuldara að frádregnum föstum framfærslukostnaði. Eðlilegt er að tekið sé tillit til heildartekna beggja aðila ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða.

Lagt er til að meginreglan verði sú að greiðsluáætlun nái til fimm ára nema sérstakar ástæður mæli til annars. Ætla má að slíkar sérstakar ástæður geti helst leitt til þess að rök séu fyrir að skuldari fái að greiða skuldir sínar niður á lengri tíma.

Um 12. gr.

Eftir að tillaga að greiðsluaðlögun hefur verið lögð fram er nauðsynlegt að kröfuhafar fái ráðrúm til að kynna sér hana og taka afstöðu til þess hvort þeir geti sætt sig við viðkomandi tillögu. Sýslumanni er samkvæmt þessari grein gert skylt að sjá til þess að öllum kröfuhöfum sem vitað er um sé send tillagan. Til að tryggja að tilkynningin skili sér er eðlilegt að sýslumaður sendi hana í ábyrgðarpósti til móttakenda. Tveggja vikna fresturinn byrjar að líða frá þeim tíma sem kröfuhafar áttu kost á að kynna sér tillöguna. Til að allir sem eiga hagsmuni af því hvort greiðsluaðlögun kemst á eða ekki séu meðvitaðir um þróun mála ber sýslumanni einnig að senda tillöguna með sama hætti til allra þeirra sem sett hafa sig í ábyrgð fyrir skuldara.

Um 13. gr.

Svo fljótt sem kostur er eftir að sá frestur, sem um getur í 12. gr., er liðinn skal sýslumaður taka afstöðu til þeirra athugasemda sem borist hafa. Kröfuhöfum skal kynnt bréflega á rökstuddan hátt hver afstaða var tekin til athugasemda þeirra. Hér gæti t.d. verið um það að ræða að tiltekinn kröfuhafi hafi talið sig eiga fleiri kröfur á skuldarann en fram koma í tillögu að greiðsluaðlögun en sýslumaður bendi honum á það að þær kröfur falli ekki undir greiðsluaðlögun skv. III. kafla. Ef sýslumaður sér ástæðu til að breyta tillögu á grundvelli innsendra athugasemda skal tilkynnt um það á sama hátt og gert var í upphaflegri tilkynningu, nema ekki skal þá gefinn frestur til að skila inn frekari athugasemdum.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 14. og 15. gr.

Eftir að sýslumaður hefur tekið ákvörðun um greiðsluaðlögun á grundvelli 3. mgr. 13. gr. skal sú ákvörðun birt í Lögbirtingablaði ásamt áskorun til kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum. Þannig á öllum þeim sem telja sig eiga kröfu á hendur viðkomandi skuldara að gefast kostur á að lýsa þeim. Ekki er víst að allir hafi gefið sig fram eftir tilkynningu skv. 12. gr. því þar er sýslumanni aðeins ætlað að senda tillögu að greiðsluaðlögun til þeirra skuldara sem vitað er um. Sýslumaður getur einnig skv. 14. gr. ákveðið að ákvörðunin skuli birt í dagblöðum auk Lögbirtingablaðs ef hann hefur ástæðu til að ætla að auglýsing í Lögbirtingablaði einu saman nái ekki til allra skuldara. Eftir að innköllunarfrestur er liðinn skal sýslumaður aftur birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og telst greiðsluaðlögun komin til framkvæmda frá þeim degi sem sú birting fer fram. Ef hins vegar eftir birtingu skv. 14. gr. koma fram kröfur sem ekki voru þekktar áður og sýslumaður telur ástæðu til að taka tillit til frestast birting skv. 15. gr. þangað til endanleg ákvörðun hefur verið tekin.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er gert ráð fyrir að bæði skuldari og kröfuhafi geti kært ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms.

Um 16. gr.

Kæruheimild kröfuhafa er bundin við það eitt að hann uni ekki ákvörðun sýslumanns um greiðsluaðlögun en skuldari getur einnig skotið einstökum ákvörðunum sýslumanns í tengslum við málsmeðferðina til héraðsdóms, sbr. 2. mgr. 16. gr.

Um 17. gr.

Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði aðfararlaga. Héraðsdómur getur þannig aðeins tekið afstöðu til þeirrar kæru sem undir hann er borin og á þeim grunni jafnvel hnekkt ákvörðun sýslumanns en dómurinn getur hins vegar ekki tekið sjálfstæða ákvörðun um að greiðsluaðlögun skuli heimiluð.

Um 18. gr.

Héraðsdómur úrskurðar í kærumálum og verða þeir úrskurðir ekki bornir undir æðra dómsstig. Eftir að héraðsdómur hefur fellt úrskurð sinn getur skuldari farið með málið að nýju fyrir sýslumann svo framarlega sem úrskurður dómsins hefur ekki verið þess efnis að umsókn skuldara fullnægi ekki skilyrðum II. og III. kafla.

Um VII. kafla.

Um 19. gr.

Við birtingu skv. 15. gr. telst greiðsluaðlögun komin til framkvæmda. Þá fellur jafnframt niður greiðsluskylda skuldara á öllum kröfum sem falla undir greiðsluaðlögunina og ekki eiga að fást greiddar samkvæmt henni. Þetta á einnig við um kröfur sem ekki var vitað um þegar málið var til meðferðar og kröfuhafi lýsir ekki á grundvelli 14. gr.

Á sama tíma falla einnig niður allir vextir af þeim kröfum sem um getur í 1. mgr. Vextir falla hins vegar ekki niður af þeim kröfum sem skuldara er eftir sem áður gert að greiða.

Eins og fram kemur í 1. mgr. eru þeir kröfuhafar, sem falla undir greiðsluaðlögunina, bundnir við þá niðurfærslu á kröfum þeirra sem greiðsluaðlögunin segir til um eftir birtingu skv. 15. gr. Allar nýjar kröfur, sem stofnast eftir það tímamark, sem og kröfur sem ekki féllu undir greiðsluaðlögunina skv. 2. mgr. 4. gr., eru hins vegar óháðar þessum réttaráhrifum og kröfuhafar geta því á grundvelli þeirra neytta allra úrræða sem lög veita þeim til að ná fram sínum rétti. Ákvörðun um greiðsluaðlögun leysir ábyrgðarmenn ekki undan skuldbindingum sínum enda væri það ekki sanngjarnt gagnvart kröfuhöfum. Þó má reikna með því að með greiðsluaðlögun aukist líkur á því að skuldari geti greitt einhvern hluta af þeim lánum sem aðrir eru í ábyrgð fyrir.

Um VIII. kafla.

Samkvæmt þessum kafla getur sýslumaður breytt eða fellt greiðsluaðlögun úr gildi eftir að hún er komin til framkvæmda, ýmist af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni kröfuhafa eða skuldara. Þessar heimildir eru óháðar kærufresti VI. kafla og koma fyrst og fremst til ef forsendur hafa breyst verulega frá því að ákvörðun um greiðsluaðlögun var tekin og það stafar annaðhvort frá skuldara sjálfum eða breyttum ytri aðstæðum.

Um 20. gr.

Um skýringu á 1. og 2. tölul. þessarar greinar vísast að nokkru til III. kafla samningalaga, nr. 7/1936. Með orðalaginu „á fölskum forsendum“ í 1. tölul. er meðal annars átt við ef skuldari hefur sviksamlega þagað yfir upplýsingum sem ætla má að hefðu haft áhrif á ákvörðun kröfuhafa um hvort hann ætti að fallast á tillögu um greiðsluaðlögun. Það að láta vísvitandi í té rangar upplýsingar, sbr. 2. tölul., er sambærilegt við svikahugtak III. kafla samningalaga eins og það hefur verið skýrt. Um skýringu á 3. tölul. vísast í skýringu á 2. tölul. og einnig er rétt að hafa XV. kafla almennra hegningarlaga í huga í þessu sambandi. Skv. 4. tölul. getur kröfuhafi lagt fram beiðni um endurmat ef skuldari hefur ekki greitt honum í samræmi við það sem fram kemur í greiðsluáætlun. Orðin „lítils háttar frávik“ í þessu sambandi verður að skýra þröngt. Ætla má að 5. tölul. hafi að geyma það úrræði sem kröfuhafar munu helst notfæra sér af þeim sem greinin kveður á um.

Beiðni um endurmat skv. 1.–3. tölul. verður skv. 2. mgr. að koma fram innan árs frá því að greiðsluaðlögun kom til framkvæmda enda er þar um atriði að ræða sem líklegt er að komi fljótt upp á yfirborðið en þau atriði sem um getur í 4. og 5. tölul. eru þess eðlis að ekki er víst að á þau fari að reyna fyrr en líða tekur á greiðsluaðlögunartímann.

Eðlilegt er að öllum hlutaðeigandi aðilum sé gefinn kostur á að tjá sig um endurmatsbeiðni.

Um 21. gr.

Með þessu ákvæði er skuldara veitt heimilt til að óska eftir endurmati ef aðstæður hafa breyst verulega eftir að greiðsluaðlögun kom til framkvæmda. Fyrst og fremst er hér verið að vísa í þau tilvik þar sem aðstæður skuldara hafa versnað til muna frá því að greiðsluaðlögun átti sér stað, en þó gæti skuldari einnig óskað eftir endurmati á grundvelli þessarar greinar ef staða hans hefði batnað það mikið að hann sæi sér fært að greiða stærri hluta af skuldum sínum en greiðsluaðlögunin gerir ráð fyrir. Með orðunum „veruleg breyting“ er átt við að augljóst sé að aðstæður skuldara hafi versnað það mikið að eðlilegt sé að draga enn frekar úr greiðslubyrði hans ef greiðsluaðlögunin á að ná þeim tilgangi sínum að hjálpa skuldaranum yfir erfiðasta hjallann.

Um skýringu á 2. mgr. vísast í skýringu á 3. mgr. 20. gr.

Um 22. gr.

Hér er sýslumanni veitt heimild til að endurmeta ákvörðun um greiðsluaðlögun ex officio. Skilyrði fyrir því að hann geti gert það er að einhverjar upplýsingar hafi komið fram sem hefðu leitt til höfnunar á greiðsluaðlögun í upphafi ef þær hefðu þá legið fyrir.

Um IX. kafla.

Hér eru talin upp nokkur ákvæði í lokin svo sem um í hvaða tilvikum meðferð máls skuli hætt, um að samkomulag, sem gert er utan við greiðsluaðlögunina þar sem einhverjum kröfuhafa er lofað hærri greiðslum, sé ógilt og um upplýsingaskyldu aðila sem sýslumaður eða héraðsdómur leitar til vegna greiðsluaðlögunarmáls.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Eins og fram kemur í almennri greinargerð er ástand á mörgum heimilum í landinu orðið mjög slæmt og því brýnt að bregðast skjótt við. Hins vegar er nauðsynlegt að framkvæmdin sé sem tryggust og því þarf að veita stjórnvöldum ákveðinn undirbúningstíma áður en jafnviðamiklar breytingar koma til framkvæmda.

636. Svar [223. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um greiðslur til sveitarfélaga úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

1. *Hversu háar voru greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til sveitarfélaga til atvinnuskapandi verkefna á árinu 1993 og samkvæmt áætlun 1994, skipt niður á einstök sveitarfélög?*

Árið 1993 fengu 51 sveitarfélag styrki og einnig fjögur sveitarfélög sem voru saman með eitt verkefni, samtals 115.524.259 kr.

2. *Hversu háar voru greiðslur sömu sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð til atvinnuskapandi verkefna árið 1993 og 1994, skipt niður á einstök sveitarfélög?*

Árið 1994 fengu 62 sveitarfélög styrki, einnig þrjú nýlega sameinuð sveitarfélög og sjö sveitarfélög sem voru saman með eitt verkefni, samtals 352.796.987 kr.

3. *Hversu mörg sveitarfélög greiddu í Atvinnuleysistryggingasjóð til atvinnuskapandi verkefna en fengu hvorki framlag úr sjóðnum 1993 né fá framlag samkvæmt áætlun 1994? Hversu háar upphæðir greiddi hvert sveitarfélag?*

124 sveitarfélög fengu hvorugt árið styrki. Sameining sveitarfélaga og sameiginleg verkefni sveitarfélaga geta gert það að verkum að þessi tala sé ekki alveg rétt.

Í fylgiskjali koma fram upplýsingar um framlag hvers sveitarfélags til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árunum 1993 og 1994, enn fremur útgreiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs á árunum 1993 og 1994 til hvers einstaks sveitarfélags.

Fylgiskjal.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytis:

	Sveitarfélag	Kennitala	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag sveitarfélags 1993	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag sveitarfélags 1994	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag Alls	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1993 vegna 1993	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1994 vegna 1993	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1994 vegna 1994
0000	Reykjavík	530269-7609	196.686.750	235.488.760	432.175.510	21.611.103	22.639.543	97.883.265
1000	Kópavogur.	700169-3759	32.838.000	39.710.912	72.548.912	9.458.043	3.232.556	9.289.484
1100	Seltjarnarnes	560269-2429	8.449.350	10.258.344	18.707.694			496.928
1300	Garðabær	570169-6109	14.375.400	17.323.816	31.699.216	1.467.352	1.296.416	9.300.299
1605	Kjalarneshreppur	690169-1779	963.300	1.151.376	2.114.676			
1606	Kjósarhreppur	690169-3129	181.350	203.889	385.239			
1400	Hafnarfjörður	590169-7579	31.414.500	38.811.544	70.226.044	6.415.594	7.379.648	8.950.754
1603	Bessastaðahreppur	440169-6869	2.199.600	2.709.664	4.909.264			
1604	Mosfellsbær	470269-5969	8.794.500	10.873.336	19.667.836	197.410	949.042	
2200	Keflavík	680169-5279	14.652.300	17.527.272	32.179.572	16.757.080	1.225.078	10.323.664
2300	Grindavík	580169-1559	4.258.800	4.984.672	9.243.472	4.029.762	1.178.562	4.266.466
2400	Njarðvík	490269-7899	4.995.900	5.934.904	10.930.804	1.570.010		2.173.783
2502	Hafnahreppur	590169-6689	125.190	184.471	309.661			
2503	Sandgerði	460269-4829	2.626.650	3.040.280	5.666.930	2.049.327	7.084.044	3.479.969
2504	Gerðahreppur	570169-4329	2.168.400	2.566.320	4.734.720	1.512.113	2.608.149	8.024.302
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	670269-2649	1.296.750	1.592.968	2.889.718			136.145
3000	Akranes	410169-4449	10.258.950	12.084.824	22.343.774	3.243.473	421.083	5.962.116
3501	Hvalfjarðarstrandahr	630269-6449	197.730	238.564	436.294			
3502	Skilmannahreppur	590269-3019	171.990	191.406	363.396			
3503	Innri-Akraneshreppur	660169-5479	160.290	178.923	339.213			511.677
3504	Leirár- og Melahreppur	420269-7579	177.840	198.341	376.181			
3505	Andakílshreppur	420169-3969	327.600	398.069	725.669			
3506	Skorradalshreppur	600269-0709	60.840	73.511	134.351			
3507	Lundarreykjadalshreppur	450269-3019	118.170	142.861	261.031			
3508	Reykholtsdalshreppur	530269-7799	291.330	338.428	629.758			
3509	Hálsahreppur	590169-0999	108.810	126.217	235.027			

	Sveitarfélag	Kennitala	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag sveitarfélags 1993	Framlag sveitarfélags 1994	Framlag Alls	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1993 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1994
3601	Hvítársíðuhreppur	650169-7359	91.260	108.186	199.446			
3602	Þverárhlíðarhreppur	420369-4259	86.580	105.412	191.992			
3603	Norðurárdalshreppur	490269-4959	133.380	149.796	283.176			
3604	Stafholtstungnahreppur	620269-0349	211.770	262.143	473.913			
3605	Borgarhreppur	480169-6469	170.820	201.115	371.935			
3606	Borgarnes	480169-7869	3.474.900	4.140.792	7.615.692	784.593		
3607	Álftaneshreppur	410169-7709	117.000	135.926	252.926			
3608	Hraunhreppur	640169-4279	125.190	142.861	268.051			
3200	Ólafsvík	490269-3989	2.164.500	2.596.376	4.760.876			
3701	Kolbeinsstaðahreppur	710177-0239	136.890	166.440	303.330			
3702	Eyjarhreppur	510169-0509	76.050	81.833	157.883			
3703	Miklaholtshreppur	460269-5049	106.470	120.669	227.139			
3704	Staðarsveit	610269-1419	112.320	142.861	255.181			
3705	Breiðuvíkurhreppur	480169-2399	58.500	77.672	136.172			
3706	Neshreppur	480269-1369	1.218.750	1.428.816	2.647.566			
3709	Eyrarsveit	520169-1729	1.667.250	2.083.112	3.750.362			
3710	Helgafellssveit	600169-6379	91.260	99.864	191.124			
3711	Stykkishólmur	620269-7009	2.402.400	2.926.992	5.329.392	467.554		1.538.435
3712	Skógarstrandarhreppur	590269-3369	59.670	61.028	120.698			
3803	Haukadalshreppur	600169-1819	52.650	61.028	113.678			
3804	Laxárdalshreppur	420269-1969	719.550	862.376	1.581.926	703.622	92.977	
3805	Hvammshreppur	650169-4929	106.470	133.152	239.622			
3806	Fellsstrandarhreppur	530169-3409	72.540	91.542	164.082			
3808	Skarðshreppur	580269-4869	64.350	73.511	137.861			
3809	Saurbæjarhreppur	560269-3319	129.870	153.957	283.827	1.641.085		875.865
3810	Suðurdalahreppur	410192-2099	159.120	188.632	347.752			

			Ríkisbókhald			Atvinnuleysistr.sj.		
			Innheimta			Útgreiðslur		
	Sveitarfélag	Kennitala	Framlag sveitarfélags 1993	Framlag sveitarfélags 1994	Framlag Alls	Greitt 1993 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1994
4000	Ísafjörður	660169-6879	6.805.500	8.117.432	14.922.932		542.671	894.750
4702	Þingeyrarhreppur	710269-2039	945.750	1.153.688	2.099.438			
4703	Mýrahreppur	460269-0919	92.430	95.703	188.133			
4704	Mosvallahreppur	470269-4569	74.880	92.929	167.809			
4705	Flateyrarhreppur	550169-5849	780.000	860.064	1.640.064			
4706	Suðureyrarhreppur	630269-3939	627.900	799.952	1.427.852			
4803	Súðavíkurhreppur	630269-4589	271.440	317.623	589.063			
4804	Ögurhreppur	420369-5739	39.780	42.997	82.777			
4805	Reykjafjarðarhreppur	530269-5829	50.310	58.254	108.564			
4806	Nauteyrarhreppur	480269-5199	43.290	45.771	89.061			
4807	Snæfjallahreppur	600269-6669	16.380	16.644	33.024			
4100	Bolungarvík	480774-0279	2.330.250	2.718.912	5.049.162	1.747.369		
4502	Reykhólahreppur	440787-2589	696.150	786.080	1.482.230	59.405		
4601	Barðastrandarhreppur	440169-3769	161.460	177.536	338.996			
4602	Rauðasandshreppur	530269-2489	112.320	128.991	241.311			
4603	Patrekshreppur	500269-1389	1.782.300	2.083.112	3.865.412		1.018.412	
4604	Tálknafjarðarhreppur	640269-6779	715.650	850.816	1.566.466			
4606	Bíldudalshreppur	630269-2299	684.450	788.392	1.472.842	207.395		
4901	Árneshreppur	430169-0419	127.530	144.248	271.778			
4902	Kaldrananeshreppur	680169-0719	187.200	220.533	407.733			
4904	Hólmavíkurhreppur	630169-3219	978.900	1.153.688	2.132.588			
4905	Kirkjubólshreppur	690169-3639	67.860	79.059	146.919			
4908	Bæjarhreppur	500169-4009	157.950	181.697	339.647			
4909	Broddaneshreppur	410192-2179	115.830	135.926	251.756			
5000	Siglufjörður	560269-1969	3.410.550	4.124.608	7.535.158		1.230.526	4.054.856
5100	Sauðárkrókur	560269-7579	5.171.400	6.265.520	11.436.920	4.891.290	558.474	18.628.924

	Sveitarfélag	Kennitala	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag sveitarfélags 1993	Framlag sveitarfélags 1994	Framlag Alls	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1993 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1994
5701	Skelfistaðahreppur	590269-3289	58.500	65.189	123.689			
5702	Skarðshreppur	580269-6999	135.720	156.731	292.451			
5703	Staðarhreppur	610269-1769	152.100	187.245	339.345			
5704	Seyluhreppur	560269-5449	592.800	714.408	1.307.208	135.577		
5705	Lýtingsstaðahreppur	440269-6649	320.580	393.908	714.488	357.278		76.580
5706	Akrahreppur	410169-3209	296.010	339.815	635.825	28.137		
5707	Rípurhreppur	540269-7349	105.300	130.378	235.678			
5708	Viðvíkurhreppur	700269-6719	95.940	109.573	205.513			
5709	Hólahreppur	630169-0549	171.990	209.437	381.427			
5710	Hofshreppur	620169-2269	785.850	938.672	1.724.522	576.164		576.345
5715	Fljótahreppur	410488-2569	190.710	216.372	407.082			294.705
5501	Staðarhreppur	610269-0959	125.190	149.796	274.986			
5502	Fremri-Torfustaðahreppur	560169-6209	84.240	92.929	177.169			
5503	Ytri-Torfustaðahreppur	670169-1039	244.530	305.140	549.670			
5504	Hvammstangahreppur	650169-5659	1.349.400	1.595.280	2.944.680	4.073.672		3.401.374
5505	Kirkjuhvammshreppur	690169-2239	128.700	158.118	286.818			
5506	Þverárhreppur	420369-4769	111.150	140.087	251.237			
5507	Þorkelshólahreppur	420369-2049	197.730	213.598	411.328			101.291
5601	Áshreppur	430169-2899	107.640	128.991	236.631			
5602	Sveinsstaðahreppur	640269-4489	120.510	142.861	263.371	882.335		
5603	Torfulækjarhreppur	660269-0539	135.720	159.505	295.225			
5604	Blönduós	470169-1769	2.072.850	2.432.224	4.505.074	1.519.351	766.546	2.891.404
5605	Svínavatnshreppur	640269-4139	145.080	174.762	319.842			
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	470169-4949	145.080	165.053	310.133			
5607	Engihlíðarhreppur	520169-6879	92.430	105.412	197.842			301.787
5608	Vindhælishreppur	700269-1919	60.840	66.576	127.416			

	Sveitarfélag	Kennitala	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag sveitarfélags 1993	Framlag sveitarfélags 1994	Framlag Alls	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1993 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1994
5609	Höfðahreppur	650169-6039	1.310.400	1.583.720	2.894.120	1.169.255	650.926	1.742.478
5610	Skagahreppur	580269-6489	71.370	80.446	151.816			
6000	Akureyri	410169-6229	28.608.450	34.215.288	62.823.738	13.746.685	22.309.540	30.150.564
6300	Dalvík	500169-0609	2.932.800	3.546.608	6.479.408		664.977	
6501	Grímseyjarhreppur	580169-0749	142.740	160.892	303.632			
6502	Svarfaðardalshreppur	640269-5459	317.070	371.716	688.786			
6504	Hríseyjarhreppur	640169-3629	305.370	364.781	670.151			
6505	Árskógshreppur	430169-1309	739.050	883.184	1.622.234		1.061.653	
6506	Arnarneshreppur	430169-0689	264.420	313.462	577.882	529.510		
6507	Skriðuhreppur	600269-0629	126.360	135.926	262.286			
6508	Öxnadalshreppur	430369-0329	49.140	73.511	122.651			
6509	Glæsibæjarhreppur	570169-0259	274.950	320.397	595.347			
6513	Eyjafjarðarsveit	410191-2029	1.944.150	2.244.952	4.189.102			88.494
6100	Húsavík	640169-5599	4.806.750	5.789.248	10.595.998	1.298.333	1.033.791	1.294.510
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	640269-2279	663.000	762.960	1.425.960			494.660
6602	Grýtubakkahreppur	580169-2019	824.850	922.488	1.747.338			288.174
6604	Hálshreppur	590169-2859	223.470	257.982	481.452	167.732	697.876	55.593
6605	Ljósavatnshreppur	440269-5759	286.650	332.880	619.530			
6606	Bárðdælahreppur	440169-2609	170.820	196.954	367.774	267.501		127.068
6607	Skútustaðahreppur	600269-1009	1.039.350	1.195.304	2.234.654			
6608	Reykdælahreppur	530269-6719	602.550	700.536	1.303.086			
6609	Aðaldælahreppur	410169-0619	629.850	762.960	1.392.810	132.422	151.263	
6610	Reykjahreppur	530269-6209	129.870	145.635	275.505	92.579	681.009	
6611	Tjörneshreppur	650269-5789	104.130	119.282	223.412			
6701	Kelduneshreppur	680169-7809	128.700	148.409	277.109			
6702	Öxarfjarðarhreppur	520269-4529	756.990	894.744	1.651.734			

	Sveitarfélag	Kennitala	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag sveitarfélags 1993	Framlag sveitarfélags 1994	Framlag Alls	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1993 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1994
6705	Raufarhafnarhreppur	530269-2569	725.400	883.184	1.608.584			
6706	Svalbarðshreppur	640269-1979	146.250	174.762	321.012			
6707	Þórshafnarhreppur	420369-1749	844.350	996.472	1.840.822			
6708	Sauðaneshreppur	560269-7069	64.350	69.350	133.700			
6200	Ólafsfjörður	490269-2079	2.341.950	2.739.720	5.081.670	480.366		2.830.865
7000	Seyðisfjörður	560269-4559	1.743.300	2.029.936	3.773.236		833.533	953.875
7501	Skeggjastaðahreppur	590269-2719	154.440	185.858	340.298			
7502	Vopnafjarðarhreppur	710269-5569	1.731.600	2.048.432	3.780.032		300.902	
7503	Hlíðarhreppur	620169-3589	102.960	117.895	220.855			
7504	Jökuldalshreppur	670169-4569	177.840	209.437	387.277			
7505	Fljótsdalshreppur	550169-5339	132.210	162.279	294.489			
7506	Fellahreppur	530169-2279	842.400	994.160	1.836.560	1.059.158		1.706.334
7507	Tunguhreppur	660269-4799	108.810	130.378	239.188			
7508	Hjaltastaðarhreppur	620169-0569	94.770	102.638	197.408			
7509	Borgarfjarðarhreppur	480169-6549	235.170	262.143	497.313	184.136	133.876	814.259
7100	Neskaupstaður	480269-3819	3.190.200	3.743.128	6.933.328			
7200	Eskifjörður	520169-4159	2.065.050	2.439.160	4.504.210			
7601	Skriðdalshreppur	600269-0389	120.510	133.152	253.662			
7602	Vallahreppur	670269-7019	191.880	205.276	397.156			
7603	Egilsstaðir	510169-6119	2.932.800	3.611.344	6.544.144	436.872		894.471
7604	Eiðahreppur	510169-4179	189.540	210.824	400.364	101.859		94.167
7605	Mjóafjarðarhreppur	460269-1139	42.120	47.158	89.278			
7606	Norðfjarðarhreppur	490269-5179	105.300	120.669	225.969			
7609	Reyðarfjarðarhreppur	530269-7019	1.446.900	1.664.640	3.111.540	789.842		1.265.339
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	520169-3189	111.150	127.604	238.754			
7611	Búðahreppur	490169-2619	1.404.000	1.703.944	3.107.944	1.062.826		

	Sveitarfélag	Kennitala	Ríkisbókhald Innheimta: Framlag sveitarfélags 1993	Framlag sveitarfélags 1994	Framlag Alls	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur: Greitt 1993 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1994
7612	Stöðvarhreppur	630269-4749	620.100	735.216	1.355.316			
7613	Breiðdalshreppur	480169-0779	647.400	767.584	1.414.984			
7617	Djúpavogshreppur	570992-2799	1.150.500	1.366.392	2.516.892			
7701	Bæjarhreppur	500169-5169	59.670	70.737	130.407			
7702	Nesjahreppur	480269-4389	625.950	788.392	1.414.342			
7703	Höfn í Hornafirði	590169-4639	3.408.600	4.004.384	7.412.984		714.023	114.303
7704	Mýrahreppur	460269-1059	99.450	120.669	220.119			
7705	Borgarhafnarhreppur	480169-6389	127.530	153.957	281.487			
7706	Hofshreppur	630169-1359	141.570	166.440	308.010			
8000	Vestmannaeyjar	690269-0159	9.490.650	11.289.496	20.780.146		6.460.995	3.821.756
8100	Selfoss	560269-3159	7.755.150	9.365.912	17.121.062	1.660.056	406.051	2.713.308
8701	Gaulverjabæjarhreppur	570169-7269	162.630	187.245	349.875			
8702	Stokkseyrarhreppur	630269-7769	1.064.700	1.234.608	2.299.308	519.710		900.826
8703	Eyrarbakkahreppur	510169-1239	1.058.850	1.271.600	2.330.450	194.414	436.935	
8704	Sandvíkurhreppur	560269-6849	129.870	158.118	287.988			
8706	Hraungerðishreppur	640169-2819	232.830	266.304	499.134			
8707	Villingaholtshreppur	700269-1329	235.170	280.174	515.344			
8708	Skeiðahreppur	590269-0859	284.310	331.493	615.803			
8709	Gnúpverjahreppur	580169-6949	604.500	746.776	1.351.276			
8710	Hrunamannahreppur	640169-2309	1.244.100	1.505.112	2.749.212	648.009	1.149.952	
8711	Biskupstungnahreppur	460169-7479	988.650	1.188.368	2.177.018			
8712	Laugardalshreppur	420269-4639	286.650	339.815	626.465			
8713	Grímsneshreppur	580169-1719	308.880	405.004	713.884			1.581.798
8714	Þingvallahreppur	710269-1229	57.330	66.576	123.906			
8715	Grafningshreppur	580169-1399	54.990	76.285	131.275			
8716	Hveragerði	650169-4849	3.254.550	3.768.560	7.023.110	929.698	588.326	728.377

	Sveitarfélag	Kennitala	Ríkisbókhald Innheimta Framlag sveitarfélags 1993	Framlag sveitarfélags 1994	Framlag Alls	Atvinnuleysistr.sj. Útgreiðslur Greitt 1993 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1993	Greitt 1994 vegna 1994
8717	Ölfushreppur	420369-7009	3.118.050	3.715.384	6.833.434		448.187	
8508	Mýrdalshreppur	461283-0399	1.162.200	1.373.328	2.535.528	2.003.461	1.572.060	1.982.050
8509	Skaftárhreppur	480690-2069	1.224.600	1.421.880	2.646.480			
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	430169-7349	223.470	266.304	489.774		372.242	44.815
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	690269-1559	241.020	281.561	522.581			
8603	Austur-Landeyjahreppur	430169-5569	235.170	270.465	505.635	34.037		290.442
8604	Vestur-Landeyjahreppur	690269-1989	198.900	242.725	441.625			
8605	Fljótshlíðarhreppur	550169-7119	259.740	300.979	560.719			
8606	Hvolhreppur	650169-5069	1.483.950	1.784.864	3.268.814	1.004.859	598.628	1.655.812
8607	Rangárvallahreppur	530269-1919	1.532.700	1.844.976	3.377.676	577.830		291.577
8610	Ásahreppur	430169-0339	163.800	187.245	351.045			
8611	Djúpárhreppur	500169-2229	280.800	339.815	620.615			
8612	Holta- og Landssveit	410793-2619	438.750	860.064	1.298.814			
	Keflavík, Njarðvík, Hafnir	470794-2169						4.024.190
	Borgarbyggð	510694-2289						245.060
	Vesturbyggð	510694-2369						3.437.791
	7 hreppar í A-Húnavatnssýsla					47.015		
	4 hreppar við Eyjafjörð						238.391	
		SAMTALS	499.540.080	599.044.614	1.098.584.694	115.524.259	93.728.863	259.068.124

637. Fyrirspurn [397. mál]

til menntamálaráðherra um sjónvarpssendingar til Djúpuvíkur og Reykjarfjarðar í Strandasýslu.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma á sjónvarpssendingum til Djúpuvíkur og Reykjarfjarðar í Strandasýslu eftir að snjóflóð eyðilagði hús og endurvarpssendi á Kjörvogi í janúar sl.?
2. Hvenær má vænta þess að íbúar þar nái sjónvarpssendingum á ný?

638. Frumvarp til laga [398. mál]

um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Flm.: Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

Efnt skal til átaksverkefnis um vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum.

2. gr.

Stjórn átaksverkefnisins skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af landbúnaðarráðuneyti, einum tilnefndum af umhverfisráðuneyti og einum tilnefndum af bændasamtökunum.

Landbúnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

3. gr.

Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.

4. gr.

Ríkissjóður leggur átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári á fjárlögum árin 1996–99.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hefur krafan um lægra matvælaverð verið nær allsráðandi í hinum þróaða hluta heimsins. Hefur hún sett mark sitt á þróun alla, allt frá frumvinnslunni til markaðssetningarinnar.

Matvælaframleiðslan er orðin að stóriðju þar sem lögmál verksmiðjuframleiðslunnar ráða ferðinni og er nú svo komið að í mörgum löndum er leitun að fæðu sem neytendur geta treyst að innihaldi heilnæmt og gott hráefni.

Frá stríðslokum hefur notkun hjálparefna í landbúnaði, svo sem skordýraeiturs, illgresiseyða, fúkkalyfja og hormóna margfaldast og sama er að segja um notkun aukefna í matvælaiðnaðinum. Í dag er t.d. notað 35 sinnum meira af fúkkalyfjum í matvælaiðnaði í Bandaríkjunum en í heilsugæslunni. Samfara iðnaðarmengun hefur þessi þróun leitt til framleiðslu matvæla sem til langs tíma litið geta verið skaðleg heilsu manna.

Nýjustu rannsóknir benda til þess að með réttu mataræði og lífsstíl megi koma í veg fyrir hátt hlutfall hættulegra sjúkdóma, svo sem krabbameins og hjartasjúkdóma. Í þessu sambandi er það hreinleiki matvælanna sem skiptir höfuðmáli. Jafnframt skipta þessir þættir miklu máli við eftirmeðferð sjúkdóma.

Á síðustu árum hefur umræða um umhverfismál og heilnæmi matvæla verið vaxandi. Sífellt fleiri gera sér ljós tengsl mataræðis og heilsu. Í skýrslu, sem unnin var á vegum þingmannanefndar Evrópuráðsins og út kom í apríl 1994, er lögð á það þung áhersla að rangt mataræði hafi í för með sér mjög alvarleg heilbrigðisvandamál í Evrópu. Í skýrslunni er sömuleiðis lögð á það áhersla að betri upplýsingar og fræðsla til handa neytendum og þeim sem vinna við að framleiða og vinna úr búvörum geti haft veruleg áhrif á heilsufar almennings þar sem fólki verði gefinn kostur á heilnæmari matvælum en víða er mögulegt nú. Bent er á að mikilvægustu þættirnir, sem snerta fæðuöryggi, séu hreinlæti og innihald fæðu og í ljósi aukinna milliríkjaviðskipta sé brýnt að neytendur geti treyst vörumerkingum. Því verði manneldisstefnan að byggjast á að tryggð sé gnægð af fjölbreyttum og hollum matvælum, að veita upplýsingar um þau og veita jafnframt fræðslu um tengsl mataræðis og heilsufars.

Eftirspurn eftir vistvænum og lífrænt framleiddum vörum fer nú ört vaxandi í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan á meðal þjóðfélagshópa sem hafa mikla kaupgetu og er verðlag slíkra matvæla verulega hærra en annarra. Þess má til dæmis geta að sænska þingið hefur samþykkt stefnumótun þess efnis að 10% landbúnaðarframleiðslunnar verði viðurkennd lífræn fyrir aldamót og hollenska ríkið veitir nú bændum fjárhagsstuðning til að taka upp vistvæna og lífræna búskaparhætti.

Margt bendir til að íslenskar búvörur standi nær því að geta flokkast sem vistvænar og jafnvel lífrænar en búvörur í mörgum nálægum löndum. Vegna náttúrulegra skilyrða og einangrunar er minna um búfjársjúkdóma hér en annars staðar og svalt loftslag veldur því að minna er um meindýr í gróðri. Notkun dýralyfja og varnarefna í ylrækt og garðyrku er því hverfandi hér á landi og notkun vaxtaraukandi hormóna engin.

Vegna legu landsins er loftmengun minni hér en í flestum nálægum löndum og strjál búseta gerir það að verkum að megnun í jarðvegi af völdum iðnaðar og landbúnaðar er hverfandi.

Alþingi hefur nú þegar samþykkt lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994.

Nú er á vegum landbúnaðarráðuneytis unnið að því að ákvarða íslenskan staðal fyrir lífræna framleiðslu í samræmi við grunnreglur IFOAM, Alþjóðasamtaka framleiðenda lífrænna búvara, og reglugerð ráðs Evrópusambandsins um slíka framleiðslu. Þegar þessi

staðall hefur hlotið viðurkenningu alþjóðasamtaka á þessum vettvangi skapast grundvöllur til að meta stöðu íslenskrar búvöruframleiðslu með tilliti til staðalsins og jafnframt hverju þarf að breyta í framleiðsluháttum til að uppfylla þær kröfur sem gerðar verða.

Þá er einnig á vegum landbúnaðarráðuneytis unnið að faglegu mati á lífrænum búskap á Íslandi þar sem könnuð er staða rannsókna, kennslu og leiðbeiningarstarfs á þessu sviði.

Tilgangur þess frumvarps, sem hér er flutt, er að gera íslenskum landbúnaði kleift að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til vara sem seldar eru á hágæðamarkaði. Enda þótt gæði íslenskra búvara séu viðurkennd og þekkingarstig í úrvinnsluiðnaði hátt skortir víða nokkuð á í vöruþróun, þjálfun og færni til þess að varan standist ýtrustu kröfur á þessu sviði. Þörf er skipulegs átaks á sviði fræðslu og gæðastjórnunar allan framleiðsluferilinn frá sáningu og þar til varan er komin á borð neytandans.

Eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins er átaksverkefninu ætlað að hafa forustu um og styrkja aðgerðir á þessu sviði ásamt átaki í vöruþróun og markaðsfærslu búvara með það fyrir augum að landbúnaðurinn öðlist viðurkenningu sem vistvænn og lífrænn og framleiði heilnæmar náttúrulegar vörur án notkunar óæskilegra auk- og spilliefna. Slíkt átak mundi ekki einungis nýtast landbúnaðinum heldur einnig ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum sem byggja á sterkri gæðaímynd landsins.

Á vegum bændasamtakanna hefur sl. ár verið unnið að könnun á markaðsmöguleikum vistvænnar og lífrænnar framleiðslu í Evrópu og Bandaríkjunum og aflað gagna um þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru til slíkra afurða. Fengnir hafa verið erlendir sérfræðingar hingað til lands til fyrirlestrahalds og til þess að kynna sér stöðu íslensks landbúnaðar með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til vistvænna og lífrænna vara. Hafa þeir talið að möguleikar Íslendinga á þessu sviði séu betri en flestra nálægra þjóða. Baldvin Jónsson, markaðsráðgjafi bændasamtakanna, hefur stjórnað þessu verkefni.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda og aukabúnaðarþingi í ágúst sl. var samþykkt stefnumarkandi ályktun um umhverfismál og vistvæna framleiðslu. Þess má og geta að í nýrri atvinnustefnu ASÍ er vikið að þessum mikilvæga þætti.

Þungamiðja ályktunar bændasamtakanna er tillaga um heildarúttekt á möguleikum landbúnaðarins til að öðlast viðurkenningu fyrir vistvænar og lífrænar búvörur í samræmi við fyllstu kröfur á alþjóðavettvangi. Vakin er athygli á sterkum tengslum á milli alhliða umhverfisverndar og framleiðslu slíkra hágæðaafurða og jákvæðum áhrifum slíkra framleiðsluhátta á atvinnulíf og byggðaþróun.

Ljóst er að átaksverkefni það, sem frumvarpið fjallar um, er vænleg leið til þess að efla samkeppnisstöðu landbúnaðarins á forsendum gæða, hollustu og umhverfisverndar og nýta þannig þá sérstöðu sem Ísland hefur varðandi landbúnaðarframleiðslu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstök þriggja manna stjórn fari með stjórn verkefnisins. Er lagt til að landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra skipi einn fulltrúa hvor í þessa stjórn en bændasamtökin einn. Landbúnaðarráðherra skipar formann úr hópi þessara þriggja stjórnarmanna og hefur yfirumsjón með verkinu.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er í 6. gr. heimild fyrir fjármálaráðherra til að greiða allt að 25 millj. kr. til þessa máls enda komi sama fjárhæð úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins fram sömu upphæð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi verkefninu til 25 millj. kr. á ári næstu fjögur árin, 1996–99. Er þess vænst að Framleiðnisjóður leggi fram sömu fjárhæð öll árin þannig að heildarfjármagn til verkefnisins verði 250 millj. kr. á fimm árum.

639. Tillaga til þingsályktunar [399. mál]

um stofnun Menningarráðs Íslands.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa stofnun Menningarráðs Íslands. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra listgreina ásamt fulltrúum stjórnmálaflokka og menntamálaráðuneytis. Hlutverk ráðsins verði eftirfarandi:

— að móta heildarstefnu í menningarmálum,
— að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði menningarmála,
— að skipa ásamt menntamálaráðherra fagnefndir sem skipta fjármagni sem veitt er á fjárlögum til einstakra þátta menningarmála.

Ráðið verði formlegur umræðu- og samráðsvettvangur á sviði menningarmála og hafi jafnframt möguleika á frumkvæði í einstökum málum. Það verði sameiginlegur vettvangur stjórnvalda og þeirra sem að menningarmálum starfa.

Greinargerð.

Blómlegt menningarlíf og öflug listsköpun eru mikilvægustu leiðirnar til að örva mannsandann þannig að einstaklingar fái notið sín og þjóðin notið listsköpunar. Með auknu alþjóðlegu samstarfi er öflugt menningarlíf enn mikilvægara en áður og enginn vafi er á því að það styrkir sjálfsmynd þjóðarinnar. Á síðasta hausti efndi Framsóknarflokkurinn til málþings um menningu. Þingið var haldið í þeim tilgangi að efna til umræðu um stöðu menningarmála hér á landi. Þá var fjallað um samskipti listgreina við ríkisvaldið og hvað þar mætti betur fara. Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að fylgja eftir þeim hugmyndum sem m.a. voru til umfjöllunar á þinginu, þ.e. stofnun Menningarráðs Íslands. Á flokksþingi Framsóknarflokksins sem haldið var í nóvember sl. var samþykkt ályktun þess efnis að stofnað skyldi til menningarráðs.

Í öðrum norrænum löndum hefur lengi verið til staðar samstarfsvettvangur stjórnvalda og hinna ýmsu listgreina, svokölluð menningarráð. Þau eru mismunandi milli landa bæði hvað snertir fjölda ráðsmanna, verksvið og umfang en eiga það sameiginlegt að vera nokkurs konar brú milli listamanna og stjórnmálamanna. Á þessum vettvangi fer fram upplýsingamiðlun á milli aðila auk þess sem ráðið er formlegur umræðuvettvangur um menningu og listir en slíkur vettvangur er ekki til á Íslandi í dag. Það hefur verið gagnrýnt að skilningsleysi ríki í þjóðfélaginu á starfsháttum listamanna. Listamenn virðast einnig hafa óljósar hugmyndir um störf stjórnmálamanna og meðferð menningarmála á vettvangi stjórnmálanna, enda er ekki hægt að segja að það sé við lýði heildarstefna í menningarmálum í landinu. Ákvarðanir um forgangsröðun eru allt of oft teknar í tengslum við fjárlagagerð og birtast landsmönnum eins og þruma úr heiðskíru lofti þann dag sem fjárlagafrumvarp lítur dagsins ljós. Þetta býður upp á tortryggni sem er hættuleg bæði fyrir stjórnmálamenn og listamenn og gefur menningarlífinu stundum neikvætt yfirbragð.

Eftir því sem flutningsmenn hafa kynnt sér stjórnun og skipulag menningarmála hjá nágrannaþjóðum okkar, virðist það fyrirkomulag sem starfað er eftir í Noregi hvað áhugaverðast fyrir okkur en þó er það danska einnig athyglisvert.

Norska menningarráðið og fulltrúaráð danska listasjóðsins eiga það sameiginlegt að vera skipuð bæði fulltrúum kosnum af þingi og fulltrúum hinna ýmsu listgreina. Þeir fulltrúar eru ýmist tilnefndir af samtökum listamanna eða einstökum menningarstofnunum. Hlutverk norska menningarráðsins er m.a. að veita stjórnvöldum ráðgjöf í menningarmálum, að sjá um fjárreiður, ráðgjöf og þjónustu fyrir norska listasjóðinn og að hafa frumkvæði í menningarmálum þar sem ástæða þykir til.

Eitt af verkefnum norrænu menningarráðanna er að deila út þeim fjármunum sem samþykkt er með fjárlögum að verja til hinna ýmsu þátta menningarmála. Fulltrúaráðið í Danmörku og menningarráðið í Noregi skipa síðan tvo aðila í úthlutunarnefndir til þriggja ára og menningarmálaráðherra skipar einn aðila til þriggja ára. Þessar nefndir skipta síðan því fjármagni sem stjórnin hefur úthlutað þeim samkvæmt ákveðinni reiknireglu. Í Danmörku hafa úthlutunarnefndirnar ákvörðunarvald og hugmyndir eru uppi um það í Noregi að breyta fyrirkomulaginu þannig að þær hafi það líka þar. Á þann hátt hafi sjálft ráðið meiri tíma fyrir umræðu um mikilvæg mál sem varða listræna starfsemi.

Danski listasjóðurinn var stofnaður árið 1964 eftir að mikil umræða hafði farið fram um málið. Aðalástæða þess að það fyrirkomulag var tekið upp var sú að það þótti gagnrýnivert að embættismenn og ráðherra úthlutuðu peningum til listamanna. Almenn sátt ríkir um danska fyrirkomulagið.

Sú aðferð, sem hér er beitt við úthlutun á fjármagni til lista, er mjög gamaldags og hefur fyrir löngu runnið sitt skeið. Má þar nefna að of langt er gengið í því að Alþingi skipti fjármagni niður á verkefni samkvæmt tillögum frá fjárlaganefnd og eins hitt að ákvarðanir um stórar upphæðir til einstakra aðila eru teknar í ráðuneyti menntamála án umfjöllunar í þjóðfélaginu. Flutningsmenn telja heillavænlegra að það fjármagn, sem veitt er á fjárlögum til hinna ýmsu listgreina, verði veitt í sjóð sem síðan yrði hægt að sækja um fjármagn úr og yrðu umsóknir teknar til umfjöllunar og afgreiðslu í undirnefndum sem yrðu skipaðar sameiginlega af Menningarráði og menntamálaráðherra. Auk þess má hugsa sér að Menningarráð hafi yfirumsjón með listasjóði (starfslaunasjóði) a.m.k. hvað snertir skrifstofuþjónustu.

Þá er ekki ólíklegt að samskipti við útlönd og skipulag íslenskrar menningarkynningar erlendis yrði að einhverju leyti á verksviði ráðsins. Það er staðreynd að áhugi Íslendinga á því að auka kynningar á list og menningu þjóðarinnar erlendis hefur aukist til muna á síðustu árum. Það er því þörf fyrir ákveðið skipulag í þessum efnum hvað varðar meðferð mála. Í dag er óljóst hver á að hafa forustu í þessum efnum, en á fjárlögum er menntamálaráðuneytinu ætlað fé til ráðstöfunar til menningarkynninga erlendis. Þá er kveðið á um það í reglugerð um Stjórnarráð Íslands að menntamálaráðuneytið fari með mál er varða „listsýningar og aðra listkynningu innan lands og utan". Ljóst er að menntamálaráðuneytið þarf á ráðgjöf að halda í þessum efnum sem Menningarráð eða fagnefndir þess gæti veitt.

Flutningsmenn telja aðalávinning af Menningarráði vera eftirfarandi:

1. Það bætir upplýsingamiðlun og skýrir ferli fjármagns sem varið er til menningar.
2. Það er farvegur faglegrar umræðu um menningarmál á milli opinberra aðila og listamanna sem eyðir tortryggni.
3. Það mótar heildarstefnu með samráði fagmanna á ýmsum sviðum menningarmála sem eðli málsins samkvæmt nyti svigrúms til sífelldrar og gagnrýnnar endurskoðunar.

640. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér breytingar á þeim hluta laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, sem lúta að stjórnkerfi náttúruverndarmála, verkaskiptingu stofnana og hlutverki Náttúruverndarráðs. Þá er með frumvarpinu leitast við að styrkja friðlýsingarþátt laganna með hliðsjón af aðild Íslands að alþjóðasamningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem Alþingi samþykkti 6. maí 1994. Frumvarpið er fyrsta skrefið í heildarendurskoðun náttúruverndarlaga og tekur einkum til II. kafla þeirra. Aðrir kaflar laganna verða síðan endurskoðaðir í heild. Umhverfisráðuneytið hefur þegar hafið undirbúning að þeirri endurskoðun og telur meiri hluti nefndarinnar brýnt að frumvarp, samið á grundvelli þeirrar vinnu, verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1996.

Við umfjöllun málsins fékk nefndin á sinn fund frá umhverfisráðuneyti Birgi Hermannsson, aðstoðarmann umhverfisráðherra, og Lúðvík Bergvinsson deildarstjóra, Aðalheiði Jóhannsdóttur, framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs, og Jóhönnu B. Magnúsdóttur varaformann, Stefán Thors, skipulagsstjóra ríkisins, Þór Magnússon þjóðminjavörð, Jón Gunnar Ottósson, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Þórð H. Skúlason framkvæmdastjóra, Jón Loftsson, forstöðumann Skógræktar ríkisins, Magnús Oddsson, framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, Pál Sigurðsson, forseta Ferðafélags Íslands, frá Landgræðslu ríkisins Svein Runólfsson landgræðslustjóra og Andrés Arnalds gróðuverndarfulltrúa, Freystein Sigurðsson, formann Hins íslenska náttúrufræðifélags, og Guttorm Sigurbjarnarson framkvæmdastjóra, Helgu Jónsdóttur og Kristján Stefánsson frá Landvarðafélagi Íslands og frá Landvernd Auði Sveinsdóttur formann og Svanhildi Skaftadóttur framkvæmdastjóra.

Þá studdist nefndin við umsagnir frá 117. og 118. löggjafarþingi en frumvarpið er nú lagt fram öðru sinni nokkuð breytt frá fyrri útgáfu. Eftirtaldir sendu inn umsagnir um málið á 117. löggjafarþingi: Náttúrufræðistofa Kópavogs, Ferðamálaráð, Búnaðarfélag Íslands, Ferðaþjónusta bænda, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu, Náttúruverndarráð, Stefán Benediktsson þjóðgarðsvörður, Æðarræktarfélag Íslands, náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarnefnd Kjósarsýslu, Stéttarsamband bænda, landbúnaðarráðuneyti, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Jarðfræðafélag Íslands, Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST), Skógrækt ríkisins, Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skipulag ríkisins, Landgræðsla ríkisins, náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsýslu, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Ferðafélag Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvarðafélag Íslands, Landssamband hestamanna, Verkfræðingafélag Íslands, EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Landvernd, náttúruverndarnefnd Borgarfjarðarsýslu og umhverfisnefnd Njarðvíkur. Á 118. þingi bárust umsagnir og gögn frá Páli Sigurðssyni, forseta Ferðafélags Íslands, Náttúrufræðistofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarráði, Ferðafélagi Akureyrar, náttúruverndarnefnd Borgarfjarðarsýslu, Landvernd og umhverfisráðuneyti.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á c-lið (4. gr.) 1. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað tilvísunar í 33 gr. náttúruverndarlaga (ranglega vísað í 3. gr. í frumvarpinu) í 1. mgr. verði vísað almennt til annarra lagaheimilda um náttúruverndarsvæði. Þá er lagt til að umhverfisráðherra verði gert að ákveða hvort Landvörslu ríkisins skuli falin umsjón annarra svæða en þjóðgarða, friðlýstra svæða og annarra náttúruverndarsvæða sem kveðið er á um í lögum. Það er eðlilegra en að stofnuninni sé það heimilt með samþykki ráðherra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn telur eðlilegt að Landvörslunni sé falin umsjón með slíkum svæðum enda er hér um sambærilega starfsemi að ræða. Loks er lagt til að c-liður (4. gr.) verði brotinn upp í tvær greinar. Talið er að betur fari á því, þar sem ákvæðið er mjög viðamikið, að kveða á um fræðsluhlutverkið í sérstakri grein. Þá er lagt til að fellt verði brott úr 3. mgr. nýs c-liðar (5. gr.) að Landvarslan skuli annast útgáfu á fræðsluefni fyrir skóla þar sem Námsgagnastofnun hefur með höndum útgáfu námsbóka.
2. Lagt er til að e-liður (6. gr.) 1. gr. verði fluttur. Betur fer á því að ákvæði um stjórn Landvörslu ríkisins sé skipað á undan ákvæði um hlutverk stofnunarinnar. Þá er lagt til að kveðið verði á um að skipunartími stjórnar fylgi þeim tíma sem ráðherra situr. Talið er eðlilegt að sá ráðherra, sem situr hverju sinni, geti skipað stjórn Landvörslunnar og það jafnvel þótt ráðherraskipti verði á miðju kjörtímabili. Þá er gerð breyting á uppsetningu ákvæðisins þar sem lokamálsliður 3. mgr. vísar einnig til fyrri málsgreina ákvæðisins.
3. Lagðar eru til verulegar breytingar á f-lið (7. gr.) 1. gr. Meiri hlutinn telur eðlilegra að stjórn Landvörslu ríksins beri ábyrgð á skipun þjóðgarðsvarða og jafnframt á þeim verkefnum sem þeim kunna að verða falin. Ekki er æskilegt að umhverfisráðherra hafi hér beinan íhlutunarrétt. Lagt er til að orðin „starfa í umboði Landvörslu ríkisins“ falli brott þar sem um tvítekningu er að ræða eftir breytingu á orðalagi ákvæðisins að öðru leyti. Einnig er lagt til að orðin „annast stjórn“ séu felld brott þar sem meginhlutverk þjóðgarðsvarða er að annast daglegan rekstur þjóðgarða í umboði Landvörslu ríkisins. Loks er talið er eðlilegt að Landvarslan geti falið þjóðgarðsvörðum umsjón annarra svæða, enda er hér um að ræða hlutverk sambærilegt þeirra meginstarfi. Þá er orðinu „víðtækara“ í ákvæðinu talið ofaukið.
4. Lagt er til að gerð verði breyting á g-lið (8. gr.) 1. gr. í samræmi við breytingu sem lögð er til á 2. gr. frumvarpsins (b-lið (16. gr.)). Þjónustugjöld verða þá ekki lengur ákveðin einhliða af ráðherra, samkvæmt tillögum Landvörslunnar, heldur er þar um að ræða samkomulagsatriði milli samningsaðila.
5. Lagt er til að í stað orðanna „sýslu, kaupstað eða bæ“ í h-lið (9. gr.) 1. gr. komi „sveitarstjórn eða héraðsnefnd“. Rétt er að taka fram að breytingunni er ekki ætlað að raska þeirri skipan sem nú er og gert er ráð fyrir að sveitarfélög kosti starfsemi náttúruverndarnefnda. Talið er gleggra að miða annaðhvort við héraðsnefndir, sem tekið hafa við hlutverki sýslunefnda, eða sveitarfélög. Meiri hlutinn telur rétt að árétta að ákvæðið er valkvætt, þ.e. sveitarstjórnum er í sjálfsvald sett hvort náttúruverndarnefndir starfa á vegum hvers sveitarfélags eða á vegum héraðsnefnda. Talið er eðlilegt að heimamenn á hverjum stað meti það enda geta aðstæður verið misjafnar. Ekki er talið æskilegt að binda í lögum hvern hátt menn hafi hér á þar sem mikilvægt er að nefndir á hverju svæði séu virkar. Þá er lagt til að kveðið verði á um að náttúruverndarnefndir komi ábendingum og tillögugerð til Landvörslu ríkisins, auk

þeirra aðila sem nefndir eru í frumvarpinu. Er það í samræmi við það hlutverk sem stofnuninni er ætlað.

6. Hér er lögð til sú breyting á i-lið (10. gr.) 1. gr. að tiltekið verði hvaða hópar skuli eiga rétt til setu á náttúruverndarþingi. Talið er nauðsynlegt að löggjafinn marki viðmiðun fyrir Náttúruverndarráð í þessu efni enda er þinginu ætlað að kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Talið er að með því að tiltaka í megindráttum hverjir eigi seturétt á þinginu, án þess að telja upp alla aðila eins og gert er í núgildandi lögum, styrkist grundvöllur ráðsins og trúverðugleiki þess. Loks er lagt til að málsliðir um greiðslu launa og kostnaðar verði sérstök málsgrein í lok i-liðar (10. gr.).
7. Lagt er til að 1. mgr. j-liðar (11. gr.) 1. gr. verði einfölduð. Talið er að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sé óheppilegt og að með þessari breytingu verði réttur minni hluta ráðsins betur tryggður en ef einungis hluti fulltrúa er kosinn hverju sinni. Þá er lagt til að í 2. mgr. verði kveðið á um heimild til að ráða aðra starfsmenn eftir því sem þurfa þykir. Óeðlilegt er að lögin geri einungis ráð fyrir ráðningu framkvæmdastjóra. Þá er lagt til að bætt verði inn í 3. mgr. orðunum „enn fremur“ og með því vill meiri hlutinn leggja áherslu á að ákvörðun Alþingis um framlag á fjárlögum taki bæði til greiðslu launa til framkvæmdastjóra og reksturs skrifstofu að öðru leyti.
8. Lagt er til að í l-lið (13. gr.) 1. gr. verði nánar kveðið á um skipun stjórnar friðlýsingarsjóðs.
9. Lagðar eru til nokkrar breytingar á b-lið (16. gr.) 2. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að Landvarsla ríkisins ákvarði gjaldtöku samkvæmt ákvæðinu en ekki umhverfisráðherra. Með því er tryggt að slíkar ákvarðanir séu kæranlegar til æðra stjórnvalds. Í öðru lagi er lagt til að orðalag 1. og 3. mgr. b-liðar (16. gr.) verði breytt til samræmis við breytingu sem lögð er til við g-lið (8. gr.) 1. gr. þannig að heimild til gjaldtöku sé ekki takmörkuð við þjóðgarða og friðlönd heldur geti hún einnig tekið til annarra náttúruverndarsvæða eftir því sem við á. Hið sama gildir um ráðstöfun tekna og heimildar til undanþágu frá meginreglunni um að tekjum skuli varið til sama svæðis og þar sem þeirra er aflað. Með breytingunni fæst einnig samræmi við orðalag í 2. mgr. b-liðar (16. gr.) 2. gr. Í þriðja lagi er lagt til að kveðið verði á um að verja megi tekjum á öðrum svæðum til framkvæmda með það að markmiði að fjölga valkostum ferðamanna. Með því er Landvörslunni og félagasamtökum veitt svigrúm til að beina álagi vegna ferðamennsku frá viðkvæmum svæðum og byggja upp þjónustu á öðrum svæðum.
10. Lagt er til að b-liður 3. gr. verði umorðaður þannig að hann verði nákvæmari og að þar verði sérstaklega kveðið á um umferð hesta.
11. Leiðrétt er röng tilvísun í lagaákvæði í b- og c-lið 4. gr.
12. Leiðrétt er að friðlýsingarheimild í d-lið 4. gr. skuli takmörkuð við örverur og jurtir. Til þess að taka af öll tvímæli um að heimildin geti einnig tekið til dýra er lagt til að orðið „lífvera“ verði notað. Þá er einnig lagt til að hugtakið „búsvæði“ verði notað í stað hugtaksins „lífsvæði“ enda er hið fyrrnefnda viðurkennt á sviði náttúrufræða sem þýðing á enska orðinu „habitat“.

13. Hér er lagt til að f-lið 4. gr. verði breytt á þann veg að umhverfisráðherra taki ákvörðun um að veita undanþágu frá ákvæðum um friðlýsingar að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins. Breytingin er í samræmi við þau hlutverk sem Landvörslu ríkisins og Náttúruverndarráði eru falin samkvæmt frumvarpinu.
14. Lagðar eru til tvenns konar breytingar á g-lið 4. gr. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að þjóðgarðsverðir fari með daglegan rekstur en ekki stjórn þjóðgarða og er það í samræmi við breytingu sem lögð er til á f-lið (7. gr.) 1. gr. Þá er lagt til að orðin „í umboði Landvörslu ríkisins“ verði felld brott þar sem í þeim felst tvítekning.
15. Lagt er til að við 4. gr. bætist nýr liður (ný málsgrein í 25. gr. laganna) sem kveður á um heimild til að setja á fót ráðgjafarnefnd með þátttöku sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða. Ákvæðið undirstrikar frekar samstarf við sveitarstjórnir og styrkir grundvöll ráðgjafarnefnda frá því sem nú er.
16. Lagt er til að orðalagi k-liðar 4. gr. (6. mgr. 26. gr. laganna) verði breytt til samræmis við önnur ákvæði laganna.
17. Lagt er til að orðið „verndaráætlun“ í p-lið 4. gr. verði notað í stað orðsins „vörsluáætlun“ þar sem það er talið betri þýðing á hugtakinu „conservation plan“.
18. Til að gæta samræmis er lagt til að í 5. gr. segi þar sem við á „á“ náttúruminjaskrá en ekki „í“ náttúruminjaskrá sem einnig er notað í frumvarpinu.
19. Lagt er til að orðið „annarra“ í 6. mgr. a-liðar 5. gr. falli brott þar sem því er talið ofaukið.
20. Lagt er til að orðalag 7. mgr. a-liðar 5. gr. verði einfaldað.
21. Leiðrétt eru mistök við frágang frumvarpsins í e-lið 5. gr.
22. Lagt er til að orðalagi í g-lið 5. gr. verði breytt þar sem orðalagið „í umboði ráðherra“ er talið óheppilegt.
23. Lagt er til að orðið „friðlýsing“ komi í stað orðanna „friðun og friðunarákvæði“ í h-lið 5. gr. og er það í samræmi við orðalag annarra ákvæða frumvarpsins.
24. Lagt er til að síðari málsliður ákvæðis til bráðabirgða verði felldur brott þar sem hann er óþarfur eftir breytingu sem lögð er til á 1. mgr. j-liðar (11. gr.) 1. gr. um kosningu í Náttúruverndarráð.

Alþingi, 9. febr. 1995.

Petrína Baldursdóttir, frsm. Árni R. Árnason. Árni M. Mathiesen.

Lára Margrét Ragnarsdóttir. Tómas Ingi Olrich.

Nefndaráliti þessu fylgdu tvö fylgiskjöl. Á fskj. I var frumvarpið birt með innfærðum breytingartillögum meiri hluta umhverfisnefndar og á fskj. II lög um náttúruvernd með breytingum samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum meiri hluta umhverfisnefndar.

641. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÁRÁ, ÁMM, LMR, PBald, TIO).

1. Við 1. gr.
   a. C-liður (4. gr.) orðist svo:

      Landvarsla ríkisins hefur umsjón með þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum, svo og öðrum náttúruverndarsvæðum í samræmi við lög. Umhverfisráðherra getur falið Landvörslu ríkisins umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs.

      Landvarsla ríkisins skal gæta þess að umferð ferðamanna á svæðum í umsjón hennar valdi ekki raski né spjöllum á náttúru og getur m.a. takmarkað umferð eða lokað svæðum í því skyni.

      Landvarsla ríkisins skal árlega gefa umhverfisráðherra skýrslu um ástand svæða í umsjón hennar og aðstöðu þar til að taka á móti ferðamönnum. Í skýrslunni skal jafnframt setja fram tillögur til úrbóta þar sem þörf er á og álit stofnunarinnar á stöðu ferðamála frá sjónarmiði náttúruverndar.

      Landvarsla ríkisins skal sjá til þess í samráði við embætti skipulagsstjóra ríkisins og sveitarstjórnir að gerðar verði skipulagsáætlanir fyrir þjóðgarða, friðlýst svæði og önnur náttúruverndarsvæði í umsjón hennar.

      Landvarsla ríkisins skal hafa samstarf við Náttúruverndarráð og samtök áhugamanna um náttúruvernd, m.a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd í samráði við náttúruverndarnefndir.

   b. Á eftir c-lið (4. gr.) komi ný grein, svohljóðandi:

      Landvarsla ríkisins skal hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í umsjón hennar, m.a. með útgáfu á fræðsluefni um náttúrufar.

      Landvörslu ríkisins er heimilt að setja á stofn og reka gestastofur í þjóðgörðum og á öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Í gestastofu skal veita fræðslu um náttúru staðarins, jarðmyndanir og lífríki, fornleifar og aðrar þjóðminjar, reglur sem gilda um svæðið, náttúruvernd og sögu byggðar og landnýtingar. Heimilt er að taka gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu í gestastofu.

      Landvarsla ríkisins skal einnig leitast við að efla áhuga á náttúruvernd með útgáfu á fræðsluefni fyrir fjölmiðla og almenning í samráði við umhverfisráðuneyti. Stofnunin skal hafa samvinnu við sveitarstjórnir, yfirvöld ferðamála og skóla um kynningu á friðlýstum svæðum og náttúruminjum, m.a. þar sem ástæða þykir til að hvetja til heimsókna ferðamanna.

c. E-liður (6. gr.) flytjist og verði c-liður (4. gr.). Liðurinn orðist svo:

Umhverfisráðherra skipar Landvörslu ríkisins þriggja manna stjórn, þar af formann sérstaklega, og jafnmarga til vara og ákveður stjórnarlaun. Skipunartími skal fylgja skipunartíma ráðherra.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Landvörslu ríkisins. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlanir stofnunarinnar og fylgist með fjárhag hennar og ráðstöfun fjár. Stjórnin gætir samráðs við Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð, sveitarstjórnir, bændur og aðra landnotendur, samtök áhugamanna um náttúruvernd og aðra eins og við á hverju sinni.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Landvörslu ríkisins til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur framkvæmdastjóra og stjórnar.

d. Fyrri málsgrein f-liðar (7. gr.) orðist svo:

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem stjórn Landvörslunnar skipar til fimm ára í senn. Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða. Þeir ráða landverði og annað starfsfólk þjóðgarðanna. Landvarslan getur falið þjóðgarðsvörðum eftirlits- og stjórnunarhlutverk á öðrum svæðum í umsjón stofnunarinnar í viðkomandi landshluta.

e. Í stað orðanna „og fræðslu og ráðstöfun tekna af gjaldtöku, ef hún er leyfð, og ákveðin skv. 17. gr. laganna“ í síðari málslið fyrri málsgreinar g-liðar (8. gr.) komi: og fræðslu og þjónustugjöld. Um ráðstöfun þjónustugjalda fer skv. 3. mgr. 17. gr.

f. H-liður (9. gr.) orðist svo:

Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna og kjósa þá til fjögurra ára í senn og ákveða formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Náttúruverndarnefndir hafa það hlutverk að stuðla að náttúruvernd, hver á sínu svæði, m.a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, umhverfisráðuneytis, Landvörslu ríkisins og Náttúruverndarráðs.

g. 2. mgr. i-liðar (10. gr.) orðist svo:

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruverndarmál og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál. Þar skulu eiga sæti, auk Náttúruverndarráðs, fulltrúar náttúruverndarnefnda, fulltrúar frjálsra félagasamtaka og stofnana sem vinna að náttúruvernd og aðrir sem ráðið telur rétt að eigi seturétt hverju sinni. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi og þjóðgarðsverðir eiga rétt til setu á náttúruverndarþingi sem áheyrnarfulltrúar með tillögurétt.

h. Við i-lið (10. gr.) bætist ný málsgrein er orðist svo:

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

i. 1. mgr. j-liðar (11. gr.) orðist svo:
Náttúruverndarráð skal skipað sjö mönnum, kosnum á náttúruverndarþingi. Kjósa skal formann og varaformann sérstaklega. Varamenn skulu valdir á sama hátt.
j. Við 2. mgr. j-liðar (11. gr.) bætist: og aðra starfsmenn eftir því sem þurfa þykir.
k. Á eftir orðinu „veitir“ í fyrri málslið 3. mgr. j-liðar (11. gr.) komi: enn fremur.
l. Í stað fyrri málsliðar 2. mgr. l-liðar (13. gr.) komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Umhverfisráðherra skipar stjórn sjóðsins til tveggja ára að loknu náttúruverndarþingi. Í stjórn sjóðsins sitja formaður Náttúruverndarráðs sem jafnframt er formaður stjórnar, einn fulltrúi tilnefndur af Landvörslu ríkisins og einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands.

2. Við 2. gr.
a. 1. mgr. b-liðar (16. gr.) orðist svo:
Landvörslu ríkisins er heimilt að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu Landvörslunnar á náttúruverndarsvæðum.
b. Orðið „einnig“ í fyrri málslið 2. mgr. b-liðar (16. gr.) falli brott.
c. Í stað orðanna „í friðlöndum og þjóðgörðum“ í niðurlagi 3. mgr. b-liðar (16. gr.) komi: og til að dreifa álagi á viðkvæmum svæðum.

3. Við 3. gr. B-liður orðist svo: Í stað 2. mgr. 13. gr. kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:
Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill.

4. Við 4. gr.
a. Í stað „1. mgr.“ í b-lið komi: 1. málsl. 1. mgr.
b. Í stað orðanna „4. mgr.“ í c-lið komi: 3. mgr.
c. 1. mgr. d-liðar orðist svo:
Umhverfisráðherra getur að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands friðlýst lífverur sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að sé ekki raskað, fækkað eða útrýmt. Jafnframt skal friðlýsa búsvæði tegundar, eða hluta þess, ef nauðsynlegt þykir til að ná fram markmiði friðlýsingarinnar.
d. Í stað orðsins „lífsvæði“ í 3. mgr. d-liðar komi: búsvæði.
e. F-liður orðist svo: Í stað orðanna „Náttúruverndarráð getur“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins.
f. Fyrri málsl. 2. mgr. g-liðar orðist svo: Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða, sbr. 8. gr.
g. Á eftir g-lið komi nýr liður, svohljóðandi: Við 25. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra er heimilt með reglugerð að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku sveitarstjórna til þess að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.
h. K-liður orðist svo: 6. mgr. 26. gr. orðast svo:
Ef þau óska slíks og umhverfisráðuneyti samþykkir skal ráðuneytið birta ákvörðun um stofnun fólkvangs í B-deild Stjórnartíðinda.
i. Í stað orðsins „vörsluáætlun“ í síðari málsgrein p-liðar komi: verndaráætlun.

5. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „Í“ í upphafi 2., 3. og 4. mgr. a-liðar komi: Á.
   b. Orðið „annarra“ í 6. mgr. a-liðar falli brott.
   c. 7. mgr. a-liðar orðist svo:
      Heimilt er með reglugerð að setja leiðbeiningar um skráningu náttúruminja.
   d. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í e-lið komi: umhverfisráðherra.
   e. G-liður orðist svo: Í stað orðanna „Náttúruverndarráð reynt samninga“ í 31. gr. kemur: ráðherra falið Landvörslu ríkisins að semja.
   f. Í stað orðanna „friðun og friðunarákvæði“ í h-lið komi: friðlýsingu.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Síðari málsliður falli brott.

642. Frumvarp til laga [400. mál]

um stjórn lífeyrissjóða.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason.

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til lífeyrissjóða, bæði séreignar- og sameignarsjóða, sem staðfest hafa reglugerðir sínar eða samþykktir hjá fjármálaráðuneytinu á grundvelli laga nr. 55 frá 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, eða starfa samkvæmt sérstökum lögum. Lögin taka þó ekki til lífeyrissjóða sem eru með ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum sínum.

Um aðalfund.

2. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Aðalfund skal halda árlega, en boða skal til hans með minnst 15 daga fyrirvara með fundarboði skv. 4. gr.

Tillögur stjórnar eða sjóðfélaga um menn í stjórn, kjörna endurskoðendur eða breytingar á reglugerð eða samþykktum lífeyrissjóðsins skal leggja fram til stjórnar lífeyrissjóðsins með sannanlegum hætti 30 dögum fyrir aðalfund. Aðrar tillögur nægir að leggja fram á aðalfundi.

Heimilt er að setja nánari reglur um framkvæmd kosninga á aðalfundi í samþykktir eða reglugerð, enda sé hún samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

Atkvæðisréttur á aðalfundi.

3. gr.

Atkvæðisrétt á aðalfundinum hafa allir þeir launamenn sem greitt hafa í viðkomandi lífeyrissjóð. Atkvæðisréttur sjóðfélaga fer eftir inneign eða áunnum réttindum (stigaútreikningi) við síðustu áramót. Einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála. Eigi sjóðfélagi inneign eða áunnin réttindi í fleiri en einum sjóði á hann atkvæðisrétt í þeim öllum.

Reglugerðum eða samþykktum má breyta á aðalfundi hljóti breytingarnar samþykki ⅔ hluta greiddra atkvæða enda hafi tillögur til breytinga á reglugerð fylgt fundarboði.

Um fundarboð aðalfundar.

4. gr.

Aðalfund skal stjórn lífeyrissjóðs boða með fundarboði. Eftirfarandi gögn skulu fylgja með fundarboði:

1. Dagskrá aðalfundar.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu ári.
3. Ársreikningur sjóðsins. — Mat tryggingastærðfræðings sjóðsins á stöðu lífeyrissjóðsins samkvæmt ársreikningnum.
4. Breytingar á reglugerð eða samþykktum sjóðsins ef fyrir liggja og mat tryggingastærðfræðings sjóðsins á hvaða áhrif breytingarnar hafa á réttindi og skyldur sjóðfélaga.
5. Atkvæðaseðlar vegna stjórnarkjörs, kjörs löggiltra endurskoðenda eða breytinga á reglugerð og samþykktum sjóðsins.
6. Skrá yfir önnur mál sem rædd skulu á aðalfundi.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal senda fundarboð ásamt meðfylgjandi gögnum til þess heimilisfangs sjóðfélaga sem fram kemur í þjóðskrá eins og hún er á þeim tíma.

Um dagskrá aðalfundar.

5. gr.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu ári.
2. Ársreikningur sjóðsins lagðir fram til staðfestingar og mat tryggingastærðfræðings.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning löggiltra endurskoðenda sjóðsins.
5. Tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins ef fyrir liggja og mat tryggingastærðfræðings á breytingunni.
6. Önnur mál.

Um skipun stjórnar og hlutverk.

6. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal kjörin á aðalfundi skv. 2. gr. og skal skipuð fimm mönnum frá sjóðfélögum og fimm mönnum til vara úr sama hópi. Stjórnin kýs sér formann, en skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans milli aðalfunda. Stjórnin hefur almennt eftirlit með starfseminni og að hún sé í samræmi við lög, reglur settar samkvæmt lögum eða reglugerð eða samþykkt sjóðsins sjálfs og nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að tryggingastærðfræðingur þjónusti lífeyrissjóðinn skv. 8. gr. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að útreikningar og skýringar tryggingastærðfræðings skv. 8. gr. séu birt sjóðfélögum.

Stjórn sjóðsins skal gæta hagsmuna sjóðfélaga í hvívetna og halda gerðabók um fundi sína sem sjóðfélögum er heimilt að kynna sér.

Um hæfi stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri og hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu.

Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru undanþegnir búsetuskilyrði skv. 1. mgr. Fjármálaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar lífeyrissjóða mega ekki jafnframt eiga sæti í stjórn lögaðila sem lífeyrissjóðurinn á eignarhlut í.

Hlutverk tryggingastærðfræðings.

8. gr.

Lífeyrissjóður skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir sjóðinn. Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir lífeyrissjóð sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins.

Tryggingastærðfræðingur skal reikna út áhvílandi skuldbindingar sjóðsins. Hann skal reikna út árlega stöðu lífeyrissjóðsins með tilliti til eigna og skuldbindinga enda fylgi útreikningur hans ársreikningi sjóðsins ásamt skýringum hans. Sé fyrirsjáanlegt að skuldbindingar sjóðsins séu meiri en eignir og líklegt að sjóðurinn nái ekki jafnvægi án beinna aðgerða ber honum að leggja til við stjórn sjóðsins tillögur til úrbóta. Ef breytingar eru gerðar á reglugerð eða samþykkt lífeyrissjóðsins skal hann geta um áhrif breytinga á stöðu sjóðsins og réttindi sjóðfélaga. Tryggingastærðfræðingur skal kappkosta að gera samanburð á réttindavernd viðkomandi sjóðs á hverjum tíma og því sem almennt gerist í lífeyrissjóðakerfinu og fyrst og fremst gæta hagsmuna sjóðfélaga í ráðleggingum sínum til stjórnar sjóðsins.

Tryggingastærðfræðingur lífeyrissjóðs getur krafist allra gagna og upplýsinga af sjóðnum til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók sjóðsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að lífeyrissjóður fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði eða lagaákvæðum sem um lífeyrissjóði gilda skal hann tafarlaust tilkynna það bankaeftirlitinu og gefa skýrslu á aðalfundi.

Um skuldbindingar lífeyrissjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóra er óheimilt að að láta sjóðinn ganga í ábyrgðir né taka á sig aðrar skuldbindingar en getið er um í reglugerð eða samþykktum sjóðsins.

Í viðskiptum lífeyrissjóðsins, t.d. vegna útlána, við stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra eða starfsmenn hans, svo og maka þeirra, skal gæta þess:

1. að viðskiptin séu sérstaklega skráð í gerðabók stjórnar,
2. að stjórnir lífeyrissjóðanna fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Lífeyrissjóðir skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

Lögbundnir lífeyrissjóðir.

10. gr.

Lög þessi gilda um eftirfarandi lífeyrissjóði sem kveðið er á um í lögum:

1. Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 50 frá 1984.
2. Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 94 frá 1994.
3. Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, sbr. lög nr. 95 frá 1980.

Viðurlög.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt almennum hegningarlögum.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Við gildistöku þeirra falla brott 3. gr. laga nr. 50 frá 1984, um Lífeyrissjóð bænda, og 3. gr. laga nr. 95 frá 1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að setja skýrar reglur um stjórnun lífeyrissjóða. Í núverandi löggjöf er ekki að finna nein almenn ákvæði um stjórn lífeyrissjóða eða skipulag. Í ríkjandi fyrirkomulagi, sem fram kemur í nær öllum tilvikum í reglugerðum eða samþykktum lífeyrissjóðanna, hefur sjóðfélaginn ekki beina aðild að stjórnun viðkomandi lífeyrissjóðs.

Lífeyrissjóðir voru í árslok 1993 78, þar af 66 sameignarsjóðir og 12 séreignarsjóðir. Ráðstöfunarfé allra þessara sjóða árið 1993 var 39,3 milljarðar kr. og var talið verða um 42,7 milljarðar kr. árið 1994 samkvæmt útreikningum Seðlabanka Íslands. Árið 1993 keyptu lífeyrissjóðirnir skuldabréf fyrir 37,6 milljarða kr., bæði markaðsbréf og skuldabréf einstaklinga og fyrirtækja, en sjóðirnir keyptu hlutabréf fyrir 793 millj. kr. Á árinu 1993 voru heildareignir lífeyrissjóðanna um 208,7 milljarðar kr.

Hverjum launamanni ber skylda til þess að greiða hluta launa sinna í lífeyrissjóð sinnar starfsstéttar samkvæmt lögum nr. 55 frá 1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í dag er þetta framlag 10% af launum og skiptist þannig að launamaður greiðir 4% en atvinnurekandi 6%.

Samkvæmt skýrslu bankaeftirlitsins fyrir 1993 greiddu 130.123 einstaklingar iðgjald í lífeyrissjóði landsins í nóvember það ár. 19.976 einstaklingar greiða í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna og 17.026 einstaklingar greiða í Lífeyrissjóð verslunarmanna, en þriðji stærsti sjóðurinn miðað við fjölda virkra sjóðfélaga er Söfnunarsjóður lífeyrissréttinda með 14.253 einstaklinga.

Núverandi tilhögun á vali stjórnarmanna.

Eins og sagði hér að framan er ekki að finna almenn efnisákvæði í löggjöf um efni þessa frumvarps. Hins vegar er í lögum um tiltekna lífeyrissjóði að finna ákvæði er lýtur að skipun stjórnar viðkomandi lífeyrissjóðs. Þannig er í 3. gr. laga nr. 50 frá 1984, um Lífeyrissjóð bænda, eftirfarandi ákvæði:

„Ráðherra, er fer með málefni lífeyrissjóða, skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórn skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn af stjórn Stéttarsambands bænda en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt."

Samkvæmt þessu ákvæði er ekki ætlast til þess að sjóðfélagar hafi bein áhrif á val stjórnarmanna eða starfsemi sjóðsins yfirleitt. Lífeyrissjóðir, sem ekki hafa tiltekna löggjöf að baki sér, hafa efnisákvæði um æðstu stjórn og setu fulltrúa á aðalfundi í reglugerð eða samþykktum sínum. Almennt er það svo að sjóðfélagar hafa ekki beina aðild að aðalfundi sjóðsins eða fulltrúaráði sem er venjulega æðsta vald í málefnum lífeyrissjóða. Þetta er gert með mismunandi hætti eftir lífeyrissjóðum.

1. Reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Í reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna segir um stjórn sjóðsins:

„Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum, þremur tilnefndum af stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur og þremur tilnefndum af þeim samtökum vinnuveitenda sem að sjóðnum standa. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt."

Samkvæmt þessu ákvæði er það stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur og tiltekin samtök atvinnurekanda sem tilnefna stjórnarmenn. Sjóðfélagar fá ekkert tækifæri til að kjósa fulltrúa á aðalfund hvað þá kjósa menn í stjórn með beinni þátttöku í kosningu. Svo virðist reyndar að aðalfundur lífeyrissjóðsins sé ekki haldinn samkvæmt reglugerðinni. Enn fremur segir í reglugerðinni um breytingar á reglugerð sjóðsins:

„Breytingar á reglugerð þessari eru samningsatriði milli Verslunarmannafélags Reykjavíkur og þeirra samtaka vinnuveitenda sem að sjóðnum standa."

Sjóðfélaginn virðist því ekkert hafa með að gera breytingar á reglugerðinni heldur er þetta samningsatriði milli tilgreindra aðila.

2. Reglugerð Samvinnulífeyrissjóðsins.

Í reglugerð Samvinnulífeyrissjóðsins segir um kosningu og stjórn sjóðsins:

„Réttur til fundarsetu á aðalfundi er eftirfarandi: Hvert aðildarfyrirtæki sjóðsins kýs einn fulltrúa á fundinn og starfsmenn þess sömuleiðis einn fulltrúa."

Samkvæmt þessari reglugerð eiga almennir sjóðfélagar ekki rétt til setu á aðalfundi en eiga óbeinan aðgang með kjöri á tilteknum fulltrúum sem mæta á aðalfund og kjósa stjórn.

3. Reglugerð Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Í reglugerð Sameinaða lífeyrissjóðsins segir:

„Atkvæðagreiðslur á ársfundi fara fram í fulltrúaráði og fara mættir fulltrúar launþega og vinnuveitenda með helming atkvæða hvorir. Komi fram ósk um skipta atkvæðagreiðslu frá öðrum hvorum aðila skal verða við því og þarf þá samþykki meiri hluta beggja. Sjóðfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt."

Í umræddri reglugerð er sagt að: „fulltrúaráðið sé æðsta vald í málefnum sjóðsins . . . " en fulltrúaráðið sé valið þannig að „hvert stéttarfélag, sem aðild á að lífeyrissjóðnum . . . kýs úr sínum hópi árlega tvo félagsmenn í ráðið. Þau aðildarfélög, sem hafa 500 sjóðfélaga eða fleiri í sjóðnum, kjósa einn mann til viðbótar fyrir hverja 500 sjóðfélaga . . . " Síðan segir að: „samtök vinnuveitenda, sem aðild eiga að sjóðnum [tilnefni] jafnmarga fulltrúa úr sínum röðum og viðkomandi stéttarfélag kýs". Samkvæmt þessari reglugerð

hefur sjóðfélaginn einungis málfrelsi á aðalfundi en þó rétt til setu á fundinum. Einungis valdir fulltrúar hafa beinan atkvæðisrétt.

4. Reglugerð Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar.

Í reglugerð Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar segir um stjórn sjóðsins:

„Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum, Verkamannafélagið Dagsbrún og verkakvennafélagið Framsókn tilnefna hvort um sig einn mann og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir tvo menn."

Svo virðist sem stjórn sjóðsins sé ekki kosin á aðalfundi eða svokölluðum „fulltrúafundi" heldur sé um að ræða tilnefningu stjórna verkalýðsfélaganna og atvinnurekanda. Síðan segir í reglugerðinni um fulltrúafund: „Dagsbrún kýs 20 fulltrúa og Framsókn 15 fulltrúa til að mæta á fulltrúafund, er halda skal árlega. Hvort félag kýs einnig fimm varafulltrúa. Fulltrúar skulu kosnir til eins árs í senn. Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda árlega, eigi síðar en mánuði eftir að reikningar undanfarandi árs eru tilbúnir. Fundinn skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Aukafund má boða með skemmri fyrirvara, en dagskrár skal geta í fundarboði. Fulltrúafundir teljast lögmætir er ⅔ fulltrúa eru mættir." Enn fremur segir í reglugerðinni: „Fulltrúafundur ræðir ársreikninga og önnur málefni lífeyrissjóðsins. Hann kýs endurskoðanda, ... og greiðir atkvæði um tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins ..."

Eins og sjá má heimilar reglugerðin völdum fulltrúum að hafa áhrif á tilteknar ákvarðanir en ekki þá mikilvægustu, þ.e. val á stjórnarmönnum.

Af skoðun þessara reglugerða sést að mismunandi háttur er hafður á um val á stjórnarmönnum og jafnframt er mismunandi hvaða möguleika sjóðfélagar hafa til þess að kjósa stjórnarmenn eða taka þátt í öðrum ákvörðunum sem varða rekstur sjóðsins. Stjórnarmenn eru annars vegar valdir með beinni tilnefningu stjórna aðila vinnumarkaðarins og hins vegar með kosningu valdra fulltrúa á aðalfundi sem síðan kjósa á aðalfundi. Sú reglugerð, sem að framan getur og lengst gengur í lýðræðisátt fyrir hinn almenna sjóðfélaga, er reglugerð Sameinaða lífeyrissjóðsins sem kveður á um „málfrelsi og tillögurétt" til handa sjóðfélögum á aðalfundi. Engin reglugerðanna kveður á um beinan kosningarrétt á aðalfundi. Samkvæmt reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna er ekki sjáanlegt að haldinn sé aðalfundur sjóðsins.

Um fjárfestingar lífeyrissjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir hafa enn sem komið er fjárfest mestan hluta eigna sinna í verðbréfum ýmiss konar, öðrum en hlutabréfum. Til skamms tíma fjárfestu lífeyrissjóðirnir nær eingöngu í ríkisskuldabréfum, húsbréfum og öðrum skuldabréfum með ríkisábyrgð enda ávöxtunin mjög góð miðað við áhættu af viðskiptum.

Eftirfarandi er tafla sýnir skuldabréfaeign lífeyrissjóðanna eftir útgefendum skuldabréfanna (upphæðir eru í milljörðum kr.):

Ríkissjóður	15,3
Húsnæðisstofnun (húsbréf–húsnæðisbréf)	29,7
Bankar og sparisjóðir	16,0
Fyrirtæki	6,6
Einstaklingar	34,9

Eins og sjá má er stór hluti framangreindra verðbréfa með ábyrgð ríkissjóðs. Lífeyrissjóðirnir hafa hins vegar lánað fyrirtækjum um 6,6 milljarða kr. og einstaklingum tæpa

35 milljarða kr. Lífeyrissjóðirnir notuðu 2% af ráðstöfunarfé sínu árinu 1993 til kaupa á hlutabréfum eða 793 millj. kr. Á árinu 1992 keyptu sjóðirnir hins vegar hlutabréf fyrir 994 millj. kr.

Á árinu 1993 var heildareign lífeyrissjóðanna í hlutabréfum í íslenskum fyrirtækjum 4,1 milljarður kr., eða 1,96% af eignum sjóðanna. Hlutabréfakaup lífeyrissjóðanna hafa þannig farið vaxandi hin síðari ár og þá um leið þátttaka lífeyrissjóðanna í íslensku atvinnulífi.

Mismunandi er hversu mikið sjóðirnir hafa fjárfest í hlutabréfum. Þannig á sá sjóður sem mest hefur fjárfest í hlutabréfum, rúma 1,2 milljarða kr. í hlutabréfum en 41 sjóður hefur ekkert fjárfest í hlutabréfum. Þeir sjóðir, sem mest eiga, eru eftirfarandi lífeyrissjóðir:

	Eign hlutabréfa í milljörðum kr	Hlutfall af heildareign hlutabréfa lífeyrissjóðanna	Hlutfall eigna viðkomandi lífeyrissjóða
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1,231	29,6%	4,0%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	0,511	12,3%	6,5%
Lífeyrissjóður Austurlands	0,433	10,4%	8,1%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	0,377	9,0%	3,5%
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	0,253	6,9%	2,6%
Lífeyrissjóður Norðurlands	0,205	4,9%	2,9%
Samtals	**3,013**	**72,5%**	**4,2%**

Fimm stærstu lífeyrissjóðirnir eiga um 72% af hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna og sá stærsti, Lífeyrissjóður verslunarmanna, um 30% af eign sjóðanna. Hins vegar er hlutabréfaeign hvers sjóðs sem hlutfall af eignum frá 2,6% upp í 8,1%.

Samkvæmt þessu hafa lífeyrissjóðir mjög mikla fjármuni til ráðstöfunar til fjárfestinga og hafa nú þegar verulegra hagsmuna að gæta í íslensku atvinnulífi.

Tilhögun frumvarpsins.

Þegar til þess er horft að um er að ræða skyldusparnað hluta launa launamanns sem launamaður afsalar sér í hendur þriðja aðila til langs tíma og lífeyrissjóðirnir hafa stóran hluta alls sparnaðar landsmanna verður að telja óeðlilegt að ekki liggi fyrir skýrar lagareglur um stjórn sjóðanna. Stjórnir lífeyrissjóðanna gæta því mikilla hagsmuna mjög margra aðila og miklu skiptir fyrir þá og reyndar þjóðfélagið allt að vel sé að verki staðið.

Af þessum sökum telja flutningsmenn nauðsynlegt að svo sé búið um hnútana að hagsmunaaðilarnir, launamennirnir, velji þá aðila sem stjórna eiga þeim sjóði sem viðkomandi borgar til. Þetta gera þeir í samræmi við inneign sína (réttindi) hjá sjóðnum. Aðra leið mætti hugsa sér, þ.e. þá að inneign eða áunnin réttindi hjá sjóðnum ráði ekki atkvæðavægi hvers sjóðfélaga heldur hefði hver sjóðfélagi eitt atkvæði óháð rétti sínum í sjóðnum. Jafnframt kveður frumvarpið á um að stjórnarmenn skuli vera sjóðfélagar en ekki utanaðkomandi aðilar. Þannig hafa stjórnarmenn beina hagsmuni af rekstri sjóðsins og afkomu. Sjóðfélaginn er sá sem unnið hefur fyrir lífeyrissjóðsframlaginu og á að njóta þess lífeyris sem þetta framlag mun á endanum skila honum að lokinni starfsævi. Endanleg fjárhæð þess lífeyris, sem hann mun fá, ræðst af þeim höfuðstól sem sjóðfélaginn greiðir til sjóðsins, ávöxtun þess framlags auk þeirrar tryggingalegu útjöfnunar sem á sér stað í sameignarsjóðum.

Það virðist staðreynd að aðgangur sjóðfélaga lífeyrissjóðanna er takmarkaður þannig að sjóðfélagarnir hafa ekki beina aðild að aðalfundi eða fulltrúaráði heldur eru tilteknir aðalfundarfulltrúar kosnir sérstaklega til setu á aðalfundi eða stjórnir aðila vinnumarkaðarins tilnefna beint aðila í stjórn lífeyrissjóðanna.

Hér er um óeðlilega tilhögun að ræða sem hefur leitt meðal annars til þess að sjóðfélagar hafa lítinn áhuga á réttindum sínum og hagsmunum í tilteknum sjóðum eða lífeyrissjóðsþátttöku yfirleitt þrátt fyrir skylduaðild lögum samkvæmt. Jafnframt telja flutningsmenn nauðsynlegt að hver sjóðfélagi geti átt þess kost að kynna sér að eigin raun málefni sjóðsins millilíðalaust, sérstaklega þar sem mikil umræða er um málefni lífeyrissjóðanna og breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Hitt er og mikilvægt að staða sumra sjóða er þannig að þeir eiga ekki fyrir skuldbindingum sínum og sjóðfélagi á heimtingu á beinni vitneskju um stöðu viðkomandi sjóðs.

Sé einhver tilgangur með framangreindri takmörkun, sem þó er ekki sjáanlegur, gagnvart sjóðfélögum verður slíkur tilgangur að víkja fyrir þeim miklu hagsmunum sem sjóðfélaginn hefur af beinni og millilíðalausri vitneskju um málefni sjóðanna og kosningarrétti hans. Svo virðist sem fyrirkomulagið sé þannig byggt upp að aðilar vinnumarkaðarins, viðkomandi stéttarfélög og félög atvinnurekanda, geti ráðið sem mestu um málefni lífeyrissjóðanna með beinum tilnefningum eða með því að velja tiltekna fulltrúa sjóðfélaga á aðalfundinn eða í fulltrúaráðið sem síðan kýs stjórn sjóðsins. Annar tilgangur er ekki sjáanlegur.

Það er því nauðsynlegt að virkja hvern sjóðfélaga til vitundar um réttindi sín og skyldur hvað lífeyrissjóðina varðar. Flutningsmenn telja að það verði best gert með beinni þátttöku sjóðfélaga á aðalfundi þar sem hann getur komið skoðunum sínum á framfæri og framkvæmt vilja sinn með atkvæðisrétti sínum. Með tilhögun frumvarpsins munu sjóðfélagar enn fremur veita stjórn lífeyrissjóðsins nauðsynlegt aðhald í ákvarðanatöku um málefni sjóðsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tilteknu hlutverki stjórnarinnar. Það er hennar meginhlutverk að gæta þess að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög og reglugerðir sem um lífeyrissjóði gilda. Hér er auðvitað mikilvægt að huga vel að lögum um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, nr. 27 frá 1991. Jafnframt ber að hafa í huga að nokkrir lífeyrissjóðir eru stofnaðir samkvæmt lögum.

Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins gæti þess að starfsemi sjóðsins fari eftir reglugerð eða samþykktum lífeyrissjóðsins sjálfs. Þetta er mikilvægt ákvæði þar sem komið hefur fyrir að stjórnir lífeyrissjóða hafa ekki framfylgt ákvæðum í reglugerðum sínum eins og fram kemur í skýrslu bankaeftirlitsins frá 1991 um tryggingafræðilegar úttektir.

Þess er sérstaklega getið að stjórn sjóðsins skuli hafa í sinni þjónustu tryggingastærðfræðing sem geri tryggingafræðilegar athuganir á rekstri og stöðu sjóðsins og stjórninni beri að kynna sjóðfélögum þessa útreikninga. Sérstakt ákvæði er um hlutverk tryggingastærðfræðings sem þjónusti sjóðinn og sé stjórn sjóðsins til ráðgjafar en gæti þó fyrst og fremst hagsmuna sjóðfélaga og sé þannig aðhald gagnvart stjórn sjóðsins. Meginhlutverk tryggingastærðfræðings samkvæmt frumvarpinu verður útreikningur á stöðu sjóðsins á hverjum tíma hvað varðar eignir og skuldbindingar. Mikill misbrestur hefur verið á slíkum reglulegum útreikningi en í skýrslu bankaeftirlitsins fyrir árið 1992 um framkvæmd tryggingafræðilegrar úttektar sagði:

„Eitt af því sem ætlast er til að að fram komi í ársreikningi lífeyrissjóðs er mat á lífeyrisskuldbindingum sem hvíla á honum. Slíkt mat er forsenda þess að unnt sé að gera sér grein fyrir fjárhagsstöðu sjóðsins. Mat skuldbindinga kemur fram í úttektum tryggingastærðfræðinga. Flestir eða allir lífeyrissjóðir, sem starfa með sameignarformi, hafa í reglugerðum sínum ákvæði um að tryggingafræðileg úttekt skuli fara fram með tilteknu millibili, oftast þriðja eða fimmta hvert ár. Nokkur misbrestur er á því að þau ákvæði hafi verið framkvæmd."

Í skýrslu bankaeftirlitsins um lífeyrissjóði fyrir árið 1993 er áréttuð nauðsyn þess að tryggingafræðilegar úttektir fari fram og þess getið jafnframt að tveir sjóðir hafi ekki enn framkvæmt slíka úttekt. Ákvæði 8. gr. í frumvarpi þessu um hlutverk tryggingastærðfræðings er hliðstætt 37. gr. laga nr. 60 frá 1994, um vátryggingastarfsemi.

Í frumvarpinu er það sérstaklega áréttað að stjórn sjóðsins skuli gæta hagsmuna sjóðfélaganna. Þetta er mjög mikilvæg leiðbeiningarregla ef upp kunna að koma aðstæður þar sem aðrir hagsmunir gætu ráðið ferðinni.

Sérstakt ákvæði er um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Hér er um að ræða almennt hæfi þessara aðila til að gegna þessum trúnaðarstörfum. Þessi ákvæði eru sambærileg öðrum ákvæðum laga um hæfi forráðamanna lögaðila.

Jafnframt er sett inn í frumvarpið sérstakt ákvæði um setu forráðamanna lífeyrissjóða í stjórnum annarra lögaðila. Eins og að framan getur eiga lífeyrissjóðir miklar eignir bundnar í innlendum hlutabréfum eða um 4,1 milljarð kr. en sex sjóðir eiga um 72,5% þessarar fjárhæðar en einn sjóður á 30% eða 1,2 milljarða kr. Slík hlutabréfaeign kallar í mörgum tilvikum á bein afskipti með setu í stjórn hlutafélaga, bæði stórra og smárra. Í janúar 1995 kom út skýrsla á vegum Samkeppnisstofnunar sem vekur sérstaka athygli á umfangi lífeyrissjóðanna á fjármagnsmarkaði. Í skýrslunni segir „Fjárfesting lífeyrissjóðanna í fyrirtækjum leiðir gjarnan af sér stjórnarsetur í þeim. Þar er um að ræða tilvik, reyndar eitt af mörgum, þar sem einstaklingar fá völd í fyrirtækjum án þess að þeir eigi sjálfir í þeim. Þá kemur í ljós sú tilhneiging að Samvinnulífeyrissjóðurinn fjárfestir frekar í fyrirtækjum sem áður höfðu tengsl við Samband íslenskra samvinnufélaga. Lífeyrissjóður verslunarmanna fjárfestir aftur á móti gjarnan í „blokk" sem tengist einkarekstri. Því er eðlilegt að spurt sé: Var hreint arðsemismat haft að leiðarljósi við fjárfestinguna? Með fjárfestingu er hér átt við að lífeyrissjóðir eignist eignarhlutdeild í fyrirtækjum."

Vegna smæðar atvinnulífsins er slík samþjöppun valds, eins og orðin er staðreynd, varasöm. Alkunna er að óheppilegt getur verið að tengsl séu milli lögaðila í gegnum stjórnarsetur. Hætta getur verið á því að hagsmunir eins aðila víki þar sem þeir stangast á við hagsmuni annars eða annarra aðila. Flutningsmenn þessa frumvarps telja jafnframt að nauðsynlegt sé að lífeyrissjóðirnir fjárfesti í íslensku atvinnulífi í ríkum mæli. Þessar staðreyndir kalli hins vegar á skýrar lagareglur. Til að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum er sett bann við setu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í stjórnum lögaðila sem lífeyrissjóðurinn hefur fjárfest í. Enn fremur er sérstakt ákvæði um sérstaka tilhögun ef um er að ræða viðskipti forráðamanna lífeyrissjóðsins við sjóðinn sjálfan.

Gert er ráð fyrir því að efnisákvæði frumvarpsins nái til þeirra lífeyrissjóða sem starfa eftir lögum nr. 55 frá 1980 og einnig til sjóða sem starfa eftir tilteknum lögum. Frumvarp þetta tekur þó ekki til lífeyrissjóða sem launagreiðendur ábyrgjast skuldbindingar fyrir. Lífeyrissjóður verslunarmanna er stærsti sjóðurinn sem frumvarp þetta nær til en í nóvember sl. greiddu 17.029 einstaklingar iðgjald til sjóðsins.

Það er álit flutningsmanna að efnisákvæði þessa lagafrumvarps ættu heima í heildarlöggjöf um lífeyrissjóðina en þar sem ekki virðist líklegt miðað við reynslu fyrri ára að löggjafinn muni koma sér saman um slíka löggjöf er þess freistað að um þessi mikilvægu efnisatriði geti orðið sátt með frumvarpi þessu enda nauðsynlegt að um þessi efnisatriði gildi löggjöf lífeyrissjóðum landsins til leiðbeiningar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari lagagrein er kveðið á um það til hvaða lífeyrissjóða lögin taka. Lögin taka til sameignar- og séreignarsjóða. Samkvæmt skýrslu bankaeftirlitsins fyrir árið 1993 kemur fram að sameignarsjóðir eru 66 en séreignarsjóðir 12. Séreignarsjóðir bjóða ekki upp á tryggingavernd eins og sameignarsjóðir gera. Skv. 2. gr. laga nr. 55 frá 1980 er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Samkvæmt þessari grein taka lögin til þessara lífeyrissjóða. Lögin taka hins vegar ekki til lífeyrissjóða sem hafa ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum sínum. Rök eru fyrir því að þessir sjóðir lúti þeirri stjórn sem ákveðin var í upphafi. Þessir sjóðir eru eftirfarandi: 1. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. Eftirlaunasjóður Landsbanka og Seðlabanka, 3. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, 4. Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands hf., 5. Eftirlaunasjóður starfsmanna Íslandsbanka hf., 6. Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar, 7. Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, 8. Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar, 9. Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, 10. Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar, 11. Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands, 12. Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurbæjar,13. Lífeyrissjóður Neskaupstaðar, 14. Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar, 15. Lífeyrissjóður starfsmanna Sjóvátryggingafélags Íslands, 16. Lífeyrissjóður alþingismanna, 17. Lífeyrissjóður ráðherra, 18. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar og 19. Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

Hins vegar taka lögin til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum en hafa ekki ábyrgð launagreiðanda, sjóða eins og Lífeyrissjóðs sjómanna, Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóðs bænda.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að aðalfundur sé æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Í 3. gr. laganna er kveðið á um að allir launamenn eigi atkvæðisrétt á aðalfundi viðkomandi lífeyrissjóðs. Þess vegna er mikilvægt að fundarboð berist sjóðfélögum og ef vel á að vera með nokkrum fyrirvara. Í greininni er því gert ráð fyrir að fundarboðið berist 15 dögum fyrir aðalfund. Nægjanlegt er að póstleggja fundarboðið innan 15 daga fyrir fund.

Vilji stjórn eða sjóðfélagi leggja fram tillögu, sem kveðið er á um í 2. mgr., ber mönnum að gera slíkt 25 dögum fyrir aðalfund þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að kynna sér tillögurnar enda fylgi þær fundarboði sem senda á 15 dögum fyrir aðalfund. Ef breytingar á samþykktum eða reglugerðum leiða til breytinga á skuldbindingum eða réttindum sjóðfélaga getur tryggingastærðfræðingur metið þær breytingar innan 15 daga frestsins enda á matið að fylgja fundarboði skv. 4. gr.

Í 3. mgr. segir að setja megi nánari reglur um framkvæmd kosninga á aðalfundi. Tilteknir lífeyrissjóðir vildu hugsanlega setja ákvæði í reglugerð um bréflegar kosningar fyrir aðalfund til hagræðingar fyrir sjóðfélagana. Óeðlilegt væri að banna slíkt ef sjóðfélagarnir sjálfir hafa samþykkt slíkt fyrirkomulag með þeim meiri hluta sem tilskilinn er.

Um 3. gr.

Launamenn eru sjóðfélagarnir enda greiði þeir lífeyrissjóðsframlag sitt í viðkomandi sjóð. Atkvæðisréttur á aðalfundi er því bundinn við þessa aðila. Misjafnt er hvernig lífeyrissjóðir reikna út réttindi sjóðfélaga. Séreignasjóðir miða við fjárhagslega inneign en sameignasjóðir reikna réttindi til stiga. Réttindaútreikningur sjóðfélaga kemur fram í samþykktum eða reglugerð viðkomandi lífeyrissjóðs. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að miða eigi atkvæðisrétt sjóðfélaga við stigaútreikning ef um slíkt er að ræða hjá viðkomandi sjóði eða fjárhagslega inneign viðkomandi sem hlutfall af heildarinneign í sjóðnum ef um séreignarsjóð er að ræða. Miða skal atkvæðisrétt á aðalfundi við réttindi sjóðfélaga við síðustu áramót. Almennt er gert ráð fyrir einföldum meiri hluta greiddra atkvæða við atkvæðagreiðslu á aðalfundi. Í 3. mgr. er þó gert ráð fyrir ⅔ hlutum greiddra atkvæða enda er um að ræða breytingar á reglugerð eða samþykkt sjóðsins.

Um 4. gr.

Svo að sjóðfélagi geti tekið afstöðu til þeirra málefna sem ákvarða á á aðalfundi þarf hann að fá tíma til að kynna sér efnisatriði þeirra. Í 4. gr. er því gert ráð fyrir að tiltekin gögn séu send með fundarboði innan þess frest sem getið er um í 1. mgr. 2. gr.

Mjög mikilvægt er að sjóðfélaginn fái fundarboðið og gögnin í hendur og fái þannig vitneskju um fundinn. Hins vegar getur verið erfitt að hafa upp á heimilisfangi sjóðfélaganna. Af þeim sökum gerir ákvæðið ráð fyrir að það heimilisfang, sem getið er um í þjóðskrá, skuli ráða ef upp kemur vafi um aðsetur sjóðfélaga.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í þessari grein er það áréttað að stjórn sjóðsins beri að framfylgja lögum og reglum sem gilda um viðkomandi lífeyrissjóð. Þannig ber sjóðsstjórninni að gæta hagsmuna sjóðfélaganna við ávöxtun eigna sjóðsins en ákvæði um ávöxtun eigna er venjulega að finna í reglugerðum eða samþykktum lífeyrissjóðanna. Mikilvægt er að tryggingastærðfræðilegar úttektir liggi til grundvallar við stjórnun lífeyrissjóðsins og að þær séu gerðar með reglulegu millibili. Þetta er ekki einungis mikilvægt fyrir stjórnina sjálfa við stjórnun sjóðsins heldur einnig mikilvægt fyrir sjóðfélagann sjálfan að vita um stöðu sjóðsins. Af þessum sökum ber stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs ábyrgð á því að upplýsingar tryggingastærðfræðings séu birtar sjóðfélögunum. Stjórn sjóðsins er gert skylt að halda gerðabók um athafnir sínar og ákvarðanir sem sjóðfélagar eiga fullan aðgang að.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að stjórnarmenn fullnægi almennum hæfisskilyrðum. Í 3. mgr. ákvæðisins er hins vegar gert ráð fyrir sérstökum hæfisskilyrðum. Þar er kveðið á um að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í lífeyrissjóði megi ekki jafnframt eiga sæti í fyrirtæki sem lífeyrissjóðurinn hefur fjárfest í. Rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að

ávöxtun eigna lífeyrissjóðsins eigi að ráða fjárfestingum sjóðsins en ekki aðrir hagsmunir. Þegar stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar eiga kost á stjórnarsetu og launum henni samfara getur skapast hætta á hagsmunaárekstrum og að hagsmunir sjóðfélaga verði þannig fyrir borð bornir.

Um 8. gr.

Mikilvægt að vita nákvæmlega hvaða skuldbindingar hvíla á viðkomandi lífeyrissjóði. Í þessari grein er nánar kveðið á um starf tryggingastærðfræðings sem gerir slíkar úttektir. Helsta hlutverk tryggingastærðfræðings er að reikna út stöðu lífeyrissjóðsins með tilliti til eigna og þeirra skuldbindinga sem hvíla á lífeyrissjóðnum. Í greininni er kveðið á um rétt tryggingastærðfræðings til að fá upplýsingar og ræða við stjórn sjóðsins um niðurstöður sínar. Telji hann stjórn sjóðsins ekki fara eftir settum reglum getur tryggingastærðfræðingur tilkynnt bankaeftirlitinu um slíkt og gefið um það skýrslu á aðalfundi. Tryggingastærðfræðingurinn veitir þannig stjórn lífeyrissjóðsins aðhald og á þess kost að upplýsa sjóðfélagana milliliðalaust, enda ber honum að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gerð sú krafa að fram komi í reglugerð eða samþykktum sjóðsins sérstök heimild fyrir skuldbindingum lífeyrissjóðsins í þágu stjórnar sjóðsins eða framkvæmdastjóra. Hér gæti verið um það tilvik að ræða að umræddir aðilar fengju lán hjá viðkomandi lífeyrissjóði. Rökin fyrir þessari reglu er sú að viðkomandi aðilar eru báðum megin borðs í þessum tilvikum. Hins vegar er eðlilegt að heimila slíkt með þeim reglum sem sjóðfélagarnir sjálfir hafa samþykkt í reglugerð eða samþykktum sjóðsins. Í 2. mgr. ákvæðisins er þess getið að viðskipti lífeyrissjóðsins við starfsmenn, framkvæmdastjóra, stjórnarmenn og maka þeirra skuli skráð og upplýsingar um þessi viðskipti berist kerfisbundið til stjórnar. Nauðsynlegt er fyrir alla aðila að fyrir liggi sannanir fyrir viðskiptunum. Jafnframt er mikilvægt fyrir stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs að vita um viðskiptin hverju sinni enda er stjórn sjóðsins æðsta vald lífeyrissjóðsins milli aðalfunda.

Í 3. mgr. er sett sú regla að verklagsreglur skuli vera til um þessi viðskipti starfsmanna og þeirra aðila sem reglugerð eða samþykktir sjóðsins heimila viðskipti við annars vegar og lífeyrissjóðsins hins vegar.

Um 10. gr.

Í þessari grein er vakin athygli á þeim sjóðum sem frumvarpið tekur til og starfa samkvæmt sérstökum lögum. Greinin hefur ekki að geyma tæmandi talningu á þeim sjóðum sem frumvarpið á við um. Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

643. Frumvarp til laga [401. mál]

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Við 19. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda eigi þau sameiginlegt lögheimili og sambúðin hafi varað samfleytt í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur komið í ljós að við útreikning á fjárhagsaðstoð til einstaklings, sem býr í óvígðri sambúð, er óheimilt að taka mið af tekjum sambúðaraðila með sama hætti og tekjum maka. Ástæðan er sú að lögin kveða ekki sérstaklega á um sambúðarfólk. Milli sambúðarfólks ríkir ekki gagnkvæm framfærsluskylda eins og milli hjóna, sbr. 2. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, en sú regla kemur fram í 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef ætlunin er að lögbinda framfærsluskyldu milli sambúðarfólks á ákvæði um það atriði heima í sérstökum lögum um óvígða sambúð, en þau lög hafa ekki verið sett eins og kunnugt er. Spurningin er sú hvort um sambúð eigi að öllu leyti að fara sem um hjónaband eða hvort sambúð eigi að vera valkostur fólks, annars konar sambúðarform en hjónaband. Æskilegt hefði verið að í lögum væri að finna afstöðu löggjafans í þessu efni og fyrst væru sett heildarlög um óvígða sambúð í stað þess að byrja á því að setja ákvæði um sambúð á víð og dreif í lög sem geta bundið hendur löggjafans komi til þess síðar að setja eigi heildstæð lög um sambúð.

Þar sem ekki hefur verið kveðið á um framfærsluskyldu milli sambúðarfólks í sérstökum lögum er víða í lögum að finna ákvæði sem fela í sér að um sambúðarfólk skuli, að vissum skilyrðum fullnægðum, fara eins og með hjón, t.d. lög um almannatryggingar og lög um tekjuskatt og eignarskatt. Slík lagaákvæði kveða ekki beinlínis á um framfærsluskyldu milli sambúðarfólks, en ganga þó í þá átt. Það þykir því eðlilegt að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga hafi að geyma ákvæði um að við útreikning á fjárhagsaðstoð skuli farið með sama hætti hvort sem um er að ræða sambúðarfólk eða hjón. Ein meginhugsun að baki laganna er að styðja og styrkja fjölskylduna. Fjölskyldan hefur verið skilin rúmum skilningi í þessu samhengi sem allir þeir sem búa á sama heimili og deila saman daglegu lífi. Við útreikning á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum hefur ekki verið gerður greinarmunur á sambúðarfólki og hjónum, enda mundi slíkt geta leitt til þess að sambúðarfólk fengi umtalsvert hærri fjárhæð til framfærslu en hjón sem búa við sambærilega fjárhagslega afkomu.

Þannig voru framfærslulög túlkuð svo og núgildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga allt fram til þess er úrskurðarnefnd félagsþjónustu felldi úrskurð um að slík túlkun væri óheimil. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga miðast við þarfir fjölskyldunnar sem heildar, en ekki við ákveðna einstaklinga innan hennar. Hér býr þannig að baki sjónarmiðið um aðstoð við afkomu fjölskyldunnar eftir þörf.

Samkvæmt áðurnefndum úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu, uppkveðnum 23. júní 1993, var niðurstaðan sú að Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hafi verið óheimilt að taka mið af tekjum beggja sambúðaraðila við umsókn annars þeirra um fjárhagsaðstoð þar sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveði ekki á um gagnkvæma framfærsluskyldu sambúðarfólks. Þar sem rétt þykir að haldið sé áfram á þeirri braut að miða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við hagsmuni fjölskyldunnar sem heildar er lagt til að sett verði í lögin sérákvæði um sambúðarfólk þegar fjárhagsaðstoð á í hlut.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hvergi er í lögum að finna skilgreiningu á óvígðri sambúð. Þau lagaákvæði sem binda viss réttaráhrif við sambúð hafa sett mismunandi skilyrði fyrir sambúðinni. Hér er lagt til að sett verði tvö skilyrði: að gengið hafi verið frá nauðsynlegum formsatriðum annars vegar og um stöðugleika sambúðarinnar hins vegar. Formsatriðum þykir fullnægt með því að sambúðarfólk eigi sameiginlegt lögheimili. Álitamál er hins vegar hvenær sambúð er talin vera viðvarandi. Ljóst er þó að nokkurra vikna eða mánaða sambúð á ekki að geta haft þær afdrifaríku afleiðingar að öðrum sambúðaraðila verði synjað um fjárhagsaðstoð vegna tekna hins. Reynslan sýnir að fólk er oft að þreifa fyrir sér í upphafi sambúðar og fjárhagsleg samstaða myndast ekki þegar í stað. Hér er lagt til að miðað verði við a.m.k. eins árs samfellda sambúð. Það þýðir að hafi sambúðarfólk átt sameiginlegt lögheimili í a.m.k. eitt ár samfleytt, áður en umsókn um fjárhagsaðstoð er lögð fram, skuli tekjur beggja teknar með í reikninginn þegar réttur til fjárhagsaðstoðar er ákvarðaður.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

Frumvarpið felur í sér að bundið sé í lög að hafi sambúðarfólk átt sameiginlegt lögheimili í a.m.k. eitt ár samfleytt, áður en umsókn um fjárhagsaðstoð er lögð fram, skuli tekjur beggja teknar með í reikninginn þegar réttur til fjárhagsaðstoðar er ákvarðaður. Við útreikning á fjárhagsaðstoð hafa sveitarfélög beitt þeirri vinnureglu að taka ávallt tillit til tekna maka óháð því hvort viðkomandi er í vígðri eða óvígðri sambúð. Samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu frá 23. júní 1993 á sú vinnuregla sér ekki stoð í

lögum. Frumvarpið miðar að því að lögleiða vinnuregluna nema hvað varðar þá sem hafa verið í óvígðri sambúð í skemmri tíma en eitt ár þegar umsókn er lögð fram. Frumvarpið kallar því á lítils háttar útgjaldaauka frá því sem var þegar vinnureglunni var beitt en lækkun frá því sem var á árinu 1994 og enn meira frá því sem verður í framtíðinni ef ekkert er að gert.

Sveitarfélögin bera bróðurpart útgjalda vegna áðurnefndrar félagsþjónustu. Hlutur ríkisins er að greiða annars vegar aðstoð til erlendra ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili hér á landi eða hafa dvalið hér á landi skemur en tvö ár og hins vegar aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnað við heimflutning þeirra. Á árinu 1994 var kostnaður ríkissjóðs vegna þessa 7,8 m.kr. en 8,4 m.kr. á árinu 1993. Að óbreyttum lögum gæti árlegur kostnaður ríkisins hækkað um 2–3 m.kr., en með samþykkt frumvarpsins er komið í veg fyrir þá hækkun að mestu.

644. Frumvarp til laga [402. mál]

um breytingu á yfirstjórn vátryggingastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laga um ófriðartryggingar, nr. 2 21. janúar 1944, kemur: Ráðherra.

2. gr.

Á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55 2. júní 1992, verða svofelldar breytingar:

1. Í stað orðsins „tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 2. gr. kemur: ráðherra.
2. Í stað orðsins „Tryggingamálaráðherra“ í 26. gr. kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 5. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48 6. maí 1994, kemur: Ráðherra.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera þá breytingu á yfirstjórn stjórnarmálefna að málefni vátryggingastarfsemi heyri undir viðskiptaráðuneytið frá 1. mars 1995.

Skipan stjórnarmálefna og skipting starfa milli ráðherra og ráðuneyta heyrir samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar til þeirra starfa sem handhöfum framkvæmdarvaldsins eru falin, sbr. síðari málslið 15. gr. stjórnarskrárinnar svo og 2. gr. hennar um þrískiptingu ríkisvaldsins. Samhljóða og ítarlegri ákvæði voru síðar sett í lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 28. maí 1969, sbr. 1. gr. i.f. og 8. gr., fyrirmælum stjórnarskrár til nánari útfærslu. Við gildistöku laganna var síðan með úrskurði forseta gefin út reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, þar sem stjórnarmálefnum er skipað und-

ir ráðuneyti og er það meginréttarheimildin um valdsvið hvers ráðuneytis um sig.

Þrátt fyrir þá skipan sem stjórnarskrárgjafinn hefur þannig valið þessum þætti stjórnarskipunarinnar eru þess fjölmörg dæmi að hinn almenni löggjafi ákveði vistun stjórnarmálefna með lögum, svo sem til háttar með þau lög sem hér er leitað breytinga á. Slík ákvæði eiga sér oft eðlilegar skýringar í því að um nýskipan er að ræða eða meiri háttar breytingar á skipan stjórnarmálefna standa fyrir dyrum, en hljóta að öðru jöfnu að teljast ofaukið með skírskotun til þess er að framan segir.

Með því að ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að gera þá breytingu á skipan stjórnarmálefna, sem í upphafi var lýst, þykir jafnframt rétt að leita atbeina Alþingis til að færa viðeigandi lagaákvæði til samræmis þar við í lagahreinsunarskyni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–3. gr.

Þegar fyrstu lögin um vátryggingastarfsemi voru sett fyrir 22 árum var framkvæmd þeirra og opinberu eftirliti skipað við hlið almannatrygginga í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sem e.t.v má túlka sem svo að áhersla hafi verið lögð á hið félagslega hlutverk þeirra.

Þróun vátryggingastarfsemi hefur á síðari árum breytt áherslunum, enda þótt hlutverk hennar og eðli sé hið sama og áður. Markaðsmál eru í brennidepli og aukin samskipti við aðrar þjóðir. Áhersla er lögð á samkeppni og neytendavernd. Aukin umsvif og frelsi á fjármagnsmarkaði og þróun fjármálaþjónustu í kjölfar fjölbreyttari ávöxtunarmöguleika ná í auknum mæli einnig til vátryggingafélaga. Mörkin milli vátryggingastarfsemi og annarra greina fjármálaþjónustu eru óljósari en áður, aukið samstarf er víða milli banka og vátryggingafélaga og vátryggingafélögum er nú heimilt að reka verðbréfasjóði, banka og aðra fjármálastarfsemi samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi.

Af þessum sökum þykir eðlilegt að flytja yfirstjórn málaflokksins til þess ráðuneytis sem fer með mál er varða bankastarfsemi og fjármálaþjónustu, samkeppnismál og neytendavernd. Við breytinguna flyst eftirlit með framkvæmd eftirtalinna laga til viðskiptaráðuneytis:

— Um bátaábyrgðarfélög,
— um brunatryggingar,
— um ófriðartryggingar,
— um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum,
— um stríðsslysatryggingar,
— um vátryggingasamninga,
— um vátryggingastarfsemi og
— um Viðlagatryggingu Íslands.

Til upplýsingar skal þess jafnframt getið að annars staðar á Norðurlöndum er það einungis í Finnlandi sem vátryggingastarfsemi er hliðsett almannatryggingum í ráðuneyti, enda gegna vátryggingafélög mikilvægu hlutverki í almannatryggingakerfinu þar í landi. Þá er vátryggingastarfsemi talin til fjármálaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins ásamt bankastarfsemi og málefnum verðbréfamarkaðarins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar og væntanlega samhliða gildistöku lagafrumvarps þessa mun forsætisráðherra beita sér fyrir setningu reglugerðar, samhljóða þeim breytingum sem frumvarpið stefnir að, um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands og fylgja drög að henni í fylgiskjali til upplýsingar.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á yfirstjórn vátryggingastarfsemi.

Í frumvarpi þessu felst að vátryggingamál færast frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til viðskiptaráðherra.

Gert er ráð fyrir að málaflokkurinn færist á milli ráðuneyta án kostnaðarbreytinga. Starfsemi vátryggingamála hefur verið sinnt í hlutastarfi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og viðskiptaráðuneytið mun geta bætt þessum málaflokki á núverandi starfsemi án þess að þurfa að bæta við starfsliði eða öðrum kostnaði. Enn fremur er gert ráð fyrir að Tryggingaeftirlitið færist milli ráðuneyta, en starfsemi þess er að fullu kostuð af sértekjum og því er ekki ætluð fjárveiting á fjárlögum. Með tilliti til þessa á ekki að hljótast aukinn kostnaður af samþykkt þessa frumvarps.

Fylgiskjal II.

Drög:

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 7. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar um breytingar á reglugerð þessari nr. 114/1993, falli brott 7. og 11. tölul. Töluliðir 8 til og með 10 breytist í samræmi við það í töluliði 7 til og með 9.

2. gr.

Á eftir 8. tölul. 15. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 64/1987 og 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 5/1990, komi nýr töluliður, 9. tölul., er hljóði svo:

9. Vátryggingastarfsemi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. mars 1995.

645. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi.

2. gr.

43. gr. laganna verður svohljóðandi:

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum í lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem eru framleidd, flutt inn eða seld ólöglega hér á landi skulu gerð upptæk með dómi og enn fremur ágóði af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Við 44. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem nota má við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við undirbúning lyfjalaga, nr. 93/1994, féllu niður af misgáningi refsiákvæði laganna. Í frumvarpi þessu er því lagt til að orðalagi 43. gr. laganna verði breytt þannig að inn verði sett sérstakt refsiákvæði samhljóða 60. gr. lyfjadreifingarlaga nr. 76/1982 og 58. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984.

Þá þykir nauðsynlegt að bann það sem fyrirhugað er að setja við sjónvarpsauglýsingum lausasölulyfja eigi sér skýra lagastoð.

Loks er talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um í lögunum um heimild ráðherra til að setja reglugerð um framleiðslu og markaðssetningu efna sem gjarnan eru notuð við ólöglega framleiðslu ávana- og fíkniefna. Evrópusambandið hefur sett sérstaka tilskipun um þetta efni, tilskipun ráðsins 92/109/EBE frá 14. desember 1992 um framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem notuð eru við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum. Höfð verður hliðsjón af þeirri tilskipun þegar reglugerð verður sett hér á landi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Meginefni frumvarpsins eru refsiákvæði sem féllu niður við setningu lyfjalaga, nr. 93/1994.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkisjóðs.

646. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 30. mars 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25%, sé miðað við hlutafé eða stofnfé.
   iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 121/1993. Eru breytingar þessa frumvarps, sem nú er flutt, gerðar til samræmis við breytingar á því frumvarpi. Af frumvörpunum leiðir sú breyting að nú verður óbein fjárfesting í sjávarútvegi heimil þótt verulegar takmarkanir séu þar enn á. Því verður ekki lengur með lögunum komið í veg fyrir beina erlenda eignaraðild að lögaðila sem á í fyrirtæki sem stundar fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands. Sú beina eignaraðild er hins vegar takmörkuð við 25% hlutafjár eða stofnfjár. Auk þess er sú krafa gerð að það fyrirtæki sem á í útgerðarfyrirtækinu sé undir íslenskum yfirráðum. Að sjálfsögðu er ætlast til þess að einstök orð og hugtök frumvarpsins hafi sömu merkingu og þau hafa í frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, sbr. lög nr. 121/1993. Er því almennt vísað til þess frumvarps og athugasemda við það. Þó verður ekki hjá því komist skýrleikans vegna að greina hér sérstaklega frá því sem þar segir um hugtökin íslenskan lögaðila, íslenskan aðila og yfirráð íslenskra aðila. Í lokamálsgrein 1. gr. áðurnefnds frumvarps segir orðrétt:

„Með íslenskum lögaðila í 4. og 5. gr. er átt við lögaðila með heimili hér á landi. Með íslenskum aðila í 4. og 5. gr. er átt við ríkissjóð og sveitarfélög svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi."

Auk þess er rétt til glöggvunar að geta þess að í 2. gr. ofangreindra laga er hugtakið erlendur aðili skilgreint svo: „Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum." Bein fjárfesting í sjávarútvegi er eftir sem áður óheimil.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 30. mars 1992.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að heimila fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Óbein fjárfesting erlendra aðila verður heimil en bein fjárfesting takmarkast við 25% hlutafjár eða stofnfjár. Frumvarp þetta er í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, sbr. lög nr. 121/1993.

Ekki verður séð að frumvarp þetta hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Það kemur í hlut eftirlitssviðs Seðlabanka Íslands að fylgjast með erlendum fjárfestingum á Íslandi almennt og framfylgd þessa frumvarps sérstaklega, verði það að lögum. Seðlabankinn mun ekki verða fyrir kostnaðarauka af þeim sökum. Auk þess starfar þingkjörin nefnd um erlenda fjárfestingu skv. 10. gr. laga nr. 34/1991 sem hefur eftirlit með erlendri fjárfestingu hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að sú nefnd verði fyrir kostnaðarauka af þessum sökum.

647. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. febr.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Lögmannafélags Íslands skal tilkynna dómsmálaráðherra ef félagsmaður missir eitthvert hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings. Skal ráðherra afturkalla málflutningsleyfið meðan svo er ástatt.

Dómsmálaráðherra er heimilt að afturkalla málflutningsleyfi um stundarsakir eða ótímabundið eftir því hversu miklar sakir eru ef stjórn Lögmannafélags Íslands leggur til að félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu. Sama gildir ef lögmaður brýtur gegn samþykktum félagsins eða reglum um fjárvörslureikninga, og sinnir ekki áskorun félagsstjórnarinnar um úrbætur.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að afturkalla málflutningsleyfi í allt að tvö ár, ef lögmaður hefur þrisvar sætt réttarfarssektum.

Dómsmálaráðherra skal leita umsagnar stjórnar Lögmannafélags Íslands áður en málflutningsleyfi er veitt að nýju.

Nú hefur leyfi lögmanns til málflutnings verið afturkallað, og getur hann þá borið afturköllunina undir dómstóla með venjulegum hætti að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisins.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Lögmenn skulu hafa með sér félag er nefnist Lögmannafélag Íslands. Stjórn þess kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum í málum er lögmenn varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra til staðfestingar.

Lögmannafélag Íslands skal í samþykktum sínum setja reglur um skyldu félagsmanna til þess að kaupa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða leggja fram aðra jafngilda tryggingu að mati stjórnar Lögmannafélagsins vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Í samþykktunum skal kveðið á um lágmark vátryggingarfjárhæðar og hámark eigin áhættu vátryggingartaka með hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta vátryggingartaka í tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Undanskildir vátryggingarskyldunni eru lögmenn sem starfa hjá opinberum aðilum, lánastofnunum og vátryggingarfélögum að því er varðar lögmannsstörf í þágu þess-

ara aðila. Stjórn Lögmannafélagsins er heimilt að undanþiggja einstaka lögmenn tryggingarskyldunni, enda hafi þeir ekki opna starfsstofu. Stjórn Lögmannafélagsins úrskurðar um skyldu einstakra félagsmanna til vátryggingarkaupa. Ráðherra skal áður en hann staðfestir samþykktir um tryggingarskyldu leita umsagnar samtaka neytenda og vátryggingafélaga.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við fyrir hönd umbjóðanda síns aðgreindum frá eigin fé. Skulu þeir varðveittir á sérstökum reikningi, vörslufjárreikningi. Lögmannafélag Íslands skal setja reglur um vörslufjárreikninga og eru þær háðar staðfestingu ráðherra.

Ráðherra getur lagt fyrir félagið að gera breytingar á reglum skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar innan tiltekins frests telji hann þær ekki veita viðskiptamönnum lögmanna nægilega vernd. Komi félagið ekki fram með breytingar á reglunum sem ráðherra telur unnt að staðfesta er honum heimilt að setja reglugerð um þessi atriði og skal hann leita umsagnar með sama hætti og segir í 2. mgr.

3. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. kemur: Stjórn Lögmannafélags Íslands ber að hafa eftirlit með því að félagsmenn fari að lögum og samþykktum félagsins í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Lögmanni er skylt að veita stjórn félagsins eða trúnaðarmanni hennar allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stjórnin geti metið hvort fylgt sé reglum um starfsábyrgðartryggingu og vörslufjárreikninga, þar með talið aðgang að bókhaldi og bankareikningum. Sýni félagsmaður stjórninni ekki fram á að hann fylgi þessum reglum þrátt fyrir kröfu stjórnarinnar þar um getur hún gert tillögu til ráðherra um að málflutningsleyfi hans verði afturkallað.
b. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

5. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglur um skyldu lögmanna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu og varðveita fé umbjóðenda sinna á sérstökum vörslufjárreikningi skv. 2. og 3. mgr. 2. gr. laga þessara skulu eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1995. Hafi Lögmannafélag Íslands ekki sett reglur þar að lútandi fyrir 1. nóvember 1994 skal dómsmálaráðherra eigi síðar en 1. desember 1994 setja slíkar reglur, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara.

648. Frumvarp til laga [315. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

(Eftir 2. umr., 13. febr.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast við tveir nýir stafliðir svohljóðandi:

f. Mánuður telst 30 dagar.
g. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksfjöldi vélavarða og vélstjóra á fiskiskipum og varðskipum skal vera sem hér segir:

a. Á skipi með 75–220 kw. vél (u.þ.b. 101–300 hö.) einn vélgæslumaður sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 20 rúmlestum, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst.
b. Á skipi með 221–375 kw. vél (u.þ.b. 301–510 hö.) yfirvélstjóri sé útivera 30 klst. og skemmri.
c. Á skipi með 221–750 kw. vél (u.þ.b. 301–1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
d. Á skipi með 751–1500 kw. vél (u.þ.b. 1021–2040 hö.) tveir vélstjórar; yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
e. Á skipi með 1501–1800 kw. vél (u.þ.b. 2041–2446 hö.) þrír í vél; tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri ásamt vélaverði eða aðstoðarmanni í vél.
f. Á skipi með 1801 kw. vél (u.þ.b. 2447 hö.) og stærri þrír vélstjórar; yfirvélstjóri, 1. vélstjóri og annar vélstjóri.

Um fjölda vélavarða og vélstjóra á íslenskum kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

1. Sá sem lokið hefur námskeiði í vélgæslu sem haldið er á vegum vélskóla samkvæmt reglugerð, er menntamálaráðherra setur, hefur rétt til að vera vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum með aðalvél minni en 221 kw.
   Atvinnuskírteini: Vélgæslumaður (VM).
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 6 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kw. og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).

3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 5 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél minni en 376 kw.
Atvinnuskírteini: Yfirvélstjóri (VVy).
Að loknum 9 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 5 mánuði á skipi með 401–750 kw. vél, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
4. Sá sem hefur lokið vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 4 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 375 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 401–750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 401 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).
Að loknum 18 mánaða starfstíma sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 6 mánuði sem vélavörður, en 12 mánuði sem vélstjóri. Af vélstjóratímanum, vélstjóri a.m.k. 3 mánuði við 751 kw. vél og stærri. Að loknum þessum starfstíma hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
5. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ.e. vélfræðingur) hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).
Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri að fengnum rétti til að öðlast atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).
Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).

6. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

4. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: „enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda, sbr. 9. gr.“.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:
Hver íslenskur ríkisborgari, 18 ára og eldri, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem vélstjórnarmaður á íslenskum skipum.
Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauðsynlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

Réttindi:	**Atvinnuskírteini:**	
Vélgæslumaður (VM)	Vélgæslumaður	
Vélavörður (VV)	Vélavörður og VM	STCW III/6
Vélavörður (VVy)	Yfirvélstjóri; aðalvél <375 kw. og VV	STCW III/6
Vélstjóri III (VS III)	Yfirvélstjóri; aðalvél <750 kw. vél og VVy	STCW III/6
Vélstjóri II (VS II)	1. vélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VS III	STCW III/6
Vélstjóri I (VS I)	Yfirvélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VF IV	STCW III/4
Vélfræðingur IV (VF IV)	2. vélstjóri; aðalvél ótakmörkuð og VS II	STCW III/4
Vélfræðingur III (VF III)	1. vélstjóri; aðalvél ótakmörkuð og VS I	STCW III/2
Vélfræðingur II (VF II)	Yfirvélstjóri; <3000 kw. vél og VF III	STCW III/3
Vélfræðingur I (VF I)	Yfirvélstjóri; aðalvél ótakmörkuð	STCW III/2

Atvinnuskírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda í 5 ár í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, eftir því sem við á.

Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við vélstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.

Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Vélstjórafélags Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þegnum erlendra ríkja utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem lokið hafa vélstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands og Vélstjórafélags Íslands, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum sem lokið hafa vélstjórnarnámi við erlenda skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað A-liðar í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr A-liður, svohljóðandi:

A. Eftir gildistöku laga þessara verður á vegum menntamálaráðuneytis en í samráði við Vélskóla Íslands efnt til námskeiða í vélgæslufræðum. Um framkvæmd námskeiða þessara, námsefni og kennsluaðstöðu skal haft samráð við hagsmunaaðila. Um námsefni, námstilhögun, próf og aldurskilyrði skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur. Þátttakendur á námskeiðunum skulu ganga undir próf er veiti þeim rétt til atvinnuskírteinis vélgæslumanna (VM).

Frá gildistöku laga þessara og fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 og fyrr og annast hefur vélgæslu á bátum í 5 ár fengið réttindi sem vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr., þegar hann hefur setið námskeið í vélgæslufræðum. Í stað þess að ganga undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið námskeiðið og sé hæfur til vélgæslustarfa að mati námskeiðshaldara.

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa vélstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi, þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

649. Nefndarálit [138. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að kanna embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Það vakti eðlilega mikla athygli þegar stjórnarflokkarnir freistuðu þess að koma í veg fyrir að þessi þingsályktunartillaga fengi umfjöllun og athugun í þingnefnd. Það hefur verið viðtekið viðhorf alþingismanna til þessa að framkomin þingmál hljóti athugun þingnefndar sem geri tillögu til þingsins um afgreiðslu málsins. Sem betur fer mistókst þessi atlaga að þingvenjum og lýðræðislegum vinnubrögðum og málinu var vísað til nefndar.

Þessi atburður vakti þó upp spurningar um viðhorf forustumanna stjórnarflokkanna til gagnrýni á störf sín og þá sérstaklega að þeir skyldu bregðast við á þann hátt að freista þess að beita meirihlutavaldi sínu til þess að þagga niður í gagnrýninni og reyna að koma í veg fyrir athugun á fyrirliggjandi gögnum málsins og í framhaldi af því að þingmenn legðu mat á þingsályktunartillöguna á grundvelli athugunar á vegum nefndarinnar. Sérstaklega áleitnar verða slíkar spurningar í ljósi þess að tillagan sjálf er flutt vegna grunsemda um að umhverfisráðherra hafi misbeitt valdi sínu. Þær grunsemdir vöknuðu við vinnu í umhverfisnefnd að svonefndu villidýrafrumvarpi á síðasta þingi.

Þá fyrst kastaði hins vegar tólfunum þegar kom til þess að taka málið fyrir í þingnefndinni. Starfandi formaður nefndarinnar neitaði öllum óskum sem fram komu frá fjórum nefndarmönnum um boðun gesta til viðtals við nefndina um málið og enn fremur var synjað beiðnum um að aflað yrði tiltekinna gagna og þau síðan tekin fyrir í nefndinni. Málsmeðferð meiri hlutans að öðru leyti var með fádæmum. Umræður sem urðu mótuðust nær eingöngu af því að stjórnarliðar ætluðu sér að koma í veg fyrir að þingmálið yrði tekið til efnislegrar meðferðar og beittu síðan meiri hluta sínum til þess að afgreiða málið út úr nefndinni.

Minni hlutinn fordæmir harðlega þetta ofbeldi í störfum nefndarinnar. Þess eru ekki dæmi á yfirstandandi kjörtímabili að komið hafi verið í veg fyrir að nefndin vinni störf sín á þinglegan hátt. Spurningin er: Hvers vegna mátti allsherjarnefnd ekki athuga þetta þingmál, ekki síst í ljósi þeirrar yfirlýsingar forustumanna Alþýðuflokksins sl. haust að flokkurinn hefði ekkert að fela?

Þegar grunur leikur á því að valdi hafi verið misbeitt er eðlilegast af hálfu þess sem grunurinn beinist að að leggja sig fram um að eyða þeim grun, en í þessu máli hefur verið valin sú leið að reyna á öllum stigum málsins í meðförum þingsins að koma í veg fyrir að veittar yrðu upplýsingar. Það eru ekki traustvekjandi viðbrögð og hljóta þau að leiða til þeirrar ályktunar að rannsóknar sé sérstaklega þörf.

Vegna þess sem að framan greinir er nauðsynlegt að draga fram eftirfarandi upplýsingar sem rökstyðja að óeðlilega hafi verið að málum staðið og kalla á að frekari athugun fari fram á embættisfærslu umhverfisráðherra.

Vitað er að fljótlega eftir að Össur Skarphéðinsson tók við ráðuneyti umhverfismála á miðju ári 1993 lenti hann í harkalegum árekstrum við starfmenn stofnana umhverfisráðuneytisins. Er svo að sjá sem ráðherra hafi viljað hefta frelsi þeirra til að tjá sig, ýmist um málefni viðkomandi stofnana eða skyld svið.

Þannig er á margra vitorði að ráðherra tók þáverandi framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs, Þórodd Þóroddsson, til bæna út af saklausu viðtali sem hann átti við Morgunblaðið og birtist 6. ágúst 1993 (sjá fskj. VI). Mun íhlutun ráðherrans hafa leitt til þess að Þóroddur sagði starfi sínu lausu þá um haustið.

Hliðstætt atvik gerðist gagnvart starfsmanni veiðistjóraembættisins, Arnóri Þ. Sigfússyni fuglafræðingi, en frásögn af viðtali blaðamanns Tímans við Arnór birtist í Tímanum 23. desember 1993 undir fyrirsögninni „Rjúpnaveiðibann ráðherra spillir fyrir rannsóknum" (sjá fskj. VII). Hringdi umhverfisráðherra eftir hádegi þennan dag í Arnór, minnti á að hann væri starfsmaður ráðuneytisins og sagði hann hafa farið „yfir grensuna" í blaðaviðtalinu. Jafnframt tók ráðherra fram að þessu máli væri ekki lokið af sinni hálfu. Þetta upplýsti Arnór á fundi umhverfisnefndar Alþingis 15. apríl 1994.

Fyrr þennan sama dag, upp úr hádegi á Þorláksmessu, 23. desember 1993, hringdi umhverfisráðherra í Pál Hersteinsson veiðistjóra og hafði uppi aðfinnslur út af viðtalinu við Arnór. Veiðistjóri bar það fyrir umhverfisnefnd Alþingis 15. apríl 1994 að hann hefði svarað ráðherra á þá leið að hann teldi þessar deilur vissulega óheppilegar. Rjúpur og rjúpnaveiði heyrði hins vegar ekki undir veiðistjóraembættið og ekki væri eðlilegt að hann legði hömlur á málfrelsi starfsmanns síns um slíkt efni þar sem hann tjáði sig sem meðlimur í Skotveiðifélagi Íslands á vettvangi félagsins. Þá mun ráðherra hafa sagt að sögn Páls Hersteinssonar á fyrrgreindum fundi umhverfisnefndar: „Þú stjórnar Arnóri. Ég stjórna þér. Þessi ráðherra er ekki hræddur við að berjast. Ég minni þig í þessu sambandi á framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs sem nú er fyrrverandi framkvæmdastjóri. Gleðileg jól."

Enn fremur kom það fram á áðurnefndum fundi umhverfisnefndar að ráðherra hafi ekki minnst einu orði á flutning veiðistjóraembættisins í þessum símtölum við starfsmennina. Í frásögn Morgunblaðsins 23. desember 1993 (sjá fskj. V) af heimsókn umhverfisráðherra til seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri deginum áður (22. desember 1993) var ekki minnst á flutning veiðistjóraembættisins norður, heldur hafði ráðherra þar talað um að flytja norður þá starfseiningu innan Skipulags ríkisins sem sér um mat á umhverfisáhrifum. Nýráðinn starfsmaður í það verkefni var Þóroddur Þóroddsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs!

Hálfum mánuði síðar, 6. janúar 1994, var veiðistjóri boðaður á fund ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti og honum þar tilkynnt að ráðherra hefði ákveðið að flytja embættið norður til Akureyrar og færa starfsemina undir setur Náttúrufræðistofnunar Íslands þar. Hvorki stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands eða forstöðumaður setursins á Akureyri hafði þá heyrt ávæning af því að slíkur flutningur stæði fyrir dyrum.

Þessar upplýsingar og fleiri ótaldar, sem sjá má í fylgiskjölum og gögnum umhverfisnefndar Alþingis, tala sínu máli. Staðfesta þær að ákvörðun ráðherra um flutning embættisins virðist tekin í fljótræði og að lítt athuguðu máli án samráðs við þá sem málið varðaði. Inn í ákvörðun ráðherrans fléttast með afar óeðlilegum hætti árekstrar hans við starfsmenn veiðistjóraembættisins.

Með vísan til þessa telur minni hlutinn óhjákvæmilegt að leggja til að tillagan verði samþykkt.

Pétur Bjarnason áskilur sér rétt til þess að flytja breytingartillögu við málið eða styðja tillögur sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. febr. 1995.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm. Anna Ólafsdóttir Björnsson. Pétur Bjarnason, með fyrirvara.

Jón Helgason.

Fylgiskjal I.

MINNISBLAÐ VEIÐISTJÓRA

Nokkrar dagsetningar tengdar ákvörðun um flutning veiðistjóraembættis.

(15. apríl 1994.)

10. nóvember 1993: Hádegisvettvangur umhverfisráðuneytis og forstöðumanna. Umræðuefni: Flutningur ríkisstofnana. Aldrei var minnst á embætti veiðistjóra og ekkert kom fram sem benti til þess að ráðherra væri hlynntur flutningi.

22. desember 1993: Við undirritun samnings um rekstur seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri lýsir ráðherra því yfir að fleiri verkefni muni flytjast norður og nefnir í því sambandi sérstaklega umhverfismat.

23. desember 1993: Ráðherra hringir í PH vegna annars máls og nefnir ekki flutning.

6. janúar 1994: Veiðistjóri boðaður á fund ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti og honum tilkynnt að ráðherra hafi ákveðið að flytja embættið norður á Akureyri og færa starfsemina undir setrið. Ástæðan sögð byggðastefna og hagræðing. Ráðuneytisstjóri telur litlar líkur á að ákvörðun verði breytt. PH biður um leyfi til þess að skila greinargerð um málið. Leyfið veitt.

7. janúar 1994: Samtal við skrifstofustjóra umhverfisdeildar ráðuneytisins þar sem fram kemur að ráðherra hafi tilkynnt fyrirhugaðan flutning á ríkisstjórnarfundi og ekki verði aftur snúið.

7. janúar 1994: PH hringir í forstöðumann seturs NÍ á Akureyri til þess að forvitnast um aðstæður á stofnuninni. Forstöðumaður kemur af fjöllum og ekkert rými talið laust á stofnuninni.

10. janúar 1994: Veiðistjóri afhendir ráðuneytisstjóra greinargerð sína um flutninginn.

10. janúar 1994: Aðstoðarmaður ráðherra hefur samband við skógræktarstjóra og spyr hvort eitthvað sé til skriflegt um flutning Skógræktar ríkisins. Fær sendar þrjár blaðsíður sem skógræktarstjóri hafði skrifað að beiðni nefndar undir forsæti Þorvaldar Garðars Kristjánssonar (upplýsingar samkvæmt samtali veiðistjóra við skógræktarstjóra 28. janúar 1994).

14. janúar 1994: Umhverfisráðherra fer fram á úttekt á embætti veiðistjóra og „tillögum“ um samruna þess við NÍ.

19. janúar 1994: Ráðherra tilkynnir á blaðamannafundi á Akureyri að veiðistjóraembætti flytjist norður.

24. janúar 1994: Þrír starfsmenn ráðuneytisins koma á fund starfsmanna embættisins til þess að ræða afstöðu starfsmanna til flutnings.

16. mars 1994: Ráðuneytið fer bréflega fram á að „villidýrafrumvarpi“ verði breytt. Veiðistjóri ekki látinn vita af þeirri beiðni.

12. apríl 1994: Úttekt á embætti veiðistjóra send umhverfisnefnd Alþingis.

Fylgiskjal II.

Bréf Páls Hersteinssonar veiðistjóra til umhverfisráðuneytis um flutning veiðistjóraembættis frá Reykjavík til Akureyrar.

(10. janúar 1994.)

Undirrituðum var tilkynnt fimmtudaginn 6. janúar 1994 að umhverfisráðherra hefði ákveðið að embætti veiðistjóra yrði flutt frá Reykjavík til Akureyrar og að flutningurinn skuli eiga sér stað fyrir árslok.

Í ljósi þess að ákvörðunin virðist eiga sér stuttan aðdraganda og að ekki hafði verið leitað álits undirritaðs eða annarra starfsmanna embættisins áður en hún var tekin þykir mér rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til hennar.

Í stuttu máli tel ég flutning þennan óheppilegan fyrir þá starfsemi sem fram fer hjá embættinu eins og nánar er getið hér að neðan og í greinargerð.

Í fyrsta lagi mun hann koma niður á þeim rannsóknum sem fram fara á vegum embættisins, bæði þeim sem það stendur fyrir eitt og þeim sem það er í samvinnu um við aðrar stofnanir. Sum þessara verkefna munu vafalaust leggjast af en önnur mun taka mörg ár að byggja upp á ný.

Í öðru lagi mun flutningurinn hafa neikvæð áhrif á þá þjónustu sem embættið veitir veiðimönnum, bændum, öðrum hagsmunaaðilum og sveitarfélögum.

Í þriðja lagi er ólíklegt að nokkur hagræðing yrði af veru embættisins í nábýli við setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri, jafnvel þótt verkefni þess yrðu alveg lögð undir setrið og veiðistjóraembættið lagt niður.

Í fjórða lagi mun flutningnum fylgja nokkur kostnaður sem hægt væri að komast hjá ef embættið yrði um kyrrt í Reykjavík.

Í fimmta lagi mun flutningurinn hafa í för með sér mikla röskun fyrir starfsmenn embættisins sem sennilega munu allir láta af störfum. Sú sérþekking, reynsla og sambönd sem starfsmenn hafa aflað nýtist ekki fyrir starfsemina og sú hætta er fyrir hendi að langur tími líði áður en nýir starfsmenn koma henni á skrið á ný.

Nánar er fjallað um einstaka þætti í meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,

Páll Hersteinsson, veiðistjóri.

Nefndaráliti þessu fylgdu sjö fylgiskjöl. Á fskj. II var auk bréfs veiðistjóra greinargerð fyrir afstöðu hans til þeirrar ákvörðunar umhverfisráðherra að flytja embætti veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar, á fskj. III kaflar úr skýrslu um embætti veiðistjóra sem unnin var fyrir umhverfisráðherra í apríl 1994, á fskj. IV kaflar úr nefndaráliti og tillögum nefndar um flutning ríkisstofnana sem unnið var fyrir forsætisráðherra, á fskj. V frétt úr Morgunblaðinu 23. desember 1993 um heimsókn umhverfisráðherra til seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri, á fskj. VI viðtal við framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs í Morgunblaðinu 6. ágúst 1993 um hugmyndir um stærri friðlönd og þjóðgarða og á fskj. VII viðtal við formann Skotveiðifélags Íslands í Tímanum 23. desember 1994 um ákvörðun umhverfisráðherra um styttri rjúpnaveiðitíma.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

650. Breytingartillaga [138. mál]

við till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að kanna embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Önnu Ólafsdóttur Björnsson og Jóni Helgasyni.

Í stað „31. janúar 1995“ í tillögugreininni komi: 31. maí 1995.

651. Fyrirspurn [405. mál]

til umhverfisráðherra um flutning Landmælinga Íslands.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hefur ráðherra hætt við áform um flutning Landmælinga Íslands til Akraness?
2. Hver er kostnaður við undirbúning flutnings Landmælinga Íslands til Akraness og hvernig sundurliðast hann?

Skriflegt svar óskast.

652. Frumvarp til laga [406. mál]

um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Endurgreiðsla oftekins fjár.

1. gr.

Stjórnvöld, sem innheimta skatta eða gjöld, skulu endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum samkvæmt ásamt vöxtum skv. 2. gr.

Stjórnvöld skulu hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Vextir.

2. gr.

Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skv. 1. gr. skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma er greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiða dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, með síðari breytingum, frá þeim tíma er gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra skatta eða gjalda.

Vextir skv. 1. mgr. skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að fé var oftekið. Það sama gildir um greiðslu dráttarvaxta skv. 2. mgr. ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Gjöld sem greidd eru fyrir fram eða samkvæmt áætlun.

3. gr.

Þegar gjöld fyrir opinbera þjónustu, sem látin er í té samfellt eða reglubundið, eru greidd fyrir fram eða samkvæmt áætlun og í ljós kemur eftir uppgjör að ofgreitt hefur verið fyrir ákveðið gjaldatímabil er ekki skylt að endurgreiða það sem oftekið var þrátt fyrir ákvæði 1. gr. Þetta gildir þó ekki ef fjárhæð sú sem oftekin var er óvenjuhá miðað við fjárhæð gjaldanna.

Greiða skal gjaldanda vexti á þá fjárhæð sem oftekin hefur verið við innheimtu slíkra gjalda. Skulu vextirnir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma nema lög mæli fyrir á annan veg.

Fjárhæðin ásamt vöxtum skal koma til frádráttar skuld fyrir næsta gjaldatímabil.

Fyrning.

4. gr.

Krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað. Þegar krafa um endurgreiðslu fyrnist fyrnast jafnframt allir áfallnir vextir.

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu á sköttum og gjöldum sem á sér stað eftir það tímamark.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði í júní á sl. ári til að endurskoða reglur um oftekna skatta og gjöld. Frumvarpið byggir á öðru frumvarpi um sama efni sem samið var af efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og lagt fram á 117. löggjafarþingi. Það frumvarp sætti nokkurri gagnrýni af hálfu fjármálaráðuneytisins sem taldi nauðsynlegt að gerð yrði frekari könnun á gildandi lagareglum áður en frumvarpið yrði að lögum og gerði einnig efnislegar athugasemdir við einstakar greinar. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á því frumvarpi. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram annað frumvarp til laga um breytingar á ýmsum sérlagaákvæðum í skattalögum. Með frumvörpum þessum er stefnt að því að gera reglur um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skýrari en nú er og tryggja gjaldendum sanngjarnari og samræmdari meðferð slíkra mála en verið hefur.

Í frumvarpinu er lögfest sú meginregla að gjaldandi, sem ofgreitt hefur skatta eða gjöld, á rétt á endurgreiðslu óháð því hvort hann hefur greitt með fyrirvara eða ekki. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld hafi frumkvæði að endurgreiðslu þegar ljóst er að ofgreitt hefur verið. Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir að ofgreidd gjöld verði endurgreidd með sama hætti óháð því hvort rekja megi ofgreiðslu til atvika sem eru gjaldanda sjálfum að kenna, mistaka stjórnvalda eða annarra atvika. Lagt er til að almenna reglan verði sú að vextir verði greiddir á alla ofgreiðslu sem ekki er leiðrétt innan 30 daga frá því að hún átti sér stað, óháð því af hvaða orsökum hún stafar. Lagt er til að vextir þessir verði ákveðnir jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma. Slíkir vextir eru nú um 3%. Þó er gert ráð fyrir greiðslu dráttarvaxta af ofgreiddu fé ef endurgreiðsla fer ekki fram innan 30 daga frá því að gjaldandi setti fram kröfu um endurgreiðslu.

Ákvæði frumvarpsins um vexti eru nokkuð breytt frá frumvarpi efnahags- og viðskiptanefndar. Hefur verið reynt að leggja mat á það hvenær og hvaða vexti eðlilegt sé að greiða af ofteknu skattfé. Í frumvarpi efnahags- og viðskiptanefndar var lagt til að greiddir yrðu dráttarvextir af ofgreiddu skattfé enda væri ofgreiðslan ekki gjaldanda sjálfum að kenna. Í síðara tilvikinu var ekki gert ráð fyrir neinum vöxtum við endurgreiðslu.

Rökin með greiðslu dráttarvaxta eru þau að slíkir vextir eru lögbundnar bætur vegna tjóns sem almennt má ætla að kröfuhafi verði fyrir vegna greiðsludráttar og þá jafnframt að jafna megi oftöku skattfjár til slíks greiðsludráttar. Gjaldendur sjálfir þurfi í öllum tilvikum að greiða dráttarvexti ef þeir greiða ekki álögð gjöld á gjalddaga og því sé sanngjarnt að þeir fái féð til baka með sömu vöxtum ef í ljós kemur á síðari stigum að þeir hafi greitt of mikið.

Rökin, sem mæla á móti dráttarvöxtum, eru á hinn bóginn þau að ofgreiddum sköttum er ekki, a.m.k. ekki í öllum tilvikum, hægt að jafna til greiðsludráttar og ljóst er að svo er ekki ef gjaldandi greiðir viljandi of mikið. Greiðsla dráttarvaxta vegna ofgreiðslu skatta opnar möguleika á því að gjaldendur misnoti í einhverjum tilvikum aðstöðu sína og greiði meira en þeim ber til að ná hagstæðri ávöxtun á fé sitt en þeim stendur til boða annar staðar. Frumvarp efnahags- og viðskiptanefndar gerði ráð fyrir að brugðist yrði við hættu á slíkri misnotkun með því að setja það skilyrði fyrir greiðslu vaxta að ofgreiðslan væri ekki gjaldanda sjálfum að kenna. Gallinn við slíka reglu er sá að hún er í ýms-

um tilvikum erfið eða ómöguleg í framkvæmd. Í fyrsta lagi kann að leika verulegur vafi á orsökum ofgreiðslu og spurning í því sambandi hverjum beri að sanna orsakir og bera hallann af sönnunarskorti. Í öðru lagi er bókhaldskerfi ríkisins illa búið til að greina slíkar forsendur fyrir fjárhæð vaxta og því er erfiðleikum bundið að reikna sjálfvirkt út vexti um leið og endurgreiðsla á sér stað. Í þriðja lagi getur regla, sem gerir annaðhvort ráð fyrir dráttarvöxtum eða engum vöxtum, leitt til óeðlilegrar niðurstöðu í einstaka tilvikum þar sem mismunur er svo mikill. Því er í frumvarpi þessu lagt til að almenna reglan verði sú að af ofgreiddu skattfé verði ekki greiddir dráttarvextir heldur vextir sem taki með sanngjörnum hætti mið af þeim ávöxtunarmöguleikum sem gjaldendum býðst á almennum markaði en hvetji á hinn bóginn ekki til ofgreiðslu. Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að vextir þessir verði greiddir á alla ofgreiðslu skatta, óháð því hvort hún er gjaldanda sjálfum að kenna eða ekki.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu er í frumvarpinu viðurkenndur réttur til greiðslu dráttarvaxta af ofgreiðslu skatta ef gjaldandi fær ekki endurgreidda skatta innan 30 daga eftir að hann setur fram kröfu þar að lútandi. Slík regla hvetur gjaldendur til að gera reka að endurgreiðslu viti þeir að ofgreiðsla hafi átt sér stað en eftir sem áður hvílir sú skylda á stjórnvöldum að hafa frumkvæði að endurgreiðslu svo fljótt sem ljóst verður að ofgreiðsla hafi átt sér stað. Dráttarvaxtaákvæði frumvarpsins er fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra tilvika þegar ágreiningur er milli gjaldanda og stjórnvalda um grundvöll eða fjárhæð skattgreiðslu. Í þeim tilvikum eru stjórnvöldum heimil innheimtuúrræði gegn gjaldanda og þykir eðlilegt að gjaldandi fái féð endurgreitt með dráttarvöxtum ef á síðari stigum máls er viðurkenndur endurgreiðsluréttur.

Varðandi fjárhæð almennra vaxta verður að telja almenna sparisjóðsvexti óeðlilega lága, en slíkir vextir gilda nú um helstu skatta og þinggjöld, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og bæta þessar vaxtagreiðslur gjaldanda tæpast það tjón sem ofgreiðsla getur haft í för með sér. Hins vegar er ómögulegt að finna út hvert raunverulegt tjón er í hverju tilviki fyrir sig. Það fer m.a. eftir því hve lengi ofgreiðslan er í vörslu ríkissjóðs, hvaða ávöxtunarmöguleikar bjóðast á hverjum tíma og hver fjárhæðin er. Því taldi nefndin sanngjarnara og raunhæfara að miða vexti við hæstu vexti óbundinna sparireikninga á hverjum tíma. Þetta eru þau ávöxtunarkjör sem standa öllum til boða á óbundnum reikningum. Um er að ræða óverðtryggða reikninga þar sem vextirnir taka breytingum miðað við almenna vaxtaþróun og verðbólgu í landinu. Upplýsingar um vexti þessa eru birtar af Seðlabanka Íslands einu sinni í mánuði. Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka frá 11. janúar 1995 voru vextir þessir hæstir í Landsbanka Íslands, 3%, en til samanburðar voru almennir sparisjóðsvextir í sama banka 0,5%.

Lagt er til að reglur um endurgreiðslu gjalda fyrir opinbera þjónustu sem greidd eru fyrir fram eða samkvæmt áætlun verði að mestu óbreyttar frá frumvarpi efnahags- og viðskiptanefndar að öðru leyti en því að vextirnir verði að vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma í stað almennra sparisjóðsvaxta.

Ákvæði frumvarpsins um fyrningu eru í samræmi við ákvæði fyrningarlaga, nr. 14/1905. Nefndin telur ekki ástæðu til að víkja frá almennum reglum um fyrningu varðandi endurgreiðslukröfur á sviði skattaréttar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að stjórnvöld skuli endurgreiða skatta og gjöld sem ofgreidd reynast lögum samkvæmt. Með stjórnvöldum er átt við stjórnvöld í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þ.e. þá aðila ríkis og sveitarfélaga sem fara með framkvæmdarvaldið innan þrískiptingar ríkisvaldsins. Þá skal tekið fram að ákvæðið nær bæði til almennra skatta, sbr. þó 4. mgr. 2. gr., og allra þjónustugjalda sem innheimt eru af ríki og sveitarfélögum. Greinin tekur bæði til þess fjár sem kann að vera oftekið að kröfu stjórnvalda og þess sem greitt er umfram lagaskyldu af ástæðum sem eru gjaldanda sjálfum að kenna. Í báðum tilvikum á gjaldandi rétt á endurgreiðslu samkvæmt þessari grein og þess er ekki krafist að hann hafi innt af hendi greiðslu með fyrirvara.

Í 2. mgr. segir að stjórnvöld skuli sjálf hafa frumkvæði að endurgreiðslum skv. 1. mgr. um leið og ofgreiðslan verður ljós. Í þessu sambandi er miðað við að stjórnvöld sendi gjaldanda endurgreiðslu í þeim tilvikum þegar ljóst er hver hann er og hvar til hans næst. Ef ekki er vitað hver gjaldandi er geta stjórnvöld uppfyllt skyldu sína samkvæmt þessari grein með því að senda út tilkynningar eða með öðrum hætti skora á gjaldanda að vitja greiðslunnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæði þessarar greinar gildi ekki þar sem ákvæði annarra laga mæla fyrir á annan veg. Í sérlögum eru oft ýmsar reglur, svo sem varðandi endurgreiðslufyrirkomulag eða annað sem sérstaklega geta átt við í einstökum tilvikum. Sem dæmi má nefna 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta gildandi reglum á þessum sviðum og því er það tekið sérstaklega fram hér.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um vexti. Vextirnir eru ákveðnir jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma og skulu reiknaðir af endurgreiðslum skv. 1. gr. óháð orsökum ofgreiðslunnar. Vextir skulu greiddir frá þeim tíma sem ofgreitt var og þar til endurgreiðsla á sér stað, þ.e. fyrir allan þann tíma sem féð er í vörslu ríkissjóðs, sbr. þó 3. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um greiðslu dráttarvaxta frá þeim tíma sem gjaldandi setur sannanlega fram kröfu um endugreiðslu skatta eða gjalda. Tilvik, sem gætu fallið undir ákvæði 2. mgr., eru fyrst og fremst þegar ágreiningur kemur upp milli gjaldanda og stjórnvalda, t.d. um lögmæti eða fjárhæð skatts. Ef endurgreiðsla er viðurkennd eða dæmd á síðari stigum þykir rétt að endurgreitt sé með dráttarvöxtum enda um að ræða tilvik sem jafna má til greiðsludráttar. Skilyrði fyrir greiðslu dráttarvaxta samkvæmt þessari grein er að gjaldandi geti sýnt fram á hvenær hann setti fram kröfu um endurgreiðslu. Um upphafstíma dráttarvaxta vísast til 3. mgr.

Í 3. mgr. er ákvæði um að ekki skuli greiða vexti skv. 1. mgr. ef endurgreiðslan fer fram innan 30 daga frá því að ofgreiðsla átti sér stað eða ef krafa um endurgreiðslu er tekin til greina innan sama tíma frá því að hún var sett fram skv. 2. mgr. Þessu ákvæði er ætlað að gefa stjórnvöldum svigrúm til að leiðrétta augljósar reikniskekkjur og önnur mistök sem ekki er deilt um að beri að leiðrétta. Enn fremur er regla þessi til þess fallin að einfalda endurgreiðslurnar auk þess sem lítil hætta er á að gjaldandi verði fyrir tjóni vegna ofgreiðslu þegar um svo stuttan tíma er að ræða.

Sérstaklega er tekið fram í 4. mgr. greinarinnar að ákvæði hennar gildi ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg, sbr. t.d. 2. og 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en þar er að finna sérreglur um upphafstímamark vaxta og fjárhæð þeirra. Hins vegar geta ákvæði geinarinnar verið til fyllingar sérlagaákvæðum sem ekki hafa að geyma ítarleg ákvæði um endurgreiðslu. Sem dæmi má nefna ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, þar sem kveðið er á um heimild til endurgreiðslu gjaldsins í nánar greindum tilvikum. Í lögunum er hins vegar ekki kveðið á um vexti eða upphafstíma vaxta og gilda því ákvæði greinarinnar um það atriði.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að hafa í lögunum sérákvæði um þau tilvik þegar gjöld eru greidd fyrir fram eða samkvæmt áætlunum fyrir opinbera þjónustu sem látin er í té samfellt eða reglubundið. Hér er fyrst og fremst átt við gjöld fyrir hita og rafmagn. Myndast hefur sú framkvæmdavenja í slíkum tilvikum að ofgreidd gjöld eru færð sem innstæða sem síðan reiknast til frádráttar á næsta tímabili. Gjaldandi fær þó endurgreitt ef innstæða er til staðar þegar hann segir upp þjónustunni. Fyrirvari er gerður í ákvæðinu um það að gjaldandi getur krafist endurgreiðslu strax ef hin ofgreidda fjárhæð er óvenjuhá miðað við þá fjárhæð sem gjöldin námu. Sé fjárhæðin meira en 50% hærri en gjaldanda bar að jafnaði að greiða á hverju tímabili telst hún væntanlega óvenju há samkvæmt ákvæði þessarar greinar. Þó gæti lægra hlutfall talist óvenjuhátt í vissum tilvikum og fer það eftir mati í hverju tilviki fyrir sig.

Kveðið er á um greiðslu vaxta, sem eru jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma, af slíkum innstæðum gjaldanda ef lög mæla ekki fyrir á annan veg. Fram til þessa hefur allur gangur verið á því hvort reiknaðir hafa verið vextir af slíkum innstæðum eða ekki.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um fjögurra ára fyrningartíma sem er í samræmi við reglur sem gilda um fyrningu sambærilegra krafna, sbr. lög nr. 14/1905.

Um 5. gr.

Þar sem frumvarp þetta ásamt frumvarpi um breytingar á lögum er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteknum sköttum og gjöldum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi hefur að geyma nokkuð viðamiklar breytingar á núverandi framkvæmd þykir rétt að gefa nokkurn aðlögunartíma áður en lögin taka gildi. Því er í ákvæðinu kveðið á um að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996. Miðað er við hvort ofgreiðslan hafi átt sér stað fyrir eða eftir gildistöku laganna. Lögin taka því ekki til ofgreiðslu skatta sem greidd er fyrir gildistöku laganna þótt endurgreiðslan fari fram eftir að þau öðlast gildi.

653. Frumvarp til laga [407. mál]

um breytingar á lögum er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteknum sköttum og gjöldum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–1995.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiðsla skv. 1. eða 2. mgr. skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er á miðju því tímabili þegar staðgreiðslan var innt af hendi og lánskjaravísitölu sem í gildi er þegar endurgreiðslan fer fram.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.
b. Í stað orðsins „inneignarvextir“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: vextir.
c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Sé kæra til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests skv. 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1992 skal greiða skattaðila dráttarvexti af fjárhæð sem yfirskattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið.

Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra berst ekki fyrir lok frests skv. 3. mgr. 6. gr. skal þriggja mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nú hefur yfirskattanefnd ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr. 7. gr. og skal frestur skv. 1. mgr. þá vera sex mánuðir og skal nefndin senda aðilum máls tilkynningu um þá ákvörðun sína.

IV. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tímamark.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Með frumvörpum þessum er stefnt að því að setja skýrar almennar reglur um rétt til endurgreiðslu og vaxta og jafnframt að bæta að úr misræmi sem ákvæði núgildandi laga og lagaframkvæmd geta leitt til.

Með frumvarpi þessu eru gerðar breytingar á reglum um verðbætur á endurgreiðslu staðgreiðslufjár, fjárhæð vaxta skv. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt breytt til samræmis við þá vexti sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda og við þá grein bætt ákvæði um greiðslu dráttarvaxta í tilteknum málum sem fara fyrir yfirskattanefnd og/eða dómstóla. Auk þessa eru með frumvarpinu gerðar breytingar á ákvæði um fresti sem yfirskattanefnd hefur til að kveða upp úrskurð samkvæmt lögum nr. 30/1992 en slík breyting er nauðsynleg til að hægt sé að ákveða upphafstíma dráttarvaxta skv. 112. gr. tekjuskatts- og eignarskattslaganna.

Breytingar á 18. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eru gerðar að tilmælum umboðsmanns Alþingis. Samkvæmt gildandi lögum og lagaframkvæmd eru greiddar verðbætur á ofgreidda staðgreiðslu ef endurgreiðslan fer fram eftir að álagningu lýkur, sbr. 34. gr. laganna og 3. mgr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Verðbæturnar eru reiknaðar út frá mismun á lánskjaravísitölu sem gilti 1. júlí á staðgreiðsluári og 1. júlí á álagningarári, sbr. 3. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Vextir reiknast hins vegar aldrei fyrr en eftir 1. júlí á álagningarári, sbr. síðari málslið 2. mgr. 112. gr. sömu laga. Varðandi endurgreiðslu staðgreiðslufjár, sem ríkisskattstjóri úrskurðar á grundvelli 18. gr. laga nr. 45/1987, eru hins vegar hvorki greiddar verðbætur né vextir þar sem ríkisskattstjóri hefur talið það óheimilt án sérstakrar heimildar í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 86/1989 er m.a. fjallað um verðbætur og vexti á staðgreiðslufé. Í niðurlagi álitsins segir orðrétt: „Það eru [því] tilmæli mín skv. 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að ákvæðum laga og reglna um greiðslu vaxta og verðbóta við endurgreiðslu á staðgreiðslufé verði breytt á þann veg að jöfnuð verði staða þeirra sem fá slíkt endurgreitt samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1981 og þeirra sem fá endurgreiðslu skv. 34. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.“ Með 1. gr. frumvarpsins er þetta misræmi leiðrétt og mun lögfesting ákvæðisins leiða til þess að verðbætur verða greiddar við endurgreiðslu staðgreiðslufjár, óháð því á hvaða lagaheimild endurgreiðslurétturinn byggir.

Í 2. gr. frumvarpsins eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum 112. gr. tekjuskatts- og eignarskattslaganna, nr. 75/1981 að því er varðar vexti á oftekna skatta. Horfið er frá því að miða vexti af ofgreiðslu við vexti af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands eins og nú er gert. Þess í stað er kveðið á um að vextirnir skuli vera jafnháir hæstu vöxtum af óbundnum sparireikningum bankanna á hverjum tíma. Um er að ræða verulega vaxtahækkun því að almennar sparisjóðsinnstæður í Landsbanka Íslands bera nú 0,5% vexti en hæstu vextir óbundinna reikninga er 3%, skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 11. janúar 1995.

Tilgangurinn með breytingu þessari er sá að færa vaxtagreiðslur af endurgreiðslum í skattkerfinu nær raunverulegum ávöxtunarmöguleikum á almennum markaði án þess þó að opna möguleika á óeðlilegum ávinningi af vísvitandi ofgreiðslu skatta í einstökum tilvikum. Endurgreiðsla skatta skv. 112. gr. getur átt sér ýmsar skýringar, fyrirframgreiðsla tekjuskatts kann að hafa verið of há, skattgreiðandi kann að hafa lagt fram ófullnægjandi gögn eða lagt gögn fram of seint, skattstjóri kann að hafa breytt ákvörðun sinni eða ríkisskattstjóri eða annað stjórnvald eða dómstóll hefur breytt ákvörðun skattstjóra, svo að dæmi séu tekin. Vegna fjölbreytileika tilvika kann að líða mjög mismunandi langur tími frá því að skattur var greiddur þar til endurgreiðsla fer fram. Því er erfitt um vik að finna vexti sem eru að fullu sambærilegir við mögulega ávöxtunarmöguleika skattgreiðanda. Hins vegar getur engan veginn talist sanngjarnt að miða við lægstu mögulegu vexti eins og nú er gert með því að ákveða vexti jafnháa vöxtum á almennum sparisjóðsbókum. Hér er lagt til að miðað verði við hæstu vexti af óbundnum sparireikningum en vextir af þessum reikningum eru nú um 3%. Innstæður á þessum reikningum eru ekki vísitölutryggðar, vextirnir eru ekki háðir því að fjármunir séu bundnir í tiltekinn tíma inn á reikningunum og þeir taka breytingum í takt við verðbólgu og almenna vaxtaþróun í landinu. Því má gera ráð fyrir því að þessi viðmiðun tryggi gjaldanda í flestum tilvikum sömu ávöxtun á fé og hann ella hefði átt kost á á almennum markaði.

Í 2. gr. frumvarpsins er enn fremur kveðið á um að greiddir verði dráttarvextir af ofgreiðslu skatta í þeim tilvikum þegar dráttur verður á uppkvaðningu úrskurðar yfirskattanefndar fram yfir lögbundna fresti nefndarinnar. Lagt er til að í þeim tilvikum verði greiddir dráttarvextir frá þeim tíma sem nefndin hefði átt að vera búin að úrskurða í málum en fram að þeim tíma verði hins vegar greiddir vextir jafnháir hæstu vöxtum á almennum óbundnum reikningum. Ástæða þess að ekki er lagt til að dráttarvextir verði greiddir frá öðru og fyrra tímamarki er sú að ekki þykir fært að lögbinda mismunandi vexti eftir því hvaða leið skattgreiðandi fer til að fá leiðréttingu mála sinna. Ágreiningur um skattskyldu eða fjárhæð skatts kann að vera leystur á ýmsum stigum innan skattkerfisins, t.d. með því að ríkisskattstjóri breyti ákvörðun skattstjóra, og er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir því að greiddir verði vextir jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga í þeim tilvikum. Gjaldandi sem fær leiðréttingu sinna mála með ákvörðun ríkisskattstjóra yrði þannig verr settur en sá sem færi með mál sitt til yfirskattanefndar ef mismunandi reglur giltu í þessu efni um vexti. Hins vegar þykir ekki fært að viðurkenna dráttarvexti sem almenna reglu þar sem slík ávöxtun býður heim þeirri hættu að gjaldandi greiði viljandi of mikið í þeim tilgangi að öðlast rétt til endurgreiðslu með dráttarvöxtum. Það er hins vegar ekki hætta á slíkri misnotkun með því að kveða á um dráttarvexti í þeim tilvikum þegar óeðlilegur dráttur verður á niðurstöðu máls fyrir yfirskattanefnd þar sem skattgreiðandi getur ekki haft áhrif á hraða málsmeðferðar hjá nefndinni. Rétt er að vekja athygli á því að frestir yfirskattanefndar til að kveða upp úrskurð í málum byrja ekki að líða fyrr en gagnaöflun gjaldanda og skattyfirvalda er lokið. Í þessu sambandi má benda á niðurstöðu héraðsdóms í máli nr. 14742/1990. Meðferð máls þessa fyrir yfirskattanefnd tók fjögur ár og höfðaði gjaldandi mál til heimtu dráttarvaxta af þeirri fjárhæð sem yfirskattanefnd úrskurðaði að bæri að endurgreiða honum. Þrátt fyrir þennan drátt kemst dómari að þeirri niðurstöðu að ekki sé um óhæfilegan drátt að ræða sem jafna megi til greiðsludráttar og hafnaði dráttarvaxtakröfu stefnanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að við 18. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda verði bætt nýrri málsgrein er kveði á um greiðslu verðbóta á endurgreiðslu staðgreiðslufjár samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóri á grundvelli 1. eða 2. mgr. greinarinnar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið á breyting þessi rót að rekja til álits umboðsmanns Alþingis þar sem hann bendir á að mismunandi reglur gildi um verðbætur eftir því hvort staðgreiðslan er endurgreidd á grundvelli þessarar greinar eða eftir að álagningu skatta lýkur skv. 34. gr. laganna, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981. Samkvæmt ákvæði greinarinnar skal reikna út verðbætur miðað við vísitölu á miðju því tímabili sem ofgreiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram. Nauðsynlegt þykir að miða útreikning verðbóta við tiltekinn dag til að gera útreikninga endurgreiðslunnar einfaldari en vera mundi ef miðað væri við greiðslu verðbóta á hverja einstaka innborgun staðgreiðslu, auk þess sem verulegur vafi kynni að leika á því við hvaða tímamark ætti að miða ef einungis hluti staðgreiðslufjár er endurgreitt. Þessi aðferð er einnig í samræmi við endurgreiðslu staðgreiðslufjár skv. 34. gr. laganna, sbr. 121. gr. laga 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem miðað er við lánskjaravísitölu á miðju staðgreiðsluári fram á mitt álagningarár. Með miðju tímabils er átt við miðju þess tímabils sem fyrsta og síðasta greiðsla staðgreiðslu var innt af hendi. Sem dæmi má nefna ef gjaldandi óskar eftir endurgreiðslu í nóvember á staðgreiðslu sem hann innti af hendi á tímabilinu 1. febrúar til 1. júní ætti útreikningur verðbóta að miðast við mismun á vísitölu 1. apríl og vísitölu endurgreiðsludags.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á reglum um vexti af ofgreiðslu skatta sem endurgreiddir eru skv. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í a-lið greinarinnar er lagt til að horfið verði frá því að miða vexti við vexti af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands og í þess stað miðað við hæstu vexti af óbundnum sparireikningum eins og þeir eru á hverjum tíma. Seðlabanki Íslands birtir upplýsingar um þessa vexti í Lögbirtingablaðinu einu sinni í mánuði, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 25/1987, og skal við þær auglýsingar miða. Vextir samkvæmt greininni eru þeir sömu og gert er ráð fyrir að almennt verði greiddir af ofgreiðslu skatta og gjalda samkvæmt frumvarpi um það efni sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er lýst þeim sjónarmiðum sem liggja að baki þessum vaxtabreytingum.

Í b-lið greinarinnar eru gerðar breytingar á orðalagi í 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. til samræmis við breytt efni 2. málsl. 2. mgr., sbr. a-lið greinarinnar.

Í c-lið greinarinnar eru ákvæði um greiðslu dráttarvaxta. Um er að ræða undantekningu frá almennu reglunni um greiðslu vaxta jafnháum hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga. Í fyrri málsgrein c-liðar er fjallað um þau tilvik þegar óeðlilegur dráttur verður á niðurstöðu ágreiningsmáls fyrir yfirskattanefnd. Kæra til yfirskattanefndar frestar ekki innheimtu skatts og ber skattkrafa ríkissjóðs dráttarvexti skv. 1. mgr. 112. gr. óháð kæru til yfirskattanefndar. Hins vegar á skattgreiðandi samkvæmt núgildandi lögum aldrei rétt á hærri vöxtum en almennum sparisjóðsvöxtum þótt krafa hans um endurgreiðslu sé tekin til greina í úrskurði yfirskattanefndar eða í dómsmáli sem gjaldandi höfðar eftir að hafa tapað máli fyrir nefndinni. Hér er lagt til að greiddir verði dráttarvextir af endurgreiðslufé fyrir tímabilið eftir að frestir yfirskattanefndar til að kveða upp úrskurð í máli

eru liðnir. Fram að þeim tíma gildir almenna ákvæðið um greiðslu vaxta sem eru jafnháir hæstu vöxtum af óbundnum sparireikningum. Jafnframt er í næstu grein laganna kveðið á um það með skýrari hætti en nú er hverjir frestirnir eru. Í síðari málsgrein c-liðar er kveðið á um það að í öllum tilvikum sé heimilt að krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað. Regla þessi er í samræmi við ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, sem gerir ráð fyrir því að dráttarvexti megi í síðasta lagi reikna frá því tímamarki er dómsmál telst höfðað.

Um 3. gr.

Í greininni felast tvær breytingar á lögum um yfirskattanefnd sem nauðsynlegar eru í tengslum við upptöku ákvæðis í c-lið 2. gr. um greiðslu dráttarvaxta eftir að frestir yfirskattanefndar til að kveða upp úrskurð eru liðnir.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að frestir til uppkvaðningar úrskurðar byrji aldrei að líða síðar en þegar ríkisskattstjóri hefði átt að vera búinn að skila umsögn og greinargerð málsins. Ótækt þykir að ríkisskattsjóri geti tafið mál fram yfir lögbundna fresti með því að skila ekki gögnum um málið og hafa með því einnig áhrif á rétt gjaldanda til greiðslu dráttarvaxta vegna tafanna.

Í b-lið greinarinnar er kveðið á um ákveðin tímamörk vegna úrskurða yfirskattanefndar í flóknum og yfirgripsmiklum málum sem ákveðinn er sérstakur málflutningur í. Í núgildandi lögum eru engin ákveðin tímamörk vegna þessara mála en almenni frestur-inn er þrír mánuðir, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Þykir hæfilegt að nefndin hafi helmingi lengri tíma til afgreiðslu þessara mála. Varðandi upphafstíma frests skulu gilda sömu reglur og um almenna frestinn, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Um 4. gr.

Þar sem frumvarp þetta, ásamt frumvarpi um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, hefur að geyma nokkuð viðamiklar breytingar á núverandi framkvæmd þykir rétt að gefa nokkurn aðlögunartíma áður en lögin taka gildi. Því er í ákvæðinu kveðið á um að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996. Miðað er við hvort ofgreiðslan hafi átt sér stað fyrir eða eftir gildistöku laganna. Lögin taka því ekki til ofgreiðslu sem greidd er fyrir gildistöku laganna þótt endurgreiðslan fari fram á síðara tímamarki.

654. Tillaga til þingsályktunar [408. mál]

um breytingu á þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1994–1997, nr. 114/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að eftirtaldir liðir í flugmálaáætlun fyrir árið 1995 verði sem hér segir:

4.4. Egilsstaðir.

2. tölul. verður: Flugstöð ..... 24 m.kr.

4.7. Húsavík.

6. tölul. fellur brott.

4.8. Sauðárkrókur.
7. tölul. fellur brott.

4.9. Patreksfjörður.
1. tölul. verður: Bundið slitlag ..... 35 m.kr.

4.18. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
1. tölul. verður: Óskipt ..... 1 m.kr.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í fjárlögum fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, verði notaðir til að fjármagna rekstur flugvalla jafnt sem framkvæmdir við flugvelli.

Í samræmi við framanritað gerði flugráð, á 1.315. fundi sínum 25. janúar 1995, eftirfarandi tillögu um niðurskurð á framkvæmdaliðum flugmálaáætlunar:

4.4. Egilsstaðir.
2. Flugstöð. Fjárveiting lækki um 6 m.kr., verði 24 m.kr.

4.7. Húsavík.
6. Bílastæði og lóð. Fjárveiting 10 m.kr. skorin niður. Vegna hagstæðra útboða við framkvæmdir við lagningu bundins slitlags á síðasta ári var einnig unnt að ljúka þessum áfanga af fjárveitingu 1994.

4.8. Sauðárkrókur.
7. Bílastæði og lóð. Fjárveiting 15 m.kr. skorin niður.

4.9 Patreksfjörður.
1. Bundið slitlag. Fjárveiting lækki um 5 m.kr., verði 35 m.kr.

4.18. Aðrir flugvellir og lendingarbætur.
1. Óskipt. Fjárveiting lækki um 4 m.kr. verði 1 m.kr.

Með hliðsjón af reynslu undanfarandi ára af útboðum vegna framkvæmda í flugmálum má vænta þess að hægt verði að ná meginmarkmiðum við lagningu bundins slitlags á Patreksfirði. Jafnframt verður unnt að ljúka næsta áfanga við flugstöð á Egilsstöðum en lokaáfangi frestast.

Á fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari var birt auglýsing um flugmálaáætlun árin 1994–1997; um hana vísast til auglýsingar á bls. 336–341 í A-deild Stjtíð. 1994.

655. Frumvarp til laga [409. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimæðar sem lagðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og liggja yfir einkalóðir verða ekki í eigu vatnsveitu sveitarfélags, nema samkvæmt sérstöku samkomulagi sveitarstjórnar við eiganda heimæðarinnar, sbr. nánar ákvæði 14. gr. laga þessara.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn setur og skal sú heimæð teljast hans einkaeign nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til sveitarstjórnar. Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds og skal það miðað við rúmmál fasteignar. Gjalddagi þess skal ákveðinn í gjaldskrá, sbr. 11. gr., en heimæðargjald getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Vatnsinntak skal almennt vera á götuhlið húss þar sem vatnslögn liggur nema sveitarstjórn samþykki annars konar fyrirkomulag. Hönnuðir mannvirkja skulu hafa samráð við sveitarstjórn varðandi staðsetningu vatnsinntaks.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Nú liggur matsverð fullfrágenginnar fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr., og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagning ekki hærri en segir í 1. málsl. þessarar málsgreinar. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/1990.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. janúar 1992 tóku gildi lög um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991. Var frumvarp til þeirra laga að mestu leyti samið á grundvelli eldri laga um vatnsveitur, þ.e. vatnalaga, nr. 15/1923, og laga um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947.

Frá því að lög nr. 81/1991 tóku gildi og við framkvæmd þeirra hafa komið fram nokkur atriði varðandi lögin sem ástæða hefur þótt til að taka til endurskoðunar miðað við fengna reynslu. Atriði þessi varða aðallega heimæðar annars vegar og álagningu vatnsgjalds hins vegar. Með frumvarpi þessu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga er varða nefnd atriði.

Frumvarp þetta er unnið að mestu í félagsmálaráðuneytinu en við samningu þess var haft samráð við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og jafnframt stuðst við ábendingar um úrbætur sem fram hafa komið m.a. frá Reykjavíkurborg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði þessu er leitast við að skýra nánar ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna, þ.e. að sveitarstjórnir verði ekki sjálfkrafa eigendur heimæða sem lagðar voru fyrir gildistöku laga nr. 81/1991, heldur verður eigandi heimæðar að gera sérstakt samkomulag um það við sveitarstjórn.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að breytt verði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna og jafnframt bætt við nýju ákvæði. Enn fremur er lagt til að breytt verði lokamálslið 1. mgr. 6. gr. varðandi gjalddaga heimæðargjalds.

Lagt er til að eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, eigi rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Ekki er talið rétt að skylda sveitarfélög (vatnsveitur sveitarfélaga) til að leggja nema eina heimæð að hverri fasteign eða lóð. Ef óskað er eftir fleiri heimæðum að fasteign eða lóð verður að semja um það sérstaklega við sveitarstjórn. Í því sambandi er talið rétt að taka fram að sé óskað eftir fleiri en einni heimæð inn á lóð af hagkvæmnisástæðum, t.d. að sjúkrahúsum og öðrum þjónustubyggingum, skuli eigandi eða rétthafi lóðar hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn (vatnsveita sveitarfélags) setur. Jafnframt þykir eðlilegt að sú heimæð teljist hans einkaeign nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn (vatnsveitu sveitarfélags) um annað.

Rétt þykir að veita sveitarstjórnum svigrúm til að ákveða gjalddaga heimæðargjalds, en í núgildandi lögum er gjalddagi bundinn við ákveðið tímamark, þ.e. 30 dögum eftir lagningu heimæðar. Lagt er til að gjalddagi verði tilgreindur í gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags. Hins vegar þykir rétt að tilgreina í lögunum hvenær fyrst má krefjast heimæðargjaldsins og þykir eðlilegt að miða þar við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem eru í eigu sveitarfélags.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. Tillagan er efnislega á þá leið að vatnsinntak á húsi skuli almennt vera á götuhlið þess þar sem vatnslögn liggur nema sveitarstjórn (vatnsveita viðkomandi sveitarfélags) samþykki annars konar fyrirkomulag.

Ákvæði þetta er nýmæli og er með því leitast við að greiða fyrir starfsemi vatnsveitna sveitarfélaga að því leyti að auðvelda viðhald á heimæðum. Algengt hefur verið að kaldavatnsheimæðar væru teknar upp úr gólfi, t.d. í þvottaherbergi, á þeirri hlið húss sem snýr frá götu. Auðsætt er að slíkt getur skapað mikil vandamál við viðhald á heimæðum þar sem mjög erfitt hefur verið að komast að þeim.

Jafnframt er lagt til að hönnuðir mannvirkja skuli hafa samráð við sveitarstjórn (vatnsveitu sveitarfélags) varðandi staðsetningu vatnsinntaks. Gert er ráð fyrir því í 4. gr. laganna að sveitarstjórn sé eigandi m.a. heimæða og skuli annast og kosta viðhald þeirra. Með hliðsjón af því verður að telja eðlilegt að gera þá kröfu til hönnuða mannvirkja að þeir hafi viðkomandi sveitarstjórn (vatnsveitu sveitarfélags) með í ráðum þegar ákveðið er hvar vatnsinntak skuli vera á húsi.

Um 4. gr.

Hér eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á 7. gr. núgildandi laga sem varða álagningu vatnsgjalds á fasteignaeigendur sem vatns geta notið frá vatnsveitu sveitarfélags.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um breytingu á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga á þá leið að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Í núgildandi lögum er einungis tilgreint að vatnsgjald skuli standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Hins vegar hafa sveitarfélög aðrar tekjur af vatnsveitu, m.a. aukavatnsgjald, sem ásamt vatnsgjaldi skulu standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Með þessari breytingartillögu er því nánar tilgreint hvaða tekjur skulu standa undir stofn- og rekstrarkostnaði vatnsveitu sveitarfélags.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að sett verði í lögin heimild til að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags, en matsverð þeirra fullfrágenginna liggur ekki fyrir. Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sem sett var á grundvelli laga nr. 81/1991, var heimild til að innheimta vatnsgjald í þessum tilfellum og samkvæmt því ákvæði var heimilt að miða gjaldið við líklegan álagningarstofn fullfrágenginnar fasteignar.

Umboðsmaður Alþingis sendi 6. janúar 1994 frá sér álit þar sem fjallað var um álagningu vatnsgjalds á fasteign sem ekki hafði verið metin fasteignamati samkvæmt framangreindu ákvæði reglugerðarinnar. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að lagastoð umrædds reglugerðarákvæðis væri vefengjanleg.

Í framhaldi af þeirri niðurstöðu umboðsmanns Alþingis taldi félagsmálaráðuneytið rétt að fella úr gildi ákvæði 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421/1992 og var það gert með reglugerð nr. 175/1994.

Það er hins vegar talið nauðsynlegt, m.a. af sveitarfélögum, að fyrir hendi sé heimild í lögum til að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem ekki hafa verið metnar fasteignamati ef þær geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags. Með hliðsjón af því er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laganna verði á þá leið að slík álagning og innheimta verði heimil og

að við álagningu verði heimilt að miða við hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar. Í þeim tilfellum ber að miða við fasteignamat sambærilegra fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi.

Slík viðmiðun við líklegan álagningarstofn fullfrágenginnar fasteignar getur verið vandmeðfarin í framkvæmd. Af þeim sökum er talið rétt að opna ákveðna kæruleið ef til ágreinings kemur milli gjaldanda og sveitarstjórnar. Sú leið sem valin er í 3. mgr. er sú að verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skuli vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins og úrskurðum nefndarinnar má síðan skjóta til dómstóla. Þessi kæruleið er sú sama og tilgreind er í 3. mgr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, en í því ákvæði er fjallað um ágreining sem upp getur komið við álagningu fasteignaskatts.

Í 4. mgr. er lögð til sú viðbót, miðað við 2. mgr. 7. gr. gildandi laga að sveitarstjórn verði heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagning ekki hærri en segir í 1. málsl. þeirrar málsgreinar. Komið hafa fram spurningar um hvort sams konar ákvæði í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421/1992 standist lögin. Rétt þykir, til að taka af allan vafa, að tilgreina þessa heimild í lögunum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga er varða heimæðar annars vegar og álagningu vatnsgjalds hins vegar.

Helstu nýmæli varðandi heimæðar eru þau að eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Um annað verður að semja sérstaklega við sveitarfélag. Jafnframt er lagt til að veita sveitarstjórnum svigrúm til að ákveða gjalddaga heimæðargjalds og skal hann tilgreindur í gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags.

Helstu nýmæli varðandi álganingu vatnsgjalds á fasteignaeigendur eru þau að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Jafnframt er lagt til að heimilt sé að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem ekki hafa verið metnar fasteignamati ef þær geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags. Að lokum er lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna en með ákveðnum takmörkunum þó.

Ekki verður séð að frumvarpinu fylgi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

656. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd var fyrst lagt fram á seinni hluta 117. löggjafarþings og var mælt fyrir því 10. mars 1994. Eftir að frumvarpið var komið til nefndar sendi hún það til umsagnar fjölmargra aðila (sbr. upptalningu í áliti meiri hluta umhverfisnefndar). Af eðlilegum ástæðum gafst nefndinni ekki tími til að vinna frekar í málinu á 117. löggjafarþingi. Frumvarpið var lagt fram á ný í breyttri mynd þegar komið var fram í nóvember á yfirstandandi þingi. Nefndin sendi það ekki til umsagnar þrátt fyrir verulegar breytingar heldur óskaði eftir því við nokkra aðila (sbr. nefndarálit meiri hluta umhverfisnefndar) að koma á fund nefndarinnar við umfjöllun málsins. Náttúruverndarráð gagnrýndi nefndina fyrir þessa ákvörðun í umsögn sinni og bendir á að þar sem gerðar hafi verið grundvallarbreytingar á frumvarpinu hafi verið full ástæða til að senda frumvarpið til sérstakrar umsagnar.

Margir þeirra sem komu til fundar við nefndina lögðu fram skriflegar athugasemdir við frumvarpið en nefndin reyndi jafnframt að styðjast við umsagnir frá 117. löggjafarþingi frá fjölmörgum aðilum að svo miklu leyti sem þær gátu átt við. Umsögn Náttúruverndarráðs um fyrirliggjandi frumvarp er birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Eftir að nefndin var komin nokkuð af stað við vinnu að málinu í desember sl. upplýsti fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Petrína Baldursdóttir, að ætlunin væri að afgreiða frumvarpið frá nefndinni fyrir jólahlé þingsins. Formaður nefndarinnar taldi með öllu óraunhæft að hægt væri að fara yfir frumvarpið og umsagnir um það með viðunandi hætti fyrir þinghlé. Lagði formaður til að Petrína Baldursdóttir yrði kjörin framsögumaður nefndarinnar í þessu máli skv. 27. gr. þingskapa og ynni að athugun þess. Á þetta var fallist.

Þrátt fyrir aukafundi gafst ekki tími til þess fyrir þinghlé að hlýða á alla þá gesti sem óskað hafði verið eftir að kæmu á fund nefndarinnar. Fór svo að stjórnarliðar hættu við að afgreiða málið með þessum hætti, óunnið frá nefndinni.

Eftir jólahlé hóf nefndin á ný vinnu við frumvarpið og hélt marga aukafundi. Við yfirferð komu fram fjölmargar athugasemdir frá nefndarmönnum. Gestir, sem komu á fund nefndarinnar, höfðu einnig gert margar athugasemdir við frumvarpið. Nefndin lauk fyrstu yfirferð yfir frumvarpið 9. febrúar 1995. Við lok nefndarfundarins þann dag lagði framsögumaður fram breytingartillögur og drög að nefndaráliti og gerði um leið tillögu um að málið yrði þá þegar afgreitt frá nefndinni. Var það samþykkt af meiri hluta nefndarinnar. Minni hlutinn, þ.e. fjórir nefndarmenn sem standa að þessu nefndaráliti, mótmæltu þessari sérkennilegu málsmeðferð. Töldu þeir lágmark að þeim gæfist tækifæri til að fara yfir framlagðar breytingartillögur og nefndarálit. Mótmæli minni hlutans voru ekki tekin til greina og var málið þannig afgreitt frá nefndinni. Ekki var gerð tilraun til að kanna hug nefndarmanna til einstakra breytingartillagna og fullyrt af hálfu meiri hlutans að svo mikill grundvallarágreiningur væri í nefndinni að ekki þýddi að reyna að ná samstöðu um afgreiðslu málsins. Á það hafði hins vegar aldrei reynt. Minni hlutinn harmar þessi vinnubrögð. Það er skoðun minni hlutans að mikilvægt sé að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi í umhverfismálum sem ættu ekki að þurfa að vera bitbein milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Minni hlutinn tekur undir ábendingar í umsögn Náttúruverndarráðs þar sem segir:

„Æskilegt hefði verið að endurskoða alla löggjöf um umhverfismál, þar með taldar lagareglur sem varða náttúruvernd, í heild sinni og taka mið af því sem nágrannaþjóðir Íslendinga hafa gert í þessum efnum. Auk þess hefði þurft að endurskoða uppbyggingu allra þeirra stofnana sem með einum eða öðrum hætti fjalla um umhverfismál. Í stað þessa hefur verið valin sú leið að leggja til breytingar á löggjöf sem hentaði ágætlega á þeim tíma sem hún var sett. Jafnframt hefði verið ástæða til þess að endurskoða hlutverk þeirra stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið."

Fjölmargir hafa tekið undir þetta sjónarmið og benda á að verið sé að setja á stofn nýja stofnun, Landvörslu ríkisins, án þess að horft sé á málin í heild og geti það skapað óvissu og glundroða.

Óeðlilegt er að ríkisstofnun, með það hlutverk sem Landvörslunni er ætlað samkvæmt frumvarpinu, hafi þriggja manna stjórn skipaða af ráðherra án tilnefningar. Verður stjórnin með þeim hætti aðeins framlengdur armur ráðherrans. Til að kóróna þetta er ráðherra ætlað að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur framkvæmdastjóra og stjórnar Landvörslunnar. Í þessu felst miðstýring sem er óheppileg með tilliti til eðlilegrar stjórnsýslu.

Í frumvarpinu, sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi, var gert ráð fyrir stjórn Landvörslu ríkisins þar sem ákveðnir aðilar tilnefndu fulltrúa. Ekki reyndi á það innan nefndarinnar hvort leggja ætti til breytingar í þessa átt eða þá kosningu stjórnar á Alþingi, af náttúruverndarþingi eða með öðrum hætti.

Minni hlutinn bendir á að á undanförnum árum hefur m.a. komið fram sú gagnrýni á störf Náttúruverndarráðs að það hafi með höndum bæði framkvæmda- og eftirlitshlutverk. Hafa komið fram hugmyndir um breytingu á þessu frá ráðinu sjálfu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Landvarsla ríkisins og umhverfisráðuneytið taki við hlutverki Náttúruverndarráðs og verður því Landvarslan bæði með framkvæmda- og eftirlitshlutverk. Aðallega er um að ræða nafnbreytingu og breytingu á stjórnarfyrirkomulagi. Ekki er hægt að sjá að þetta fyrirkomulag sé heppilegra en það sem nú ríkir nema síður sé.

Náttúruverndarráð verður áfram við lýði en nánast að nafninu til því að samkvæmt frumvarpinu er lítið eftir af núverandi hlutverki þess. Ráðinu er fyrst og fremst ætlað að vera umsagnar- og tillöguaðili en án nokkurra formlegra valda. Fjárveiting til ráðsins verður mikilli óvissu háð og í umsögn fjármálaráðuneytisins við frumvarpið kemur fram að gert er ráð fyrir að breytingarnar samkvæmt frumvarpinu rúmist í heild innan ramma núverandi fjárveitinga. Sérstaka athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir eftirliti með framkvæmdum af hálfu Náttúruverndarráðs en Landvörslunni ætlað að yfirtaka einnig það hlutverk.

Mikill veikleiki í frumvarpinu og tillögum meiri hlutans felst í tilhögun við skipan náttúruverndarnefnda og því mjög svo takmarkaða hlutverki sem þeim er ætlað að sinna. Skynsamlegt hefði verið að deila landinu upp í svæði, kjördæmi eða minni einingar og gera ráð fyrir að þau yrðu umdæmi sérstaklega kjörinna náttúruverndarnefnda heimaaðila sem fengju hlutverk og styddust m.a. við væntanlegar náttúrustofur í starfi sínu. Eftir sem áður hefðu að sjálfsögðu áfram starfað náttúruverndar- og umhverfisnefndir sveitarfélaga óháðar lagaboði.

Stefna frumvarpsins að því er varðar náttúruverndarnefndir var gagnrýnd af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem segir m.a. í umsögn sinni: „Brýnt er að efla áhuga og frumkvæði þeirra er næst vettvangi standa á náttúruvernd með því að færa þeim aukin völd og ábyrgð á málaflokknum. Eðlilegt væri að umhverfisráðuneytið og Alþingi hefðu forgöngu að valddreifingu með þeim hætti.

Stefna frumvarpsins gengur í þveröfuga átt. Miðstýring umhverfisráðuneytisins er aukin og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga og héraðsnefnda hafa einungis það hlutverk að stuðla að náttúruvernd með ábendingum og tillögugerð. Það kemur m.a. fram í 6. gr. þar sem kveðið er á um að umhverfisráðherra skipi alla þrjá stjórnarmenn Landvörslu ríkisins án tilnefninga.“

Ákvæði frumvarpsins varðandi friðlýsingar hefði þurft að athuga miklu nánar með tilliti til ýmissa ábendinga og athugasemda. Hlutverk og bein afskipti umhverfisráðuneytisins af friðlýsingarmálum á undirbúningsstigi geta orkað mjög tvímælis og hefði þurft að kanna þann þátt miklu betur. Í umsögn Náttúruverndarráðs segir m.a.: „Í frumvarpinu virðist skorta nokkuð á skilning á margþættum tilgangi friðlýsinga og meginhersla lögð á þann þátt sem snertir ferðamenn og ferðamennsku. Tilgangur friðlýsinga er fyrst og fremst sá að vernda náttúrulegt umhverfi, vistkerfi og tegundir. Jafnframt eru friðlýst svæði mikilvæg til að tryggja almenningi aðgang að fjölbreyttri og fagurri náttúru. Það er ekki sjálfgefið að svæði, sem mikilvægt er að friðlýsa, sé áhugavert fyrir ferðamenn.“ Samkvæmt frumvarpinu er umhverfisráðherra gerður að meginfrumkvæðisaðila um friðlýsingar í stað Náttúruverndarráðs. Ákvæði um þrjá tiltekna umsagnaraðila, Landvörslu ríkisins, Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnun eru heldur ekki til þess fallin að auka skilvirkni við undirbúning friðlýsinga.

Í 3. gr. frumvarpsins og breytingartillögu meiri hlutans er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð um akstur utan vega, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga ökutækja sem fara um óbyggðir. Á það var bent í nefndinni að þetta gæti skarast við verkefni dómsmálaráðuneytisins samkvæmt umferðarlögum. Upplýst var að ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins telji þó ekki að þetta ákvæði muni valda vandræðum. Ekki var farið nánar ofan í þetta áður en málið var tekið út úr nefndinni.

Frá stjórn Ferðafélags Íslands barst nefndinni á 117. þingi ítarleg umsög um frumvarpið og fylgdu með drög að nýjum heildarlögum um náttúruvernd. Í umsögn stjórnar félagsins kemur m.a. fram „að eigi verður betur séð en að Náttúruverndarráð hafi á liðnum árum valdið hlutverki sínu með ágætum miðað við þær rýru fjárveitingar sem það hefur fengið til að sinna lögboðnum verkefnum sínum. ... Virðist því ýmislegt mæla með því að náttúruverndarlögin verði nú þegar tekin til endurskoðunar í heild og þá að sjálfsögðu m.a. hugað rækilega að stjórnunarþætti þeirra. Er mikilvægt að rökstudd afstaða verði m.a. tekin til þessa atriðis áður en ráðist verður í að breyta stjórnunarþætti laganna einum saman.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að stjórnunarsvið umhverfisráðuneytisins verði mun víðtækara en verið hefur til þessa sem mun m.a. leiða til stóraukinna daglegra afskipta ráðuneytisins af ýmiss konar ágreiningsefnum sem ætíð hljóta að rísa í samskiptum manna við stjórnvöld á þessu sviði, en um leið skapast hætta á því að gagnsemi ráðuneytisins sem áfrýjunarstjórnvalds skerðist frá því sem nú er (og almennt hefur verið um Stjórnarráð Íslands).“ Kafli úr umsögn stjórnar Ferðafélags Íslands er birtur sem fylgiskjal.

Páll Sigurðsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands og núverandi forseti Ferðafélags Íslands, kom tvívegis á fund nefndarinnar og sendi jafnframt minnisblað. Segir hann um frumvarpið að „með óheppilegum og vafasömum hætti sé gert ráð fyrir ákvarðanatöku umhverfisráðuneytisins á frumstigi sem um leið skaðar í reynd möguleika á stjórnlegri kæru til ráðuneytisins“. Hans sagði síst brýna ástæðu til að breyta stöðu Náttúruverndarráðs nema að vel athuguðu máli sem frumvarpið beri ekki með sér. Nefndinni gafst ekki tækifæri til að fara sérstaklega yfir frumvarpið með tilliti til þessara ábendinga Páls Sigurðssonar.

Eins og fram hefur komið var nefndin alls ekki búin að fjalla um frumvarpið svo fullnægjandi væri þegar það var rifið út úr nefndinni. Óskir höfðu komið fram um að kalla fleiri aðila fyrir nefndina til frekari umfjöllunar en við því var ekki hægt að verða af framangreindum ástæðum. Að mati minni hlutans er það afar gagnrýnivert þegar mál er afgreitt frá nefnd þótt augljóst sé að enn eru til staðar fjölmargir lausir endar. Það er alvarlegt ef ákvæði síðari málsgreinar 27. gr. þingskapa er beitt þannig að mál fái ekki eðlilega umfjöllun í nefndum þingsins.

Ástæða væri til að víkja að mörgum fleiri gagnrýnisverðum atriðum varðandi meðferð meiri hlutans á frumvarpinu en það bíður umræðu í þinginu.

Hér skal að lokum vakin athygli á að óljóst er samkvæmt tillögum meiri hlutans hvernig koma eigi Landvörslu ríkisins á fót við gildistöku laganna. Óvissa er því um framkvæmd laganna á þessu ári verði frumvarpið samþykkt og er hætta á að ýmis verkefni, t.d. í þjóðgörðum, sem undirbúin hafa verið af starfsmönnum Náttúruverndarráðs geti tafist vegna þessa. Ekki er heldur ljóst hvort gert er ráð fyrir að einhverjir starfsmanna Náttúruverndarráðs verði eftir breytinguna starfsmenn Landvörslunnar. Þannig virðist staða starfsmanna Náttúruverndarráðs vera skilin eftir í uppnámi.

Málið var langt frá því að vera fullunnið og frambærilegt til afgreiðslu í þinginu þegar það var tekið út úr nefnd. Minni hlutinn telur eðlilegt að málið verði undirbúið betur og þess freistað að leggja fyrir næsta reglulegt þing heildstætt frumvarp um náttúruvernd sem sæmileg sátt geti orðið um í þjóðfélaginu. Með vísan til þessa leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. febr. 1995.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm. | Hjörleifur Guttormsson. | Jón Helgason.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Nefndaráliti þessu fylgdu þrjú fylgiskjöl. Á fskj. I var birt bréf frá framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs ásamt umsögn ráðsins, á fskj. II umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 14. desember 1994 og á fskj. III umsögn stjórnar Ferðafélags Íslands. Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

657. Fyrirspurn [410. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruverndarár Evrópuráðsins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvað ætla íslensk umhverfisyfirvöld að gera í tilefni af náttúruverndarári Evrópuráðsins 1995?

658. Svar [288. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur Ísland ekki fullgilt en hafa fengið fullgildingu einhvers annars norræns ríkis? Hvers eðlis eru þær samþykktir?*
2. *Hver var afstaða fulltrúa félagsmálaráðuneytis, Vinnuveitendasambandsins og ASÍ sem setið hafa þing ILO þegar atkvæði voru greidd um áðurgreindar samþykktir?*

1. Samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), Alþjóðavinnumálaþingin, hafa samtals afgreitt frá árinu 1919 til ársins 1994 175 alþjóðasamþykktir. Ísland hefur fullgilt 18 þessara samþykkta. Samtals hafa 61 samþykkt ekki verið fullgilt af Norðurlöndunum. Ýmsar skýringar eru á þessu. Í sumum tilvikum ganga þessar samþykktir ekki nægilega langt að mati Norðurlandanna, þær eru of ítarlegar eða ganga þvert á venjur á vinnumarkaði í þessum löndum. Miðað við 31. desember 1993 var fjöldi fullgildinga Norðurlanda sem hér segir: Danmörk 62 fullgildingar, Finnland 85, Ísland 18, Noregur 99 og Svíþjóð 84. Rétt er að taka fram að löndin eru ekki skuldbundin af þessum fjölda samþykkta vegna þess að í sumum tilvikum hafa nýjar leyst af hólmi eldri samþykktir.

Ekki er hægt að lesa neina ákveðna reglu út úr samanburði á annars vegar fullgildingum Íslands og fullgildingum annarra Norðurlanda. Ísland hefur fullgilt samþykktir um grundvallarréttindi launafólks sem snerta skráningu á upplýsingum um vinnumarkaðinn, um stefnu í vinnumálum, um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, um málefni fatlaðra, um jafnréttismál, um almannatryggingar, um málefni skipverja o.s.frv. Ísland hefur hins vegar eins og önnur Norðurlönd ekki fullgilt samþykktir sem snerta ákvörðun lágmarkslauna. Norðurlöndin hafa verið samstíga í þeirri afstöðu sinni að það sé hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um kaup og kjör. Um nánari upplýsingar er vísað til skrár yfir samþykktir ILO í fylgiskjali.

2. Afstaða fulltrúa Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Fyrirspyrjandi spyr um afstöðu fulltrúa Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu þegar samþykktir ILO hafa verið til afgreiðslu. Í þessu sambandi skal tekið fram að skv. 3. gr. 1. tölul. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal allsherjarþing fulltrúa aðildarríkjanna koma saman til fundar þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Tekið er fram að þar eigi sæti fjórir fulltrúar frá hverju ríki. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar og annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda en hinn fulltrúi launafólks.

Í 3. gr. 2. tölul. stofnskrárinnar kemur fram að hver fulltrúi getur haft með sér ráðgjafa en þeir mega ekki vera fleiri en tveir um hvert málefni sem er á dagskrá þingsins. Með fullgildingu stofnskrárinnar skuldbindur aðildarríki sig til þess að skipa fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd til þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, sbr. 3. gr. 5. tölul. Við skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands hefur frá upphafi verið haft samráð við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ). Embættismenn úr félagsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti hafa verið fulltrúar ríkisstjórnarinnar í nefndinni.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 13. gr. í stofnskrár ILO skal aðildarríki greiða allan kostnað vegna þátttöku fulltrúa í Alþjóðavinnumálaþinginu. Í skýrslu félagsmálaráðherra um 80. Alþjóðavinnumálaþingið 1993 sem lögð var fyrir Alþingi í febrúar 1994 er birt skrá yfir fulltrúa í sendinefndum Íslands á vinnumálaþinginu frá árinu 1945 þegar aðild Íslands var samþykkt á 27. þinginu í París, til ársins 1993. Þar kemur fram að orðið hefur misbrestur á þátttöku af hálfu Íslands. Nefna má sem dæmi að á tímabilinu 1953 til 1972 voru haldin 21 þing en einungis þrjú voru sótt af hálfu Íslands. Frá árinu 1972 er um nokkuð reglubundna þátttöku að ræða en á henni eru undantekningar. Það skal upplýst að frá árinu 1972 til ársins 1985 sóttu Íslendingar Alþjóðavinnumálaþingið í u.þ.b. tvær af þremur vikum sem þingið stóð. Þetta mun hafa verið gert í sparnaðarskyni. Af gögnum félagsmálaráðuneytisins er ekki hægt að ráða hvort fyrstu tvær vikur þingsins voru sóttar eða tvær síðustu vikurnar. Á því verður hins vegar að vekja athygli að atkvæðagreiðslur um alþjóðasamþykktir ILO fara fram á síðustu dögum Alþjóðavinnumálaþingsins. Frá árinu 1986 hefur þátttaka af hálfu Íslands verið í samræmi við stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Á það skal minnt að árið 1970 var stofnuð fastanefnd Íslands í Genf. Frá því ári var annar fulltrúi ríkisstjórnarinnar, sem hafði atkvæðisrétt á þinginu, frá utanríkisráðuneytinu. Hann var jafnframt starfsmaður fastanefndar Íslands í Genf. Hinn aðalfulltrúi ríkisstjórnar Íslands á vinnumálaþinginu hefur verið fulltrúi félagsmálaráðuneytisins.

Í fylgiskjali, sem hefur að geyma skrá yfir samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins, kemur fram afstaða fulltrúa Íslands í atkvæðagreiðslum um samþykktirnar. Rétt er að taka fram að íslensk stjórnvöld hafa ekki heimild til að hafa áhrif á afstöðu fulltrúa aðila vinnumarkaðarins til málefna sem koma til umfjöllunar eða eru til afgreiðslu á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Fylgiskjal.

Samþykktir Alþjóðavinnumálaþings 1919-1994

Hér fer skrá yfir alþjóðasamþykktir sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnumála- þinginu 1919-1994. Athygli er vakin á athugasemdum neðanmáls við nokkrar af samþykktunum.

Nr.	Heiti samþykktar:	Fjöldi fullgildinga:	Fullgildingar Norðurlanda:*	Afst. fulltr.Ísl.á ILO-þingum:**
1.	Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919).	51		
2.	Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919).	53	(DFINS)	
3.	Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919).2	31		
4.	Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919).2	60		
5.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919).2	71	(D--N-)	
6.	Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði (1919).2	59	(D----)	
7.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920).2	52	(DF-NS)	
8.	Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920).	57	(DF-NS)	
9.	Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920).	37	(DF-NS)	
10.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921).2	54	(---NS)	
11.	Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921).	114	(DFINS)	
12.	Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921).2	71	(DF-NS)	
13.	Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921).	61	(-F-NS)	
14.	Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921).	113	(DF-NS)	
15.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf			

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.

** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

	(1921).2	68	(DFINS)
x)	D=danskt, F=finnskt, I=íslenskt, N=norskt og S=sænskt J=já, N=nei, H=setið hjá og - =Ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu		
16.	Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku (1921).	77	(DF-NS)
17.	Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925).2	68	(-F--S)
18.	Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925).2	63	(DF-NS)
19.	Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925).	113	(DF-NS)
20.	Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925).	17	(-F--S)
21.	Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926).	33	(DF-NS)
22.	Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926).	56	(-F-N-)
23.	Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926).	43	
24.	Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzunarfólks og heimilishjúa (1927).2	25	(---N-)
25.	Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927).2	18	(---N-)
26.	Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928).	101	(---N-)
27.	Samþykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929).	64	(DF-NS)
28.	Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929).2	4	
29.	Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930).	135	(DFINS)
30.	Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930).	30	(-F-N-)
31.	Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931).2)4	2	
32.	Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932).3	44	(DF-NS)
33.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932).3	25	
34.	Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933).3	11	(-F-NS)
35.	Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).3	11	
36.	Samþykkt um skylduellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933).3	10	
37.	Samþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verslunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).3	11	

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.

** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

38.	Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933).3	10	
39.	Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum, mönnum sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).3	8	
40.	Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum og landbúnaðarverkamönnum (1933).3	7	
41.	Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934).3	38	
42.	Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934).2	52	(DF-NS)
43.	Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðum (1934).	13	(---N-)
44.	Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra. sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934).	14	(---N-)
45.	Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935).	95	(-F--S)
46.	Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935).4	3	
47.	Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935).	11	(F--NS)
48.	Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935).3	9	
49.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935).	10	(---N-)
50.	Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936).	33	(---N-)
51.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936).3	0	
52.	Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936).3	54	(DF---)
53.	Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936).	32	(DF-N-)
54.	Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936).3)4	6	
55.	Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936).	16	
56.	Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936).	18	(---N-)
57.	Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936).2)4	4	
58.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936).2	51	(D-INS)
59.	Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937).2	36	(---N-)
60.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937).2	11	
61.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937).4	0	
62.	Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937).	30	(DF---)
63.	Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu svo og landbúnaði (1938).2	34	(DF-NS)

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.

** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

64.	Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939).	31		
65.	Samþykkt um refsiákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939).	33		
66.	Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939).2)3	0		
67.	Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939).3	4		
68.	Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946).	22	(---N-)	
69.	Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946).	34	(---N-)	
70.	Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946).1	7		
71.	Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946).	13	(---N-)	
72.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmann (1946).3)4	5	(-F---)	
73.	Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946).	40	(DF-NS)	
74.	Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946).	26		
75.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946).3)4	5	(-F-NS)	
76.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946).2)4	1		
77.	Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa (1946).	42		
78.	Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946).	38		
79.	Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946).	19		
80.	Samþykkt um breytinar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (1946).4	54	(DF-NS)	
81.	Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947).	111	(DF-NS)	J - - -
82.	Samþykkt um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1947).	4		J - - -
83.	Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskyldu í ósjálfstæðum löndum (1947).	2		J - - -
84.	Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947).	4		J - - -
85.	Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947).	5		J - - -

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.

** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

86.	Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947).	22		J - - -
87.	Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948).	109	(DFINS)	J -
88.	Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948).	75	(DF-NS)	J -
89.	Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).	65		J -
90.	Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).	47	(---N-)	J -
91.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949).3	23	(-FINS)	
92.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949).	39	(DF-N)	J - - -
93.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949).2)4	6		J J - -
94.	Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949).	56	(DF---)	J J - J
95.	Samþykkt um verndun vinnulauna (1949).	91	(---N-)	J J - J
96.	Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949).	41	(-F-NS)	J J - J
97.	Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949).	40	(---N-)	J J - J
98.	Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949).	123	(DFINS)	J - - J
99.	Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951).	51		
100.	Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf (1951).	120	(DFINS)	
101.	Samþykkt um orlof með kaupi í landbúnaði (1952).2	46		J J - J
102.	Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952).	38	(D-INS)	J J - -
103.	Samþykkt um mæðravernd (1952).	31		J J - -
104.	Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955).	26		J - - -
105.	Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957).	112	(DFINS)	J - J J
106.	Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957).	60	(D----)	- - - -
107.	Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja (1957).	27		- - - -
108.	Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (1958).	53	(DFINS)	
109.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958).1	15	(---N-)	
110.	Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958).	11		
111.	Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958).	118	(DFINS)	
112.	Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959).	30	(D--N-)	
113.	Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959).	28	(---N-)	

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.

** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

114.	Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959).	21		
115.	Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960).	44	(DF-NS)	
116.	Samþykkt um breytingu á samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í því skyni og samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykkta (1961).4	73	(DF-NS)	
117.	Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962).	31		
118.	Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962).	38	(DF-NS)	
119.	Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963).	48	(DF-NS)	
120.	Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1964).	48	(DF-NS)	
121.	Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu (1964).	21	(-F--S)	
122.	Samþykkt um stefnu í atvinnumálum (1964).	82	(DFINS)	
123.	Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum (1965).2	42		
124.	Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum (1965).	41	(-F---)	
125.	Samþykkt um hæfnisskírteini fiskimanna (1966).	10		J - - J
126.	Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966).	20	(D--N-)	J - - J
127.	Samþykkt um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera (1967).	22		
128.	Samþykkt um elli-, örorku- og eftirlifendabætur (1967).	16	(-F-NS)	
129.	Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969).	29	(DF-NS)	
130.	Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969).	14	(DF-NS)	
131.	Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970).	38		
132.	Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðað 1970).	23	(-F-NS)	
133.	Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði 1970).	25	(-F-NS)	
134.	Samþykkt um slýsavarnir sjómanna (1970).	26	(DF-NS)	
135.	Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum (1971).	51	(DF-NS)	
136.	Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá bensíni (1971).	33	(-F---)	
137.	Samþykkt um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum (1973).	21	(-F-NS)	
138.	Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu (1973).	46	(-F-NS)	
139.	Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini (1974).	29	(DFINS)	J J J J
140.	Samþykkt um námsleyfi með launum (1974).	28	(-F--S)	J J J J
141.	Samþykkt um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og			

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.
** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

	félagslegri þróun (1975).	31	(DF-NS)	
142.	Samþykkt um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls (1975).	53	(DF-NS)	
143.	Samþykkt um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar (1975).	17	(---NS)	
144.	Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1976).	59	(DFINS)	
145.	Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna (1976).	17	(-F-NS)	
146.	Samþykkt um árlegt orlof farmanna (1976).	12	(-F--S)	
147.	Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976).	29	(DF-NS)	
148.	Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað (1977).	35	(DF-NS)	J J
149.	Samþykkt um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (1977).	35	(DF-NS)	J J
150.	Samþykkt um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag (1978).	37	(DF-NS)	J J J J
151.	Samþykkt um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu (1978).	26	(DF-NS)	J - H J
152.	Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu (1979).	18	(DF-NS)	
153.	Samþykkt um vinnustundir og hvíldartíma við akstur (1979).	7		
154.	Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða (1981).	17	(-F-NS)	J J - -
155.	Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1981).	20	(-FINS)	J - - -
156.	Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til hand körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (1981).	20	(-F-NS)	J J - -
157.	Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum (1982).	2	(----S)	J - J
158.	Samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda (1982).	20	(-F--S)	J J J
159.	Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1983).	47	(DFINS)	J J J J
160.	Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál (1985).	35	(DF-NS)	J J - -
161.	Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (1985).	14	(-F--S)	- J - -
162.	Samþykkt um öryggi við notkun asbests (1986).1	18	(-F-NS)	J J J -
163.	Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).	10	(DF-NS)	
164.	Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja (1987).	6	(----S)	
165.	Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (1987).	2		
166.	Samþykkt um heimsendingu skipverja (1987).	4		
167.	Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði (1988).	9	(---NS)	J J J -
168.	Samþykkt um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi (1988).	6	(-F-NS)	J - J J

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.

** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

169.	Samþykkt um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum (1989).	6	(---N-)	J J J -
170.	Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu (1990).	3	(---NS)	J J J -
171.	Samþykkt um næturvinnu (1990).[1]	1		J J N J
172.	Samþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum (1991).	2		J J - J
173.	Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda (1992).[1]	1		J J N J
174.	Samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum (1993).[1]			J J - J
175.	Samþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf (1994).[1]			

Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar:

Ísland hefur fullgilt eftirtaldar samþykktir ILO (fullgildingarár innan sviga):

1. Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1958).
2. Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1956).
3. Nr. 15, um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokara-störf (Þessi samþykkt er úrelt - fullgilt 1956).
4. Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1958).
5. Nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (1956).
6. Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess (1950).
7. Nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn (1952).
8. Nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1952).
9. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (1958).
10. Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis (1961).
11. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (1960).
12. Nr. 108, um persónuskírteini sjómanna (1970).
13. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs (1963).
14. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum (1990).
15. Nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum (1991).
16. Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1981).
17. Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1991).
18. Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1990).

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.
** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

Athugasemdir:

1) Samþykkt sem ekki hefur verið fullgilt af nægilega mörgum aðildarríkjum til að öðlast gildi.
2) Samþykkt sem hefur verið endurskoðuð með síðari samþykkt.
3) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að hún hefur verið endurskoðuð með nýrri samþykkt sem hefur tekið gildi.
4) Samþykkt hefur ekki verið fullgilt af lágmarksfjölda aðildarríkja til að taka gildi. Ákvæði í nokkrum þeirra hafa verið tekin upp í aðrar síðari samþykktir.

* D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.
** Fyrstu tveir stafirnir í dálknum sýna afstöðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þriðji stafurinn afstöðu fulltrúa atvinnurekenda og fjórði stafurinn afstöðu fulltrúa launafólks. Stafirnir tákna: J=Já, N=nei, H=setið hjá við atkvæðagreiðslu, - = ekki við atkvæðagreiðslu.

659. Frumvarp til laga [411. mál]

um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum í samræmi við ákvæði laga þessara, enda hafi brotið verið framið innan íslenska ríkisins. Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða bætur fyrir tjón sem leiðir af broti sem framið var utan íslenska ríkisins, enda sé tjónþoli búsettur á Íslandi eða íslenskur ríkisborgari.

Lög þessi gilda einnig um líkamstjón sem leiðir af aðstoð við lögreglu við handtöku, borgaralega handtöku eða að afstýra refsiverðri háttsemi.

II. KAFLI
Bótaskyld tjón.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna líkamstjóns. Sama gildir um tjón á fatnaði og öðrum persónulegum munum, þar á meðal lágum fjárhæðum í reiðufé, sem tjónþoli bar á sér þegar líkamstjóninu var valdið.

Andist tjónþoli vegna afleiðinga brots skulu greiddar bætur vegna hæfilegs útfararkostnaðar og bætur vegna missis framfæranda.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna miska. Þó á tjónþoli ekki rétt á miskabótum varði brot einungis við ákvæði í XXV. kafla almennra hegningarlaga.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna tjóns á munum er einstaklingur veldur með athöfnum sínum ef hann:

1. er að afplána refsivist í fangelsi,
2. er handtekinn í þeim tilgangi að hann sæti gæsluvarðhaldsvist eða er í gæsluvarðhaldi,
3. er vistaður á sjúkrahúsi gegn vilja sínum skv. 13. gr. lögræðislaga eða
4. er vistaður á ríkisstofnun gegn vilja sínum skv. 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Bætur skulu greiddar fyrir tjón sem valdið er á umráðasvæði stofnunar eða meðan á dvöl utan hennar stendur að fengnu leyfi eða í tengslum við strok.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða bætur fyrir tjón á munum sem maður veldur hafi hann strokið frá sambærilegri stofnun og greinir í 1. mgr. í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

5. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum skulu ekki greiddar:

1. til stjórnvalda eða opinberra stofnana,
2. þegar bæði tjónvaldur og tjónþoli voru, þegar brot var framið, um stundarsakir eða í stuttan tíma staddir hér á landi.

III. KAFLI
Skilyrði bótagreiðslu og fjárhæð bóta.

6. gr.

Það er skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns.

Umsókn um bætur skal hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið.

7. gr.

Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nemi þær lægri fjárhæð en 10.000 kr.

Fyrir tjón á munum skulu ekki greiddar hærri bætur en 500.000 kr.

Fyrir líkamstjón skulu ekki greiddar hærri bætur en 5.000.000 kr.

Fyrir miska skulu ekki greiddar hærri bætur en 1.000.000 kr.

Fyrir missi framfæranda skulu ekki greiddar hærri bætur en 3.000.000 kr.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga.

8. gr.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum gilda við ákvörðun bóta almennar reglur um skaðabótaábyrgð tjónvalds, þar á meðal um lækkun eða niðurfellingu bóta vegna eigin sakar tjónþola eða hins látna á tjóninu eða eigin áhættu. Við mat á því hvort lækka beri eða fella niður bætur samkvæmt þessu er heimilt að líta til háttsemi tjónþola eða umsækjanda fyrir brotið, við brotið eða eftir það.

Bætur fyrir muni skv. 4. gr. má lækka eða fella niður hafi tjónþoli, af ásetningi eða gáleysi, aukið hættu á tjóni með því að láta hjá líða að gera venjulegar varúðarráðstafanir. Sama gildir hafi munir ekki verið vátryggðir, enda hafi almennt mátt ætlast til þess af tjónþola.

9. gr.

Greiða skal tjónþola bætur samkvæmt lögum þessum þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé ósakhæfur eða finnist ekki.

10. gr.

Frá ákvarðaðri fjárhæð bóta skal draga greiðslur sem tjónþoli hefur fengið eða samið um að fá greiddar frá tjónvaldi, greiðslur sem falla undir almannatryggingar, laun í veikindum, lífeyrisgreiðslur eða vátryggingabætur. Sama gildir um aðra fjárhagsaðstoð sem tjónþoli hefur fengið eða á rétt á vegna tjónsins.

Endurkröfur á hendur tjónþola skulu ekki greiddar.

11. gr.

Þegar bótakröfu hefur verið ráðið til lykta með dómi skal greiða bætur með þeirri fjárhæð sem ákveðin var í dóminum, sbr. þó ákvæði 7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr.

Í sérstökum tilvikum er bótanefnd heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr., t.d. ef telja má með réttu að tjón tjónþola hafi ekki að fullu verið ljóst við meðferð málsins fyrir dómi.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki að því leyti sem tjónvaldur er talinn hafa viðurkennt kröfuna eða fjárhæð hennar undir rekstri máls.

12. gr.

Þegar tjónþoli hefur lagt fram beiðni um greiðslu bóta til bótanefndar og krafan er til meðferðar í dómsmáli á hendur tjónvaldi eða dæmd í héraði er bótanefnd heimilt að fresta ákvörðun um greiðslu bóta þar til endanlegur dómur liggur fyrir.

IV. KAFLI
Bótanefnd.

13. gr.

Bótanefnd tekur ákvörðun um greiðslu bóta.

Í bótanefnd eiga sæti þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar og þrjá menn til vara.

Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Um hæfi nefndarmanna til að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um starfsháttu nefndarinnar.

14. gr.

Bótanefnd er heimilt að krefja tjónþola um hvers konar upplýsingar sem hún telur þörf á við meðferð umsóknar hans, þar á meðal er henni heimilt að kveðja tjónþola á fund nefndarinnar. Jafnframt er nefndinni heimilt að krefjast upplýsinga frá öðrum þeim er þekkja kunna til málavaxta.

Þegar um líkamstjón er að ræða getur nefndin óskað eftir því að tjónþoli láti lækni rannsaka sig. Nefndinni er heimilt að fá afrit úr sjúkraskrá tjónþola.

Nefndinni er heimilt að krefjast yfirheyrslna fyrir dómi.

Verði tjónþoli ekki innan tilskilins frests við óskum nefndarinnar um framlagningu tiltekinna upplýsinga eða gagna er nefndinni heimilt að ljúka meðferð máls á grundvelli þeirra gagna er fyrir liggja.

15. gr.

Kostnaður vegna meðferðar máls hjá bótanefnd, þar á meðal vegna rannsóknar sem um getur í 2. mgr. 14. gr., greiðist úr ríkissjóði.

Í sérstökum tilvikum, svo sem vegna efnahags umsækjanda, er nefndinni heimilt að ákveða að umsækjandi skuli að hluta til eða að öllu leyti fá greiddan kostnað sem hann hefur þurft að bera í tilefni málsins.

16. gr.

Ákvörðun bótanefndar er endanleg niðurstaða máls á stjórnsýslustigi.

17. gr.

Þegar umsækjandi hefur gefið rangar upplýsingar eða leynt atriðum sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu bóta er heimilt að endurkrefja tjónþola um þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið með þeim hætti.

Enn fremur er heimilt að krefja tjónþola um endurgreiðslu bóta ef hann hefur síðar fengið tjón sitt bætt með öðrum hætti.

V. KAFLI
Gildistaka o.fl.

18. gr.

Lögreglu er skylt að leiðbeina tjónþola um rétt sinn til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Greiði ríkissjóður bætur samkvæmt lögum þessum eignast hann rétt tjónþola gagnvart tjónvaldi sem nemur fjárhæð bótanna.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og gilda um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umsókn um bætur vegna tjóns sem leiðir af broti sem framið er fyrir 1. janúar 1996 skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 6. maí 1993 samþykkti Alþingi þingsályktun um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota. Ályktunin er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna grófra ofbeldisbrota, svo sem kynferðisbrota.“

Sama ár var lagt fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um að styrkja stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála. Tillagan var svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem styrki stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.“ Þessari tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hinn 2. desember 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd „til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Jafnframt verður nefndinni falið að athuga hvort setja eigi í lög reglur um nálgunarbann og enn fremur athuga hvort fórnarlamb geti átt betri aðgang að rannsóknarferlinu“.

Í nefndina voru skipuð Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari, Jenný Baldursdóttir, starfskona Kvennaathvarfsins, Jón H. Snorrason, deildarstjóri hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, og Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar er Högni S.

Kristjánsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Arnar sagði sig úr nefndinni vegna anna við önnur störf og Jenný af heilsufarsástæðum. Í hennar stað tók Kristín Blöndal fóstra sæti í nefndinni.

Nefndin ákvað í upphafi að fjalla fyrst eingöngu um það hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota.

Eftir að hafa kynnt sér stöðu mála á hinum Norðurlöndunum um greiðslu ríkissjóðs á bótum vegna afbrota taldi nefndin að umboð sitt samkvæmt skipunarbréfi væri mjög þröngt, þ.e. að einungis væri miðað við dæmdar bætur og að miðað væri við kynferðisbrot og önnur gróf ofbeldisbrot. Að höfðu samráði við dómsmálaráðherra var ákveðið að umboð nefndarinnar yrði ekki takmarkað við umfjöllun um dæmdar bætur eða að um væri að ræða kynferðisbrot eða önnur gróf ofbeldisbrot.

Á frumvarpi og greinargerð, sem nefndin samdi, hafa verið gerðar nokkrar minni háttar breytingar í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

II. Almennar athugasemdir.

Markmið frumvarpsins er að styrkja stöðu brotaþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum, svo og fyrir tjón á munum sem leiðir af slíku broti, enda sé viðkomandi vistaður á stofnun ríkisins vegna afbrots eða gegn vilja sínum.

Bætur vegna tjóns, sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og tjónvaldur er dæmdur til að greiða tjónþola, eru í flestum tilvikum ekki raunveruleg verðmæti þar sem tjónþoli hefur í fæstum tilvikum möguleika á að greiða bæturnar og í mörgum tilvikum er ólíklegt að hann hafi í náinni framtíð möguleika til þess.

Meginákvæði frumvarpsins eru að ríkið greiðir bætur vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Almennt er það skilyrði að brotið sé framið innan lögsögu íslenska ríkisins. Verði afleiðing hins refsiverða verknaðar að brotaþoli andist skulu bætur greiddar vegna hæfilegs útfararkostnaðar og bætur vegna missis framfæranda. Frumvarpið gerir ráð fyrir að líkamstjón verði einnig bætt þegar það leiðir af aðstoð við lögreglu vegna handtöku, borgaralegrar handtöku eða því að afstýrt er refsiverðri háttsemi.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að greiddar verði bætur fyrir tjón á munum sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum, enda sé tjónvaldur í afplánun í fangelsi, handtekinn í þeim tilgangi að hann sæti gæsluvarðhaldsvist, í gæsluvarðhaldi eða vistaður á sjúkrahúsi gegn vilja sínum skv. 13. gr. lögræðislaga eða 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Í þessum tilvikum skulu bætur greiddar fyrir tjón sem verður á umráðasvæði stofnunar eða meðan á dvöl utan hennar stendur að fengnu leyfi eða í tengslum við strok.

Það er almenn forsenda þess að bætur verði greiddar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að brotið hafi verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu bóta úr hendi tjónvalds. Ákvæði frumvarpsins gilda einnig þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé ósakhæfur eða finnist ekki.

Meginregla frumvarpsins er að tjónþoli eigi lögvarða kröfu til greiðslu bóta úr ríkissjóði.

Það er einnig meginregla samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að allar greiðslur sem tjónþoli fær sem bætur fyrir tjón sitt skuli koma til frádráttar þeim greiðslum sem hann á rétt á að ríkissjóður greiði. Byggist það á þeirri forsendu að megintilgangur frumvarpsins er að bæta tjón þeirra þolenda afbrota sem ekki fá það bætt með öðrum hætti.

Almennt fjártjón skal ekki bætt samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þannig verða ekki greiddar bætur fyrir tjón sem er afleiðing þjófnaðar, fjárdráttar, fjársvika eða annarra sambærilegra brota. Þá gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að miski verði greiddur þegar brot varðar einungis við XXV. kafla almennra hegningarlaga.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvörðun um greiðslu bóta samkvæmt ákvæðum þess verði tekin af sérstakri nefnd, bótanefnd. Miðað er við að nefndin ákveði hvort skilyrði bótagreiðslu séu til staðar og fjárhæð bóta. Þegar dómur hefur gengið um bótakröfuna er almennt miðað við að bætur verði greiddar í samræmi við niðurstöður hans.

Nefndin, sem samdi frumvarpið, hefur ekki reynt að meta hvaða útgjöld það hefur í för með sér fyrir ríkissjóð verði frumvarpið samþykkt sem lög. Á vegum nefndarinnar hefur verið tekið saman yfirlit um dæmdar bætur í málum sem dæmd voru í Héraðsdómi Reykjavíkur árin 1993 og 1994 og mundu falla undir ákvæði frumvarpsins. Sá listi er birtur sem fylgiskjal II með frumvarpinu. Þá hefur nefndin fengið frá Rannsóknarlögreglu ríkisins upplýsingar um fjölda mála vegna brota sem leitt geta til greiðslu bóta fyrir líkamstjón eða miska samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og komið hafa til rannsóknar árin 1993 og 1994. Sá listi er birtur sem fylgiskjal I með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er lagt til að ríkissjóður greiði bætur vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum í samræmi við ákvæði frumvarpsins, enda sé brotið framið innan íslenska ríkisins. Í þessu felst að tjónþoli á lögvarða kröfu á hendur ríkissjóði til greiðslu bóta þegar skilyrði til greiðslu þeirra samkvæmt frumvarpinu eru að öðru leyti uppfyllt. Um mat á fjárhæð bóta og eigin sök tjónþola gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Dómur um bætur frá tjónvaldi verður almennt bindandi fyrir bótanefnd. Samkvæmt frumvarpinu gildir sú meginregla að samræmi er á milli kröfu tjónþola á hendur brotamanni og kröfu gagnvart ríkissjóði. Ákvæðum frumvarpsins er einungis ætlað að gilda um tjón sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Sé einungis um að ræða brot á refsiákvæðum í sérlögum, t.d. umferðarlögum fellur tjón sem leiðir af því ekki undir ákvæði frumvarpsins. Það skiptir ekki máli um bótaskyldu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins hvort tjónvaldur eða tjónþoli er íslenskur ríkisborgari eður ei. Það skilyrði að brot sé framið innan íslenska ríkisins þýðir m.a. að brot, sem framið er innan íslenskrar refsilögsögu en um borð í íslensku skipi eða loftfari, fellur utan gildissviðs 1. málsl. 1. mgr.

Í 2. málsl. 1. mgr. er undantekning frá þeirri meginreglu að brot, sem leiðir til tjóns, þurfi að hafa verið framið hér á landi. Í þessari málsgrein er lagt til að í sérstökum tilvikum verði heimilt að greiða bætur fyrir tjón sem leiðir af afbroti sem framið er utan íslenska ríkisins, enda sé tjónþoli búsettur á Íslandi eða íslenskur ríkisborgari. Í slíkum tilvikum á tjónþoli ekki lögvarða kröfu á hendur ríkissjóði um að hann greiði bætur, heldur er það heimilt í sérstökum tilvikum. Ætlast er til að þessi undantekningarregla verði túlkuð þröngt. Undir þetta ákvæði gæti m.a. fallið tilvik þar sem brot er framið um borð í íslensku skipi eða loftfari utan refsilögsögu ríkja eða í refsilögsögu annars ríkis, sbr. ákvæði 5. gr. eða 4. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga. Hugsanleg greiðsla bóta er-

lendis frá, þar með talin greiðsla frá viðkomandi ríki, kemur til frádráttar bótum samkvæmt þessu ákvæði.

Í 2. mgr. er lagt til að ákvæði frumvarpsins gildi um bætur fyrir líkamstjón sem leiðir af því að lögreglu er veitt aðstoð við handtöku þegar um borgaralega handtöku er að ræða eða því að refsiverðri háttsemi er afstýrt. Í þessum tilvikum er það ekki skilyrði að tjónið verði vegna brots á almennum hegningarlögum. Lagt er til að tjónþoli eigi í þessum tilvikum lögvarða kröfu á hendur ríkissjóði um greiðslu bóta.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og fyrir tjón á fatnaði og öðrum persónulegum munum, þar á meðal lágum fjárhæðum í reiðufé, sem tjónþoli bar á sér þegar líkamstjóni var valdið. Í ákvæðinu er ekki takmarkað hverjir eigi rétt á greiðslu bóta samkvæmt því. T.d. eiga starfsmenn fangelsa og annarra stofnana, þar sem menn sæta vistun gegn vilja sínum, rétt á bótum, sem og hverjir aðrir að skilyrðum frumvarpsins uppfylltum. Í frumvarpinu er ekki lagt til að sérstakar reglur gildi um tjón sem leiðir af broti sem beinist að fjölskyldumeðlimum eða öðrum nánum vandamönnum. Þannig eiga maki og börn sama rétt til bóta og aðrir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Með líkamstjóni er í frumvarpinu átt við tjón sem getur verið grundvöllur til bóta skv. I. kafla skaðabótalaga. Tjón á munum sem verður þegar líkamstjóninu er valdið skal bætt samkvæmt ákvæðinu. Samkvæmt ákvæðinu eru öll líkamstjón sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum bótaskyld. Á það einnig við þau tilvik þar sem gáleysi er refsivert. Bótanefnd er ekki bundin af ákvörðunum ákæruvalds um málshöfðun gegn brotamanni, hvort heldur er vegna sönnunarstöðu máls, aldurs brotamanns eða af öðrum ástæðum. Bótanefnd metur sjálfstætt hvort verknaðarlýsing viðkomandi hegningarlagaákvæðis, hlutlægt séð, er til staðar, svo og önnur refsiskilyrði. Ef hlutlægar refsileysisástæður eru til staðar (neyðarréttur, neyðarvörn, samþykki) er verknaðurinn ekki refsiverður og getur því ekki leitt til bótaskyldu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta á munum samkvæmt greininni að jafnframt sé um líkamstjón að ræða.

Í 2. mgr. er lagt til að þegar tjónþoli andast vegna afleiðinga refsiverðs verknaðar skuli greiddar bætur vegna hæfilegs útfararkostnaðar og fyrir missi framfæranda eigi það við. Um útfararkostnað er í þessu tilviki sem og endranær miðað við það hvaða kröfu er unnt að gera á hendur tjónþola, sbr. 12. gr. skaðabótalaga.

Um 3. gr.

Lagt er til að bætur verði greiddar fyrir miska, nema þegar brot, sem leiðir til miskabótakröfu, varðar einungis við XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Meginmarkmið frumvarpsins er að ríkissjóður greiði bætur vegna tjóns sem leiðir af ofbeldisbroti eða öðru broti er varðar sjálfsákvörðunarrétt og frjálsræði einstaklings. Af þeirri ástæðu er lagt til að bætur vegna tjóns, sem leiðir af broti á XXV. kafla almennra hegningarlaga, falli ekki undir ákvæði frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ríkissjóður greiði bætur vegna tjóns á munum sem einstaklingur veldur með athöfnum sínum þegar skilyrði 1.–4. tölul. eru til staðar. Gagnstætt því sem lagt er til um greiðslu bóta vegna muna skv. 1. mgr. 2. gr. er það ekki skilyrði hér að jafnframt hafi verið framið brot sem leiðir til líkamstjóns. Ekki er miðað við að ákvæði þetta gildi um fjártjón sem leiðir af þjófnaði, fjárdrætti eða sambærilegum brotum, held-

ur að bætur verði einungis greiddar fyrir tjón á viðkomandi mun. Afleitt tjón, svo sem vegna rekstrartaps o.s.frv., fellur ekki heldur undir ákvæðið. Bæði lögaðilar og einstaklingar eiga rétt á bótum samkvæmt ákvæðum greinarinnar, sbr. þó ákvæði 5. gr. Skv. 7. gr. eru þó ekki greiddar hærri bætur en 500.000 kr. fyrir tjón á munum vegna einstaks verknaðar og bætur greiðast ekki ef tjónið nemur lægri fjárhæð en 10.000 kr. Skv. 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. er það skilyrði bótagreiðslu að tjónið sé afleiðing af broti á almennum hegningarlögum. Eins og varðandi líkamstjón er það ekki skilyrði að vitað sé hver tjónvaldur er, hann finnist eða honum verði ekki refsað af þeirri ástæðu að hann sé ekki sakhæfur. Þegar ekki er vitað hver tjónvaldur er eða hann finnst ekki er það skilyrði bóta samkvæmt ákvæðinu að til staðar sé sönnun fyrir því að hann sé vistaður á þeim stofnunum er greinir í 1.–4. tölul. Þetta ákvæði gildir einungis um þá sem eru á viðkomandi stofnunum. Þótt maður hafi t.d. verið dæmdur til refsivistar en ekki hafið afplánun er tjón, sem hann veldur á munum, ekki bótaskylt samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Það sama gildir hafi viðkomandi verið dæmdur til skilorðsbundinnar refsivistar, fengið reynslulausn eða náðun, refsivist verið breytt í samfélagsþjónustu eða dómþoli afplánar refsivist utan fangelsis, t.d. á meðferðarstofnun, sjúkrahúsi o.s.frv. Það er ekki skilyrði bótaskyldu vegna þeirra er falla undir ákvæði 2. tölul. að beita hafi þurft valdi við handtöku. Varðandi þá sem falla undir ákvæði 3.–4. tölul. þá er það skilyrði bótaskyldu að viðkomandi sé vistaður á viðkomandi stofnun gegn vilja sínum.

Í 2. mgr. er lagt til að bætur verði greiddar vegna tjóns sem valdið er á umráðasvæði stofnunar eða meðan á dvöl utan hennar stendur að fengnu leyfi eða í tengslum við strok. Tjónþoli getur t.d. verið annar maður sem vistaður er á viðkomandi stofnun, starfsmaður þar eða gestur. Tjón á munum viðkomandi stofnunar greiðist hins vegar ekki samkvæmt þessu ákvæði.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að greiða bætur fyrir tjón á munum sem menn valda sem strokið hafa frá sambærilegum stofnunum og greinir í 1. mgr. í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Í þessum tilvikum er ekki um lögvarða kröfu að ræða og bótagreiðsla kemur því einungis til að sérstakar ástæður mæli með því, t.d. að viðkomandi hafi þar verið að afplána íslenskan refsivistardóm.

Um 5. gr.

Lagt er til að stjórnvöld eða opinberar stofnanir eigi ekki rétt á bótum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og að í sérstökum tilvikum eigi einstaklingar það ekki heldur, þ.e. þegar hvorki tjónvaldur né tjónþoli hafa nein sérstök tengsl við Ísland eða eru hér staddir um stundarsakir, t.d. sem ferðamenn. Með opinberum stofnunum er átt við stofnanir sem að verulegum hluta eða öllu leyti eru fjármagnaðar með framlögum úr ríkissjóði. Einkafyrirtæki falla ekki undir undantekningarákvæði þessarar greinar og eiga þau þess vegna kröfu á bótum vegna tjóns á munum þegar skilyrði frumvarpsins eru að öðru leyti til staðar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að það verði skilyrði þess að ríkissjóður greiði bætur að brot, sem leiðir til tjóns, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu til greiðslu skaðabóta úr hendi tjónvalds. Miðað er við að þetta eigi einnig við þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann finnist ekki eða sé ósakhæfur. Þegar ekki er unnt að fjalla um bótakröfu í sakamáli, t.d. vegna þess að tjón liggur ekki fyrir þegar sakamálið er rekið fyrir dómi, refsiþætti málsins lýkur hjá lögreglustjóra eða með viðurlaga-

ákvörðun eða játningardómi eða ef óhæfileg bið eftir meðferð sakamálsins tefur meðferð bótakröfunnar, er hægt að sækja um bætur beint til bótanefndar, enda hafi bóta verið krafist við rannsókn málsins. Í slíkum tilvikum er ekki nauðsynlegt fyrir tjónþola að höfða einkamál á hendur tjónvaldi vegna bótakröfunnar. Sama gildir ef sakamál er ekki höfðað gegn tjónvaldi, svo sem vegna sönnunarstöðu máls eða ósakhæfis, málið er afgreitt með ákærufrestun eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Í 2. mgr. er lagt til að það verði skilyrði þess að ríkissjóður greiði bætur að umsókn um þær hafi borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið.

Um 7. gr.

Lagt til að ekki verði greiddar bætur þegar tjón vegna einstaks verknaðar nemur lægri fjárhæð en 10.000 kr. Þá er lagt til að hámarksbætur fyrir tjón á munum verði 500.000 kr., fyrir líkamstjón 5.000.000 kr., fyrir miska 1.000.000 kr. og fyrir missi framfæranda 3.000.000 kr. og að þessar fjárhæðir taki verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga.

Hámark fjárhæða er sett til að takmarka greiðslur úr ríkissjóði. Hvort setja eigi hámark bótagreiðslna úr ríkissjóði er ákvörðunaratriði og jafnframt hvar mörkin eiga að vera. Ljóst má vera að hámark bótagreiðslna vegna líkamstjóns takmarkar verulega greiðslur til tjónþola í mjög alvarlegum málum. Er það matsatriði hvort í slíkum tilvikum eigi í stað sérstaks hámarks að miða við reglur skaðabótalaga. Þótt hámark sé lögfest nú er að fenginni reynslu unnt að taka endurskoða slík ákvæði.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að almennar reglur um skaðabótaábyrgð tjónvalds gildi við ákvörðun bóta sé ekki annað tekið sérstaklega fram. Tilgangur ákvæðisins er m.a. að koma í veg fyrir lækkun eða niðurfellingu bóta í tilvikum þar sem tjónþoli hefur verið ögrandi eða farið á eða verið á stað þar sem af reynslu má telja sérstaka hættu á slagsmálum eða öðru ofbeldi. Bætur í slíkum tilvikum verður einungis hægt að lækka eða fella niður í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar um eigin sök og eigin áhættu. Tilvísun til almennra reglna um skaðabótaábyrgð tjónvalds vísa m.a. til reglna skaðabótalaga. Lækkunarreglur í III. kafla skaðabótalaga gilda í þessum tilvikum. Lækkun bóta úr hendi tjónvalds getur þó varla komið til þegar um ásetningsverknað er að ræða. Almennt fer um eigin sök og áhættu skv. 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaganna. Um ákvörðun bótafjárhæðar gilda sem meginregla ákvæði I. kafla skaðabótalaganna og um miska 26. gr. þeirra, sbr. þó ákvæði 7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. Bætur fyrir miska greiðast þó aðeins að grundvöllur sé til þess samkvæmt dómvenju og í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Með vísun til almennra reglna skaðabótaréttar er miðað við að greiddir verði vextir á kröfu í samræmi við gildandi reglur. Um aðilaskipti bótakröfu gilda einnig almennar reglur.

Í 2. mgr. er lögð til sérstök lækkunarregla varðandi tjón á munum þegar ekki eru gerðar venjulegar varúðarráðstafanir eða munir eru ekki vátryggðir, enda hafi almennt mátt ætlast til þess af tjónþola. Ákvæðið gildir einungis um tjón á munum sem bótaskyld eru skv. 4. gr. Ákvæðið á þannig ekki við um tjón á munum skv. 1. mgr. 2. gr. Sem dæmi um tjón, sem gætu fallið undir þetta ákvæði þar sem bætur eru lækkaðar eða felldar niður, má nefna töku bifreiðar sem stendur ólæst, ekki síst ef hún er á almennu bifreiðastæði, þjófnað á viðskiptabréfum sem varðveitt eru í heimahúsum, þjófnað úr íbúðarhúsi sem stendur mannlaust um lengri tíma án þess að gerðar hafi verið sérstakar varúðarráðstafanir, þjófnað á peningum í ólæstum skrifstofum o.s.frv.

Um 9. gr.

Lagt er til að bætur verði greiddar til tjónþola þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé ósakhæfur eða finnist ekki. Þegar ekki er vitað hver tjónvaldur er eða hann finnst ekki verður bótanefnd að meta sjálfstætt hvort tjón er afleiðing af verknaði sem er refsiverður samkvæmt almennum hegningarlögum og þegar um tjón á munum er að ræða hvort tjónvaldur sé vistaður á stofnun sem tilgreind er í 4. gr. Ákvæði um að bætur greiðist þótt tjónvaldur sé ósakhæfur gildir hvort heldur hann er yngri en 15 ára eða ákvæði 15. gr. almennra hegningarlaga eiga við. Bætur verða ekki greiddar þegar hlutlægar refsileysisástæður eiga við, svo sem neyðarréttur, neyðarvörn eða samþykki. Það er skilyrði bóta að um ásetningsverknað hafi verið að ræða eða refsivert gáleysi, þannig að unnt yrði að refsa tjónvaldi ef hann væri sakhæfur. Auk þess þarf tjónvaldur, þótt hann sé ósakhæfur, að vera skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Krafa um að brot hafi verið kært til lögreglu gildir einnig í þessum tilvikum.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að frá ákvarðaðri fjárhæð bóta skuli draga greiðslur sem tjónþoli hefur fengið eða samið um að fá greiddar frá tjónvaldi, greiðslur sem falla undir almannatryggingar, laun í veikindum, lífeyrisgreiðslur eða vátryggingabætur. Sama gildi um aðra fjárhagsaðstoð sem tjónþoli hafi fengið eða eigi rétt á vegna tjónsins. Ákvæði þessi eru að hluta til frávik frá ákvæðum skaðabótalaga, en samkvæmt þeim lögum koma sumar greiðslur frá þriðja manni til frádráttar bótum en aðrar ekki. Hér er lagt til að það verði meginregla að allar greiðslur frá þriðja aðila koma til frádráttar bótum. Ellilífeyrir og sambærilegar greiðslur koma þó ekki til frádráttar bótum þar sem slíkar greiðslur eru greiddar tjónþola óháð afleiðingum tjóns. Greiðslur frá félagsmálastofnunum og sambærilegum aðilum vegna umönnunar og þess háttar koma aðeins til frádráttar kostnaði af útgjöldum fyrir heilbrigðisþjónustu og öðru tjóni skv. 1. gr. skaðabótalaga. Varðandi vátryggingar skal tekið fram að greiðslur úr þeim koma einungis til frádráttar þeim bótaþáttum sem þær varða en ekki bótagreiðslum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins í heild. Komi greiðslur vegna tjóns, sem draga á frá bótum, til útborgunar eftir að bætur eru ákveðnar og greiddar er heimilt að krefjast endurgreiðslu, sbr. 2. mgr. 17. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að bætur verði ekki greiddar til að greiða endurkröfu á hendur tjónþola. Í 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga er ákvæði um endurkröfu vinnuveitanda á hendur tjónþola vegna líkamstjóns og í 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 22. gr. sömu laga eru ákvæði um endurkröfur vátryggingafélaga á hendur tjónþola. Vátryggingafélag öðlast almennt endurkröfurétt vegna tjóns sem rakið verður til refsiverðs verknaðs. Engar slíkar kröfur greiðast úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að þegar bótakröfu hefur verið ráðið til lykta með dómi verði bætur greiddar með þeirri fjárhæð sem ákveðin var í dóminum, með þeirri takmörkun þó að ekki verði greiddar hærri bætur en skv. 7. gr., og til frádráttar geta einnig komið aðrar greiðslur er draga skal frá bótum skv. 10. gr. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvort bótakrafan var dæmd í refsimáli eða einkamáli. Með vísun til þess að bótanefnd skuli almennt í störfum sínum fara eftir almennum skaðabótareglum, þar með talið um ákvörðun bótafjárhæðar, um lækkun bóta eða niðurfellingu þeirra vegna eigin sakar eða áhættu, er dómur bindandi fyrir nefndina þar sem hann hefur metið þessi atriði. Í sérstökum til-

vikum er nefndinni þó heimilt skv. 2. mgr. að hækka bætur ef telja má með réttu að tjón tjónþola hafi ekki verið að fullu ljóst við meðferð málsins fyrir dómi. Þá er nefndinni heimilt að lækka bætur fyrir tjón á munum samkvæmt sérreglu 2. mgr. 8. gr., og eins og fyrr greinir ber henni við ákvörðun sína að taka tillit til greiðslna skv. 1. mgr. 10. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að bótanefnd geti í sérstökum tilvikum vikið frá ákvæðum um fjárhæð bóta sem dæmdar eru, t.d. þegar telja má með réttu að tjón tjónþola hafi ekki verið að fullu ljóst við meðferð málsins fyrir dómi. Þótt fjárhæðir bóta hafi tekið breytingum skv. 1. mgr. 15. gr. skaðabótalaga frá því dómur var kveðinn upp og þangað til bótanefnd afgreiðir beiðni um bætur er ekki gert ráð fyrir að þessari málsgrein verði beitt til að hækka dæmdar bætur þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 15. gr. skaðabótalaga.

Í 3. mgr. er lagt til að ákvæðið um að greiða bætur í samræmi við dóm, sbr. 1. mgr., gildi ekki að því leyti sem tjónvaldur er talinn hafa viðurkennt kröfuna eða fjárhæð hennar undir rekstri máls. Þetta á við um kröfur sem tjónvaldur mótmælir ekki eða þegar um er að ræða útivistardóm í einkamáli þannig að dómur er kveðinn upp í samræmi við kröfu tjónþola. Dómurinn hefur þá ekki eiginlega afstöðu til bótakröfunnar og er miðað við að bótanefnd taki málið til meðferðar samkvæmt almennum reglum. Nauðsynlegt er að í dómi komi skýrt fram hvort og að hve miklu leyti tjónþoli mótmæli skaðabótakröfunni. Hafi tjónþoli krafist sýknu en ekki mótmælt fjárhæð kröfunnar er bótanefnd ekki heimilt að taka sjálfstætt afstöðu til spurningar um bótagrundvöll og um eigin sök eða aðra hlutdeild, en nefndin er þá ekki bundin af þeirri fjárhæð sem dómur kveður á um.

Um 12. gr.

Lagt er til að bótanefnd geti frestað ákvörðun um greiðslu bóta þegar krafan er til meðferðar í dómsmáli á hendur tjónvaldi eða dæmd í héraði þar til endanlegur dómur liggur fyrir.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sérstök stjórnsýslunefnd, bótanefnd, taki ákvörðun um greiðslu bóta samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Bótanefnd getur í undantekningartilvikum ákveðið að greitt skuli upp í kröfu fyrir fram ef skilyrði greiðslu bóta eru talin vera fyrir hendi. Þegar dómur hefur verið kveðinn upp í refsimálinu er það ekki skilyrði bótagreiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að reynt hafi á greiðslugetu — eða greiðsluvilja — tjónvalds með aðför. Hafi bótakrafan ekki verið dæmd í refsimálinu þarf tjónþoli ekki að höfða einkamál gegn tjónvaldi, heldur getur hann sótt um bætur til bótanefndar. Hið sama gildir þegar ekki er höfðað refsimál gegn tjónþola, t.d. vegna þess að hann er ekki sakhæfur.

Í 2. og 3. mgr. er lagt til að í bótanefnd verði þrír menn og þrír til vara sem dómsmálaráðherra skipi til fjögurra ára í senn. Jafnframt er lagt til að nefndarmenn og varamenn þeirra skuli fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara og að um hæfi þeirra fari eftir reglum um sérstakt hæfi dómara.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að heimilt verði að krefja tjónþola um hvers konar upplýsingar sem bótanefnd telur þörf á við meðferð umsóknar hans, þar á meðal er henni heimilt að kveðja tjónþola á sinn fund og einnig er henni heimilt að krefjast upplýsinga frá öðrum þeim er þekkja kunna til málavaxta. Almennt er gert ráð fyrir að málsmeðferð fyrir bótanefnd verði skrifleg, m.a. á grundvelli gagna refsimálsins. Nefndin getur aflað frekari upplýs-

inga frá tjónþola, tjónvaldi og öðrum og kallað þá fyrir sig til að gefa skýringar. Miðað er við að bótanefnd kynni tjónvaldi um framkomna umsókn og gefi honum kost á andmælum í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Í 2. mgr. er lagt til að bótanefnd geti óskað eftir því við tjónþola að hann gangist undir rannsókn hjá lækni og að nefndinni sé heimilt að fá afrit úr sjúkraskrá tjónþola. Hafni tjónþoli beiðni um læknisrannsókn getur það leitt til þess að beiðni hans um greiðslu bóta verði hafnað.

Í 3. mgr. er lagt til að bótanefnd verði heimilt að krefjast yfirheyrslna fyrir dómi. Í XII. kafla laga um meðferð einkamála eru ákvæði um öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Í þessari grein er lagt til að bótanefnd geti orðið aðili að slíkri beiðni. Almennt er við það miðað að tjónþoli leggi fullnægjandi gögn fyrir nefndina, en í tilvikum þegar refsimál er ekki höfðað getur í undantekningartilvikum verið nauðsynlegt að teknar séu skýrslur af vitnum fyrir dómi.

Í 4. mgr. er lagt til að verði tjónþoli ekki innan tilskilins frests við óskum nefndarinnar um framlagningu tiltekinna upplýsinga og gagna sé henni heimilt að ljúka meðferð máls á grundvelli þeirra gagna er fyrir liggja.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að kostnaður af meðferð máls hjá bótanefnd, þar á meðal rannsóknum sem um getur í 2. mgr. 14. gr., greiðist úr ríkissjóði. Hér er átt við kostnað sem leiðir af ákvörðunum bótanefndar vegna rannsóknar eða meðferðar máls.

Í 2. mgr. er ákvæði um að í sérstökum tilvikum verði nefndinni heimilt að ákveða að umsækjandi skuli að hluta til eða að öllu leyti fá greiddan kostnað sem hann hefur þurft að bera af málinu. Miðað er við að almennt þurfi tjónþoli ekki aðstoð lögmanns vegna umsóknar um bætur eða málsmeðferðar hjá nefndinni. Þegar um flókið uppgjör skaðabóta er að ræða verður nefndinni þó heimilt að greiða tjónþola hæfilega þóknun vegna aðstoðar lögmanns.

Um 16. gr.

Lagt er til að ákvörðun bótanefndar sé endanleg niðurstaða máls á stjórnsýslustigi. Ákvarðanir nefndarinnar er hægt að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um embættistakmörk yfirvalda og ef tjónþoli á lögvarða kröfu til bóta getur hann borið málið í heild undir dómstóla.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að þegar umsækjandi hefur gefið rangar upplýsingar eða leynt atriðum sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu bóta verði heimilt að endurkrefja hann um þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið með þeim hætti. Í 2. mgr. er lagt til að enn fremur skuli heimilt að krefja tjónþola um endurgreiðslu bóta ef hann síðar hefur fengið tjón sitt bætt með öðrum hætti. Það er ekki skilyrði samkvæmt þessari grein að umsækjandi hafi gerst sekur um refsiverðan verknað með því að gefa rangar upplýsingar eða leyna atriðum sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu bóta. Samkvæmt almennum reglum um endurkröfu á greiðslum, sem ranglega eru mótteknar, getur gáleysi verið grundvöllur endurkröfu. Það er skilyrði fyrir endurkröfu skv. 2. mgr. að viðkomandi greiðslur frá öðrum hefðu komið til frádráttar bótum skv. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu eru ekki ákvæði um skyldu tjónþola til að gefa bótanefnd upplýsingar um bætur sem hann fær síðar frá öðrum vegna tjónsins.

Um 18. gr.

Lagt er til að lögreglu skuli skylt að leiðbeina tjónþola um rétt sinn til greiðslu bóta samkvæmt ákvæðum þess. Í þessu felst m.a. að lögreglu er skylt að vekja athygli tjónþola á þeim möguleika að ríkissjóður greiði bætur og að skilyrði þess sé að hann geri kröfu um bætur á hendur tjónvaldi í refsimálinu. Er gert ráð fyrir að lögregla afhendi tjónþolum umsóknareyðublað um bætur til bótanefndar.

Um 19. gr.

Lagt er til að ríkissjóður eignist kröfu á hendur tjónvaldi að því marki sem hann greiðir bætur til tjónþola. Ákvörðun bótanefndar um greiðslu bóta til tjónþola er ekki bindandi gagnvart tjónvaldi, nema bætur hafi verið greiddar í samræmi við endanlegan dóm. Endurkrafa á hendur tjónvaldi getur aldrei orðið hærri en krafa tjónþola gagnvart honum. Hækkun bóta skv. 2. mgr. 11. gr. er þannig ekki hluti af bindandi endurkröfu á hendur tjónþola. Greiði ríkið lægri bætur til tjónþola, sbr. 7.–9. gr., en nemur kröfu hans á hendur tjónvaldi á tjónþoli áfram kröfu á tjónvald sem mismuninum nemur.

Um 20. gr.

Lagt til að ákvæði frumvarpsins öðlist gildi 1. janúar 1996. Jafnframt er lagt til að ákvæði þess gildi um tjón sem leiðir af afbrotum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar. Skilyrði frumvarpsins fyrir greiðslu bóta gilda að öllu leyti varðandi greiðslur fyrir tjón sem leiðir af afbroti sem framið var fyrir 1. janúar 1996.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er ákvæði um að umsókn um bætur skuli hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið. Hér er lögð til sú sérregla að þegar um er að ræða tjón sem leiðir af broti sem framið er fyrir 1. janúar 1996 skuli umsókn um bætur hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

Fylgiskjal I.

Fjöldi mála sem barst Rannsóknarlögreglu ríkisins árin 1993 og 1994 til rannsóknar vegna ofbeldisbrota.

Afbrot	**1993**	**1994**
Manndráp	1	0
Manndráp af gáleysi	0	1
Rán	19	29
Líkamsárás	46	65
Líkamsmeiðingar minni	24	7
Líkamsmeiðingar meiri	11	12
Líkamsmeiðingar af gáleysi	1	3
Brot gegn lífi og líkama — ýmislegt	2	2
Nauðgun	24	26
Nauðgun — tilraun	2	10
Kynferðisleg misneyting	7	11
Kynferðisleg misneyting — tilraun	3	3
Mök við yngri en 14 ára	13	17
Mök við 14–16 ára	0	3
Önnur skírlífisbrot	9	10
Sifjaspell	2	0
Önnur sifskaparbrot	1	0
Samtals	**165**	**199**

Fylgiskjal II.

Opinber mál, dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur árin 1993 og 1994, þar sem krafa var gerð um bætur fyrir líkamstjón og miska.

Mál dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur 1993.

	Hegningarlaga-brot	Krafa	Dæmd fjárhæð	Frá-vísun	Refsing
1.	1. mgr. 217. gr.	300.000	300.000		12 mánaða fangelsi
2.	1. mgr. 217. gr.	205.920		X	Ákv. refsingar frestað skilorðsb., 2 ár
3.	1. mgr. 218. gr.	680.000	150.000		45 daga varðhald skilorðsb., 3 ár
4.	1. mgr. 194. gr.	500.000	500.000		18 mánaða fangelsi
5.	1. mgr. 217. gr.	5.517	5.477		3 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
6.	1. mgr. 217. gr.	92.929	75.000		20 daga varðhld skilorðsb., 3 ár
7.	1. mgr. 218. gr.	647.601		X	60 daga varðhald skilorðsb., 2 ár
8.	1. mgr. 218. gr.	770.050	409.385		2 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
9.	1. mgr. 217. gr.	20.000	20.000		3 mánaða varðhald
10.	1. mgr. 217. gr.	198.370		X	Ákv. refsingar frestað skilorðsb., 2 ár
11.	1. mgr. 217. gr.	200.000	50.000		60 daga fangelsi skilorðsb., 2 ár
12.	1. mgr. 218. gr.	328.600	28.600		2 mánaða fangelsi skilorðsb., 2 ár
13.	1. mgr. 218. gr.	151.800	101.800		3 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
14.	1. mgr. 218. gr.	44.325	44.325		30 daga fangelsi skilorðsb., 2 ár
15.	1. mgr. 218. gr.	129.215	46.215		Ákv. refsingar frestað skilorðsb., 2 ár
16.	1. mgr. 218. gr.	672.264	110.327		Ákv. refsingar frestað skilorðsb., 2 ár
17.	1. mgr. 218. gr.	296.305	176.305		2 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
18.	1. mgr. 217. gr.	347.000	150.000		6 mánaða fangelsi
19.	1. mgr. 218. gr.	835.000	835.000		7 mánaða fangelsi (hegningarauki)
20.	1. mgr. 194. gr.	750.000	250.000		12 mánaða fangelsi
21.	1. mgr. 218. gr.	462.098	384.675		45 daga fangelsi
22.	1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 218 gr.	177.920	26.000		45 daga varðhald skilorðsb., 3 ár

23.	1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 218. gr.	230.753	134.300		3 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
24.	1. mgr. 217. gr.	10.000		X	50.000 kr. sekt
25.	194., 194. gr., sbr. 20. gr., 1. mgr. 218. gr.	750.000	600.000		12 mánaða fangelsi
26.	1. mgr. 194. gr.	900.000	80.000		90 daga varðhald skilorðsb., 3 ár
27.	1. mgr. 217. gr	841.200		X	50.000 kr. sekt
28.	1. mgr. 218. gr	1.045.720		X	Sýkna
29.	1. mgr. 218. gr., 1. mgr. 217. gr.	297.263 136.646 91.655 91.655 105.000	180.000 136.641 105. 000	 X X 	5 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár 2 mánaða fangelsi 60 daga varðhald skilorðsb., 2 ár
30.	1. mgr. 217. gr.	167.400	50.000		Ákv. refsingar frestað skilorðsb., 2 ár
31.	1. mgr. 217. gr.			Fallið frá kröfu	50.000 kr. sekt
32.	1. mgr. 218. gr.	500.000		X	45 daga varðhald skilorðasb., 3 ár
33.	1. mgr. 218. gr.	12.388	12.388		20.000 kr. sekt
34.	1. mgr. 218. gr.	735.335	120.600		60 daga varðhald skilorðsb., 3 ár
35.	1. mgr. 218. gr .	1.000.000		X	3 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
36.	194., 196. gr.	1.500.000		X	7.000 kr. sekt
37.	211. gr.	1.090.081	309.000		2 ár og 6 mánaða fangelsi
38.	1. mgr. 217. gr.	60.000		X	Sakfelling, en ekki sérstök refsing
39.	194. gr.	1.295.778	540.000		18 mánaða fangelsi
40.	1. mgr. 217. gr.	47.605	47.605		25.000 kr. sekt
41.	1. mgr. 217.gr.	264.257	72.000		40 daga varðhald skilorðsb., 3 ár
42.	194. gr.	800.000		X	Sýkna
43.	1. mgr. 218. gr.	191.145	96.000		60 daga varðhald
44.	1. mgr. 218. gr.	199.944	70.000		5 ára fangelsi skilorðsb., 2 ár
45.	1. mgr. 217. gr.	500.000 243.770		X	Sýkna

46.	1. mgr. 217. gr.	200.000	30.000		20 daga varðhald skilorðsb., 2 ár, og 35.000 kr. sekt
47.	1. mgr. 218. gr.	251.010		X	45 daga varðhald
48.	1. mgr. 217. gr.	305.530	33.530		6 mánaða fangelsi 4 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
		21.679.049	**6.175.278**		

Mál dæmd 1994.

	Hegningarlaga-brot	**Krafa**	**Dæmd fjárhæð**	**Frá-vísun**	**Refsing**
1.	196. gr.	300.000	150.000		6 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
2.	1. mgr. 217. gr.	15.945	15.945		30 daga fangelsi
3.	1. mgr. 217. gr	128.173	54.668		30 daga varðhald skilorðsb., 2 ár
4.	1. mgr. 217. gr	51.050	51.050		30 daga varðhald skilorðsb., 2 ár
5.	1. mgr. 217. gr	89.993	54.993		40.000 kr. sekt
6.	1. mgr. 218. gr.	392.631		Fallið frá kröfu	4 mánaða varðhald, þar af 2 mánuðir skilorðsb., 2 ár
7.	1. mgr. 217. gr.	313.630 63.240	83.130 63.240		3 mánaða varðhald, sýkna
8.	1. mgr. 217. gr.	35.700		X	Sýkna
9.	1. mgr. 218. gr.	120.175	58.675		30 daga varðhald skilorðsb., 3 ár
10.	1. mgr. 218. gr.	221.125	110.000		20 daga varðhald skilorðsb., 2 ár
11.	1. mgr. 218. gr.	305.920	200.000		3 mánaða fangelsi, þar af 2 mánuðir skilorðsb., 3 ár
12.	196. gr.	1.500.000		X	Sýkna
13.	1. mgr. 217. gr.	27.220		X	Sýkna
14.	2. mgr. 218. gr.	277.332	130.000		8 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
15.	2. mgr. 201. gr.	500.000	300.000		8 mánaða fangelsi
16.	2. mgr. 218. gr.	3.057.471	2.633.431		3 mánaða fangelsi, þar af 2 mánuðir skilorðsb., 3 ár
17.	1. mgr. 194. gr.	375.000	300.000		15 mánaða fangelsi
18.	1. mgr. 218. gr.	1.153.860	187.210		45 daga varðhald skilorðsb., 2 ár

19.	1. mgr. 218. gr.	248.027	30.000		Ákv. refsingar frestað skilorðsb., 2 ár
20.	209. gr.	200.000	200.000		9 mánaða fangelsi skilorðsb., 3 ár
21.	1. mgr. 217. gr.	461.608	64.717		50.000 kr. sekt
22.	1. mgr. 217. gr.	59.545 2.248	Gert upp í máli 2.248		45 daga varðhald skilorðsb., 2 ár
23.	1. mgr. 217. gr.	320.000		X	3 mánaða varðhald skilorðsb., 3 ár
25.	1. mgr. 218. gr.	50.000	40.000		30 daga varðhald skilorðsb., 2 ár
26.	194. gr.	505.000	305.000		12 mánaða fangelsi, þar af 10 mánuðir skilorðsb., 3 ár
27.	1. mgr. 218. gr.	59.016	39.016		20 daga varðhald skilorðsb., 3 ár
28.	1. mgr. 217. gr.	203.600		X	Sýkna
29.	1. mgr. 218. gr. 1. mgr. 217. gr.	523.000 273.000	150.000	X	60 daga varðhald skilorðsb., 1 ár
30.	1. mgr. 217. gr.	97.478	2.500		Refsing fellur niður
		11.930.987	**5.225.823**		

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Tilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu brotaþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum, svo og fyrir tjón á munum sem leiðir af slíku broti, enda sé viðkomandi vistaður á stofnun ríkisins vegna afbrots eða gegn vilja sínum.

Það er mat fjármálaráðuneytisins að frumvarpið feli í sér 20–50 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á ári hverju verði það að lögum. Er þá miðað við niðurstöður úr dómum á undanförnum árum og jafnframt tekið tillit til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um tjón þegar um er að ræða mjög alvarleg líkamsárásir, en ætla má að hér sé um verulegar fjárhæðir að ræða. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður við bótanefnd, sem mun annast umsjón með framkvæmd laganna, nemi 2–4 millj. kr. á ári hverju.

Athygli er vakin á því að frumvarpið gildir um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar. Þannig mun kostnaðarauki á fyrsta ári taka til uppsafnaðra bóta þriggja ára.

660. Svar [101. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar og Svavars Gestssonar um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum.

1. *Hvað hefur ráðherra gert til að framfylgja samþykkt Alþingis frá 18. mars 1991 um skattalega meðferð á lífeyrissparnaði?*

Vísað er til ályktunar Alþingis frá 1991 þess efnis að gerð verði könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúnar nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu.

Skattaleg meðferð lífeyrissparnaðar hefur á því tímabili, sem vitnað er til, verið til margvíslegrar athugunar í fjármálaráðuneytinu. Má m.a. nefna að í skýrslu nefndar, sem fjallaði um samræmda skattlagningu eigna og eignatekna, er fjallað um mál þetta og eins hefur verið fjallað um það í tengslum við undirbúning löggjafar um lífeyrismál. Munnlegri fyrirspurn um þetta efni var svarað á síðasta þingi. Í athugunum þessum hefur m.a. verið bent á að mismunur á meðferð lífeyrissparnaðar og annars sparnaðar liggur fyrst og fremst í því að vaxtatekjur eru skattfrjálsar og verði ekki afnumið fyrr en með almennri skattlagningu þeirra. Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin lýst yfir vilja sínum til að undirbúa slíka skattlagningu og koma henni á í ársbyrjun 1996.

2. *Hvaða áhrif hefði það að mati ráðherra á tekjur ríkissjóðs ef afnumin væri tvísköttun af lífeyrisgreiðslum?*

Staðhæfing um tvísköttun af lífeyrisgreiðslum er byggð á fremur óljósum forsendum og ekki unnt að gefa einfalt svar við spurningu sem þessari. Meðfylgjandi greinargerð er um iðgjöld og lífeyrisgreiðslur og áhrif þeirra á skatta.

Tvísköttun lífeyrissparnaðar.

1. Inngangur — almenn atriði.

Þær breytingar, sem gerðar voru á tekjuskattslögunum 1988 vegna upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda, höfðu tvö meginmarkmið. Annars vegar var að hafa skattareglur þannig að með einföldu staðgreiðslukerfi mætti nálgast endanlega skattlagningu sem mest. Hins vegar var miðað við að halda skattbyrði sem næst óbreyttri.

Í því kerfi sem fyrir var voru þrjú skattþrep og heimilaður var frádráttur frá skattskyldum tekjum af ýmsum ástæðum. Stærsti frádráttarliðurinn og sá algengasti var að draga frá 10% af tekjum ef sérgreindir frádráttarliðir samanlagðir náðu ekki því marki og kom þá sá frádráttur í stað þeirra. Þessi regla var ráðandi hjá nálægt ¾ skattgreiðenda þannig að sérgreindur frádráttur hafði ekki áhrif þar sem þessir liðir náðu ekki því að vera 10% tekna. Helstu sérgreindu frádráttarliðirnir voru iðgjöld til lífeyrissjóða og vextir og verðbætur af lánum til húsnæðiskaupa. Auk þess voru ýmsir frádráttarliðir, svo sem akstur á eigin bifreið til vinnu, félagsgjöld til stéttarfélaga, eftirstöðvar námskostnaðar o.fl.

Megintilgangur tekjuskattlagningar eins og flestrar annarrar skattlagningar er að afla fjár fyrir sameiginlegum útgjöldum. Hjá öllum ríkjum hefur þótt rétt að láta þessa tekjuöflun að einhverju leyti ráðast af greiðslugetu skattborgaranna. Er greiðslugetan yfirleitt metin á grundvelli tekna viðkomandi en einnig er algengt að tekið sé tillit til einstakra hlutlægra aðstæðna svo sem fjölskyldustærðar og húsnæðisþarfa. Tillit til greiðslugetu í tekjuskattskerfinu kemur yfirleitt fram í hækkandi skattstiga, almennum frádrætti frá tekj-

um eða almennum skattafslætti en önnur framangreind viðhorf birtast í sérgreindum frádráttarliðum, sérgreindum skattafslætti eða bótagreiðslum.

Reglur íslensku skattalaganna — bæði stígandi skatthlutföll og frádráttur frá tekjum af ýmsum ástæðum – voru á sínum tíma settar til að taka tillit til greiðslugetu borgaranna og til að þjóna sérstökum sjónarmiðum í húsnæðismálum, lífeyrismálum o.fl. Við undirbúning staðgreiðslunnar sýndi sig að árangur þessara ráðstafana var ekki að öllu leyti sá sem að var stefnt og unnt væri að ná sömu markmiðum með einfaldari og markvissari hætti. Ástæðan var fyrst og fremst sú að þær skattlagningarreglur, sem voru notaðar, voru í ósamræmi innbyrðis og unnu stundum hver gegn annarri með tilliti til þeirra markmiða, sem að var stefnt. Stighækkandi skattstigi átti að skapa stíganda í skattlagningu og láta skatta taka mið af greiðslugetu en frádráttarreglurnar, bæði 10% reglan og sérgreindu frádráttarliðirnir, drógu úr stíganda skattsins.

Sú athugun sem gerð var á þessum tíma leiddi í ljós að unnt var að laga álagningarkerfið þannig að það hentaði einfaldri staðgreiðslu og um leið að styrkja tengsl skattlagningar við greiðslugetu og gera nálgun að sérgreindum markmiðum skilvirkari en áður var. Þetta náðist með því að hafa aðeins eitt skatthlutfall en breyta jafnframt hlutfallslegum frádrætti í fastan persónuafslátt og að færa sérstaka þætti eins og aðstoð við húsbyggjendur og barnafjölskyldur úr frádráttarformi í bætur.

2. Eru lífeyrisgreiðslur tvískattaðar?

Á síðustu missirum hafa heyrst raddir þess efnis að það hafi verið mistök á sínum tíma að fella niður frádráttarbærni iðgjalda til lífeyrissjóða. Með því hafi tvísköttun lífeyrisgreiðslna hafist því að frádráttur iðgjalda sé nauðsynlegur til að koma í veg fyrir tvísköttun þar sem lífeyrir úr lífeyrissjóðum er skattlagður við útborgun. Hefur því m.a. verið haldið fram að frádráttur iðgjalda hafi verið meiri en svo að hann hafi að fullu verið bættur með persónuafslættinum. Í þessari umræðu hefur ekki verið hugað að öðrum áhrifum slíkra breytinga, svo sem áhrifum á tekjudreifingu eða skattbyrði eftir tekjum eða á framkvæmd staðgreiðslu.

Við upptöku staðgreiðslunnar 1988 var ekki staðið þannig að málum að einstakir frádráttarliðir hafi verið yfirfærðir í persónuafsláttinn með tiltekinni fjárhæð. Breytingin var margþættari og flóknari en svo, m.a. vegna þess að ákveðnir frádráttarliðir voru færðir í form bóta svo sem vaxtafrádráttur vegna húsnæðisöflunar. Breytingarnar í heild voru hins vegar miðaðar við það að heildarálagningin yrði svipuð og verið hafði og viðmiðun við greiðslugetu yrði skilvirkari en áður. Persónuafslátturinn og lægra skatthlutfall í hinu nýja kerfi skilaði skattborgurum þannig fyllilega því sem frádráttarreglurnar höfðu áður gert.

3. Skattgreiðslur af iðgjöldum og lífeyri.

Samkvæmt gildandi skattareglum eru iðgjöld launþega ekki frádráttarbær frá tekjum við útreikning á tekjuskatti þeirra. Þær tekjur sem iðgjöldin reiknast af mynda skattstofn. Vextir hjá lífeyrissjóðunum eru skattfrjálsir. Lífeyrir sem greiddur er úr lífeyrissjóðum myndar skattstofn. Sé litið nánar á fjárhæðir greiðslna inn og út úr lífeyrissjóðum og skattlagningu þeirra er þeim þannig háttað:

Á árinu 1993 voru iðgjöld launþega til lífeyrissjóða um 6,7 milljarðar kr.[1] Nokkur hluti iðgjaldanna er vegna launa þeirra sem eru neðan skattleysismarka. Um helmingur framteljenda er neðan skattleysismarka og greiðir því hvorki tekjuskatt né útsvar. Þessir framteljendur greiddu tæplega 20% iðgjaldanna en um 5,5 milljarða kr. iðgjöld komu frá öðrum og höfðu því myndað stofn til álagningar á sköttum. Álagður tekjuskattur á þá nam um 1,8 milljörðum kr. og álagt útsvar rúmlega 400 millj. kr. og tekjuskattar því alls um 2,2 milljörðum kr.[2]

Iðgjöld launagreiðenda til lífeyrissjóða á árinu 1993 voru um 10 milljarðar kr.[3] Þessi iðgjöld eru frádráttarbær sem rekstrarkostnaður hjá launagreiðendum en eru ekki talin til tekna hjá viðkomandi launþega. Hjá sjálfstætt starfandi mönnum er þessi hluti iðgjalda ekki frádráttarbær.

Ávöxtun hjá lífeyrissjóðunum, þ.e. vaxtatekjur þeirra, er ekki skattskyld hjá sjóðunum. Vaxtatekjur lífeyrissjóðanna á árinu 1993 voru um 13 milljarðar kr. eftir leiðréttingu vegna verðlagsbreytinga.[4]

Tekjur lífeyrissjóðanna af iðgjöldum og vöxtum á árinu 1993 voru þannig alls um 30 milljarðar kr. Þar af voru um 6,6 milljarðar kr. eða um 22% tekjur sem verið höfðu skattskyldar. Með tilliti til lágs aldurs flestra sjóðanna mun hlutfall iðgjalda af heildartekjum þeirra fara lækkandi með tímanum og verður því lægra sem sjóðstíminn hefur verið lengri þegar til útborgunar kemur. Má gera ráð fyrir að hjá lífeyrisþegum, sem greitt hafa í 35 ár eða lengur í lífeyrissjóð, séu um 15% af því fé sem til útborgunar kemur iðgjöld sem áður hafa myndað skattstofn en 85% séu iðgjöld og vaxtatekjur sem ekki hafa áður borið skatt.

Lífeyrir, sem lífeyrissjóðir greiða, myndar skattstofn eins og aðrar tekjur. Samkvæmt framtali fyrir árið 1993 var greiddur lífeyrir um 8,7 milljarðar kr.[5] Þegar til þess er litið að iðgjaldahluti launagreiðanda myndar ekki skattstofn og að vaxtatekjur sjóðanna eru skattfrjálsar má, sbr. framangreint, gera ráð fyrir að einungis um 15% af lífeyrisgreiðslunum hafi áður myndað skattstofn og enn minni hluti hafi í reynd leitt til skattgreiðslu vegna skattleysismarkanna. Þá er þess að gæta að nokkuð stór hluti lífeyrisgreiðslna lendir neðan skattleysismarka hjá viðtakendum þeirra og valda því ekki skattgreiðslum. Miðað við þetta má áætla að skattur til ríkisins af þeim lífeyri sem er endurgreiðsla á iðgjaldi launþega sé um 175 millj. kr. og útsvar af honum um 120 millj. kr.[6] Nokkur hluti af þessu útsvari greiðist með persónuafslætti sem annars mundi ekki nýtast. Til greiðslu hjá lífeyrisþegum kunna því að koma 200 til 250 millj. kr.

---

[1] Upplýsingar úr skattframtölum fyrir árið 1993.

[2] Álagning 1994 endurreiknuð miðað við að iðgjöld til lífeyrissjóða væru frádráttarbær.

[3] Miðað er við skattframtöl og að iðgjöld launagreiðenda og launþega séu í hlutfallinu 60:40.

[4] Skýrsla Seðlabanka Íslands um ársreikninga lífeyrissjóða 1993.

[5] Samkvæmt skýrslu Seðlabanka Íslands er greiddur lífeyrir talinn nokkuð lægri eða um 8 milljarðar kr. Misræmið kann að stafa af ónákvæmni í framtölum þannig að lífeyrir almannatrygginga sé ranglega talinn tilheyra lífeyrissjóði.

[6] Áætlað á grundvelli álagningar á tekjur ársins 1993 með því að undanþiggja skatti 15% lífeyris frá lífeyrissjóðum.

Framangreint sýnir að jafnvel þótt svo væri litið á að enginn frádráttur vegna iðgjalda til lífeyrissjóða sé til staðar þá er raunveruleg tvísköttun lífeyrissparnaðar ekki veruleg. Sé talið nauðsynlegt að draga úr þessari meintu tvísköttun eða afnema hana þarf að vega og meta þær ráðstafanir sem gripið yrði til með tilliti til þess hversu stórt þetta vandamál er í raun og veru og þeirra áhrifa, sem þær ráðstafanir kynnu að hafa á skattkerfið og skattlagningu að öðru leyti.

4. Frádráttur iðgjalda til lífeyrissjóða.

Til þess að ráða bót á meintri tvísköttun iðgjalda og lífeyris hefur helst verið bent á þá leið að gera iðgjöld til lífeyrissjóða frádráttarbær. Sé ekki annað gert en að heimila frádrátt iðgjalda frá tekjuskattsstofni er ljóst að áhrif þess á tekjur ríkissjóðs yrðu langt umfram það að aflétta tvísköttun og áhrif þess á dreifingu skattbyrði yrðu veruleg og framkvæmd staðgreiðslu yrði flóknari en nú er.

Eins og fram hefur komið eru iðgjöld launþega til lífeyrissjóða um 6,7 milljarðar kr. Frádráttarbærni iðgjalda, án annarra ráðstafana, mundi eins og sýnt var fram á leiða til lækkunar á skatttekjum um u.þ.b. 2,2 milljarða kr. Samanborið við áætlaða tvísköttun hér að framan um 250 millj. kr. er þessi leið nokkuð róttæk.

Afnámi tvísköttunar með því að gera iðgjöld frádráttarbær yrði að fylgja lækkun persónuafsláttar, hækkun skatthlutfallsins eða önnur jafngild tekjuöflun, t.d. hækkun tryggingagjaldsins.

5. Frádráttur hluta af lífeyri.

Fram hefur komið að frádráttur iðgjalda frá skattstofni veldur ríkissjóði langtum meira tekjutapi en svarar til meintrar tvísköttunar. Af þessari ástæðu var á sl. hausti leitað annarra leiða í þessu efni. Í stað frádráttar iðgjalda var ákveðið að undanþiggja skatti þann hluta lífeyris sem áður hefur myndað skattstofn. Sé tvísköttun á annað borð fyrir hendi nær þetta því marki að afétta henni.

Bent hefur verið á að iðgjöld launþega eru að jafnaði nálægt 15% af þeim lífeyri sem greiddur er úr lífeyrissjóði. Með því að undanþiggja þetta hlutfall lífeyris skattlagningu er komið í veg fyrir tvísköttun. Áhrif þessarar aðferðar á tekjur ríkissjóðs eru langtum minni en áhrifin af frádrætti iðgjalda og áhrifin á skattlagningu og dreifingu skattbyrði allt önnur en áhrifin af frádrættinum.

Eftirfarandi tafla sýnir þá breytingu sem orðið hefði á álagningu tekjuskatta á árinu 1994 ef 15% lífeyris úr lífeyrissjóðum hefðu verið undanþegnar við skattlagningu þá. Áhrif þessarar aðferðar á tekjur ríkis og sveitarfélaga eru svipuð þeirri tvísköttun sem telja má að sé til staðar ef svo er litið á að frádráttur iðgjalda sé ekki innifalinn í persónuafslættinum. Dreifing þessarar lækkunar á tekjuhópa er sýnd í töflunni hér á eftir.

Árstekjur Þús. kr.	Fjöldi gjaldenda	Tekjusk. nú m.kr.	Tekjusk. með 15% frádr. m.kr.	Lækkun skatta m.kr.
Allt að 1.250	0	0	0	0
1.250–2.000	7.987	2.459	2.397	63
2.000–3.000	17.150	7.694	7.634	59
3.000–4.000	10.670	8.409	8.385	24
4.000–5.000	4.961	5.657	5.649	8
yfir 5.000	3.976	7.726	7.716	10
Samtals	**44.744**	**31.945**	**31.781**	**164**

Heildarlækkun skatta verður hér 164 millj. kr. hjá hjónum. Með sömu aðferð lækka skattar á einhleypinga um 74 millj. kr., þ.e. samtals um 238 millj. kr. Í eftirfarandi töflu sést hvernig lækkunin skiptist á tekjuhópa hjóna. Skiptingin er reiknuð út frá hlutfalli lífeyrisþega í hverjum hóp. Einnig er reiknuð meðallækkun skatta hjá þeim hjónum sem fá greitt úr lífeyrissjóði.

Árstekjur þús. kr.	Fjöldi lífeyris-þega	Lækkun skatta þús. kr.	Lækkun meðaltal á hjón kr.	Lækkun, hlutfall af heild
Allt að 1.250	1.642	0	0	0
1.250–2.000	4.385	63	14.255	38
2.000–3.000	2.233	59	26.628	36
3.000–4.000	692	24	34.349	15
4.000–5.000	247	8	31.044	5
yfir 5.000	211	10	47.357	6
Samtals	**9.410**	**164**	**17.369**	**100**

Hér er aðeins verið að lækka skatt á lífeyrisþegum. Hjá hjónum fá þeir sem eru með undir 2 millj. kr. í árstekjur 38% lækkunarinnar, og 74% lækkunarinnar lenda hjá hjónum með undir 3 millj. kr.

Lækkun skatta að meðaltali fer að sjálfsögðu vaxandi með hækkandi tekjum en mismunur milli tekjuhópa lífeyrisþega er þó minni en þegar um var að ræða 4% frádrátt iðgjalda hjá launþegum. Ástæðan er sú að í efri tekjuflokkunum er lífeyrir oft tiltölulega lítill hluti tekna lífeyrisþega.

Aðferð þessa, sem leið til að létta af tvísköttun, má gagnrýna með þeim rökum að hún létti einnig sköttum af þeim sem ávinna sér lífeyri án þess að hafa greitt tilsvarandi iðgjöld. Við því mætti bregðast að nokkru leyti með því að setja hámark á þá fjárhæð sem til frádráttar getur komið.

Í þeim athugunum, sem framangreindar niðurstöður byggja á, er eingöngu miðað við áhrif á skattlagningu launatekna. Sé litið til annarra tekna en launatekna er ljóst að með frádrætti, sem miðast við hundraðshluta af launatekjum, verður skattlagning þeirra léttari en annarra tekna.

Lokaorð.

Hér að framan hafa verið dregin saman nokkur meginatriði í því efni hvort um sé að ræða tvísköttun á lífeyrissparnaði og hvaða áhrif yrðu af því að afnema hana að því marki sem hún telst vera fyrir hendi. Helstu niðurstöður eru þessar.

— Ekki er unnt að styðja það með rökum að með upptöku staðgreiðslu hafi frádráttur iðgjalda verið felldur niður og tvísköttun hafist.
— Mjög vafasamt er að fullyrða að lífeyrissparnaður sé tvískattaður. Jafnvel þótt svo yrði litið á er tvísköttun óveruleg eða um 250 millj. kr. á ári.
— Frádráttur iðgjalda hefði um 2,2 milljarða kr. tekjutap ríkisins í för með sér.
— Frádráttur hluta lífeyris eins og tekinn var upp um síðustu áramót eru rökréttari viðbrögð við meintri tvísköttun en frádráttur iðgjaldanna.

661. Tillaga til þingsályktunar [412. mál]

um aðgerðir í landbúnaðarmálum og úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu landbúnaðar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ragnar Arnalds, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra í samráði við nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka að grípa til eftirfarandi ráðstafana í málefnum landbúnaðarins:

1. Gera áætlun um hvernig staðið verði að málefnum landbúnaðarins og eflingu byggðar í sveitum það sem eftir lifir gildistíma búvörusamningsins. Markmiðið verði að tryggja að við lok gildistíma samningsins hafi að fullu verið staðið við ákvæði viðauka og bókana sem honum fylgja.
2. Gera tillögur um sérstakan stuðning við hefðbundnar búgreinar, einkum sauðfjárrækt, vegna erfiðleika í aðlögun að markaðsaðstæðum. Ráðstafað verði a.m.k. hliðstæðum fjármunum í þessu skyni og ríkið hefur sparað og mundi spara sökum minni sölu innan lands en forsendur búvörusamnings gerðu ráð fyrir. Verði þessum fjármunum varið til að bæta stöðu þeirra bænda sem fyrir mestum tekjusamdrætti hafa orðið til þess að kosta útflutningsátak á hágæðavörum á þá markaði sem best borga og til fleiri nýsköpunarverkefna.
3. Hlutast til um ítarlega úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu landbúnaðarins í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa gerst aðilar að síðan búvörusamningurinn var gerður. Á grundvelli þeirrar úttektar verði síðan gerðar tillögur um jöfnun samkeppnisskilyrða.
4. Hefja undirbúning að mótun landbúnaðarstefnu til næstu ára, sbr. ákvæði 10. gr. í gildandi búvörusamningi, og taka upp viðræður við bændasamtökin um þessi mál.

Landbúnaðarráðherra og nefnd þingflokkanna skulu sameiginlega skila Alþingi skýrslu um framangreind atriði og stöðu landbúnaðarins almennt ásamt tillögum eigi síðar en 15. október næstkomandi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í framhaldi af beiðni Alþýðubandalagsins um skýrslu frá landbúnaðarráðherra um framkvæmd búvörusamnings sem lögð var fram fyrr á þessu þingi og er 95. mál þingsins á þskj. 97.

Landbúnaðarráðherra skilaði skýrslu nú fyrir skemmstu og var hún unnin fyrir ráðuneytið af framkvæmdanefnd búvörusamninga. Í svari ráðherra við skýrslubeiðni þingflokks Alþýðubandalagsins kemur skýrt fram að verulega vantar upp á að staðið hafi verið við öll ákvæði búvörusamningsins og einnig kemur þar fram að forsendur eru að nokkru leyti breyttar frá því sem gert var ráð fyrir þegar búvörusamningur var undirritaður 11. mars 1991. Í framhaldi af áðurnefndri skýrslu og umræðum um hana hafa því þingmenn Alþýðubandalagsins ákveðið að leggja fram tillögu þessa.

Ljóst er að aðlögun sú að breyttum markaðsaðstæðum og starfskilyrðum, sem núgildandi búvörusamningur gerir ráð fyrir, hefur að ýmsu leyti reynst erfiðari en vonir stóðu til, einkanlega í sauðfjárræktinni. Kemur þar ekki síst til að versnandi atvinnuástand og þrengri atvinnumöguleikar hafa gert bændum erfiðara um vik en ella að hasla sér völl í

öðrum greinum. Kaupmáttur hefur fallið og neysla dregist saman í þjóðfélaginu og hefur það eins og jafnan endranær haft óhagstæð áhrif á sölu innlendrar búvöru. Neyslan hefur því dregist meira saman en áætlanir, sem lagðar voru til grundvallar búvörusamningnum, gerðu ráð fyrir. Allt hefur þetta skapað bændum og byggð í sveitum mikla erfiðleika.

Við þetta bætast beinar vanefndir, enn sem komið er, á ýmsum stuðningsþáttum búvörusamningsins, svo sem framlögum ríkissjóðs til Byggðastofnunar vegna annarar atvinnuuppbyggingar í sveitum og algerum vanefndum á því stórátaki í landgræðslu og skógrækt sem bókanir með búvörusamningnum gerðu ráð fyrir að ráðist yrði í og bændur hefðu forgang til. Að þessu öllu samanlögðu er ekki á góðu von, enda flestum ljóst að við gríðarlega erfiðleika er að etja hjá fjölmörgum bændafjölskyldum.

Fyrsti liður tillögunnar gerir ráð fyrir að gerð verði um það áætlun hvernig tryggja megi með stórauknum framlögum að þrátt fyrir vanefndir á fyrri hluta samningstímans takist að vinna þær upp og tryggja að þegar upp verði staðið hafi ríkið staðið við sitt. Til þess þarf m.a. að verja það sem eftir lifir samningstímans rúmum 300 millj. kr. til Byggðastofnunar og rúmum 2 milljörðum kr. aukalega til landgræðslu og skógræktar og hafi bændur forgang til þeirra starfa sem við þetta skapast.

Annar af fjórum liðum tillögunnar gengur út á að breyttum forsendum varðandi innanlandsmarkað og aðlögun að honum verði mætt sérstaklega með fjárstuðningi og þá haft í huga að a.m.k. sambærilegum fjármunum og ríkið hefur sparað, sökum minni sölu innan lands en forsendur búvörusamnings gerðu ráð fyrir, verði varið til þeirra verkefna. Ljóst er að mun minni sala innan lands á kindakjöti en búvörusamningurinn gerði ráð fyrir hefur þýtt umtalsverðan sparnað fyrir ríkið í formi minni beingreiðslna.

Haldi salan áfram að dragast saman, sbr. nýlega spá Framleiðsluráðs landbúnaðarins, mun enn draga í sundur með áætluninni sem lögð var til grundvallar samningnum og raunverulegum útgjöldum ríkissjóðs. Í töflu, sem fylgir greinargerðinni, er gerð tilraun til að meta þann viðbótarsparnað sem líklegt er að ríkið fái í sinn hlut vegna minni sölu kindakjöts innan lands en búvörusamningurinn gerði ráð fyrir. Í ljós kemur að viðbótarsparnaður ríkisins stefnir í rúmar 900 millj. kr. (920) á verðlagi samningsins, þ.e. fast að 1 milljarði á gildandi verðlagi. Enn meira vantar upp á að bændur hafi fengið í sinn hlut út úr beingreiðslunum það sem áætlað var eða 1.150 millj. kr. á verðlagi samningsins, þ.e. rúmlega 1.200 millj. kr. á gildandi verðlagi. Stafar þetta af því að hluti beingreiðslnanna hefur verið tekinn til markaðsaðgerða í stað þess að hann gengi beint til bænda. Ljóst er að innanlandssala sem nemur allt niður í 7.000 tonn í stað þeirra 8.600 sem búvörusamningurinn gerði ráð fyrir þýðir að óbreyttu umtalsverðan sparnað fyrir ríkið í beingreiðslum. Það hlýtur að teljast sanngjarnt í ljósi mikilla erfiðleika sauðfjárræktarinnar sem atvinnugreinar og þeirra sem á henni byggja að þessum fjármunum verði þá í staðinn varið til þess að bæta stöðu þeirra bænda sem fyrir mestum tekjusamdrætti hafa orðið og til útflutnings- og þróunarverkefna.

Einnig er ljóst og óumdeilanlegt að samningurinn í heild sinni sparar nú ríkissjóði miklar fjárhæðir á hverju ári svo nemur 3–4 milljörðum kr. miðað við útgjöld eins og þau voru á árunum fyrir gerð núgildandi búvörusamnings. Munar þar mestu um að útflutningsuppbætur heyra nú sögunni til og minna framleiðslumagn er nú niðurgreitt en áður. Kostnaðurinn, sem því er samfara fyrir ríkið að standa að fullu við ákvæði viðauka og bókana samningsins, er því ekki nema sem svarar sparnaði ríkissjóðs á hverjum 7–10 mánuðum, þ.e. 2–2½ milljarður kr., en það er sú upphæð sem vanefndir ríkisins stefna í að óbreyttu.

Tillagan gerir í *þriðja* lagi ráð fyrir að landbúnaðarráðherra í samráði við nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka, sbr. 1. mgr., hlutist til um að fram fari ítarleg úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu landbúnaðarins í ljósi breyttra aðstæðna. Er þar ekki síst átt við þá alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið á þessu kjörtímabili og óumdeilanlega koma til með að hafa áhrif á aðstöðu innlendrar framleiðslu á komandi árum.

Íslendingar hafa nú að hluta til með landbúnaðarákvæðum í tengslum við EES-samninginn og síðan með aðild sinni að Úrúgvæ-niðurstöðu GATT-samninganna afsalað sér rétti til að stjórna innflutningi búvara með beinum magntakmörkunum og auk þess skuldbundið sig til að leyfa hér ákveðinn lágmarksmarkaðsaðgang niðurgreiddra búvara. Af þessum sökum er enn mikilvægara en ella að samkeppnisskilyrði greinarinnar verði jöfnuð og ekki halli á íslenskan landbúnað í því efni. Einnig er ljóst að eigi greinin að eiga sér raunhæfa möguleika til að keppa á erlendum mörkuðum verða að liggja til grundvallar sambærileg starfsskilyrði og samkeppnisstaða hvað markaðsvernd og útflutningsstuðning snertir.

Í raun er landbúnaðurinn að ganga inn í samkeppnisumhverfi sambærilegt við það sem til að mynda skipasmíðaiðnaðurinn hefur lengi glímt við, en þar hefur eins og kunnugt er lengi tíðkast ríkisstuðningur og niðurgreiðslur í nágrannalöndunum sem innlend framleiðsla hefur orðið að keppa við.

Brýnt er að gerð verði vönduð úttekt á þessu breytta starfsumhverfi landbúnaðarins og á grundvelli hennar tillögur um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að ekki halli á innlenda framleiðslu í þessu efni.

Minna má á í þessu sambandi ákvæði 9. gr. búvörusamningsins, en þar er sérstaklega tekið fram að forsenda samningsins sé að reglum verði ekki breytt eða ákvarðanir teknar um innflutning búfjárafurða þannig að teflt verði í tvísýnu því jafnvægi og þeim árangri sem að er stefnt. Þar er að sjálfsögðu átt við það jafnvægi milli innlendrar eftirspurnar og framleiðslu sem búvörusamningurinn grundvallast á.

Í *fjórða* og síðasta lagi gerir tillagan ráð fyrir að hafinn verði undirbúningur að mótun landbúnaðarstefnu til næstu ára. Má í því sambandi minna á að í 10. gr. samningsins er gert ráð fyrir að gera skuli úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans að fjórum árum liðnum og síðan skuli hefja viðræður um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði. Því er ekki seinna vænna að hefja nú undirbúning að þessu starfi og þó fyrr hefði verið því að ljóst er að nú þegar eru að nokkru leyti breyttar forsendur, bæði vegna áðurnefndra alþjóðasamninga sem áhrif hafa á grundvöll innlendrar búvöruframleiðslu en einnig vegna þess að aðstæður hafa þróast með öðrum hætti en ráð var fyrir gert og samdráttur í neyslu hefur orðið meiri en grundvöllur samningsins gerði ráð fyrir.

Það er því ekki seinna vænna að þessi vinna hefjist nú enda komið að lokum þessa kjörtímabils. Rétt þótti að leggja til þá tilhögun að landbúnaðarráðherra yrði falið að hafa forustu fyrir þessu starfi í samráði við nefnd sem skipuð verði fulltrúum allra þingflokka og komið verði á fót í þessu skyni. Er það gert sökum þess að komið er að lokum kjörtímabils, eins og áður sagði, og því mundi ella ríkja nokkur óvissa um hverjir færu með forræði í þessum málum strax að fáum mánuðum liðnum og eins þess að nauðsyn er að reyna að hefja þessi afdrifaríku mál upp yfir flokkadrætti eins og kostur er og laða fram eftir því sem mögulegt er sem breiðasta, faglega og þverpólitíska samstöðu um málið. Fátt er landbúnaði, sem og öðrum atvinnugreinum, mikilvægara á umrótstímum en það að um málefni greinarinnar ríki sem mestur friður og breiðust samstaða.

Að öðru leyti vísast til þeirra þingskjala sem áður hafa verið nefnd og umræðna um þau um frekari rökstuðning, þ.e. þskj. 97, beiðni þingflokks Alþýðubandalagsins um skýrslu um framkvæmd búvörusamnings, svars ráðherrans, skýrslu landbúnaðarráðherra um framkvæmd búvörusamnings á þskj. 537, og umræðu um þá skýrslu sem fram fór föstudaginn 3. febrúar sl.

Eftirfarandi yfirlitstafla sýnir áætlaðar beinar greiðslur til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum, eins og þær fylgdu með búvörusamningnum á sínum tíma, og niðurstöður eins og þær hafa orðið í ljósi minni sölu innan lands.

Samanburður á forsendum búvörusamnings um innanlandssölu á kindakjöti, sölunni í reynd og nýjustu áætlunum um söluna tvö síðustu ár samningstímans.

Búvörusamningur; áætluð sala	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**Alls millj. kr.**
Magn, tonn	8.600	8.600	8600	8600	8600	8.600	
Greiðsla alls	1.770.000	1.699.200	1.631.232	1.565.983	1.503.343	1.443.210	9.612.986
Beingr. pr. kg.	205,81	197,58	189,68	182,09	174,81	167,82	
Raunveruleg sala og horfur	**Miðað við útgjöld ríkisins sem að hluta fara til markaðsaðgerða**						
Magn, tonn	8.600	8.150	7.670	7.820	7.200	7.000	
Greiðsla alls	1.770.00	1.610.288	1.454.831	1.423.952	1.258.613	1.174.706	8.692.390
SPARNAÐUR RÍKISINS							*920.578*
Raunveruleg sala og horfur	**Miðað við þær greiðslur sem bændur fá sem tekjur**						
Magn, tonn	8.600	8.150	7.400	7.200	7.000	6.800	
Greiðsla alls	1.770.000	1.610.288	1.403.618	1.311.056	1.223.651	1.141.143	8.459.756
VANTAR TIL BÆNDA MIÐAÐ VIÐ SAMNING							*1.153.212*

Horfur eru miðaðar við spá Framleiðsluráðs fyrir árið 1996 og 1997. Annars er um rauntölur að ræða. Miðað er við verðlag sauðfjárafurða verðlagsárið 1991/1992. Hækkun lánskjaravísitölu frá því er um 6%. Þá er ekki talið til frádráttar tekjum bænda 100 millj. kr. vegna ónýttra beingreiðslna.

662. Fyrirspurn [413. mál]

til dómsmálaráðherra um varnir gegn mengun frá bifreiðum og vélum.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Með hvaða hætti hyggst ráðherra tryggja að varnir gegn mengun af útblæstri bifreiða og vinnuvéla verði skilvirkari?
2. Hvernig er háttað reglum um gamlar bifreiðar og vélar? Er von á hertum reglum fyrir þær?
3. Hvernig er séð til þess að ný tæki séu lítt mengunarvaldandi?

663. Fyrirspurn [414. mál]

til umhverfisráðherra um varnir gegn mengun af útblæstri bifreiða og brennslu olíu og bensíns.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Með hvaða hætti hyggst ráðherra vinna að því að efla varnir gegn mengun:
a. af völdum útblásturs bifreiða,
b. frá brennslu olíu og bensíns í vélum og við upphitun?

664. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um að fella úr gildi lög nr. 102 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Hafdísi Ólafsdóttur frá Einkaleyfastofunni og Ásgeir Einarsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 15. febr. 1995.

Svavar Gestsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.
Gísli S. Einarsson.	Guðmundur Bjarnason.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Einarsdóttir.	Sverrir Sveinsson.

665. Fyrirspurn [415. mál]

til samgönguráðherra um áhættumat fyrir Reykjavíkurflugvöll.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

1. Hvað hefur verið gert í framhaldi af skýrslu nefndar frá nóvember 1990 sem vann að áhættumati fyrir Reykjavíkurflugvöll?
2. Hefur verið ákveðið að fylgja eftir tillögum nefndarinnar um að öllu ferjuflugi og millilandaflugi verði beint til Keflavíkur?
3. Ef tillögunum hefur verið hafnað, hvaða forsendur liggja þá að baki?

666. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um flutning á rekstri grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Flestar breytingar frumvarpsins frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, byggjast á flutningi grunnskólans. Gert er ráð fyrir að öll ábyrgð á framkvæmd skólahalds á grunnskólastigi færist til sveitarfélaga, að undanskilinni útgáfu námsgagna. Sveitarfélög munu því taka við ráðningu starfsmanna og launagreiðslum til skólastjórnenda, kennara og annarra sérfræðinga sem starfa í grunnskólum og eru nú ráðnir hjá ríkinu. Aðrar breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, lúta að umbótum í skólastarfi. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna að gert er ráð fyrir fjölgun kennslustunda og kennsludaga samfara einsetningu grunnskólans og aukin áhersla er lögð á námsmat og eftirlit með skólastarfi, upplýsingamiðlun til almennings og stjórnvalda um skólastarf og árangur þess og áhrif foreldra.

Nefndin fékk á fund sinn Ólaf G. Einarsson menntamálaráðherra, Guðríði Sigurðardóttur, ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneyti, Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur, ráðunaut ráðherra í skólamálum, og Stefán Baldursson, skrifstofustjóra í ráðuneytinu, Eirík Jónsson og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Elnu K. Jónsdóttur og Steinunni Hafstað frá Hinu íslenska kennarafélagi, Jón Inga Einarsson og Þorstein Sæberg frá Skólastjórafélagi Íslands, frá Námsgagnastofnun Ásgeir Guðmundsson forstjóra og Ingibjörgu Ásgeirsdóttur útgáfustjóra, Guðjón Ólafsson, formann Félags íslenskra sérkennara, Víði Hafberg Kristinsson, forstöðusálfræðing á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneyti, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra, Valgerði Stefánsdóttur, forstöðumann Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, og frá Reykjavíkurborg Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra, Sigrúnu Magnúsdóttur, formann skólamálaráðs, Eggert Jónsson borgarhagfræðing og Viktor Guðlaugsson, forstöðumann Skólaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Þá studdist nefndin við umsagnir frá Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi, Sálfræðingafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, Heyrnleysingjaskólanum, Háskólanum á Akureyri, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, fræðslustjóra Reykjavíkurumdæmis, Jafnréttisráði, Skólaskrifstofu Reykjavíkur, Samtökum fámennra skóla, Safamýrarskóla, skólanefnd Kópavogs, Kirkjubæjarskóla á Síðu, Kennarafélagi Reykjavíkur, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sálfræðideild skóla í Reykjavík, Barnaspítala Hringsins, ASÍ – Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, EYÞINGI – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Félagi íslenskra sérkennara, fræðsluráði Reykjanesumdæmis, Hvammshlíðarskóla, Kennaraháskóla Íslands, Námsgagnastofnun, landssamtökunum Heimili og skóla og SAMFOK – Sambandi foreldrafélaga í grunnskólum Reykjavíkur, Öryrkjabandalagi Íslands, Félagi enskukennara á Íslandi, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og Barnaheillum. Þá studdist nefndin við gögn frá menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og kennsluráðgjafa við Menntaskólann við Hamrahlíð.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við 9. gr. bætist nýmæli sem gerir ráð fyrir að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskóla á þriggja ára fresti. Mikilvægt er talið að Alþingi fylgist með reglubundnum hætti með framkvæmd skólastarfs í grunnskólum. Forsenda fyrir slíkri umfjöllun er að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um framkvæmd skólastarfs og árangur af því. Gert er ráð fyrir að það verði hluti af eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis að afla reglulega upplýsinga úr skólum og standa fyrir því að gerðar verði rannsóknir og úttektir á tilteknum þáttum skólastarfs. Í því sambandi má nefna 9., 10., 46., 49., 51. og 53. gr. frumvarpsins.
2. Lagt er til að í 11. gr. verði kveðið á um að sveitarstjórnum sé heimilt að skipta sveitarfélagi niður í skólahverfi. Talið er nauðsynlegt að lögfesta slíka heimild fyrir stærri sveitarfélög og má í því sambandi nefna Reykjavíkurborg og önnur fjölmenn sveitarfélög. Meiri hlutinn telur eðlilegt að sveitarfélögum sé falinn sjálfsákvörðunarréttur varðandi skipan þessara mála.
3. Breytingin, sem lagt er til að gerð verði á 12. gr., er talin nauðsynleg samhliða þeirri breytingu sem lögð er til á 11. gr. Meiri hlutinn telur eðlilegt að sveitarstjórnir geti haft íhlutunarrétt þegar teknar eru ákvarðanir um skólatíma í einstökum skólum ef talið er rétt að skólatími innan sama sveitarfélags sé samræmdur, enda þótt skólanefndum sé að öðru leyti veitt svigrúm til að móta skólastarf innan þess ramma sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
4. Lagt er til að í 19. gr. verði kveðið sérstaklega á um að í skólahúsnæði skuli gera ráð fyrir aðstöðu til sérfræðiþjónustu við nemendur, auk þeirra atriði sem upp eru talin í ákvæðinu.
5. Lagt er til að 20. gr. verði breytt á þann veg að sveitarstjórn ákveði sjálf nafn skóla án umsagnar menntamálaráðuneytis og örnefnanefndar. Það fyrirkomulag, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur um árabil en við flutning grunnskóla til sveitarfélaga er talið eðlilegt að sveitarfélög hafi sjálfdæmi um þetta atriði.
6. Lagt er til að orðalag 25. gr. verði fært til samræmis við orðalag greinargerðar með ákvæðinu þannig að skýrt komi fram að sjóðnum sé ætlað að standa straum af greiðslum til staðgengla kennara og skólastjóra sem fara í námsleyfi. Þá er lagt til að kveðið verði á um heimild til greiðslna ferðastyrkja og annarra styrkja til viðbótar. Þær breytingar, sem lagðar eru til á 3. og 5. mgr. ákvæðisins, eru einungis orðalagsbreytingar til samræmis við breytingu sem lögð er til á 1. mgr.
7. Leiðrétt er málfar í 27. gr.
8. Lagt er til að c-lið 30. gr., sem fjallar um námsgreinar í aðalnámskrá, skuli kveðið á um dönsku eða annað Norðurlandamál í stað hinnar opnu heimildar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
9. Lagt er til að skýrt verði kveðið á um það í 31. gr. að skólanámskrá skuli unnin af kennurum en sá skilningur kemur glöggt fram í greinargerð með ákvæðinu.
10. Lagt er til að í 33. gr. verði með óyggjandi hætti kveðið á um það að Námsgagnastofnun sinni hlutverki sínu áfram. Stofnunin hefur gegnt veigamiklu hlutverki í skólastarfi og telur meiri hlutinn mikilvægt að áfram verði tryggt nægilegt framboð af námsbókum og námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um endurgjaldslausa úthlutun námsgagna. Þá er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra kveði

á um ýmis önnur atriði í reglugerð á grundvelli heimildar í 6. mgr., m.a. það hvaða námsgögn skuli afhent nemendum til eignar.

11. Lagt er til að orðin „sem öðru tungumáli“ í 36. gr. verði felld brott þar sem þau eru ekki talin í samræmi við almenna málnotkun.
12. Lagt er til að felldur verði brott málsliður í 55. gr. sem kveður á um að héraðslæknar skipuleggi heilsugæslu í grunnskólum. Breytingin er gerð í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Talið er eðlilegt að heilsugæsla í grunnskólum sé skipulögð á vegum heilbrigðisþjónustu í viðkomandi skólahverfi í samráði við skólanefnd og skólastjóra.
13. Lagðar eru til verulegar breytingar á gildistökuákvæði laganna, 57. gr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lögin í heild komi fyrst til framkvæmda 1. janúar 1996 og þá að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að þá liggi fyrir samþykki Alþingis á breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og á ákvæðum laga um tekjuskatt- og eignarskatt um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Loks er, í samræmi við breytingu sem lögð er til á 33. gr., lagt til að lög nr. 23 frá 1990, um Námsgagnastofnun, haldi gildi sínu að undanskilinni 6. gr. Í því ákvæði er kveðið á um að námsgagnastjórn ákveði hvaða námsgögn skuli afhent nemendum til eignar eða afnota og fleiri atriði er lúta að úthlutun og framkvæmd hennar, en lagt er til að skv. 33. gr. frumvarpsins verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

Í tengslum við umfjöllun um grunnskólafrumvarpið hafa verið ræddar hugmyndir um að enska taki við af dönsku sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla. Um þær hugmyndir eru skoðanir skiptar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að ef fyrirhugaðar eru breytingar af þessu tagi fái menntamálanefnd tækifæri til þess að segja álit sitt á þeim.

Við umfjöllun um frumvarpið lögðu fulltrúar Heyrnleysingjaskólans, Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og kennsluráðgjafar Menntaskólans við Hamrahlíð áherslu á að táknmál heyrnarlausra yrði viðurkennt sem þeirra móðurmál og að heyrnarlausum yrði í samræmi við það tryggð kennsla á táknmáli. Meiri hlutinn telur að þetta atriði eigi heima í aðalnámskrá sem hefur ígildi reglugerðar. Meiri hlutinn vill í því sambandi sérstaklega benda á að í 2. mgr. 29. gr., sem fjallar um námskrárgerð, segir að við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skuli þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms. Þá segir einnig í 3. mgr. 29. gr. að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun, m.a. vegna fötlunar. Meiri hlutinn telur ástæðu til að við næstu endurskoðun aðalnámskrár verði sérstaklega hugað að því hvort viðurkenna beri táknmál heyrnarlausra sem móðurmál þeirra.

Nokkur umræða hefur spunnist um að í frumvarpinu er hvergi minnst á sérkennslu. Meiri hlutinn vill í því sambandi benda á að hugtakið sérkennsla virðist hafa óljósa merkingu og í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er m.a. vitnað í niðurstöður rannsóknar Sigríðar Þ. Valgeirsdóttur (1992) sem benda til að framkvæmd og skipulagi sérkennslu í skólakerfinu sé í ýmsu ábótavant. Meiri hlutinn leggur áherslu á að nám sé skipulagt með það fyrir augum að mæta þörfum hvers og eins og að markmið kennslunnar eigi að vera hin sömu fyrir alla. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi einnig benda á að í frumvarpinu er gengið út frá því að fatlaðir nemendur stundi nám í heimaskóla. Þá er jafnframt lagt til að starfandi séu sérskólar og sérdeildir til að veita nemendum, sem ekki geta

notið kennslu við hæfi í almennum bekkjardeildum grunnskóla, sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma. Einnig er kveðið á um þjónustu- og ráðgjafarhlutverk sérskóla og sérdeilda við almenna grunnskóla.

Að lokum vill meiri hlutinn benda á að þegar unnið var að frumvarpi þessu var lögð rík áhersla tvennt, annars vegar að samkomulag næðist um réttinda- og lífeyrismál kennara, samfara flutningi grunnskólans, og hins vegar að sveitarfélögum yrðu tryggðar tekjur til að standa undir hinum aukna kostnaði. Jafnframt var lögð áhersla á að réttindi kennara skertust í engu við flutninginn og að um það næðist gott samstarf við kennarasamtökin. Meiri hlutinn tekur undir framangreind atriði og telur að hraða þurfi þeirri vinnu sem ólokið er þannig að viðunandi lausn náist sem fyrst. Meiri hlutinn leggur áherslu á að sem fyrst verði náð samkomulagi við sveitarfélög um mat á þeim kostnaði sem af gildistöku frumvarpsins leiðir og í framhaldi af því gerðar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga svo að frumvarpið geti að fullu komið til framkvæmda um næstu áramót eins og kveðið er á um í 57. gr. Bent skal á að 12. desember sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd sem ætlað er að vinna að framkvæmd flutnings grunnskólans. Henni er m.a. ætlað að skilgreina kostnaðarauka sveitarfélaga samfara gildistöku nýrra laga um grunnskóla og skila tillögum um aukna tekjustofna til sveitarfélaga til að standa undir þeim kostnaði er yfirtökunni fylgir. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að nefndin ljúki störfum fyrir haustið.

Alþingi, 15. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. | Árni Johnsen. | Petrína Baldursdóttir.

Björn Bjarnason. | Tómas Ingi Olrich.

667. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, ÁJ, PBald, BBj, TIO).

1. Við 9. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins á þriggja ára fresti.
2. Við 11. gr. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Þó er heimilt að skipta sveitarfélagi í fleiri skólahverfi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.
3. Við 12. gr. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru fleiri en eitt skal áætlun um starfstíma nemenda jafnframt staðfest af viðkomandi sveitarstjórn.
4. Við 19. gr. Á eftir orðunum „aðstöðu fatlaðra“ í fyrri málsgrein komi: aðstöðu til sérfræðiþjónustu við nemendur.
5. Við 20. gr. Orðin „að fenginni umsögn menntamálaráðuneytis og örnefnanefndar“ í síðari málsgrein falli brott.
6. Við 25. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:

a. Í stað síðari málsliðar 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Heimilt er að veita úr sjóðnum ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi.
b. Í stað orðsins „styrki“ í 3. mgr. komi: framlög.
c. Í stað orðsins „styrkveitinga“ í 5. mgr. komi: greiðslu á launum vegna námsleyfa og styrkveitinga, sbr. 1. mgr.

7. Við 27. gr. Í stað orðsins „skulu“ í 4. mgr. komi: skal.
8. Við 30. gr. Í stað orðanna „og eitt Norðurlandamál“ í c-lið 2. mgr. komi: danska (eða annað Norðurlandamál).
9. Við 31. gr. Á eftir fyrsta málslið komi: Skólanámskrá er unnin af kennurum skólans.
10. Við 33. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
a. 2. mgr. orðist svo:

Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár.

b. 4. mgr. orðist svo:

Námsgagnastofnun skal tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár, annaðhvort með eigin útgáfu eða útvegun frá öðrum aðilum. Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um endurgjaldslausa úthlutun námsgagna til nemenda í skyldunámi að fengnum tillögum námsgagnastjórnar.

11. Við 36. gr. Orðin „sem öðru tungumáli“ í 1. mgr. falli brott.
12. Við 55. gr. 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
13. Við 57. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
a. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 1996, enda hafi Alþingi þá samþykkt breytingar á ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt falla úr gildi ákvæða laga nr. 49 frá 1991 eftir því sem ákvæði þessara laga koma til framkvæmda fram til 1. janúar 1996 en þá falla lög nr. 49 frá 1991 að fullu úr gildi.

b. Í stað dagsetningarinnar „1. ágúst 1995“ í 2. mgr. komi: 1. janúar 1996.
c. Í stað orðsins „lög“ á eftir orðinu „skólakostnað“ í 2. mgr. komi: 6. gr. laga.
d. Í stað dagsetningarinnar „1. ágúst 1995“ í 3. mgr. komi: 1. janúar 1996.

668. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Braga Guðbrandsson frá félagsmálaráðuneyti og Drífu Pálsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Málið er liður í endurskipulagningu barnaverndarmála sem nefndin ræddi sl. haust í tengslum við fjárlagafrumvarpið og komu þá á fund hennar frá félagsmálaráðuneyti Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri og Áskell Kárason, forstöðumaður Unglingaheimilis ríkisins. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Félagsmálastofnun Kópavogskaupstaðar, landsnefnd um ár fjölskyldunnar 1994, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Barnaheillum, Lögmannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Frumvarpið er liður í endurskipulagningu barna- og unglingamála. Unglingaheimili ríkisins verði lagt niður en í stað þess komi annars vegar barnaverndarstofa er starfi undir stjórn félagsmálaráðuneytis og hins vegar móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga. Meðal hlutverka barnaverndarstofu er að veita heimilum, stofnunum og barnaverndarnefndum leiðbeiningar og hafa með þeim eftirlit.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum breytingum:

1. Lögð er til breyting á 14. gr. og 5. mgr. 16. gr. laganna með hliðsjón af því hlutverki sem dómstólar hafa eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og samkvæmt nýrri réttarfarslöggjöf, en þeir hafa nú ekki lengur með höndum rannsóknarhlutverk. Hvað snertir breytingar á 14. gr. eru ákvæði 2. og 3. mgr. víðtækari en 1. mgr. að því leyti að þær taka ekki eingöngu til mála þar sem grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn af barni eða gegn því heldur einnig til mála þar sem tekin er skýrsla af barni sem vitni. Ákvæði um rétt foreldris til að vera viðstatt skýrslutöku af barni styðst við b-lið iii) í 2. mgr. 40. gr. samnings um réttindi barnsins. Synjun lögreglu um að foreldri fái að vera viðstatt væri unnt að bera undir dómstóla, sbr. 75. gr. laga um meðferð opinberra mála.
2. Lagt er til að 5. gr. verði breytt þannig að felld verði niður heimild í 3. mgr. 22. gr. laganna um að vista megi ungmenni 16-18 ára annars staðar en á sjúkrahúsi gegn vilja þeirra vegna vímuefnaneyslu. Lögræðislög eru skýr hvað þetta varðar; maður verður ekki sviptur frelsi sínu nema um sé að ræða mjög alvarlegt sjúkdómsástand hans og læknar telji óhjákvæmilegt að hann verði vistaður á sjúkrahúsi, sbr. 13. gr. lögræðislaga.
3. Lögð er til breyting á 48. gr. laganna en þar segir að ef beita verði valdi til að hrinda ákvörðun barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs í framkvæmd samkvæmt lögunum heyri slík valdbeiting undir sýslumann ef brýna nauðsyn ber til. Lagt er til að í stað orðsins „sýslumanns“ komi „lögreglu“.

4. Lagt er til að bætt verði við 10. og 11. gr. ákvæðum sem taka til vistforeldra barna í sveit. Til þess að réttarstaða þessa fólks verði skýr er lagt til að kveðið verði á um þessa starfsemi í lögunum og heimilt verði að setja reglugerð um hana, þar á meðal um skilyrði til leyfisveitingar vegna starfseminnar. Í reglugerð þarf enn fremur að skilgreina nánar um hvers konar heimili sé að ræða til að greina þau nánar frá heimilum skv. b-lið 10. gr. frumvarpsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. febr. 1995.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Eggert Haukdal.	Einar K. Guðfinnsson.
Sigbjörn Gunnarsson.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Helgason, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson, með fyrirvara.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.

669. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Frá félagsmálanefnd.

1. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (5. gr.)
   14. gr. laganna orðast svo:

Tilkynningarskylda lögreglu o.fl.

Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða ungmenni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Nú tekur lögregla skýrslu af barni og skal lögregla þá gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan skýrslutökuna. Lögregla getur krafist þess telji hún þörf á því. Óski foreldri eftir að vera viðstatt skýrslutöku af barni sínu skal það heimilt, nema lögregla ákveði annað vegna hagsmuna barnsins eða vegna þess að nærvera foreldra er talin geta torveldað rannsókn málsins.

Nú er tekin skýrsla af barni fyrir dómi og skal ákærandi þá tilkynna það barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd er heimilt að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan þegar skýrsla er tekin af barninu. Óski foreldri eftir að vera viðstatt skýrslutöku af barni sínu skal það að jafnaði heimilt. Dómari úrskurðar um þetta atriði ef ágreiningur verður og sætir úrskurður hans ekki kæru.

b. (6. gr.)
Orðið „dómstólum“ í 5. mgr. 16. laganna falli brott.

2. Við 5. gr. b-liður orðist svo: Orðin „eða deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur“ í 3. mgr. falla brott.
3. Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:
Í stað orðsins „sýslumanns“ í fyrri málslið 48. gr. laganna kemur: lögreglu.
4. Við 10. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Við greinina bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., er orðast svo: Þeir aðilar, sem taka börn til dvalar á einkaheimili í atvinnuskyni, gegn gjaldi, sem ætlað er að vara í allt að sex mánuði, skulu sækja um leyfi til þess til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu.
5. Við 11. gr. Við greinina bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo: Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um starfsemi heimila sem taka börn til dvalar, sbr. 4. mgr. 51. gr., og skilyrði fyrir leyfisveitingu.

670. Tillaga til þingsályktunar [416. mál]

um skipun nefndar um menningar- og tómstundastarf fatlaðra.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jón Kristjánsson, Petrína Baldursdóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Einar K. Guðfinnsson,
Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa fimm manna nefnd til að kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Nefndina skipi fulltrúi ráðuneytis, einn frá Samtökum sveitarfélaga, einn frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, einn frá Öryrkjabandalaginu og einn frá Þroskahjálp.

Greinargerð.

Margt hefur áunnist í málefnum fatlaðra á liðnum árum. Komin er æskileg sátt um meginatriði í búsetumálum fatlaðra og aðbúnað á heimilum þeirra. Ýmislegt fleira mætti upp telja sem áunnist hefur þótt vissulega sé vandi allt of margra enn óleystur.

Margt af því sem eðlilegt er talið og eftirsóknarvert hjá þorra þjóðarinnar hefur ekki komist til framkvæmda hjá fötluðum og reyndar varla orðið tilefni umræðu þegar þeirra málefni ber á góma. Má þar til dæmis nefna alla þá uppbyggingu er orðið hefur á síðustu árum á sviði lista og menningar og fjölbreytt tækifæri til tómstunda og skemmtanalífs. Fyrir þessari uppbyggingu hefur ríkið staðið, í mörgum tilvikum í samstarfi við sveitarfélögin, eða um hefur verið að ræða stuðning ríkis með framlögum til reksturs og/eða framkvæmda. Með stuðningi sínum hafa ríki og sveitarfélög viðurkennt það sem samfélagslegt verkefni að auðvelda þjóðinni aðgang að hvers konar menningar- og listastarfsemi, svo og tómstundaiðkun. Þá hefur rekstur og uppbygging listaskóla verið styrkt af ríki árum saman.

Margir fatlaðir búa yfir lista- og sköpunargáfu á ýmsum sviðum sem hægt er að virkja, þeim og öðrum til þroska og gleði. Þær almennu menntunarleiðir, sem bjóðast á þessu sviði, henta mörgum fötluðum ekki án sérstakrar aðstoðar. Mikilvægt er að gefa þessu hæfileikafólki sömu möguleika á að virkja og þroska hæfileika sína og aðrir njóta.

Á síðasta ári fóru 144.442 Íslendingar utan og greiddu í fargjöld um 4 milljarða kr. og eyddu í ferða- og dvalarkostnað erlendis um 17,5 milljörðum kr. eða samtals í ferðakostnað um 21,5 milljörðum íslenskra kr. Fjöldi ferðamanna sýnir að hin margvíslegu ferðatilboð sem bjóðast gera stórum hluta þjóðarinnar kleift að ferðast og kynnast öðrum löndum og þjóðum. Þessi tilboð standa fötluðum einnig til boða, en þeir sem vegna fötlunar geta ekki ferðast einir verða að kaupa sér aðstoð sem þýðir að þeir verða að greiða allt að tvöfaldan kostnað vegna ferða og uppihalds fylgdarmanns sé ekki um að ræða ferðir sem sérstaklega eru skipulagðar fyrir fatlaða.

Annað dæmi skal nefnt sem lýtur að sumarleyfum eða orlofsdvöl. Fjölmörg launþegafélög og samtök launþega eiga nú hundruð sumarbústaða, orlofsheimili og orlofsíbúðir til afnota fyrir félagsmenn sína. Þorri fatlaðra hefur engan rétt til þessara bústaða vegna þess að þeir eru ekki meðlimir í launþegafélögum. Þótt þeim bjóðist af og til bústaðir til afnota fyrir velvilja eigenda sitja þeir ekki við sama borð og aðrir. Kostnaður við aðstoð og fylgd er fjárhag þeirra ofviða þótt þeir gætu staðið undir eigin ferða- og uppihaldskostnaði. Þá er full ástæða til að geta þess að það heyrir til algjörra undantekninga ef hús og umhverfi er hannað með tilliti til fatlaðra.

Mörg önnur atriði mætti upp telja, en það verður ekki gert hér. Á þetta er bent þar sem hvergi er gert ráð fyrir aðstoð eða fjármagni til að standa undir þeim kostnaði sem hér um ræðir og fötluðum, sem gert er að lifa á tryggingabótum, er fjárhagslega ofviða.

Ástæða er til að hefja umræðu um lífsgæði fatlaðra utan grundvallarþarfa og fá tillögur til úrbóta.

Fylgiskjal.

Þjóðhagsstofnun:

Tafla 1.

Kostnaður Íslendinga af ferðalögum til útlanda 1984 og 1994.
(Fjárhæðir í millj. kr. á verðlagi hvors árs.)

Útgjöld í millj. kr.	1984	1994
Flugferðir milli landa[1]	839	4.078
Frádráttur vegna viðskiptaferða	238	1.135
Flugfar greitt af einstaklingum	601	2.943
Ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis[2]	2.690	17.514
Ferðakostnaður alls	3.291	20.457
Einkaneysla	55.872	258.164
Ferðakostnaður % af neyslu	5,9	7,9
Íslenskir ferðamenn til útlanda[3]	89.788	144.442
Ferðakostnaður á mann í kr.	36.657	141.629

Tafla 2.

Útgjöld Íslendinga í ferðalög erlendis 1984 og 1994.
(Fjárhæðir í millj. kr. á verðlagi 1994.)

Útgjöld í millj. kr.	1984	1994
Flugferðir milli landa[1]	3.630	4.078
Frádráttur vegna viðskiptaferða	1.025	1.135
Flugfar greitt af einstaklingum	2.605	2.943
Ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis[2]	11.634	17.514
Ferðakostnaður alls	14.240	20.457
Einkaneysla	233.383	258.164
Ferðakostnaður % af neyslu	6,1	7,9
Íslenskir ferðamenn til útlanda[3]	89.788	144.442
Ferðakostnaður á mann í kr.	158.593	141.629

Athugasemdir:
1) Tölur þessar ná til fargjalda Íslendinga í áætlunarflugi milli landa og leiguflugi.
2) Tölurnar eru sá hluti dvalarkostnaðar sem greiddur er í erlendum gjaldeyri, t.d. fyrir hóteldvöl. Hér vantar inn í álagningu ferðaskrifstofa ef ferð er keypt á þeirra vegum.
3) Íslendingar í viðskiptaferðum meðtaldir.

671. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Drífu Pálsdóttur, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Málið var sent til umsagnar og bárust munnlegar athugasemdir frá barnaverndarráði og Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarpið hefur það markmið að treysta tengsl foreldris við barn sem ekki hefur forsjá þess. Í 1. gr. er lagt til að umgengnisréttur skv. 37. gr. barnalaga verði rýmkaður og látinn ná til símsambands, bréfasambands og annars hliðstæðs sambands foreldrisins við barnið.

Í 3. gr. er mælt fyrir um rétt foreldris til að fá upplýsingar um hagi barns hjá hinu foreldrinu og ýmsum stofnunum sem barnið tengist, svo og stjórnvöldum og starfsmönnum er fjalla um málefni barnsins. Fram kom sú ábending frá barnaverndarráði varðandi 2. efnismgr. að ekki væri nægilegt að telja upp félagsmálastofnanir meðal þeirra aðila sem foreldri gæti fengið upplýsingar hjá því að þær væru ekki til staðar í öllum sveitarfélögum. Lögð er fram breytingartillaga á sérstöku þingskjali til að bæta úr þessu.

Nefndin telur að frumvarpið feli í sér verulega réttarbót og mælir með samþykkt þess með framangreindri breytingu.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Pétur Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ingi Björn Albertsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jón Helgason.
	Kristinn H. Gunnarsson.	

672. Breytingartillaga [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

Frá allsherjarnefnd.

Við 3. gr. Á eftir orðinu „félagsmálastofnunum“ í fyrri málslið 2. efnismgr. komi: félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum.

673. Tillaga til þingsályktunar [417. mál]

um endurskoðun laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 20. október 1905.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem taki til endurskoðunar lög nr. 14 frá 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Í starfi nefndarinnar verði við það miðað að nýtt frumvarp verði lagt fyrir Alþingi á komandi hausti.

Greinargerð.

Lögin um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 frá 1905, eru í ýmsu úrelt og margt í þeim er ekki í samræmi við nútímann og önnur lög sem yngri eru. Sem dæmi má taka 5. mgr. 1. gr. en hún hljóðar svo: „Þau réttindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð, og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk.“ Þessi málsgrein er aftan úr grárri forneskju. Öll viðhorf hvað varðar félagshjálp og rétt fólks til hennar hafa breyst frá því að þessi ákvæði voru lögfest. Þá má benda á 13. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ýmsar kröfur á einstaklinga, sem verða gjaldþrota, fyrnist á 10 árum. Þessi ákvæði eru í ósamræmi við lík ákvæði í lögum þar sem fjallað er um gjaldþrot félaga. Ekki verður séð að einstaklingur, sem haft hefur rekstur með höndum og verður gjaldþrota, eigi að þurfa að sæta miklu harðari kostum eftir gjaldþrotameðferð en sá sem rak starfsemi sína undir nafni hlutafélags. Það er skoðun flutningsmanna að það sé sjálfsagt réttlætismál gagnvart þeim einstaklingum sem verða gjaldþrota að þeir séu jafnir fyrir lögunum hvað varðar fyrningar skulda og annarra kröfuréttinda og aðrir aðilar sé eðli máls hið sama, einnig að ákvæðið um að „kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk“ fyrnist aldrei sé algerlega úr takt við viðhorf nútímafólks til réttinda einstaklinganna til félagshjálpar. Það er niðurlægjandi fyrir fólk sem á fullan rétt til aðstoðar samfélagsins að hafa slíkt ákvæði í lögum. Einnig er nauðsynlegt til að almenns samræmis verði gætt að taka þessi lög til endurskoðunar.

674. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd Alþingis hefur á undanförnum vikum fjallað um frumvarp til nýrra grunnskólalaga. Frumvarpið var lagt fram öðru sinni á haustmánuðum og höfðu þá verið gerðar á því nokkrar breytingar eftir mikla gagnrýni sem það hafði fengið. Svo dæmi sé tekið var hætt við áform um lengingu skólaársins sem greinilega féll ekki í góðan jarðveg hjá foreldrum í landinu sem lýstu því sjónarmiði að nær væri að byrja á því að lengja skóladaginn.

Á fundi menntamálanefndar 14. febrúar sl. ákvað meiri hluti nefndarinnar að afgreiða frumvarpið frá nefndinni þótt mörg atriði þess væru óræddog og litlar sem engar tilraunir hefðu verið gerðar til að ná sátt um málið. 1. minni hluti, sem er sammála mörgum efnisatriðum frumvarpsins, harmar þessa afgreiðslu málsins enda er nauðsynlegt að sátt ríki um það hvernig grunnskólar landsins eru reknir og hvernig innra starfi þeirra og faglegri stjórn er háttað.

Við afgreiðslu málsins er allt óljóst um það hvernig samið verður um réttindamál kennara, enda málið afgreitt í óþökk þeirra. Sjónarmið kennara varðandi efnisatriði frumvarpsins hafa lítið verið rædd. Allt sem lýtur að kostnaði sveitarfélaganna og tekjuöflun þeirra til að standa undir aukinni þjónustu grunnskólanna er óljóst enda mótmælir Samband íslenskra sveitarfélaga því að málið sé afgreitt með þessum hætti. Þessi málsmeðferð veldur því að 1. minni hluti getur ekki stutt frumvarpið.

Frumvarp það, sem nú hefur verið afgreitt frá nefndinni, felur í sér grundvallarbreytingar á skólakerfinu. Áætlað er að flytja grunnskólana frá ríkinu til sveitarfélaganna og þar með verður öll kennsla, sérfræðiþjónusta, sérskólar og það starf, sem fræðsluskrifstofurnar hafa sinnt, á ábyrgð sveitarfélaganna. 1. minni hluti telur að sæmileg sátt sé um það í þjóðfélaginu að flytja skólana yfir á verksvið sveitarfélaganna, en það er ekki sama hvernig það er gert og menn verða að vita hvað í því felst. Ef frumvarpið verður að lögum verða gerðar mun meiri kröfur til sveitarfélaganna en nú eru gerðar til ríkisins. Það á að einsetja alla grunnskóla, það á að lengja skóladaginn og það á að veita öllum börnum sérþjónustu í heimaskóla sé það yfir höfuð mögulegt. Skólanefndir taka til starfa í öllum sveitarfélögum, samræmd próf verða viðhöfð þrisvar sinnum á námsferlinum, sveitarfélögin ráða skólastjóra og kennara og þannig mætti lengi telja. Undirrituð er sammála flestu því sem hér að framan er talið en vill þó gera athugasemdir við eftirfarandi efnisatriði frumvarpsins.

Nauðsynlegt hefði verið að fara rækilega ofan í sérkennslumálin og þau sjónarmið sem þar liggja að baki. Í þjóðfélaginu og meðal sérfræðinga takast á tveir meginhugmyndastraumar varðandi þjónustu við þá nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda. Annars vegar eru þeir sem vilja að öll þjónusta fari fram innan heimaskóla (blöndun) og til umræðu eru hugmyndir sem ganga út frá því að ekki eigi að veita neina sérþjónustu heldur eigi hver kennari að vera fær um að sinna öllum nemendum. Þessar kenningar segja að allt sem er „sér" feli í sér mismunun. Hins vegar eru þeir sem telja fulla þörf á sérkennslu og sérskólum og benda á rétt ákveðinna hópa nemenda til að vera með sínum líkum, t.d. heyrnarlausra sem lifi í sérstöku málsamfélagi. Þeir sem tilheyra síðari hópnum benda á að sumir nemendur þurfi svo mikla sérþjónustu að ógjörningur sé að sinna þeim innan venjulegs skóla. Þessi sjónarmið og „sérkennslupólitík" frumvarpsins hefði undirrituð viljað kanna mun betur við þau tímamót sem verða við flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna.

Hlutverk og skipan skólanefndanna hefði þurft að kanna betur, t.d. er undirrituð þeirrar skoðunar að foreldrar eigi að eiga beina aðild að skólanefndum með atkvæðisrétt eins og góð reynsla er af í Danmörku. Þátt sérfræðinga, áhrif kennara á stefnumótun og stjórnun, hlutverk Námsgagnastofnunar og fleiri þætti hefði þurft að skoða mun betur. Það er alvarlegt mál þegar kennarar telja að verið sé að draga úr áhrifum þeirra og menn verða að vera meðvitaðir um hvaða stefnu eigi að taka þegar atvinnulýðræði og áhrif starfsmanna eiga í hlut og að samræmi sé innan opinberra stofnana í því hver áhrif starfsmanna og aðild að stjórnum skuli vera.

Ofan á allt það sem á undan er talið bætist að frumvarpið er afgreitt á afar óheppilegum tíma þegar yfir vofir verkfall kennara. Frumvarpið felur í sér að miklar breytingar verða á stöðu kennara, á vinnutíma þeirra og aðstæðum öllum. Því leggur 1. minni hluti til að frumvarpinu verði vísað frá enda gefst nægur tími til að vinna málið áfram þannig að séð verði til þess að ný lög um grunnskóla, lög um tekjustofna sveitarfélaga og samkomulag um réttindamál kennara fylgist að. Alþingismenn, sveitarstjórnarmenn og starfsfólk skólanna verður að vita að hverju þau ganga og hvaða afleiðingar samþykkt grunnskólafrumvarpsins hefur. Við höfum enga yfirsýn yfir málið nú og því er rétt að fresta því til nánari vinnslu næsta þings.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir.

675. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á allmörgum fundum enda um mjög vandmeðfarið mál að ræða. Frumvarpið fjallar annars vegar um flutning grunnskólans að fullu til sveitarfélaganna og ýmsar breytingar sem því tengjast og hins vegar um ýmsar grundvallarbreytingar á grunnskólastarfi og þeirri stoðþjónustu sem fræðsluskrifstofur hafa veitt og hefur verið að eflast með ári hverju.

Annar minni hluti nefndarinnar gagnrýnir vinnubrögð meiri hluta nefndarinnar og er þeirrar skoðunar að málið hafi ekki verið unnið nægilega vel í nefndinni og að nefndarmenn hafi ekki fengið tækifæri til að skiptast á skoðunum um einstaka umsagnir og breytingartillögur. Þar að auki gafst ekki tími til að ræða áherslur minni hlutans á efnisinnihald frumvarpsins. Það reyndi því aldrei á það að fullu hvort samstaða gat náðst við 2. minni hluta um sjálft innihald frumvarpsins, þ.e. það sem snýr að skólastarfinu sjálfu.

Annar minni hluti gagnrýnir harkalega vinnubrögð formanns nefndarinnar við afgreiðslu málsins úr nefndinni. Ætlun hans var sú að afgreiða málið á fyrsta fundi eftir að breytingartillögum meiri hlutans hafði verið dreift. Þá var beiðni 2. minni hluta hafnað um að fá til viðræðna við nefndina fulltrúa frá landsbyggðarkjördæmi, t.d. Norðurlandi vestra, til þess að greina nefndinni frá því hvar vinna við yfirtöku á starfsemi fræðsluskrifstofa væri á vegi stödd. Enn fremur var hafnað beiðni um að menntamálanefnd fengi að sjá réttindafrumvarp vegna réttindamála kennara sem sögur fara af að sé til í kerfinu. Þessu var líka hafnað. Beiðni um að menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og kennarafélögunum kæmu á fund nefndarinnar var hins vegar tekin til greina og var ákveðið að halda fund næsta dag. Á þeim fundi kom fram hjá menntamálaráðherra að réttindamál kennara yrðu tekin til umfjöllunar í tengslum við meðferð réttindamála starfsfólks heilbrigðisstofnana. Hann sagði jafnframt að engum hefði dottið í hug að réttindi kennara skyldu skerðast við yfirfærsluna.

Spurningin snerist meira um það hver réttindi þeirra sem verða ráðnir eftir breytinguna skuli verða. Það kom jafnframt fram að kennarar munu fá réttindafrumvarpið til umsagnar áður en það verður lagt fram á Alþingi.

Á fundinum kom fram hjá formönnum kennarafélaganna að kennarar eru andvígir því að grunnskólafrumvarpið verði samþykkt sem lög nú, m.a. vegna réttindamálanna sem eru algjörlega „fljótandi". Það kom jafnframt fram að mögulegt hefði verið að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna án þess að það væri í andstöðu við kennara ef öðruvísi hefði verið að málum staðið.

Á fundinum kom fram hjá formanni og framkvæmdastjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að fundur yrði haldinn í stjórn sambandsins mjög fljótt um það hver afstaða sambandsins væri til þess að grunnskólafrumvarpið yrði samþykkt við núverandi aðstæður. Seinna sama dag var haldinn fundur í stjórninni, en á sama tíma boðaði formaður menntamálanefndar til fundar í menntamálanefnd og tók málið út með atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks gegn atkvæðum Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Kvennalista. Tillaga þess efnis að beðið yrði eftir niðurstöðu stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga fékkst ekki borin upp á fundinum.

Stjórnin ályktaði m.a. eftirfarandi:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ítrekar fyrri umsagnir sínar um frumvarp til laga um grunnskóla og samþykkt XV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga um yfirfærslu á öllum grunnskólakostnaði frá ríki til sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins telur að heppilegra hefði verið að sameiginleg undirbúningsvinna ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara vegna yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga væri að mestu lokið áður en ný lög um grunnskóla eru samþykkt."

Þá segir enn fremur: „Verði frumvarp til nýrra grunnskólalaga samþykkt á yfirstandandi Alþingi er lögð áhersla á að sveitarfélögin hafi nægan tíma til að undirbúa flutninginn. Því er lagt til ef frumvarpið verður samþykkt að lögin komi í fyrsta lagi til framkvæmda 1. ágúst 1996."

Það er skoðun 2. minni hluta að það sé rangt að samþykkja frumvarpið á þessu þingi sem lög þar sem ekki hefur náðst niðurstaða um kostnaðartilfærslu til sveitarfélaganna, réttindamál kennara og þjónustu fræðsluskrifstofa. Þannig er tekið undir þær skoðanir Sambands íslenskra sveitarfélaga og kennarafélaganna að fresta beri afgreiðslu málsins.

Annar minni hluti tekur undir með formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sagði á fundi nefndarinnar að engin hætta væri á því að um of drægist á langinn að grunnskólinn flyttist að fullu til sveitarfélaganna þótt ekki yrði af samþykkt laganna nú.

Samkvæmt fylgiskjali fjármálaráðuneytis er áætlað að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka upp á 680–910 millj. kr. Þá er einungis átt við skólastarfið sem slíkt en þegar allt er talið á því tímabili þar til lögin hafa öðlast gildi að fullu er kostnaður sá sem flyst yfir til höfurborgarsvæðisins 5–6 milljarðar kr. að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga og eru þá lífeyrisskuldbindingar vegna kennara ekki taldar með. Í fjárlögum fyrir árið 1995 er heildarfjárveiting til grunnskóla 1995 5.390 millj. kr.

Öðrum minni hluta finnst það grátbroslegt að horfa upp á þá þversögn sem kemur fram í meðferð ríkisstjórnarflokkanna á grunnskólanum. Annars vegar er hamast við að skera niður um 100–200 millj. kr. á ári með sérstökum lögum allt kjörtímabilið með því að fækka kennslustundum og fjölga í bekkjum. Hins vegar er, þegar kjörtímabilinu lýkur og ríkisstjórnin veit að hún er að fara frá, hægt að vera með metnað fyrir hönd grunnskólans með fjölgun kennslustunda. Það mun hins vegar ekki nýtast þeim börnum sem

hafa verið svo ólánsöm að vera í grunnskóla þau ár sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur setið að völdum.

Annar minni hluti er þeirrar skoðunar að þær breytingartillögur, sem lagðar eru fram af meiri hlutanum, séu flestar til bóta þó að í sumum tilfellum sé ekki gengið nægilega langt. Stærstu gallar frumvarpsins, þegar tekið er tillit til breytingartillagna meiri hlutans, eru eftirfarandi:

1. Óeðlilega mikið er dregið úr áhrifum kennara á stjórn skóla.
2. Ekki er gert ráð fyrir fjöldatakmörkunum í bekkjardeildir.
3. Of mikil áhersla er lögð á samræmd próf og skal þeim beitt niður í 4. bekk.
4. Sérfræðiþjónusta og sérkennsla er illa skilgreind.
5. Ekki er kveðið á um að hægt sé að grípa til aðgerða ef sveitarfélög uppfylla ekki ákvæði laga og reglugerða um grunnskólann.
6. Hlutverk skólanefnda er of umfangsmikið með tilliti til lítilla sveitarfélaga.
7. Flutt eru verkefni frá fræðsluskrifstofum til menntamálaráðuneytis.

Hér er aðeins fátt talið upp sem 2. minni hluti hefur athugasemdir við og efasemdir um og snertir það grunnskólafrumvarp sem hér er til umfjöllunar.

Aðalathugasemdir 2. minni hluta lúta að afgreiðslu málsins nú í andstöðu við sveitarfélögin og kennarafélögin þar sem lausn hefur ekki fundist á mikilvægum skilyrðum sem þessir aðilar setja við því að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna. Auk þess hefur málið ekki fengið fullnægjandi umfjöllun í nefnd.

Þess vegna er lögð fram tillaga til rökstuddrar dagskrár um að vísa málinu frá.

Verði sú tillaga felld munu fulltrúar Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Valgerður Sverrisdóttir, frsm. Jón Kristjánsson.

676. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [126. mál]

í málinu: Frv. til l. um grunnskóla.

Frá Valgerði Sverrisdóttur, Svavari Gestssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Jóni Kristjánssyni.

Flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna er viðkvæmt mál og vandmeðfarið. Það verður aldrei til lykta leitt nema í góðri samvinnu við sveitarfélögin og samtök kennara. Þessir aðilar hafa lýst sig samþykka tilfærslunni með ákveðnum fyrirvörum.

Fyrirvarar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru samþykktir á XV. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 31. ágúst til 2. september 1994. Þeir eru eftirfarandi:

1. Að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir öllum þeim aukna kostnaði er yfirtökunni fylgir þannig að grunnskólanám allra barna í landinu verði tryggt.
2. Vanda sveitarfélaga, sem yfirtaka hlutfallslega háan grunnskólakostnað miðað við tekjur, verði mætt með jöfnunaraðgerðum.
3. Að fullt samkomulag náist milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þar með talin meðferð lífeyrisréttinda.

Niðurstaða þarf að hafa náðst í þessum málum fyrir áramót svo að yfirtaka sveitarfélaga geti átt sér stað á næsta ári.

Kennarafélögin ítreka ályktun 7. fulltrúaþings Kennarasambands Íslands, haldið í apríl 1994, vegna fyrirhugaðs flutnings þar sem þess er krafist að a.m.k. einu ári áður en til hans komi verði ríki og sveitarfélög búin að tryggja:

1. fjárveitingar til sveitarfélaga þannig að þau geti staðið undir kostnaði af skólastarfi grunnskóla í samræmi við núgildandi grunnskólalög — án þeirra ákvæða um skerðingu sem nú eru í gildi, auk þess að tryggja fjármagn til frekari þróunar grunnskólans,
2. að ekki dragi úr stoðkerfi skólanna, svo sem starfsemi fræðsluskrifstofa, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, starfsemi Námsgagnastofnunar og tilboðum um endurmenntun fyrir kennara,
3. öruggan rekstrargrundvöll sérskólanna með tilliti til þess að nemendur geti notið allrar nauðsynlegrar þjónustu, óháð búsetu,
4. öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar og að einn viðsemjandi fari með samningsumboð fyrir öll sveitarfélögin sameiginlega.

Eins og staða mála er nú hefur þeim fyrirvörum sem hér um ræðir ekki verið fullnægt. Þessir aðilar eru því andvígir því að lög um grunnskóla séu samþykkt frá Alþingi eins og málið lítur út við 2. umræðu.

Með vísan til framanritaðs og þess að málið hefur ekki fengið fullnægjandi umfjöllun af hálfu menntamálanefndar telur Alþingi rétt að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

677. Svar [378. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um kostnað af ráðherraskiptum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur kostnaðarauki ríkissjóðs orðið af ráðherraskiptum á valdatíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

Óskað er eftir að biðlaun verði sundurliðuð á einstaka ráðherra.

Fjórir ráðherrar hafa látið af störfum á valdatíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þeir eru: Eiður Guðnason, Jón Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Guðmundur Árni Stefánsson.

Við starfslok njóta ráðherrar greiðslu biðlauna skv. 29. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, en þar segir:

„Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

Biðlaun skal greiða í sex mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans."

Biðlaunagreiðslur hafa verið sem hér segir:

Eiður Guðnason, kt. 071139-4339, lét af störfum sem ráðherra 30. júní 1993. Hann fékk greidd biðlaun tímabilið 1. júlí 1993 til 31. ágúst 1993. Eiður tók við embætti sendiherra 1. september 1993 og féll þá niður greiðsla biðlauna samkvæmt áður tilvitnaðri lagagrein. Biðlaun til hans námu samtals 162.030 kr.

Jón Sigurðsson, kt. 170441-4949, lét af störfum sem ráðherra 30. júní 1993. Hann afsalaði sér rétti til biðlauna.

Jóhanna Sigurðardóttir, kt. 041042-4869, lét af störfum sem ráðherra 24. júní 1994. Hún fékk greidd biðlaun tímabilið 1. júlí 1994 til 31. desember 1994. Biðlaun til hennar námu samtals 486.090 kr.

Guðmundur Árni Stefánsson, kt. 311055-2599, lét af störfum sem ráðherra 12. nóvember 1994. Hann hafði ekki áunnið sér rétt til biðlauna samkvæmt áður tilvitnaðri lagagrein.

Samkvæmt gögnum starfsmannaskrifstofu nemur kostnaður vegna ráðherraskiptanna því samtals 648.120 kr.

678. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá 3. minni hluta menntamálanefndar.

Framlög til menntamála hafa þróast með þeim hætti í tíð núverandi ríkisstjórnar sem gleggst sést á meðfylgjandi súluriti (sjá fskj. I). Glöggt sést hver samdrátturinn í framlögum til menntamála á Íslandi hefur orðið á þeim tíma sem núverandi ríkisstjórn hefur farið með þennan mikilvæga málaflokk. Hér er um að ræða framkvæmd á skólastefnu sem hvergi á sinn líka í nágrannalöndum okkar þar sem menn hafa alls staðar lagt áherslu á að sameinast um að efla framlög til skólamála. Í tölum talið sést þetta best í töflu sem fylgir greinargerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1995 (sjá fskj. II).

Í öllum löndum er verið að auka við framlög til menntamála. Vandinn hér á landi er sá að ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa misskilið hlutverk menntakerfisins í grundvallaratriðum. Þeir líta á menntakerfið sem hluta af velferðarkerfinu og telja þess vegna að verkefni þess sé að taka við vandamálum sem koma upp á hverjum tíma. Með öðrum orðum er litið á kennslu í skólastofu rétt eins og uppskurð við mjaðmagrindarvandamálum svo að dæmi sé tekið. Það er ekki litið á kennslu og skólastarf, og rannsóknir þar

af leiðandi líka, sem undirstöðuþátt nútímamenningarsamfélags og enn síður er litið á menntamál og rannsóknir sem hluta af þróun atvinnulífsins. Það hafa reyndar grannþjóðir okkar gert á undanförnum áratugum og það hafa þjóðir í fjarlægari heimshlutum eins og Austur-Asíu gert í miklum mæli á síðari árum.

Þessi vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar eru þeim mun hrikalegri þegar þess er gætt að hún hefur auk þess gert allt sem unnt er til þess að spilla fyrir þeirri víðtæku samstöðu sem náðst hafði um menntamál í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það gerðist fyrst með því að Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra lokaði ofan í skúffu stefnumótunina „Til nýrrar aldar" sem unnin hafði verið í sátt við kennarasamtökin og aðra aðila skólamála í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Þessu næst ákvað hann að skera niður framlög til grunnskóla og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og að fresta framkvæmd grunnskólalaga þó að full sátt hefði verið um setningu þeirra laga í tíð fyrri ríkisstjórnar, einnig við stjórnarandstöðuna. Þá beit núverandi menntamálaráðherra höfuðið af skömminni með því að skipa 18 manna nefnd eigin hendi og án tilnefninga frá þeim aðilum sem nærri þessum málum eiga að koma í samfélaginu. Þessi nefnd starfaði svo algerlega lokað allan þann tíma sem hún var að störfum. Það var bannað að hafa þar samskipti við kennarasamtök eða aðra aðila, enda hafa samskipti menntamálaráðuneytisins við kennarasamtökin í tíð núverandi ríkisstjórnar ekki verið við frostmark heldur við alkul eins og einn orðhagur kennari komst að orði á dögunum.

Nú er feluleikurinn í 18 manna nefndinni að hefna sín. Vinnubrögðin að undanförnu eru nú að skila þeirri niðurstöðu sem við blasir. Það er verulegur ágreiningur um grunnskólafrumvarpið og enginn annar en menntamálaráðherra sjálfur og nánasta samstarfslið hans í Sjálfstæðisflokknum telur í raun og veru þörf á því að gera grunnskólafrumvarpið að lögum. Alþýðuflokkurinn hefur hins vegar ekki skipt sér af þessu máli og hefur í þessari stjórn látið skólamál sem vind um eyru þjóta sem fyrr þó að einstakir frambjóðendur hans séu núna að gera sig dýrlega í blaðagreinum sem birtast hér og þar.

Samband íslenskra sveitarfélaga mótmælti vinnubrögðunum við afgreiðslu frumvarpsins daginn sem það var tekið út úr menntamálanefnd. Meiri hluti nefndarinnar neitaði að bera upp tillögu sem borin var upp í nefndinni með eðlilegum hætti um það að beðið yrði eftir niðurstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Munu þess fá dæmi að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi verið sýnd jafnalger fyrirlitning af meiri hluta þingnefndar og gerðist í menntamálanefnd nú fyrir nokkrum dögum.

Í annan stað liggur það fyrir að kennarar eru andvígir því að gengið verði frá málinu með þeim hætti sem núna er gert ráð fyrir. Þannig brestur í raun og veru allar forsendur þess að ganga frá málinu í einstökum atriðum á því þingi sem nú stendur yfir og þess vegna er eðlilegt að mati 3. minni hluta að fresta afgreiðslu málsins og stendur því 3. minni hluti að tillögu til rökstuddrar dagskrár um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til afgreiðslu og að þegar í stað verði hafnar þríhliða viðræður milli sveitarfélaganna, ríkisins og kennara um málið. Fullljóst er að verði málið keyrt í gegnum þingið með þeim hætti sem ætlun meiri hlutans er að gera næstu daga getur það haft háskaleg áhrif á þróun kennaradeilunnar á næstu dögum, en eins og kunnugt er hefst verkfall í öllum skólum landsins á miðnætti í nótt eins og nú horfir og er unnt að fullyrða að framkoma meiri hlutans á verulega sök á því að verkfallið skuli nú vera að hefjast.

Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag gerðu strax í upphafi mjög alvarlegar athugasemdir við efni málsins og aðdraganda og bentu á að réttindamál kennara væru í uppnámi. Óskuðu samtökin eftir því að fram færu viðræður um málið við samtökin, en þær viðræður hafa ekki farið fram. Öllum viðræðubeiðnum af hálfu kennarasamtakanna um réttindamál kennara hefur í raun og veru verið hafnað af núverandi ríkisstjórn, bæði fjármálaráðherra og menntamálaráðherra. Í þeirri samþykkt sem 7. fulltrúaráð Kennarasambands Íslands gerði í apríl 1994 segir m.a. svo: „Ekkert af þessu hefur verið tryggt og telja kennarafélögin fráleitt að samþykkja frumvarp til laga um grunnskóla sem hefur það að markmiði að flytja grunnskóla til sveitarfélaga.“ Það sem kennarasamtökin eiga við er fyrst og fremst það að fjárveitingar til sveitarfélaganna eru of óljósar til að standa undir kostnaði af skólastarfi. Í öðru lagi er ekki tryggt að ekki dragi úr stoðkerfi skólanna, svo sem starfsemi fræðsluskrifstofanna, starfsemi Námsgagnastofnunar o.s.frv. Í þriðja lagi er rekstrargrundvöllur sérskólanna óljós og í fjórða lagi eru öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar í uppnámi eins og staða þessara mála er nú. Þess vegna er algerlega fráleitt, að ekki sé sagt siðlaust, að rífa þessi mál úr höndum ríkisins og afhenda sveitarfélögum sem hafa hvorki tekjustofna né aðstöðu til að ganga frá samningum við kennarana varðandi þessi mál.

Fjölmargir aðrir aðilar koma við sögu og gagnrýna ýmist einstök atriði frumvarpsins eða frumvarpið í heild. Í því sambandi má t.d. nefna athugasemdir frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, frá Eyþingi og fjölmörgum öðrum aðilum, fyrir utan þær almennu athugasemdir sem þar hafa komið fram frá kennurum og sveitarfélögum, en Samband íslenskra sveitarfélaga segir svo í upphaflegri samþykkt sinni um málið: „Þar er gert ráð fyrir skyldu sveitarfélaganna til að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6–16 ára. Ekki er gerð athugasemd við það ákvæði, en ástæða er til að hafa þann fyrirvara að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um flutning tekjustofna til að standa undir öllum þeim kostnaði er umrædd skylda sveitarfélaganna og önnur ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir.“ Staðreyndin er sú að þau skilyrði og þær forsendur, sem sveitarfélögin og kennararnir byggðu sína afstöðu á fyrir einu ári eða jafnvel lengri tíma, standa algerlega óbreytt enn þann dag í dag.


Fyrir utan þær almennu athugasemdir, sem gerð hefur verið grein fyrir, er um að ræða fjöldann allan af breytingartillögum sem gera verður við frumvarpið ef það á að verða að lögum. 3. minni hluti hefur ekki talið ástæðu til þess að gera breytingartillögur við einstakar greinar vegna þess að hann hefur talið út í hött að afgreiða málið eins og það er núna þar sem það er illa unnið af hálfu nefndarinnar og í fullri andstöðu við þá aðila sem mestu skipta í þessu sambandi. Fari hins vegar svo að meiri hlutinn knýi málið í gegnum 2. umræðu áskilur 3. minni hluti sér rétt til að flytja breytingartillögur við einstaka greinar frumvarpsins við 3. umræðu og er þar um að ræða mikið safn breytingartillagna sem gerð verður grein fyrir við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Framlög til menntamála eftir árum frá 1991 til og með 1995 föstu verðlagi



Fylgiskjal II.

Útgjöld menntamálaráðuneytis árin 1991–1993 samanborið við áætluð útgjöld í fjárlögum 1994 og frumvarpi til fjárlaga 1995.

(Úr frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995, bls. 291.)

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1995 Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Frumvarp 1995 m.kr.
Aðalskrifstofa	268	235	242	239	237
Háskólar og rannsóknir	2.704	2.517	2.564	2.560	2.498
Framhaldsskólar og héraðsskólar	3.865	3.800	3.722	3.782	3.855
Grunnskólar og sérskólar	5.764	5.639	5.401	5.266	5.460
Námsaðstoð	2.787	2.238	1.885	1.681	1.600
Annað	1.384	1.368	1.436	1.414	1.468
Viðhalds og stofnkostnaður	2.002	1.507	1.947	1.916	1.554
Samtals	**18.774**	**17.303**	**17.197**	**16.858**	**16.673**

Fylgiskjal III.

Ályktun miðstjórnar Alþýðubandalagsins um mótun menntastefnu, grunnskólafrumvarpið og aukið fjármagn til menntamála.

Miðstjórn Alþýðubandalagsins hefur fjallað um menntamál á fundi sínum 5.–6. nóvember 1994.

Miðstjórnin telur að menntamál eigi að vera eitt þeirra viðfangsefna sem efst eru á dagskrá í íslenskum þjóðmálum. Heilsteypt stefna í mennta- og menningarmálum er ein mikilvægasta forsenda þess að lífskjör á Íslandi verði sambærileg við það sem gerist annars staðar. Góð menntun er ein af undirstöðum lýðræðis og efnahagsframfara.

Í síðustu ríkisstjórn beitti Alþýðubandalagið sér fyrir mótun menntastefnu í samvinnu við samtök kennara, nemenda, foreldra og annarra sem hlut eiga að skólamálum. Árangur þessarar stefnumótunar birtist meðal annars í eftirfarandi atriðum:

— auknum framlögum til menntamála,
— nýjum lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla,
— auknu sjálfstæði skólanna um mannaráðningar,
— breyttum lögum um Háskóla Íslands,
— auknu fjármagni til rannsókna um þróunarstarfsemi.

Samhliða þessari stefnumótun voru teknar mikilvægar ákvarðanir í menningarmálum sem styrktu undirstöðu skólastarfs til lengri eða skemmri tíma og ber þar hæst þá ákvörðun að fella niður virðisaukaskatt af menningarstarfsemi.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa framlög til menntamála hins vegar verið skorin niður. Þau hafa lækkað um 2,1 milljarð kr. frá árinu 1991. Þrengt hefur verið að faglegu frelsi skólanna, samráði við kennara hefur verið hafnað við stefnumótun og þau frumvörp, sem fyrir liggja um málefni skólanna, eru illa undirbúin. Ekki er við því að búast að frumvarp til laga um grunnskóla verði afgreitt á því þingi sem nú situr þar eð veigamiklir þættir málsins eru vanbúnir til afgreiðslu:

1. Stoðþjónusta er í uppnámi samkvæmt frumvarpinu og gerð er tillaga um að fella sérkennslu út úr grunnskólalögunum.
2. Ekki eru tryggðir hagsmunir barna í dreifbýlinu og engin ákvæði eru í frumvarpinu um hámarksfjölda í bekkjardeildum.
3. Ekki hefur verið gengið frá kjaramálum kennara vegna lífeyrisréttinda og annarra starfstengdra réttinda þeirra.
4. Ekki hefur tekist sátt við sveitarfélögin um tilflutning grunnskólans til sveitarfélaganna, meðal annars vegna þess að fjármagnið, sem ætlað er til grunnskólans, er ekki nægilegt.

Það er skoðun miðstjórnarinnar að rétt sé að fresta afgreiðslu grunnskólafrumvarpsins. Óhjákvæmilegt er að búa betur um hnúta áður en hægt er að taka afstöðu til þess.

Miðstjórn Alþýðubandalagsins telur brýnt að flokkurinn beiti sér fyrir því að menntamál verði eitt aðalmál kosningabaráttunnar sem fram undan er. Í þeirri baráttu leggur flokkurinn fram sín verk og bendir á „Til nýrrar aldar", stefnuna sem mótuð var meðan Alþýðubandalagið hafði með menntamál að gera.

Skólamál, rannsóknir og menntun eiga að vera forgangsatriði á komandi árum. Alþýðubandalagið telur áríðandi að framlög til skólamála hérlendis verði svipað hlutfall af þjóðartekjum og gerist í grannlöndum okkar. Alþýðubandalagið mun því beita sér fyrir markvissri uppbyggingu skólakerfisins í stað þess niðurskurðar sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrirvarar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem samþykktir voru á XV. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 31. ágúst til 2. september 1994:

1. Að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir öllum þeim aukna kostnaði er yfirtökunni fylgir þannig að grunnskólanám allra barna í landinu verði tryggt.
2. Vanda sveitarfélaga, sem yfirtaka hlutfallslega háan grunnskólakostnað miðað við tekjur, verði mætt með jöfnunaraðgerðum.
3. Að fullt samkomulag náist milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þar með talin meðferð lífeyrisréttinda.

Niðurstaða þarf að hafa náðst í þessum málum fyrir áramót svo að yfirtaka sveitarfélaga geti átt sér stað á næsta ári.

679. Skýrsla [322. mál]

um áhrif verkfalls sjúkraliða í Sjúkraliðafélagi Íslands, samkvæmt beiðni.

Á þskj. 488 lögðu þingmennirnir Ingibjörg Pálmadóttir, Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðmundur Bjarnason, Guðni Ágústsson, Jón Helgason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Stefán Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson og Pétur Bjarnason fram beiðni um skýrslu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um verkfall sjúkraliða.

Óskað var upplýsinga um hvaða áhrif verkfallið hafði á:

1. öryggi sjúklinga,
2. þjónustu og umönnun sjúklinga,
3. bið eftir lífsnauðsynlegum læknisaðgerðum,
4. starfsálag og starfsaðstæður annarra heilbrigðisstétta í verkfallinu.

Við undirbúning skýrslunnar var leitað upplýsinga hjá Sjúkraliðafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sókn, stjórnsýslu heilsugæslustöðva í Reykjavík og yfirmönnum hjúkrunar á Landspítalanum, Borgarspítalanum og St. Jósefsspítala, Landakoti.

Almennt um verkfall sjúkraliða.

Verkfall sjúkraliða hófst 10. nóvember og lauk 30. desember 1994.

Sjúkraliðafélag Íslands, sem gerði verkfall, hefur um 2.110 félagsmenn alls. Um 1.100 þeirra eiga aðild að stéttarfélaginu og starfa sem sjúkraliðar. Eru þeir allflestir búsettir og starfa á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Alls voru um 759 sjúkraliðar í verkfalli (upplýsingar SLFÍ).

Þeir sjúkraliðar, sem búa og starfa utan höfuðborgarsvæðisins og ekki eiga stéttarfélagsaðild að Sjúkraliðafélagi Íslands, gerðu ekki verkfall og sinntu störfum sínum með hefðbundnum hætti meðan á verkfalli stóð. Er fjöldi þessara sjúkraliða á bilinu 600–700.

Verkfalls sjúkraliða gætti því fyrst og fremst í Reykjavík og nágrenni og náði til sjúkrahúsa, öldrunarstofnana og heilsugæslu.

Verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim þáttum er alþingismenn óskuðu sérstaklega skoðunar á.

1. Öryggi sjúklinga.

Hart var deilt um leikreglur í verkfalli sjúkraliða. Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, eru öryggisákvæði svo halda megi uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og tryggja öryggi sjúkra í verkfalli. Deilt var um túlkun þessara ákvæða.

Í 2. mgr. 19. gr. ofangreindra laga er gert ráð fyrir að birtir séu listar yfir starfsemi sem undanþegin er verkfallsaðgerðum.

Á Landspítalanum var deilt um túlkun á undanþágulistum. Listi yfir þær deildir Ríkisspítala, sem skal starfrækja í verkfalli opinberra starfsmanna, var birtur í Stjórnartíðindum 23. janúar 1992. Þann 26. október sl. var Sjúkraliðafélagi Íslands sendur listi með nöfnum þeirra sjúkraliða sem störfuðu á umræddum deildum og áttu að mati stjórnenda sjúkrahússins að vinna í verkfalli skv. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986.

Sjúkraliðafélagið óskaði eftir fundum með forráðamönnum Landspítalans um þessa lista þar sem þeir voru ekki réttir að mati félagsins. Farið var yfir listana á þremur fundum þar sem þeir voru leiðréttir og samþykktir. Samkvæmt þessari niðurstöðu áttu u.þ.b. 60% sjúkraliða að vinna í verkfallinu (155 sjúkraliðar á undanþágu en 109 í verkfalli).

Þegar til kastanna kom taldi Sjúkraliðafélag Íslands undanþágulistana ekki nógu nákvæma og mættu 48 sjúkraliðar á fimm svokölluðum undanþágudeildum ekki til starfa í upphafi verkfalls. Mat stjórnenda Ríkisspítala var að hér væri um óheimila fjarvist að ræða og hvöttu þeir sjúkraliða til að koma þegar til starfa.

Fjármálaráðherra stefndi svo Sjúkraliðafélagi Íslands fyrir hönd ríkisins til Félagsdóms og féll dómur 9. desember fjármálaráðherra í vil. Þrátt fyrir dóminn mættu sjúkraliðar ekki til starfa fyrr en forstjóri Ríkisspítala hafði boðað forustu þeirra til fundar og gert við sjúkraliða sérstakt samkomulag um framkvæmd verkfallsins. Var frá þeim degi tekið mið af undanþágulistum við framkvæmd verkfalls.

Verkfallslisti, sem segir fyrir um hverjir eigi að vinna í verkfalli hjá Reykjavíkurborg, voru lagðir fram í janúar 1994. Ekki bárust athugasemdir við listann frá Sjúkraliðafélagi Íslands og var hann notaður við skipulag þjónustu við sjúklinga á Borgarspítalanum. Þegar til verkfalls kom virtu sjúkraliðar ekki þennan lista og mættu mun færri til vinnu en gert hafði verið ráð fyrir af hálfu stjórnenda stofnunarinnar.

Stjórnendur spítalans gerðu samkomulag við sjúkraliða um framkvæmd verkfalls 12. desember sem fól m.a. í sér að sjúkraliðar virtu verkfallslistann og sinntu bráðaþjónustu á sjúkrahúsinu og að sótt yrði um undanþágur fyrir sjúkraliða á öllum deildum sem opnar voru. Við samkomulagið mættu sjúkraliðar til starfa samkvæmt verkfallslista, en rufu samkomulagið 21. desember vegna þess að ekki hefði tekist að minnka bráðaálagið á sjúkrahúsinu. Stjórnendur töldu það ekki á sínu valdi og niðurstaðan varð sú að sjúkraliðar höfnuðu öllum viðræðum við Borgarspítalann í undanþágunefnd það sem eftir var verkfalls.

Nokkrar sjúkrastofnanir höfðu ekki birt undanþágulista yfir þá starfsemi sem ekki mætti leggja niður í verkfalli. Stærst þessara stofnana var St. Jósefsspítali, Landakoti. Stjórnendur þeirrar stofnunar töldu að sjúkraliðum bæri að koma til starfa á nokkrum deildum þar í samræmi við áðurnefnd ákvæði laga um undanþágur. Var málinu skotið til Félagsdóms sem komst að þeirri niðurstöðu 15. nóvember sl. að þar sem ekki höfðu verið birtir undanþágulistar vegna tiltekinnar starfsemi gætu sjúkraliðar gert verkfall á allri stofnuninni. Af hálfu sjúkrahússins var brugðist við með því að draga saman starfsemi meira en áformað hafði verið. Aðallega var sótt um undanþágur fyrir starfsemi barnadeildar og voru þær veittar.

Ekki hefur áður komið til jafnmikils ágreinings milli starfsstétta í verkfalli og viðsemjenda þeirra um skilning á undanþágulistum, en svipaðir listar hafa verið notaðir til grundvallar við skipulagningu starfa í verkfalli nú um nokkurra ára skeið.

Töluverður ágreiningur kom einnig fram um túlkun á 20. gr. laga nr. 94/1986 sem er svohljóðandi: „Sé verkfall hafið er heimilt að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi."

Neyðarástand er ekki skilgreint frekar í þessum lögum.

Á grundvelli þessarar greinar töldu sjúkraliðar að þeim bæri ekki að koma til starfa nema um neyðarástand væri að ræða og bæri þá stjórnendum stofnana að lýsa yfir slíku ástandi. Til þeirra ráða voru stjórnendur ófúsir að grípa og voru viðbrögð sjúkraliða þau að synja undanþágubeiðnum. Stjórnendur álitu það hins vegar mikinn ábyrgðarhluta að tala um neyðarástand og vilja aðeins nota hugtakið þegar um náttúruhamfarir eða hópslys er að ræða svo einhver dæmi séu tekin. Á það var bent að sjúklingar og aðstandendur þeirra yrðu óttaslegnir að óþörfu ef ástandi sjúkrastofnana væri líkt við slíka neyð.

Enda þótt deilt hafi verið um einstaka undanþágur í verkföllum heilbrigðisstétta áður hefur ekki komið til þess að afgreiðsla á undanþágum miðaðist aðeins við neyðarástand í þeim skilningi sem hér er lýst.

Í samræmi við 21. gr. ofangreindra laga starfaði undanþágunefnd í verkfalli sjúkraliða og var annar nefndarmanna tilnefndur af stéttarfélagi sjúkraliða en hinn af viðsemjenda þeirra. Í starfsreglum undanþágunefndar Sjúkraliðafélags Íslands kemur fram að það sé gagnaðilans að sýna fram á í hverju einstöku tilviki að um nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu sé að ræða. Um þetta stóð töluverður styr.

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkraliðafélagi Íslands voru umsóknir alls 1.940 og voru 1.428 þeirra samþykktar. Sjúkraliðafélagið bendir á að undanþágubeiðnirnar eru mjög margar og telur að ástæðan sé andvaraleysi stjórnenda sjúkrahúsa, elli- og dvalarheimila sem ekki höfðu farið að lögum og birt lista um undanþegna starfsemi eins og gert er ráð fyrir.

Þrátt fyrir þessar deilur er það samdóma álit hjúkrunarstjórnenda að öryggis sjúklinga hafi verið gætt í hvívetna og ekki hafi verið hætta á ferðum í þeim efnum. Nokkrir hjúkrunarfræðingar lýstu því yfir strax í upphafi verkfalls að þeir mundu ætíð tryggja öryggi sjúklinga og mundu því ganga til starfa á sjúkradeildum þar sem þeir teldu brýna nauðsyn krefja. Af þessu spunnust síðan deilur þessara tveggja starfsstétta um starfssvið, og sökuðu sjúkraliðar hjúkrunarfræðinga um að ganga í sín störf.

Öryggi sjúklinga var þannig tryggt með framkvæmd öryggisákvæða ofangreindra laga og með endurskipulagi hjúkrunarþjónustu. Leiddi þetta til mikils vinnuframlags sjúkraliða sem störfuðu samkvæmt undanþágum, hjúkrunarfræðinga og Sóknarstarfsfólks sem lýst er í öðrum kafla þessarar skýrslu.

2. Þjónusta og umönnun sjúklinga.

Verkfallið hafði í för með sér lokanir sjúkradeilda og skerta þjónustu víða þar sem sjúkraliðar starfa.

Á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík varð að loka nokkrum sjúkradeildum og draga saman þjónustu á öðrum. Á Ríkisspítölum var strax lokað 124 rýmum á bæklunarlækningadeild, lýtalækningadeild, hálfri taugalækningadeild, fimm daga lyflækningadeild og hálfri almennri lyflækningadeild.

Á Borgarspítalanum reyndist mjög erfitt að draga saman rekstur á bráðadeildum þar sem langflestir sjúklingar eru lagðir þar inn brátt og erfitt að stýra innlögnum. Fækkun varð á valaðgerðum á skurðstofum, fyrst og fremst vegna færri innlagna á sjúkrahúsið. Á endurhæfinga-, tauga- og öldrunardeildum varð samdráttur í þjónustu.

Á Landakotsspítala voru deildir sameinaðar og rúmum á handlækningadeildum, lyflækningadeildum og augndeild fækkað úr 54 í 18.

Á öldrunarstofnunum varð ástandið víða mjög erfitt. Verkfallið tók til 97,5 stöðugilda á þessum stofnunum og voru alls 145 sjúkraliðar í þessum stöðugildum í verkfalli. Á þremur stofnunum, þ.e. Sólvangi, Droplaugarstöðum og í Seljahlíð, gætti verkfalls sjúkraliða ekki þar sem allir sjúkraliðar voru undanþegnir verkfalli samkvæmt öryggislistum eða samkvæmt samkomulagi. Í heildina fækkaði skjólstæðingum/sjúklingum á öldrunarstofnunum að meðaltali um 5%. Mest varð fækkun á Hrafnistu í Hafnarfirði, Hjúkrunarheimilinu Eir og Víðihlíð í Grindavík. Skjólstæðingum annarra stofnana fækkaði ekki eða óverulega, enda reyndist nær ógerningur að flytja aldraða af hjúkrunar- og dvalarheimilum. Töluverð röskun varð á allri þjónustu og var gripið til þess ráðs að leita til aðstandenda um aðstoð við að sinna grunnþörfum aldraðra á þessum stofnunum.

Á heilsugæslustöðvum í Reykjavík starfa sjúkraliðar fyrst og fremst við heimahjúkrun. Þar eru rúm átta stöðugildi fyrir sjúkraliða og var þjónusta víða eitthvað skert og ekki tekið við nýjum beiðnum. Á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur starfa 14 sjúkraliðar, þar af er einn utan félags og fjórir eru á undanþágulista. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur sinnir bæði helgar- og næturþjónustu fyrir þá íbúa höfuðborgarsvæðisins sem þurfa hjúkrun utan dagvinnutíma, auk heimahjúkrunar á hefðbundnum dagvinnutíma. Á Heilsuverndarstöðinni dró mikið úr heimahjúkrun og fékk þriðjungur skjólstæðinga stofnunarinnar enga þjónustu en aðrir mjög skerta.

Heimaþjónustan í Reykjavík leið í verkfallinu. Sóknarstarfsmenn sinna þessari þjónustu, en þjónustuþörfin á heimilunum er metin af verkstjórum sem margir hverjir eru sjúkraliðar. Fjöldi fatlaðra og aldraðra, sem varð af heimaþjónustu og bjó við mikla erfiðleika, hafði samband við forustu Sóknar meðan á verkfallinu stóð. Að sögn forsvarsmanna Sóknar var oft erfitt að gera þessum skjólstæðingum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur grein fyrir hverju það sætti að þeir yrðu að vera án heimaþjónustunnar meðan á verkfalli sjúkraliða stóð því Sóknarstarfsfólk sinnir störfunum.

3. Bið eftir lífsnauðsynlegum læknisaðgerðum.

Þess er ætíð gætt að sjúklingar sem þurfa á lífsnauðsynlegum læknisaðgerðum að halda þurfi ekki að bíða. Á það einnig við á verkfallstímum þótt þá sé erfiðara um vik. Þannig var tryggt á meðan verkfall sjúkraliða stóð að engin töf yrði á þjónustu við bráðveika sjúklinga. Ágreiningur varð á stundum um það hvaða þjónusta telst bráðaþjónusta, en almennt má segja að sjúklingar í brýnni þörf fyrir tafarlausa læknismeðferð hafi fengið hana.

Biðlistar sjúklinga eftir aðgerðum lengdust hins vegar í nokkrum greinum skurðlækninga, en endanlegar tölur liggja ekki fyrir hjá stóru sjúkrahúsunum í því efni.

Aðgerðafjöldi á Borgarspítalanum í nóvember og desember 1993 var 904, en fór sömu mánuði 1994 niður í 665.

Á Landspítalanum lengdust sérstaklega biðlistar eftir hjartaþræðingum og ýmsum bæklunaraðgerðum.

Á Landakotsspítala lengdust biðlistar og sjúklingar sem biðu heima kvörtuðu undan vanlíðan. Á legudeild augndeildar fækkaði innlögnum af biðlistum úr 4 á dag niður í 1–2 að meðaltali. Biðlistar mynduðust eftir innlögnum á lyflæknadeild.

4. Áhrif verkfalls sjúkraliða á starfsálag og starfsaðstæður annarra heilbrigðisstétta.

Verkfallið hafði ekki mikil áhrif á störf flestra heilbrigðisstétta að öðru leyti en því að víða dró úr afköstum og vinnuframlagi þar sem verkfallið hafði lamandi áhrif á ýmsa starfsemi stofnana. Samstarf stétta var almennt mjög gott meðan á verkfallinu stóð og lögðust starfsmenn á eitt um að leysa þau mál er upp komu vegna þess.

Starfsálag og aðstæður tveggja nánustu samstarfsstétta sjúkraliða, Sóknarstarfsmanna og hjúkrunarfræðinga, varð hins vegar mjög mikið og lögðu þessir starfsmenn á sig ómælda vinnu þennan tíma.

Verkfallið hafði víðtæk áhrif á störf félagsmanna Sóknar. Við umönnun aldraðra og fatlaðra háttar víða svo til að ekki eru greinileg skil milli þeirra starfa sem sjúkraliðum er ætlað að sinna og starfa Sóknarstarfsfólks.

Á sumum stofnunum var allt að þriðjungur sjúkraliða í verkfalli, en þrátt fyrir það var leitast við að halda stofnunum opnum og veita svipaða þjónustu og við eðlilegar kringumstæður. Því varð vinnuálag mjög mikið. Má sem dæmi nefna vinnustað þar sem einn hjúkrunarfræðingur og einn Sóknarstarfsmaður stóðu næturvakt á tveimur deildum. Oft vantaði helming starfsmanna á vaktir og bárust forsvarsmönnum Sóknar fjölmargar kvartanir um að starfsmenn væru að niðurlotum komnir þar sem þeir ynnu undir margföldu álagi.

Framan af verkfallinu var víðast reynt að raska ekki daglegri umönnun vistmanna eða sjúklinga, enda gerðu starfsmenn sér vonir um að um stutt verkfall yrði að ræða. Ekki reyndist þó framkvæmanlegt lengi að standa þannig að verki og þurfti víðast að grípa til þess að takmarka þjónustu. Bent var á að til hefðu átt að vera áætlanir um hvaða verk ættu að hafa forgang við aðstæður sem þessar þannig að ekki kæmi til slíks erfiðleikaástands og raun bar vitni. Þannig hefði e.t.v. mátt stýra álagi á Sóknarstarfsmenn með betra skipulagi.

Sóknarstarfsmenn, sem störfuðu ekki beint við umönnun, tókust líka á við afleiðingar verkfalls. Þannig var töluvert um tilfærslur á starfsfólki við ræstingar vegna lokana deilda. Ollu þessar breytingar óþægindum þar sem vaktakerfi riðlaðist fyrir bragðið.

Í framhaldi af beiðni heilbrigðisráðuneytisins um upplýsingar gerði Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga könnun á starfsálagi og starfsaðstæðum á þeim stofnunum sem verkfall sjúkraliða náði til. Spurningalisti var sendur til 38 heilbrigðisstofnana og fengust svör frá 32 þeirra. Niðurstöður þeirrar könnunar eru notaðar í eftirfarandi yfirlit.

Á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík er enn verið að vinna úr tölum um sjúklingaflokkun (hjúkrunarþyngd), veikindi starfsfólks, yfirvinnu, nýtingu rúma og legudaga. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir er tímabært að draga víðtækar ályktanir um áhrif verkfallsins. Almennt má segja að álag hafi verið mismikið á starfsfólk og fer það eftir eðli starfsemi á hverjum stað. Þannig reyndi mjög mikið á starfsfólk á þeim deildum þar sem hlutfall sjúkraliða er að jafnaði hátt, svo sem á öldrunarlækningadeildum og á hjúkrunardeildum. Sums staðar er starfsemin hins vegar þannig að verkfalls gætti lítið sem ekkert.

Verkfall sjúkraliða náði til 80% setinna stöðugilda sjúkraliða á öldrunarstofnunum. Fækkaði starfsfólki innan hjúkrunarsviðs um 16% á sama tíma og sjúklingum fækkaði aðeins um 5%. Fjöldi sjúklinga á hvern starfandi starfsmann jókst því um þriðjung. Á mörgum stofnunum var ekki hægt að merkja að yfirvinna hjúkrunarfræðinga ykist í verkfallinu, en hins vegar jókst vinnuálag á þá starfsmenn er gegndu störfum.

Starfsaðstæður hjúkrunarfræðinga á öldrunarstofnunum voru verulega erfiðar ekki síst fyrir þá sök að erfitt var að áætla hvaða undanþágur yrðu veittar og hverjum synjað. Hjúkrunarfræðingar kvörtuðu undan að ekki væri hægt að skipuleggja þjónustu vegna ómarkvissrar afgreiðslu undanþágubeiðna. Þannig ríkti stundum óvissa við vaktaskipti um hve margt starfsfólk kæmi til starfa.

Álag á starfsfólk heilsugæslustöðva jókst fyrst og fremst í heimahjúkrun á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Fjöldi skjólstæðinga á hvert stöðugildi á viku fyrir verkfall var 13,1, en í verkfallinu fjölgaði þeim í 14,5–15,7 skjólstæðinga. Ljóst er að þeir skjólstæðingar sem fengu þjónustu í verkfalli þurftu meiri hjálpar við en þeir sem féllu út.

Á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði og á Meðferðarstofnun SÁÁ voru allir starfandi sjúkraliðar í verkfalli og svöruðu stofnanirnar auknu álagi með verulegri fækkun skjólstæðinga sem leiddi til viðunandi vinnuálags hjá hjúkrunarfræðingum.

Lokaorð.

Starfsfólk við umönnun sjúklinga starfar víða við erfið skilyrði. Vinnuálag er oft mikið því lágmarksmönnun og sívaxandi hjúkrunarþyngd gerir þessi störf við bestu aðstæður mjög krefjandi. Heilbrigðisstofnanir okkar eru yfirleitt skipulagðar þannig að ekki er um að ræða óþarfa starfskrafta eða mikið svigrúm til fækkunar stöðugilda. Því er ljóst að lítið má út af bera til að verulegir erfiðleikar skapist.

Í kjölfar aðgerða eins og verkfalls sjúkraliða er nauðsynlegt að staldra við og draga lærdóm af atburðunum. Í því skyni þarf að endurmeta hvernig tryggja má að ákveðnir skjólstæðingar heilbrigðisþjónustunnar fái ætíð þá þjónustu sem þeim ber. Þá hefur komið í ljós að endurskoða ber mönnun á nokkrum stöðum með það í huga að nýta sem best starfskrafta hinna ýmsu heilbrigðisstétta.

680. Frumvarp til laga [418. mál]

um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

I. KAFLI

Breytingar á lögum um bókhald, nr. 145/1994.

1. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, IV. kafli, **Viðurlög og málsmeðferð**, með sex nýjum greinum og breytist greinatala IV. kafla, sem verður V. kafli, samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (36. gr.)

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 38.–40. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 37. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 38. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.

b. (37. gr.)

Svofelld háttsemi bókhaldsskylds manns eða fyrirsvarsmanns lögaðila telst ætíð meiri háttar brot gegn lögum:

1. Ef hann færir ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig eða lögaðila þannig að hann uppfylli ekki kröfur laga í meginatriðum.
2. Ef hann varðveitir ekki fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn eða gerir það á svo ófullnægjandi hátt að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim.
3. Ef hann rangfærir bókhald eða bókhaldsgögn, býr til gögn sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila, vantelur tekjur kerfisbundið eða hagar bókhaldi með öðrum hætti þannig að gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.
4. Ef hann eyðileggur bókhald sitt eða lögaðila, í heild eða einstakar bókhaldsbækur, skýtur þeim undan eða torveldar aðgang að þeim með öðrum hætti. Sama á við um hvers konar bókhaldsgögn sem færslur í bókhaldi verða raktar til.
5. Ef hann lætur undir höfuð leggjast að semja ársreikning í samræmi við niðurstöður bókhalds, eða ársreikningur hefur ekki að geyma nauðsynlega reikninga og skýringar eða er rangfærður að öllu leyti eða hluta, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við þau brot sem lýst er í 1.–5. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.

c. (38. gr.)

Bókhaldsskyldur maður eða fyrirsvarsmaður lögaðila gerist sekur um refsivert brot gegn lögum þessum með athöfnum þeim eða athafnaleysi sem hér segir:

1. Ef hann vanrækir að færa einstakar bókhaldsbækur eða hagar bókhaldi sínu, bókhaldsfærslum, meðferð bókhaldsgagna eða gerð ársreikninga andstætt ákvæðum laga og reglugerða, enda liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt þeim lögum eða öðrum.
2. Ef hann hagar ekki bókhaldi sínu á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt, á grundvelli fullnægjandi gagna og í samræmi við góða bókhaldsvenju eða tekjuskráning er ekki byggð á skýru og öruggu kerfi þannig að rekja megi tekjur og önnur viðskipti og notkun fjármuna.
3. Ef hann vanrækir að tryggja vörslur bókhalds, bókhaldsgagna eða ársreiknings eða hefur skipulag og uppbyggingu bókhaldsins og fylgiskjala þess ekki með öruggum hætti.
4. Ef hann skráir ekki viðskipti samkvæmt góðri bókhaldsvenju, framkvæmir ekki færslur í númera- og tímaröð og með tilskildum reikningseinkennum.
5. Ef hann hagar ekki gerð ársreiknings eða einstakra þátta hans þannig að hann gefi skýra mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess í samræmi við góða reikningsskilavenju.
6. Ef hann vanrækir að framkvæma vörutalningu, ekki komi fram í birgðaskrá tilskildar upplýsingar um magn, einingaverð og útreiknað verðmæti hverrar vörutegundar eða mat vörubirgða er verulega rangt.

Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við brot þau sem lýst er í 1.–6. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.

d. (39. gr.)

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 37. og 38. gr. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

e. (40. gr.)

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

f. (41. gr.)

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að málið verði fengið yfirskattanefnd til úrlausnar.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirskattanefnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Sakir samkvæmt lögum þessum fyrnast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

2. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994.

3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, **Viðurlög og málsmeðferð**, með sjö nýjum greinum og breytist greinatala X. kafla, sem verður XI. kafli, samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (82. gr.)

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 84.–87. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 83. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 84. og 85. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.

b. (83. gr.)

Svofelld háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga skv. 1. gr. telst ætíð meiri háttar brot gegn þeim:

1. Ef þeir láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning eða samstæðureikning er hafi að geyma þá reikninga, yfirlit og skýringar sem lög þessi kveða á um.
2. Ef þeir rangfæra ársreikning, samstæðureikning eða einstaka hluta þeirra, byggja ekki samningu þeirra á niðurstöðu bókhalds eða láta rangar eða villandi skýringar fylgja, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Sama á við ef maður aðstoðar stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í þessari grein eða stuðlar að þeim á annan hátt.

c. (84. gr.)

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri félags skv. 1. gr. gerast sekir um refsivert brot gegn lögum þessum með athöfnum þeim eða athafnaleysi því sem hér greinir:

1. Ef þeir haga gerð ársreiknings eða samstæðureiknings andstætt lögum þessum þannig að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd í samræmi við góða reikningsskilavenju af rekstrarafkomu á reikningsárinu, eignabreytingu á árinu og efnahag í lok þess eða þeir brjóta í bága við fyrirmæli í VII. og VIII. kafla laga þessara, enda liggi ekki við broti þessu þyngri refsing samkvæmt þeim lögum eða öðrum.
2. Ef þeir í skýrslu stjórnar greina ranglega frá eða leyna mikilsverðum upplýsingum sem þýðingu hafa um mat á fjárhagslegri stöðu félagsins eða félagasamstæðunnar og á afkomu þeirra á reikningsárinu.

Sama á við ef maður aðstoðar stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í þessari grein eða stuðlar að þeim á annan hátt.

d. (85. gr.)

Endurskoðendur eða skoðunarmenn gerast sekir um refsiverð brot gegn lögum þessum með athöfnum eða athafnaleysi því sem hér greinir:

1. Ef þeir taka að sér að framkvæma endurskoðun án þess að uppfylla hæfisskilyrði laganna.
2. Ef þeir haga störfum sínum andstætt ákvæðum laga þessara eða í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju.
3. Ef þeir með áritun sinni gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félagsins.

e. (86. gr.)

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 83. og 84. gr. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

f. (87. gr.)

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

g. (88. gr.)

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill ekki hlíta því að málið verði fengið yfirskattanefnd til úrlausnar.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirskattanefnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

Sektir fyrir brot á lögum þessum renna í ríkissjóð.

Sakir samkvæmt lögum þessum fyrnast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

4. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI
Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik“ í 5. mgr. 96. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

6. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik“ í 3. mgr. 101. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik“ í 8. mgr. 27. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

V. KAFLI
Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „og skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skv. 38.–40. gr., sbr. 41. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, og skv. 84.–87. gr., sbr. 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

VI. KAFLI
Gildistökuákvæði.
9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er unnið á vegum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Við meðferð frumvarpa um bókhald og ársreikninga á Alþingi í haust voru á vegum fjármálaráðuneytisins samdar viðbætur við þau frumvörp er fjölluðu um viðurlög við brotum og málsmeðferð. Þær viðbætur komu seint fram og taldi efnahags- og viðskiptanefnd rétt að fresta málinu um sinn. Nefndin leitaði umsagnar Félags löggiltra endurskoðenda, Íslenskrar verslunar, Lögmannafélags Íslands, Neytendasamtakanna, Verslunarráðs og VSÍ um fyrirliggjandi frumvarpsdrög. Að fengnum umsögnum frá þeim hafa frumvarpsdrögin verið endurskoðuð og endursamin.

Ákvæði þessa frumvarps eru liður í heildarendurskoðun viðurlagaákvæða í skattalögum og bókhaldslögum. Sérstakt frumvarp hefur verið flutt af dómsmálaráðherra til breytinga á 262. gr. almennra hegningarlaga og annað frumvarp hefur verið flutt af fjármálaráðherra um breytingar á refsiákvæðum nokkurra skattalaga. Með þeim frumvörpum og því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er stefnt að heilsteyptu og skilvirku átaki löggjafans gegn skattsvikum og bókhaldsbrotum. Rétt er að taka fram að í gildandi bókhaldslögum, nr. 145/1994, og ársreikningslögum, nr. 144/1994, eru ófullkomin ákvæði um viðurlög og málsmeðferð. Núverandi ákvæði 262. gr. hegningarlaga tekur til bókhaldsbrota en er að ýmsu leyti gallað og alls ófullnægjandi eins og nánar kemur fram í athugasemdum við umrætt hegningarlagafrumvarp.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er lagt til að í stað núverandi IV. kafla laga um bókhald komi nýr IV. kafli með heitinu „Viðurlög og málsmeðferð", 36.–41. gr. Ákvæði þau, sem nú eru í IV. kafla laganna undir heitinu „Ýmis ákvæði", verða að V. kafla með sama heiti. 36. gr. laganna verður 42. gr. og 38. gr. laganna verður 43. gr, en 37. gr. laganna fellur brott.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins, sem verður 36. gr. laganna, eru ákvæði um saknæmisskilyrði og refsimörk fyrir hinn nýja IV. kafla laganna í heild. Í b-lið 1. gr., sem verður 37. gr., eru verknaðarlýsingar tiltekinna athafna og athafnaleysistilvika sem ætíð teljast meiri háttar brot gegn lögunum og varða því refsingu skv. 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Í c-lið 1. gr. frumvarpsins, sem verður 38. gr. laganna, er fjallað um önnur brot gegn lögunum sem nánar eru skilgreind. Í d-lið 1. gr. frumvarpsins, sem verður 39. gr. laganna, er ákvæði um tilraun til brota og hlutdeild í brotum, að svo miklu leyti sem ekki er fjallað um hlutdeild í brotum í öðrum ákvæðum kaflans. Ákvæði e-liðar 1. gr. frumvarpsins, sem verður 40. gr. laganna, fjallar um refsiábyrgð lögaðila, svo og fésektir og starfsréttindasviptingu sem við tilteknar aðstæður má gera lögaðila þegar fyrirsvarsmaður eða starfsmaður lögaðilans gerist sekur um brot og sætir refsingu. Í f-lið 1. gr. frumvarpsins, sem verður 41. gr. laganna, er fjallað um refsimeðferð brota gegn lögunum og fyrningu þeirra.

Um 1. gr.

(a.)

Í ákvæði þessu, sem verður 36. gr. laganna, er gert ráð fyrir sömu saknæmisskilyrðum fyrir refsiábyrgð og í ákvæðum skattalaga, bæði í gildandi lögum og hinu nýja frumvarpi, svo og í frumvarpi til breytinga á 262. gr. hegningarlaga. Um rök fyrir þessari tilhögun saknæmisskilyrða má vísa til athugasemda með hegningarlagafrumvarpinu um breytingu á 262. gr. þeirra laga.

Í ákvæðinu felst mikilvæg nýskipan refsimarka í tengslum við hið nýja ákvæði 262. gr. hegningarlaga. Í hegningarlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að brot gegn bókhaldslögum, ársreikningslögum og gegn tilteknum ákvæðum skattalaga varðandi bókhald geti talist meiri háttar brot skv. 262. gr. hegningarlaga, að uppfylltum tilteknum viðbótarskilyrðum þess ákvæðis. Ákvæði IV. kafla bókhaldslaga og X. kafla laga um ársreikninga í heild, svo og tvö tiltekin ákvæði skattalaga, eru talin upp í 2. mgr. 262. gr., og eins er í þessum ákvæðum vísað til 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Ef brot telst meiri háttar samkvæmt þessu liggur við því varðhald eða fangelsi allt að sex árum og heimilt er að beita fésektum til viðbótar refsivist. Ef háttsemi telst ekki meiri háttar brot varðar hún venjulegum fésektum allt að hámarki því sem tilgreint er í 50. gr. hegningarlaga (4 millj. kr.). Sérstaklega er ákveðið að brot gegn 37. gr. skuli ætíð teljast meiri háttar brot og varða þau því refsingu skv. 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga án tillits til þess hvort eitthvert þeirra viðmiðunaratriða telst vera fyrir hendi sem talin eru upp í 3. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Þó er möguleiki samkvæmt ákvæðinu að dæma einungis í fésekt fyrir meiri háttar brot ef málsbætur eru miklar.

(b.)

Ákvæði þetta, sem verður 37. gr. laganna, tekur til háttsemi bókhaldsskyldra manna eða fyrirsvarsmanna bókhaldsskyldra lögaðila, að undantekinni 2. mgr. ákvæðisins sem varðar refsiábyrgð annarra manna sem aðstoða framangreinda menn við bókhaldsbrot eða stuðla að þeim á annan hátt. Eins og áður getur tekur ákvæðið til athafna og athafnaleysistilvika sem talin eru svo alvarlegs eðlis að rétt þykir að virða þau ætíð sem meiri háttar brot. Í stórum dráttum felast í verknaðarlýsingum hinna einstöku liða samhverf brot sem eru refsiverð án tillits til hugsanlegra afleiðinga þeirra. Frávik frá þessu almenna einkenni er í 4. tölul. sem lýsir því tjónsbroti að eyðileggja bókhaldsbækur eða bókhaldsgögn eða skjóta þeim undan, þ.e. áskilið er að tilteknar afleiðingar af háttseminni komi fram í eyðileggingu eða hvarfi gagnanna.

Í 1. tölul. er lýst þeirri alvarlegu vanrækslu að færa ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig eða þann lögaðila sem hinn brotlegi starfar fyrir þannig að hann uppfylli ekki kröfur laga í *meginatriðum*. Um vanrækslu, sem gengur skemmra að þessu leyti, er hins vegar fjallað í 1. tölul. c-liðar 1. gr. (38. gr. laganna) frumvarpsins og varðar það brot þá fésektum nema það uppfylli skilyrði 262. gr. hegningarlaga.

Í 2. tölul. er ákvæði sem er eðlilegt framhald af 1. tölul. og tekur til vanrækslu um að varðveita fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn svo að *ógerningur* sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim. Um brot þar sem bókhald er ekki fært á nægilega skýran og aðgengilegan hátt þannig að *erfitt* sé að rekja viðskipti og notkun fjármuna má beita 2. tölul. c-liðar 1. gr. (38. gr. laganna).

Í 3. tölul. er fjallað um rangfærslu bókhalds eða bókhaldsgagna, tilbúning gagna sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila og þá háttsemi að vantelja tekjur kerfisbundið, svo sem með tvöföldu tekjuskráningarkerfi og öðrum svipuðum athöfnum. Í 5. tölul. sama ákvæðis er fjallað um rangfærslu ársreiknings eða einstakra hluta hans. Öll rangfærslubrot falla undir b-lið 1. gr. (37. gr. laganna) og teljast því ætíð meiri háttar brot. Rétt þykir að gera þann fyrirvara að beitt skuli 158. gr. hegningarlaga ef skilyrði hennar eru uppfyllt þótt hámarksrefsing samkvæmt því ákvæði sé fangelsi allt að þremur árum.

Í 4. tölul. er ákvæði um þann sem eyðileggur bókhald sitt eða bókhald lögaðila sem hann starfar fyrir, hvort sem það nær til bókhaldsins í heild eða einstakra hluta þess, sömuleiðis ef hann skýtur þeim undan eða torveldar aðgang að þeim með öðrum hætti. Sama á við um hvers konar bókhaldsgögn.

Í 5. tölul. er fjallað um vanrækslu á að semja ársreikning er hafi að geyma þá reikninga og skýringar sem lög þessi kveða á um. Enn fremur er í ákvæðinu vikið að rangfærslu ársreikningsins eða einstakra hluta hans, eins og áður segir.

Í 2. mgr. er vikið að háttsemi manna sem aðstoða bókhaldsskyldan mann við brot þau sem lýst er í 1.–5. tölul. ákvæðisins eða stuðla að þeim á annan hátt. Með þessu ákvæði er fyrst og fremst átt við verklega aðstoð en þar sem því sleppir má beita hinu almenna ákvæði um hlutdeild í brotum skv. d-lið 1. gr. frumvarpsins (39. gr. laganna).

(c.)

Í grein þessari, sem verður 38. gr. laganna, er í 1.–6. tölul. 1. mgr. lýst ýmiss konar athöfnum og athafnaleysi bókhaldsskylds manns eða fyrirsvarsmanns bókhaldsskylds lögaðila en 2. mgr. lýtur að aðstoð annarra við brot framangreindra manna. Brot þessi varða yfirleitt fésektum en geta varðað refsingu skv. 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga ef þau teljast meiri háttar brot samkvæmt þeirri grein. Þetta ákvæði felur í sér verknaðarlýsingar sem ganga skemmra og fela því ekki í sér eins alvarleg brot og hliðstæðar verknaðarlýsingar b-liðar 1. gr. frumvarpsins, sbr. 1., 2., og 5. tölul. ákvæðisins. Í öðrum töluliðum ákvæðisins er um að ræða sérhæfðar verknaðarlýsingar sem ekki þykir þörf á að skýra hér sérstaklega.

(d.)

Ákvæði þetta, sem verður 39. gr. laganna, hefur að geyma almenna tilvísun til III. kafla almennra hegningarlaga um tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum að öðru leyti en því sem lýst er í b- og c-lið 1. gr. frumvarpsins. Um refsimörk þessara brota fer eftir a-lið 1. gr. þannig að þau sæta fésektum, sbr. 50. gr. hegningarlaga. Sérstök tilvísun til 262. gr. hegningarlaga er óþörf. Ákvæði III. kafla hegningarlaga eiga beint við ef á 262. gr. reynir.

(e.)

Ákvæði þetta, sem verður 40. gr. laganna, um refsiábyrgð lögaðila er samhljóða hliðstæðum ákvæðum í fyrrnefndu frumvarpi um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga. Fyrri málsliður ákvæðisins heimilar sjálfstæða refsiábyrgð á hendur lögaðilum sem frumvarp þetta tekur til. Þessi ábyrgð er fyllilega sjálfstæð og gildir án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Á lögaðila verða lagðar venjulegar fésektir, sbr. 50. gr. hegningarlaga. Síðari málsliður greinarinnar fjallar um fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans sem gerist sekur um eitthvert brot á lög-

unum sem að framan greinir og sætir þeirri refsingu sem þar getur, en auk þess má samkvæmt þessu ákvæði gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda þegar brotið er drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

(f.)

Ákvæði þetta, sem verður 41. gr. laganna, fjallar um málsmeðferð vegna brota á lögunum. Þar er gert ráð fyrir hliðstæðri málsmeðferð og vegna refsiverðra brota á skattalögum enda langtíðast að saman fari brot á skattalögum og bókhaldslögum. Líklegt er að í framkvæmd fari saman refsimeðferð vegna skattalagabrota og brota á lögum þessum. Rétt er þó að taka fram að hrein bókhaldsbrot, sem ekki tengjast ætluðum skattalagabrotum, geta farið í þennan sama farveg ef ákvæði frumvarps þessa verða að lögum. Þessi tilhögun er því til þess fallin að stuðla að einföldun, samræmingu og sparnaði við málsmeðferð án þess að réttaröryggi manna og lögaðila sé á nokkurn hátt skert. Það er grundvallaratriði í þessu ákvæði eins og hliðstæðum ákvæðum skattalaga að sakaðir menn eiga ætíð rétt á því að fá fullkomna sakamálameðferð hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum ef þeir vilja ekki hlíta því að yfirskattanefnd úrskurði í málinu.

Það leiðir af þessari tilhögun að rétt þykir að yfirskattanefnd fái það hlutverk að úrskurða sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. ákvæðisins. Er í því sambandi gert ráð fyrir við meðferð málsins að gerð verði nauðsynleg breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, sbr. 8. gr. frumvarps þessa. Úrskurðir yfirskattanefndar um bókhaldsbrot verða þá fullnaðarúrskurðir eins og um brot á skattalögum og vararefsing fylgir ekki úrskurðum nefndarinnar. Samkvæmt gildandi lögum úrskurðar yfirskattanefnd sektir fyrir refsiverð brot á skattalögum nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að skattrannsóknarstjóri ríkisins annist rannsókn vegna brota á lögum þessum, leggi mál fyrir yfirskattanefnd og komi fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur rannsakað brot á lögum þessum að eigin frumkvæði eða samkvæmt tilkynningu ríkisskattstjóra eða skattstjóra um að bókhaldsbrot hafi verið framin, sbr. ákvæði 96. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 27. gr. laga um virðisaukaskatt, eins og gert er ráð fyrir að þeim verði breytt við meðferð þessa frumvarps. Þá getur skattrannsóknarstjóri ríkisins á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli af sjálfsdáðum til opinberrar rannsóknar.

Um sakarfyrningu í lokamálsgrein ákvæðisins er stuðst við fyrningarákvæði í skattalögum en efni þess er gert nokkru nákvæmara í samræmi við túlkun yfirskattanefndar á fyrrnefndum ákvæðum.

Um 2. gr.

Lagt er til að 37. gr. gildandi laga um bókhald, sem er um viðurlög og málsmeðferð, falli brott við gildistöku laga þessara.

Um II. kafla.

Í II. kafla er lagt til að í stað núverandi X. kafla laga um ársreikninga komi nýr X. kafli með heitinu „Viðurlög og málsmeðferð", 82.–88. gr. Ákvæði þau, sem nú eru í X. kafla undir heitinu „Ýmis ákvæði", verða að XI. kafla með sama heiti. 82. gr. laganna verður 89. gr., 84. gr. laganna verður 90. gr. og 85. gr. verður 91. gr. en 83. gr. laganna fellur brott.

Í a-lið 3. gr. frumvarpsins, sem verður 82. gr. laganna, eru ákvæði um saknæmisskilyrði og refsimörk fyrir X. kafla laganna í heild. Í b-lið 3. gr., sem verður 83. gr. laganna, eru verknaðarlýsingar tiltekinna athafna og athafnaleysistilvika sem ætíð teljast meiri háttar brot gegn lögunum og varða því refsingu skv. 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Í c-lið 3. gr., sem verður 84. gr. laganna, er fjallað um önnur brot gegn lögunum sem þar eru nánar skilgreind. Í d-lið 3. gr., sem verður 85. gr. laganna, er í þremur töluliðum fjallað um refsiverða háttsemi, athafnir eða athafnaleysi, endurskoðenda og skoðunarmanna. Í e-lið 3. gr., sem verður 86. gr. laganna, er ákvæði um tilraun til brota og hlutdeild í brotum að svo miklu leyti sem ekki er fjallað um hlutdeild í brotum í öðrum ákvæðum kaflans. Ákvæði f-liðar 3. gr., sem verður 87. gr. laganna, fjallar um refsiábyrgð lögaðila, svo og fésektir og starfsréttindasviptingu sem við tilteknar aðstæður má gera lögaðila þegar fyrirsvarsmaður eða starfsmaður lögaðilans gerist sekur um brot og sætir refsingu. Í ákvæði g-liðar 3. gr., sem verður 88. gr. laganna, er fjallað um refsimeðferð brota gegn lögunum og fyrningu þeirra.

Um 3. gr.

(a.)

Í ákvæði þessu, sem verður 82. gr. laganna, er gert ráð fyrir sömu saknæmisskilyrðum fyrir refsiábyrgð og í ákvæðum skattalaga, bæði í gildandi lögum og hinu nýja frumvarpi, svo og í frumvarpi til breytinga á 262. gr. hegningarlaga. Um rök fyrir þessari tilhögun saknæmisskilyrða má vísa til athugasemda með hegningarlagafrumvarpinu um breytingu á 262. gr. þeirra laga.

Í ákvæðinu felst mikilvæg nýskipan refsimarka í tengslum við hið nýja ákvæði 262. gr. hegningarlaga. Í hegningarlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að brot gegn bókhaldslögum, ársreikningalögum og gegn tilteknum ákvæðum skattalaga varðandi bókhald geti talist meiri háttar brot skv. 262. gr. hegningarlaga, að uppfylltum tilteknum viðbótarskilyrðum þess ákvæðis. Ákvæði IV. kafla bókhaldslaga og X. kafla laga um ársreikninga í heild, svo og tvö tiltekin ákvæði skattalaga, eru talin upp í 2. mgr. 262. gr. og eins er í þessum ákvæðum vísað til 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Ef brot telst meiri háttar samkvæmt þessu liggur við því varðhald eða fangelsi allt að sex árum og heimilt er að beita fésektum til viðbótar refsivist. Ef háttsemi telst ekki meiri háttar brot varðar hún venjulegum fésektum allt að hámarki því sem tilgreint er í 50. gr. hegningarlaga (4 millj. kr.). Sérstaklega er ákveðið að brot gegn 83. gr. skuli ætíð teljast meiri háttar brot og varða þau því refsingu skv. 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga án tillits til þess hvort eitthvert þeirra viðmiðunaratriða telst vera fyrir hendi sem talin eru upp í 3. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Þó er möguleiki samkvæmt ákvæðinu að dæma einungis í fésektir fyrir meiri háttar brot ef málsbætur eru miklar.

(b.)

Ákvæði þetta, sem verður 83. gr. laganna, tekur til háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga þeirra sem skilgreind eru og talin upp í 1. gr. laga um ársreikninga, að undantekinni 2. mgr. ákvæðisins sem varðar refsiábyrgð annarra manna er aðstoða einhvern framangreindra manna við þau brot sem lýst er í ákvæðinu eða stuðla að þeim á annan hátt. Eins og áður getur tekur ákvæðið til athafna og athafnaleysistilvika sem talin eru svo alvarleg eðlis að rétt þykir að virða þau ætíð sem meiri háttar brot. Í stórum dráttum felast í verknaðarlýsingum hinna einstöku liða samhverf brot sem eru refsiverð án tillits til hugsanlegra afleiðinga þeirra.

Í 1. tölul. er lýst þeirri alvarlegu vanrækslu að láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning eða samstæðureikning er hafi að geyma þá reikninga, yfirlit og skýringar er lögin kveða á um. Hugtakið samstæðureikningur felur í sér ársreikning móðurfélags og ársreikninga dótturfélaga þess. Nánari skilgreiningar á samstæðureikningum er að finna í 8. tölul. 1. gr. og 53. gr. laga um ársreikninga. Um vanrækslu, sem gengur skemmra að þessu leyti, er hins vegar fjallað í 1. tölul. c-liðar 3. gr. frumvarpsins, sem verður 84. gr. laganna, og varðar það brot þá fésektum nema það uppfylli skilyrði 262. gr. almennra hegningarlaga.

Í 2. tölul. er fjallað um rangfærslu ársreiknings, samstæðureiknings eða einstakra hluta þeirra, svo og þegar samning þeirra byggist ekki á niðurstöðu bókhalds, og loks ef rangar eða villandi skýringar eru látnar fylgja reikningunum. Hvers konar rangfærsla á ársreikningi og samstæðureikningi eða einstökum hlutum þeirra fellur undir ákvæðið og telst því meiri háttar brot. Rangfærsla í skýrslu stjórnar og launung varðandi mikilsverðar upplýsingar að öðru leyti varða hins vegar við 2. tölul. c-liðar 3. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að gera þann fyrirvara að beitt skuli 158. gr. hegningarlaga ef skilyrði hennar eru uppfyllt þótt hámarksrefsing samkvæmt því ákvæði sé fangelsi allt að þremur árum.

Í 2. mgr. er vikið að háttsemi manna sem aðstoða stjórnarmann eða framkvæmdastjóra félags við brot þau sem lýst er í 1. og 2. tölul. ákvæðisins eða stuðla að þeim á annan hátt. Með þessu ákvæði er fyrst og fremst átt við verklega aðstoð en þar sem ákvæðinu sleppir má beita hinu almenna ákvæði um hlutdeild í 86. gr. laga um ársreikninga eins og hún verður skv. e-lið 1. gr. frumvarpsins.

(c.)

Í grein þessari, sem verður 84. gr. laganna, er í 1. og 2. tölul. 1. mgr. lýst ýmiss konar athöfnum og athafnaleysi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga eins og þau eru skilgreind og talin upp í 1. gr. laga um ársreikninga en 2. mgr. lýtur að aðstoð annarra við brot framangreindra manna. Brot þessi varða yfirleitt fésektum en geta varðað refsingu skv. 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga ef þau teljast meiri háttar brot samkvæmt þeirri grein. Þetta ákvæði hefur að geyma verknaðarlýsingar sem ganga skemmra en brot gegn 83. gr. laga um ársreikninga eins og það verður skv. b-lið 3. gr. frumvarpsins og fela því ekki í sér eins alvarleg brot.

Í 1. tölul. er fjallað um vanrækslu á að haga gerð ársreikninga eða samstæðureikningsþannig að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd í samræmi við góða reikningsskilavenju af rekstrarafkomu á reikningsárinu, eignabreytingu á árinu og efnahag í lok þess. Enn fremur tekur ákvæðið til vanrækslu á að senda ársreikning og samstæðureikning til félagaskrár og þar með að birta hann opinberlega skv. VIII. kafla laganna, svo og ef vanrækt er að sjá til þess að kosning endurskoðenda eða skoðunarmanna fari fram í samræmi við ákvæði VII. kafla laganna.

Í 2. tölul. er fjallað um rangar frásagnir í skýrslu stjórnar og leynd mikilsverðra upplýsinga sem þýðingu hafa við mat á fjárhagslegri stöðu félags eða félagasamstæðu og um mat á afkomu þeirra á reikningsárinu. Í þessu sambandi er vert að hafa hugfast að í skýrslu stjórnar geta komið fram upplýsingar sem alla jafna eiga að vera hluti af skýringum með efnahags- og rekstrarreikningi og verða þar með hluti ársreiknings, sbr. 36. gr. laga um ársreikninga.

Í 2. mgr. er vikið að háttsemi manna sem aðstoða stjórnarmann eða framkvæmdastjóra félags við brot þau sem lýst er í 1. og 2. tölul. ákvæðisins eða stuðla að þeim á annan hátt. Með þessu ákvæði er fyrst og fremst átt við verklega aðstoð en þar sem því ákvæði sleppir má beita hinu almenna ákvæði um hlutdeild í e-lið 3. gr. frumvarpsins.

(d.)

Ákvæði þetta, sem verður 85. gr. laganna, fjallar um tiltekin refsiverð brot löggiltra endurskoðenda eða skoðunarmanna, ýmist athafnir eða athafnaleysi, svo sem nánar greinir í þremur töluliðum ákvæðisins.

Í 1. tölul. er fjallað um þá háttsemi endurskoðenda eða skoðunarmanna að taka að sér að framkvæma endurskoðun án þess að uppfyllt séu skilyrði laganna. Um starfsskyldur endurskoðenda fer eftir lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Til skoðunarmanna eru aftur á móti gerðar þær kröfur skv. 2. mgr. 58. gr. laga um ársreikninga að þeir hafi þá reynslu í bókhaldi og viðskiptum sem nauðsynleg er til að uppfylla starfsskyldur sínar. Hæfisskilyrði beggja eru bundin ákvæðum laga um löggilta endurskoðendur. Í þeim lögum kemur m.a. fram að endurskoðandi má ekki samhliða störfum sínum sitja í stjórn félags eða vera starfsmaður þess, hann má ekki vera háður stjórnendum félagsins, maki stjórnanda eða skyldur stjórnanda eða tengdur honum og ekki fjárhagslega háður félaginu auk fleiri atriða.

Ákvæði 2. tölul. lýtur að þeirri háttsemi framangreindra manna að haga störfum sínum andstætt ákvæðum laga þessara eða í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju.

Í 3. tölul. er lýst þeirri háttsemi að gefa rangar eða villandi upplýsingar með áritun reikninga eða láta hjá líða við áritun að geta um mikilsverð atriði sem snerta rekstrarafkomu eða efnahag félagsins.

(e.)

Ákvæði þetta, sem verður 86. gr. laganna, hefur að geyma almenna tilvísun til III. kafla almennra hegningarlaga um tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, að öðru leyti en því sem lýst er í b- og c-lið 3. gr. frumvarpsins. Um refsimörk þessara brota fer eftir a-lið 3. gr. þannig að þau sæta fésektum, sbr. 50. gr. hegningarlaga. Sérstök tilvísun til 262. gr. hegningarlaga er óþörf. Ákvæði III. kafla hegningarlaga eiga beint við ef á 262. gr. reynir.

(f.)

Ákvæði þetta, sem verður 87. gr. laganna, fjallar um refsiábyrgð lögaðila og er samhljóða hliðstæðum ákvæðum í fyrrnefndu frumvarpi um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga. Fyrri málsliður ákvæðisins heimilar sjálfstæða refsiábyrgð á hendur lögaðilum sem frumvarp þetta tekur til. Þessi ábyrgð er fyllilega sjálfstæð og gildir án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Á lögaðila verða lagðar venjulegar fésektir, sbr. 50. gr. hegningarlaga. Síðari málsliður greinarinnar fjallar um fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans sem gerist sekur um eitthvert brot á lögunum sem að framan greinir og sætir þeirri refsingu sem þar getur, en auk þess má samkvæmt þessu ákvæði gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda þegar brotið er drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

(g.)

Ákvæði þetta, sem verður 88. gr. laganna, fjallar um málsmeðferð vegna brota á lögunum. Þar er gert ráð fyrir hliðstæðri málsmeðferð og vegna refsiverðra brota á skattalögum enda langtíðast að saman fari brot á skattalögum og bókhaldslögum. Líklegt er að í framkvæmd fari saman refsimeðferð vegna skattalagabrota og brota á lögum um ársreikninga og bókhald. Rétt er þó að taka fram að hrein bókhaldsbrot og brot á lögum um ársreikninga sem ekki tengjast ætluðum skattalagabrotum geta farið í þennan sama farveg ef ákvæði frumvarpa þessara verða að lögum. Þessi tilhögun er því til þess fallin að stuðla að einföldun, samræmingu og sparnaði við málsmeðferð án þess að réttaröryggi manna og lögaðila sé á nokkurn hátt skert. Það er grundvallaratriði í þessu ákvæði eins og hliðstæðum ákvæðum skattalaga að sakaðir menn eiga ætíð rétt á því að fá fullkomna sakamálameðferð hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum ef þeir vilja ekki hlíta því að yfirskattanefnd úrskurði í málinu.

Það leiðir af þessari tilhögun að rétt þykir að yfirskattanefnd fái það hlutverk að úrskurða sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. ákvæðisins. Er í því sambandi gert ráð fyrir við meðferð málsins að gerð verði nauðsynleg breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, sbr. 8. gr. þessa frumvarps. Úrskurðir yfirskattanefndar um brot á lögum þessum verða þá fullnaðarúrskurðir eins og um brot á skattalögum og bókhaldslögum en vararefsing fylgir ekki úrskurðum nefndarinnar. Samkvæmt gildandi lögum úrskurðar yfirskattanefnd sektir fyrir refsiverð brot á skattalögum nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að skattrannsóknarstjóri ríkisins annist rannsókn vegna brota á lögum þessum, leggi mál fyrir yfirskattanefnd og komi fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur rannsakað brot á lögum þessum að eigin frumkvæði eða samkvæmt tilkynningu ríkisskattstjóra eða skattstjóra um að brot á lögum þessum hafi verið framin, sbr. ákvæði 96. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 27. gr. laga um virðisaukaskatt, eins og gert er ráð fyrir að þeim verði breytt við meðferð þessa frumvarps, sbr. 5.–7. gr. frumvarps þessa. Þá getur skattrannsóknarstjóri ríkisins á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli af sjálfsdáðum til opinberrar rannsóknar.

Um sakarfyrningu í lokamálsgrein ákvæðisins er stuðst við fyrningarákvæði í skattalögum en efni þess er gert nokkru nákvæmara í samræmi við túlkun yfirskattanefndar á fyrrnefndum ákvæðum.

Um 4. gr.

Lagt er til að 83. gr. gildandi laga um ársreikninga, um viðurlög og málsmeðferð, falli brott við gildistöku laga þessara.

Um III.–IV. kafla.

Í köflum þessum eru lagðar til breytingar sem leiðir af þeim breytingum sem verður að gera á málsmeðferðarreglum skv. I. og II. kafla frumvarpsins.

Um 5.–7. gr.

Í ákvæðum þessum er gert ráð fyrir að skattstjórar geri skattrannsóknarstjóra ríkisins viðvart þegar þeir komast að refsiverðum brotum á lögum um ársreikninga og bókhald í samræmi við ákvæði f-lið 1. gr. og g-lið 3. gr. frumvarps þessa eins og gert er ráð fyrir að 41. gr. laga um bókhald og 88. gr. laga um ársreikninga verði.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta leiðir af f-lið 1. gr. og g-lið 3. gr. frumvarps þessa.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er aðeins ein grein og hefur hún að geyma gildistökuákvæði.

681. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Jón Steingrímsson frá ríkisskattstjóra.

Við yfirferð á málinu kom fram nauðsyn á nokkrum lagfæringum á frumvarpinu þar sem ný lög um bókhald, nr. 145/1994, hafa verið samþykkt frá því að það var lagt fram í haust. Jafnframt þarf að breyta gildistökuákvæði. Nefndin leggur því til að málið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (4. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
      a. Í stað „51/1968“ í 1. mgr. kemur: 145/1994.
      b. 2. mgr. orðast svo:
         Allar bækur, uppgjör og gögn er varða virðisaukaskattsskil, skal varðveita í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.
   b. (5. gr.)
      5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:
      Skattskyldir aðilar, sem ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

2. 4. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:
   a. Í stað hlutfallstalnanna „2%“ og „20%“ í 2. mgr. kemur: 1% og 10%.
   b. Í stað „51/1968“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: 145/1994.
3. 8. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Finnur Ingólfsson.	Ingi Björn Albertsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.

682. Nefndarálit [319. mál]

um frv. til l. um breyt. á refsiákvæðum nokkurra skattalaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Guðmund Guðbjarnason, fyrrverandi skattrannsóknarstjóra.

Fram kom á fundi nefndarinnar að ákvæði frumvarpsins um hlutlæga ábyrgð lögaðila væru ekki nægilega skýr og leggur því nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. málsl. 8. efnismgr. 1. gr., 9. efnismgr. 2. gr. og 8. efnismgr. 3. gr., orðist svo: Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Finnur Ingólfsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Guðjón Guðmundsson.

683. Frumvarp til laga [419. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum, sbr. lög nr. 102/1994, orðast svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerðir um öryggi vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og að því leyti sem ekki er kveðið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum löndum.

Í reglugerð skal kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttað og rétt skoðunarstofa til aðgangs að eftirlitsskyldri vöru.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 2. mgr.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd hefur í vetur legið frumvarp til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, 198. mál. Sams konar frumvarp lá fyrir nefndinni á síðasta þingi en ekki náðist samkomulag um að afgreiða málið. Vegna EES-samningsins taldi nefndin þó nauðsynlegt að veita viðskiptaráðherra heimild til að setja reglugerðir um öryggi þeirra vöruflokka sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum og hvernig eftirliti með þeim skuli háttað. Þetta var gert með lögfestingu ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sem skyldi falla úr gildi 1. júní 1995. Nú er sýnt að ekki mun takast að afgreiða frumvarp um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu á þessu þingi og hefur því nefndin ákveðið að framlengja hið umrædda bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 100/1992 til 1. janúar 1997. Ein efnisbreyting hefur verið gerð á ákvæðinu sem á að tryggja rétt skoðunarstofa til að skoða vöru hjá seljendum. Um skýringar vísast að öðru leyti til greinargerðar með frumvarpi nefndarinnar eins og það var lagt fram á 117. löggjafarþingi, þskj. 1227.

684. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra ef hann telur að starfsemi umsækjanda sé svo háttað að varhugavert sé að leyfa hana.

Breyting þessi er einungis tæknilegs eðlis og raskar í engu efni ákvæðisins.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.	Finnur Ingólfsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.

685. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Jón Ögmund Þormóðsson skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti. Í máli hans kom fram að nokkrar lagfæringar þyrfti að gera á frumvarpinu áður en það yrði afgreitt en þær felast eingöngu í umorðunum á greinum til að gera þær skýrari en áður var.
Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
   Ákvæði 36. gr. a–d gilda um samninga, m.a. samningsskilmála, sem ekki hefur verið samið um sérstaklega enda séu samningarnir liður í starfsemi annars aðilans, atvinnurekanda, en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytanda, sbr. þó 36. gr. d. Ákvæðin gilda einnig um samninga milli neytenda sem atvinnurekandi stendur að fyrir annan aðilanna.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „skýr og skiljanlegur“ komi: á skýru og skiljanlegu máli.
3. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „Við mat á samningi skv. 1. mgr.“ í upphafi 2. efnismgr. komi: Við mat á því hvort samningur skv. 1. mgr. sé ósanngjarn.

b. 3. efnismgr. orðist svo:

Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.

4. Við 5. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:

Ef ákvæði samnings tengist náið landsvæði EES-ríkja þannig að samningurinn sé t.d. gerður þar eða einhver samningsaðila búi þar og samingsákvæði kveður á um að löggjöf lands utan Evrópska efnahagssvæðisins skuli gilda um samninginn skal ákvæðið ekki gilda um ósanngjarna samningsskilmála ef neytandinn fær við það lakari vernd gegn slíkum skilmálum en samkvæmt viðeigandi löggjöf lands á efnahagssvæðinu.

5. Við 6. gr. Í stað orðanna „gildi 1. janúar 1995“ komi: þegar gildi.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðjón Guðmundsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Finnur Ingólfsson.	Ingi Björn Albertsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.

686. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Frumvarpið er þáttur í heildarendurskoðun viðurlagaákvæða í skattalögum og bókhaldslögum. Það er lagt fram ásamt tveimur öðrum frumvörpum, frumvarpi til laga um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga, 319. máli, og enn fremur frumvarpi til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, o.fl. sem efnahags- og viðskiptanefnd flytur.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem eru tæknilegs eðlis. Annars vegar er um að ræða breytingar á 1. mgr. 1. gr. sem helgast af því að ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga og laga um tryggingargjald sem tilgreind eru í frumvarpinu eru eyðuákvæði sem vísa aftur í lög um tekjuskatt og eignarskatt. Hins vegar er lagt til, samkvæmt ábendingu frumvarpshöfunda, að tilvísanir í 2. mgr. 1. gr. verði nákvæmari.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Guðmundur Árni Stefánsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 16. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jón Helgason.
Ingi Björn Albertsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

687. Breytingartillaga [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. Á undan orðunum „2. mgr. 22. gr.“ í fyrri málslið 1. efnismgr. komi: sbr. og.
b. Á undan orðunum „11. gr.“ í fyrri málslið 1. efnismgr. komi: sbr. og.
c. Í stað orðanna „IV. kafla“ í 2. efnismgr. komi: 37. og 38. gr., sbr. 36. gr.
d. Í stað orðanna „X. kafla“ í 2. efnismgr. komi: 83.–85. gr., sbr. 82. gr.

688. Tillaga til þingsályktunar [420. mál]

um hvalveiðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist á ný að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og skýrslu starfshóps embættismanna um hvalveiðihagsmuni Íslendinga á alþjóðavettvangi sem liggja skulu fyrir eigi síðar en í mars 1996.

Áður en einstökum skipum eða fyrirtækjum er veitt leyfi til hvalveiða í atvinnuskyni og þeim úthlutuð aflahlutdeild í samræmi við heildaraflamark viðkomandi hvalategunda skal tryggt að skilvirkt, alþjóðlega viðurkennt eftirlit með veiðunum sé fyrir hendi.

Ríkisstjórninni er enn fremur falið að kynna stefnu Íslands í hvalveiðimálum á alþjóðavettvangi og að hafa samráð við aðrar þjóðir á vettvangi þeirra alþjóðastofnana sem um þau mál fjalla.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt lögum um hvalveiðar, nr. 26/1949, ásamt breytingum á þeim, nr. 40/1979 og nr. 23/1991, veitir sjávarútvegsráðherra leyfi til hvalveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands. Lögin fela sjávarútvegsráðuneytinu að setja reglugerð um hvalveiðar sem tekur til veiðisvæða, veiðitímabila, veiðimagns, verkunar og eftirlits með hvalveiðum. Í ljósi þess að Alþingi ályktaði árið 1983 að mótmæla ekki ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) um

tímabundna veiðistöðvun á hvölum þykir rétt að mótun stefnu um að hefja hvalveiðar að nýju byggist einnig á ályktun frá Alþingi.

Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) árið 1982 var samþykkt að öllum hvalveiðum í atvinnuskyni skyldi tímabundið hætt frá og með árinu 1986. Jafnframt var samþykkt að ráðið skyldi beita sér fyrir því að umfangsmiklar vísindarannsóknir færu fram. Ákvörðun um áframhaldandi veiðar skyldi tekin í síðasta lagi árið 1990 og átti að byggja á niðurstöðum rannsóknanna. Bannið var bindandi nema aðildarríki mótmæltu því fyrir tiltekinn tíma. Nokkur ríki, þar á meðal Noregur og Japan, mótmæltu hvalveiðibanninu. Þingsályktunartillaga kom fram á Alþingi um mótmæli gegn banninu. Meiri hluti utanríkismálanefndar komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ráðlegt að mótmæla því en minni hluti taldi að því bæri að mótmæla. Tillaga meiri hlutans var samþykkt í sameinuðu Alþingi 1983 með 29 atkvæðum gegn 28.

Eftir ítarlega athugun komst vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) að þeirri niðurstöðu að hrefnustofninn í Norður-Atlantshafi þyldi veiðar. Því átti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hvalveiðiráðið endurskoðaði afstöðu sína frá árinu 1982 og heimilaði takmarkaðar veiðar úr þessum stofni á ný. Það kom því Íslendingum og fleiri þjóðum á óvart að hvalveiðiráðið skyldi ekki gera svo á ársfundi sínum árið 1990. Á ársfundi ráðsins árið eftir hafnaði meiri hluti ráðsins þeirri tillögu Íslendinga og nokkurra ríkja, sem stundað hafa hvalveiðar, að byggja verndun og nýtingu hvalastofna á stjórnkerfi sem vísindanefnd ráðsins hafði samþykkt nær samhljóða.

Í kjölfar þessa sögðu Íslendingar sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu (IWC) því ljóst þótti að ráðið starfaði ekki eftir sínum eigin stofnsamþykktum og hafði að engu vísindalegar forsendur og ráðgjöf eigin vísindanefndar. Auk þess er stefna ráðsins í beinni andstöðu við niðurstöður umhverfismálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro þar sem staðfestur var réttur ríkja til að nýta eigin auðlindir á sjálfbæran hátt í samræmi við eigin stefnu í umhverfis- og þróunarmálum. Í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna er viðurkenndur réttur þjóða til að stjórna þeirri nýtingu innan 200 mílna efnahagslögsögu sinnar. Sjávarspendýr eru ein þeirra auðlinda sem átt er við og þar segir að ríki skuli vinna að verndun, nýtingu og rannsóknum á þeim innan viðeigandi alþjóðlegra samtaka.

Í framhaldi af úrsögninni stofnuðu Íslendingar, Norðmenn, Færeyingar og Grænlendingar Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið (NAMMCO) í apríl 1992. Ráðið hefur það markmið að vinna að rannsóknum á sjávarspendýrum í Norður-Atlantshafi, verndun þeirra og nýtingu. Hefur ráðið síðan verið aðalvettvangur Íslands fyrir samstarf við aðrar þjóðir í málefnum hvalveiða.

Í október 1993 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að undirbúa umræður á Alþingi um hvalamál Íslendinga. Í nefndinni voru alþingismennirnir Matthías Bjarnason en hann var jafnframt formaður, Guðjón Guðmundsson, Hjörleifur Guttormsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Kristín Einarsdóttir og Sigbjörn Gunnarsson. Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um stefnu Íslendinga í hvalamálinu og hvort hvalveiðar skyldu hafnar að nýju. Nefndin skilaði greinargerð í maí 1994 með tillögum um stefnu Íslendinga í hvalamálum, sjá fylgiskjal.

Þingsályktunartillaga þessi er byggð á niðurstöðum nefndarinnar. Í þeim er lögð áhersla á að vanda vel til undirbúnings veiðanna á öllum sviðum, m.a. með kynningu á sjónarmiðum Íslands á alþjóðavettvangi. Um þau atriði er fjallað í 3. mgr. tillögunnar.

Í framhaldi af tillögum þingmannanefndarinnar, skýrslu um fundi sendinefndar utanríkismálanefndar með þingmönnum og embættismönnum í Washington 12. og 13. maí 1994 og ræðu utanríkisráðherra um utanríkismál á Alþingi 27. október 1994 þar sem hann áréttaði þá skoðun sína að kanna beri inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) á ný ákváðu síðan utanríkis- og sjávarútvegsráðherra 25. nóvember 1994 að setja á fót starfshóp til að meta hvernig hagsmunum Íslands varðandi nýtingu hvalastofna verði best borgið á alþjóðavettvangi. Í starfshópi þessum eru embættismennirnir Arnór Halldórsson, lögfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu, Jóhann Sigurjónsson, aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, Jón Egill Egilsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, og Þórður Ásgeirsson fiskistofustjóri, sem jafnframt er formaður hópsins.

Starfshópnum var m.a. falið að meta stöðu Íslands gagnvart þeim alþjóðastofnunum er á þessum vettvangi starfa, þar á meðal Alþjóðahvalveiðiráðinu (IWC) og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðinu (NAMMCO). Í báðum þessum stofnunum er nú unnið að því að semja reglur um eftirlit með hvalveiðum og þykir sjálfsagt að væntanleg hvalveiði hér við land verði undir eftirliti sem sé skilvirkt og alþjóðlega viðurkennt. Um það atriði er fjallað í 2. mgr. tillögunnar. Ekki er unnt að segja fyrir um það hvenær ofangreindar alþjóðastofnanir ná að fullgera eftirlitsreglur sem hljóta samþykki tilskilins meiri hluta aðildarríkja en ljóst þykir að það verði ekki á þessu ári, a.m.k. hvað snertir Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC). Þær eftirlitsreglur, sem samkvæmt þingsályktunartillögu þessari er nauðsynlegt að setja, verða óhjákvæmilega að taka mið af þeirri umfjöllun sem á sér stað í Alþjóðahvalveiðiráðinu (IWC) og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðinu (NAMMCO) ef takast á að fá þær viðurkenndar af öðrum þjóðum.

Mikil vinna er fram undan hjá starfshópi embættismanna að kynna stefnu Íslands í hvalveiðimálum á alþjóðavettvangi og að hafa samráð við aðrar þjóðir á vettvangi alþjóðastofnana sem um þessi mál fjalla. Því er ljóst að ekki er unnt að ákveða nú að hvalveiðar hér við land skuli hefjast þegar á þessu ári. Með þingsályktun samkvæmt tillögu þessari er hins vegar mörkuð skýr stefna Alþingis að hefja beri hvalveiðar á ný að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og undir skilvirku, alþjóðlega viðurkenndu eftirliti. Þetta er sú stefna sem starfshópnum er ætlað að kynna og meta hvernig best megi framkvæma og samkvæmt þingsályktunartillögunni er starfshópnum, með tilliti til þess umfangs og vanda sem hér um ræðir, gefið eitt ár til að ljúka þessari vinnu.

Á fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari var birt skýrsla nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði til þess að undirbúa umræður á Alþingi um hvalamál Íslendinga og til að gera tillögur um stefnu Íslendinga í hvalamálum og hvort hvalveiðar skyldu hafnar að nýju. Nefndin skilaði greinargerð í maí 1994. Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

689. Frumvarp til laga [421. mál]

um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, með síðari breytingum.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stofnunin skal tryggja sem jafnastan aðgang landsmanna að þessari þjónustu.

2. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna verður svohljóðandi:

Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð að landið allt verði eitt gjaldsvæði óháð svæðisnúmerum eigi síðar en 1. janúar 1996. Ráðherra ákveður með reglugerð nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum er í 11. gr. sú stefnumörkun að sömu gjöld skuli gilda innan hvers svæðis. Mikið hefur áunnist hin síðari ár í því að jafna símakostnað landsmanna óháð svæðum. Fyrir nokkrum árum var ekki innheimt sama gjald fyrir að hringja innan svæða. Nú er í gildi sama gjaldskrá innan hvers svæðis og er það spor í rétta átt. Það hlýtur að verða að gera þær kröfur að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum. Sífellt fleiri samtök sveitarfélaga hafa sent frá sér áskorun til Alþingis um að jafna símakostnað innan lands. Eðlilegt er að Alþingi lýsi yfir vilja sínum þar að lútandi með því að samþykkja þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til.

Annars vegar er um að ræða viðbót við 3. gr. laganna um tilgang og starfsemi stofnunarinnar, þ.e. að landsmenn eigi jafnan aðgang að þeirri þjónustu sem kveðið er á um í greininni sem er að stofnunin tryggi að kostur sé á hagkvæmri og fullkominni póst- og símaþjónustu. Hins vegar er mörkuð sú stefna að landið verði allt eitt gjaldsvæði óháð svæðisnúmerum að öðru leyti.

690. Svar [358. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar um hjúkrunarrými fyrir aldraða.

1. Hversu mörg hjúkrunarrými fyrir aldraða eru samþykkt af ráðuneytinu, skipt eftir stofnunum og kjördæmum?

Hjúkrunarrými 1. febrúar 1995.

Reykjavíkurhérað:	
Öldrunarlækningadeildir:	
Borgarspítali	54
Landspítalinn	57
Samtals	**111**
Dvalar- og hjúkrunarrými:	
Landakot, Hafnarbúðir, frá 1986	25
hjúkrunardeild, frá 1992	22
Hvítabandið	19
Heilsuverndarstöðin	24
Elli- og hjúkrunarheimilið Grund	150
Hrafnista, DAS	182
Droplaugarstaðir	48
Fell, frá 1988	–
Seljahlíð, frá 1986	13
Skjól, frá 1987	97
Laugaskjól, frá 1992	9
Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra	
Vesturhlíð 105, frá 1992	–
Hjúkrunarheimilið Eir, frá 1993	120
Samtals	**709**
Vesturlandshérað:	
Höfði, Akranesi	24
Sjúkrahús Akraness	30
Fellsendi, Dalasýslu, breyt. 1. febrúar 1993	17
Dvalarheimilið, Borgarnesi	12
Dvalarheimilið, Stykkishólmi	10
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	20
Jaðar, Ólafsvík	4
Fellaskjól, Grundarfirði	5
Samtals	**122**
Vestfjarðahérað:	
Elliheimili Ísafjarðar, lagt niður 1992	
Hlíf, Ísafirði, frá 1992	–
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði	18
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7
Sjúkrahús Bolungarvíkur	18
Sjúkrahúsið, Þingeyri	8
Barmahlíð, Reykhólum	12
Sjúkrahúsið, Patreksfirði	14
Sjúkrahúsið, Hólmavík	17
Samtals	**94**

Norðurlandshérað vestra:	
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi, ellideild	30
Sjúkrahúsið, Hvammstanga	30
Sæborg, Skagaströnd	–
Sjúkrahúsið, Sauðárkróki	60
Sjúkrahúsið, Siglufirði	32
Samtals	**152**
Norðurlandshérað eystra:	
Kristnes, Eyjafirði	24
Hlíð, Akureyri	75
Skjaldarvík	–
Vistheimilið, Bakkahlíð 5	–
Vistheimilið við Skólastíg	–
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	13
Sel	28
Kristnes, flutningur 1993	24
Sjúkrahúsið Húsavík	40
Hvammur, Húsavík	–
Dalbær, Dalvík	20
Hornbrekka, Ólafsfirði	13
Naust, Þórshöfn, frá 1991	6
Samtals	**243**
Austurlandshérað:	
Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað	12
Hulduhlíð, Eskifirði	15
Skjólgarður, Höfn, Hornafirði	32
Sundabúð, Vopnafirði	12
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	–
Sjúkrahúsið, Egilsstöðum	22
Lagarás 21–23, Egilsstöðum	–
Sjúkrahúsið, Seyðisfirði	23
Samtals	**116**
Suðurlandshérað:	
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	72
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	17
Sjúkrahúsið, Vestmannaeyjum	24
Kumbaravogur, Stokkseyri	40
Hjallatún, Vík í Mýrdal	10
Lundur, Hellu	12
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	–
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	12
Sólvellir, Eyrarbakka	–
Blesastaðir, Skeiðum	–
Sjúkrahús Suðurlands	19
Ljósheimar	26
Samtals	**232**
Reykjaneshérað:	
Sólvangur, Hafnarfirði	100
Sjúkrahúsið, Keflavík	15
Hlévangur, Keflavík	–
Garðvangur, Gerðum	41
Víðihlíð, Grindavík, frá 1992	28
Hrafnista, DAS, Hafnarfirði	146
Skjólbraut, Kópavogi	–
Sunnuhlíð, Kópavogi	52
Borgarholtsbraut 44, Kópavogi	–
Samtals	**382**

Alls eru því 2.050 hjúkrunarrými fyrir aldraða á landinu samþykkt af ráðuneytinu og 111 sjúkrarúm á öldrunarlækningadeildum.

2. *Hvar hefur farið fram vistunarmat? Hver er þörfin fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarmati skipt eftir heilsugæsluumdæmum?*

Vistunarmat fer lögum samkvæmt fram á landinu öllu, enda eru þær upplýsingar lagðar til grundvallar þjónustuþörf aldraðra á hverjum stað.

3. *Hver er þörfin talin vera fyrir hjúkrunarrými á landinu öllu?*

Samkvæmt vistunarskrá Vistunarmats aldraðra má sjá að alls vantar 345 hjúkrunarrými fyrir aldraða í landinu.

Vistunarskrá vantar frá eftirtöldum stöðum: Bolungarvík, Siglufirði, Raufarhöfn, Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn.

Janúar 1995. VISTUNARSKRÁ

STAÐUR:	ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI:				HJÚKRUNARRÝMI:				H+Þ	ÖM.
	þ.	br.þ.	m.br.þ.	ALLS	þ.	br.þ.	m.br.þ.	ALLS	ALLS	
Reykjavík	115	75	196	386	14	28	168	210	596	50
Seltjarnarnes	1	0	3	4	0	0	2	2	6	1
Kópavogur	7	9	16	32	3	0	18	21	53	2
Garðabær	9	7	2	18	0	0	2	2	20	0
Hafnarfjörður	4	6	3	13	0	0	5	5	18	13
Mosfellsbær	1	0	1	2	0	0	3	3	5	2
Akranes	7	4	1	12	0	4	2	6	18	2
Borgarnes	2	3	2	7	0	1	3	4	11	29
Grundarfjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ólafsvík	0	0	3	3	0	1	0	1	4	1
Búðardalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Stykkishólmur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Patreksfjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flateyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyri	0	0	1	1	0	0	1	1	2	0
Ísafjörður	1	4	1	6	0	1	3	4	10	0
Bolungarvík *	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hólmavík	3	0	0	3	0	0	0	0	3	0
Hvammstangi	1	1	1	3	0	0	0	0	3	0
Blönduós	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Sauðárkrókur	3	1	0	4	2	2	1	5	9	3
Siglufjörður *	4	2	4	10	0	2	7	9	19	28
Ólafsfjörður	1	1	0	2	2	2	0	4	6	4
Dalvík	4	1	0	5	1	1	4	6	11	1
Akureyri	19	6	4	29	4	2	14	20	49	0
Kópasker	2	1	0	3	0	0	0	0	3	0
Húsavík	13	8	0	21	0	0	0	0	21	0
Raufarhöfn *	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þórshöfn	3	0	2	5	1	0	1	2	7	0
Neskaupsstaður	0	0	0	0	0	0	13	13	13	1
Eskifj/Reyðarfj	2	2	1	5	0	0	0	0	5	0
Egilsstaðir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Seyðisfjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vopnafjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Djúpivogur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Höfn	0	0	0	0	0	1	0	1	1	0
Fáskr/Stöðvarf.	1	0	0	1	0	3	0	3	4	5
Kirkjubæjarkl.	1	0	2	3	0	0	0	0	3	4
Vík í Mýrdal *	2	2	0	4	0	0	2	2	6	0
Hvolsvöllur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hella	8	0	0	8	9	0	0	9	17	0
Selfoss	1	1	0	2	0	2	1	3	5	0
Laugarás	7	2	2	11	1	0	1	2	13	0
Hveragerði	0	1	1	2	0	1	1	2	4	0
Þorlákshöfn *	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Keflavík	5	8	5	18	0	1	3	4	22	2
Vestmannaeyja	6	1	0	7	0	0	1	1	8	1
SAMTALS	233	146	251	630	37	52	256	345	975	
Hlutfall: %	37	23	41		11	15	74			
Hlutfall: %				65				35		

4. Hversu margir vistmenn eru á hjúkrunarstofnunum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði sem áttu lögheimili utan þess svæðis?

Upplýsingar fengust hjá forstöðumönnum stofnananna sjálfra. Skráin tekur aðeins til þeirra sem lögheimili áttu utan Stór-Reykjavíkur þegar þeir voru vistaðir. Hún nær því ekki til þeirra sem tóku sér bólfestu í Reykjavík fyrir þann tíma en eru utan af landi.

Hjúkrunarheimilin á vegum Reykjavíkurborgar hýsa aðeins Reykvíkinga um þessar mundir.

Reykjavík:	
Hjúkrunarheimilisdeild Landakoti	0
Hafnarbúðir	0
Grund	18
Hvítabandið	0
Heilsuverndarstöðin	0
Hrafnista, Laugarási	37
Kópavogur:	
Sunnuhlíð	1
Hafnarfjörður:	
Sólvangur	23
Hrafnista, Hafnarfirði	20
Samtals	**99**

691. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Braga Gunnarsson, lögfræðing fjármálaráðuneytisins.

Vilji var innan nefndarinnar til að bæta kvikmyndaiðnaði við þær atvinnugreinar sem settar eru í lægra þrep tryggingagjalds, en samkvæmt gildandi lögum er þessi starfsemi í efra þrepinu og ber 6,35% tryggingagjald. Þá kom einnig fram að skattstjórar hafi metið það svo að með hótelgistingu, sem er í lægra þrepi tryggingagjalds, sé aðeins átt við gistingu á hótelum en ekki til að mynda bændagistingu eða gistingu í orlofshúsum og á tjaldstæðum. Þar sem reiknað er með að sú breyting að fella kvikmyndaiðnað undir lægra gjaldþrepið muni kosta ríkissjóð um 20–25 millj. kr. á ári og að það mun kosta um 10–15 millj. kr. að láta hvers konar gistiþjónustu falla þar undir leggur nefndin til að gjaldhlutfallið í lægra þrepi tryggingagjalds verði hækkað um 0,05 prósentustig. Sú breyting er talin skila ríkissjóði um 35 millj. kr. á ári. Loks er gerð breyting á 2. gr. frumvarpsins sem felst í því að sá maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er undanþeginn skyldu til að gera grein fyrir tryggingagjaldsstofni vegna reiknaðra launa á launaframtali. Rökin fyrir þessari síðastnefndu breytingu eru þau að tryggingagjaldsstofninn liggur almennt ekki fyrir þegar gera á skil á launaframtali, en því er skilað í janúar fyrir næstliðið ár. Framkvæmdin hefur í reynd verið sú að fjárhæðin hefur verið áætluð á launaframtali en síðan hefur verið send inn leiðrétting þegar endanlegur gjaldstofn liggur fyrir. Hér er því verið að einfalda framkvæmdina og koma í veg fyrir óþarfa pappírsvinnu við fram-

talsgerð þessara aðila. Nefndin mælir því með að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr. laganna, sbr. 43. gr. laga nr. 111/1992, 34. gr. laga nr. 122/1993 og 1. gr. laga nr. 74/1994:
   a. Í stað hlutfallstölunnar „3%“ í 1. mgr. komi: 3,05%.
   b. 2. mgr. orðast svo:
      Í sérstökum gjaldflokki skulu vera fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptalningu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi.
2. 2. gr. orðist svo:
   3. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:
   Vegna tryggingagjalds á reiknað endurgjald manns sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, maka hans og barna skal stofn gjaldsins vera sú fjárhæð sem greinir í 3. mgr. 6. gr. Er ekki skylt að gera sérstaka grein fyrir fjárhæðinni á launaframtali. Skipta skal gjaldstofni ársins jafnt á öll geiðslutímabil þess nema önnur skipting komi greinilega fram í skattgögnum gjaldanda.
3. Við viðauka I bætist:
   55.1 Hótel.
   55.2 Orlofshús, bændagisting, tjaldstæði og önnur aðstaða til stuttrar dvalar.
   92.11 Framleiðsla kvikmynda og myndbanda.

Alþingi, 17. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Finnur Ingólfsson.	Sólveig Pétursdóttir.

692. Tillaga til þingsályktunar [422. mál]

um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli marka opinbera fjölskyldustefnu í samræmi við tillögur landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á grundvelli þeirra meginforsendna og viðfangsefna sem nánar er lýst í þingsályktun þessari. Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að vinna að því að styrkja stöðu íslenskra fjölskyldna með þeim aðgerðum sem kveðið er á um ályktuninni.

I. KAFLI
Meginforsendur fjölskyldustefnu.

1.1 Fjölskyldan er grunneining íslensks samfélags, hún er uppspretta lífsgilda og mikilvægur vettvangur til að varðveita og miðla menningarverðmætum. Þess vegna ber stjórnvöldum ævinlega að veita henni sérstaka athygli, styrkja hana og vernda, óháð því hver gerð hennar er. Í því skyni ber ríkisstjórn og sveitarstjórnum á hverjum tíma að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar.

1.2 Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að styrkja og styðja fjölskylduna til að sinna hlutverki sínu í nútímaþjóðfélagi. Hlutverk fjölskyldunnar er margþætt og snertir flest svið þjóðlífsins. Því spannar fjölskyldustefna nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu. Áherslur á hverjum tíma skulu því taka mið af breytilegum þörfum fjölskyldunnar ásamt grundvallarverkefnum hennar.

1.3 Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:

— að stuðlað sé að því að fjölskyldan geti rækt það hlutverk að vera vettvangur tilfinningatengsla,

— að fjölskyldum sé gert kleift að annast uppeldi og umönnun barna þannig að þau fái notið öryggis og tækifæra til að þroska eiginleika sína til hins ítrasta,

— að borin sé virðing fyrir rétti einstakra fjölskyldumeðlima, ekki síst barna, og gagnkvæmum skyldum þeirra,

— að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti kvenna og karla og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar.

II. KAFLI
Helstu viðfangsefni fjölskyldustefnu.

Meginviðfangsefni fjölskyldustefnu skulu vera:

2.1 Að sköpuð séu skilyrði til þess að ná jafnvægi milli atvinnu foreldra og fjölskyldulífs, einkum með tilliti til ábyrgðar og umönnunar barna.

2.2 Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar, taki mið af þörfum fjölskyldunnar, forðist að svipta hana ábyrgð, en leitist þess í stað við að eiga við hana samvinnu.

2.3 Að lögð sé aukin áhersla á ábyrgð feðra í umönnun og uppeldi barna sinna.

2.4 Að afkomuöryggi fjölskyldunnar sem efnahagslegrar einingar sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum.

2.5 Að mikilvægi heilbrigðis fjölskyldunnar sé viðurkennt þannig að þjónusta á því sviði taki mið af þörfum hennar sem heildar jafnframt því að hún njóti stuðnings til að annast sjúka.

2.6 Að stuðlað sé að fjölskylduáætlunum, m.a með fræðslu og ráðgjöf um stofnun heimilis, ábyrgð foreldra, kynlíf, barneignir og getnaðarvarnir.

2.7 Að tekið sé mið af fjölskyldunni við skipulag umhverfis, þörfum hennar fyrir þjónustu, útivist og umferðaröryggi.

2.8 Að fjölskyldur fatlaðra njóti nauðsynlegs stuðnings og að grundvallarréttur fatlaðra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu sé virtur.

2.9 Að fjölskyldur njóti stuðnings til að annast aldraða og að öldruðum sé gert kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið er.

2.10 Að fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi.

2.11 Að unnið sé gegn misrétti í garð fjölskyldna samkynhneigðra.
2.12 Að unnið sé gegn upplausn fjölskyldna, m.a. með fjölskylduráðgjöf vegna samskiptaerfiðleika og álags.
2.13 Að vernd einstakra fjölskyldumeðlima gagnvart ofbeldi og misnotkun verði efld, innan fjölskyldu sem utan.
2.14 Að fjölskyldan njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa, einkum á sviði forvarna.
2.15 Að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn.
2.16 Að auka vitund um mikilvægi fjölskyldunnar með gagnaöflun, rannsóknum og miðlun upplýsinga ásamt því að efla virðingu fyrir ólíkum gerðum hennar.

III. KAFLI
Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

3.1 Fjölskylduráð.

Undirbúin verði löggjöf sem kveði á um stofnun opinbers fjölskylduráðs sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Fjölskylduráðið verði skipað 3–5 mönnum, sem kosnir eru hlutfallskosningu af Alþingi, a.m.k. að hluta til. Félagsmálaráðherra skipar formann ráðsins og skal starfsemi þess heyra undir félagsmálaráðuneyti.

Hlutverk fjölskylduráðs skal m.a. vera eftirfarandi:

a. Að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum.
b. Að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
c. Að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar.
d. Að hvetja óopinbera aðila til aðgerða á sviði fjölskyldumála.
e. Að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

3.2 Sjóður um fjölskylduvernd.

Stofnaður verði sjóður, sem hafi það markmið að styrkja og stuðla að þróun fjölskyldumálefna. Tekjur hans skulu ákvarðaðar með árlegu framlagi úr ríkissjóði. Fjölskylduráð skal fara með stjórn sjóðs um fjölskylduvernd. Hlutverk hans verði eftirfarandi:

a. Að veita fé til styrktar tilraunaverkefnum sem hafa það að markmiði að bæta þjónustu við fjölskylduna eða skilyrði hennar til að rækja hlutverk sitt.
b. Að veita fé til rannsókna á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þingsályktunartillaga þessi er unnin á vegum landsnefndar um Ár fjölskyldunnar 1994 og er ætlað að marka lok þess. Nefndin var skipuð síðla árs 1991 í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar þar að lútandi. Nefndinni var m.a. ætlað að leggja fram tillögur að aðgerðum stjórnvalda í málefnum fjölskyldunnar á komandi árum og var þess vænst að þær fælu í sér grundvöll að mótun opinberrar fjölskyldustefnu með heildstæðum hætti. Landsnefndin var skipuð fulltrúum 30 félagasamtaka og stofnana, og var markmiðið með stofnun svo fjölmennrar nefndar að skapa víðtæka samstöðu um aðgerðir í tilefni ársins. Skýrsla um skipan og störf landsnefndarinnar er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Markmiðið með framlagningu þingsályktunartillögu þessarar er að stuðla að því að stjórnvöld á báðum stjórnsýslustigum marki opinbera fjölskyldustefnu sem taki á heildstæðan hátt til þeirra atriða sem hafa öðrum fremur þýðingu fyrir hagi og aðstæður íslenskra fjölskyldna. Þannig felst í þingsályktuninni hvatning til ríkisstjórna og sveitarstjórna að leggja fram stefnu eða skýr áform um með hvaða hætti megi búa í haginn fyrir fjölskylduna. Í fyrsta kafla ályktunarinnar er bent á nokkrar grundvallarforsendur sem slík stefnumótun þarf að taka mið af og líklegt þykir að almenn sátt ríki um. Í öðrum kafla eru sett fram nokkur mikilvæg viðfangsefni sem opinber fjölskyldustefna ætti einkum að taka til. Sú skrá er alls ekki tæmandi heldur er hugsunin sem býr að baki sú að draga fram þau atriði sem brýnt er að gaumur sé gefinn við ríkjandi þjóðfélagsaðstæður. Í þriðja kafla ályktunarinnar er aftur á móti mælt með að ríkisstjórnin hrindi í framkvæmd tilteknum aðgerðum í því skyni að styrkja stöðu fjölskyldunnar í íslensku samfélagi. Fjallað er nánar um einstaka kafla ályktunarinnar í seinni hluta þessara athugasemda en fyrst farið almennum orðum um mikilvægi fjölskyldustefnu. Rétt er að taka fram að þessar almennu athugasemdir eru að mestu byggðar á erindi Braga Guðbrandssonar, formanns landsnefndarinnar, sem birt er í ritinu „Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda“, en það hefur að geyma erindin sem flutt voru á málþingi sem markaði upphaf Árs fjölskyldunnar í byrjun árs 1994.

Á hátíðarstundu er því gjarnan haldið fram að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins, kjölfestan í lífi mannsins og undirstaðan að farsæld og framtíð hverrar þjóðar. Því virðist liggja í augum uppi að stjórnvöld móti opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Engu að síður er það staðreynd að það hefur ekki verið gert. Enginn einn stjórnvaldshafi, ráðherra eða ráðuneyti ber ábyrgð á málum fjölskyldunnar öðrum fremur. Hagsmunir fjölskyldunnar virðast hvorki vera viðurkenndur sjónarhóll við lagasetningu né við ákvarðanir og afgreiðslur opinberrar stjórnsýslu. Þetta er einkum merkilegt í ljósi þess að opinberir aðilar hafa leitast við að marka stefnu í ýmsum málaflokkum öðrum og ekkert síður þeim sem vissulega hafa áhrif á aðstæður og afkomu fjölskyldunnar, t.d. í heilbrigðis- og menntamálum.

Stjórnmálalegar ákvarðanir lúta að sjálfsögðu lögmálum síns tíma, nýjar þarfir og ný viðhorf koma sífellt fram í samræmi við breytingar á samfélagsgerð og lifnaðarháttum frá einum tíma til annars. Augljóst er að hið opinbera velferðarkerfi er hvorki niðurstaða meðvitaðrar né skipulegrar tilraunar stjórnvalda til að mæta þeim þörfum sem ríkja á líðandi stundu. Það hefur orðið til í tímans rás og grundvöllur þess raunar lagður við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú ríkja. Það blasir líka við að enda þótt velferðarkerfinu sé ætlað að bæta afkomu og treysta lífsgæði fjölskyldunnar eða einstakra meðlima hennar verður því tæplega haldið fram að fjölskyldan sé eða hafi verið í brennidepli þess. Raunar er tiltölulega auðvelt að sýna fram á að sjónarmið heildarsýnar eru framandi í umræðum um velferðarkerfið þar sem aldrei hefur verið gerð tilraun til að meta það í heild eða leggja dóm á hvernig einstakir þættir þess spila saman. Þaðan af síður hefur verið gerð tilraun til að greina áhrif þess á fjölskylduna með tilliti til þeirra verkefna sem henni er ætlað að sinna í nútímaþjóðfélagi.

Opinber umræða um velferðarkerfið hin síðari ár hefur fyrst og fremst snúist um kostnað þess. Þetta á ekki einungis við um Ísland heldur hefur það verið meginviðfangsefni stjórnvalda í hinum vestræna heimi að finna leiðir til að bregðast við alþjóðlegri efnahagslægð. Við þessar aðstæður hefur reynst örðugt að halda uppi óskertri velferðarþjónustu án þess að það komi fram í vaxandi fjárlagahalla og skuldasöfnun ríkisins. Viðbrögð stjórnvalda í flestum vestrænum iðnríkjum hafa því verið fólgin í niðurskurði á velferðarútgjöldum. Þannig hafa opinber útgjöld til velferðarmála sem hlutfall af vergri þjóðar-

framleiðslu skroppið umtalsvert saman sl. áratug hjá þeim flestum, t.d. í Þýskalandi, Hollandi og Bretlandi, þótt dæmi séu um að tekist hafi að halda í horfinu, t.d. í Bandaríkjunum og Danmörku.

Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af niðurskurði opinberra útgjalda frekar en aðrar þjóðir. Sparnaður í velferðarútgjöldum, einkum á sviði heilbrigðismála og almannatrygginga, hefur orðið tilefni snarpra deilna. Hvað sem líður réttmæti einstakra stjórnvaldsaðgerða hefur kreppan, sem velferðarkerfið og umræður um það er komin í, komið áþreifanlega í ljós. Eitt aðal einkenni þeirrar kreppu felst í því að velferðarkerfið og þar með þau málefni sem lúta að fjölskyldunni sérstaklega eru nánast eingöngu í brennidepli stjórnmálanna í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Væntanlega er það vegna þess að velferðin kostar mikið, of mikið séð frá bæjardyrum margra. Þetta veldur því að opinber umræða festist gjarnan í því fari að deilt er um í hverju það er fólgið að verja velferðarkerfið á tímum samdráttar: Er það fólgið í því að skera af því meint fitulag til að geta tryggt efnahagslega undirstöðu þess til framtíðar eða einfaldlega að standa vörð um það sem áunnist hefur?

Þegar best lætur hefur verið rætt um endurmat á vissum grundvallarþáttum velferðarkerfis okkar, að slíkt endurmat sé nauðsynlegt frá fjárhagslegu sjónarmiði, og ekki síður vegna þess að þjóðfélagsaðstæður hafa breyst frá því að grundvöllur þess var lagður. Komi til slíks endurmats er skynsamlegt að það fari fram undir formerkjum fjölskyldustefnu. Vandlega undirbúin stefna í fjölskyldumálum getur veitt dýrmæta leiðsögn um hvernig glíma eigi við ný viðfangsefni og vandamál sem þarf að finna lausn á í framtíðinni.

Áður en hugtakið fjölskyldustefna er skilgreint er gagnlegt að fara nokkrum orðum um hugtakið „stefna“. Segja má að í stefnu felist val sem felur í sér að tekið sé mið af eftirsóknarverðum gildum eða markmiðum. Gagnstætt dægurflugum hafa þessi gildi varanleika og eru því hafin yfir stund og stað. Dæmi um slík gildi í þjóðfélagsstefnu eru „frelsi einstaklingsins“, „jafnrétti“, „réttlæti“ o.s.frv. Stefna felst því í kerfisbundnu vali sem er til þess fallið að hafa æskileg áhrif eða skapa eftirsóknarvert ástand. Um þetta kerfisbundna val verður að ríkja sátt sem felur í sér að valið sé niðurstaða ferlis þar sem fleiri en einn kemur að málum og jafnframt að það ferli lúti lýðræðislegum lögmálum. Að öðru jöfnu felst í stefnu einhvers konar forgangsröðun viðfangsefna þar sem sjaldnast er raunhæft að ætla að öll markmið náist í einu. Loks er mikilvægt að þau markmið sem að er stefnt njóti skilnings og viðurkenningar samfélagsins í meginatriðum ef takast á að hrinda stefnu í framkvæmd án verulegrar andstöðu.

Hugtakið félagsmálastefna er algengara í stjórnmálaumræðu en fjölskyldustefna. Félagsmálastefna felst í markmiðum og gildum ásamt aðgerðum er varða tengsl einstaklinga og hópa í þjóðfélaginu. Þannig getur félagsmálastefna ýmist snúist um lausn tiltekinna vandamála og viðfangsefna sem tengjast ákveðnum þjóðfélagshópum, t.d. börnum, öldruðum, fátækum eða sjúkum. Yfirleitt fjallar félagsmálastefna um þarfir sem markaðurinn kemur ekki til móts við eða getur ekki fullnægt fyrir ákveðna þjóðfélagshópa. Þess vegna snýst hún ekki síst um tilfærslu verðmæta: annars vegar lóðrétt á milli einstakra tekjuhópa í þjóðfélaginu og hins vegar lárétt er varðar ráðstöfun þessara sömu verðmæta til hópa sem deila sambærilegum kjörum, t.d. þroskaheftra eða geðfatlaðra einstaklinga.

Sé viðfangsefni félagsmálastefnu vandamál/þarfir einstaklinga og hópa í þjóðfélaginu, liggur beinast við að skilgreina fjölskyldustefnu þannig að hún fjalli sérstaklega um þessi atriði. Í fljótu bragði séð virðist þetta leiða til þeirrar niðurstöðu að telja fjölskyldustefnu eins konar undirflokk félagsmálastefnu. Við nánari athugun kemur í ljós að það sjónarmið stenst ekki. Ástæðan er sú að fjölskyldan hefur algjöra sérstöðu sem félagshópur. Hún

er grunneining þjóðfélagsins í þeim skilningi að hver einasti einstaklingur er, eða hefur verið, hluti af fjölskyldu enda þótt fjölskyldugerð og tengsl kunni að vera breytileg. Þess vegna gengur fjölskyldan þvert á önnur félagstengsl. Af þessu leiðir að félagslegt, efnahagslegt, stjórnmálalegt og menningarlegt umhverfi orkar stöðugt á fjölskylduna. Telja verður því að opinber fjölskyldustefna taki til alls þess sem stjórnvöld gera fyrir eða við fjölskyldur, allra þeirra ákvarðana sem áhrif hafa á aðstæður hennar, afkomu og velferð. Ákvarðanir eða aðgerðir sem orka á innviði fjölskyldunnar eða innra umhverfi hennar, t.d. samskipti fjölskyldumeðlima og uppeldisstarf, skipta þar að sjálfsögðu ekki síður máli en ytra umhverfi. Þegar áhrif stjórnvaldsaðgerða eru metin gæti því verið gagnlegt að líta á hvor tveggja, fjölskylduna sem einingu í félagslegu umhverfi og ekki síður fjölskylduna sem félagslegt umhverfi einstaklingsins.

Opinberar aðgerðir má meta eftir því hvort afleiðingar þeirra fyrir fjölskylduna eru tilætlaðar og fyrirséðar eða ófyrirséðar og jafnvel óvæntar. Opinber fjölskyldustefna getur ýmist verið yfirlýst stefna eða ekki. Segja má að hún sé yfirlýst þegar hún augljóslega beinist að því að styrkja fjölskylduna við verkefni sín eða vernda einstaka meðlimi hennar, t.d. fjölskylduráðgjöf, fjölskylduáætlanir eða barnavernd. Hins vegar getur fjölskyldustefna verið dulin, þ.e. haft veruleg áhrif á aðstæður fjölskyldna enda þótt slíkt sé ekki yfirlýstur tilgangur, t.d. hækkun meðlagsgreiðslna og brottflutningur fatlaðra og geðsjúkra af sólarhringsstofnunum. Flestar aðgerðir stjórnvalda eru af þessari tegundinni, þ.e. áhrif þeirra á fjölskylduna eru óbein.

Aldrei hefur verið gerð úttekt á aðgerðum hins opinbera hérlendis, ríkis og sveitarfélaga, með tilliti til yfirlýstra markmiða er varða fjölskylduna og þaðan af síður hafa dulin áhrif stjórnvaldsaðgerða verið rannsökuð. Eins og fram hefur komið hafa opinberir aðilar ekki mótað fjölskyldustefnu og því er fátítt að hjá þeim gæti yfirlýstra fjölskyldumarkmiða, þótt ekki sé það óþekkt. Hins vegar hefur hið opinbera ætíð dulda eða óopinbera stefnu í fjölskyldumálum.

Það er niðurstaða landsnefndar um Ár fjölskyldunnar að þegar litið er yfir hið opinbera velferðarkerfi frá sjónarhóli fjölskyldunnar er augljóst að hún skipar þar ákveðinn sess og tekið er tillit til hennar með margvíslegum hætti. Hitt er jafnljóst að engin heildarstefna í fjölskyldumálum er fyrir hendi þar sem einstakir þættir velferðarkerfisins eru skipulagðir miðað við önnur yfirlýst markmið heldur en velferð fjölskyldunnar. Hinir einstöku þættir velferðarkerfisins beinast að tilteknum viðfangsefnum eða afmörkuðum hópum, svo sem nemendum, fötluðum eða sjúkum. Fjölskyldan verður því oft eins konar afgangsstærð og réttur hennar í reynd afleiddur af þeim markhópi, sem um ræðir hverju sinni. Hinar bannhelgu línur, sem dregnar eru á milli einstakra þátta velferðarkerfisins, á milli landamæra ráðuneyta, á milli ríkis og sveitarfélaga, byrgja heildarsýn. Það kemur niður á sveigjanleika þess og getu til að mæta nýjum og breytilegum þörfum fjölskyldna. Auk þess geta aðgerðir stjórnvalda á einu sviði því auðveldlega valdið ófyrirséðum og óheppilegum breytingum á öðrum sviðum. Þegar velferð fjölskyldunnar er ekki yfirlýst markmið hins opinbera verður opinber umræða um fjölskylduna rýr, þar sem farvegur fyrir þá umfjöllun er ekki fyrir hendi. Þannig er sjaldan spurt áleitinna spurninga um verkefni fjölskyldunnar. Enn síður er leitað svara við þeim með þeim hætti að hið opinbera geti mótað aðgerðir sínar í samræmi við þau svör. Úr þessu er þingsályktunartillögunni ætlað að bæta.

Athugasemdir við einstaka kafla þingsályktunartillögu þessarar.

Um I. kafla.

Kaflinn hefur að geyma áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar sem grunneiningu samfélagsins. Vakin er athygli á því að þess vegna verðskuldar hún að stjórnvöld hlúi að henni með skipulögðum hætti með því að setja fram stefnu í málefnum hennar.

Lögð er áhersla á að gerð fjölskyldna er ólík og að stjórnvöld geri ekki upp á milli fjölskyldugerða og að þær njóti jafnræðis. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á skilgreiningu landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á fjölskyldunni en hún er svohljóðandi: „Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þeir eru skuldbundnir hvorum öðrum í siðferðilegri gagnkvæmri hollustu.“

Í annarri málsgrein er fjallað um markmið fjölskyldustefnu sem er að styðja og styrkja fjölskylduna í verkefnum sínum. Sérstaða fjölskyldunnar sem félagslegar einingar er fólgin í því að hver einasti einstaklingur hefur frá fæðingu lifað og hrærst í fjölskylduumhverfi. Einstakir fjölskyldumeðlimir og fjölskyldan sem eining eiga samskipti við samfélagið og einstakar stofnanir þess. Þessi margþættu og órjúfanlegu tengsl fjölskyldu og samfélags valda því að það eru nánast engin takmörk sett fyrir umfangi þeirra viðfangsefna sem fjölskyldustefna tekur til. Þess vegna hlýtur það að vera breytilegt frá einum tíma til annars hvaða viðfangsefni og áherslur í fjölskyldumálum eiga við. Ræðst það m.a. af almennum sjónarmiðum, hugmyndum um forgangsröðun verkefna og breytilegum aðstæðum fjölskyldunnar.

Þótt áherslur í fjölskyldustefnu hljóti að vera breytilegar frá einum tíma til annars eru vissar meginforsendur sem eðlilegt er að gengið sé út frá. Lúta þær ekki síst að þeim siðferðilega mælikvarða sem fjölskyldunni tengist og ætla verður að almennt sé sátt um. Í þriðju málsgrein eru fjögur atriði tilgreind og varða tvö þau fyrri grundvallarhlutverk fjölskyldunnar: um fjölskylduna sem tilfinningalegt athvarf einstaklinga annars vegar og umönnunar- og uppeldishlutverk fjölskyldunnar hins vegar. Tvö síðari undirstöðuatriðin varða virðingu fyrir sjálfstæðum réttindum hvers fjölskyldumeðlims og jafnrétti kvenna og karla.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma skrá yfir þau viðfangsefni sem að mati landsnefndar um Ár fjölskyldunnar eru einkar mikilvæg við mótun fjölskyldustefnu líðandi stundar. Þannig eru þau hugsuð sem leiðsögn en ber ekki að líta á þau sem tæmandi úttekt. Jafnframt er ástæða til að leggja áherslu á að enda þótt um sé að ræða viðfangsefni sem hafa tiltekin markmið verður nánari útfærsla þeirra og framkvæmd háð stjórnmálalegum ákvörðunum.

Þau viðfangsefni sem fjallað er um í þessum kafla eru fæst ný og hafa flest verið til umræðu oft áður. Hins vegar hefur sjaldan verið gerð tilraun til að fjalla um þau frá sjónarhóli heildarsýnar. Viðfangsefnin skýra sig að mestu sjálf. Viðfangsefni frá 2.1–2.3 eru almenns eðlis og lúta einkum að því að styrkja fjölskylduna til að sinna verkefnum sínum, ekki síst er varðar börn. Viðfangsefni 2.4–2.7 fjalla um atriði sem beinast að því að treysta farsæld fjölskyldunnar, einkum öryggi og afkomu. Viðfangsefni 2.8–2.11 víkja að stuðningi við fjölskyldur sem verðskulda að þeim sé gefinn gaumur vegna þarfa fyrir sérstakan stuðning (fatlaðir, aldraðir) eða vegna þess að staða þeirra er veik og hana þarf að styrkja (nýbúar, samkynhneigðir). Viðfangsefni 2.12–2.14 taka til þeirra þátta sem einkum ógna velferð fjölskyldunnar eða einstakra fjölskyldumeðlima, svo sem vegna samskiptaerfiðleika, ofbeldis eða fíkniefnaneyslu. Og loks viðfangsefni 2.15–2.16 sem fjalla

um að efla skilning á mikilvægi fjölskyldunnar, virðingu fyrir ólíkum fjölskyldugerðum og þörf fyrir rannsóknir í fjölskyldumálum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru lagðar fram tvær tillögur um aðgerðir af hálfu stjórnvalda: undirbúin sé lagasetning um stofnun fjölskylduráðs annars vegar og sjóðs um fjölskylduvernd hins vegar.

Hugsunin sem liggur að baki fjölskylduráði ríkisins er að stjórnvöld á hverjum tíma hafi aðgang að ráðgjafanefnd sem sé þeim til ráðuneytis í málefnum fjölskyldunnar. Jafnframt er fjölskylduráðinu ætlað að hafa frumkvæði að því að vekja athygli á æskilegum úrbótum er varða fjölskylduna og viðhalda umræðu um stöðu hennar í samfélaginu. Þetta skal m.a. gera með því að hvetja einkaaðila og félagasamtök til að láta málefni fjölskyldunnar til sín taka og jafnframt að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á að fjölskylduráðinu er ætlað að gera tillögur að framkvæmdaáætlun í fjölskyldumálum í samráði við einstök ráðuneyti, sambærilega við þá sem gerð hefur verið í jafnréttismálum. Þannig er ráðinu ætlað að hafa heildarsýn yfir málefni fjölskyldunnar og er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða því eins og fyrr er getið um deilast verkefnin ýmist á ólík fagráðuneyti eða á milli ríkis og sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir því að fjölskylduráðið skipi allt að fimm menn sem kosnir séu hlutfallskosningu af Alþingi, a.m.k. að hluta. Til greina kemur t.d. að Háskóli Íslands tilnefni mann í ráðið í því skyni að treysta fræðilegan grunn ráðsins svo og að auðvelda því að sinna rannsóknarhlutverki sínu. Þá er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra skipi formann og er gert ráð fyrir því að fjölskylduráðið starfi á vegum félagsmálaráðuneytis. Slík ráðstöfun felur í sér að félagsmálaráðherra og félagsmálaráðuneytið beri meiri ábyrgð en aðrir handhafar framkvæmdarvaldsins á málefnum fjölskyldunnar.

Stofnun sjóðs sem hafi það hlutverk að stuðla að og styrkja þróunarverkefni og rannsóknir á sviði fjölskyldumála er mjög tímabær. Afar fáar rannsóknir hafa verið gerðar á högum íslenskra fjölskyldna. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á þetta atriði í tilmælum sínum til aðildarríkjanna á Ári fjölskyldunnar. Af þessu tilefni ákvað landsnefndin að verja stærstum hluta þess fjármagns sem nefndin hafði til ráðstöfunar til viðamikillar rannsóknar á aðstæðum íslenskra barnafjölskyldna. Niðurstöður hennar munu birtar fljótlega.

Mikið skortir á að fjölskyldur eigi aðgang að nauðsynlegri þjónustu, einkum á sviði fjölskylduráðgjafar. Fjölskylduráðgjöf miðar að því að styðja fjölskylduna á álagstímum og tekur hún m.a. til ráðgjafar í uppeldismálum, samskiptaerfiðleikum og skilnaðarmálum. Á fjárlögum ársins 1994 var af tilefni Árs fjölskyldunnar veitt fé til fjölskyldubjónustu. Að tilmælum landsnefndarinnar var stærstum hluta þess fjármagns veitt til tilraunaverkefna í fjölskylduráðgjöf á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði. Mjög æskilegt er að áframhald verði á þessum stuðningi og að hann taki til samvinnuverkefna fleiri sveitarfélaga.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdi lokaskýrsla landsnefndar um Ár fjöskyldunnar 1994. Nefndina skipaði félagsmálaráðherra í október 1991 og lauk hún störfum í janúar 1995. Um skýrsluna er vísað til þingskjalsins (lausaskjalsins).

693. Frumvarp til laga [423. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Í 1. mgr. 73. gr. laganna fellur brott raðtalan „108“.

2. gr.

108. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á 242. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

a. 1. tölul. verður svohljóðandi: Brot gegn ákvæðum 233. gr. og 233. gr. a sæta opinberri ákæru.
b. B-liður 2. tölul. verður svohljóðandi: Hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 25. júní 1992 kvað mannréttindadómstóll Evrópu upp þann dóm í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi að íslenska ríkið hefði brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu vegna þess að Þorgeir hefði, með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. júní 1986, sem staðfestur var af Hæstarétti 20. október 1987, verið dæmdur til refsingar fyrir meiðyrði í garð lögreglunnar og einstakra lögreglumanna í Reykjavík á grundvelli 108. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Hinn 8. júlí 1992 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur til dómsmálaráðuneytisins um viðbrögð við dóminum. Var nefndinni falið að kanna hvort þörf væri á sérstakri vernd opinberra starfsmanna eins og gert er ráð fyrir í 108. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt var nefndinni falið að kanna hvort ekki sé tímabært að mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögtekinn hér á landi og í því falli að undirbúa lagafrumvarp þar að lútandi. Í nefndina voru skipuð Björn Bjarnason alþingismaður, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður (nú prófessor), Markús Sigurbjörnsson prófessor (nú hæstaréttardómari), Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður og Ragnhildur Helgadóttir lögfræðingur sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar.

Hinn 9. október 1992 ritaði nefndin dómsmálaráðherra bréf þar sem fram kemur það álit hennar að með því að inna af hendi greiðslur samkvæmt dóminum til Þorgeirs Þorgeirssonar og með þýðingu og kynningu á dóminum hér á landi væri fullnægt þeim kröfum sem telja yrði að fullnægja þyrfti af Íslands hálfu til að bregðast við dóminum. Í framhaldi af þessu vann nefndin að frumvarpi til laga um lögfestingu mannréttindasáttmálans og skilaði nefndin frumvarpi þar að lútandi til dómsmálaráðherra vorið 1993.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1994, skilaði nefndin greinargerð til dómsmálaráðherra um afstöðu nefndarinnar til 108. gr. almennra hegningarlaga. Ekki náðist samstaða í nefndinni um ákveðna tillögu í þessu sambandi. Valdi nefndin að kynna ráðherra þrjá kosti sem kynntir voru og ræddir í nefndinni, auk þess sem einn nefndarmanna skilaði séráliti. Greinargerð nefndarinnar er birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi ásamt séráliti eins nefndarmanna. Með bréfi, dags. 5. janúar 1995, var Eiríki Tómassyni prófessor falið að endurskoða 108. gr. almennra hegningarlaga á grundvelli þeirra tillagna sem fram komu í nefndinni og að semja lagafrumvarp þar að lútandi. Lagði Eiríkur til að farin yrði sú leið sem gerð er grein fyrir í 2. lið niðurstöðu greinargerðar nefndarinnar. Byggir lagafrumvarpið á þessari tillögu.

II. Almennar athugasemdir.

Ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi: „Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt."

Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt frá gildistöku almennra hegningarlaga. Það á sér fyrirmynd í 121. gr. dönsku hegningarlaganna. Athyglisvert er að mun vægari refsing er lögð við ærumeiðingum í garð opinberra starfsmanna samkvæmt danska ákvæðinu, þ.e. sektir, varðhald eða fangelsi í allt að sex mánuði. Síðasta málsliðinn í 108. gr. almennra hegningarlaga er ekki að finna í danska ákvæðinu.

Í XII. kafla almennra hegningarlaga, þar á meðal í 108. gr. laganna, er opinberum starfsmönnum veitt aukin refsivernd, en á móti kemur að í XIV. kafla laganna er lögð ríkari refsiábyrgð á þá en aðra menn, sbr. t.d. 138. gr. Af lögskýringargögnum og fræðiritum verður ráðið að skýringin á því að tekið var upp sérstakt refsiákvæði um ærumeiðingar í garð opinberra starfsmanna hafi einkum verið sú að vegna starfa sinna og stöðu í þjóðfélaginu sé þeim þörf á ríkari æruvernd en öðrum mönnum.

Íslenskir dómstólar hafa, á síðustu þremur áratugum, nokkrum sinnum dæmt menn til refsingar vegna brota á 108. gr. almennra hegningarlaga meðan ekki verður séð af dönskum fræðiritum að þarlendir dómstólar hafi beitt hliðstæðu ákvæði í dönsku hegningarlögunum frá árinu 1963. Sú spurning vaknar því óneitanlega hvort þörf sé á þessu sérákvæði um æruvernd opinberra starfsmanna. Af málsatvikum í þeim dómum, þar sem 108. gr. almennra hegningarlaga hefur verið beitt, verður ekki ráðið að svo sé, þegar af þeirri ástæðu að þeir opinberir starfsmenn, sem þar áttu í hlut, hefðu ella notið verndar hinna almennu ákvæða um meiðyrði í 234.–241. almennra hegningarlaga, sbr. og sérstaklega b-lið 2. tölul. 242. gr. laganna þar sem segir að hafi ærumeiðandi aðdróttun verið beint að opinberum starfsmanni sæti slíkt brot opinberri ákæru að kröfu hans. Að auki má nefna að í 106. gr. almennra hegningarlaga er m.a. lögð refsing við því að ráðast með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum þegar þeir eru að gegna skyldustörfum eða út af þeim. Að sjálfsögðu væri unnt að beita því ákvæði ef ráðist væri að opinberum starfs-

mönnum, t.d. lögreglumönnum, við skyldustörf þeirra með ógnunum samfara móðgunum í orði eða verki, en ætla má að það sé nokkuð algengt ef veist er að þessum starfsmönnum á annað borð.

Þessu til viðbótar er rétt og skylt að nefna að viðhorf til tjáningarfrelsis hafa gjörbreyst á þeirri hálfu öld sem liðin er frá því að almenn hegningarlög voru sett. Þannig brýtur það í bága við nútímaviðhorf til tjáningarfrelsis að lýsa aðdróttun refsiverða þótt sönnuð sé, sbr. niðurlag 108. gr. almennra hegningarlaga. Þá sýnir niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorgeirs Þorgeirssonar að lagagreinin getur í heild komið í veg fyrir að menn fái notið þess mikilvæga réttar að geta gagnrýnt málefni sem varða almenning miklu svo að vitnað sé til orðalags í dóminum. Jafnframt má færa að því rök að ákvæðið samrýmist ekki hinni almennu jafnræðisreglu sem leidd hefur verið af 78. gr. stjórnarskrárinnar og er auk þess að finna í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966.

Þegar allt það er virt sem að framan greinir verður ekki séð að lengur sé þörf á 108. gr. almennra hegningarlaga til þess að vernda æru opinberra starfsmanna. Ákvæðið samræmist heldur ekki almennum viðhorfum til tjáningarfrelsis og jafnræðis í nútímaþjóðfélagi. Af þeim sökum er lagt til að það verði fellt brott. Hins vegar þykir rétt með tilliti til stöðu opinberra starfsmanna og þeirrar auknu refsiábyrgðar sem á þá er lögð í XIV. kafla almennra hegningarlaga að móðganir eða aðdróttanir, sem störf þeirra varða og refsiverðar kunna að vera, að áliti ákæruvalds, sæti opinberri ákæru að kröfu þeirra sjálfra, sbr. b-lið 2. tölul. 242. gr. laganna. Helstu breytingar, sem leiðir af frumvarpinu, eru að verknaðarlýsingar í 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga eru heldur þrengri en í 108. gr., refsirammi þeirra greina er lægri en í 108. gr., brot sætir ekki ákæru nema að kröfu þess sem misgert er við. Auk þess fellur brott það atriði er greinir í síðasta málslið 108. gr., þ.e. að aðdróttun, þótt sönnuð sé, varði sektum ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt og ákvæði í b-lið 2. tölul. 242. gr. eru þrengd, svo sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins að 108. gr. almennra hegningarlaga falli brott er hér lagt til að tilvísun í þá grein falli brott úr 73. gr. laganna.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa en að framan greinir. Það skal þó áréttað að verði 108. gr. almennra hegningarlaga felld brott njóta opinberir starfsmenn eins og aðrir menn verndar hinna almennu ákvæða um meiðyrði í 234.–241. gr. sömu laga.

Um 3. gr.

Í b-lið 3. gr. er lögð til breyting á b-lið 2. tölul. 242. gr. hegningarlaganna. Ef 108. gr. laganna verður felld brott án þess að nokkrar aðrar breytingar verði gerðar á þeim kemur upp sú sérkennilega staða að ærumeiðandi aðdróttun í garð opinbers starfsmanns mun eftir það sæta opinberri ákæru, sbr. b-lið 2. tölul. 242. gr. laganna, meðan hann sjálfur þyrfti að höfða mál vegna móðgunar í starfi. Af þessum sökum er lagt til að orðalag þessa síðastnefnda ákvæðis verði rýmkað að þessu leyti en um leið þrengt með því að fella á brott orðin: „eða hún myndi, ef sönn væri, baka honum embættis- eða sýslunarmissi“. Opinber starfsmaður verður þar með sjálfur að höfða meiðyrðamál ef aðdróttun, sem ekki

varðar starf hans, er beint að honum án tillits til þess hvort hún kunni að leiða til starfsmissis. Tekið skal fram að ákvæði b-liðar 2. tölul. 242. gr. hefur verið skýrt svo að opinber starfsmaður eigi þess jafnan kost að höfða meiðyrðamál ef ákæruvaldið neitar að verða við þeirri kröfu hans að höfða opinbert mál.

Í a-lið 3. gr. er lögð til breyting á 1. tölul. 242. gr. hegningarlaganna sem ekki tengist meginefni frumvarpsins. Í 242. gr. laganna eru ákvæði um hvernig brot skv. XXV. kafla laganna um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs sæti ákæru. Samkvæmt 1. tölul. greinarinnar sæta brot gegn 233. gr. opinberri ákæru. Í 2. tölul. er gerð grein fyrir því hvaða brot sæti opinberri ákæru að kröfu þess sem misgert er við og skv. 3. tölul. getur sá einn sem misgert er við höfðað mál út af öðrum brotum er greinir í kaflanum. Með lögum um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 97/1973, var nýrri grein, 233. gr. a, bætt í XXV. kafla laganna þar sem segir að hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Ákvæði var sett í lög vegna skuldbindinga samkvæmt alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis sem Ísland fullgilti 13. mars 1967. Samningurinn gekk í gildi 4. janúar 1969.

Lagt er til að auk brota á 233. gr. sæti brot skv. 233. gr. a opinberri ákæru. Eins og 242. gr. er nú getur sá einn höfðað mál sem misgert er við vegna brota á 233. gr. a.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Nefnd um mannréttindasáttmála Evrópuráðsins:

Greinargerð um afstöðu nefndarinnar til 108. gr. almennra hegningarlaga.

Með bréfi dags. 8. júlí 1992 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögu til ráðuneytisins um viðbrögð við dómi Mannréttindadómstóls Evrópu sem upp var kveðinn 25. júní 1992 í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi. Nefndinni var falið að kanna sérstaklega hvort þörf sé á sérstakri vernd opinberra starfsmanna eins og gert er ráð fyrir í 108. gr. alm. hgl. Jafnframt var nefndinni falið að kanna hvort ekki sé tímbært að mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögtekinn hér á landi.

Með bréfi dags. 9. október 1992 ritaði nefndin ráðherra bréf þar sem hún taldi að með því að inna af hendi greiðslur samkvæmt dóminum til Þorgeirs Þorgeirssonar og með kynningu dómsins hér á landi væri fullnægt þeim kröfum sem telja verði að fullnægja þurfi af Íslands hálfu sem viðbrögð við dómi þessum.

Nefndin tók það sem forgangsverkefni, eftir að hún hafði fjallað um viðbrögð við dóminum, að vinna að lagafrumvarpi um lögfestingu mannréttindasáttmálans hér á landi. Því verki lauk nefndin vorið 1993 og með bréfi dags. 7. apríl 1993 skilaði hún í hendur dómsmálaráðherra frumvarpi um lögfestingu mannréttindasáttmálans. Í niðurlagi þess bréfs segir að næsta verkefni nefndarinnar verði, í samræmi við skipunarbréf hennar, athugun á 108. gr. alm. hgl. um æruvernd opinberra starfsmanna. Muni nefndin taka afstöðu til þess hvort ástæða væri til lagabreytingar í því sambandi og þá hvernig.

Nefndin hefur ítarlega rætt ákvæði þau sem felast í 108. gr. Einnig hefur nefndin metið hvort ákvæði greinarinnar séu þess eðlis að þau geti verið metin andstæð ákvæðum 10. gr. mannréttindasáttmálans sem fjallar um tjáningarfrelsið.

Ljóst er að ákvæði 108. gr. takmarkar tjáningarfrelsi manna gagnvart opinberum starfsmönnum. Með vísun til ákvæða 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans þar sem segir að af réttinum til tjáningarfrelsis leiði skyldur og ábyrgð þá sé heimilt að þessi tjáningarfrelsisákvæði séu háð formsreglum, skilyrðum og takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla eins og segir orðrétt í nefndri 2. mgr.

Evrópudómstóllinn hefur í allnokkrum dómum fjallað um mörk tjáningarfrelsisins skv. 10. gr. Í þeim málum hefur verið um það að ræða að dómstólar í viðkomandi ríkjum höfðu talið að beita ætti refsiviðurlögum tiltekinna greina laga viðkomandi ríkja fyrir ótilhlýðileg ummæli um stjórnmálamenn eða aðgerðir stjórnvalda til að hindra tjáningarfrelsið.

Ljóst er að ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmálans hljóta að verða mjög matskennd í ýmsum atriðum og þar sem tiltölulega fá mál hafa gengið varðandi túlkun á þessum ákvæðum verður varla talið að um fullkomna túlkun dómstólsins á þessum ákvæðum sé að ræða enn sem komið er.

Íslenskir dómstólar hafa alloft beitt 108. gr. alm. hgl. og áður 102. gr. hgl. 1869 svo sem rakið er í dómskrám Ármanns Snævarrs sem ná fram til 1961.

Ekki hefur verið kannað umfang notkunar þessa refsiákvæðis síðustu 30 ár en fyrir utan margumræddan dóm yfir Þorgeiri Þorgeirssyni hefur verið sakfellt í Hæstarétti 6 sinnum á árum 1961 til 1992 samkvæmt greininni. Auk þess kemur fram í nokkrum dómum vísun til greinarinnar, svo sem þegar opinberir starfs- eða sýslunarmenn hafa höfðað einkarefsimál skv. XXV. kafla.

Þegar skoðaðir eru þeir dómar sem handbærir hafa verið við athugun á grein þessari er ljóst að 108. gr. hefur langoftast verið notuð í sambandi við atyrði í garð lögreglumanna bæði munnleg og skrifleg. Í nokkrum tilvikum hefur greinin verið notuð samhliða öðrum viðurlagagreinum, svo sem 106. gr., þegar um ofbeldi gegn opinberum starfsmanni hefur verið að ræða. Sömuleiðis hefur greinin einnig verið notuð jafnhliða því að þeir sem fyrir skammaryrðum eða aðdróttunum hafa orðið hafa sjálfir höfðað mál til ómerkingar ummæla á grundvelli 241. gr. alm. hgl., svo sem var í máli Kristjáns Péturssonar og Hauks Guðmundssonar gegn Þórarni Þórarinssyni ritstjóra en í því máli kemur fram að ríkissaksóknari gaf einnig út ákæru á hendur Þórarni vegna þessara sömu ummæla í dagblaðinu Tímanum. Var dæmt í því refsimáli skv. 108. gr.

Svo sem sjá má af umræddum dómi gegn Þórarni Þórarinssyni, sem upp var kveðinn 19. október 1981, er opinberum starfsmönnum augljóslega unnt að ná sama og e.t.v. betri árangri með málshöfðun skv. XXV. kafla. Hins vegar er ljóst að visst hagræði er í því fyrir opinberan starfsmann að geta leitað til ákæruvaldsins um málarekstur fyrir sína hönd út af þeim skammaryrðum, móðgunum eða aðdróttunum sem lýst er í 108. gr.

Svo sem að framan er rakið er það hlutverk nefndarinnar að kanna hvort þörf sé á sérstakri vernd opinberra starfsmanna eins og gert er ráð fyrir í 108. gr. Ítarleg könnun hefur vissulega ekki farið fram á þeirri þörf en benda má á að opinberir starfsmenn eru í nokkurri annarri aðstöðu heldur en aðrir borgarar til að bera hönd fyrir höfuð sér þegar að þeim er veist á opinberum vettvangi vegna skyldustarfa þeirra þar sem þeir eru bundnir

strangri þagnarskyldu og trúnaði sem gerir að þeim er ekki alltaf unnt að bera fram virk andmæli gegn þeim skammaryrðum, móðgunum eða aðdróttunum sem á þá eru borin en geta þá leitað aðstoðar ákæruvaldsins til að fá þann sem að þeim veitist dæmdan í refsingu fyrir ummælin.

Benda má á að ákvæði 108. gr. er komið úr 121. gr. dönsku hegningarlaganna þar sem það stendur enn. Virðist það ákvæði hafa verið jafnvel enn minna notað en hér á landi ef marka má tilvitnanir í Karnov lagasafninu. Allnokkur munur er á 108. gr. íslensku hgl. og 121. gr. dönsku hgl. Í fyrsta lagi er hámark refsingar í íslensku lögunum allt að þriggja ára fangelsi en allt að sex mánaða fangelsi í þeim dönsku. Í öðru lagi er í íslensku greininni niðurlag þar sem segir: „aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt“. Þessi setning er ekki í dönsku greininni.

Í athugasemdum með hegningarlagafrumvarpinu varðandi 108. gr. segir m.a. „Grein þessi er tæmandi að því er til refsingar tekur fyrir ærumeiðingar sem á annað borð falla undir ákvæði hennar. Ber því ekki að refsa fyrir sömu ærumeiðinguna bæði samkvæmt þessari grein og ákvæðum XXV. kafla frumvarps þessa. Neiti opinbera ákæruvaldið að höfða mál, mun þó starfsmaðurinn geta sótt sökina í einkamáli samkvæmt ákvæðum nefnds kafla.“

Niðurstaða.

Þótt nefndin væri sammála um ýmis atriði varðandi breytingu á þeirri vernd sem opinberum starfsmönnum er veitt með ákvæðum 108. gr. náði nefndin ekki samstöðu um eina tillögu um breytingu á þessari hegningarlagagrein. Nefndin telur hins vegar rétt að gera nokkra grein fyrir þremur kostum sem kynntir voru og ræddir í nefndinni varðandi greinina en þeir eru þessir:

1. Fyrst skal geta þess kosts sem felur í sér minnstar breytingar. Hann byggir á þeirri skoðun að opinberum starfsmönnum sé ekki brýn þörf á þeirri vernd sem 108. gr. veitir þó að þeim kunni að vera að henni nokkur styrkur í einstaka tilvikum. Sömuleiðis má færa fyrir því rök að ekki sé brýn þörf á því að fella þessa grein úr gildi. En síðasta málslið hennar má tvímælalaust fella niður. Refsirammi greinarinnar þarfnast einnig endurskoðunar en það þarf þá að gera í tengslum við heildarendurskoðun ákvæða hegningarlaganna um meiðyrði. Þessi kostur gerir þannig ráð fyrir því að greinin standi óbreytt utan síðasta málsliðar ef ástæða þykir til að fella hann niður með sérstakri breytingu.
2. Annar kosturinn sem kynntur og ræddur var felst í því að eðlilegast væri að fella 108. gr. hgl. úr gildi enda væri æru opinberra starfsmanna veitt nægileg vernd með hinum almennu ákvæðum um ærumeiðingar í XXV. kafla hgl. Ef engin breyting yrði gerð á þeim ákvæðum samfara afnámi 108. gr. kæmi hins vegar upp sú sérkennilega staða að ærumeiðandi aðdróttun í garð opinbers starfsmanna mundi eftir það sæta opinberri ákæru, eftir kröfu hans, sbr. b-lið 2. tölul. 242. gr. hgl., meðan hann sjálfur þyrfti að höfða mál vegna móðgunar sem hann yrði fyrir í hinu opinbera starfi. Til þess að koma í veg fyrir þetta misræmi væri því réttast á meðan hin almennu ákvæði hgl. um meiðyrði annars vegar og opinbera starfsmenn hins vegar stæðu óbreytt að umorða hið tilvitnaða ákvæði í b-lið 2. tölul. 242. gr. þannig að það yrði svohljóðandi: „b. Hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni, sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin tengist að einhverju leyti þessu starfi hans, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.“

Rétt er að benda á í sambandi við þessa sérstöku réttarvernd opinberra starfsmanna að hugtakið opinber starfsmaður hefur verið túlkað af dómstólum svo vítt að vafasamt er að hinn upphaflegi tilgangur löggjafans hafi verið að láta þessa sérstöku vernd og reyndar þær sérstöku skyldur sem á opinbera starfsmenn eru lagðar í XIV. kafla hegningarlaganna ná til svo stórs hluta almennings sem nú er orðinn raunin á, bæði með fjölgun opinberra starfsmanna sem svo eru nefndir og hinni víðu túlkun dómstóla á hugtakinu. Virðist því nauðsyn að taka til endurskoðunar til hvaða hóps manna þessi sérstaka vernd og þessar sérstöku skyldur sem hegningarlögin fjalla um varðandi opinbera starfsmenn eiga að ná til.

3. Þriðji kosturinn og sá sem lengst gengur er að fella niður 108. gr. án þess að nokkrar sérstakar ráðstafanir séu gerðar til mótvægis við þá breytingu. Er þá miðað við að í nútímaþjóðfélagi sé ekki ástæða til að veita tilteknum hópi sérstaka aðstöðu til málssóknar vegna skamma, móðgana eða aðdróttana þar sem ákvæði XXV. kafla hegningarlaganna eigi að vera nægjanleg þessum hópi eins og öðrum þegnum.

Sérálit Ragnars Aðalsteinssonar hrl.
um 108. gr. almennra hegningarlaga.

Með bréfi dagsettu 8. júlí 1992 skipaði dómsmálaráðherra undirritaðan ásamt fjórum öðrum í nefnd til þess m.a. að gera tillögur til dómsmálaráðuneytisins um viðbrögð við dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 25. júní 1992 í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir enn fremur að sérstaklega skuli kannað hvort þörf sé á sérstakri vernd opinberra starfsmanna eins og gert er ráð fyrir í 108. gr. almennra hegningarlaga.

Nefndarmenn hafa ekki orðið ásáttir um á hvern hátt skuli staðið að svari til ráðuneytisins um þetta efni né um sameiginlega niðurstöðu og hef ég því talið rétt að skila sérstöku áliti.

Í dómasafni Hæstaréttar er að finna ýmis dæmi um að ákæruvaldið hafi höfðað opinber mál til refsingar skv. 108. gr. vegna ummæla í blaðagreinum um opinbera starfsmenn og hefur það hugtak þá verið skilgreint á mjög víðan hátt. Dæmi um opinbera starfsmenn í skilningi 108. gr. samkvæmt dómum Hæstaréttar: Erlendur ráðgjafi við rannsókn einstaks refsimáls (1978.210); fyrrverandi sóknarprestur og nú staðarhaldari á vegum sveitarfélags (1992.401).

Af dómum Hæstaréttar verður ekki ráðið að sérstök þörf sé á vernd opinberra starfsmanna með þeim hætti sem veitt er í 108. gr. og er þá við það átt að ákvæði 106. gr., 107. gr. og ærumeiðingaákvæðin í XXV. kafla almennra hegningarlaga veiti þá vernd sem þörf er á. Vakin er á því sérstök athygli að skv. 242. gr. 2. tölul. b-liðar almennra hegningarlaga sætir brot sem felst í ærumeiðandi aðdróttun að opinberum starfsmanni opinberri ákæru að kröfu starfsmannsins að vissum nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum.

Þegar réttmæti þess að viðhalda óbreyttu réttarástandi á þessu sviði er virt er óhjákvæmilegt að gera það í ljósi viðurkenndra grunnreglna íslenskrar stjórnskipunar um jafnræði borgaranna, ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar og sambærilegra ákvæða í 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þar sem segir að allir séu jafnir fyrir lögunum og eigi rétt á sömu lagavernd. Í umfjöllun mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna 29. nóvember 1993 um skýrslu Íslands skv. 40. gr. alþjóðasamningsins segir m.a. í 10. mgr. að nefndin hafi veitt því athygli „að enn eigi sér stað mismunun ... í þágu starfsmanna hins opinbera".

Því er lagt til að 108. gr. almennra hegningarlaga í heild sinni verði afnumin með eftirfarandi rökum að:

— hún sé til þess fallin að takmarka frelsi borgaranna til að tjá sig um málefni sem geta varðað almenning mjög miklu,
— hún samræmist ekki þeirri grundvallarreglu, að allir skuli jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd,
— þrátt fyrir afnám greinarinnar sé löggæslumönnum og öðrum opinberum starfsmönnum við framkvæmd starfa sinna veitt næg lagavernd.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum.

Tilgangur þessa frumvarps er að 108. gr. almennra hegningarlaga falli brott, auk þess sem gerðar eru minni háttar breytingar á b-lið 2. tölul. 242. gr. sömu laga. Efni þessara greina fjalla um ærumeiðingar gagnvart opinberum starfsmönnum.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

694. Skýrsla [424. mál]

um ríkisfjármál árið 1994.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1 Helstu niðurstöður

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1994. Fjallað er um einstök atriði á tekju-, gjalda- og lánahlið ríkissjóðs. Jafnframt eru raktir helstu þættir almennrar efnahagsþróunar, bæði á árinu 1994 og til lengri tíma, eða frá árinu 1986. Einnig er fjallað um umsvif annarra opinberra aðila á lánamarkaði. Ennfremur er í sérstökum viðauka birt í heild sinni langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem unnin var í fjármálaráðuneytinu á síðasta ári. Loks er ítarlegur töfluviðauki með margvíslegum upplýsingum um ríkisfjármál og helstu þjóðhagsstærðir.

Helstu niðurstöður. Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður skýrslunnar, en frekari umfjöllun um einstök atriði er að finna í viðkomandi köflum:

- Á síðasta ári urðu ákveðin þáttaskil í efnahagsmálum hér á landi. Langvinnt tímabil stöðnunar og samdráttar virðist að baki og framundan hillir undir hægfara efnahagsbata. Hér gætir ekki síst áhrifa breyttra áherslna í hagstjórn, einkum frá árinu 1991. Viðskiptafrelsi hefur verið aukið á flestum sviðum, meðal annars hefur ákvörðun vaxta verið færð út á markaðinn og fjármagnsviðskipti við önnur lönd gefin frjáls. Þá hefur verið gripið til markvissra aðgerða til að taka á ýmsum rótgrónum vandamálum í ríkisfjármálum.

- Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs árið 1994 staðfesta þau umskipti sem orðið hafa í ríkisfjármálum undanfarin ár. Þrátt fyrir samdrátt þjóðartekna og útgjaldafrekar ríkisfjármálaaðgerðir til þess að halda atvinnuleysi í skefjum hefur tekist að minnka halla ríkissjóðs um nær helming frá árinu 1991. Útgjöld ríkissjóðs hafa lækkað umtalsvert að raungildi og skatttekjur staðið í stað. Jafnframt hefur lánsfjárþörf ríkissjóðs og tengdra aðila minnkað um meira en helming á þessu tímabili. Þetta ásamt ýmsum markaðstengdum aðgerðum stjórnvalda í peningamálum hefur leitt til umtalsverðrar lækkunar vaxta á innlendum fjármagnsmarkaði.

- Árið 1994 nam halli ríkissjóðs 7,4 milljörðum króna, samanborið við 9,6 milljarða í fjárlögum ársins. Þetta er í fyrsta sinn síðan á árinu 1984 að útkoma ársins verður betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en alla jafna hafa niðurstöðutölur sýnt lakari afkomu en fjárlög. Halli ríkissjóðs minnkaði einnig verulega frá árinu 1993, eða um nær fjórðung, úr 2,3% af landsframleiðslu árið 1993 í 1,7% árið 1994.

Afkoma ríkissjóðs 1991 - 1994

Í milljónum króna	1991	1992	1993	Fjárlög 1994	Útkoma 1994
Tekjur	99.953	103.447	103.220	104.146	109.602
Gjöld	112.487	110.607	112.863	113.782	116.986
Rekstrarafkoma	**-12.534**	**-7.160**	**-9.643**	**-9.636**	**-7.384**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-3,2	-1,8	-2,3	-2,5	-1,7
Lánveitingar	-2.114	-15	-1.055	-2.140	-7.388
Hrein lánsfjárþörf	**14.648**	**7.175**	**10.698**	**11.776**	**14.771**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	3,7	1,8	2,6	3,1	3,4
Lántökur, nettó	**8.535**	**9.434**	**12.134**	**11.850**	**14.729**
Innlend lántaka - afborganir	3.216	5.494	8.090	6.750	3.568
Erlend lántaka - afborganir	6.074	4.716	4.044	5.100	11.161
Lán í Seðlabanka - afborganir	-755	-776	-	-	-
Greiðsluafkoma	**-6.113**	**2.259**	**1.436**	**74**	**-42**

- Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1994 námu 117 milljörðum króna, eða 27,2% af landsframleiðslu. Frávikið frá fjárlögum nemur 3,2 milljörðum króna til hækkunar, en það má að mestu leyti rekja til aukinna útgjalda sjúkratrygginga og sjúkrastofnana og meiri framkvæmda. Hins vegar hefur tekist að halda almennum rekstrarútgjöldum að mestu innan ramma fjárlaga. Frá árinu 1991 hafa útgjöld ríkissjóðs lækkað um 5½ milljarð króna að raungildi.

- Heildartekjur ríkissjóðs árið 1994 námu 109,6 milljörðum króna, eða 5,5 milljörðum umfram fjárlagaáætlun. Þar af voru skatttekjur ríkissjóðs 101,7 milljarðar króna, eða 23,6% af landsframleiðslu. Þetta er svipað skatthlutfall og árið 1993 þrátt fyrir um 2 milljarða króna skattalækkanir, fyrst og fremst vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum. Auknar tekjur má einkum rekja til betra efnahagsástands sem kemur fram bæði í auknum ráðstöfunartekjum heimila og aukinni veltu í efnahagslífinu.

- Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs, en það er sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að taka að láni til að fjármagna halla á rekstri og útstreymi á lánareikningum, nam 14,8 milljörðum króna árið 1994. Þetta er 3 milljörðum hærra en reiknað var með í fjárlögum. Frávikið má alfarið rekja til erfiðleika Byggingarsjóðs ríkisins við að afla lánsfjár innanlands á viðunandi kjörum þannig að ríkissjóður varð að hlaupa undir bagga með útvegun lánsfjár sem nam tæplega 7½ milljarði króna. Að því frátöldu varð lánsfjárþörf ríkissjóðs 3 milljörðum króna minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

- Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs og tengdra aðila (sjóða og stofnana í eigu ríkisins) nam um 15 milljörðum króna árið 1994, eða 8 milljörðum undir áætlun. Þetta svarar til 3,5% af landsframleiðslu og þarf að fara aftur fyrir árið 1986 til að finna jafn lágt hlutfall. Lánsfjárþörfin hefur minnkað verulega undanfarin ár, eða úr 44 milljörðum króna árið 1991, en þá náði hún hámarki. Þessi þróun hefur ótvírætt stuðlað að lækkun vaxta undanfarin misseri.

- Aukin samkeppni á innlendum lánamarkaði, vaxandi verðbréfakaup erlendis og mikil áhersla stjórnvalda að hamla gegn vaxtahækkunum innanlands varð til þess að innlend lántaka ríkissjóðs á árinu 1994 minnkaði og erlend lán jukust að sama skapi. Með því að fara í auknum mæli á erlendan markað tókst að tryggja svipað vaxtastig hér á landi og í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir að erlendar lántökur ríkisins hafi heldur aukist er rétt að undirstrika að erlendar skuldir þjóðarbúsins í heild hafa farið lækkandi undanfarin þrjú ár og horfur á framhaldi á þeirri þróun á árinu 1995.

- Á sama tíma og dregið hefur úr halla ríkissjóðs hefur afkoma sveitarfélaga farið versnandi. Árið 1994 er áætlað að halli hjá sveitarfélögum hafi numið um 15% af heildartekjum þeirra, eða tvöfalt meira en hjá ríkissjóði þar sem sambærilegt hlutfall var innan við 7%. Aukinn hallarekstur sveitarfélaga má nær alfarið rekja til mikillar útgjaldaaukningar. Afleiðing þessa hallarekstrar er stóraukin lánsfjárþörf, en hún hefur nær fjórfaldast hjá sveitarfélögunum frá árinu 1991 á sama tíma og hún hefur minnkað um meira en helming hjá ríkinu.

- Líkt og árið 1993 fór innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs eingöngu fram með útboði ríkisverðbréfa. Vextir í útboðum fóru lækkandi framan af ári. Í kjölfar umtalsverðra vaxtahækkana á erlendum mörkuðum, um 2-2½% að jafnaði, hafa vextir innanlands, einkum á óverðtryggðum skuldbindingum, hins vegar hækkað. Auk þess hefur aukin lánsfjárþörf sveitarfélaga og skuldabréfaútgáfa einkafyrirtækja haft nokkur áhrif til hækkunar langtímavaxta.

- Þrátt fyrir langvarandi hallarekstur á ríkissjóði og versnandi afkomu sveitarfélaga er staðan hér á landi betri en í mörgum nágrannaríkjanna. Þannig er samanlagður halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga í Evrópuríkjum OECD talinn hafa numið um 6% af landsframleiðslu árið 1994, en um 5% á hinum Norðurlöndunum. Hér á landi er hallinn hins vegar talinn hafa orðið minni, eða tæplega 3% árið 1994.

- Svipaða sögu er að segja um skuldasöfnun ríkis og sveitarfélaga. Heildarskuldir hafa alls staðar farið vaxandi að undanförnu. Hlutfall opinberra skulda í ríkjum Evrópusambandsins nam um 74% af landsframleiðslu árið 1994 og rúmlega 70% á hinum Norðurlöndunum. Hér á landi er talið að heildarskuldir ríkis og sveitarfélaga hafi numið um 54% af landsframleiðslu árið 1994.

2 Framvinda efnahagsmála


Í þessum kafla er fyrst farið nokkrum orðum um efnahagsþróun undanfarinna ára, ekki síst í ljósi þeirra áherslubreytinga sem orðið hafa í hagstjórn. Síðan er fjallað um framvindu efnahagsmála árið 1994, innanlands sem utan. Í lok kaflans er síðan fjallað um afkomu og skuldasöfnun hins opinbera, ekki síst versnandi afkomu sveitarfélaga.

2.1 Þáttaskil í hagstjórn

Yfirlit. Margt bendir til þess að nú séu ákveðin þáttaskil í efnahagsmálum hér á landi. Langvinnt tímabil stöðnunar og samdráttar í þjóðarbúskapnum virðist að baki og framundan hillir undir hægfara efnahagsbata. Enn um sinn er þó að vænta nokkru minni hagvaxtar hér á landi en spáð er fyrir önnur OECD-ríki. Að baki er því sem næst ein hagsveifla sem náði hámarki árið 1987 og lágmarki 1992. Af þessu tilefni er fróðlegt að skoða helstu þætti efnahagsþróunar á þessu tímabili og freista þess að greina helstu einkenni hennar.

Í grófum dráttum má skipta þessu tímabili í þrennt. Fyrst árin 1985-1987 sem einkenndust af þenslu og óstöðugleika á flestum sviðum efnahagsmála. Því næst tímabilið 1988-1991, en þá fór að gæta stöðnunar sem ekki tókst að laga efnahagslífið nægilega að. Loks er tímabilið frá 1991-1994/1995, en það markar greinileg þáttaskil í hagstjórn hér á landi með auknu viðskiptafrelsi á flestum sviðum og markvissum aðgerðum gegn rótgrónum vanda í efnahagsmálum.

Hagvöxtur



Óstöðugleiki í efnahagslífinu. Árin 1985-1987 voru um margt afar sérstæð. Hagvöxtur var þá reyndar með mesta móti, en hann stafaði fyrst og fremst af gífurlegri aukningu þjóðarútgjalda í kjölfar hartnær 50% aukningar á kaupmætti ráðstöfunartekna þessi þrjú ár.

Hér kom tvennt til, miklar launahækkanir og afar veik hagstjórn. Það gefur auga leið að enginn grundvöllur var fyrir þessari kaupmáttaraukningu. Afleiðingin varð óhjákvæmilega mikill viðskiptahalli og stórkostleg röskun á samkeppnisstöðu atvinnuveganna.

Í lok árs 1987 sló harkalega í bakseglin og allt fram til ársins 1993 ríkti að heita má alger stöðnun í efnahagslífinu á mælikvarða landsframleiðslu. Framan af, eða frá 1988 til 1991, tókst ekki að laga þjóðarútgjöldin að minnkandi þjóðartekjum. Afleiðingin varð því sú að viðskiptahalli fór vaxandi og náði hámarki árið 1991, yfir 20 milljarðar króna (á verðlagi 1995). Verðbólga var einnig umtalsverð, sérstaklega framan af tímabilinu, eða um og yfir 20% á ári. Gengi var einnig afar óstöðugt. Stöðnun í efnahagslífinu hafði einnig áhrif á ríkisbúskapinn, einkum tekjuhlið hans þar sem hefðbundnir skattstofnar rýrnuðu. Erfiðlega gekk hins vegar að hemja ríkisútgjöldin. Þrátt fyrir umtalsverðar skattahækkanir tókst ekki að koma í veg fyrir að hallinn á ríkissjóði ykist, en hann náði hámarki árið 1991 og var þá kominn yfir 14 milljarða króna (á verðlagi 1995).

Helstu orsakir efnahagsvandans. Skýringar á efnahagserfiðleikunum eru margþættar. Mikill samdráttur í þorskveiðum á hér vitaskuld hlut að máli, en fleira kemur þó til. Um miðjan síðasta áratug var íslenskt efnahagslíf að mörgu leyti enn bundið á klafa boða og banna. Þannig var verðmyndun í takmörkuðum mæli orðin frjáls og vextir voru ákveðnir af stjórnvöldum. Gengi var óstöðugt, þrálátur halli var á viðskiptum við útlönd og óraunhæfir kjarasamningar leiddu oftar en ekki til kollsteypu í efnahagslífinu.

Upp úr miðjum síðasta áratug var hins vegar leitast við að auka frelsi á nokkrum sviðum efnahagslífsins. Hæst bar að nokkuð var losað um hömlur á fjármagnsmarkaði sem leiddi til þess að raunvextir urðu jákvæðir. Þessi breyting hafði umtalsverð áhrif á fjölmörg fyrirtæki og einstaklinga sem höfðu búið við neikvæða raunvexti um langa hríð. Mörg fyrirtæki reyndust ekki hafa raunverulegan rekstrargrundvöll, sérstaklega þau sem ráðist höfðu í miklar og oft á tíðum lítt arðbærar fjárfestingar. Því var ljóst að fram undan var langvinnt og erfitt tímabil uppstokkunar og hagræðingar í atvinnurekstri. Þannig var í grófum dráttum umhorfs í efnahagsmálum þegar stöðnunar- og samdráttarskeiðið hófst hér á landi á árinu 1988.

Íslenskt efnahagslíf var þannig engan veginn í stakk búið að mæta þeim auknu erfiðleikum sem aflasamdráttur hafði í för með sér. Atvinnuleysi færðist í aukana og varð strax á árinu 1989 meira en mælst hafði frá erfiðleikaárunum 1968-1969. Þessi þróun er athyglisverð þar sem samdráttar var þá enn ekki farið að gæta í landsframleiðslu heldur einungis stöðnunar. Aukið atvinnuleysi stafaði því ekki síður af gjörbreyttu rekstrarumhverfi en aflasamdrætti.

Breyttar áherslur í hagstjórn. Upp úr 1990 dró verulega úr hagvexti í helstu viðskiptalöndum okkar og víða gætti samdráttar, einkum á árinu 1992. Á sama tíma reyndist nauðsynlegt að draga enn frekar úr þorskveiðum hér við land. Jafnframt hríðféll verð á fiskafurðum okkar erlendis, en það hafði hækkað verulega á árunum 1990-1991. Í kjölfarið dróst landsframleiðsla saman um meira en 3% milli áranna 1991 og 1992 og aftur þarf að hverfa til áranna 1968-1969 til að finna meiri samdrátt í landsframleiðslu á einu ári. Atvinnuleysi fór því enn vaxandi.

Þessar breyttu aðstæður kölluðu á verulegar áherslubreytingar í hagstjórn. Með hóflegum kjarasamningum og víðtækum efnahagsaðgerðum stjórnvalda, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamninga, tókst að leggja grundvöll að meiri stöðugleika í efnahags-

málum en hér hefur ríkt um áratugaskeið. Horfið var frá miðstýrðum verðákvörðunum stjórnvalda, ákvörðun vaxta var færð út á markaðinn og fullt frelsi veitt í fjármagnsviðskiptum milli landa. Þá var markvisst unnið að uppbyggingu verðbréfa- og hlutabréfamarkaðar.

Á sviði ríkisfjármála hafa einnig orðið miklar áherslubreytingar. Aðhald í rekstri hefur verið hert og ábyrgð stjórnenda aukin. Mikilvægar umbætur hafa orðið í ríkisrekstri sem miða að því að draga úr ríkisafskiptum, auka samkeppni og bæta þjónustu við almenning. Fjölmörg ríkisfyrirtæki hafa verið seld til einkaaðila og öðrum hefur verið breytt í hlutafélög. Þessar breytingar marka þáttaskil í hagstjórn hér á landi og eiga drjúgan þátt í meiri stöðugleika í efnahagsmálum hér á landi en verið hefur um áratugaskeið.

Áherslubreytinga í hagstjórn síðustu ár gætir víðar en hér á landi. Á sjöunda og áttunda áratugnum var ríkisfjármálum gjarnan beitt til að freista þess að örva efnahagslífið og halda þannig uppi atvinnu, fyrst og fremst með auknum útgjöldum. Gagnstætt því sem að var stefnt fór atvinnuleysi vaxandi, verðbólgan varð meiri en nokkru sinni og vextir hækkuðu verulega. Þetta varð til þess að víða um heim var hlutverk ríkisfjármálastjórnar tekið til róttækrar endurskoðunar. Í grófum dráttum má segja að meginmarkmið hagstjórnar sé nú talið vera að skapa stöðugleika í efnahagslífinu. Þannig er ekki lengur litið á útgjaldaþenslu hins opinbera sem heppilega leið til að örva hagvöxt og auka atvinnu til lengri tíma litið, því hún getur leitt til verðbólgu og hærri vaxta. Auk þess sýnir reynslan að erfitt er að ná jafnvægi í ríkisfjármálum eftir langvarandi hallarekstur. Þessi breyttu sjónarmið endurspeglast í hagstjórn ýmissa landa undanfarin ár, en hvergi eins glöggt og í Maastricht-samningi Evrópusambandsins þar sem megináherslan er lögð á aðhald í opinberum rekstri og minni skuldasöfnun.

2.2 Efnahagsþróun í nágrannaríkjunum

Efnahagur nágrannaríkjanna er nú óðum að styrkjast og hefur batinn víða farið fram úr spám. Flest ríkjanna búa nú við stöðugan hagvöxt og er talið að hagvöxtur í OECD-ríkjunum hafi numið 2¾% á árinu 1994, samanborið við 1¼% árið 1993. Með auknum hagvexti hefur atvinna í OECD-ríkjunum aukist, í fyrsta sinn frá því árið 1990.

Eftir að verðbólga í OECD-ríkjunum fór yfir 5% á árinu 1990 hefur hún farið lækkandi og er nú víðast hvar í kringum 2%. Með auknum hagvexti er þó búist við að verðbólga geti farið vaxandi og eins að þróunin kunni að verða mismunandi frá einu landi til annars.

Efnahagsbatinn gerði fyrst vart við sig í Bandaríkjunum og eftir stöðugan hagvöxt frá 1992 er nú reiknað með að hagsveiflan hafi náð hámarki. Hagvöxtur tók síðar við sér á meginlandi Evrópu, eða í lok árs 1993, og er nú kominn á nokkurt skrið. Efnahagslífið í Japan tók enn síðar við sér, eða í byrjun árs 1994, en hagvöxtur virðist nú stöðugur, þótt enn sé hann hægur.

Mismikill hagvöxtur kemur glöggt fram á viðskiptajöfnuði einstakra landa, þar sem halli á viðskiptum Bandaríkjanna við önnur lönd eykst á meðan afgangur er á viðskiptum Evrópulandanna við önnur lönd. Iðnframleiðsla í OECD-ríkjunum jókst talsvert á síðasta ári og nýting framleiðslugetu fór þannig batnandi. Eftirspurn hefur einnig aukist í flestum löndum og sömu sögu er að segja af milliríkjaviðskiptum.

Atvinnuleysi í OECD-ríkjunum náði hámarki árið 1994, í 8,2% og hafði aukist um 2% frá árinu 1990. Sérstaklega hefur atvinnuleysi aukist í Evrópu. Á síðasta ári minnkaði atvinnuleysi í Bandaríkjunum hins vegar töluvert á meðan atvinnuleysi í Evrópu jókst.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1994	1995	1994	1995	1994	1995	1994	1995
Ísland	**-2,8**	**-2,6**	**1,5**	**2,5**	**4,7**	**4,6**	**2,0**	**2,1**
Danmörk	-4,2	-3,0	2,0	2,5	12,0	10,8	4,7	3,3
Finnland	-4,6	-5,1	1,7	2,1	18,3	16,3	3,5	4,8
Noregur	-1,3	-0,5	1,5	2,0	5,5	5,2	3,6	2,9
Svíþjóð	-11,2	-10,2	3,1	3,4	7,9	7,7	2,2	2,3
Norðurlönd, alls	**-4,9**	**-4,2**	**2,0**	**2,4**	**9,7**	**8,9**	**3,2**	**3,1**
Bretland	-6,8	-4,7	2,6	2,7	9,4	8,7	3,5	3,4
Frakkland	-5,7	-5,0	1,8	1,6	12,6	12,3	2,2	3,1
Ítalía	-9,7	-9,1	3,9	3,3	11,3	11,2	2,2	2,7
Þýskaland	-2,7	-2,4	2,6	2,1	9,6	9,1	2,8	2,8
Evrópusambandið	**-6,0**	**-5,2**	**3,0**	**2,6**	**11,8**	**11,4**	**2,5**	**3,0**
Bandaríkin	-2,0	-1,8	2,2	3,1	6,1	5,6	3,9	3,1
Japan	-2,0	-1,8	0,8	0,5	2,9	3,0	1,0	2,5
Kanada	-6,2	-4,7	0,9	2,0	10,5	9,7	4,1	4,2
OECD-ríkin	**-3,8**	**-3,3**	**2,3**	**2,6**	**8,2**	**7,9**	**2,8**	**3,0**

[1] Hlutfall af landsframleiðslu.

Í nokkrum löndum voru skammtímavextir hækkaðir á árinu 1994 til að halda verðbólgu í skefjum. Í öðrum löndum hafa vextir ekki breyst mikið síðan um mitt ár 1994. Hækkunin var mest í Bandaríkjunum þar sem Seðlabankinn hækkaði skammtímavexti nokkrum sinnum á árinu 1994. Á meginlandi Evrópu er vaxtaþróun í Þýskalandi leiðandi, en þar hafa skammtímavextir lækkað á árinu. Hins vegar hafa langtímavextir víða farið hækkandi frá því snemma á árinu 1994 og endurspegla með því ákveðna óvissu um efnahagsþróunina á næstu árum.

2.3 Efnahagsþróun hér á landi

Umskipti á árinu. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í landsframleiðslu, meðal annars vegna minnkandi þorskkvóta. Á fyrri hluta ársins mátti hins vegar merkja að efnahagslífið var smám saman að rétta úr kútnum. Þegar kom fram á mitt ár voru ótvíræðar vísbendingar um að hagvöxtur væri tekinn að glæðast á nýjan leik eftir langvarandi stöðnun. Ástæða þessara umskipta var aukinn fiskafli, einkum á fjarmiðum. Þá hafði eftirspurn á erlendum mörkuðum glæðst, meðal annars vegna bjartara efnahagsástands í nágrannaríkjunum. Verð á útflutningsvörum hækkaði einnig umtalsvert. Nýjustu tölur benda til þess að í stað 2% samdráttar í landsframleiðslu hafi orðið 2% hagvöxtur á árinu 1994.

Þessi viðsnúningur kemur fram í flestum þjóðhagsstærðum. Í upphafi árs var gert ráð fyrir 1½% samdrætti í einkaneyslu en nú er talið að hún hafi aukist um 2%. Samneysla er talin hafa aukist um rúmlega 1% í stað 1% samdráttar. Fjárfesting er talin hafa haldist óbreytt milli ára, en búist var við 2½% samdrætti í fjárlögum. Mest hafa umskiptin þó orðið í utanríkisviðskiptum. Við samþykkt fjárlaga var gert ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu drægist saman um 3½% og innflutningur vöru og þjónustu um 2½%. Nú er talið að útflutningur hafi

aukist um 6½% og innflutningur um 3½%. Áætlun um viðskiptajöfnuð hefur þannig snúist úr spá um 1% halla af landsframleiðslu í 10 milljarða króna afgang, eða sem nemur rúmlega 2% af landsframleiðslu.

Breytingar helstu þjóðhagsstærða

	1991	1992	1993	Fjárlög 1994	Bráðab. 1994	Spá 1995
Einkaneysla	4,1	-4,4	-4,5	-1,6	2,1	2,5
Samneysla	3,2	-0,8	2,5	-1,0	1,1	2,0
Fjárfesting	2,0	-11,1	-10,4	-2,6	0,0	5,2
Þjóðarútgjöld í heild	5,2	-5,3	-3,9	-1,6	0,8	3,3
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,8	-1,7	6,4	-3,6	6,6	0,4
Innflutningur vöru og þjónustu	5,5	-7,8	-8,5	-2,5	3,3	3,7
Landsframleiðsla	**1,3**	**-3,3**	**1,0**	**-2,0**	**2,0**	**2,1**
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-4,6	-3,0	0,0	-1,1	2,3	1,0
Þjóðartekjur	2,6	-4,1	-0,8	-2,0	2,0	3,0
Framfærsluvísitala	6,8	3,6	4,1	2,4	1,5	2,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	2,5	-2,2	-4,2	-3,1	0,5	1,0
Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla	1,5	3,1	4,3	5,0	4,7	4,6

Vinnumarkaður. Í kjölfar langvarandi stöðnunar í þjóðarbúskapnum og erfiðrar samkeppnisstöðu ýmissa atvinnugreina framan af hefur atvinnuleysi aukist. Þetta eru mikil umskipti frá fyrri tíð. Á árunum 1986-1988 mældist atvinnuleysi að meðaltali 0,6%. Síðan fór atvinnuleysið ört vaxandi, úr 1,5% árið 1991 í 3,1% árið 1992 og í 4,3% árið 1993. Á árinu 1994 var í fyrstu spáð að atvinnuleysi færi í 5,5%, en vegna sérstakra átaksverkefna í atvinnumálum að undirlagi stjórnvalda og batnandi efnahagsástands varð atvinnuleysið minna en spáð var, eða 4,7%.

Á árinu 1989 var 40% atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu og 60% á landsbyggðinni. Nú hefur þetta hlutfall snúist við og eru nú nær 60% atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu og 40% á landsbyggðinni. Stærsti hópur atvinnulausra og sá hópur er vaxið hefur mest á undanförnum árum eru konur á höfuðborgarsvæðinu. Árið 1989 voru þær 400, en árið 1994 var fjöldi þeirra kominn yfir 1900.

Laun og kaupmáttur. Almennir kjarasamningar giltu til loka árs 1994. Í þeim fólust engar taxtahækkanir, en hinir lægst launuðu fengu greiddar sérstakar launabætur á samningstímanum. Þótt engar taxtahækkanir hafi átt sér stað jukust tekjur heimilanna á árinu. Samkvæmt upplýsingum úr staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra hækkuðu heildarlaunagreiðslur um 2½% milli áranna 1993 og 1994. Þessa hækkun má rekja til fjölgunar starfa á vinnumarkaði, auk þess sem ýmsar vísbendingar eru um launaskrið og lengri vinnutíma. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 1½%. Að öllu samanlögðu er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi aukist um ½% á árinu 1994. Þetta er athyglisverð þróun, ekki síst í ljósi þess að í kjarasamningum var ekki gert ráð fyrir launahækkunum á síðasta ári. Til samanburðar má geta þess að í forsendum fjárlaga hafði verið búist við 3% kaupmáttarrýrnun á árinu.


Þessar upplýsingar gefa vísbendingu um vaxandi umsvif í efnahagslífinu á síðasta ári. Þrátt fyrir að ekki hafi verið samið um breytingu á launatöxtum í almennum kjarasamningum

hafa laun greinilega hækkað þegar á heildina er litið. Þessi þróun kemur glöggt fram í aukinni veltu í efnahagslífinu, vaxandi innflutningi og er merki um aukinn kaupmátt heimilanna á síðasta ári.

Verðlag. Eftir mikla verðbólgu árum og áratugum saman hefur verðlag undanfarin misseri haldist mjög stöðugt. Verðbólga er nú lægri en verið hefur í marga áratugi og er sambærileg verðbólgu í nágrannaríkjum okkar. Samkvæmt nýlegum útreikningum Hagstofu Íslands hefur verðlag hér á landi hækkað minna en í öðrum ríkjum OECD frá árinu 1990 til 1993. Þannig hækkaði verðlag í ríkjum Evrópusambandsins 7% meira en hér á landi og verðlag í Bandaríkjunum hækkaði 18% meira. Þessi munur hefur líklega fremur aukist en hitt á árinu 1994 þar sem verðbólga var lægri hér á landi en víðast annars staðar. Þar gætir meðal annars áhrifa skattbreytinga stjórnvalda, svo sem lækkunar virðisaukaskatts á matvæli og niðurfellingar aðstöðugjalds.

Á árinu 1994 hækkaði framfærsluvísitalan um 1,5% og þarf að fara aftur til ársins 1959 til að finna jafn litla verðbólgu á einu ári. Hækkunin frá upphafi til loka árs mældist enn minni, eða einungis 0,5%, en það skýrist fyrst og fremst af áhrifum lækkunar virðisaukaskatts á matvæli í byrjun árs 1994.

Verðbólga



Atvinnuvegir. Útflutningsframleiðsla tók mikinn kipp á síðasta ári og er talið að hún hafi aukist um 3½%. Þar af jókst framleiðsla sjávarafurða um 2½%. Álframleiðsla jókst um 5%, en auk þess hækkaði heimsmarkaðsverð á áli um 30%. Á meðan dróst framleiðsla kísiljárns saman um 4½%, aðallega vegna bilunar í verksmiðjunni, en á móti vegur að verð á kísiljárni hækkaði um rúmlega 20%. Aðrar útflutningsgreinar juku framleiðslu sína um nálægt 1½%, einkum hefur framleiðsla ýmissa iðnaðarvara aukist. Þessi þróun endurspeglast í upplýsingum um veltu einstakra atvinnugreina.

Fyrstu tíu mánuði ársins 1994 jókst heildarvelta atvinnuvega um 5½% að raungildi miðað við sama tíma árið áður. Veltuaukningar gætir í flestum atvinnugreinum, mest þó í sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Þá hefur velta einnig aukist í iðnaði og ýmsum þjónustugreinum. Velta í verslunargreinum jókst einnig, í minna mæli þó. Veltuaukningin í verslun fór hins vegar vaxandi eftir því sem líða tók á árið. Sérstaklega tók bifreiðaverslun kipp á síðari hluta ársins. Velta í byggingariðnaði hefur á hinn bóginn staðið í stað milli ára.

Peningamarkaður. Á árinu 1994 gætti samdráttar í starfsemi innlánsstofnana. Þannig stóðu innlán og verðbréfaútgáfa bankanna í stað á meðan lánveitingar drógust beinlínis saman, en bæði innlán og lánveitingar höfðu aukist nokkuð árið 1993. Þennan samdrátt má alfarið rekja til mikillar lækkunar á skuldum fyrirtækja við bankakerfið. Á árinu 1994 jukust lántökur einstaklinga hins vegar um 7%, eða svipað og á árinu 1993. Aftur á móti jukust skuldir sveitarfélaga við bankakerfið um fjórðung á síðasta ári og hafa aukist um ríflega 40% frá árinu 1992. Lausafjárstaða innlánsstofnana var tæpum 7 milljörðum króna lægri í árslok 1994 en 1993, fyrst og fremst vegna minni ríkisvíxlaeignar bankanna. Á móti lækkuðu erlendar skuldir um 12 milljarða króna.

Lánahreyfingar innlánsstofnana

	Staða 31. desember 1993 m.kr.	Staða 31. desember 1994 m.kr.	Hreyfing jan.-des. 1993 %	Hreyfing jan.-des. 1994 %
Heildarinnlán og verðbréfaútgáfa	182.920	183.737	6,9	0,4
Lán og endurlán	213.511	211.138	7,0	-1,2
Þar af fyrirtæki	130.135	122.664	3,1	-6,8
Þar af einstaklingar	53.557	57.513	7,1	7,3
Þar af sveitarfélög	5.878	7.312	15,9	24,4
Lausafjárstaða	19.479	12.776	16,0	-34,4

Ein veigamesta breytingin á peningamarkaði í fyrra var stóraukin ásókn sveitarfélaga og ýmissa einkafyrirtækja í lánsfé með útgáfu skuldabréfa. Þessa þróun má vafalaust rekja til hárra útlánsvaxta hjá innlánsstofnunum þrátt fyrir almenna vaxtalækkun á verðbréfamarkaði. Þessi breyting skýrir að stórum hluta þá tregðu sem gætti í sölu húsnæðisbréfa á almennum markaði (eins og nánar er fjallað um í 6. kafla).

Á síðasta ári keypti Seðlabankinn mikið af verðbréfum ríkissjóðs, auk húsbréfa og húsnæðisbréfa. Ríkisbréfaeign bankans jókst þannig um 10 milljarða króna og húsnæðis- og húsbréfaeign um 4 milljarða króna, eða alls um 14 milljarða króna. Markmið þessara verðbréfakaupa var að treysta í sessi þá vaxtalækkun sem náðist í lok árs 1993.

Kaup Íslendinga á verðbréfum sem gefin eru út erlendis jukust verulega á fyrri hluta árs 1994, en á seinni árshelmingi dró úr þessum viðskiptum. Umsvif verðbréfasjóða jukust gífurlega á árinu, eða um 65% fyrstu níu mánuðina. Þessa aukningu má að mestu leyti rekja til hárrar ávöxtunar í kjölfar vaxtalækkunar í lok árs 1993 og á fyrri hluta 1994 hjá þeim sjóðum sem fjárfestu í íslenskum verðbréfum. Hins vegar hefur þróunin snúist við síðustu mánuðina og fremur gætt samdráttar.

Áætlað er að peningalegur sparnaður hafi aukist um 35 milljarða króna á síðasta ári, samanborið við 27 milljarða árið 1993. Meginhluti sparnaðarins, eða rúmlega 20 milljarðar króna hvort ár, var í lífeyriskerfinu. Árið 1994 er nýr sparnaður áætlaður 8,1% af landsframleiðslu, samanborið við 6,6% árið 1993.


Vaxtaþróun. Í kjölfar víðtækra aðgerða stjórnvalda til lækkunar vaxta í lok október 1993 fóru vextir ört lækkandi. Verðtryggðir vextir lækkuðu fljótlega um tæplega 2 prósentustig, en nafnvextir lækkuðu enn meira vegna minnkandi verðbólgu.

Vaxtaþróun

	September 1993 %	Júní 1994 %	Desember 1994 %
Nafnávöxtun ríkisvíxla í útboðum	9,0	5,1	5,5
Nafnávöxtun útlánsvíxla banka, meðaltal	19,8	11,9	12,3
Vaxtamunur	10,8	6,8	6,8
Raunávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi	6,9	4,8	5,1
Meðalávöxtun verðtryggðra útlána banka	9,4	7,8	8,3
Vaxtamunur	2,5	3,0	3,2

Vextir héldust lágir fram á mitt ár 1994, en á síðari helmingi ársins þokuðust vextir aftur upp á við. Hér gætir margvíslegra áhrifa, meðal annars aukinnar samkeppni um fjármagn í kjölfar skuldabréfaútboða sveitarfélaga, fyrirtækja og lánastofnana. Ennfremur hafa vaxtahækkanir erlendis, óvissa um útkomu kjarasamninga og aukin kaup Íslendinga á erlendum verðbréfum haft sitt að segja, svo og aukið framboð húsbréfa á síðasta ári. Loks hafa miklar afskriftir bankanna á útlánum án efa stuðlað að hærri vöxtum en ella, þó heldur hafi dregið úr afskriftunum að undanförnu. Það vekur athygli að vaxtamunur ríkisvíxla og útlánsvíxla bankanna helst enn nálægt 7% og sömu sögu er að segja um vaxtamun spariskírteina og verðtryggðra útlána bankanna, en hann jókst talsvert á síðasta ári.

Viðskiptajöfnuður




Utanríkisviðskipti. Samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka Íslands var viðskiptajöfnuður hagstæður um 10 milljarða króna á síðasta ári, eða sem nemur 2,3% af landsframleiðslu. Eftir samfelldan halla á viðskiptajöfnuði á hverju ári frá 1986 varð afgangur árið 1994 annað árið í röð.

Vöruskiptajöfnuður var einnig hagstæður í fyrra, um 20½ milljarð króna, eða 8 milljörðum króna betra en árið áður. Þá var þjónustujöfnuður jákvæður og hagstæðari en 1993 og munar þar mest um auknar tekjur af ferðaþjónustu. Þótt áfram sé mikill halli á vaxtajöfnuði við önnur lönd minnkaði hann heldur á árinu 1994. Það stafar fyrst og fremst af minni vaxtagreiðslum af erlendum lánum.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þráláts viðskiptahalla frá árinu 1986 fram til ársins 1992 var vaxandi skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis. Með stöðugu gengi og hagstæðum viðskiptajöfnuði frá árinu 1993 hefur þessi þróun hins vegar snúist við. Á árinu 1994 er áætlað að erlendar skuldir, nettó, hafi numið rúmlega 53% af landsframleiðslu, samanborið við 54% árið 1993. Gert er ráð fyrir að um 34% af útflutningstekjum árið 1994 hafi farið til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins




2.4 Hallarekstur og skuldasöfnun ríkis og sveitarfélaga

Yfirlit. Þrálátur hallarekstur ríkis og sveitarfélaga og þau vandamál sem honum fylgja hafa verið í brennidepli efnahagsumræðunnar að undanförnu, ekki aðeins hér á landi heldur einnig á alþjóðavettvangi. Ástæðan er einfaldlega sú að hallarekstur ár eftir ár kallar á stöðugar lántökur opinberra aðila og þrengir þannig svigrúm annarra aðila til lántöku. Afleiðingin er hærri vextir, minni fjárfestingar í atvinnurekstri, minni hagvöxtur og í kjölfarið fylgir aukið atvinnuleysi. Þetta er sá vítahringur sem flest iðnríki heims hafa verið í undanfarin ár og er Ísland þar ekki undanskilið.

Skýringar á auknum hallarekstri eru margþættar. Samdráttur í efnahagslífinu hefur vitaskuld áhrif. Meira máli skiptir þó sjálfvirk útgjaldaþensla án tillits til árferðis, ekki síst á sviði velferðarmála. Hér gætir meðal annars áhrifa breyttrar aldurssamsetningar (ellilífeyrisþegum fjölgar), örrar þróunar á sviði heilbrigðismála og fleira. Jafnframt má ætla að sífellt fleiri einstaklingar geri tilkall til greiðslna úr almannatryggingakerfinu, ekki síst á tímum lækkandi tekna og almenns samdráttar í efnahagslífinu. Loks má nefna aukna vaxtabyrði í kjölfar viðvarandi hallareksturs og aukinnar skuldasöfnunar.

Afkoma. Undanfarin ár hefur hlutur ríkisins í þjóðarbúskapnum minnkað nokkuð á sama tíma og umsvif sveitarfélaganna hafa aukist. Þannig hafa útgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu lækkað um 1,2% frá árinu 1991, en hlutur sveitarfélaga hefur hins vegar vaxið um 0,7%. Samkvæmt þessu hefur nokkuð dregið úr heildarumsvifum hins opinbera undanfarin ár, eða um 0,5% frá árinu 1991, og mælast þau nú svipuð og á árinu 1988, tæplega 36%. Þar af nemur rekstur ríkisins þremur fjórðu, en sveitarfélögin eiga fjórðung.

Tekjur og gjöld hins opinbera
Á föstu verði



Í kjölfar aukins frjálsræðis á peningamarkaði, ekki síst ákvörðun vaxta á markaði, og minnkandi halla á ríkissjóði hefur versnandi fjárhagsstaða sveitarfélaga síðustu misseri komist í kastljósið. Til marks um aukin umsvif sveitarfélaga á síðustu árum má nefna að útgjöld þeirra hækkuðu um liðlega 40% að raungildi á tímabilinu 1986-1994, samanborið við um 20% aukningu hjá ríkinu. Árlegur vöxtur sveitarfélaga hefur því verið tvöfalt meiri en hjá ríkinu á þessu tímabili. Í reynd er munurinn enn meiri eins og sést þegar horft er á tímabilið frá árinu 1991. Á tímabilinu 1991-1994 hafa útgjöld sveitarfélaga aukist um 10%, en útgjöld ríkisins dregist saman um tæp 5%.

Á hinn bóginn er þróun tekna mjög svipuð hjá ríki og sveitarfélögum. Þannig hafa tekjur ríkissjóðs aukist um tæplega 20% að raungildi frá árinu 1986, en tekjur sveitarfélaga um


23½%. Aftur markar árið 1991 ákveðin þáttaskil, en frá því ári hafa tekjur sveitarfélaga dregist saman um tæp 3% að raungildi, á sama tíma og tekjur ríkissjóðs hafa nánast staðið í stað. Þessi þróun endurspeglast einnig í mismunandi afkomu ríkis og sveitarfélaga á tímabilinu. Framan af tímabilinu var afkoma sveitarfélaga í járnum á meðan ríkissjóður var rekinn með umtalsverðum halla. Síðustu árin hefur þessi þróun hins vegar snúist við og nú er svo komið að halli á rekstri sveitarfélaga nam rúmlega 15% af tekjum á síðasta ári samanborið við tæp 7% hjá ríkinu. Á árinu 1991 voru samsvarandi hlutföll 2% hjá sveitarfélögum en 13% hjá ríkinu.

Aukin skuldasöfnun hins opinbera. Óhjákvæmileg afleiðing hallarekstrar ríkis og sveitarfélaga er aukin skuldasöfnun. Heildarskuldir þessara aðila hafa vaxið ört frá því um miðjan síðasta áratug, eða úr 32-33% af landsframleiðslu í 53-54%. Skýringin felst bæði í þrálátum hallarekstri allt tímabilið og gengisbreytingum, innanlands og erlendis. Auk þess gætir í þessum hlutfallstölum áhrifa samdráttar í landsframleiðslu síðustu árin.

Skuldasöfnun opinberra aðila síðustu árin segir þó ekki nema hálfa söguna því að á móti stendur aukinn sparnaður fyrirtækja og heimila. Þetta birtist í því að frá árinu 1993 hefur verið afgangur á viðskiptum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Skuldir þjóðarinnar út á við hafa því verið að minnka. Þetta er reyndar svipuð þróun og víða erlendis.

Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að draga úr halla og skuldasöfnun ríkissjóðs með aðhaldi og sparnaði ríkisútgjalda. Minni halli ríkissjóðs hefur verið mikilvægur þáttur í aðgerðum stjórnvalda til að lækka vexti niður á svipað stig og í nágrannaríkjunum. Versnandi afkoma sveitarfélaga og vaxandi lánsfjárþörf þeirra hefur vitaskuld unnið gegn þessari þróun. Til marks um vaxandi umsvif sveitarfélaga á lánamarkaði má nefna að hrein lánsfjárþörf sveitarfélaga hefur nær fjórfaldast frá árinu 1991 á sama tíma og lánsfjárþörf ríkisins (ríkissjóðs, sjóða og stofnana) hefur minnkað um meira en helming. Jafnframt juku sveitarfélögin skuldir sínar við bankakerfið um fjórðung, úr tæplega 6 milljörðum í 7½ milljarð króna.

Heildarskuldir hins opinbera



Samanburður við önnur lönd. Þrátt fyrir aukin umsvif ríkis og sveitarfélaga síðastliðinn áratug er Ísland enn neðarlega á blaði í alþjóðlegum samanburði. Sama gildir um hallarekstur hins opinbera, en hér á landi er staðan talsvert betri en í mörgum nágrannaríkjanna. Þannig er samanlagður halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga í Evrópuríkjum OECD talinn hafa numið um 6% af landsframleiðslu árið 1994. Sambærilegt hlutfall fyrir Norðurlöndin er heldur lægra, eða nálægt 5%. Hér á landi er hallinn hins vegar talinn hafa orðið tæplega 3%. Af Norðurlöndunum var aðeins Noregur með minni halla á rekstri hins opinbera á árinu 1994 og ef litið er á önnur Evrópuríki innan OECD eru aðeins Lúxemborg, Írland og Þýskaland með minni halla sem hlutfall af landsframleiðslu.


Svipaða sögu er að segja um skuldasöfnun hins opinbera. Þar stendur Ísland ekki illa í erlendum samanburði. Heildarskuldir hins opinbera hér á landi hafa farið úr 32-33% í 53-54% af landsframleiðslu frá miðjum síðasta áratug. Til samanburðar má nefna að skuldir hins opinbera í ríkjum Evrópusambandsins hafa vaxið úr 57% í 73-74% af landsframleiðslu á sama tímabili. Á hinum Norðurlöndunum hafa skuldirnar aukist úr tæplega 50% í yfir 70%.

3 Tekjur ríkissjóðs

Þróunin undanfarin ár. Tvennt einkennir þróun tekna hjá ríkissjóði undanfarin ár. Annars vegar eru áhrif efnahagssamdráttar sem hefur rýrt almenna tekjustofna verulega. Hins vegar eru áhrif umfangsmikilla skattbreytinga, bæði til hækkunar og lækkunar.

Árið 1988 urðu ákveðin þáttaskil í íslensku skattkerfi. Þá var tekin upp staðgreiðsla á tekjuskatti einstaklinga í stað eftirágreiðslu, kerfi innflutnings- og vörugjalda var umbylt og söluskattur var lagður á matvæli að nýju. Til að vega á móti áhrifum álagningar söluskatts á verðlag brýnustu nauðsynja voru niðurgreiðslur búvara auknar verulega. Þetta skýrir meðal annars þá hækkun sem varð á hlutfalli tekna og gjalda af landsframleiðslu á árinu 1988. Í kjölfarið fylgdu frekari breytingar á árunum 1989 og 1990, meðal annars uppstokkun á álagningu launatengdra gjalda, breytingar á vörugjöldum, auk hækkunar á tekju- og eignarsköttum, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Talið er að þessar skattbreytingar hafi skilað ríkissjóði um 10-11 milljörðum króna í auknum tekjum (verðlag ársins 1995) á tímabilinu 1988-1991.

Tekjur ríkissjóðs



Árin 1992-1994 voru einnig tímabil mikilla skattbreytinga, einkum í skattlagningu fyrirtækja. Þannig hefur tekjuskattur fyrirtækja verið lækkaður úr 45% í 33% jafnframt því að frádráttarliðir hafa verið felldir niður og skattstofninn breikkaður. Í ársbyrjun 1993 var aðstöðugjald á fyrirtæki afnumið. Í tengslum við afnám þess urðu umtalsverðar breytingar á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem meðal annars birtist í aukinni hlutdeild sveitarfélaga í staðgreiðslu tekjuskatts í formi hærra útsvars. Einnig var skattur á skrifstofu- og

verslunarhúsnæði færður frá ríki til sveitarfélaga. Verulegar breytingar hafa einnig orðið á álagningu virðisaukaskatts (sjá nánari umfjöllun í viðauka 2). Þyngst vegur lækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 24,5% í 14%. Einnig hefur undanþágum verið fækkað.

Þessar breytingar sjást glöggt þegar horft er yfir allt tímabilið frá 1986/1987. Þar sést að hlutfall skatttekna ríkissjóðs af landsframleiðslu fór hækkandi framan af, en hefur síðan farið heldur lækkandi. Þessi þróun endurspeglar meðal annars þær skattahækkanir sem áttu sér stað á árunum 1988-1991. Síðari hluta tímabilsins, frá árinu 1991, hafa skattar hins vegar staðið í stað og reyndar lækkað þegar á heildina er litið.

Útkoman 1994. Eftir samfellt stöðnunar- og samdráttarskeið allt frá árinu 1988 markaði árið 1994 þáttaskil. Þessa gætti í ríkum mæli á tekjuhlið ríkissjóðs á síðasta ári. Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1994 hafði verið gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 104 milljarðar króna. Tvö atriði voru talin vega þyngst í þróun tekna á árinu. Annars vegar var spáð áframhaldandi efnahagssamdrætti með fyrirsjáanlegri skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Hins vegar höfðu verið samþykktar umfangsmiklar breytingar í skattamálum sem skertu tekjurnar enn frekar.

Í byrjun árs var virðisaukaskattur á matvælum lækkaður úr 24½% í 14% og var sú breyting talin skerða tekjur ríkissjóðs um rúmlega 3 milljarða króna á heilu ári. Auk þess voru samþykktar breytingar á vörugjöldum samhliða gildistöku EES-samningsins sem lækkuðu tekjurnar nokkuð. Til að fjármagna þessar skattalækkanir að hluta var gripið til sérstakra tekjuöflunaraðgerða. Í fyrsta lagi var tryggingagjald atvinnurekenda hækkað um 0,35%. Í öðru lagi var tekjuskattur einstaklinga hækkaður um 0,35% og í þriðja lagi var bifreiðagjaldið hækkað um þriðjung. Samanlagt voru þessar ráðstafanir taldar skerða skatttekjur ríkissjóðs um 2 milljarða króna miðað við heilt ár. Allt benti því til þess að þær myndu dragast saman að raungildi frá árinu 1993.

Helstu frávik tekna frá fjárlögum 1994, m.kr.

Veltuáhrif vegna betri afkomu þjóðarbúsins	3.500
Viðbótartekjur af launasköttum vegna meiri tekjubreytinga	1.000
Meiri vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	600
Lægri tekjur af bensíni, bifreiðum o.fl.	-700
Betri afkoma fyrirtækja, bætt skattskil o.fl.	1.056
Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**5.456**

Hagstæðari efnahagsframvinda en spáð var í lok árs 1993 styrkti hins vegar tekjuhlið ríkissjóðs verulega á síðasta ári og gerði raunar gott betur en vega upp tekjutap vegna skattbreytinga. Þannig jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna um tæpt 1% á árinu 1994, en spáð hafði verið um 3% samdrætti. Þessi umskipti leiddu til 2% aukningar einkaneyslu, en í forsendum fjárlaga hafði verið reiknað með 1 ½ % samdrætti. Í kjölfarið jukust tekjur ríkissjóðs, bæði af veltusköttum og ýmsum tekjutengdum sköttum. Merki um batnandi afkomu fyrirtækja sáust einnig í álagningu tekjuskatts sem varð mun hærri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þá batnaði innheimta skatta til muna, bæði vegna betra árferðis og hertra innheimtuaðgerða sem meðal annars birtist í auknum vaxtatekjum. Þetta skýrir auknar tekjur ríkissjóðs á síðasta ári sem jukust um 5½ milljarð króna frá forsendum fjárlaga.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1993-94 %
Tekju- og eignarskattar	**20.311**	**21.345**	**23.166**	**1.821**	**14,1**
Einstaklingar	15.239	17.425	18.394	969	20,7
Fyrirtæki	5.072	3.920	4.772	852	-5,9
Óbeinir skattar	**75.851**	**75.376**	**78.503**	**3.127**	**3,5**
Innflutnings- og vörugjöld	7.695	7.934	7.994	60	3,9
Virðisaukaskattur	40.497	38.815	40.899	2.084	1,0
Hagnaður ÁTVR	6.150	6.370	6.600	230	7,3
Tryggingagjöld	9.962	10.220	10.503	283	5,4
Bifreiðagjöld	7.512	8.270	8.231	-39	9,6
Aðrir skattar	4.035	3.767	4.276	509	6,0
Aðrar tekjur	**7.058**	**7.425**	**7.933**	**508**	**12,4**
Vaxtatekjur	4.420	4.000	4.720	720	6,8
Arðgreiðslur o.fl.	2.638	3.425	3.213	-212	21,8
Heildartekjur ríkissjóðs	**103.220**	**104.146**	**109.602**	**5.456**	**6,2**
Skatttekjur ríkissjóðs	**96.162**	**96.721**	**101.669**	**4.948**	**5,7**

Hér á eftir er fjallað nánar um einstaka tekjuliði, helstu frávik frá áætlun fjárlaga og samanburð við fyrra ár.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Í meðfylgjandi töflu er birt nánari skipting á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars fyrir árin 1993 og 1994. Þar kemur fram að hlutur ríkissjóðs að frádregnum bótaliðum hefur hækkað verulega milli ára.

Tekjuskattur einstaklinga

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Staðgreiðsla, brúttó	**85.355**	**86.939**	**89.550**	**2.611**
Persónuafsláttur	-44.642	-46.017	-46.200	-183
Sjómannaafsláttur	-1.560	-1.300	-1.600	-300
Staðgreiðsla, nettó	**39.153**	**39.622**	**41.750**	**2.128**
Útsvar sveitarfélaga	-18.635	-17.500	-18.383	-883
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.301	-1.385	-1.388	-3
Barnabætur, barnabótaauki	-4.458	-4.560	-4.571	-11
Vaxtabætur	-3.194	-2.700	-2.866	-166
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**11.565**	**13.477**	**14.542**	**1.065**
Fyrirframgreiðsla hátekjuskatts	265	400	335	-65
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	1.005	1.103	995	-108
Tekjuskattur einstaklinga, nettó	**12.835**	**14.980**	**15.872**	**892**

Að baki liggja fjórar meginskýringar. Í fyrsta lagi eru sérstök áhrif, samtals um 900 m.kr., sem rekja má til breytinga á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna niðurfellingar

aðstöðugjalds. Í öðru lagi hækkaði skatthlutfallið um 0,35% í byrjun árs 1994 sem var liður í tekjuöflunaraðgerðum stjórnvalda vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum. Þessi hækkun er talin hafa skilað ríkissjóði um 600 m.kr. á síðasta ári. Í þriðja lagi eru breytingar á vaxtabótakerfinu sem samþykktar voru í lok árs 1992, en komu til framkvæmda í fyrra. Þær áttu að spara ríkissjóði tæpar 400 m.kr. Í fjórða lagi eru áhrif meiri tekjubreytinga.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir lítils háttar samdrætti atvinnutekna á mann, eða nálægt ½%. Nú bendir hins vegar allt til þess að þær hafi hækkað um 2-3% vegna meiri umsvifa í þjóðarbúskapnum og hækkandi þjóðartekna. Á móti vegur að greiðslur vaxtabóta urðu nokkru hærri en reiknað hafði verið með, auk þess sem hátekjuskattur og tekjur af eftirstöðvum fyrri ára voru lægri. Þegar allt er lagt saman hækkaði tekjuskattur einstaklinga um 900 m.kr. frá áætlun fjárlaga.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tekjuskattur	12.835	14.980	15.872	892
Eignarskattar	1.701	1.730	1.673	-57
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	412	415	442	27
Erfðafjárskattur	291	300	407	107
Samtals	**15.239**	**17.425**	**18.394**	**969**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**14,8**	**16,7**	**16,8**	**0,1**

Samkvæmt skattframtölum ársins 1994 var álagningarstofn eignarskatta, þ.e. eignir umfram skuldir, nær óbreyttur í krónum talið frá árinu 1993. Á sama tíma hækkar almennt verðlag um 2-3%. Skýring þessarar þróunar sem gætt hefur undanfarin ár er tvíþætt. Á sama tíma og fasteignaverð íbúðarhúsnæðis hefur verið að lækka að raungildi hefur skuldsetning heimilanna aukist. Þetta er meginástæða þess að tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga standa nánast í stað milli áranna 1993 og 1994 og lækka jafnvel lítillega frá áætlun fjárlaga. Tekjur af erfðafjárskatti urðu aftur á móti meiri en búist var við.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Á árinu 1994 kom til framkvæmda síðari áfangi í lækkun tekjuskatts lögaðila þegar skatthlutfallið fór úr 39% í 33%. Þessi aðgerð er talin hafa skert tekjur ríkissjóðs um 400 m.kr. Jafnframt var í fjárlagaáætlun búist við versnandi afkomu fyrirtækja á árinu 1993 sem skerti tekjurnar enn frekar. Þannig var reiknað með að tekjuskattur fyrirtækja myndi lækka um fimmtung milli ára. Raunin varð hins vegar önnur.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum hækkaði frumálagning tekjuskatts á lögaðila um 8% í krónum talið frá fyrra ári þrátt fyrir lækkun hlutfallsins. Veigamesta skýringin á þessum umskiptum er án efa batnandi afkoma fyrirtækja. Hér gætir ekki síst áhrifa þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til á undanförnum árum, jafnt af stjórnendum fyrirtækja sem opinberum aðilum, í því skyni að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Betri afkoma kemur einnig fram í bættum skattskilum fyrirtækja.

Tekju- og eignarskattur fyrirtækja

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tekjuskattur	3.268	2.650	3.291	641
Eignarskattar	1.804	1.270	1.481	211
Samtals	**5.072**	**3.920**	**4.772**	**852**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**4,9**	**3,8**	**4,4**	**0,6**

Betri afkoma fyrirtækja skilar sér einnig í hærri eignarsköttum eins og sjá má á útkomu ársins 1994 samanborið við fjárlög. Þá eiga bætt skil hér einnig hlut að máli. Lækkunin milli ára skýrist hins vegar alfarið af niðurfellingu skatts af skrifstofu- og verslunarhúsnæði í ársbyrjun 1994 í tengslum við breytta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna afnáms aðstöðugjaldsins.

Innflutnings- og vörugjöld. Verulegar breytingar voru gerðar á álagningu innflutnings- og vörugjalda í byrjun árs 1994, meðal annars í tengslum við gildistöku samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Lækkun virðisaukaskatts á matvælum leiddi einnig til sérstakra breytinga á vörugjöldum auk þess sem álagning vörugjalds á bifreiðar var tekin til gagngerar endurskoðunar á árinu 1993. Þetta gerði áætlanagerð fyrir árið 1994 venju fremur óvissa, jafnframt því að gera samanburð einstakra tekjustofna milli ára í reynd ómarktækan.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tollar	2.642	1.200	1.418	218
Vörugjald af bifreiðum	1.565	2.200	1.926	-274
Vörugjald af bensíni, almennt	824	1.725	1.658	-67
Almenn vörugjöld	2.218	2.375	2.602	227
Ýmis innflutningsgjöld	446	434	390	-44
Samtals	**7.695**	**7.934**	**7.994**	**60**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**7,4**	**7,6**	**7,3**	**-0,3**

Tollar. Í fjárlögum var miðað við að tolltekjur- að teknu tilliti til lækkunar vegna EES-samningsins - breyttust nokkurn veginn í takt við almennar þjóðhagsforsendur og næmu 1,2 milljörðum króna á árinu 1994. Gert var ráð fyrir rúmlega 4% magnsamdrætti. Bráðabirgðatölur fyrir almennan vöruinnflutning í fyrra benda hins vegar til þess að hann hafi aukist um nær 4% milli ára. Þessi umskipti skýra umframtekjur af tollum frá áætlun fjárlaga.

Vörugjald af bifreiðum. Verulegur samdráttur hefur verið í innflutningi bifreiða á undanförnum árum. Síðustu mánuðina hafa þó sést ákveðin batamerki eftir dræman innflutning framan af ári. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir að fluttir yrðu inn rúmlega 6.000 bílar, eða um 500 færri en á árinu 1993, en samkvæmt upplýsingum frá Bílgreinasambandinu er endanleg tala 6.300 bílar. Þrátt fyrir þetta urðu tekjur af vörugjaldi bifreiða talsvert lægri en reiknað hafði verið með í áætlun fjárlaga. Á miðju ári 1993 voru

samþykktar viðamiklar breytingar á vörugjaldi bifreiða, þar sem gjaldflokkum var meðal annars fækkað úr sjö í fjóra. Auk þess var álagningarreglum breytt. Erfitt var að meta með nákvæmum hætti áhrif þessarar uppstokkunar, en allt bendir til þess að tekjutap ríkissjóðs af breytingunni hafi orðið talsvert meira en áætlað var. Þetta skýrir að mestu þá lækkun sem fram kemur á síðasta ári samanborið við áætlun fjárlaga.

Vörugjald af bensíni. Samkvæmt gildandi lögum er álagning vörugjalda á bensín með tvennum hætti. Annars vegar er fast gjald á hvern seldan lítra, en það er markaður tekjustofn til vegagerðar, sem fjallað er nánar um hér á eftir. Hins vegar er 97% vörugjald sem lagt er á cif-verð innflutnings, en það var áður innheimt í formi tolls. Í fjárlögum 1994 var gert ráð fyrir að tekjur af síðarnefnda gjaldinu yrðu kringum 1,7 milljarðar, en vegna lægra bensínverðs á heimsmarkaði urðu þær eilítið lægri, eða liðlega 1,6 milljarðar króna.

Almenn vörugjöld. Við gildistöku EES-samningsins í lok árs 1993 urðu sem fyrr segir verulegar breytingar á álagningu vörugjalda. Þá voru gerðar frekari breytingar á vörugjaldinu í tengslum við lækkun virðisaukaskatts á matvælum í því skyni að raska ekki samkeppnisstöðu milli einstakra tegunda matvöru. Þannig var vörugjald á sælgæti og gosdrykkjum lækkað úr 25% í 18%, en þær vörutegundir bera áfram 24,5% virðisaukaskatt. Jafnframt var tekið upp 6% vörugjald á kaffi, te og ýmsar sykraðar vörur auk þess sem vörugjaldi á nokkrum tegundum byggingarvara var breytt, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þegar á heildina er litið virðist tekjutap ríkissjóðs af þessum breytingum hafi orðið svipað og búist var við, eða nálægt 200 m.kr. Á móti kemur að vöruinnflutningur er meiri sem leiðir til þess að vörugjaldið skilar nokkrum viðbótartekjum umfram áætlun.

Önnur innflutningsgjöld. Af einstökum tekjustofnum sem falla hér undir má nefna kartöflugjald, fóðurgjald og verðjöfnunargjöld. Tekjur af þessum gjöldum námu 388 m.kr. á árinu 1994, eða tæplega 50 m.kr. undir áætlun fjárlaga. Þar munar mest um 30 m.kr. lækkun á innheimtu kartöflugjalds vegna minni innflutnings.

Virðisaukaskattur. Eins og fram hefur komið hefur álagning virðisaukaskatts breyst í veigamiklum atriðum frá því hann var tekinn upp í byrjun árs 1990. Stærsta breytingin kom til framkvæmda í upphafi árs 1994, þegar virðisaukaskattur á matvælum lækkaði úr 24,5% í 14%. Þessi ráðstöfun ein og sér skerðir tekjur ríkissjóðs um 3,2 milljarða króna á heilu ári.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Virðisaukaskattur af innflutningi	**22.081**	**21.500**	**23.440**	**1.940**
Virðisaukaskattur af innlendri starfsemi	**21.270**	**19.835**	**20.477**	**642**
Endurgreiðslur virðisaukaskatts	**-2.854**	**-2.520**	**-3.018**	**-498**
Þar af vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði	-1.092	-1.100	-1.037	63
- - til opinberra aðila	-870	-750	-1.193	-443
- - VSK af húshitun	-97	-120	-137	-17
- - endurgreiðslur vegna matvöru	-624	-300	-359	-59
- - endurgreiðslur, ótaldar annars staðar	-171	-250	-292	-42
Virðisaukaskattur að frádr. endurgreiðslum	**40.497**	**38.815**	**40.899**	**2.084**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**39,2**	**37,3**	**37,3**	**0,0**

Þó nokkuð hafi dregið úr vægi virðisaukaskatts á undanförnum árum er hann enn langstærsti tekjustofn ríkisins með rúmlega 37% heildartekna á árinu 1994. Á árinu 1988 námu tekjur af söluskatti um 48 milljörðum króna á verðlagi ársins 1994, eða tæplega 46% af heildartekjum ríkissjóðs, samanborið við 41 milljarð króna á síðasta ári. Að baki þessari þróun liggja tvær meginskýringar. Annars vegar eru þær breytingar sem gerðar hafa verið álagningarreglum virðisaukaskatts frá því hann var tekinn upp. Hins vegar hefur sú stöðnun í efnahagsmálum sem hér hefur ríkt frá árinu 1988 skert skattstofninn.

Í fjárlögum fyrir árið 1994 voru tekjur af virðisaukaskatti áætlaðar 38,8 milljarðar króna. Aukin umsvif í efnahagslífinu hafa hins vegar leitt til aukinna tekna af virðisaukaskatti. Þannig jókst einkaneysla um 2% milli áranna 1993 og 1994, en í forsendum fjárlaga hafði verið reiknað með 1½% samdrætti. Þetta er meginskýring þess að tekjur af virðisaukaskatti urðu rúmlega 2 milljörðum króna meiri á síðasta ári en búist var við. Mestu munar um auknar tekjur virðisaukaskatts af innflutningi, samtals um 2 milljarðar króna. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir rúmlega 4% samdrætti í almennum vöruútflutningi en niðurstaðan varð tæplega 5% aukning. Nokkur aukning varð einnig í innheimtu af innlendri starfsemi, í minna mæli þó. Á móti kemur að endurgreiðslur virðisaukaskatts til opinberra aðila, einkum til sveitarfélaga, urðu verulega meiri en áætlað hafði verið.

Þrátt fyrir að neysluútgjöld heimilanna hafi aukist um 2% að raungildi á síðasta ári og verðlag um svipað jukust tekjur af virðisaukaskatti aðeins um 1% milli ára, en það skýrist alfarið af lækkun virðisaukaskatts á matvælum.

Skil ÁTVR. Á árinu 1994 jókst sala áfengis, mæld í alkóhóllítrum, um tæp 5% frá sama tíma í fyrra, en í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir um 2% samdrætti. Þessi aukning kemur einkum fram í bjórsölu sem jókst um nær fjórðung milli ára, en hún skýrir aukin skil ÁTVR í ríkissjóð á síðasta ári. Sala á sterkum drykkjum dróst hins vegar saman um 5%. Tóbakssala minnkaði einnig lítillega, eða svipað og reiknað hafði verið með.

Skil ÁTVR

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Skattar af sölu áfengis og tóbaks	6.150	6.370	6.600	230
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**6,0**	**6,1**	**6,0**	**-0,1**

Á árinu 1994 námu tekjur ÁTVR af áfengisskatti 5,2 milljörðum króna. Þar af er rúmlega fimmtungur vegna sölu á bjór, eða 1,1 milljarður króna.

Nokkuð hefur dregið úr tekjum ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks á undanförnum árum, eða 10% að raungildi frá árinu 1988. Þá hefur verið tekið tillit til þess að eftir niðurfellingu landsútsvars í ársbyrjun 1994 rennur álagning þess í ríkissjóð, samtals um 320 m.kr. Þetta ásamt aukinni áfengissölu skýrir aukningu þessa tekjustofns milli ára.

Tryggingagjöld. Meiri tekjubreytingar á síðasta ári en miðað var við í forsendum fjárlaga eru meginskýring þess að tekjur af tryggingagjaldi urðu rúmlega 200 m.kr. hærri en spáð hafði verið. Sama gildir um auknar tekjur af ábyrgðargjaldi. Líðlega 10% aukning í innheimtu tryggingagjalds frá árinu 1993 skýrist þó ekki alfarið af hækkun tekna heldur

einnig af tímabundinni endurgreiðslu tryggingagjalds til útflutningsgreina á árinu 1993. Þyngra vegur þó 0,35% hækkun þess sem var liður í fjármögnun stjórnvalda á tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvæli.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tryggingagjald	9.008	9.690	9.917	227
Slysatryggingagjald vegna ökutækja	327	-	-	-
Ábyrgðargjald	375	380	404	24
Eftirstöðvar eldri gjalda	252	150	182	32
Samtals	**9.962**	**10.220**	**10.503**	**283**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**9,7**	**9,8**	**9,6**	**-0,2**

Bifreiðagjöld. Tekjur af bifreiðagjöldum urðu svipaðar á árinu 1994 og reiknað var með í áætlun fjárlaga. Þó urðu tekjur af bensíngjaldi eilítið lægri, enda varð sala bensíni rúmlega 1 milljón lítra undir áætlun. Innheimta á þungaskatti batnaði hins vegar nokkuð í fyrra og urðu tekjur af þessum gjaldstofni 40 m.kr. meiri en reiknað hafði verið með.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.226	4.325	4.293	-32
Þungaskattur, km-gjald	1.378	1.500	1.531	31
Þungaskattur, árgjald	554	615	623	8
Markaðar tekjur til vegagerðar	**6.158**	**6.440**	**6.447**	**7**
Bifreiðagjald	1.354	1.830	1.784	-46
Samtals	**7.512**	**8.270**	**8.231**	**-39**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**7,3**	**7,9**	**7,5**	**-0,4**

Í ársbyrjun 1994 hækkaði gjaldskrá bifreiðagjalds um nær þriðjung sem átti að skila ríkissjóði um 450 m.kr. á síðasta ári. Þessi breyting var liður í samkomulagi stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins um fjármögnun á hluta af tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi virðist innheimta þess hafa orðið heldur minni en búist var við. Munar þar tæpum 50 m.kr.

Aðrir skattar. Veigamesti tekjustofninn í þessum flokki, stimpilgjaldið, telur rúmlega helming teknanna, en síðan koma aukatekjur ríkissjóðs (dómsmálagjöld, leyfisgjöld o.fl.) með ríflega fimmtung. Þessi gjöld eru ágætur mælikvarði á almennt efnahagsástand. Þannig aukast tekjur af fjármagnsviðskiptum (þinglýsingum og stimpilgjaldi) þegar vel árar og sama má segja um ýmiss konar leyfisgjöld. Þessu er hins vegar öfugt farið í erfiðu árferði. Þetta endurspeglast að vissu leyti í innheimtu gjaldanna á síðasta ári, en tekjur af þinglýsingum og stimpilgjaldi urðu tæplega 300 m.kr. meiri á árinu 1994 en áætlað hafði verið og jukust um rúmlega 10% milli ára þrátt fyrir óbreytta gjaldskrá.

Aðrir skattar

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Skattar af erlendum gjaldeyri	295	206	220	14
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.132	2.086	2.359	273
Aukatekjur	915	850	954	104
Ríkisábyrgðagjald	353	300	363	63
Aðrir skattar	340	325	380	55
Samtals	**4.035**	**3.767**	**4.276**	**509**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**3,9**	**3,6**	**3,9**	**0,3**

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður nam tæpum 8 milljörðum króna á árinu 1994, eða um ½ milljarði umfram áætlun fjárlaga. Frávik vaxtatekna er raunar meira, eða um 700 m.kr. Þar kemur tvennt til. Annars vegar betri innheimta á útistandandi skattskuldum sem birtist í auknum tekjum af dráttarvöxtum. Hins vegar urðu vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs mun meiri á síðasta ári en gert var ráð fyrir, meðal annars vegna uppgjörs á eldri skuldum. Aðrar tekjur urðu aftur á móti lægri en reiknað hafði verið með.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Vaxtatekjur	4.420	4.000	4.720	720
Arðgreiðslur	2.239	2.600	2.769	169
Aðrar tekjur	399	825	444	-381
Samtals	**7.058**	**7.425**	**7.933**	**508**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**6,8**	**7,1**	**7,2**	**0,1**

Tekjur af sölu eigna. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi nemur sala ríkiseigna liðlega 1 ½ milljarði króna á síðustu þremur árum, þ.e. 1992-1994. Af þeirri fjárhæð hefur þegar verið greiddur 1,1 milljarður króna. Heildargreiðslur vegna sölu hlutabréfa og ríkisfyrirtækja námu 262 m.kr. árið 1992, 178 m.kr. árið 1993 og 696 m.kr. árið 1994. Þessar greiðslur hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs með tvennum hætti. Annars vegar hafa verið tekjufærðar 300 m.kr. sem hafa bætt rekstrarafkomu ríkissjóðs samsvarandi. Afgangurinn, rúmlega 800 m.kr., hefur verið færður til lækkunar á stofnfjárframlögum ríkissjóðs og þannig dregið úr lánsfjárþörf ríkisins og þar með haft jákvæð áhrif á greiðsluafkomuna.

Meðfylgjandi er listi yfir sölu ríkisfyrirtækja frá ársbyrjun 1992 til ársloka 1994, þar sem fram kemur söluverð og það sem þegar hefur verið greitt af söluandvirðinu.

Sala hlutabréfa og ríkisfyrirtækja 1992-1994


Í milljónum króna	Söluverð	Þegar greitt
S.R.-Mjöl hf.	725	525
Lyfjaverslun Íslands hf.	201	51
Íslensk endurtrygging	162	162
Þróunarfélag Íslands hf.	130	130
Jarðboranir hf.	88	60
Þormóður rammi hf	87	87
Gutenberg, prentsmiðja	86	86
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	19	19
Framleiðsludeild ÁTVR	15	15
Rýni hf.	9	2
Samtals	**1.522**	**1.136**

4 Gjöld ríkissjóðs

Þróunin undanfarin ár. Veruleg umskipti hafa orðið í þróun ríkisútgjalda á undanförnum árum. Eftir talsverða raunaukningu gjalda frá 1986 til 1988 þá tókst að halda í horfinu árin 1989 og 1990, en árið 1991 jukust gjöld verulega. Frá árinu 1986 til 1991 jukust ríkisútgjöld um nærri 27 milljarða króna á núgildandi verðlagi, eða um rúmlega 26%. Á sama tíma var aukning landsframleiðslu einungis um 11%. Frá þeim tíma hefur tekist að draga úr útgjöldunum sem nemur um 5% að raungildi, þrátt fyrir aukin útgjöld til atvinnuleysistrygginga og atvinnuskapandi verkefna.

Ástæður lækkandi útgjalda á síðustu árum eru margar. Þar vegur þyngst nýr búvörusamningur sem tók gildi árið 1992. Árlegt framlag ríkisins í fjárlögum til búvörumála hefur lækkað um 4,7 milljarða króna frá árinu 1991. Önnur veigamikil ástæða er margvísleg nýbreytni í ríkisfjármálum sem leitt hefur til aukins aðhalds og ábyrgðar. Þar má nefna gerð rammafjárlaga, yfirfærslu ónýttra heimilda milli ára, gerð þjónustusamninga og aukin áhersla á útboð. Í þriðja lagi hefur starfsemi ýmissa sjóða ríkisins verið tekin til endurmats. Þannig var Atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar lögð undir Þróunarsjóð sjávarútvegsins og útlánastarfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands hætt. Með útgáfu húsbréfa hafa lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins lagst af, auk þess sem lög og reglur um starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa verið endurskoðuð. Loks voru gerðar ýmsar breytingar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu í átt til að auka aðhald og kostnaðarhlutdeild notenda þjónustunnar.

Útgjöld ríkissjóðs



Myndin hér að framan sýnir þróun heildarútgjalda ríkissjóðs og nokkurra málaflokka sem hafa tekið miklum breytingum. Eins og fram kemur ná heildarútgjöldin hámarki árið 1991 en fara síðan lækkandi.

Framlög til sjúkrahúsa og sjúkratrygginga jukust um 44% að raungildi á tímabilinu. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari aukningu. Meðalaldur þjóðarinnar er að hækka og örar tækninýjungar á sviði læknavísinda, en að sama skapi kostnaðarsamar, hafa gefið nýja möguleika í lækningum.

Útgjöld til utanríkismála hafa aukist um 60% að raungildi á tímabilinu. Þátttaka Íslands í alþjóðasamvinnu hefur farið vaxandi og tæknibylting í fjarskiptum hafa auðveldað okkur samskipti við aðrar þjóðir. Sama gildir um framlög til samgangna. Þau hafa um árabil vaxið hröðum skrefum og náðu hámarki árið 1993 þegar ríkisstjórnin ákvað að leggja fram verulegar fjárhæðir til vegamála til að sporna gegn atvinnuleysi.

Mest hefur breytingin orðið í framlögum til landbúnaðar. Þau vaxa hratt fram til 1991 með auknum niðurgreiðslum og útflutningsbótum, en lækka að nýju með gildistöku nýs búvörusamnings á árinu 1992 og eru á árinu 1994 svipuð að raungildi og árið 1986.

Framlög til skólamála hafa aukist um 16% á umræddu tímabili. Framlög til reksturs háskóla og framhaldsskóla hafa vaxið um 35 - 45%, en framlög til grunnskóla um tæp 9%. Framboð á háskóla- og framhaldsmenntun hefur aukist mikið á þessu tímabili. Rekstur grunnskólans hefur á hinn bóginn verið í fastari skorðum og við breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem tók gildi árið 1990, juku sveitarfélögin verulega kostnaðarhlutdeild sína í rekstri grunnskólans.

Útkoman 1994. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1994 námu alls 117 milljörðum króna, samanborið við 113,8 milljarða króna árið áður. Útgjöldin lækkuðu úr 27,4% af landsframleiðslu 1993 í 27,2% 1994, en hækkuðu lítillega að raungildi. Samanborið við fjárlög ársins fóru gjöldin 3,2 milljörðum króna fram úr áætlun.

Útgjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Fjár-heimildir m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 93 - 94 %
Rekstrargjöld	44.354	43.483	45.221	45.375	-1.892	2,3
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur o.fl.	43.092	44.107	45.936	45.120	-1.013	4,7
Vextir	9.732	11.450	11.150	10.704	746	10,0
Viðhald	3.362	3.219	3.438	3.412	-193	1,5
Stofnkostnaður	12.323	11.523	14.060	12.375	-852	0,4
Samtals	**112.863**	**113.782**	**119.805**	**116.986**	**-3.204**	**3,7**

Í töflunni koma fram heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1994 og samanburður við greiðslur 1993, fjárlög 1994 og fjárheimildir 1994. Fjárheimildir ársins samanstanda af fjárlögum og fjáraukalögum. Hins vegar eru þar ýmsar fjárheimildir á safnliðum sem á fjárlagaári er dreift á einstakar stofnanir og verkefni. Sundurliðun fjárheimilda er að finna í hefti ríkisbókhalds um greiðsluuppgjör ríkisins 1994 sem gefið er út samhliða skýrslu þessari.

Í þessum kafla er fjallað um ríkisútgjöldin samkvæmt hagrænni flokkun ríkisútgjalda. Þannig er fjallað sérstaklega um rekstrarútgjöld stofnana ríkisins, tryggingagreiðslur og

aðrar framlagsgreiðslur, vaxtagreiðslur og loks viðhald og stofnkostnað. Í töfluhluta skýrslunnar er að finna hagræna skiptingu á greiðslum, fjárlögum og fjárheimildum, sundurliðað eftir ráðuneytum.

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 113,8 milljarðar króna, eða um 0,9 milljörðum króna umfram útkomu ársins 1993. Hækkun vaxtagreiðslna var áætluð 1,7 milljarðar króna en aðrar gjaldaheimildir lækkuðu um 0,8 milljarða króna.

Eins og áður sagði urðu heildarútgjöld 3,2 milljarða króna umfram fjárlög. Þannig voru rekstrarútgjöldin 1,9 milljörðum umfram fjárlög. Þar af eru rúmar 500 m.kr. vegna kjarasamninga og launaúrskurða á árinu og aðrar 500 m.kr. skýrast af notkun á yfirfærðum fjárheimildum frá árinu 1993. Þá voru framlög til sjúkrahúsa aukin um 700 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla þeirra.

Helstu frávik gjalda frá fjárlögum 1994, m.kr.

Aukin fjárfesting	1.000
- Kaup á þyrlu	500
- Framkvæmdir við Vestfjarðagöng	350
- Ýmsar framkvæmdir og aukin viðhaldsverkefni	150
Aukin útgjöld tengd kjarasamningum	500
Flutningur rekstrarfjárheimilda, nettó	500
Ýmis viðbótarútgjöld (skólar, sjúkrahús, o.fl.)	854
Viðbótargreiðslur lífeyris- og sjúkratrygginga	1.300
Lægri atvinnuleysisbætur	-250
Lægri vaxtagjöld	-700
Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**3.204**

Rekstrartilfærslur urðu einum milljarði króna umfram fjárlög. Viðbótargreiðslur til lífeyris- og sjúkratrygginga urðu samtals um 1,3 milljarðar króna, en á móti reyndust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa um 400 m.kr. lægri en áætlað var vegna betra atvinnuástands.

Vaxtagreiðslur urðu rúmum 700 m.kr. lægri en fjárlög kváðu á um. Vextir ríkisvíxla reyndust lægri og sala þeirra minni en áætlað var, auk þess sem vaxtagreiðslur vegna innlausnar á spariskírteinum voru undir áætlun.

Viðhald og stofnkostnaður nam 15,8 milljörðum króna, eða um einum milljarði króna hærri en fjárlög sögðu til um. Stjórnvöld og Alþingi tóku ákvarðanir á árinu um ný verkefni sem leiddu til aukinna útgjalda. Þar má nefna 485 m.kr. vegna kaupa á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og 350 m.kr. viðbótargreiðslu til Vegagerðarinnar vegna Vestfjarðaganga. Að öðru leyti skýrist aukningin af eignakaupum og ýmsum framkvæmdum sem byggðust á heimildum frá árinu 1993.

Í september fór fram endurmat á afkomu ríkissjóðs og var þá talið að heildarútgjöld ársins gætu orðið allt að 117,6 milljarðar króna, eða tæpum 700 m.kr. hærri en raun varð á. Frávik koma fram í báðar áttir. Rekstrargjöldin reyndust í árslok 1,4 milljörðum króna hærri, m.a. vegna aukafjárveitinga til sjúkrahúsa og áhrifa kjarasamninga við heilbrigðisstéttir. Aðrir útgjaldaflokkar reyndust lægri, svo sem stofnkostnaður og viðhald sem urðu 700 m.kr. lægri og vaxtagreiðslur sem voru 800 m.kr. undir áætlun.

Undir lok ársins voru samþykkt fjáraukalög sem tóku mið af fyrrnefndum breytingum á gjaldahlið. Þar voru veittar viðbótarheimildir að fjárhæð 4,1 milljarður króna auk þess sem

við bættust 1,9 milljarðar vegna yfirfærslu heimilda og gjalda frá árinu 1993. Ónotaðar heimildir í árslok nema 3,6 milljörðum króna, þar af um 1,7 milljarðar króna til stofnkostnaðar, en umframgreiðslur eru 0,8 milljarðar. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1994, sem lagt verður fram næstu daga, er gerð grein fyrir áætluðum flutningi heimilda og gjalda yfir til ársins 1995.

Rekstrargjöld ríkisstofnana. Launa- og rekstrargjöld stofnana í A-hluta ríkissjóðs námu 45,4 milljörðum króna á árinu 1994, samanborið við 43,5 milljarða króna í fjárlögum 1994 og 44,4 milljarða króna árið 1993. Hækkunin milli ára nemur 2%, en að teknu tilliti til verðlagsbreytinga þá lækka rekstrargjöldin um 200 m.kr. eða um ½%.

Rekstrargjöld ráðuneyta

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	941	941	988	-47
Forsætisráðuneyti	143	146	176	-30
Menntamálaráðuneyti	11.611	11.755	12.106	-351
Utanríkisráðuneyti	959	918	1.039	-121
Landbúnaðarráðuneyti	905	863	931	-68
Sjávarútvegsráðuneyti	915	892	717	175
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.067	4.895	5.092	-197
Félagsmálaráðuneyti	1.779	1.839	1.891	-52
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	17.690	17.004	18.097	-1.093
Fjármálaráðuneyti	2.428	2.408	2.414	-6
Samgönguráðuneyti	667	593	695	-102
Iðnaðarráðuneyti	492	466	462	4
Viðskiptaráðuneyti	154	149	159	-10
Hagstofa Íslands	125	134	139	-5
Umhverfisráðuneyti	478	480	469	11
Samtals	**44.354**	**43.483**	**45.375**	**-1.892**

Hér á eftir er fjallað nánar um útgjöld einstakra ráðuneyta árið 1994 í samanburði við fjárlög og útgjöld ársins 1993.

Æðsta stjórn ríkisins. Rekstrargjöld reyndust 988 m.kr. eða 47 m.kr. umfram fjárlög. Mismunurinn skýrist af kostnaði við opinberar heimsóknir í tengslum við Lýðveldishátíðina á Þingvöllum s.l. sumar, auk kostnaðar hjá Alþingi af sama tilefni, samtals að fjárhæð 43 m.kr. Hækkun frá fyrra ári nemur svipaðri fjárhæð og frávik frá fjárlögum og af sömu ástæðum.

Forsætisráðuneyti. Rekstrargjöld eru 176 m.kr. eða 30 m.kr. umfram fjárlög. Helmingur umframgjalda kemur fram hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum og er nú unnið að fjárhagslegri úttekt á stofnuninni og tillögum til úrbóta í fjármálum og bókhaldi. Aðrar umframgreiðslur dreifast jafnt á aðrar stofnanir.

Að frátöldum áhrifum flutnings Skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandamála frá utanríkisráðuneyti til forsætisráðuneytis hækka gjöldin um 33 m.kr. milli ára. Þar munar mestu að árið 1993 greiddi Seðlabankinn hærri hlut af útgjöldum Þjóðhagsstofnunar skv. sérstöku samkomulagi við fjármálaráðuneytið. Þá hækka útgjöld Þjóðgarðsins á Þingvöllum milli ára.

Menntamálaráðuneyti. Rekstrargjöldin í heild nema 12.106 m.kr. og eru 351 m.kr. umfram fjárlög. Umframgreiðslur koma fram á flestum málefnaflokkum. Í fyrsta lagi urðu útgjöld vegna grunnskóla um 190 m.kr. umfram áætlun. Fyrirhugaður 100 m.kr. sparnaður launa, annarra en kennslulauna, náði ekki fram að ganga, auk þess sem rekstrarafgangur frá fyrra ári var nýttur að fullu. Þá juku launaúrskurðir vegna kennara útgjöldin um 40 m.kr. Í annan stað fóru háskólastofnanir um 50 m.kr. fram úr fjárlögum og munar þar mestu um útgjöld Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, eða 25 m.kr. Útistandandi kröfur stofnunarinnar vega upp á móti greiðsluhallanum, en í fjárlögum var gert ráð fyrir fullri innheimtu sértekna á árinu. Í þriðja lagi urðu útgjöld framhaldsskóla um 50 m.kr. umfram fjárlög og er frávikið mest hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð, eða 10 m.kr. Loks fóru safnastofnanir 18 m.kr. fram úr fjárlögum og skólar fyrir fatlaða um 15 m.kr. Í lok ársins 1993 námu ónýttar rekstrarheimildir um 120 m.kr. nettó, en nú er sambærileg fjárhæð neikvæð um 60 m.kr.

Að raungildi hækka útgjöldin um 200 m.kr. milli ára, eða um 1,7%. Mest er hækkunin hjá háskólastofnunum, eða um 140 m.kr., aðallega hjá Háskóla Íslands, um 130 m.kr. Þá hækka greiðslur til grunnskóla um 65 m.kr. að raungildi milli ára.

Utanríkisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 1.039 m.kr., eða 121 m.kr. umfram fjárlög. Umframgjöld koma fram hjá öllum stofnunum, nema Varnarmálaskrifstofu. Mest eru þau hjá aðalskrifstofu, 57 m.kr., hjá Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, 10 m.kr. og hjá sendiráðunum 52 m.kr. Viðbótarútgjöld aðalskrifstofunnar skýrast að mestu af þýðingum, prentun og útgáfu á viðaukum við EES-samninginn. Auk viðbótarheimilda í fjáraukalögum vegna þessa, nýtti ráðuneytið að fullu innistæður frá árinu 1993. Engu að síður munu flestar stofnanir þurfa að flytja greiðsluhalla til ársins 1995.

Í samanburði við fyrra ár hafa útgjöldin aukist að raungildi um 55 m.kr. Þrátt fyrir það lækka rekstrarútgjöld sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli um 24 m.kr. Sendiráðin hækka um 50 m.kr. Þá hækka útgjöld aðalskrifstofu um 30 m.kr. milli ára, einkum vegna aukins prentkostnaðar og búferlaflutninga.

Landbúnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 931 m.kr., eða 68 m.kr. umfram fjárlög. Umframgreiðslur vegna skógræktar og landgræðslu eru 29 m.kr., vegna landbúnaðarstofnana 17 m.kr. og vegna búnaðarskóla 14 m.kr. Tveimur stofnunum var gert að endurgreiða virðisaukaskatt af aðföngum á árinu og skýrir það að hluta til umframgreiðslurnar. Þá var fallið frá innheimtu gjalds til að standa undir rekstri bútæknideildar hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Borið saman við fyrra ár eru útgjöld ráðuneytisins nær óbreytt að raungildi. Lítilsháttar hækkun hjá skólunum er mætt með samdrætti annars staðar.

Sjávarútvegsráðuneyti. Rekstrargjöld voru 717 m.kr., eða 175 m.kr. lægri en fjárlög. Frávikið er tæp 20% og skýrist af því að eftirstöðvar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, að fjárhæð 215 m.kr., runnu til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Á móti vegur að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskistofa eru samtals 30 m.kr. umfram fjárlög, þar sem sértekjur þeirra reyndust lægri en áætlað var.

Í samanburði við fyrra ár lækka útgjöldin um 220 m.kr. að raungildi og sem fyrr segir vegur þyngst innborgun Verðjöfnunarsjóðs til Hafrannsóknastofnunar. Í heild dregst

rekstrarumfang annarra stofnana einnig saman milli ára þar sem Ríkismat sjávarafurða var lagt niður.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 5.092 m.kr. eða 197 m.kr. umfram fjárlög. Í fyrsta lagi urðu útgjöld löggæslustofnana 113 m.kr. umfram, sem tengist einkum embætti Lögreglustjórans í Reykjavík og Landhelgisgæslunni. Til skýringa má nefna að innheimta sértekna hefur ekki gengið sem skyldi hjá embætti Lögreglustjóra. Viðbótarútgjöld komu fram hjá Landhelgisgæslunni þar sem varðskip var sent til Barentshafs vegna veiða íslenskra togara þar. Í annan stað var launahækkun til presta á grundvelli dómsúrskurðar haustið 1993 vanmetin um 46 m.kr. Í þriðja lagi fóru fangelsisstofnanir 29 m.kr. umfram heimildir fjárlaga, en ætlað er að taka á fjármálum þeirra með breytingum á skipulagi og virkari fjármálastjórn. Loks eru embætti sýslumanna samtals um 28 m.kr. umfram fjárlög, sem er 1,2% .

Þrátt fyrir ofangreindar umframgreiðslur, þá lækka útgjöld ráðuneytisins milli ára um tæpar 100 m.kr. að raungildi vegna lægri rekstrarkostnaðar sýslumannsembætta.

Félagsmálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 1.891 m.kr. eða 52 m.kr. umfram fjárlög. Stofnanir fatlaðra eru 80 m.kr. umfram, sem skýrist af notkun ónýttra fjárheimilda frá 1993. Útgjöld annarra málefnaflokka eru í samræmi við áætlun, nema hvað málefni barna eru 30 m.kr. innan fjárlaga. Á árinu 1994 fór fram lokauppgjör á skuldum sveitarfélaga sem tilkomnar voru vegna vistunar unglinga á Unglingaheimili ríkisins. Innborganir vegna þessa uppgjörs, að fjárhæð 29 m.kr., koma til lækkunar á útgjöldum málefnaflokksins. Innheimtu sértekna Brunamálastofnunar var skilað í ríkissjóð og er stofnunin því 25 m.kr. innan fjárlaga. Á móti vegur að Vinnueftirlitið er 20 m.kr. umfram fjárlög. Í heild eru útgjöld stjórnsýslustofnana í samræmi við fjárlög.

Í samanburði við fyrra ár hækka útgjöldin um 67 m.kr. að raungildi, eða um 4%. Hækkunin kemur nær öll fram hjá stofnunum fatlaðra en á undanförnum árum hefur átt sér stað veruleg uppbygging í þeim málaflokki, en nú hefur hægt á þeirri þróun. Nefna má að útgjöld til málefna fatlaðra hækkuðu um 8,5% að raungildi milli áranna 1992 og 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 18.097 m.kr. eða 1.093 m.kr. umfram fjárlög. Þetta frávik nemur 58% af umframaukningu rekstrargjalda allra ráðuneyta. Sjúkrastofnanir fara alls um ein milljarð króna umfram fjárlög eða sem nemur 6,4%. Þar af eru 250 m.kr. vegna kjarasamninga við heilbrigðisstéttir, en um 750 m.kr. er uppsafnaður rekstrarhalli hjá ríkisspítölum, Borgarspítala, Sjúkrahúsi Akraness, Fjórðungssjúkrahúsi Neskaupstaðar og St. Jósefsspítala, Landakoti sem var að mestu bættur í fjáraukalögum. Í tengslum við viðbótarfjárveitingar voru gerðir samningar við þessar sjúkrastofnanir um úrbætur í rekstri. Útgjöld heilsugæslustöðva eru í heild 1.490 m.kr. og nema umframgreiðslur um 87 m.kr. eða 5,8%, þar af eru 18 m.kr. hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Útgjöld stjórnsýslustofnana ráðuneytisins eru 22 m.kr. umfram fjárlög en á móti vegur að málefnaflokkarnir yfirstjórn, tryggingamál og lyfjamál eru innan heimilda.

Í samanburði við fyrra ár lækka útgjöld um 170 m.kr. að raungildi. Lækkunin kemur alfarið fram í heilsugæslunni, eða 280 m.kr. og vegur þar þyngst að árið 1993 greiddi ríkissjóður Reykjavíkurborg 195 m.kr. fyrir sjúkraflutninga síðustu þriggja ára samanborið við 100 m.kr. á árinu 1994. Útgjöld sjúkrastofnana hækka um 180 m.kr., eða 1%.

Fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 2.414 m.kr. eða sem næst á áætlun fjárlaga. Umframgreiðslur koma fram á liðnum innheimtukostnaður, 34 m.kr. en aðrir málefnaflokkar eru ýmist innan fjárlaga, eða því sem næst í samræmi við fjárlög.

Í samanburði við fyrra ár lækka útgjöldin um 75 m.kr. að raungildi, eða um 3%. Þar af lækkar innheimtukostnaður um 55 m.kr. og útgjöld til yfirstjórnar dragast saman um 17 m.kr. Þá lækkar skýrsluvélakostnaður um 20 m.kr. og ýmis verkefni ráðuneytisins um 25 m.kr. Á móti vegur að framlög til skattkerfisins aukast um 43 m.kr. vegna embættis Skattrannsóknarstjóra, sem stofnað var á árinu 1993 og herts skatteftirlits.

Samgönguráðuneyti. Rekstrargjöld voru 695 m.kr. eða 102 m.kr. umfram fjárlög. Umframgjöld vega mest hjá Flugmálastjórn, eða 77 m.kr. Það skýrist af greiðslum á launahækkunum til flugumferðarstjóra aftur til ársins 1991. Einnig fór Siglingamálastofnun umfram fjárlög og einnig ýmis verkefni á vegum ráðuneytisins.

Í samanburði við fyrra ár hækka gjöldin um 11 m.kr. að raungildi. Greiðslur til Flugmálastjórnar hækka um 33 m.kr. og yfirstjórn hækkar um 27 m.kr. Á móti vegur að útgjöld til reksturs Vegagerðarinnar lækka.

Iðnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld voru 462 m.kr., eða sem næst á fjárlagaáætlun. Munar þar mestu um að Rafmagnseftirlit ríkisins er 18 m.kr. innan marka. Á móti vegur að umframgreiðslur Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins nema 10 m.kr.

Í samanburði við fyrra ár lækka útgjöldin um 39 m.kr. að raungildi, eða 7,8%. Framlög til Orkustofnunar og Rafmagnseftirlitsins lækka samtals um 50 m.kr. en aðrar stofnanir hækka lítillega milli ára.

Viðskiptaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 159 m.kr., eða 10 m.kr. umfram fjárlög. Umframgreiðslur yfirstjórnar ráðuneytisins nema 6 m.kr. en önnur frávik eru óveruleg. Samanborið við fyrra ár eru útgjöldin óbreytt að raungildi.

Hagstofa Íslands. Rekstrargjöld voru 139 m.kr., eða sem næst á fjárlagaáætlun. Í samanburði við fyrra ár hækka gjöldin um 10 m.kr. að raungildi.

Umhverfisráðuneyti. Rekstrargjöld voru 469 m.kr., eða 11 m.kr. innan fjárlaga. Útgjöld til yfirstjórnar reyndust 10 m.kr. umfram fjárlög og 7 m.kr. hjá Veðurstofu. Greiðslur annarra stofnana voru í samræmi við fjárlög, nema hvað skipulagsstjóri ríkisins var nær 30 m.kr. innan heimilda vegna árangurs af átaki í innheimtu skipulagsgjalds sem fram fór á árinu.

Í samanburði við fyrra ár lækkuðu gjöldin um 17 m.kr. að raungildi. Skýringin felst í áðurnefndri innheimtu hjá Skipulagsstjóra, sem lækkar gjöld stofnunarinnar um 30 m.kr. milli ára. Greiðslur til annarra stofnana hækka lítilsháttar.

Launagjöld. Áætlað er að launagjöld ríkisstofnana í A-hluta hafi numið 37 milljörðum króna á árinu 1994, samanborið við 36 milljarða króna árið 1993. Á síðastliðnum árum hefur fjármálaráðuneytið lagt aukna áherslu á að fá fram sem raunhæfastan mælikvarða á vinnumagn einstakra stofnana með því að umreikna hinar ýmsu tegundir launagreiðslna í svo-

kölluð ársverk. Einingar þeirra launategunda sem liggja til grundvallar þessum útreikningum eru ólíkar. Þar getur verið um að ræða mánuð, klukkutíma, kennslustund eða jafnvel fermetrafjölda í ræstingu. Einnig getur legið mismikið vinnuframlag að baki einingum sem að öðru leyti eru sambærilegar. Þannig telst 1 ársverk t.d. 12 mánaðarlaun, 260,9 dagar, eða 2.087,1 launaðir klukkutímar. Laun vegna vaktaálags, þóknana og annarra aukagreiðslna reiknast hins vegar ekki til ársverka.

Í eftirfarandi töflu hefur það vinnumagn sem greitt er af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins verið umreiknað til ársverka. Laun sem ekki eru greidd um launakerfi ríkisins, svo sem hjá sjúkrahúsum (nema Ríkisspítölum) koma ekki fram í tölunum.

Fjöldi ársverka

	1991	1992	1993	1994	Breyting 93-94 %
Æðsta stjórn ríkisins	298	291	294	301	2,4
Forsætisráðuneyti	68	65	61	65	6,9
Menntamálaráðuneyti	7.653	7.620	7.466	7.560	1,3
Utanríkisráðuneyti	270	243	239	235	-1,8
Landbúnaðarráðuneyti	509	503	504	512	1,4
Sjávarútvegsráðuneyti	430	460	480	455	-5,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2.242	2.210	2.204	2.215	0,5
Félagsmálaráðuneyti	1.011	1.069	1.142	1.226	7,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.261	4.181	4.179	4.199	0,5
Fjármálaráðuneyti	758	720	735	756	2,8
Samgönguráðuneyti	1.113	1.112	1.113	1.063	-4,5
Iðnaðarráðuneyti	358	358	347	338	-2,5
Viðskiptaráðuneyti	76	69	71	70	-2,0
Hagstofa Íslands	62	65	67	70	3,3
Umhverfisráðuneyti	253	265	279	291	4,4
Samtals	**19.359**	**19.228**	**19.183**	**19.355**	**0,9**

Leiðrétt hefur verið fyrir tilfærslu stofnana milli ráðuneyta, til þess að tölur verði sambærilegar á milli ára. Lækkun ársverka árin 1992 og 1993 kom einkum fram í minni yfirvinnu og samdrætti í ræstingu. Þannig voru greiðslur fyrir yfirvinnu og ræstingu 20,8% af heildarársverkum árið 1991 en fóru niður í 19,9% árið 1993. Nú er þetta hlutfall 20,0%.

Ársverkum fjölgar alls um 0,9% milli áranna 1993 og 1994 en breytingar hjá einstökum ráðuneytum eru allt frá rúmlega 5% fækkun ársverka í rúmlega 7% fjölgun. Mest er fjölgunin hjá félagsmálaráðuneyti um 80 ársverk milli áranna 1993 og 1994 eða 7,3%. Þar af eru 75 ársverk í málaflokki fatlaðra og tengjast nýjum heimilum sem hófu rekstur á árinu, liðveislu og aukningu vegna þeirra heimila sem voru rekin hluta úr árinu 1993 en allt árið 1994. Hjá menntamálaráðuneyti fjölgar ársverkum um rúmlega 90, eða um 1,3%. Mest er aukningin í grunnskólum rúmlega 70 ársverk. Einnig fjölgar ársverkum um tæplega 17 í Háskólanum á Akureyri og um 10 hjá Landsbókasafni Íslands vegna reksturs Þjóðarbókhlöðu. Ársverkum umhverfisráðuneytis fjölgar um 12, þar af 11 við Náttúrufræðistofnun Íslands. Hjá fjármálaráðuneyti er fjölgun ársverka alfarið hjá embætti skattrannsóknarstjóra og skattstofum vegna aukinnar áherslu á skatteftirlit.

Ársverkum fækkar hjá fimm ráðuneytum. Í samgönguráðuneytinu fækkar ársverkum um 50. Skýringin fellst að mestu í minni framkvæmdum hjá Vegagerðinni. Í sjávarútvegs-

ráðuneyti fækkar ársverkum um 25. Þar af fækkar um 14 vegna þess að Ríkismat sjávarafurða var lagt niður. Þá er Fiskifélag Íslands ekki lengur talið vera opinber stofnun, heldur vinnur sem verktaki fyrir Fiskistofu. Við það fækkar um 21 ársverk. Á móti fjölgar um 13 ársverk hjá Hafrannsóknastofnun.

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög. Útgjöld vegna þessa málaflokks námu 45,1 milljarði króna á árinu 1994, samanborið við 44,1 milljarð króna í fjárlögum 1994 og 43,1 milljarð króna árið áður.

Sundurliðun rekstrartilfærslna

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Lífeyristryggingar	15.545	15.875	16.356	-481
Sjúkratryggingar	9.520	9.260	10.114	-854
Slysatryggingar	575	534	534	0
Atvinnuleysistryggingar	2.165	3.067	2.821	246
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.699	1.550	1.497	53
Greiðslur vegna landbúnaðar	6.390	5.617	5.703	-86
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.496	1.857	1.922	-65
Uppbætur á lífeyri	958	890	792	98
Ábyrgðasjóður launa	315	399	241	158
Annað	4.423	5.058	5.140	-82
Samtals	**43.086**	**44.107**	**45.120**	**-1.013**

Bætur lífeyristrygginga urðu 481 m.kr. hærri en ætlað var í fjárlögum. Frávikið liggur að mestu í ákvörðun ríkisstjórnar um útborgun eingreiðslna til lífeyrisþega, samtals um 300 m.kr. Hins vegar eru greiðslur elli- og örorkulífeyris nánast á áætlun fjárlaga. Sjóðsstaða lífeyristrygginga gagnvart ríkissjóði batnaði um 130 m.kr. þannig að bókfærðar umframgreiðslur Tryggingastofnunar vegna lífeyristrygginga nema um 350 m.kr.

Greiðslur sjúkratrygginga voru 854 m.kr. umfram fjárlög. Sjóðsstaða gagnvart ríkissjóði er nær óbreytt milli ára. Lyfjakostnaður var 360 m.kr. umfram fjárlög, að hluta til vegna þess að gildistöku nýrra lyfjalaga var frestað. Í annan stað fór lækniskostnaður 190 m.kr. umfram áætlun þar sem ekki tókst að semja við lækna um lækkun sérfræðikostnaðar og ekki varð af áformum um að bjóða út meinefnarannsóknir. Í þriðja lagi urðu greiðslur til daggjaldasjúkrastofnana 140 m.kr. umfram fjárlög vegna ákvarðana ráðherra um aukið hjúkrunarrými. Loks fór kostnaður vegna hjálpartækja 140 m.kr. fram úr fjárlögum þrátt fyrir að tekið var að bjóða út innkaup á margvíslegum hjálpartækjum.

Útgjöld sjúkratrygginga hækka um 600 m.kr. milli ára, þar af um 360 m.kr. vegna aukins lyfjakostnaðar og 210 m.kr. vegna lækniskostnaðar.

Bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs voru 246 m.kr. innan marka fjárlaga. Skýringin er fyrst og fremst minna atvinnuleysi á árinu 1994 en gert var ráð fyrir, eða 4,7% en í forsendum fjárlaga var miðað við 5%.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna nam 1.497 m.kr. eða 53 m.kr. innan fjárlaga. Framlagið lækkar þriðja árið í röð. Raunlækkun framlags frá árinu 1991 er um 1.100

m.kr. Við gerð fjárlaga 1993 og 1994 var miðað við að framlagið næmi um 54% af veittum lánum, en það hlutfall var talið endurspegla raunkostnað ríkisins vegna námsaðstoðar.

Greiðslur til landbúnaðarmála voru 5.703 m.kr. eða 86 m.kr. umfram fjárlög. Frávikið er 1,5% og skýrist af vanmati á verðlagshækkun beingreiðslna til bænda vegna mjólkurframleiðslu. Auk þess voru greiddar 45 m.kr. vegna eftirstöðva niðurgreiðslu frá árinu 1993 sem ætlað var að jafngilda lækkun virðisaukaskatts úr 24,5% í 14%. Í samanburði við fyrra ár lækka greiðslur um 850 m.kr. að raungildi og er það í samræmi við forsendur í núgildandi búvörusamningi.

Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 1.922 m.kr. eða 65 m.kr. hærri en fjárlög. Tekjur sjóðsins eru 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs og 500 m.kr. fjárveiting úr ríkissjóði í stað landsútsvars sem lagt var niður um leið og aðstöðugjald frá upphafi árs 1994. Eftir endurmat á tekjum ríkisins var veitt viðbótarfjárveiting sem nam 65 m.kr. á árinu. Samanborið við fyrra ár hækka greiðslur um 390 m.kr.

Greiðslur uppbóta á lífeyri voru 792 m.kr. eða 98 m.kr. innan fjárlaga. Frávikið skýrist nær einvörðungu af því að vaxtatekjur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins reyndust hærri en áætlað var. Í samanburði við fyrra ár lækka útgjöldin um 190 m.kr. að raungildi. Kemur þar hvoru tveggja til, að vaxtatekjur hækka og eins ber sjóðurinn stærri hluta lífeyrisgreiðslna þar sem verðbólga er í lágmarki og launahækkanir óverulegar.

Greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa voru 241 m.kr. eða 158 m.kr. lægri en fjárlög. Útgjöld sjóðsins geta sveiflast mjög milli ára eftir fjölda og stærð fyrirtækja sem verða gjaldþrota. Tekjur sjóðsins nema 0,2% af álagningarstofni tryggingagjalds og í ljósi reynslunnar var það lækkað í ársbyrjun 1995. Í samanburði við fyrra ár lækka gjöldin um 80 m.kr. að raungildi.

Frávik á öðrum stórum tilfærsluliðum eru óveruleg og verður ekki fjölyrt um þau hér. Ýmsar tilfærslur hækka verulega milli ára. Þar má nefna ýmis framlög vegna EES-samningsins bæði hjá menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Þá hækka niðurgreiðslur á raforku milli ára.

Vaxtagjöld. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs urðu 10.704 m.kr., eða 746 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum. Vaxtagjöldin 1993 voru 9.732 m.kr. Frávik frá fjárlögum stafar einkum af lægri vaxtagreiðslum af skammtímaskuldbindingum, meðal annars vegna verulegra vaxtalækkana á ríkisvíxlum og aukins vægis þriggja mánaða víxla, umfram 6 og 12 mánaða víxla. Þá urðu vaxtagreiðslur vegna innlausnar á spariskírteinum seinni hluta ársins lægri en gert var ráð fyrir.

Vaxtagjöld

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Vextir af erlendum lánum	5.763	6.800	7.193	-393
Vextir og lántökukostnaður af spariskírteinum	1.235	2.300	1.960	340
Vextir af öðrum löngum innlendum lánum	694	600	631	-31
Vextir af skammtímalánum	2.040	1.750	920	830
Samtals	**9.732**	**11.450**	**10.704**	**746**

Viðhald. Útgjöld vegna viðhalds voru 3.412 m.kr., eða 193 m.kr. umfram fjárlög. Mismunurinn skýrist að mestu af notkun á geymdum fjárheimildum frá árinu 1993. Í samanburði við fyrra ár standa útgjöldin því sem næst í stað að raungildi.

Viðhald

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Vegagerðin	2.543	2.481	2.544	-63
Almennir framhaldsskólar	109	94	137	-43
Ríkisspítalar	85	84	97	-13
Framkvæmdasjóður fatlaðra	58	70	70	0
Annað	567	490	564	-74
Samtals	**3.362**	**3.219**	**3.412**	**-193**

Stofnkostnaður. Útgjöld vegna fjárfestingar voru 12.375 m.kr. á árinu, eða 852 m.kr. hærri en fjárlög.

Stofnkostnaður

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Vegagerðin	4.504	4.239	4.522	-283
Byggingarsjóður verkamanna	925	918	918	0
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	303	167	498	-331
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	991	350	320	30
Hafnamál	1.077	943	943	0
Framhaldsskólabyggingar	340	532	506	26
Endurbætur menningarbygginga	546	315	577	-262
Uppgjör við sveitarfélög	396	330	363	-33
Ríkisábyrgðir og tjónabætur	242	305	66	239
Annað	2.999	3.424	3.662	-238
Samtals	**12.323**	**11.523**	**12.375**	**-852**

Helstu skýringar á þessu fráviki eru að ákveðið var að festa kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og komu 485 m.kr. til greiðslu á árinu vegna kaupanna, en ekki var gert ráð fyrir því í fjárlögum. Ennfremur var veitt 350 m.kr. viðbótarfjárveiting til Vegagerðarinnar vegna óviðráðanlegra tafa við Vestfjarðagöng. Frávik á liðnum fasteignir ríkissjóðs skýrist af kaupum á húseign fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis. Þá var framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu flýtt til þess að þeim mætti ljúka á árinu og skýrir það umframgreiðslur vegna menningarbygginga. Að öðru leyti skýrast umframgjöldin að mestu af nýtingu ónotaðra fjárheimilda frá árinu 1993. Ónýttar viðhalds- og stofnkostnaðarheimildir frá 1993 sem voru fluttar til ársins 1994 námu 1.050 m.kr. Í lok árs 1994 eru sambærilegar ónýttar heimildir um 1,2 milljarðar króna og koma þær til hækkunar á útgjaldaheimildum 1995.

5 Lánahreyfingar ríkissjóðs

5.1 Innlendur fjármagnsmarkaður

Innlendur fjármagnsmarkaður hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Bæði er að viðskipti með verðbréf hafa vaxið gífurlega hér innanlands og hitt að stöðugt hefur verið unnið að því að aflétta hömlum á flutningi fjármagns milli landa. Frá árinu 1994 hefur innlendum aðilum verið heimilt að fjárfesta ótakmarkað í erlendum langtímaverðbréfum og í ársbyrjun 1995 var opnað fyrir fjárfestingar í skammtímaverðbréfum. Ákvörðun fjármálaráðherra að taka fyrir heimild til yfirdráttar í Seðlabanka og leysa þess í stað innlenda fjárþörf ríkissjóðs alfarið með markaðsútgáfu verðbréfa, hefur stuðlað að virkum eftirmarkaði með verðbréf og styrkt uppbyggingu innlends fjármagnsmarkaðar.

Í eftirfarandi töflu er sýnd sala óverðtryggðra markaðshæfra verðbréfa ríkissjóðs frá því útboð þeirra hófust á árinu 1992.

Sala óverðtryggðra verðbréfa

Frumsala	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
Ríkisvíxlar, 3ja mánaða	6.915	54.171	32.912
Ríkisvíxlar, 6 mánaða	3.020	6.094	6.915
Ríkisvíxlar, 12 mánaða	-	4.992	5.463
Ríkisbréf, 24 mánaða	-	2.105	3.446
Eftirmarkaðsvelta á Verðbréfaþingi (peningamarkaður)	..	66.326	87.074

Af töflunni sést að nokkuð hefur dregið úr sölu 3ja mánaða ríkisvíxla á árinu 1994. Það skýrist af því að á árinu var unnið að því að jafna greiðsluþörf og fjármögnun ríkissjóðs innan ársins. Samfara þessu hefur aukin sala ríkisvíxla til lengri tíma og ríkisbréfa til tveggja ára dregið úr sölu styttri víxla. Þrátt fyrir samdrátt í frumsölu hefur orðið umtalsverð aukning á veltu ríkisvíxla og -bréfa á Verðbréfaþingi Íslands. Þessi þróun er mikilvæg þar sem öflugur peningamarkaður hér á landi er ein meginforsenda fyrir markaðsmyndun vaxta. Veltan byggir, enn sem komið er, eingöngu á bréfum ríkissjóðs þar sem aðrir aðilar gefa ekki út markaðshæf óverðtryggð verðbréf.

Staða útistandandi ríkisvíxla og ríkisbréfa jókst í heild um rúma 4 milljarða króna á árinu 1994. Veldur þar mestu aukin sala tveggja ára óverðtryggðra ríkisbréfa. Engu að síður urðu verulegar sveiflur í sölu innan ársins. Hæst varð staðan síðastliðið haust um 24 milljarðar króna, en hún lækkaði í 18 milljarða undir lok ársins. Af þeirri fjárhæð voru 11 milljarðar króna í eigu Seðlabanka Íslands, en einungis 2 milljarðar af ríkisvíxlum voru í eigu innlánsstofnana. Í upphafi árs 1994 var eign Seðlabankans 4 milljarðar og innlánsstofnana 9 milljarðar króna. Samdráttur í sölu ríkisvíxla seinni hluta árs 1994 og lítil ríkisvíxlaeign innlánsstofnana getur hægt á þróun peningamarkaðarins hér á landi á meðan hann byggir eingöngu á ríkisverðbréfum. Það er því mikilvægt hagsmunamál bæði kaupenda og seljenda þessara bréfa að uppbygging öflugs verðbréfamarkaðar haldi áfram.

Eftirmarkaðsviðskipti með langtímaskuldabréf á Verðbréfaþingi

	1993	1994
Spariskírteini	28.136	26.764
Húsbréf	29.488	35.716
Aðrar skuldabréfaútgáfur	6.740	13.550
Samtals	64.364	76.030

Markaður fyrir langtímaverðbréf á sér lengri sögu, en hann einkennist einnig mjög mikið af viðskiptum með spariskírteini ríkissjóðs og húsbréf eins og taflan hér að ofan ber með sér. Á bak við þau viðskipti standa hins vegar mun stærri útgáfur en á skammtímamarkaði. Þannig eru nú útistandandi spariskírteini fyrir um 72 milljarða króna, í húsbréfum 63 milljarðar króna og í öðrum verðbréfum er staðan áætluð 40 milljarðar króna. Seðlabankinn hefur verið virkur þátttakandi í viðskiptum með verðbréf ríkisins og þannig eflt markaðinn fyrir þau. Algengt er að seðlabankar annarra landa hafi áhrif á vaxtaþróun með kaupum og sölu verðbréfa einkum skammtíma, t.d. ríkisvíxla.

Framboð og eftirspurn verðbréfa innlendra aðila tók verulegum breytingum á árinu. Hér má í fyrsta lagi greina vaxandi ásókn og harðari samkeppni í kjölfar vaxtalækkunarinnar í október 1993. Jafnframt þessu eru sveitarfélögin nú rekin með mun meiri halla en áður. Talið er að halli sveitarfélaganna hafi á síðasta ári numið allt að 15% af tekjum þeirra, eða nálægt 5 milljörðum króna (sjá nánar kafla 2.4).

Heildarsala verðbréfafyrirtækja og ríkissjóðs í skuldabréfaútboðum

Markaðsverð í milljónum króna	Spari-skírteini	Ríkis-bréf	Hús-bréf	Húsn. bréf	Sveitar-félög	Lána-stofnanir	Atvinnu-fyrirtæki	Alls
1. ársfjórðungur	3.451	1.736	3.119	800	667	1.611	-	11.384
2. ársfjórðungur	2.360	1.034	3.506	1.579	1.209	1.256	1.005	11.949
3. ársfjórðungur	2.277	676	3.609	-	1.410	1.767	1.389	11.128
4. ársfjórðungur	1.381	-	3.836	-	2.622	686	514	9.039
Samtals 1994	**9.469**	**3.446**	**14.070**	**2.379**	**5.908**	**5.320**	**2.908**	**43.500**
Samtals 1993	**8.200**	**2.105**	**10.796**	**4.408**	..	..	..	..

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Taflan hér að ofan sýnir sölu skuldabréfa í opnum og lokuðum útboðum á vegum verðbréfafyrirtækja og ríkissjóðs. Athygli vekur mikil eftirspurn sveitarfélaga, lánastofnana og atvinnufyrirtækja eftir innlendu lánsfé. Sveitarfélög seldu verðbréf á almennum markaði fyrir tæpa 6 milljarða króna jafnframt því sem skuldir þeirra við bankakerfið jukust um 1,8 milljarða króna að því áætlað er. Sveitarfélög greiða allnokkru hærri vexti af verðbréfum sem þau gefa út, heldur en ríkissjóður. Þetta er eðlilegt, enda ber ríkissjóður enga ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Markaðsstaða sveitarfélaganna miðast því alfarið við fjárhagsstöðu þeirra þ.e. skuldsetningu og tekjumöguleika. Lánastofnanir seldu verðbréf fyrir 5,3 milljarða króna og atvinnufyrirtæki fyrir tæpa 3 milljarða króna. Alls nam verðbréfasala þessara aðila því rúmlega 14 milljörðum króna á árinu 1994. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur fyrir árið 1993, en talið er að heildarverðbréfaútgáfur þessara aðila hafi þá einungis

verið 3,5 milljarðar króna. Þá má einnig benda á að 10 milljarðar króna af þessum verðbréfum voru seld í lokuðum útboðum, en einungis 4 milljarðar í almennum útboðum. Öll útgáfa ríkissjóðs og húsbréfa er hins vegar seld samkvæmt skilmálum almenns útboðs. Þessi háttur takmarkar alla upplýsingagjöf um viðskipti á peningamarkaði þar sem ekki þarf að tilkynna fyrirfram slíkar útgáfur til Verðbréfaþingsins. Getur þetta skapað vandamál við að jafna framboð skuldabréfa á hinum tiltölulega þrönga markaði hér innanlands og leitt til óæskilegrar vaxtasveiflu.

Kaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum

	Kaup m.kr	Sala m.kr.	Nettó m.kr.
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum erlendis	1.310	102	1.208
Hlutabréf	440	18	422
Skuldabréf	7.335	1.253	6.082
Útgefin af erlendum aðilum í erlendri mynt	2.528	188	2.340
Útgefin af erlendum aðilum í íslenskum krónum	1.002	0	1.002
Ríkissjóður Íslands útgefin erlendis	3.761	1.065	2.696
Önnur útgáfa innlendra aðila	44	0	44
Óflokkuð viðskipti	90	2	88
Heildarviðskipti	**9.175**	**1.375**	**7.800**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Það sem einkenndi verðbréfamarkaðinn árið 1994 var heimild til að kaupa langtímaverðbréf erlendis. Erlend verðbréfakaup innlendra aðila námu 7,8 milljörðum króna nettó á síðasta ári. Af þeirri fjárhæð eru 2,7 milljarðar króna, eða nálægt þriðjungur, kaup á skuldabréfum ríkissjóðs sem gefin voru út á Bandaríkjamarkaði í byrjun árs. Viðskiptin við útlönd voru mest fyrstu 5 mánuðina, en þá seldust verðbréf fyrir um 5,5 milljarða króna, nettó.

Þá má nefna að lausafjárstaða bankakerfisins versnaði umtalsvert seinni hluta ársins, en hún er m.a. talin stafa af auknum lánveitingum til atvinnufyrirtækja til að greiða niður skuldir erlendis. Framvirkum samningum fjölgaði einnig, en þeir fela í sér aukin gjaldeyriskaup bankanna til að jafna út gengisáhættu.

Aukin eftirspurn eftir innlendu lánsfé, verðbréfakaup erlendis og verri lausafjárstaða bankanna setti þannig mark sitt á lánsfjáröflun ríkissjóðs á innlenda markaðnum þegar líða tók á árið. Innlend lántaka ríkissjóðs nettó varð mest í lok september tæplega 10 milljarðar króna en var í lok árs komin niður í 3,6 milljarða króna. Langtímafjáröflun jókst síðan fram til áramóta um tæpan milljarð króna, en útistandandi ríkisvíxlar lækkuðu um rúma 7 milljarða króna. Til að viðhalda jafnvægi á innlenda lánsfjármarkaðnum og hamla á móti vaxtahækkunum varð ríkissjóður því í auknum mæli að leysa fjárþörf sína með erlendum lántökum.

5.2 Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1994

Í fjárlögum 1994 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla með lántöku til að mæta halla og útstreymi á lánahreyfingum, áætluð um 11,8 milljarðar króna. Samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkisbókhalds reyndist lánsfjárþörfin vera

14,8 milljarðar króna, eða 3 milljörðum króna hærri en áætlað var. Þessi viðbótarfjárþörf stafar nær alfarið af erfiðleikum Húsnæðisstofnunar við að afla lánsfjár innanlands á viðunandi vaxtakjörum. Ríkissjóður varð af þeirri ástæðu að hafa milligöngu um útvegun lánsfjár að fjárhæð 6,6 milljarðar króna til sjóðsins. Hér er því ekki um að ræða aukna fjárþörf opinberra aðila heldur einungis tilfærslu milli ríkissjóðs og Húsnæðisstofnunar. Að þessu frátöldu er lánsfjárþörf ríkissjóðs 3 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga einkum vegna minni halla ríkissjóðs. Borið saman við 1993 er hækkun á hreinni lánsfjárþörf milli ára 4,1 milljarður króna. Lánsfjárþörfin á síðasta ári var 3,4% af landsframleiðslu þar af var tæplega helmingur eða 1,5%, vegna lánveitinga til Húsnæðisstofnunar, en á árinu 1993 var þetta hlutfall 2,7% og 1,9% árið 1992. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1994 samanborið við fjárlög 1994 og útkomu ársins 1993.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Rekstrarafkoma	**-9.643**	**-9.636**	**-7.384**	**2.252**
Veitt lán, nettó	-621	-1.140	-9.477	-8.337
Eignfærð framlög	-410	-500	-158	342
Viðskiptareikningur	-24	-500	2.248	2.748
Hrein lánsfjárþörf	**-10.698**	**-11.776**	**-14.771**	**-2.995**
Afborganir af teknum lánum	-5.900	-15.900	-15.590	310
Verg lánsfjárþörf	**-16.598**	**-27.676**	**-30.361**	**-2.685**
Tekin ný lán	18.034	27.750	30.319	2.569
Greiðsluafkoma	**1.436**	**74**	**-42**	**-116**

Hér á eftir eru skýrðir nánar einstaka þættir lánsfjárþarfar A-hluta ríkissjóðs. Fyrst er yfirlit yfir helstu lánveitingar og innheimtar afborganir. Þá er gerð grein fyrir ýmsum eignfærðum framlögum og færslum á viðskiptareikningum. Loks er fjallað um greiddar afborganir ríkissjóðs af eldri lánum.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1994 námu veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum 9,5 milljörðum króna. Frávik frá fjárlögum stafar nær alfarið af lánveitingum til Húsnæðisstofnunar sem fyrr er getið. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á veittum lánum.

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 5.100 m.kr. í fjárlögum en urðu nokkuð hærri eða 6.632 m.kr. Frávikið skýrist af 400 m.kr. afborgun af láni sem veitt var til kaupenda SR-mjöls hf., jafnframt því sem innheimta afborgana eldri veittra lána var um 700 m.kr. betri en gert var ráð fyrir. Þá voru innheimtar afborganir vanmetnar í fjárlögum.

Veitt lán ríkissjóðs og innheimtar afborganir

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**5.282**	**5.100**	**6.632**	**1.532**
Bundnar innlendu verðlagi	3.151	2.900	3.564	664
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	2.131	2.200	3.067	867
Veitt ný lán	**5.903**	**6.240**	**16.109**	**9.869**
Samkvæmt 1. gr. fjárlaga	**5.079**	**6.240**	**6.616**	**376**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.590	3.640	3.640	
Alþjóðaflugþjónustan	189	100	26	-74
Þróunarsj. sjávarútvegsins (Atvinnutr.deild Byggðast)	1.300	2.500	2.950	450
Samkvæmt 4. gr. og 5. gr. lánsfjárlaga	**33**	**-**	**7.800**	**7.800**
Húsnæðisstofnun ríkisins	-	-	7.250	7.250
Byggðastofnun	-	-	500	500
Miðnes hf.	-	-	6	6
Bæjarveitur Vestmannaeyja	16	-	34	34
Herjólfur hf. Vestmannaeyjum	17	-	10	10
Samkvæmt 6. gr. fjárlaga	**791**	**-**	**1.693**	**1.693**
Atvinnuleysistrygg.sjóður	-	-	450	450
Sala SR-mjöl hf.	-	-	600	600
Sala Lyfjaverslunar Íslands hf.	-	-	144	144
Spölur hf.	-	-	50	50
Hitaveita Hjaltadals	-	-	10	10
Tryggingasjóður viðskiptabanka	500	-	-	
Fasteignaviðskipti og eignasala	115	-	353	353
Skuldbreytingar	147	-	81	81
Annað	29	-	5	5
Veitt lán, nettó	**-621**	**-1.140**	**-9.477**	**-8.337**

Veitt lán. Lánveitingum ríkissjóðs má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt samkvæmt 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán sem eru veitt samkvæmt 4. og 5. gr. lánsfjárlaga en í 5. gr. laga um Lánasýslu ríkisins er ríkissjóði heimilt að endurlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í stað þess að veita ríkisábyrgð. Loks eru lán veitt samkvæmt ákvæðum 6. gr. fjárlaga eða annarra sérlaga. Einungis lánveitingar samkvæmt 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga sem að hluta skýrir það frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Í fjárlögum og lánsfjárlögum voru lánveitingar ríkissjóðs áætlaðar alls 6.240 m.kr. en urðu í reynd 16.109 m.kr. Lánveitingar samkvæmt 1. gr. fjárlaga urðu 6.616 m.kr. Lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru samkvæmt fjárlögum en Alþjóðaflugþjónustan notaði aðeins 26 m.kr. af 100 m.kr. lánsheimild þar sem uppbygging og flutningur í nýju flugstjórnarmiðstöðina hefur dregist. Lánveiting til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, sem sameinaðist á miðju ári Þróunarsjóði sjávarútvegsins varð 2.950 m.kr. eða 450 m.kr. umfram áætlun. Af heildarlánveitingunni fóru 600 m.kr. til greiðslu úreldingar skipa en samkvæmt lögum um sjóðinn skal ríkissjóður hafa milligöngu um útvegun 4.000 m.kr. lánsfjár á árunum 1994 og 1995.

Lánveitingar ríkissjóðs samkvæmt 4. og 5. gr. lánsfjárlaga urðu 7.800 m.kr. Það skýrist að stærstum hluta af 7.250 m.kr. lánveitingu til Húsnæðisstofnunar vegna erfiðleika hennar

við öflun lánsfjár með útboðum á húsnæðisbréfum. Þar af var 700 m.kr. fyrirgreiðsla frá 1993. Einnig var ákveðið að veita 500 m.kr. lán til Byggðastofnunar í stað þess að stofnunin færi sjálf á innlendan lánsfjármarkað með skuldabréfaútboð.

Lánveitingar samkvæmt 6. gr. fjárlaga og öðrum heimildum urðu 1.693 m.kr. Fyrirgreiðsla við Atvinnuleysistryggingasjóð nam 450 m.kr. Hér er um að ræða yfirtöku ríkissjóðs á skuldabréfum í eigu sjóðsins en samkvæmt fjárlögum var sjóðnum ætlað að fjármagna sig að hluta með sölu á eignum. Í annan stað nam lánveiting til kaupenda SR-mjöls 600 m.kr. sem endurgreiðist á árunum 1994 og 1995, þar af 400 m.kr. árið 1994. Vegna sölu Lyfjaverslunar Íslands hf. voru veitt lán til hluthafa að fjárhæð 144 m.kr. Þá var Speli hf. veitt 50 m.kr. lán til undirbúningsrannsókna. Fjárhæðin var greidd árið 1993 en gengið var frá lánsskjölum á árinu 1994. Loks námu veitt lán vegna fasteignaviðskipta um 353 m.kr.

Eignfærð framlög. Hér eru færð stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og þær breytingar sem verða á eignarhlutum ríkisins í hinum ýmsu fyrirtækjum.

Stofnframlög til alþjóðafjármálastofnana

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Hlutafjárframlög	**231**	**200**	**-51**	**251**
Stofnfiskur hf.	-	-	35	-35
Þormóður rammi hf.	-	-	-48	48
Jarðboranir hf.	-	-	-12	12
Kísiliðjan hf.	-	-	-26	26
Íslenska Járnblendifélagið hf.	214	200	-	200
Rýni hf.	17	-	-	
Alþjóðafjármálastofnanir	**179**	**300**	**209**	**91**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington	39	40	41	-1
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington	83	91	90	1
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO	6	6	6	0
Norræni Þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	16	23	-	23
Evrópubankinn, EBRD, Lundúnum	46	49	50	-1
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	3	3	3	0
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	12	11	12	-1
Norræni fjárfestingarbankinn, NIB	6	-	9	-9
Alþjóðlegur gengisvarasjóður fyrir Pólland	-32	-	-	
Annað	-	77	-2	79
Eignfærð framlög alls	**410**	**500**	**158**	**342**

Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 500 m.kr. en þau urðu í reynd 158 m.kr. Mismunurinn skýrist af því að gert var ráð fyrir hlutafjárframlagi til Íslenska Járnblendifélagsins hf. að fjárhæð 200 m.kr. en það framlag var innt af hendi í lok árs 1993. Hlutafjárframlag til Stofnfisks hf. nam 35 m.kr. Á móti kemur að seld eru hlutabréf í þremur fyrirtækjum fyrir 86 m.kr. Framlög til alþjóðafjármálastofnana námu alls 209 m.kr. og eru 91 m.kr. lægri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Viðskiptareikningar, nettó. Útborganir umfram innborganir af viðskiptareikningum voru áætlaðar 500 m.kr. í fjárlögum en innborganir reyndust vera 2.248 m.kr. Þessi mikli

mismunur kemur fram í nokkrum liðum. Gengið var frá skuldabréfi vegna sölu SR-mjöls hf. að fjárhæð 725 m.kr., en söluandvirðið var fært á viðskiptareikning árið 1993 þar til kaupin voru staðfest að hálfu kaupenda. Fyrirgreiðslu til Húsnæðisstofnunar frá árinu 1993 að fjárhæð 700 m.kr. var breytt í langtímalán. Þá yfirtók ríkissjóður verðbréf fyrir 250 m.kr. af Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 1993. Sjóðurinn afhenti ekki bréfin fyrr en á árinu 1994, en á meðan var fyrirgreiðslan færð á viðskiptareikning. Lánasýsla ríkisins var skuldfærð fyrir óuppgerðri sölu ríkisbréfa að fjárhæð 331 m.kr. frá því fyrir áramót 1993/94 sem gengið var frá strax í byrjun árs. Loks námu innborganir vegna uppgjöra við Reykjavíkurborg og Sinfóníuhljómsveit Íslands 245 m.kr.

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 15.900 m.kr. í fjárlögum en urðu 310 m.kr. lægri. Mismunurinn kemur nánast allur fram í minni innlausn spariskírteina en áætlað var. Erlendar afborganir voru hins vegar samkvæmt áætlun.

Greiddar afborganir ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1993 m.kr.	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlausn spariskírteina	2.554	4.700	4.400	300
Önnur innlend lán	1.528	1.500	1.424	76
Innlend gengisbundin lán	659	450	453	-3
Erlend lán	1.159	9.250	9.313	-63
Afborganir alls	**5.900**	**15.900**	**15.590**	**310**

5.3 Lántökur ríkissjóðs

Í fjárlögum 1994 var gert ráð fyrir að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum bæði á innlendum og erlendum lánamörkuðum.

Lántökur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1993 m.kr	Fjárlög 1994 m.kr.	Útkoma 1994 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlend lán	**12.831**	**13.400**	**9.845**	**-3.555**
Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs	8.082	9.200	8.311	-889
Sala ECU tengdra spariskírteina ríkissjóðs	-	-	1.098	1.098
Sala ríkisbréfa til 2ja ára	1.875	4.200	3.445	-755
Ríkisbréf, óstöðluð	-	-	-263	-263
Önnur innlend lán	25	-	-5	-5
Sala 3ja mán. ríkisvíxla, nettó	-3.828	-	-1.341	-1.341
Sala 6 mán. ríkisvíxla, nettó	1.685	-	-1.872	-1.872
Sala 12 mán. ríkisvíxla, nettó	4.992	-	472	472
Erlend lán	**5.203**	**14.350**	**20.474**	**6.124**
Löng erlend lán	9.588	14.350	14.390	40
Erlend veltilán	-4.385	-	6.084	6.084
Tekin lán, alls	**18.034**	**27.750**	**30.319**	**2.569**

Heildarlánsfjárþörfin, samkvæmt fjárlögum og lánsfjárlögum, var áætluð um 27,7 milljarðar króna. Samtals voru tekin lán fyrir 30,3 milljarða króna. Þar af námu innlendar lántökur 9,8 milljörðum króna og erlendar lántökur 20,5 milljörðum króna. Innistæða á reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands var í árslok 3,7 milljarðar króna og hafði lækkað um 300 m.kr. frá árslokum 1993.

Spariskírteini ríkissjóðs. Á árinu 1994 voru seld ný spariskírteini fyrir um 9,4 milljarða króna, þar af voru verðtryggð spariskírteini 8,3 milljarðar króna og ECU tengd spariskírteini 1,1 milljarður króna. Salan fer fram með þrennum hætti, þ.e. með útboðum, mánaðarlegri áskrift og skiptikjörum þegar stórir flokkar spariskírteina koma til innlausnar. Sala í útboðum nam samtals 6,9 milljörðum króna, þar af voru 5 ára verðtryggð spariskírteini 3,9 milljarðar króna og 10 ára bréf 1,9 milljarðar króna. Þá voru ECU tengd spariskírteini seld fyrir 1,1 milljarð króna. Í áskrift voru seld spariskírteini fyrir rúman 1,0 milljarð króna og er lang stærsti hluti þeirrar sölu 5 ára skírteini. Sala með skiptikjörum varð 1,5 milljarður króna. Vaxtakjör í áskrift og skiptikjör tóku mið af þeim vöxtum sem giltu í næsta útboði á undan.

Í byrjun árs 1994 var ávöxtun spariskírteina í útboðum 5% og var það niðurstaðan í næstu þremur útboðum. Í útboði sem fram fór í maí lækkaði ávöxtunarkrafan niður í 4,89% og var nánast sú sama í næsta útboði þar á eftir eða 4,88%. Í útboði sem fram fór í júlí var krafan aftur komin upp undir 5% og voru bréfin seld á þeim kjörum þar til í september. Í útboðum eftir þann tíma hafa ekki borist viðunandi tilboð þar sem ákveðið var að taka ekki hærri boðum en 5% í verðtryggð spariskírteini. Þá hefur ávöxtunarkrafa 10 ára spariskírteina haldist í hendur við ávöxtun fimm ára skírteina. Í október var fyrsta útboð á ECU tengdum skírteinum og var tilboðum tekið fyrir 319 m.kr. með 8,54% ávöxtun. Ákveðið var að halda útboð á spariskírteinum tvisvar í mánuði sem helgaðist af því að ríkissjóður hafði tekið að sér fjármögnun fyrir Húsnæðisstofnun og þurfti því meiri viðkomu á markaðnum. Ávöxtunarkrafa ECU tengdra spariskírteina lækkaði fram til áramóta 1994 og var þá 8,41%. Við töku tilboða í ECU tengd spariskírteini hefur verið horft til sambærilegra útgáfa sem í boði eru á erlendum mörkuðum ásamt þeim kjörum sem ríkissjóður hefur þar.

Ríkisbréf. Sala staðlaðra ríkisbréfa til tveggja ára gekk í upphafi árs mjög vel og seldust þau fyrir 3,4 milljarða króna í 6 mánaðarlegum útboðum eða að meðaltali ríflega hálfur milljarður króna í útboði. Meðalávöxtun var í byrjun árs 5,98% og hélst nánast óbreytt þar til í júlí en þá hækkaði krafan í 7,24%. Í næstu tveimur útboðum á eftir bárust tilboð sem stjórnvöld töldu ekki viðunandi og var því ákveðið að halda ekki frekari útboð á þessum bréfum. Leiða má líkur að því að ávöxtunarkrafan hafi um mitt ár verið orðin of lág þar sem nokkur óvissa ríkti um framvindu verðlags vegna kjarasamninga o.fl.

Ríkisvíxlar. Ríkissjóður selur nú sem áður ríkisvíxla með þremur tímalengdum, þ.e. til 3ja mánaða, 6 mánaða og 12 mánaða. Allir ríkisvíxlar, óháð tímalengd þeirra, teljast hæfar eignir til að mæta kröfum Seðlabankans um lausafjáreign lánastofnana. Síðasta ár var annað árið í röð sem skammtímafjárþörf ríkissjóðs var leyst að fullu á markaði með sölu

ríkisvíxla. Heildarsala ríkisvíxla á árinu nam 45,3 milljörðum króna en útistandandi víxlar í árslok voru 14,7 milljarðar króna og hafa lækkað um 2,7 milljarða á árinu. Þar af lækkuðu 3ja mánaða víxlar um 1,3 milljarða og 6 mánaða um 1,9 milljarða en á móti vegur 0,5 milljarða króna aukning á 12 mánaða víxlum.

Meðalávöxtun 3ja mánaða ríkisvíxla í útboðum var 5,29% í ársbyrjun 1994, en fór lækkandi fram í apríl og var þá orðin 4,41%. Ávöxtunarkrafan fór síðan hækkandi og var í árslok 5,47%. Heildarsala 3ja mánaða ríkisvíxla var á árinu 32,9 milljarðar króna. Í útboðum 6 mánaða ríkisvíxla var meðalávöxtunarkrafan í byrjun árs 5,58%, en fór lækkandi fram í apríl og var þá orðin 4,81%. Í nóvember fór fram síðasta útboð ársins en þá var meðalávöxtunarkrafan 5,94%. Samtals seldust 6 mánaða ríkisvíxlar fyrir 6,9 milljarða króna. Salan gekk vel framan af ári, en seinni hluta þess hafði dregið verulega úr henni og í síðasta útboði ársins var salan einungis 165 m.kr. Meðalsala fyrstu átta mánuði ársins nam rúmlega 700 m.kr.

Í byrjun árs var meðalávöxtunarkrafa 12 mánaða ríkisvíxla í útboðum 5,85% en fór lækkandi fram í apríl og var þá orðin 5,25%. Í næstu útboðum fór ávöxtunarkrafan hægt hækkandi og var orðin 6,90% í síðasta útboði ársins. Heildarsala 12 mánaða víxla nam 5,5 milljörðum króna. Hún gekk vel framan af árinu en í tveim síðustu útboðum ársins var nánast engin þátttaka og seldust aðeins víxlar fyrir 75 m.kr.

Erlend lán. Á árinu voru tekin þrjú erlend langtímalán samtals að fjárhæð 19 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð voru 9,3 milljarðar króna notaðir til greiðslu afborgana af erlendum langtímalánum og 1,7 milljarður króna til skuldbreytinga en slíkar skuldbreytingar eru dregnar frá heildarlántökum í greiðsluuppgjöri. Mismunurinn 8 milljarðar króna var nýttur til að mæta nýrri lánsfjárþörf ríkissjóðs. Þessu til viðbótar aflaði ríkissjóður 3,2 milljarða króna skammtímaláns með sölu víxla á erlendum fjármagnsmörkuðum. Samtals eru nýjar erlendar lántökur því 11,2 milljarðar króna.

Fyrsta erlenda lántaka ársins var skuldabréfaútboð ríkissjóðs á Bandaríkjamarkaði að fjárhæð 200 milljónir dala. Skuldabréfin eru til 10 ára og bera 6,125% fasta vexti. Lánið verður greitt upp í lok lánstíma en vextir eru greiddir reglulega á sex mánaða fresti. Stærsti hluti lántökunnar var notaður til að greiða afborganir eldri erlendra lána en einnig til að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs. Frá því útboð fór fram hafa vextir af sambærilegum bréfum hækkað verulega eða um 1,5 -2%. Önnur skuldabréfaútgáfan fór fram í október, en þá voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á Evrópumarkaði í japönskum yenum að fjárhæð 6 milljarðar yena. Vextir miðast við erlenda millibankavexti (libor) að viðbættu 1/8 % álagi og er lánstíminn 10 ár. Lánið verður greitt upp í lok lánstímans en vextir eru greiddir reglulega á 3ja mánaða fresti. Andvirði útgáfunnar fór að hluta til skuldbreytingar á eldra láni en mismunurinn var notaður til að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs. Þriðja erlenda langtímalánið var tekið hjá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) í ágúst. Um var að ræða 9,8 milljónir Bandaríkjadala sem samsvaraði um 675 m.kr. Lánið er til tíu ára og vaxtakjör miðast við libor með 0,19 % álagi. Þetta lán var notað til að greiða niður erlenda ríkisvíxla.

Ríkissjóður seldi víxla á Evrópumarkaði fyrir 48 milljónir Bandaríkjadali nettó, eða sem nemur 3,2 milljörðum króna. Ríkissjóður hefur í nokkur ár selt víxla á erlendum fjármagnsmörkuðum í svokallaðri ECP útgáfu (European Commercial Paper). Þessi útgáfa hefur um margt verið ríkissjóði hagstæð, en vextir þar hafa verið mjög lágir um nokkurt skeið miðað við innlenda skammtímafjáröflun. Þessi útgáfa gefur ríkissjóði færi á að taka lán erlendis með stuttum fyrirvara til að brúa bil þar til langtímalán eru tekin, en það gerir ECP víxlana eftirsóknarverða í fjárstýringu hjá ríkissjóði. Í ársbyrjun 1994 voru útistandandi 217 milljónir Bandaríkjadala í ECP víxlum og í árslok var þessi fjárhæð 265 milljónir Bandaríkjadala.

6 Lánsfjármál ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða

Hér að framan hefur verið fjallað um lánamál A-hluta ríkissjóðs, þ.e. ríkisins í þröngri merkingu, en nú verður hins vegar gerð grein fyrir lánsfjármálum ríkisins í víðari skilningi, þ.e. að meðtöldum ríkisfyrirtækjum og sjóðum. Fjallað er bæði um lánsfjárþörf og lántökur og helstu frávik frá upphaflegri lánsfjáráætlun, en hún er skilgreind sem lántökur og afborganir samkvæmt fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1994.

Rétt er að hafa í huga að skilgreining á lánsfjárþörf ríkisins er ekki einhlít. Í alþjóðasamanburði er til dæmis stuðst við þrengri skilgreiningu en tíðkast hefur hér á landi. Munurinn felst einkum í því að ýmis fyrirtæki og sjóðir sem hér flokkast gjarnan sem ríkisaðilar teljast til einkaaðila annars staðar. Enda þótt fjármálastofnanir og fyrirtæki séu í ríkari mæli í eigu opinberra aðila hér á landi en í öðrum aðildarríkjum OECD getur svo víðtæk skilgreining gefið villandi mynd af umsvifum hins opinbera á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þess í samanburði við önnur lönd.

Til þess að auðvelda yfirsýn og samanburð við önnur lönd er lánsfjárþörfinni skipt milli ríkisins annars vegar og ríkisfyrirtækja og sjóða hins vegar. Undir hina síðartöldu fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeigu í aðildarríkjum OECD (Landsvirkjun, Póst- og símamálastofnun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna). Undir ríkið falla A-hluti ríkissjóðs og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátalinni. Það skal tekið fram að sveitarfélög eru hér undanskilin þannig að umfjöllunin gefur ekki tæmandi mynd af lántökum opinberra aðila í heild.

Þróunin undanfarin ár. Lánsfjárþörf ríkis, ríkisfyrirtækja og sjóða getur haft umtalsverð áhrif á vaxtastigið innanlands. Því meiri sem lántökur opinberra aðila eru innanlands þeim mun minna svigrúm er fyrir lántökur fyrirtækja og einstaklinga, að óbreyttum vöxtum. Afleiðingin verður annað hvort hækkun vaxta eða auknar erlendar lántökur, jafnvel hvort tveggja. Í þessu ljósi er fróðlegt að skoða umsvif þessara aðila á lánamarkaðnum undanfarinn áratug.

Lántökur þessara opinberu aðila jukust mjög mikið á tímabilinu 1986-1991, eða úr 3,9% af landsframleiðslu í 10,1% árið 1991, en það ár náðu þær hámarki. Meginskýringuna má rekja til húsnæðislánakerfisins þar sem lántökur fjórfölduðust á tímabilinu. Einnig átti ört vaxandi halli ríkissjóðs og mikil lánsfjárþörf drjúgan þátt í þessari aukningu. Árið 1991 námu lántökur þessara aðila raunar meiru en sem nam heildarsparnaði landsmanna það ár.

Frá árinu 1991 hefur hins vegar verulega dregið úr lántökum ríkisins. Hér skiptir mestu minni halli ríkissjóðs. Einnig hefur dregið úr lántökum opinberra fyrirtækja og sjóða. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1994 urðu lántökur ríkis, ríkisfyrirtækja og sjóða minni en nokkru sinni frá því fyrir árið 1986, eða um 15 milljarðar króna, en það svarar til 3,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að árið 1991 námu lántökur þessara aðila 44 milljörðum króna á sambærilegu verðlagi, eða þrisvar sinnum hærri. Ennfremur má nefna að nýr sparnaður landsmanna er talinn hafa numið 35 milljörðum króna á síðasta ári. Sífellt minni lántökur undanfarin ár hafa ótvírætt stuðlað að lægri vöxtum hér á landi.

Heildaryfirlit. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1994 voru heildarlántökur ríkisins, fyrirtækja þess og sjóða áætlaðar 63,8 milljarðar króna. Þessari fjárhæð var ekki skipt fyrirfram á milli innlendra og erlendra lána eins og á fyrri árum. Vegna aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa er greinarmunur hér á milli afar óljós. Til dæmis geta erlendir aðilar keypt ríkisverðbréf sem gefin eru út hér á landi og innlendir aðilar geta keypt ríkisverðbréf sem gefin eru út erlendis. Hreinar lántökur, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, voru áætlaðar 22,8 milljarðar króna.

Lánsfjárþörf 1994

Í milljörðum króna	Lánsfjáráætlun 1994			Útkoma 1994		
	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	-	-	**63,8**	**31,3**	**26,5**	**57,8**
Ríki	-	-	37,5	12,2	20,5	32,7
Ríkissjóður A-hluti	-	-	27,8	9,8	20,5	30,3
Byggingarsjóðir	-	-	9,7	2,4	0,0	2,4
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	-	-	26,3	19,1	6,0	25,1
Ríkisfyrirtæki	-	-	6,1	0,5	4,5	5,0
Húsbréf	-	-	11,5	14,9	0,0	14,9
Fjárfestingarlánasjóðir	-	-	8,7	3,7	1,5	5,2
Afborganir	**19,7**	**21,3**	**41,0**	**20,1**	**22,7**	**42,8**
Ríki	11,9	9,7	21,6	12,2	9,3	21,5
Ríkissjóður A-hluti	6,2	9,7	15,9	6,3	9,3	15,6
Byggingarsjóðir	5,7	0,0	5,7	5,9	0,0	5,9
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	7,8	11,6	19,4	7,9	13,4	21,3
Ríkisfyrirtæki	0,0	6,1	6,1	0,0	5,5	5,5
Húsbréf	3,0	0,0	3,0	3,0	0,0	3,0
Fjárfestingarlánasjóðir	4,8	5,5	10,3	4,9	7,9	12,8
Hrein lánsfjárþörf	-	-	**22,8**	**11,2**	**3,8**	**15,0**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-	-	5,8	2,6	0,9	3,5

Nú liggja fyrir bráðabirgðatölur um lántökur þessara aðila árið 1994. Samkvæmt þeim námu heildarlántökur 57,8 milljörðum króna, eða 6 milljörðum króna undir áætlun. Af þessari fjárhæð var 31,3 milljarða króna aflað á innlendum markaði og 26,5 milljarða króna erlendis. Heildarafborganir eldri lána námu 42,8 milljörðum króna. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, nam því 15 milljörðum króna, eða 8 milljörðum króna undir áætlun. Þessi fjárhæð svarar til 3,5% af landsframleiðslu, samanborið við 5,6% á árinu 1993, en það er minnsta lánsfjárþörf sem mælst hefur frá því fyrir miðjan síðasta áratug. Frávikið frá áætlun má fyrst og fremst rekja til minni lántöku fjárfestingarlánasjóðanna og betri afkomu ríkissjóðs. Hins vegar fór útgáfa húsbréfa nokkuð fram úr áætlun.

Ríki. Heildarlántökur ríkisins voru áætlaðar 37,5 milljarðar króna, en urðu í reynd 32,7 milljarðar króna. Hrein lántaka nam 11,2 milljörðum króna, samanborið við 15,9 milljarða króna í lánsfjáráætlun. Þetta frávik skýrist af minni halla ríkissjóðs og minni lántökum byggingarsjóðanna. Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir að lánsfjárþörf byggingarsjóðanna yrði mætt með húsnæðisbréfum sem Húsnæðisstofnun ríkisins gæfi út. Eins og greint var frá að framan gekk sú sala treglega og tókst einungis að selja húsnæðisbréf fyrir um 2,4

milljarða króna í upphafi árs. Ríkissjóður varð því að hafa milligöngu um öflun þess fjármagns sem vantaði til að brúa fjárþörf byggingarsjóðanna.

Lántökur 1994

Milljónir króna	Sala ríkis-verðbréfa	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
Ríki	**9.845**	**2.355**	**12.200**	**20.474**	**32.674**
Ríkissjóður A-hluti	9.845	-	9.845	20.474	30.319
Byggingarsjóðir ríkisins	-	2.355	2.355	-	2.355
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	**14.854**	**4.248**	**19.102**	**5.988**	**25.090**
Húsbréfadeild BR	14.854	-	14.854	-	14.854
Landsvirkjun	-	550	550	4.450	5.000
Póst- og símamálastofnun	-	-	-	-	-
Byggðastofnun	-	623	623	-	623
Ferðamálasjóður	-	155	155	-	155
Fiskveiðasjóður	-	45	45	1.538	1.583
Iðnlánasjóður	-	1.919	1.919	-	1.919
Iðnþróunarsjóður	-	30	30	-	30
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	926	926	-	926
Heildarlántökur	**24.699**	**6.603**	**31.302**	**26.462**	**57.764**

Ríkisfyrirtæki og sjóðir. Heildarlántökur ríkisfyrirtækja og sjóða voru áætlaðar 26,3 milljarðar króna, en þær urðu í reynd 25 milljarðar. Hrein lántaka þessara aðila nam 3,8 milljörðum króna, samanborið við 6,9 milljarða í lánsfjáráætlun. Þetta frávik skýrist fyrst og fremst af minni lántökum fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Hins vegar varð útgáfa húsbréfa nokkru meiri en áætlað var.

Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir að gefa út húsbréf fyrir um 11,5 milljarða króna. Í kjölfar aukinna fasteignaviðskipta jókst eftirspurnin og þegar upp var staðið nam heildarútgáfa húsbréfa um 14,9 milljörðum króna á árinu. Nokkur röskun varð á fasteignamarkaði og fjármagnsmarkaði þar sem heimild til útgáfu nýs húsbréfaflokks fékkst ekki fyrr en um miðjan október með samþykkt lánsfjáraukalaga, en fyrri heimild var að fullu nýtt í lok ágústmánaðar. Til að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig hafa fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra samþykkt mánaðarlega áætlun um afgreiðslu húsbréfa á árinu 1995. Ef húsbréfaútgáfan fer yfir ákveðin mörk sem tilgreind eru í áætluninni er samkomulag um að grípa beri til ráðstafana til að takmarka útgáfu bréfanna með breytingu á lánareglum húsbréfadeildar.

Miklar breytingar urðu á starfsumhverfi fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna á árinu. Hingað til hafa þessir sjóðir, ásamt bankakerfinu, tekið lán á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum og endurlánað þau til fyrirtækja. Á síðasta ári færðist hins vegar mjög í vöxt að fyrirtæki gæfu út eigin verðbréf á innlendum lánamarkaði. Þannig er talið að fyrirtæki hafi gefið út skuldabréf fyrir um 2,9 milljarða króna á árinu. Þá hafa atvinnufyrirtæki verið að greiða upp eldri lán hjá fjárfestingarlánasjóðum. Nýjar lántökur fjárfestingarlánasjóða verða því lægri og afborganir hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Til dæmis má nefna að nær öll lántaka Iðnlánasjóðs fór fram innanlands á síðasta ári, en á undanförnum árum hefur sjóðurinn nær alfarið tekið erlend lán.

Sveitarfélög. Eins og áður segir nær lánsfjáráætlun ekki til lánastarfsemi sveitarfélaga. Undanfarin ár hefur lánsfjárþörf þeirra verið tiltölulega lítil og ekki skipt miklu í samanburði við heildarlántökur opinberra aðila. Þetta hefur hins vegar breyst síðustu tvö ár samhliða vaxandi hallarekstri sveitarfélaganna. Þannig nam hrein lánsfjárþörf þeirra tæplega 4 milljörðum króna bæði árið 1993 og 1994. Þessari lánsfjárþörf hefur verið mætt með lántökum í bankakerfinu annars vegar og útgáfu skuldabréfa hins vegar. Talið er að sveitarfélög hafi gefið út skuldabréf fyrir tæplega 6 milljarða króna í lokuðum útboðum á vegum verðbréfafyrirtækja á árinu 1994. Af þessu má ráða að umsvif sveitarfélaga á lánamarkaði fara vaxandi og um leið áhrif þeirra á fjármagnsmarkað og vexti.

7 Reikningsuppgjör - greiðsluuppgjör

Uppgjör ríkisins hefur allt frá setningu laga um bókhald ríkisins árið 1966 verið með tvennum hætti. Annars vegar er greiðsluuppgjör sem sýnir áhrif ríkisfjármála á peningakerfið og er notað innan árs til samanburðar við greiðsluheimildir fjárlaga. Hins vegar er reikningsuppgjör þar sem færðar eru áfallnar kröfur og skuldbindingar tekna og gjalda. Árið 1989 var reikningsuppgjöri ríkissjóðs breytt verulega og allar kröfur og skuldbindingar sem stofnað er til færðar til bókar án tillits til þess hvort þær hafi verið innheimtar eða komið til greiðslu á árinu. Þetta snertir aðallega lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, skuldbindingar við sveitarfélög vegna sameiginlegra verkefna, vexti ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Með þessu er uppgjörsgrunnur ríkissjóðs færður nær því sem gerist við uppgjör fyrirtækja.

Í þessari skýrslu er fjallað um greiðsluuppgjör ríkissjóðs án tillits til ýmissa skuldbindinga sem ríkissjóður hefur tekið á sig enda hefur þeim ekki fylgt greiðsla úr sjóði. Hér verður hins vegar í stuttu máli gerð grein fyrir skuldbindingum og öðrum þeim atriðum sem snerta reikningsuppgjör ríkissjóðs, en koma ekki inn í sjálft greiðsluuppgjörið.

Á árinu 1994 var stofnað til tveggja meiri háttar skuldbindinga, án þess að þær hefðu í för með sér greiðslur úr ríkissjóði. Annars vegar var með lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins ákveðið að ríkissjóður yfirtæki 1.032 m.kr. af skuldbindingum Atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar og í lánsfjárlögum var heimild til yfirtöku á 838 m.kr. af skuldum Iðnaðar- og fiskeldishluta Atvinnutryggingadeildar. Þessar fjárhæðir koma til gjalda í uppgjöri ríkisreiknings 1994.

Á móti vegur að í nokkrum tilvikum eru framlög í fjárlögum ætluð til greiðslu á umsömdum skuldbindingum fyrri ára sem þegar hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi. Í þessu skyni hafa 929 m.kr. verið færðar til gjalda í greiðsluuppgjöri. Þar af eru 426 m.kr. vegna afborgana fullvirðisréttarlána til bænda, 363 m.kr. vegna uppgjörs við sveitarfélög og 140 m.kr. til greiðslu á skuldbindingum vegna þjóðvega í þéttbýli. Í uppgjöri ríkisreiknings 1993 lækka rekstrarútgjöld hins vegar sem þessu nemur þar sem greiðslurnar færast í efnahagsreikningi sem afborganir. Þá var tveimur fyrirtækjum í B-hluta breytt í hlutafélög á árinu. Uppfært hlutafé þessara fyrirtækja tekjufærist í ríkisreikningi 1994 samtals að fjárhæð 1.300 m.kr. Í uppgjöri ríkisreiknings 1993 verður ennfremur að taka tillit til ýmissa reiknaðra liða og annarra þátta. Hér má meðal annars nefna áfallna vexti og lífeyrisskuldbindingar, áfallnar en óinnheimtar tekjur og breytingar á ógreiddum gjöldum vegna málaflokka sem reknir eru í samstarfi með sveitarfélögum. Hér er ekki gerð tilraun til að meta áhrif þessara stærða. Þessi upptalning undirstrikar það hversu ólíkir þessir tveir uppgjörsgrunnar eru. Þeir þjóna hins vegar hver sínum tilgangi og ber að lesa niðurstöður þeirra með það í huga.

Rétt er að vekja athygli á því að undanfarin ár hefur verið unnið að heildarendurskoðun á reikningshaldi ríkissjóðs á vegum ríkisreikningsnefndar. Nefndin skilaði áliti sínu í nóvember 1994 þar sem gerðar eru tillögur um umfangsmiklar breytingar á reikningsskilum ríkissjóðs, framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga. Þessar tillögur miða að því að auðvelda yfirsýn yfir fjárreiður ríkisins, meðal annars með því að færa fjárlög framvegis á rekstrargrunni auk þess sem greiðsluhreyfingar innan ársins verða birtar. Um nánari umfjöllun vísast í álit nefndarinnar, Fjárreiður ríkisins, sem gefið er út á vegum fjármálaráðuneytisins.

Tafla 1 **Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs** [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Tekjur	16 354	22 093	28 861	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	103 220	109 602	112 092
Gjöld	17 216	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	112 863	116 986	119 528
Rekstrarafkoma	**- 862**	**660**	**-2 281**	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-9 643**	**-7 384**	**-7 436**
Veitt lán, nettó	...	...	...	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 621	-9 477	- 960
Hlutafé og stofnfjárframlög	...	...	...	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 158	- 500
Viðskiptareikningar, nettó	...	...	...	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	- 24	2 248	- 500
Hrein lánsfjárþörf	...	...	...	**2 729**	**5 521**	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**10 698**	**14 771**	**9 396**
Lántökur, nettó	...	...	...	**5 642**	**3 847**	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**14 729**	**9 400**
Innlend lántaka	...	...	...	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	3 568	-
Ný lán	...	...	...	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	9 845	-
Afborganir	...	...	...	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 603	-3 821	-4 741	-6 277	-10 900
Erlend lántaka	...	...	...	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	11 161	-
Ný lán	...	...	...	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	20 474	-
Afborganir	...	...	...	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 265	-4 328	-1 159	-9 313	-1 600
Seðlabanki Íslands, nettó	...	...	...	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 755	- 776	-	-	-
Greiðsluafkoma	...	...	...	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**- 42**	**4**
Hlutfall af VLF, %													
Tekjur	24,0	24,8	23,9	23,7	23,4	25,1	26,0	25,4	25,2	26,0	25,1	25,5	24,9
Gjöld	25,2	24,0	25,8	24,9	24,7	27,9	27,9	26,6	28,4	27,8	27,4	27,2	26,5
Rekstrarafkoma	-1,3	0,7	-1,9	-1,2	-1,3	-2,8	-1,9	-1,2	-3,2	-1,8	-2,3	-1,7	-1,6
Hrein lánsfjárþörf	...	...	...	1,7	2,6	3,2	2,4	2,0	3,7	1,8	2,6	3,4	2,1
Greiðsluafkoma	...	...	...	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	0,0

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Heildartekjur ríkissjóðs	**16 354**	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**103 220**	**109 602**	**112 092**
Þ.a skatttekjur	14 630	19 932	26 074	34 976	46 023	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 162	101 669	104 472
Beinir skattar	**2 386**	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 363**	**13 017**	**17 690**	**19 263**	**20 348**	**20 311**	**23 166**	**22 750**
Einstaklingar	1 780	2 087	2 404	3 904	4 420	6 772	9 317	13 677	15 055	15 467	15 239	18 394	17 630
Fyrirtæki	606	788	876	1 604	1 683	2 591	3 700	4 013	4 208	4 881	5 072	4 772	5 120
Óbeinir skattar	**12 244**	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 261**	**61 225**	**68 448**	**74 240**	**75 422**	**75 851**	**78 503**	**81 722**
Innflutnings- og vörugjöld	3 261	4 277	5 090	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	7 695	7 994	8 719
Virðisaukaskattur/söluskattur	5 600	7 689	10 725	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 497	40 899	42 200
Hagnaður ÁTVR	724	1 202	1 923	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 600	6 865
Launa- og tryggingagjöld	1 030	1 509	2 019	2 653	3 543	4 849	5 824	7 327	9 130	9 568	9 962	10 503	10 900
Bifreiðagjöld [2]	717	1 042	1 348	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 512	8 231	8 725
Aðrir skattar	912	1 338	1 689	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	4 035	4 276	4 313
Aðrar tekjur	**1 724**	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 058**	**7 933**	**7 620**
Vaxtatekjur	1 572	1 893	2 530	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 420	4 720	4 600
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	152	268	257	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 638	3 213	3 020
Hlutfall af VLF, %													
Heildartekjur ríkissjóðs	**24,0**	**24,8**	**23,9**	**23,7**	**23,4**	**25,1**	**26,0**	**25,4**	**25,2**	**26,0**	**25,1**	**25,5**	**24,9**
Skatttekjur	21,4	22,4	21,6	21,7	22,0	23,6	24,1	23,7	23,6	24,1	23,4	23,6	23,2
Beinir skattar	3,5	3,2	2,7	3,4	2,9	3,6	4,2	4,9	4,9	5,1	4,9	5,4	5,0
Óbeinir skattar	17,9	19,1	18,9	18,3	19,1	20,0	19,9	18,8	18,7	19,0	18,4	18,2	18,1
Aðrar tekjur	2,5	2,4	2,3	1,9	1,4	1,5	1,9	1,7	1,6	1,9	1,7	1,8	1,7

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum. Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

[2] Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [2]	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Heildartekjur ríkissjóðs	**83 292**	**89 689**	**89 247**	**93 928**	**100 979**	**108 301**	**112 275**	**110 984**	**111 512**	**111 292**	**108 551**	**112 452**	**112 092**
Þ.a skatttekjur	74 511	80 917	80 629	86 197	94 927	101 783	104 066	103 403	104 316	103 033	101 129	104 312	104 472
Beinir skattar	**12 152**	**11 671**	**10 143**	**13 574**	**12 588**	**15 720**	**18 246**	**21 236**	**21 491**	**21 891**	**21 360**	**23 768**	**22 750**
Einstaklingar	9 066	8 472	7 434	9 621	9 117	11 370	13 060	16 418	16 796	16 640	16 026	18 872	17 630
Fyrirtæki	3 086	3 199	2 709	3 953	3 471	4 350	5 186	4 817	4 695	5 251	5 334	4 896	5 120
Óbeinir skattar	**62 359**	**69 245**	**70 486**	**72 622**	**82 339**	**86 063**	**85 820**	**82 167**	**82 825**	**81 142**	**79 769**	**80 544**	**81 722**
Innflutnings- og vörugjöld	16 608	17 363	15 740	14 259	16 109	8 675	10 408	10 028	10 554	8 816	8 092	8 202	8 719
Virðisaukaskattur/söluskattur	28 521	31 215	33 165	35 596	41 194	49 577	47 870	44 519	43 459	42 973	42 589	41 962	42 200
Hagnaður ÁTVR	3 687	4 880	5 947	5 991	6 609	7 177	7 527	7 107	7 237	6 923	6 468	6 772	6 865
Launa- og tryggingagjöld	5 246	6 126	6 243	6 538	7 308	8 141	8 164	8 796	10 186	10 294	10 477	10 776	10 900
Bifreiðagjöld [3]	3 652	4 230	4 168	5 284	5 649	6 331	6 636	6 568	7 145	7 560	7 900	8 445	8 725
Aðrir skattar	4 645	5 432	5 223	4 954	5 470	6 162	5 216	5 150	4 245	4 576	4 243	4 387	4 313
Aðrar tekjur	**8 780**	**8 773**	**8 618**	**7 731**	**6 052**	**6 518**	**8 208**	**7 581**	**7 196**	**8 259**	**7 423**	**8 139**	**7 620**
Vaxtatekjur	8 006	7 685	7 824	6 282	5 029	5 493	6 432	4 917	4 403	4 522	4 648	4 843	4 600
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	774	1 088	795	1 449	1 023	1 024	1 776	2 664	2 792	3 737	2 774	3 297	3 020
Hlutfall af heildartekjum, %													
Skatttekjur	89,5	90,2	90,3	91,8	94,0	94,0	92,7	93,2	93,5	92,6	93,2	92,8	93,2
Beinir skattar	14,6	13,0	11,4	14,5	12,5	14,5	16,3	19,1	19,3	19,7	19,7	21,1	20,3
Óbeinir skattar	74,9	77,2	79,0	77,3	81,5	79,5	76,4	74,0	74,3	72,9	73,5	71,6	72,9
Aðrar tekjur	10,5	9,8	9,7	8,2	6,0	6,0	7,3	6,8	6,5	7,4	6,8	7,2	6,8

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

[2] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[3] Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 Útgjöld ríkissjóðs eftir málefnaflokkum [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Almenn mál	**1 698**	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**	**11 657**	**10 946**	**11 391**	**12 571**	**12 957**
Almenn þjónusta og löggæsla	1 495	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942	10 527	9 911	10 166	11 273	11 528
Utanríkisþjónusta	203	231	284	381	475	559	702	958	1 130	1 035	1 225	1 298	1 429
Félagsmál	**9 483**	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**	**68 085**	**68 192**	**70 054**	**73 399**	**73 453**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	2 653	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388	17 619	16 872	17 018	17 762	17 350
Heilbrigðismál	1 783	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311	17 628	18 097	19 044	19 371	19 452
Velferðarmál	5 047	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598	32 838	33 223	33 992	36 266	36 652
Atvinnumál	**4 163**	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**	**20 931**	**21 038**	**19 843**	**18 629**	**18 813**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	1 660	1 756	2 338	2 992	3 547	6 521	8 502	8 908	10 426	10 648	7 740	6 965	6 927
Sjávarútvegur	257	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025	1 240	1 200	1 215	840	1 229
Iðnaðar- og orkumál	736	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162	1 259	959	977	1 072	1 044
Samgöngur	1 510	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061	7 525	7 760	9 332	9 249	8 979
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	481	471	579	503	634
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**1 872**	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**	**11 814**	**10 431**	**11 575**	**12 387**	**14 305**
Gjöld samtals	**17 216**	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**119 528**
Hlutfall af VLF, %													
Heildarútgjöld	**25,2**	**24,0**	**25,8**	**24,9**	**24,7**	**27,9**	**27,9**	**26,6**	**28,4**	**27,8**	**27,4**	**27,2**	**26,5**
Almenn mál	2,5	2,1	2,3	2,4	2,5	2,8	2,7	2,7	2,9	2,8	2,8	2,9	2,9
Félagsmál	13,9	13,0	14,4	14,3	15,1	16,3	16,1	16,3	17,2	17,1	17,0	17,1	16,3
Atvinnumál	6,1	5,9	5,7	5,3	4,5	5,5	5,8	5,0	5,3	5,3	4,8	4,3	4,2
Ýmis mál	2,7	3,0	3,4	2,9	2,6	3,2	3,3	2,6	3,0	2,6	2,8	2,9	3,2

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 5 Útgjöld ríkissjóðs eftir málefnaflokkum [1]

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [2]	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Almenn mál	**8 648**	**7 762**	**8 683**	**9 343**	**10 913**	**12 186**	**11 510**	**11 884**	**13 005**	**11 776**	**11 979**	**12 898**	**12 957**
Almenn þjónusta og löggæsla	7 614	6 824	7 805	8 404	9 933	11 247	10 526	10 734	11 744	10 663	10 691	11 566	11 528
Utanríkisþjónusta	1 034	938	878	939	980	939	984	1 150	1 261	1 113	1 288	1 332	1 429
Félagsmál	**48 297**	**46 962**	**53 781**	**56 907**	**65 129**	**70 416**	**69 677**	**71 182**	**75 959**	**73 364**	**73 672**	**75 307**	**73 453**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	13 512	12 755	15 471	15 851	17 681	19 838	19 321	18 472	19 657	18 152	17 897	18 224	17 350
Heilbrigðismál	9 081	8 375	9 243	10 555	17 029	18 685	18 128	18 380	19 667	19 469	20 027	19 875	19 452
Velferðarmál	25 705	25 831	29 068	30 500	30 419	31 893	32 227	34 330	36 636	35 743	35 748	37 209	36 652
Atvinnumál	**21 202**	**21 341**	**21 306**	**21 027**	**19 510**	**23 599**	**25 152**	**21 795**	**22 815**	**22 127**	**20 259**	**18 597**	**18 179**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	8 454	7 129	7 230	7 374	7 316	10 948	11 917	10 693	11 632	11 456	8 140	7 146	6 927
Sjávarútvegur	1 309	1 571	2 904	2 950	2 558	2 879	3 217	1 230	1 383	1 291	1 278	862	1 229
Iðnaðar- og orkumál	3 748	4 311	3 572	3 349	2 182	1 944	1 986	1 395	1 405	1 032	1 027	1 100	1 044
Samgöngur	7 691	8 330	7 601	7 354	7 454	7 827	8 032	8 476	8 395	8 349	9 814	9 489	8 979
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	537	507	609	516	634
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**9 534**	**10 945**	**12 530**	**11 576**	**11 060**	**13 982**	**14 288**	**11 459**	**13 180**	**11 222**	**12 173**	**12 709**	**14 305**
Gjöld samtals	**87 682**	**87 010**	**96 301**	**98 851**	**106 612**	**120 183**	**120 626**	**116 321**	**125 495**	**118 995**	**118 692**	**120 028**	**119 528**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %													
Almenn mál	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4	9,9	10,1	10,7	10,8
Félagsmál	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5	61,7	62,1	62,7	61,5
Atvinnumál	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,2	18,6	17,1	15,5	15,2
Ýmis mál	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5	9,4	10,3	10,6	12,0

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

[2] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

Tafla 6 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Rekstrargjöld	**13 373**	**22 146**	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 354**	**45 375**	**45 794**
Laun	10 710	15 390	19 490	22 410	29 556	33 764	34 690	35 977	37 100	36 534
Önnur rekstrarútgjöld	3 913	8 637	10 969	13 292	12 911	13 254	14 512	15 177	15 075	16 090
Sértekjur	-1 250	-1 881	-3 174	-3 584	-5 140	-4 600	-6 820	-6 800	-6 800	-6 830
Tilfærslur	**17 405**	**18 303**	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 120**	**46 427**
Almannatryggingar	9 909	11 476	14 928	20 105	24 688	27 937	28 914	29 013	30 733	30 581
Greiðslur til landbúnaðar	2 087	2 522	5 120	7 067	8 072	9 049	9 415	6 518	5 703	5 702
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 072	927	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 480
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 018
Aðrar tilfærslur	4 337	3 378	5 895	5 036	3 469	4 325	4 421	4 366	5 265	6 646
Vextir	**3 916**	**4 289**	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**9 732**	**10 704**	**12 300**
Viðhald	**946**	**1 200**	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 362**	**3 412**	**3 406**
Stofnkostnaður	**4 471**	**5 750**	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 323**	**12 375**	**11 601**
Vegagerð	-	-	-	2 125	2 599	3 215	3 334	4 504	4 522	4 573
Flugvellir og hafnir	-	-	-	808	942	1 228	1 317	1 469	1 336	1 070
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 150	534	900	1 075	925	918	608
Annar stofnkostnaður	-	-	-	5 519	5 251	7 455	5 369	5 425	5 599	5 350
Gjöld samtals	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**119 528**
Hlutfall af VLF, %										
Rekstrargjöld	8,3	10,6	10,6	10,4	10,3	10,7	10,7	10,8	10,5	10,2
Tilfærslur	10,8	8,8	10,7	11,0	10,9	11,4	11,6	10,5	10,5	10,3
Vextir	2,4	2,1	2,7	2,8	2,3	2,5	2,1	2,4	2,5	2,7
Viðhald	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,8	0,8	0,8
Stofnkostnaður	2,8	2,8	3,3	3,1	2,6	3,2	2,8	3,0	2,9	2,6
Gjöld samtals	**24,9**	**24,7**	**27,9**	**27,9**	**26,6**	**28,4**	**27,8**	**27,4**	**27,2**	**26,5**

Tafla 7 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [1]	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Rekstrargjöld	**32 957**	**45 678**	**45 810**	**45 020**	**44 809**	**47 323**	**45 596**	**46 645**	**46 555**	**45 794**
Laun	26 394	31 743	32 722	31 413	35 480	37 669	37 321	37 835	38 064	36 534
Önnur rekstrarútgjöld	9 643	17 815	18 416	18 632	15 499	14 787	15 613	15 961	15 467	16 090
Sértekjur	-3 081	-3 880	-5 329	-5 024	-6 170	-5 132	-7 337	-7 151	-6 977	-6 830
Tilfærslur	**42 894**	**37 752**	**46 254**	**47 667**	**47 549**	**50 326**	**49 750**	**45 318**	**46 293**	**46 427**
Almannatryggingar	24 420	23 670	25 063	28 182	29 636	31 168	31 107	30 512	31 532	30 581
Greiðslur til landbúnaðar	5 143	5 202	8 596	9 906	9 690	10 095	10 129	6 855	5 851	5 702
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 642	1 912	2 698	2 520	2 610	2 713	2 147	1 787	1 536	1 480
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 449	1 524	1 611	1 573	1 972	2 018
Aðrar tilfærslur	10 688	6 967	9 897	7 059	4 164	4 825	4 756	4 591	5 402	6 646
Vextir	**9 651**	**8 846**	**11 524**	**11 982**	**9 932**	**11 017**	**8 979**	**10 235**	**10 982**	**12 300**
Viðhald	**2 331**	**2 475**	**2 476**	**2 498**	**2 835**	**2 551**	**2 734**	**3 536**	**3 501**	**3 406**
Stofnkostnaður	**11 019**	**11 860**	**14 118**	**13 459**	**11 195**	**14 278**	**11 936**	**12 959**	**12 697**	**11 601**
Vegagerð	-	-	-	2 979	3 120	3 587	3 587	4 737	4 640	4 573
Flugvellir og hafnir	-	-	-	1 133	1 131	1 370	1 417	1 545	1 370	1 070
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 612	641	1 004	1 157	973	942	608
Annar stofnkostnaður	-	-	-	7 736	6 303	8 317	5 776	5 705	5 745	5 350
Gjöld samtals	**98 851**	**106 612**	**120 183**	**120 626**	**116 321**	**125 495**	**118 995**	**118 692**	**120 028**	**119 528**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Rekstrargjöld	33,3	42,8	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	39,3	38,8	38,3
Tilfærslur	43,4	35,4	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,2	38,6	38,8
Vextir	9,8	8,3	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,6	9,1	10,3
Viðhald	2,4	2,3	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	3,0	2,9	2,8
Stofnkostnaður	11,1	11,1	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	10,9	10,6	9,7

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

Tafla 8 Rekstrarútgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991		1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Æðsta stjórn ríkisins	611	709	835	905		917	941	988	1 010
Forsætisráðuneyti	91	106	141	136		136	143	176	163
Menntamálaráðuneyti	7 872	9 792	10 280	11 679	[1]	11 592	11 611	12 106	12 065
Utanríkisráðuneyti	587	665	883	958		965	959	1 039	1 019
Landbúnaðarráðuneyti	522	508	742	798	[2]	657	905	931	902
Sjávarútvegsráðuneyti	495	519	689	792		732	915	717	887
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 261	3 628	4 186	4 665		4 685	5 067	5 092	5 064
Félagsmálaráðuneyti	838	984	1 126	1 463	[3]	1 499	1 779	1 891	1 805
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	10 269	12 070	14 567	16 573		17 018	17 690	18 096	17 745
Fjármálaráðuneyti	1 433	1 750	2 110	2 486		2 265	2 428	2 414	3 136
Samgönguráðuneyti	792	888	1 035	749	[4]	672	667	695	650
Iðnaðarráðuneyti	328	307	488	558		484	492	462	455
Viðskiptaráðuneyti	103	105	121	138		149	154	159	154
Hagstofa Íslands	83	87	97	120		133	125	139	136
Umhverfisráðuneyti	-	-	29	398		478	478	469	604
Samtals	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**		**42 382**	**44 354**	**45 375**	**45 794**

[1] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[2] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Tafla 9 Rekstrarútgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [1]	1988	1989	1990	1991		1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Æðsta stjórn ríkisins	1 026	994	1 002	1 010		987	990	1 014	1 010
Forsætisráðuneyti	153	149	169	152		146	150	181	163
Menntamálaráðuneyti	13 217	13 726	12 340	13 030	[2]	12 471	12 211	12 421	12 065
Utanríkisráðuneyti	986	932	1 060	1 069		1 038	1 009	1 066	1 019
Landbúnaðarráðuneyti	876	712	891	890	[3]	707	952	955	902
Sjávarútvegsráðuneyti	831	727	827	884		788	962	736	887
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5 475	5 085	5 025	5 204		5 040	5 329	5 224	5 064
Félagsmálaráðuneyti	1 407	1 379	1 351	1 632	[4]	1 613	1 871	1 940	1 805
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	17 241	16 919	17 486	18 490		18 309	18 604	18 567	17 745
Fjármálaráðuneyti	2 406	2 453	2 533	2 773		2 437	2 553	2 477	3 136
Samgönguráðuneyti	1 330	1 245	1 242	836	[5]	723	701	713	650
Iðnaðarráðuneyti	551	430	586	623		521	517	474	455
Viðskiptaráðuneyti	173	147	145	154		160	162	163	154
Hagstofa Íslands	139	122	117	134		143	131	143	136
Umhverfisráðuneyti	-	-	34	444		514	503	481	604
Samtals	**45 810**	**45 020**	**44 808**	**47 323**		**45 596**	**46 645**	**46 555**	**45 794**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[5] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Tafla 10 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Æðsta stjórn ríkisins	11	18	24	27	34	32	52	142
Forsætisráðuneyti	7	2	3	7	15	28	191	88
Menntamálaráðuneyti	2 404	2 024	3 235	3 651	3 283	3 027	3 002	3 032
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 480
Utanríkisráðuneyti	201	325	407	561	456	587	627	655
Landbúnaðarráðuneyti	2 012	3 013	2 422	4 101	4 697	6 585	5 915	5 844
Sjávarútvegsráðuneyti [1]	1 022	1 521	101	130	133	54	96	107
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	26	29	28	34	36	33	33	37
Félagsmálaráðuneyti	381	659	1 845	2 376	2 061	2 358	5 495	6 541
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 018
Þar af atvinnuleysistryggingar	-	-	-	-	-	-	2 821	3 264
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	15 628	19 122	24 188	26 893	28 038	28 512	27 818	27 268
Þar af lífeyristryggingar	9 036	10 760	12 640	14 406	15 110	15 545	16 356	15 830
Þar af sjúkratryggingar	5 851	7 626	9 756	10 496	10 170	9 520	10 114	9 970
Þar af atvinnuleysistryggingar	350	207	1 031	1 266	1 761	2 165	-	-
Fjármálaráðuneyti	1 322	1 416	893	1 219	1 438	1 228	1 101	1 888
Þar af uppbætur á lífeyri	1 075	1 104	672	1 084	1 188	958	791	870
Samgönguráðuneyti	386	444	556	563	490	109	130	160
Iðnaðarráðuneyti	637	943	558	388	428	449	568	580
Viðskiptaráðuneyti	3 513	4 489	5 350	5 070	5 041	7	10	11
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	3 513	4 487	5 344	5 064	5 030	-	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4	4
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	87	94	84	79	71
Samtals	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 120**	**46 427**

[1] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 11 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi ársins 1995 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Fjárlög 1995
Æðsta stjórn ríkisins	18	25	29	30	37	34	53	142
Forsætisráðuneyti	12	3	4	8	16	30	196	88
Menntamálaráðuneyti	4 036	2 837	3 883	4 073	3 532	3 183	3 080	3 032
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 698	2 521	2 610	2 713	2 148	1 787	1 536	1 480
Utanríkisráðuneyti	337	456	489	626	490	617	644	655
Landbúnaðarráðuneyti	3 378	4 223	2 908	4 575	5 053	6 925	6 069	5 844
Sjávarútvegsráðuneyti [2]	1 716	2 132	121	145	143	57	98	107
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	44	41	33	38	39	35	33	37
Félagsmálaráðuneyti	640	924	2 215	2 651	2 217	2 479	5 638	6 541
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 449	1 524	1 611	1 573	1 972	2 018
Þar af atvinnuleysistryggingar	-	-	-	-	-	-	2 894	3 264
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	26 238	26 804	29 036	30 003	30 164	29 985	28 541	27 268
Þar af lífeyristryggingar	15 170	15 083	15 173	16 072	16 256	16 348	16 781	15 830
Þar af sjúkratryggingar	9 823	10 690	11 711	11 710	10 941	10 012	10 377	9 970
Þar af atvinnuleysistryggingar	588	290	1 238	1 412	1 895	2 277	-	-
Fjármálaráðuneyti	2 220	1 985	1 072	1 360	1 547	1 291	1 130	1 888
Þar af uppbætur á lífeyri	1 805	1 547	807	1 209	1 278	1 007	812	870
Samgönguráðuneyti	648	622	668	629	527	115	134	160
Iðnaðarráðuneyti	1 069	1 322	670	433	460	472	583	580
Viðskiptaráðuneyti	5 898	6 293	6 422	5 656	5 423	7	10	11
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	5 898	6 289	6 415	5 649	5 412	-	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4	4
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	97	102	88	81	71
Samtals	**46 254**	**47 667**	**47 549**	**50 326**	**49 750**	**45 318**	**46 294**	**46 427**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 12 **Samanburður á fjárheimildum og greiðslum fyrir árið 1994**

Milljónir króna	Fjárheimildir				Útkoma				Greiðslu-staða
	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	
Æðsta stjórn ríkisins	998	52	150	1 200	989	52	142	1 182	17
Forsætisráðuneyti	156	191	647	995	176	191	338	706	289
Menntamálaráðuneyti	11 974	3 068	2 637	17 678	12 106	3 002	2 426	17 534	144
Utanríkisráðuneyti	988	755	31	1 774	1 039	627	27	1 693	81
Landbúnaðarráðuneyti	904	5 962	205	7 071	931	5 915	194	7 040	31
Sjávarútvegsráðuneyti	724	99	146	968	717	96	111	924	44
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5 087	39	1 153	6 279	5 092	33	862	5 986	293
Félagsmálaráðuneyti	1 943	5 989	1 276	9 209	1 891	5 495	1 193	8 579	630
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	17 963	27 711	1 314	46 987	18 096	27 818	1 128	47 042	- 55
Fjármálaráðuneyti	2 538	1 242	1 258	5 038	2 414	1 101	707	4 221	817
Samgönguráðuneyti	700	151	8 517	9 367	695	130	8 507	9 333	35
Iðnaðarráðuneyti	468	583	96	1 147	462	568	92	1 122	25
Viðskiptaráðuneyti	157	18	9	183	159	10	9	178	6
Hagstofa Íslands	144	4	9	157	139	4	13	156	1
Umhverfisráðuneyti	478	75	51	603	469	79	39	586	17
Vextir	11 150			11 150	10 705			10 705	446
Samtals	**56 371**	**45 936**	**17 498**	**119 805**	**56 079**	**45 120**	**15 787**	**116 986**	**2 819**

Tafla 13 **Samanburður á fjárlögum og greiðslum fyrir árið 1994**

Milljónir króna	Fjárlög				Útkoma				Frávik frá fjárlögum
	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	
Æðsta stjórn ríkisins	941	41	111	1 093	989	52	142	1 182	- 89
Forsætisráðuneyti	146	149	220	515	176	191	338	706	- 191
Menntamálaráðuneyti	11 755	3 008	2 076	16 839	12 106	3 002	2 426	17 534	- 695
Utanríkisráðuneyti	919	700	28	1 647	1 039	627	27	1 693	- 46
Landbúnaðarráðuneyti	863	5 839	165	6 867	931	5 915	194	7 040	- 173
Sjávarútvegsráðuneyti	892	76	125	1 093	717	96	111	924	169
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4 895	36	482	5 413	5 092	33	862	5 986	- 573
Félagsmálaráðuneyti	1 839	5 854	1 190	8 883	1 891	5 495	1 193	8 579	304
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	17 001	26 490	1 284	44 775	18 096	27 818	1 128	47 042	-2 267
Fjármálaráðuneyti	2 408	1 211	742	4 361	2 414	1 101	707	4 221	140
Samgönguráðuneyti	593	143	8 171	8 908	695	130	8 507	9 333	- 425
Iðnaðarráðuneyti	466	473	97	1 036	462	568	92	1 122	- 86
Viðskiptaráðuneyti	149	14	9	172	159	10	9	178	- 6
Hagstofa Íslands	134	4	9	146	139	4	13	156	- 10
Umhverfisráðuneyti	480	70	34	584	469	79	39	586	- 2
Vextir	11 450			11 450	10 705			10 705	746
Samtals	**54 933**	**44 107**	**14 742**	**113 782**	**56 079**	**45 120**	**15 787**	**116 986**	**-3 205**

Tafla 14 Verðlags- og launaþróun

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Spá 1995
Vísitölur (1980 = 100)													
Framfærsluvísitala	420	542	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 996	2 077	2 109	2 161
Byggingarvísitala	403	505	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 843	1 884	1 931	1 987
Lánskjaravísitala	408	546	713	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 894	1 964	2 013	2 049	2 107
Meðalgengi	386	448	573	659	684	781	982	1 104	1 103	1 109	1 201	1 265	1 271
Verðvísitala samneyslu	380	460	621	789	1 003	1 243	1 440	1 601	1 734	1 798	1 856	1 895	1 944
Verðvísitala einkaneyslu	420	552	732	878	1 018	1 278	1 575	1 842	1 970	2 062	2 159	2 194	2 235
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	413	517	679	853	1 019	1 252	1 500	1 752	1 885	1 954	2 001	2 052	2 105
Ráðstöfunartekjur á mann	395	505	743	977	1 424	1 737	1 937	2 130	2 332	2 363	2 355	2 403	2 470
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	94	93	103	112	138	134	123	118	121	118	113	114	114
Breyting milli ára, %													
Framfærsluvísitala	84,2	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,6	4,1	1,5	2,5
Byggingarvísitala	70,4	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,5	2,9
Lánskjaravísitala	79,3	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,5	7,6	3,7	2,5	1,8	2,8
Meðalgengi	83,3	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,4	0,4
Verðvísitala samneyslu	65,8	21,3	35,0	27,0	27,1	23,9	15,9	11,2	8,3	3,7	3,2	2,1	2,6
Verðvísitala einkaneyslu	82,1	31,4	32,6	20,1	15,9	25,6	23,3	17,0	7,0	4,7	4,7	1,6	1,9
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	76,2	25,5	31,3	25,5	19,5	22,8	19,8	16,8	7,6	3,7	2,4	2,5	2,6
Ráðstöfunartekjur á mann	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,5	1,3	-0,3	2,0	2,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	-13,5	-1,1	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,2	-4,2	0,5	0,3

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 **Þjóðhagsyfirlit**

Milljónir króna	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Á verðlagi hvers árs													
Einkaneysla	41 016	55 872	77 240	99 196	133 557	161 068	190 254	223 729	248 999	249 044	248 952	258 164	269 773
Samneysla	12 050	14 701	21 130	28 776	38 980	50 537	60 341	69 989	78 157	80 375	85 005	87 721	91 798
Fjárfesting	14 839	19 337	25 528	30 778	42 593	50 503	58 730	70 007	76 060	69 599	64 951	67 152	72 407
Neysla og fjárfesting alls	67 905	89 910	123 898	158 750	215 130	262 108	309 325	363 725	403 216	399 018	398 908	413 037	433 978
Birgðabreytingar	-1 070	- 661	-3 111	-3 748	-3 783	-3 085	-8 143	-4 546	-1 226	- 406	556	- 957	-
Þjóðarútgjöld alls	**66 835**	**89 249**	**120 787**	**155 003**	**211 347**	**259 023**	**301 182**	**359 179**	**401 990**	**398 612**	**399 464**	**412 080**	**433 978**
Útflutningur vöru og þjónustu	26 683	33 765	48 774	61 961	71 681	81 721	106 282	124 246	124 943	121 248	135 018	153 897	160 987
Innflutningur vöru og þjónustu	25 275	33 871	48 663	55 880	73 965	84 100	99 240	119 595	130 305	121 943	122 759	135 628	144 160
Verg landsframleiðsla	**68 243**	**89 143**	**120 898**	**161 085**	**209 063**	**256 644**	**308 224**	**363 830**	**396 628**	**397 917**	**411 723**	**430 349**	**450 804**
Verg þjóðarframleiðsla	**65 571**	**85 119**	**116 075**	**155 782**	**204 264**	**250 138**	**297 060**	**351 429**	**383 942**	**386 612**	**399 617**	**418 091**	**438 295**
Á föstu verðlagi ársins 1995													
Einkaneysla	217 864	225 925	235 505	251 797	292 488	281 355	269 642	270 950	282 142	269 533	257 689	263 327	269 773
Samneysla	61 098	61 472	65 453	70 199	74 739	78 292	80 601	84 140	86 758	86 042	88 785	90 002	91 798
Fjárfesting	69 033	75 505	76 282	74 803	89 115	89 086	82 061	84 221	85 918	76 396	68 482	68 475	72 407
Neysla og fjárfesting alls	347 994	362 902	377 239	396 799	456 342	448 733	432 304	439 310	454 818	431 972	414 957	421 804	433 978
Birgðabreytingar	-7 564	- 598	-5 208	-8 426	-6 972	-1 848	-4 883	-5 533	1 460	165	931	-1 317	-
Þjóðarútgjöld alls	**340 431**	**362 304**	**372 031**	**388 373**	**449 370**	**446 886**	**427 421**	**433 778**	**456 278**	**432 137**	**415 888**	**420 486**	**433 978**
Útflutningur vöru og þjónustu	121 701	124 621	138 403	146 612	151 522	145 953	150 301	150 228	141 585	139 092	148 008	159 560	160 987
Innflutningur vöru og þjónustu	116 953	127 639	139 693	141 018	173 750	165 924	148 831	150 302	158 684	146 234	133 806	139 032	144 160
Verg landsframleiðsla	**345 178**	**359 286**	**370 742**	**393 967**	**427 143**	**426 916**	**428 891**	**433 704**	**439 179**	**424 996**	**430 090**	**441 015**	**450 804**
Verg þjóðarframleiðsla	**338 003**	**350 260**	**361 775**	**384 939**	**418 829**	**421 870**	**416 040**	**420 819**	**425 696**	**411 144**	**415 023**	**427 582**	**438 295**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 **Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða**

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Spá 1995
Vísitölur (1980 = 100)													
Einkaneysla	105	109	114	122	141	136	130	131	136	130	124	127	130
Samneysla	119	120	128	137	146	153	157	164	170	168	172	174	178
Fjármunamyndun	89	97	98	96	115	115	106	109	111	98	88	88	93
Þjóðarútgjöld alls	**101**	**108**	**111**	**116**	**134**	**133**	**127**	**129**	**136**	**129**	**124**	**125**	**129**
Útflutningur vöru og þjónustu	104	107	119	126	130	125	129	129	121	119	127	135	136
Innflutningur vöru og þjónustu	96	105	115	116	143	136	122	123	130	120	110	113	118
Verg landsframleiðsla	**104**	**108**	**112**	**119**	**129**	**129**	**130**	**131**	**133**	**128**	**130**	**132**	**135**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	188	222	230	233	241	277	299	297	316	315	333	333	333
Verg þjóðarframleiðsla	**103**	**106**	**110**	**117**	**127**	**126**	**126**	**128**	**129**	**125**	**126**	**129**	**132**
Vergar þjóðartekjur	**101**	**104**	**107**	**117**	**129**	**128**	**126**	**127**	**130**	**125**	**124**	**126**	**130**
Breyting milli ára, %													
Einkaneysla	-5,6	3,7	4,2	6,9	16,2	-3,8	-4,2	0,5	4,1	-4,4	-4,5	2,1	2,5
Samneysla	4,7	0,6	6,5	7,3	6,5	4,7	3,0	4,4	3,2	-0,8	2,5	1,1	2,0
Fjármunamyndun	-12,7	9,4	1,0	-1,9	19,1	0,0	-7,8	2,6	2,0	-11,1	-10,4	0,0	5,2
Þjóðarútgjöld alls	**-8,6**	**6,4**	**2,7**	**4,4**	**15,8**	**-0,5**	**-4,4**	**1,4**	**5,2**	**-5,3**	**-3,9**	**0,8**	**3,3**
Útflutningur vöru og þjónustu	11,0	2,4	11,1	5,9	3,3	-3,6	2,9	0,0	-5,8	-1,7	6,4	6,6	0,4
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,7	9,1	9,4	0,9	23,3	-4,6	-10,3	1,0	5,5	-7,8	-8,5	3,3	3,7
Verg landsframleiðsla	**-2,2**	**4,1**	**3,3**	**6,2**	**8,6**	**0,0**	**0,3**	**1,1**	**1,3**	**-3,3**	**1,0**	**2,0**	**2,1**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	32,5	18,2	3,7	1,0	3,5	14,8	8,0	-0,5	6,5	-0,4	5,7	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**-3,1**	**3,6**	**3,3**	**6,4**	**8,8**	**-0,6**	**0,0**	**1,2**	**1,1**	**-3,4**	**0,9**	**2,6**	**2,4**
Vergar þjóðartekjur	**-3,7**	**3,4**	**2,9**	**8,9**	**10,7**	**-0,9**	**-1,6**	**0,5**	**2,6**	**-4,1**	**-0,8**	**2,0**	**3,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 17 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Áætlun 1995
Útfluttar vörur	**18 623**	**23 557**	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 704**	**113 472**	**112 921**
Sjávarafurðir	12 667	15 833	25 226	34 627	40 322	43 819	56 812	69 898	73 236	69 881	72 800	85 735	85 900
Ál og kísiljárn	3 887	4 443	4 559	5 459	6 553	9 045	13 317	12 017	9 841	9 710	10 753	13 523	15 602
Annað	2 069	3 282	3 965	4 882	6 178	8 803	9 943	10 537	8 483	8 242	11 151	14 214	11 419
Innfluttar vörur	**18 156**	**23 889**	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 393**	**92 964**	**98 999**
Olía	3 012	3 683	3 724	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406	7 088	7 357	7 237	8 002
Annað	15 144	20 206	30 036	37 295	51 296	58 338	66 613	79 309	87 233	80 821	75 036	85 727	90 997
Vöruskiptajöfnuður	**467**	**- 332**	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**12 311**	**20 508**	**13 922**
Útflutt þjónusta	8 478	10 780	15 855	18 006	20 217	22 052	28 516	34 452	36 377	36 461	43 489	46 872	-
Innflutt þjónusta	7 158	10 023	14 953	14 981	19 120	22 435	27 156	32 625	36 549	34 766	41 068	42 093	-
Þjónustujöfnuður	**1 320**	**757**	**902**	**3 025**	**1 097**	**- 383**	**1 360**	**1 827**	**- 172**	**1 695**	**2 421**	**4 779**	**-**
Vaxtatekjur	355	455	600	727	893	957	1 617	1 813	1 783	2 375	2 631	2 430	-
Vaxtagjöld	3 405	5 010	6 205	6 953	7 106	9 130	14 568	16 190	16 580	15 994	17 210	17 597	-
Vaxtajöfnuður	**-3 050**	**-4 555**	**-5 605**	**-6 226**	**-6 213**	**-8 173**	**-12 951**	**-14 377**	**-14 797**	**-13 619**	**-14 579**	**-15 167**	**-**
Viðskiptajöfnuður	**-1 263**	**-4 130**	**-4 713**	**779**	**-7 083**	**-8 885**	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**153**	**10 120**	**4 317**
Sem hlutfall af landsframleiðslu	-1,9	-4,6	-3,9	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,1	-4,6	-3,0	0,0	2,4	1,0
Framlög án endurgjalds	**-42**	**25**	**8**	**160**	**-24**	**-42**	**-185**	**6**	**-301**	**-360**	**-155**	**-919**	**-**
Langtímalántökur, nettó	2 899	3 234	5 476	6 099	6 740	9 675	15 945	16 362	14 572	13 075	5 874	-7 430	-
Tekin langtímalán	5 577	7 513	9 927	12 036	12 465	16 398	25 165	27 735	29 588	32 195	29 527	32 670	-
Afborganir af langtímalánum	2 678	4 279	4 451	5 937	5 725	6 723	9 220	11 373	15 016	19 120	23 653	40 100	-
Skammtímafjármagnshreyfingar	-1 513	1 801	1 430	-5 615	3 336	- 331	-11 963	-8 580	2 472	-1 377	-6 261	-3 761	-
Fjármagnsjöfnuður	**1 386**	**5 035**	**6 906**	**484**	**10 076**	**9 344**	**3 982**	**7 782**	**17 044**	**11 698**	**- 387**	**-11 191**	**-4 317**
Skekkjur og vantalið	**- 81**	**- 930**	**-2 201**	**-1 423**	**-2 969**	**- 417**	**325**	**- 38**	**1 305**	**662**	**389**	**1 990**	**-**

Heimild: Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 18 Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs					Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]						
	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Spá 1995	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Spá 1995
Fjárfesting alls	**76 060**	**69 599**	**64 950**	**67 152**	**72 407**	**-7,8**	**2,6**	**2,0**	**-11,1**	**-10,4**	**0,0**	**5,2**
Atvinnuvegirnir	**42 182**	**36 120**	**29 260**	**31 452**	**35 181**	**-13,7**	**5,2**	**3,6**	**-17,1**	**-23,9**	**2,0**	**9,0**
Landbúnaður	1 830	1 627	1 600	1 700	-	-21,7	-26,1	21,4	-12,8	-6,9	1,5	-
Fiskveiðar [2]	2 911	5 950	2 150	3 200	-	-50,8	-45,1	1,5	98,8	-67,1	39,6	-
Vinnsla sjávarafurða	1 413	1 408	1 600	2 200	-	-33,0	20,8	-22,3	-4,1	5,1	30,4	-
Álverksmiðja	901	342	580	300	-	170,1	81,3	-8,6	-63,2	59,0	-50,8	-
Járnblendiverksmiðja	41	10	40	110	-	356,8	-61,5	-63,2	-77,1	289,8	161,8	-
Annar iðnaður	5 700	5 080	4 900	5 200	-	-8,8	-26,9	25,2	-13,9	-10,5	0,0	-
Rafvirkjanir og rafveitur	5 651	2 352	2 200	1 600	-	34,4	37,1	8,7	-59,7	-9,3	-28,5	-
Hitaveitur	730	956	900	950	-	20,2	-49,5	-34,8	27,9	-7,9	3,1	-
Vatnsveitur	720	549	650	650	-	-6,0	29,2	10,6	-25,6	15,9	-2,3	-
Byggingarstarfssemi o.fl.	2 473	1 562	1 528	1 600	-	-17,9	24,7	35,9	-39,3	-12,1	-2,5	-
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði o.fl.	4 330	4 397	4 130	3 900	-	-8,9	-6,3	-14,8	-0,8	-8,1	-7,8	-
Samgöngur	11 348	7 387	4 190	4 400	-	56,1	77,6	-1,2	-37,4	-46,3	-1,3	-
Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	1 466	1 854	1 900	2 400	-	-4,9	-1,3	35,8	23,5	-3,2	20,3	-
Tölvu- og skrifstofubúnaður	2 668	2 646	2 892	3 242	-	-44,0	24,1	10,6	-4,7	-1,8	4,4	-
Íbúðarhúsnæði	**19 104**	**18 912**	**18 550**	**19 400**	**20 800**	**2,8**	**-0,6**	**-4,9**	**-3,3**	**-4,0**	**2,0**	**5,0**
Fjárfesting hins opinbera	**14 774**	**14 567**	**17 140**	**16 300**	**16 426**	**-1,2**	**-1,3**	**7,3**	**-3,6**	**15,1**	**-7,1**	**-1,2**
Vegir og brýr	2 601	2 641	4 440	3 800	-	-7,4	5,2	6,0	-0,4	64,2	-16,4	-
Götur og holræsi	3 373	3 156	3 400	3 300	-	-6,0	-8,5	22,9	-8,2	5,2	-5,2	-
Byggingar hins opinbera	8 800	8 770	9 300	9 200	-	2,5	-0,6	2,6	-2,7	3,8	-3,4	-

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980 fram til ársins 1990, en eftir það á verðlagi ársins 1990.

[2] Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 19 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Spá 1995
Verðlag hvers árs													
Vegir og brýr	504	653	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 602	2 641	4 440	3 800	3 826
Götur og holræsi	640	670	973	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 373	3 156	3 400	3 300	3 600
Skólar og fþróttamannvirki	487	611	797	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 220	3 700	3 800	3 800
Sjúkrahús	370	401	558	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 680	1 700	1 750	1 650
Félagsheimili og kirkjur	90	88	182	292	149	189	217	280	280	720	650	650	600
Aðrar byggingar hins opinbera	148	232	389	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	3 250	3 000	2 950
Samtals	**2 239**	**2 655**	**3 773**	**4 365**	**5 884**	**8 510**	**10 292**	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 140**	**16 300**	**16 426**
Verðlag 1995													
Vegir og brýr	2 345	2 550	2 612	2 321	2 149	2 711	2 414	2 755	2 939	2 899	4 681	3 875	3 826
Götur og holræsi	2 977	2 616	2 907	2 309	3 046	3 434	3 103	3 086	3 810	3 464	3 585	3 365	3 600
Skólar og fþróttamannvirki	2 266	2 386	2 382	2 204	3 205	3 595	3 805	3 272	3 332	3 534	3 901	3 875	3 800
Sjúkrahús	1 721	1 566	1 667	1 939	1 578	2 177	1 867	1 793	2 169	1 844	1 792	1 784	1 650
Félagsheimili og kirkjur	419	344	544	710	312	333	303	337	316	790	685	663	600
Aðrar byggingar hins opinbera	689	906	1 162	1 125	2 021	2 761	2 888	4 187	4 123	3 458	3 427	3 059	2 950
Samtals	**10 416**	**10 367**	**11 274**	**10 609**	**12 311**	**15 011**	**14 381**	**15 429**	**16 690**	**15 990**	**18 072**	**16 621**	**16 426**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 20 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Fjárlög 1995
Tekin lán	**18 916**	**26 896**	**36 522**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 785**	**127 656**	**153 412**	**181 030**	**202 070**	**213 310**
Seðlabanki Íslands	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	6	-	-
Spariskírteini	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	36 301	39 089	46 257	52 122	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	-	76	1 257	2 487	6 012	9 194	-
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	931	725	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	11 002	-
Aðrir innlendir aðilar	2 208	2 257	2 043	4 746	6 306	7 236	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	10 827	-
Erlend lán	12 483	19 498	25 631	29 307	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	118 925	-
Lánveitingar	**15 153**	**21 423**	**29 006**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 971**	**73 945**	**76 944**
Veitt lán	13 049	18 182	23 894	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 902	41 654	46 871	58 093	-
Lán tengd innlendu verðlagi	3 114	4 168	9 674	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 071	22 644	26 246	34 731	-
Gengisbundin lán	9 935	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 831	19 010	20 625	23 362	-
Viðskiptareikningar, nettó	2 104	3 241	5 112	6 728	11 450	17 602	14 789	18 784	25 189	26 046	18 100	15 852	-
Lántökur ríkissjóðs, nettó	**3 763**	**5 473**	**7 516**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 979**	**64 565**	**85 712**	**116 059**	**128 125**	**136 366**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	80,1	79,7	79,4	67,1	68,5	69,7	50,6	46,8	49,4	44,1	35,9	36,6	36,1
Hlutfall af VLF, % [2]													
Tekin lán	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	30,7	31,7	38,4	43,7	46,8	47,0
Þar af erlend lán	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	16,4	17,1	21,9	24,8	27,6	-
Veitt lán	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	9,2	9,4	10,4	11,3	13,4	13,3
Þar af gengisbundin lán	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	4,3	4,0	4,8	5,0	5,4	-
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	5,0	6,2	6,5	4,3	3,7	-
Lántökur ríkissjóðs, nettó	**5,2**	**5,1**	**6,5**	**9,3**	**8,0**	**7,6**	**15,0**	**16,4**	**16,2**	**21,5**	**28,1**	**29,7**	**30,1**

[1] Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 21 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Verðlag og gengi hvers árs													
Heildarskuldir hins opinbera	**21 336**	**29 721**	**39 989**	**49 272**	**58 775**	**77 345**	**110 254**	**127 983**	**144 309**	**172 934**	**205 262**	**230 775**	**245 637**
Innlendar skuldir	8 834	10 201	14 330	19 925	28 767	37 068	51 505	68 003	75 738	82 761	99 558	-	-
Erlendar skuldir	12 502	19 520	25 659	29 347	30 008	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	105 704	-	-
Kröfur hins opinbera	**17 356**	**24 548**	**32 639**	**34 780**	**41 727**	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**77 282**	**86 755**	**89 944**
Veitt lán	14 677	20 055	25 916	25 600	27 518	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	53 834	65 503	67 944
Skatta- og viðskiptakröfur	2 679	4 493	6 723	9 180	14 209	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	23 448	21 252	22 000
Hreinar skuldir hins opinbera	**3 980**	**5 174**	**7 349**	**14 493**	**17 048**	**21 871**	**50 607**	**63 955**	**69 377**	**93 808**	**127 980**	**144 020**	**155 692**
Ríkissjóður	3 763	5 473	7 516	14 574	16 394	20 704	47 960	59 978	64 564	85 713	116 058	128 125	136 365
Bæjar- og sveitarfélög	834	439	762	926	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	13 922	17 895	21 327
Almannatryggingar	- 617	- 738	- 929	-1 007	-1 191	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-2 000	-2 000	-2 000
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1995 [2]													
Heildarskuldir hins opinbera	112 929	121 401	121 927	125 680	134 202	147 517	166 545	167 268	177 470	208 346	220 955	236 174	245 637
Hreinar skuldir hins opinbera	20 985	20 846	22 246	36 543	38 832	41 476	76 037	84 066	85 752	112 501	137 646	147 390	155 692
Hlutfall af VLF, %													
Heildar skuldir hins opinbera	**31,3**	**33,3**	**33,1**	**30,6**	**28,1**	**30,1**	**35,8**	**35,2**	**36,4**	**43,5**	**49,9**	**53,6**	**54,5**
Innlendar skuldir	12,9	11,4	11,9	12,4	13,8	14,4	16,7	18,7	19,1	20,8	24,2	-	-
Erlendar skuldir	18,3	21,9	21,2	18,2	14,4	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	25,7	-	-
Kröfur hins opinbera	**25,4**	**27,5**	**27,0**	**21,6**	**20,0**	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,8**	**20,2**	**20,0**
Hreinar skuldir hins opinbera	**5,8**	**5,8**	**6,1**	**9,0**	**8,2**	**8,5**	**16,4**	**17,6**	**17,5**	**23,6**	**31,1**	**33,5**	**34,5**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við lánskjaravísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 22 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðb. 1994
Lántökur	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 038**	**30 022**	**32 403**	**30 464**	**32 563**
Opinberir aðilar	2 206	3 483	4 062	5 561	5 704	2 989	4 745	9 522	8 763	17 300	19 836	14 648	-
Lánastofnanir	1 124	1 954	2 715	3 485	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 616	-
Einkaaðilar	303	140	732	886	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	1 200	-
Afborganir	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 457**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 125**	**23 769**	**39 808**
Opinberir aðilar	454	994	1 377	1 632	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104	-
Lánastofnanir	468	1 067	1 427	1 794	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391	-
Einkaaðilar	308	613	1 474	1 031	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 471	3 274	-
Nettó hreyfing	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 475**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 678**	**15 142**	**13 278**	**6 695**	**-7 245**
Opinberir aðilar	1 752	2 489	2 685	3 929	3 223	675	2 977	6 791	5 816	13 373	10 649	6 544	-
Lánastofnanir	656	887	1 288	1 691	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 225	-
Einkaaðilar	- 5	- 473	- 742	- 145	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	293	-2 074	-
Vaxtagreiðslur	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 294**	**14 345**	**14 846**	**14 028**	**15 562**	**16 125**
Opinberir aðilar	954	1 969	2 830	3 573	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 483	-
Lánastofnanir	313	630	868	1 210	1 313	1 438	2 074	4 099	5 231	4 964	4 381	4 222	-
Einkaaðilar	274	375	479	476	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 788	1 857	-
Staða í árslok	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**209 030**	**250 265**	**256 962**
Opinberir aðilar	9 636	21 434	28 946	41 602	50 049	51 547	61 994	85 308	98 093	112 498	122 467	149 563	-
Lánastofnanir	3 026	6 807	9 595	14 179	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 852	-
Einkaaðilar	2 242	3 886	4 018	5 076	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 487	23 850	-
Gengisforsendur; SDR = Krónur	13,7	26,6	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6	94,6
Meðalvextir	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**6,4**	**6,1**
Opinberir aðilar	11,5	10,1	10,5	9,2	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,8	6,9	6,6	-
Lánastofnanir	12,3	10,3	10,1	9,4	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6	-
Einkaaðilar	12,2	8,9	10,5	9,2	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	7,3	-

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 23 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Áætlun 1994	Spá 1995
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs													
Erlend langtímalán	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 470**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**209 030**	**250 265**	**256 962**	**-**
Erlend skammtímastaða, nettó	-1 343	-2 566	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-9 609	660	-	-
Gjaldeyrisstaða	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	-	-
Nettóstaða við útlönd	**31 190**	**43 362**	**62 899**	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 440**	**189 620**	**222 251**	**231 700**	**225 000**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1995 [1]													
Erlend langtímalán	173 187	179 023	188 935	200 816	212 809	227 680	245 493	257 710	267 741	277 541	276 880	262 214	-
Nettóstaða við útlönd	168 136	182 401	195 275	190 867	213 693	229 578	231 335	231 859	245 707	251 770	245 887	236 436	225 000
Hlutfall af VLF, %													
Erlend langtímalán	**47,1**	**47,7**	**50,3**	**46,6**	**40,1**	**41,1**	**49,0**	**49,4**	**49,6**	**52,5**	**60,8**	**59,5**	**-**
Nettóstaða	**45,7**	**48,6**	**52,0**	**44,3**	**40,3**	**41,4**	**46,2**	**44,4**	**45,5**	**47,7**	**54,0**	**53,6**	**49,9**
Greiðslubyrði erlendra lána													
Afborganir af erlendum langtímalánum	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	14 880	19 125	23 769	39 808	26 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 846	14 028	15 562	16 125	17 000
Samtals	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 726	33 153	39 331	55 933	43 000
Vaxtagreiðslur, nettó	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 577	14 700	15 000
Hlutfall af útflutningstekjum, %													
Afborganir af erlendum langtímalánum	9,7	12,3	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,5	15,1	16,9	24,5	16,0
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	10,8	12,0	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	11,1	9,9	10,4
Samtals	20,6	24,3	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	22,9	26,2	27,9	34,4	26,4
Vaxtagreiðslur, nettó	11,1	13,1	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	10,4	9,0	9,2
Afborganir og nettóvaxtagreiðslur alls	20,8	25,4	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,0	22,9	25,9	27,2	33,5	25,2

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 24 Byggingarsjóður ríkisins [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Fjárlög 1995
Innstreymi	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 466**	**8 736**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	565	1 428	2 360	3 180	4 862	6 809	7 867	8 523	5 282	2 353	2 375	4 100	2 900
Afborganir, vextir og verðbætur	377	459	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 413	5 289	6 075	5 904	5 570	6 265
Skyldusparnaður, nettó	- 8	- 82	- 17	22	85	15	- 164	- 161	- 163	- 420	-1 850	- 874	- 650
Byggingarsj. verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	-
Húsbréfadeild, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	-	129	51	58	55	125	-
Húsbréfadeild, bráðabirgðalán	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-	-
Tekjur	17	28	40	51	48	203	85	83	227	132	197	226	221
Sjóðsminnkun	6	108	-	-	59	-	496	459	93	-	302	193	-
Útstreymi	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 466**	**8 736**
Rekstrarkostnaður o.fl.	30	48	96	118	178	245	278	294	257	82	108	351	121
Afborganir, vextir og verðbætur	234	339	676	944	1 490	2 416	3 272	4 102	5 863	6 564	7 495	6 905	7 715
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	-	-	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	400
Bráðabirgðalán til Byggingarsj. verkam.	-	-	-	-	-	-	81	19	96	116	126	-	-
Bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	-	-	-	-	-	-	-	51	58	55	125	-	-
Endurgr. bráðabirgðalán til húsbréfad.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-
Annað	1	2	59	-	-	141	354	108	161	218	194	144	200
Sjóðsaukning	-	-	248	432	-	914	-	-	-	185	-	-	-
Veitt lán samkv. 11. grein, samtals	692	1 552	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856	4 279	816	212	40	300
Til nýbygginga og eldri íbúða	595	1 297	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192	3 637	224	138	-	-
Greiðsluerfiðleikalán	-	-	235	540	155	310	284	207	19	-	-	-	-
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	-	-	55	525	892	60	206	-	-	-
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	97	107	89	223	354	421	510	333	417	313	38	-	-
Aðrir lánaflokkar		148	156	138	115	152	192	232	146	73	36	-	-

[1] Fjármagnshreyfingar við Byggingarsjóð verkamanna vegna lífeyrissjóða eru ekki teknir með í yfirlitinu.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 25 Byggingarsjóður verkamanna

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994	Fjárlög 1995
Innstreymi	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 718**	**8 689**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	118	140	333	580	490	1 440	2 375	2 973	4 252	5 035	5 430	4 805	6 080
Afborganir, vextir og verðbætur	49	48	98	118	141	244	530	610	716	385	468	1 064	1 000
Framlag ríkissjóðs	158	200	282	300	300	600	600	490	900	1 075	925	800	608
Sveitarfélög	38	38	44	68	71	102	150	172	175	214	167	144	200
Kaupendur eldri íbúða	23	23	22	38	47	35	48	49	83	64	62	49	50
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	-	-	136	85	46	61	89	415	185	271	247	242	280
Lán frá Byggingarsjóði ríkisins	-	-	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	400
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	-	-	-	-	-	-	81	19	96	116	126	-	-
Annað	-	61	1	1	-	2	5	10	48	44	70	74	71
Sjóðsminnkun	52	-	-	-	147	-	-	116	-	173	-	56	-
Útstreymi	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 718**	**8 689**
Rekstrarkostnaður o.fl.	10	9	16	30	36	60	82	109	170	253	129	3	117
Afborganir, vextir og verðbætur	19	40	88	182	316	498	794	986	1 523	1 979	2 966	3 534	3 772
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	-
Annað	-	-	-	2	6	-	-	-	-	-	-	-	-
Sjóðsaukning	-	52	113	35	-	5	208	-	84	-	68	-	-
Veitt lán, samtals	409	409	772	1 094	1 218	1 869	2 916	3 775	4 743	5 307	4 597	4 055	4 800
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	333	284	538	722	837	1 468	2 246	2 612	2 393	2 737	2 485	-	-
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	-	-	6	121	483	1 488	1 938	1 561	-	-
Endursöluíbúðir	76	125	234	372	381	395	549	680	862	632	551	-	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 26 Útgáfa húsbréfa

Milljónir króna á verðlagi hvers mánaðar	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samtals
1991:													
Nýbyggingar	489	422	398	247	230	152	310	252	222	207	293	257	**3 479**
Eldri íbúðir	937	700	819	701	918	434	886	826	671	677	981	656	**9 206**
Greiðsluerfiðleikar	-	4	101	148	376	161	411	440	232	136	242	177	**2 428**
Samtals	**1 426**	**1 126**	**1 318**	**1 096**	**1 524**	**747**	**1 607**	**1 518**	**1 125**	**1 020**	**1 516**	**1 090**	**15 113**
1992:													
Nýbyggingar	188	348	405	292	296	279	346	324	398	440	480	243	**4 039**
Eldri íbúðir	316	442	686	625	534	646	931	708	754	972	726	458	**7 798**
Greiðsluerfiðleikar	442	28	9	6	-	4	-	-	-	-	1	-	**490**
Viðbyggingar og endurbætur	-	-	9	2	1	15	22	12	11	9	8	6	**95**
Samtals	**946**	**818**	**1 109**	**925**	**831**	**944**	**1 299**	**1 044**	**1 163**	**1 421**	**1 215**	**707**	**12 422**
1993:													
Nýbyggingar	235	238	330	243	174	270	308	353	312	272	348	537	**3 620**
Eldri íbúðir	549	490	660	611	500	748	718	611	702	846	631	861	**7 927**
Viðbyggingar og endurbætur	34	40	30	33	18	25	22	21	24	17	39	21	**324**
Samtals	**818**	**768**	**1 020**	**887**	**692**	**1 043**	**1 048**	**985**	**1 038**	**1 135**	**1 018**	**1 419**	**11 871**
1994													
Nýbyggingar	233	421	384	279	366	345	407	355	351	215	626	513	**4 495**
Eldri íbúðir	234	852	1 024	679	881	990	956	881	747	290	1 278	1 203	**10 015**
Viðbyggingar og endurbætur	15	43	29	18	19	32	31	17	41	29	42	28	**344**
Samtals	**482**	**1 316**	**1 437**	**976**	**1 266**	**1 367**	**1 394**	**1 253**	**1 139**	**534**	**1 946**	**1 744**	**14 854**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Viðauki 2 - Breytingar á virðisaukaskatti frá 1990

Í ársbyrjun 1990 var tekinn upp virðisaukaskattur í stað söluskatts. Þessi breyting var raunar lögfest þegar á árinu 1988. Upptaka skattsins átti sér þó mun lengri aðdraganda, eða allt aftur til ársins 1971. Haustið 1983 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp um virðisaukaskatt, fyrst og fremst til kynningar, og aftur haustið 1984.

Fyrstu skrefin voru síðan stigin á síðari hluta árs 1987 með álagningu sérstaks 10% söluskatts á ýmis matvæli og margvíslega sérfræðiþjónustu. Í ársbyrjun 1988 kom annar áfangi til framkvæmda með umfangsmiklum breytingum á lögum um söluskatt. Megintilgangur þeirra var samræming og breikkun skattstofnsins, einkum á þann hátt að neysluvörur, sem áður báru sérstakan söluskatt eða voru skattfrjálsar, urðu söluskattsskyldar. Með þessum breytingum á söluskattskerfinu var jarðvegurinn fyrir upptöku virðisaukaskatts undirbúinn.

Í lögunum sem voru samþykkt 1988 var gert ráð fyrir að skatturinn yrði nánast undanþágulaus, í einu þrepi og skatthlutfallið 22%. Þetta kerfi kom hins vegar aldrei til framkvæmda, því að áður en til þess kom var lögunum breytt í veigamiklum atriðum:

- Teknar voru upp sérstakar endurgreiðslur á virðisaukaskatti af nokkrum tegundum matvæla (nýmjólk, kindakjöti, nýjum fiski og innlendu grænmeti) þannig að þessar vörur bæru ígildi 14% skatts.
- Undanþágum var fjölgað verulega. Þar á meðal voru íslenskar bækur, húshitun og ýmiss konar menningarstarfsemi.
- Samþykkt var heimild til ráðherra um að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt af tiltekinni þjónustu.
- Ákveðið var að endurgreiða virðisaukaskatt af viðhaldsvinnu íbúðarhúsnæðis með sama hætti og af vinnu við nýbyggingar.
- Skatthlutfallið var hækkað í 24,5%.

Við gildistöku virðisaukaskattsins í ársbyrjun 1990 var talið að hann myndi skila allt að 2 milljörðum króna minni tekjum í ríkissjóð en söluskatturinn miðað við heilt ár. Jafnframt var ljóst að þær breytingar sem höfðu verið gerðar á lögunum gengu þvert á upphafleg markmið um einfaldan og því sem næst undanþágulausan skatt í einu þrepi. Þannig var skatthlutfallið hér á landi orðið með því hæsta sem þekktist, undanþágur fleiri og endurgreiðslur á skattinum mun víðtækari en annars staðar. Með þessum breytingum var í reynd horfið frá þeirri grundvallarreglu að hafa aðeins eitt skattþrep, annars vegar með fullkomnu skattfrelsi (0-þrep) og hins vegar með ígildi 14% skatts á ýmis matvæli.

Á árinu 1992 mótaði ríkisstjórnin þá almennu stefnu að freista þess að breikka skattstofninn, samræma undanþágureglur og lækka sjálft skatthlutfallið. Rökin voru þau að óbreytt kerfi torveldaði skatteftirlit og stuðlaði að undanskotum. Í árslok 1992 samþykkti Alþingi umfangsmiklar breytingar í skattamálum, meðal annars um verulega fækkun á undanþágum frá virðisaukaskatti. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

- Endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði lækki úr 100% í 60%.
- 14% VSK á húshitunarkostnað frá og með 1. janúar 1993.
- 14% VSK á íslenskar bækur, blöð og tímarit frá 1. júlí 1993.
- 14% VSK á afnotagjöld sjónvarps og útvarps frá 1. júlí 1993.
- 14% VSK á ferðaþjónustu frá 1. janúar 1994.

Í ársbyrjun 1993 var fallið frá áformum um lækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna. Undir lok ársins samþykkti Alþingi síðan að falla frá fyrirhugaðri skattlagningu ferðaþjónustu að öðru leyti en því að gisting ber nú 14% virðisaukaskatt.

Með þeim breytingum sem samþykktar voru í lok árs 1992 má segja að tekist hafi að fækka undanþágum verulega, en mikill fjöldi þeirra var einn af megingöllum kerfisins. Á hinn bóginn var ekki talið fært að hverfa aftur til skattlagningar í einu þrepi.

Vorið 1993 féllst ríkisstjórnin á kröfur aðila vinnumarkaðarins um að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í skattamálum til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Ein meginkrafan var sú að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 24,5% í 14%, meðal annars á þeirri forsendu að nú þegar væri lagður 14% virðisaukaskattur (eða ígildi hans) á ýmsar nauðsynjavörur og þjónustu. Þessi breyting kom til framkvæmda hinn 1. janúar 1994.

Eins og þetta yfirlit ber með sér hafa miklar breytingar verið gerðar á virðisaukaskattskerfinu frá því að það var upphaflega lögfest á árinu 1988. Þyngst vegur að undanþágurnar eru fleiri en að var stefnt í upphafi og horfið hefur verið frá því grundvallarmarkmiði að hafa aðeins eitt skattþrep, að minnsta kosti um sinn. Þessar breytingar hafa óneitanlega dregið úr skilvirkni kerfisins og gert framkvæmdina erfiðari en ella. Enda þótt víða erlendis séu skattþrepin fleiri en hér á landi er almennt talið að eitt skattþrep og sem fæstar undanþágur sé æskilegasti kosturinn.

Viðauki 3 - Áætlun í ríkisfjármálum til næstu ára

Í þessum viðauka er birt í heild sinni skýrsla fjármálaráðuneytisins um áætlun í ríkisfjármálum 1995-1998 sem fjármálaráðherra kynnti síðastliðið sumar. Enda þótt ýmis atriði er varða þróun efnahagsmála hafi breyst frá því skýrslan var lögð fram stendur megininnihald og áherslur hennar fyrir sínu. Í skýrslunni er fjallað um stefnumörkun í ríkisfjármálum sem miðar að því að eyða halla ríkissjóðs á næstu árum. Lýst er helstu niðurstöðum framreikninga sem byggja á aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum, en fyrsta skrefið var stigið með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1995.

Aðdragandi. Í ársbyrjun 1994 fól fjármálaráðherra sérstökum vinnuhópi innan fjármálaráðuneytisins að leggja drög að áætlun í ríkisfjármálum til næstu ára. Vinnuhópnum var jafnframt falið að hafa samráð við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Með þessu var farið inn á svipaðar brautir og tíðkast í mörgum öðrum ríkjum, en þar hefur aukin áhersla verið lögð á gerð áætlana um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára að gefnum tilteknum forsendum um þjóðhagshorfur. Þessar áætlanir hafa nýst stjórnvöldum til að marka stefnu í ríkisfjármálum til lengri tíma en eins árs. Þrátt fyrir að þessar áætlanir hafi almennt ekki lagagildi veita þær stjórnvöldum í senn mikilvægar upplýsingar og nýtast í viðleitni þeirra til að halda aftur af útgjöldum. Gerð áætlunar af þessu tagi er ekki talin síður mikilvæg fyrir mótun efnahagsstefnunnar hér á landi.

Helstu niðurstöður. Vinnuhópurinn skoðaði tvö tilvik sem bæði byggðu á sömu meginforsendum og spá Þjóðhagsstofnunar hvað varðar almennar efnahagshorfur. Annars vegar dæmi um þróun útgjalda og tekna á grundvelli gildandi laga, samninga og ákvarðana, án sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda (halladæmi). Í hinu tilvikinu er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1998 (jafnaðardæmi). Niðurstöður vinnuhópsins lágu fyrir um mitt ár. Þær bentu til þess að ef ekki yrði gripið í taumana þegar á árinu 1995 myndi halli ríkissjóðs tvöfaldast á næstu fjórum árum og skuldirnar aukast um þriðjung. Jafnframt myndu vextir hækka verulega og hagvöxtur minnka. Í kjölfarið færi atvinnuleysi vaxandi. Við þessar aðstæður væri hætta á að stöðugleika í verðlags- og gengismálum yrði stefnt í voða, samkeppnisstaða atvinnulífs versnaði, viðskiptajöfnuður yrði óhagstæður og erlend skuldasöfnun færi vaxandi á nýjan leik. Að mati vinnuhópsins kölluðu þessar horfur á róttækar aðgerðir sem einkum beindust að ýmsum skipulagsþáttum í ríkisbúskapnum.

Framhaldið. Í framhaldi af þessari vinnu kynnti fjármálaráðherra í ríkisstjórn sérstaka áætlun í ríkisfjármálum sem miðaði að því að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum innan fjögurra ára. Þessi áætlun var liður í undirbúningi fjárlaga fyrir árið 1995 og áhersla lögð á að í fjárlagafrumvarpinu væri stigið fyrsta skrefið í þessa átt. Af hálfu ráðuneytisins er talið mikilvægt að festa áætlunargerð af þessu tagi í sessi þannig að hún verði jafnan hluti af fjárlagagerðinni á hverjum tíma.

Skýrsla um áætlun í ríkisfjármálum 1995–1998.

1 Inngangur

Fátt er mikilvægara í ljósi þeirra efnahagshorfa sem við blasa en treysta stöðu ríkissjóðs. Eina örugga leiðin til að örva hagvöxt og framfarir í atvinnulífinu er stöðugleiki í verðlagsmálum og lágir vextir. Hvoru tveggja er teflt í tvísýnu ef slakað verður á aðhaldi í ríkisfjármálum. Þess vegna er nauðsynlegt að móta nú stefnu sem miðar að því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu árum. Með því eykst svigrúm einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Framleiðsla og eftirspurn í þjóðfélaginu eykst. Ný atvinnutækifæri skapast og atvinnuleysi minnkar.

Í fjármálaráðuneytum nágrannaríkja okkar hafa um nokkurt skeið verið settar fram áætlanir um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára að gefnum tilteknum forsendum um þjóðhagshorfur. Þessar áætlanir hafa nýst stjórnvöldum til að marka stefnu í ríkisfjármálum til lengri tíma en eins árs. Þrátt fyrir að þessar áætlanir hafi ekki lagagildi veita þær stjórnvöldum og stjórnsýslunni mikilvægt aðhald.

Gerð áætlunar af þessu tagi er afar mikilvæg fyrir mótun efnahagsstefnunnar hér á landi á næstunni. Í því sambandi má nefna eftirtalin atriði:

* Markviss áætlun í ríkisfjármálum sem byggð er á trúverðugum aðgerðum getur stuðlað að lágum vöxtum og stöðugleika í efnahagslífinu. Áframhaldandi hallarekstur leiðir hins vegar til vaxtahækkunar og óstöðugleika í efnahagsmálum.

* Aukinn sjávarafli vegur þungt á vogarskálum hagvaxtar. Litlar líkur eru á að sjávarafli aukist á næstu árum. Þeim mun mikilvægara er að skapa góð vaxtarskilyrði fyrir aðrar greinar. Þar skipta lágir raunvextir afar miklu máli, en forsenda þeirra er traust staða ríkissjóðs.

* Á næstu áratugum munu útgjöld ríkissjóðs hækka umtalsvert vegna hlutfallslegrar fjölgunar lífeyrisþega. Þetta er svipuð þróun og í helstu nágrannaríkjum okkar.

* Í fjárlagagerð síðustu ára hefur nær eingöngu verið horft til eins árs í senn og aðgerða sem skila sér á fjárlagaárinu. Brýnt er að beita einnig aðgerðum sem skila sér á lengri tíma.

* Mikilvægt er að sveitarfélög horfi til þessara almennu sjónarmiða við gerð sinna fjárhagsáætlana. Að öðrum kosti geta þau unnið gegn markmiðinu um aukinn hagvöxt og áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu.

Fyrr á þessu ári fól fjármálaráðherra sérstökum vinnuhópi fjármálaráðuneytisins að leggja drög að og halda utan um gerð áætlunar í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Vinnuhópnum var jafnframt falið að hafa samráð við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Í þessari skýrslu er lýst helstu niðurstöðum af athugunum vinnuhópsins sem geta nýst við mótun efnahagsstefnunnar og undirbúning fjárlagagerðar næsta árs.

2 Helstu niðurstöður

Í skýrslunni eru skoðuð tvö dæmi. Annars vegar svonefnt ***halladæmi***, en það byggir á framreikningi útgjalda og tekna á grunni gildandi laga, reglna, samninga og ákvarðana. Hins vegar er ***jafnaðardæmið***, en þar er gert ráð fyrir að jafnvægi náist í ríkisfjármálum árið 1998. Í báðum tilvikum er byggt á mati Þjóðhagsstofnunar á efnahagshorfum næstu fjögur ár að teknu tilliti til mismunandi þróunar í ríkisfjármálum. Helstu niðurstöður þessara tveggja dæma eru eftirfarandi:

* ***Afkoma ríkissjóðs.*** Verði ekki gripið til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum mun halli ríkissjóðs tvöfaldast á næstu fjórum árum. Jafnframt munu skuldir ríkisins aukast um þriðjung. Í jafnaðardæminu næst hins vegar jafnvægi í ríkisfjármálum árið 1998. Jafnframt stöðvast skuldasöfnun ríkisins.

* ***Hagvöxtur*** verður umtalsvert meiri í jafnaðardæminu og nálgast 3% í lok tímabilsins, en það er svipað og spáð er fyrir OECD-ríkin í heild. Þar með væri hagvöxtur hér á landi í fyrsta sinn í meira en áratug svipaður og í helstu nágrannaríkjum okkar.

* ***Raunvextir*** í jafnaðardæminu lækka verulega frá því sem nú er, eða í 3,5%. Í halladæminu er hins vegar talið að þeir hækki um að minnsta kosti 2% og fari í 7% árið 1998. Að mati Seðlabankans eru talsverðar líkur á enn meiri vaxtahækkun í halladæminu. Þá má búast við að lánskjör erlendis versni í halladæminu.

* ***Atvinnuleysi*** í jafnaðardæminu verður minna, eða innan við 5%, samanborið við að minnsta kosti 6% í halladæminu. Hækki raunvextir frekar verður munurinn enn meiri. Hér hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa hugsanlegra aðgerða til að taka á skipulagsvanda í efnahagslífinu til að draga enn frekar úr atvinnuleysi.

* ***Starfsskilyrði atvinnugreina*** batna til muna í jafnaðardæminu. Lækkun vaxta leiðir til aukinna fjárfestinga fyrirtækja og einstaklinga og almenn eftirspurn í efnahagslífinu eykst án þess að stofna stöðugleika í verðlags- og gengismálum í hættu.

* ***Viðskiptajöfnuður*** verður í jafnvægi allt tímabilið, jafnvel heldur jákvæður. Hins vegar er ljóst að töluverð hætta er á að niðurstaðan í halladæminu verði talsvert lakari og því fylgi meiri viðskiptahalli og aukin erlend skuldasöfnun.


* ***Næstu skref - Nánari útfærsla aðgerða.*** Í skýrslunni er lýst hugmyndum um hvernig ná megi jafnvægi í ríkisfjármálum. Næsta skref er að vinna að frekari útfærslu þessara hugmynda eða annarra sem skila sömu niðurstöðu.

3 Þróun ríkisfjármála 1986-1994

Yfirlit. Frá miðjum síðasta áratug hefur ríkissjóður verið rekinn með halla sem að meðaltali hefur numið um 2% af landsframleiðslu. Útgjöld ríkissjóðs hafa á þessu tímabili hækkað úr 25% í 29% af landsframleiðslu og tekjurnar úr 24% í 26 ½ %. Þessi þróun endurspeglast í versnandi skuldastöðu ríkissjóðs. Árið 1986 námu heildarskuldir ríkissjóðs 27% af landsframleiðslu, en samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1994 stefnir hlutfallið í 47% í árslok.

Frá og með árinu 1992 hefur hins vegar tekist að koma í veg fyrir áframhaldandi vöxt ríkisútgjalda, þrátt fyrir að útgjöld hafi verið aukin og skattar lækkaðir í tengslum við gerð kjarasamninga til að tryggja stöðugleika á sviði verðlags- og launamála.

Þróun tekna og gjalda ríkissjóðs



Þróun tekna. Árin 1986 og 1987 voru um margt óvenjuleg fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Þetta var tímabil mikilla skattalækkana í tengslum við gerð kjarasamninga. Auk þess var árið 1987 í senn kosningaár og skattlaust ár vegna tilkomu staðgreiðslukerfisins í ársbyrjun 1988. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst gífurlega, eða um þriðjung á tveimur árum, og það endurspeglaðist í auknum tekjum hjá ríkissjóði sem gerði gott betur en vega upp tekjutap vegna lægri skatta.

Frá árinu 1988 hefur hins vegar ríkt stöðnun í íslensku efnahagslífi sem hefur haft neikvæð áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs. Fram til ársins 1991 jukust skatttekjur ríkissjóðs þó nokkuð að raungildi, eða umtæplega 5%. Skýringin er fyrst og fremst sú að á þessu tímabili voru skattar hækkaðir til að mæta vaxandi útgjaldaþörf ríkisins.

Árið 1992 snerist þessi þróun við vegna samdráttar í þjóðarbúskapnum og á árinu 1994 eru skatttekjur taldar verða 4% lægri en árið 1991, metnar á sambærilegu verðlagi. Þær hafa hins vegar staðið í stað sem hlutfall af landsframleiðslu, en það skýrist meðal annars af lækkun landsframleiðslu.

Afkoma þjóðarbúsins og þjóðarútgjöld ráða mestu um þróun tekna ríkissjóðs þar sem tvær krónur af hverjum þremur sem renna í ríkissjóð eru veltuskattar. Þá skila tekju- og eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja um fimmtungi teknanna, launatengd gjöld um 10%, en afgangurinn er fyrst og fremst vaxtatekjur og arðgreiðslur frá opinberum fyrirtækjum. Af þessu sést að jafnvel minnstu breytingar á þjóðhagsstærðum hafa óhjákvæmilega áhrif á skatttekjurnar og þar með á afkomu ríkissjóðs.

Skattkerfisbreytingar. Á árunum 1986 og 1987 var gripið til umtalsverðra skattalækkana, bæði á tekjuskatti einstaklinga og ýmsum innflutningsgjöldum. Á árinu 1988 var íslenska skattkerfinu nánast umbylt, meðal annars með upptöku staðgreiðslu á tekjuskatti einstaklinga, breikkun á söluskattstofni og breytingum á tollum og vörugjöldum í átt til einföldunar og samræmingar.

Haldið hefur verið áfram á þessari braut síðustu ár og hefur íslenska skattkerfið nú verið lagað nokkuð vel að því sem er í helstu samkeppnisríkjum okkar. Af einstökum breytingum má nefna upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts, uppstokkun á álagningu launatengdra gjalda, verulegri lækkun tekjuskatts hjá fyrirtækjum og afnám aðstöðugjalds.

Þessar breytingar hafa almennt miðað að samræmingu, einföldun eða afnámi óhagkvæmra skattareglna og þannig stuðlað að bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, jafnt innanlands sem á erlendum mörkuðum. Stefnan hefur verið sú að gera skattálagninguna einfaldari og hlutlausari gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, draga úr mismunun milli einstakra aðila og þannig skapa atvinnulífinu betri starfsskilyrði, en það er ein meginforsenda þess að hagvöxtur glæðist á ný.


Annað mikilvægt atriði er að eftir þessar breytingar er skattkerfið orðið mun sveigjanlegra og betra hagstjórnartæki en áður. Skattkerfi þar sem veltuskattar vega þungt og undanþágur eru margar hefur tilhneigingu til að magna sveiflur í þjóðarbúskapnum í stað þess að draga úr þeim. Þannig hefur dregið úr vægi veltuskatta á umræddu tímabili, um tæplega 8% sem hlutfall af heildartekjum, en vægi tekju- og launaskatta aukist í svipuðum mæli.

Þróun ríkisútgjalda. Ríkisútgjöld jukust um 27 milljarða króna á núgildandi verðlagi frá árinu 1986 fram til ársins 1991, eða um tæp 28%. Árið 1991 námu útgjöldin 29% af landsframleiðslu og er það hæsta hlutfall sem mælst hefur.

Frá árinu 1991 hefur hins vegar tekist að draga úr ríkisútgjöldum, eða um 7 milljarða króna (um 6%) á föstu verðlagi, þrátt fyrir aukin útgjöld til atvinnuleysistrygginga og atvinnuskapandi verkefna. Þessi lækkun hefur þó aðeins að hluta skilað sér í lægra útgjaldahlutfalli þar sem landsframleiðsla hefur dregist saman.

Ástæður lægri útgjalda eru af margvíslegu tagi. Þar vegur þyngst nýr búvörusamningur sem tók gildi síðari hluta árs 1992. Árlegt framlag ríkisins á fjárlögum til búvörumála hefur lækkað um 4,4 milljarða króna frá árinu 1991. Í annan stað var stokkuð upp starfsemi ýmissa sjóða ríkisins. Þannig voru Atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóður Íslands og Byggingarsjóður ríkisins lagðir niður og lög og reglur um starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna endurskoðuð. Í þriðja lagi voru gerðar ýmsar breytingar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu í átt til aukins aðhalds og kostnaðarhlutdeild notenda þjónustunnar aukin. Loks var gripið til margvíslegra aðgerða til hagræðingar í rekstri, eins og útboða, niðurfellingar verkþátta og sölu eigna.

Þróun útgjalda eftir helstu málaflokkum



Framlög til heilbrigðis- og félagsmála jukust um 37% að raungildi á tímabilinu. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari aukningu. Meðalaldur þjóðarinnar er að hækka og bótaréttindi hafa verið aukin verulega. Þá hafa örar tækninýjungar en að sama skapi kostnaðarsamar á sviði læknavísinda gefið nýja möguleika í lækningum og aukið afköst. Hvort tveggja hefur aukið á útgjöldin. Í þriðja lagi hefur átt sér stað gríðarleg uppbygging í þjónustu við fatlaða. Loks tók ríkissjóður árið 1990 alfarið yfir rekstur heilsugæslustöðva frá sveitarfélögum.

Framlög til menntamála hafa aukist um 12% að raungildi á tímabilinu. Framlög til reksturs háskóla og framhaldsskóla jukust um 35-45%, en framlög til grunnskóla um tæp 5%. Framboð á háskóla- og framhaldsmenntun hefur aukist mikið á þessu

tímabili. Rekstur grunnskólans hefur á hinn bóginn verið í fastari skorðum og við breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem tók gildi árið 1990, juku sveitarfélög verulega kostnaðarhlutdeild sína í rekstri grunnskólans.

Kostnaður við almenna stjórnsýslu jókst um 39% fram til ársins 1991 en á þeim tíma fjölgaði verulega störfum í ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum. Á síðustu árum hefur kostnaður á þessu sviði hins vegar minnkað um rúm 10% þrátt fyrir að breytingar í dómsmálakerfinu og í skattamálum hafi kallað á aukin útgjöld.

Útgjöld til atvinnumála og samgöngumála hafa dregist saman um 7%. Þar vegur þyngst lækkun framlaga til landbúnaðar.

Vaxtaútgjöld ríkisins hafa aukist um 24% að raungildi frá árinu 1986, en það er svipuð aukning og í heildarútgjöldum ríkissjóðs á sama tíma. Vaxtaútgjöld ríkisins eru í ár áætluð 11,5 milljarðar króna, upphæð sem svarar til heildarframlaga ríkisins til fjárfestingar eða reksturs allrar heilbrigðisþjónustunnar í Reykjavík.

4 Horfur í ríkisfjármálum 1995-1998 - Halladæmi

Almennar efnahagshorfur. Horfur eru á að hagvöxtur verði fremur hægur hér á landi næstu 4-5 árin, eins og fram kemur í greinargerð Þjóðhagsstofnunar (fylgiskjal 1), eða nokkru hægari en í löndunum kringum okkur. Þá er ekki reiknað með framkvæmdum vegna nýs álvers eða annarrar stóriðju á tímabilinu. Á hinn bóginn er lögð áhersla á að stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum og peningamálum ráði miklu um hver efnahagsframvindan verður næstu árin.

Ytri skilyrði. Spáð er um 3% hagvexti á ári í ríkjum OECD á þessu tímabili og að verðbólgan verði um 2 ½ %. Talið er að verð á áli og kísiljárni hækki nokkuð á næstunni, en ekkert útlit er fyrir verðbreytingar sjávarafurða og annarra útflutningsvara, ef frá er talin lítilsháttar hækkun á verði sjávarvara á næsta ári. Samdráttur verður í útflutningi sjávarafurða á árinu 1995 í kjölfar skerðingar á þorskkvóta, en síðan er reiknað með hægum vexti. Þá er gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu í framleiðslu áls á næsta ári, en að öðru leyti helst útflutningsframleiðslan nær óbreytt. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar er hins vegar bent á að trúverðug stefna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt muni leiða til lægri vaxta og það hafi jákvæð áhrif á hagvöxt.

Afkoma ríkisins. Eins og fram hefur komið er ríkissjóður rekinn með umtalsverðum halla á þessu ári, Verði ekkert frekar að gert á næstu árum stefnir í vaxandi halla hjá ríkissjóði og þar með aukna þörf fyrir lánsfé með tilheyrandi þrýstingi á vexti. Hærri vextir draga enn frekar úr fjárfestingu og þar með einnig úr hagvexti. Við þau skilyrði er ekkert sem bendir til þess að úr atvinnuleysi dragi á næstunni fremur hið gagnstæða.

Efnahagshorfur. Miðað við þessi skilyrði og að stjórnvöld grípi ekki til sérstakra aðgerða til að snúa þessari þróun við verður hagvöxtur hér á landi líklega um 1 ½ % á ári næstu 4-5 árin samanborið við 2 ½ -3% í nágrannalöndunum. Verðbólgan gæti numið 2-2 ½ % að meðaltali og kaupmáttur ráðstöfunartekna yrði í besta falli óbreyttur. Þá er talið að atvinnuleysi fari vaxandi og verði að minnsta kosti 6% í lok tímabilsins. Við þessar aðstæður er búist við að raunvextir hækki umtalsvert, að minnsta kosti um 2%, jafnvel meira, eins og fram kemur í greinargerð Seðlabanka (fylgiskjal 2).

Þróun tekna. Það sem af er þessu ári hafa tekjur verið í takt við fjárlagaáætlun, jafnvel heldur meiri. Þar gætir meðal annars áhrifa minni samdráttar í efnahagslífinu en áætlað var. Á móti vegur nokkur óvissa vegna þeirrar umfangsmiklu skattkerfisbreytinga sem komu til framkvæmda í ár. Flest bendir þó til þess að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári - en þær eru grunnurinn undir áætlun næsta árs - verði kringum 104 milljarðar króna.

Þegar hafa verið lögfestar ýmsar skattbreytingar sem munu hafa áhrif á árinu 1995. Þessar breytingar lækka tekjur ríkissjóðs um tæpan 1 ½ milljarð króna á næsta ári að óbreyttu og þær haldast því óbreyttar að raungildi milli áranna 1994 og 1995

þrátt fyrir spá um rúmlega 2% aukningu þjóðarútgjalda og 1% hagvöxt. Í þessu felst að skattbyrðin minnkar lítillega á næsta ári.

Þróun ríkisútgjalda. Frá því að fjárlög 1994 voru samþykkt hafa útgjaldahorfur ríkissjóðs versnað nokkuð. Verði ekkert að gert gætu útgjöld ríkissjóðs á yfirstandandi ári orðið liðlega 3 milljörðum króna umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð gætu 1-2 milljarðar króna færst yfir á komandi ár sem föst árleg útgjöld. Engu að síður er áætlun um útgjöld ríkissjóðs næstu ár byggð á varfærinni stefnu í ríkisfjármálum. Almennt er gert ráð fyrir að aukning útgjalda ráðist að mestu af þáttum eins og breyttri aldurssamsetningu og fjölgun lífeyrisþega og námsmanna, en að nýjum verkefnum verði að mestu mætt með því að draga saman útgjöld á öðrum sviðum.

Þannig er gert ráð fyrir að árleg útgjöld almennrar stjórnsýslu aukist einungis um 1% að raungildi. Þetta eru þau útgjöld sem stjórnvöld eiga hvað auðveldast með að hafa áhrif á. Í annan stað er áætlað að framlög til fræðslumála aukist árlega um 2% að raungildi. Hér er tekið tillit til fyrirsjáanlegrar fjölgunar fólks á skólaaldri, krafna til minni bekkjastærða og aukins námsframboðs.

Framlög til heilbrigðis-, trygginga- og félagsmála eru talin aukast um tæp 3% á ári að jafnaði. Mest er aukningin í lífeyristryggingum, eða 4% en fyrirsjáanleg er umtalsverð fjölgun lífeyrisþega. Hærri meðalaldur þjóðarinnar og örar tækniframfarir kalla einnig á aukinn kostnað við hjúkrun og umönnun aldraðra og sjúkra.

Framlög til stuðnings landbúnaði taka mið af búvörusamningi, en þau munu áfram fara lækkandi. Þá taka framlög til atvinnuleysistryggingabóta mið af forsendum Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur. Sama gildir um vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Að auki eru vaxtagreiðslur reiknaðar af skuldastöðu ríkissjóðs og breytast eftir forsendum um afkomu ríkissjóðs.

Framlög til fjárfestingar lækka lítilsháttar árið 1995 en haldast eftir það svo til óbreytt. Framlög til annarra málaflokka eru að mestu óbreytt að raungildi.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna munu útgjöld ríkissjóðs aukast úr 114 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum 1994 í 142 milljarða króna á árinu 1998. Ríkisútgjöld munu hækka í hlutfalli við landsframleiðslu á sama tímabili, úr 28 ½ % í 30%. Að raungildi aukast útgjöldin um 3% að jafnaði á ári.

Almenn rekstrarútgjöld ríkisins munu aukast um 9% að raungildi yfir tímabilið og framlög til einstaklinga, fyrirtækja og samtaka aukast um 11%.

Vaxandi halli. Niðurstaða halladæmisins er sú að útgjöld muni aukast um rúmlega fjórðung á næstu fjórum árum, eða langt umfram aukningu landsframleiðslu. Tekjur munu hins vegar hækka mun minna þrátt fyrir aukinn hagvöxt. Verði ekki gripið til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum mun halli ríkissjóðs nær tvöfaldast fram til ársins 1998 samanborið við fjárlög 1994. Jafnframt munu skuldir ríkissjóðs aukast um þriðjung. Eins og þessar tölur bera glöggt með sér er verulegur hluti hallans kerfislægur, þ.e. þrátt fyrir að hagvöxtur glæðist á þessu tímabili og tekjur ríkissjóðs aukist vex hallinn stöðugt.

Tafla 1. Afkoma ríkissjóðs 1994-1998 - Halladæmi

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 1994	Áætlun 1998
Tekjur	**104**	**120**
- tekju- og eignaskattar	21	23
- aðrir skattar	75	88
- aðrar tekjur	8	9
Gjöld	**114**	**142**
- rekstur	53	64
- tilfærslur	35	43
- viðhald	3	3
- fjárfesting	12	12
- vextir	11	20
Afkoma ríkissjóðs	**-10**	**-22**
Sem % af landsframleiðslu	-2 ½	-5
Heildarskuldir ríkissjóðs, % af landsframleiðslu	**-48**	**-59**

Sú þróun sem hér blasir við stofnar í hættu þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu. Að mati Seðlabanka mun þetta þrengja verulega að innlendum lánsfjármarkaði og leiða til hækkunar vaxta. Það er ekki ásættanlegt. Þessar horfur kalla á róttækar aðgerðir þar sem einkum verður tekið á ýmsum skipulagsþáttum ríkisfjármálanna. Í næsta kafla er fjallað um helstu rök fyrir aðgerðum.

5 Nauðsyn aðgerða í ríkisfjármálum

Mikilvægur árangur hefur náðst. Þrátt fyrir að ytri skilyrði íslenska þjóðarbúsins hafi að mörgu leyti verið óhagstæð - vegna niðurskurðar aflaheimilda, erfiðs árferðis í okkar helstu viðskiptalöndum og verðfalls á helstu útflutningsafurðum - ríkir nú meiri stöðugleiki í efnahagslífinu en verið hefur um áratugaskeið. Verðbólga er með því lægsta sem gerist í heiminum. Tekist hefur að snúa tæplega 20 milljarða króna halla á viðskiptum við útlönd árið 1991 í afgang árið 1993 og horfur eru á enn meiri afgangi á árinu 1994. Erlend skuldasöfnun hefur verið stöðvuð. Þá hafa vextir lækkað verulega og eru nú lægri en verið hefur um langt árabil. Ennfremur er atvinnuleysi minna hér á landi en annars staðar.

Þennan árangur má einkum rekja til markvissrar stefnu í peninga- og ríkisfjármálum að undanförnu, sérstakra efnahagsaðgerða stjórnvalda og ábyrgrar afstöðu aðila vinnumarkaðarins sem hefur leitt til stöðugleika í verðlags- og launamálum, lækkunar vaxta og jafnvægis í viðskiptum við útlönd.

Á næstu árum eru horfur á að hagvöxtur glæðist á nýjan leik hér á landi. Nauðsynlegt er að stefnan í ríkisfjármálum miði að því að festa þann árangur sem náðst hefur í sessi. Mikilvægt er að treysta þá vaxtalækkun sem þegar er orðin og stefna jafnframt að enn frekari lækkun. Jafnframt þarf að varðveita og treysta jöfnuð í viðskiptum við útlönd og halda verðbólgu í skefjum.

Ýmis hættumerki framundan. Stefnan í ríkisfjármálum er hér í lykilhlutverki. Í fjórða kafla var fjallað um horfur í ríkisfjármálum næstu ár miðað við tilteknar efnahagsforsendur. Þar kemur fram að verði ekki gripið til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum muni halli á ríkissjóði fara vaxandi og meira en tvöfaldast fram til ársins 1998, þ.e. fara úr tæplega 10 milljörðum samkvæmt fjárlögum 1994 í rúmlega 20 milljarða árið 1998. Jafnframt munu skuldir ríkissjóðs aukast um þriðjung. Þetta gerist þrátt fyrir að framreikningurinn byggi á varfærnum forsendum hvað útgjöld varðar.

Þessi þróun leiðir bæði til aukins halla og vaxandi skuldasöfnunar hjá ríkissjóði auk þess sem ýmislegt annað fer úr skorðum í efnahagslífinu. Fyrstu áhrifin koma fram í aukinni lánsfjáreftirspurn og hækkun vaxta á innlendum markaði. Hærri vextir draga úr fjárfestingarvilja fyrirtækja og neyslu einstaklinga. Með öðrum orðum, eftirspurn í þjóðfélaginu minnkar. Jafnframt versnar skuldastaða heimila og fyrirtækja. Hagvöxtur og verðmætasköpun verður minni en ella. Við þessar aðstæður er óhjákvæmilegt að atvinnuleysi aukist. Reyndar er allt eins líklegt að afleiðingar aðgerðaleysis í ríkisfjármálum geti orðið enn alvarlegri. Fjögur atriði ber hér hæst.

Í fyrsta lagi má nefna gjörbreyttar aðstæður á innlendum fjármagnsmarkaði þar sem vextir ráðast nú í verulegum mæli á markaði og meira frelsi ríkir um fjármagnsstreymi milli landa. Um næstu áramót verða allir fjármagnsflutningar milli landa frjálsir. Þessar aðstæður takmarka svigrúm stjórnvalda til beinna aðgerða í vaxta- og gengismálum.

Í öðru lagi er rétt að vekja athygli á því að þar sem vextir ráðast á markaði geta væntingar og traust á efnahagsstefnu stjórnvalda skipt sköpum um þróun vaxta og gengis. Aðgerðaleysi eða ótrúverðugar aðgerðir í ríkisfjármálum geta því hvort sem er leitt til vaxtahækkunar á innlendum markaði og/eða þrýstings á gengi krónunnar til lækkunar. Einnig er mikilvægt að fjármál sveitarfélaga taki mið af þeim efnahagslegu sjónarmiðum sem hér hafa verið nefnd. Að öðrum kosti vinna þau gegn þeim meginmarkmiðum að stuðla að auknum hagvexti og bættum lífskjörum á næstu árum.

Í þriðja lagi eru kjarasamningar lausir um næstu áramót. Þetta atriði ásamt vantrú markaðarins á efnahagsstefnu stjórnvalda getur haft sömu áhrif, þ.e. vextir hækka og/eða þrýstingur á gengið vex.

Í fjórða lagi er kosningaár framundan. Um það eru mörg dæmi, hér á landi sem annars staðar, að þá er mikill þrýstingur á stjórnvöld um að auka útgjöld til ýmissa verkefna. Við þessar aðstæður er jafnframt hætta á að stjórnvöld gefi eftir og ríkisfjármálin fari úr böndunum. Nærtækasta dæmið er árið 1991. Á því ári var verulega slakað á aðhaldi og útgjöld stóraukin. Afleiðingin var methalli á ríkissjóði, gífurlegur halli á viðskiptum við útlönd og mikil hækkun vaxta innanlands.

Allir þessir þættir geta valdið því að verðbólgan fari á skrið og viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun aukist á nýjan leik. Jafnframt gætu lánskjör á erlendum markaði versnað. Við þessar aðstæður er rétt að vara við því að fjármagna halla ríkissjóðs með því að fara á erlendan markað. Þar með væri vandanum einungis skotið á frest. Auk þess eru erlendar skuldir þjóðarbúsins nú þegar orðnar mjög miklar og greiðslubyrði afborgana og vaxta þungur og vaxandi baggi á efnahagslífinu. Þessi þróun teflir því í tvísýnu þeim árangri í efnahagsmálum sem náðst hefur að undanförnu og er óásættanleg.

Auk þeirra neikvæðu áhrifa sem vaxandi halli á ríkissjóði hefur á vexti, hagvöxt og atvinnuleysi leiðir hann til stóraukinna vaxtaútgjalda ríkissjóðs. Í því dæmi sem rakið var í fjórða kafla kemur í ljós að vaxtaútgjöld nær tvöfaldast á tímabilinu 1994 til 1998 og verða um 20 milljarðar króna árið 1998. Í reynd má því rekja allan hallarekstur ríkissjóðs til vaxtagreiðslna og þannig að verulegu leyti til hallareksturs og skuldasöfnunar fyrri ára. Með viðvarandi hallarekstri er því verið að skerða lífskjör komandi kynslóða. Sú leið getur ekki talist ábyrg.

Nauðsyn skjótra aðgerða. Hér að framan hefur verið farið yfir helstu rök fyrir nauðsyn þess að draga markvisst úr halla ríkissjóðs á næstu árum. Í nýlegri skýrslu OECD um Ísland (maí 1994) er tekið undir þessi sjónarmið. Vakin er athygli á hartnær tvöföldun skulda ríkissjóðs frá árinu 1987 og bent á að ef ekki verður gripið í taumana í tæka tíð geti orðið erfitt að hafa hemil á skuldabyrðinni.

Ísland er reyndar ekki eitt á báti hvað þetta snertir. Á fundi efnahagsnefndar OECD nýverið, en hann sækja helstu efnahagssérfræðingar OECD-ríkjanna, var fjallað um ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum, helstu vandamál sem við blasa og leiðir til þess að bregðast við þeim. Mikil samstaða ríkti á fundinum í þessum efnum.

Helstu vandamálin eru mikið og þrálátt atvinnuleysi og háir vextir sem halda aftur af hagvexti. Mikilvægasta markmið hagstjórnar er að mati OECD að skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og draga úr atvinnuleysi. Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum og markviss áætlun um hvernig stjórnvöld hyggist draga úr halla ríkissjóðs á næstu árum er talin veigamesta forsendan fyrir því að þessum markmiðum megi ná. Aðeins þannig er unnt að stuðla að áframhaldandi lækkun vaxta. Þessi sjónarmið endurspegluðust í umræðum á ráðherrafundi OECD-ríkjanna sem haldinn var í júníbyrjun.

Þessi sjónarmið eiga fullt erindi inn í efnahagsmálaumræðuna hér á landi. Enda þótt margt hafi færst til betri vegar í okkar efnahagsmálum að undanförnu, eru ýmis vandamál óleyst. Síðustu sjö ár hefur nánast enginn hagvöxtur verið og í kjölfarið hefur atvinnuleysi aukist. Þessari þróun þarf að snúa við. Á næsta ári eru horfur á að hagvöxtur glæðist. Hann verður þó enn um sinn minni en í helstu viðskiptalöndum okkar og dugar hvergi til þess að draga úr atvinnuleysi eða bæta stöðu ríkissjóðs. Þess vegna er mikilvægt að treysta skilyrðin fyrir aukinni verðmætasköpun. Lækkun vaxta er þar lykilatriði. Til þess að tryggja áframhaldandi lækkun vaxta þarf að beita aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem miðar að því að ná jafnvægi í rekstri ríkissjóðs á næstu fjórum árum. Um það er fjallað í næsta kafla.

6 Áhrif aðgerða í ríkisfjármálum - Jafnaðardæmi

Í þessum kafla er fjallað um þær leiðir sem taldar eru heppilegastar til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum að teknu tilliti til þeirra meginmarkmiða í efnahagsmálum sem lýst var hér að framan. Mikilvægt er að bæði útgjalda- og skattastefna stjórnvalda stuðli að aukinni hagkvæmni og verðmætasköpun í atvinnulífinu, en dragi ekki úr hagvaxtarmöguleikum þess. Færa má sterk rök fyrir því að skattahækkun við ríkjandi aðstæður vinni gegn þessum markmiðum.

Að undanförnu hefur markvisst verið unnið að því að skapa atvinnulífi og einstaklingum aukið svigrúm til athafna. Skattar hafa verið lækkaðir og dregið hefur úr umsvifum ríkisins á flestum sviðum. Afar erfið ytri skilyrði hafa hins vegar legið sem mara á efnahagslífinu og eftirspurn, jafnt neysla sem fjárfesting, hefur verið í lágmarki. Þessar aðstæður hafa dregið úr möguleikum fyrirtækja og einstaklinga til þess að nýta sér aukin sóknarfæri í kjölfar þessara breytinga.

Nú eru taldar horfur á að hagvöxtur glæðist á ný eftir sjö ára stöðnunar- og samdráttartímabil. Enn um sinn mun hann þó verða minni en í helstu nágrannalöndum okkar. Við þessar aðstæður er helsta markmið hagstjórnar að styrkja innviði íslensks atvinnulífs og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun og hagvexti.

Skattahækkun við þessar aðstæður getur hins vegar leitt til gagnstæðrar niðurstöðu, dregið úr fjárfestingarvilja fyrirtækja og innlendri eftirspurn almennt. Þess vegna eru skýr rök fyrir því að heppilegasta leiðin til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum sé að draga markvisst úr vexti ríkisútgjalda. Í jafnaðardæminu er því gengið út frá óbreyttri skattastefnu og að jafnvægi í ríkisfjármálum verði náð með aðhaldi og sparnaði á útgjaldahlið.

Það er misskilningur, sem heyrist þó oft, að þessi stefna leiði til samdráttar í efnahagslífinu. Þvert á móti. Með henni dregur úr lánsfjáreftirspurn hins opinbera og skilyrði skapast til frekari lækkunar vaxta. Jafnframt eykst svigrúm einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Framleiðsla og eftirspurn í þjóðfélaginu eykst. Ný atvinnutækifæri skapast og atvinnuleysi minnkar. Þessi stefna stuðlar þannig að meiri hagvexti og minna atvinnuleysi. Þetta er eina færa leiðin til þess að auka hagvöxt, draga úr atvinnuleysi og tryggja varanlega bætt lífskjör í landinu. Það er meginniðurstaða þeirra framreikninga sem kynntir eru hér á eftir.

Útgjaldastefnan. Ef takast á að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum er grundvallaratriði að taka strax í upphafi ákvarðanir um meginleiðir að því marki og koma nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd á næstu tveimur árum. Hér á eftir er fjallað um þær meginleiðir sem skoðaðar eru í þessu dæmi.

Í jafnaðardæminu er í fyrsta lagi lögð áhersla á að lækka samneysluútgjöld ríkissjóðs að raungildi frá því sem þau eru í fjárlögum 1994. Miðað er við 3-4% lækkun að raungildi yfir allt tímabilið. Þótt ýmsar leiðir séu að því marki verður vart undan því vikist að taka hlutverk og rekstur stofnana ríkisins til gagngerrar

endurskoðunar. Í því sambandi þarf að gera auknar kröfur til stjórnenda opinberra stofnana um fjárhagslega ábyrgð samtímis því sem sveigjanleiki þeirra til stjórnunar verði aukinn. Mikilvægt er að skapa aukna samkeppni milli stofnana um rekstur á vegum hins opinbera, til dæmis með því að gefa öðrum aðilum kost á að reka þjónustustarfsemi sem ríkinu er ætlað að kosta. Þá er gert ráð fyrir því hér að þeir sem njóta þjónustunnar taki meiri þátt í kostnaði henni samfara.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög ríkisins til einstaklinga, fyrirtækja og samtaka lækki að raungildi um tæplega 3% frá því sem er í fjárlögum 1994. Af þessum framlögum vega þyngst útgjöld til almannatrygginga og landbúnaðar. Einnig má nefna framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og sveitarfélaga.

Loks er í jafnaðardæminu gert ráð fyrir nálægt fimmtungs samdrætti í fjárfestingu frá fjárlögum 1994. Þessi lækkun hefur óveruleg áhrif á heildarfjárfestingu í landinu þar sem minni útgjöld ríkisins eiga að skapa grundvöll fyrir aukinni fjárfestingu fyrirtækja.

Tafla 2. Afkoma ríkissjóðs 1994-1998 - Jafnaðardæmi

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 1994	Jafnaðar-dæmi 1998	Til saman-burðar: Halladæmi 1998
Tekjur	**104**	**122**	**120**
Gjöld	**114**	**122**	**142**
- rekstur	53	57	64
- tilfærslur	35	38	43
- vextir	11	13	20
- viðhald	3	3	3
- fjárfesting	12	11	12
Afkoma ríkissjóðs	**-10**	**0**	**-22**
Sem hlutfall af VLF	-2 ½	0	-5
Heildarskuldir ríkissjóðs	**48**	**47**	**59**

Helstu niðurstöður jafnaðardæmisins. Í fjórða kafla hér að framan er lýst horfum í ríkisfjármálum fram til ársins 1998 ef ekki er gripið til beinna aðgerða heldur einungis gætt almenns aðhalds í rekstri ríkisins. Þar kemur fram að útgjöld vaxi langt umfram landsframleiðslu og tekjur og hallinn muni því aukast verulega. Í jafnaðardæminu er hins vegar gert ráð fyrir því að gripið verði til sérstakra aðhaldsaðgerða til að halda aftur af vexti útgjaldanna. Með þessum aðgerðum verða útgjöld ríkissjóðs 14% lægri að raungildi en í halladæminu. Samanburður við fjárlög 1994 leiðir í ljós rúmlega 3% lækkun að raungildi. Í hlutfalli við landsframleiðslu lækka útgjöld í rúmlega 25%, eða um 3 prósentustig frá fjárlögum 1994, og verður að fara aftur til ársins 1987 til að finna jafn lágt útgjaldahlutfall.

Þær aðgerðir í ríkisfjármálum sem gert er ráð fyrir í jafnaðardæminu hafa veruleg og jákvæð áhrif á efnahagslífið. Þetta kemur glöggt fram í mati Þjóðhagsstofnunar

(fylgiskjal 1), en þar eru birtar niðurstöður framreikninga stofnunarinnar um efnahagshorfur næstu fjögur ár. Helstu niðurstöður eru þessar:

Tafla 3. Þjóðhagshorfur 1998

Meðalbreytingar milli ára	Jafnaðar-dæmi %	Halla-dæmi %	Mis-munur %
Verg landsframleiðsla	3	2	1
Þjóðartekjur	3	2	1
Þjóðarútgjöld	2 ½	1 ½	1
Einkaneysla	3	1 ½	1 ½
Samneysla	0	2	-2
Fjárfesting	5	1	4
Útflutningur	4	3	1
Innflutningur	4	2 ½	1 ½
Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	¼	½	0
Atvinnutekjur á mann	3	2	1
Framfærsluvísitala	2 ½	2 ¼	¼
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1	0	1
Atvinnuleysi sem % af mannafla	5	6	-1
Langtímavextir	3 ½	7	-3 ½

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Hagvöxtur verður umtalsvert meiri í jafnaðardæminu og nálgast 3% í lok tímabilsins, en það er svipað og spáð er fyrir OECD-ríkin í heild. Þar með væri hagvöxtur hér á landi í fyrsta sinn í meira en áratug svipaður og í helstu nágrannaríkjum okkar.

Raunvextir í jafnaðardæminu lækka verulega frá því sem nú er. Í halladæminu er hins vegar talið að þeir hækki um að minnsta kosti 2% og fari í 7% árið 1998. Að mati Seðlabankans eru talsverðar líkur á enn meiri vaxtahækkun í halladæminu. Þá er rétt að vekja athygli á því að búast má við að lánskjör erlendis versni í halladæminu, en batni í jafnaðardæminu.

Atvinnuleysi verður minna í jafnaðardæminu, eða innan við 5%, samanborið við að minnsta kosti 6% í halladæminu. Hækki raunvextir meira verður munurinn enn meiri. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að hér er ekki tekið tillit til áhrifa hugsanlegra aðgerða til að taka á skipulagsvanda í efnahagslífinu sem kynnu að draga enn frekar úr atvinnuleysi.

Starfsskilyrði atvinnugreina batna að mun í jafnaðardæminu. Lækkun vaxta leiðir til aukinna fjárfestinga fyrirtækja og einstaklinga og almenn eftirspurn í efnahagslífinu eykst án þess að stofna stöðugleika í verðlags- og gengismálum í hættu.

Skuldasöfnun ríkisins stöðvast í jafnaðardæminu, samanborið við þriðjungs aukningu í halladæminu. Þessi þróun hefur jákvæð áhrif á lánskjör og lánstraust erlendis.

Viðskiptajöfnuður verður í jafnvægi allt tímabilið, jafnvel heldur jákvæður. Í halladæminu er reyndar ekki gert ráð fyrir miklum viðskiptahalla. Hins vegar er ljóst að töluverð hætta er á að niðurstaðan í því tilviki verði talsvert lakari og því fylgi meiri viðskiptahalli og aukin erlend skuldasöfnun.

Næstu skref - Nánari útfærsla aðgerða. Hér hefur verið lýst hvernig aðhaldssöm og markviss stefna í ríkisfjármálum getur stuðlað að varanlegum hagvexti og dregið úr atvinnuleysi án þess að stofna almennum stöðugleika í efnahagsmálum í hættu. Hér hefur verið lýst hugmyndum um hvernig ná megi jafnvægi í ríkisfjármálum. Næsta skref er að vinna að frekari útfærslu þessara hugmynda eða annarra sem skila sömu niðurstöðu.

Fylgiskjöl.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN
Vinnuskjal, 13.6.94.

Efnahagshorfur og ríkisbúskapurinn

Fjármálaráðuneytið, Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun hafa að undanförnu haft samstarf um undirbúning áætlunar í ríkisfjármálum fyrir árin 1995-1998. Það hefur komið í hlut Þjóðhagsstofnunar að meta efnahagshorfur fyrir þjóðarbúskapinn í heild í ljósi mismunandi þróunar í ríkisbúskapnum og samhliða þróunar á peningamarkaði. Hér verður gerð grein fyrir þessu mati á efnahagsframvindu næstu ára að gefnum mismunandi forsendum um tekjur og gjöld ríkisins og vexti á ríkisbréfum. Þjóðhagslíkan stofnunarinnar var notað við útreikningana. Það er rétt að leggja áherslu á að hér eru sýndir framreikningar að gefnum forsendum um þróun ytri stærða þar sem haldið er til haga ákveðnu innra samræmi.

Helstu niðurstöður eru þessar:


- Að mati fjármálaráðuneytisins má eyða halla ríkissjóðs á árunum 1995-1998. Gera má ráð fyrir lækkun raunvaxta í u.þ.b. 3,5% ef það tekst. Ef ekki má gera ráð fyrir að raunvextir hækki aftur í a.m.k. 7%.

- Búast má við aukningu á landsframleiðslu á ný frá árinu 1995, eftir samdráttarárið 1994. Hagvöxturinn er mismunandi eftir forsendum um ríkisbúskapinn, vexti og útflutning. Verði halla ríkissjóðs eytt má gera ráð fyrir að hagvöxtur verði 2% að jafnaði árin 1995-1998 og nálgist 3% undir lok tímabilsins. Gangi þetta eftir verða Íslendingar því komnir á svipaða hagvaxtarbraut og gert er ráð fyrir í öðrum iðnríkjum. Viðskipti við útlönd eru í jafnvægi í þessu dæmi og erlendar skuldir minnka úr 57% af vergri landsframleiðslu nú í 47% í lok árs 1998. Gera má ráð fyrir hægri minnkun atvinnuleysis gangi þetta eftir.


- Einnig er búist við hagvexti frá 1995 þótt halli á ríkissjóði minnki ekki, en nú 1½% að jafnaði árin 1995-1998. Gert er ráð fyrir 2% hagvexti í lokin. Talið er að erlendar skuldir verði um 50% í lok árs 1998. Eins og áður hefur verið bent á í ritum Þjóðhagsstofnunar er ólíklegt að úr atvinnuleysi dragi við 2% hagvaxtarstig.

- Vöxtur útflutnings- og samkeppnisgreina utan sjávarútvegs og stóriðju er nauðsynlegt skilyrði fyrir hagvexti næstu ára. Til að þessar greinar nái að dafna verður að tryggja þeim stöðug og hagstæð starfsskilyrði. Vaxtalækkun kemur að litlu haldi hvað þetta varðar nema tryggt sé að sveiflur í ytri skilyrðum sjávarútvegs valdi ekki stórkostlegum breytingum í innlendri eftirspurn og verðlagi.

Mynd 1. Verg landsframleiðsla
Magnvísitölur =100 árið 1990



Mynd 2. Hrein erlend skuldastaða
Hlutfall af vergri landsframleiðslu



Áhrif minnkunar ríkishalla

Fjármálaráðuneytið hefur sett fram tvo ferla fyrir þróun ríkisfjármála. Annar kosturinn miðast við að halla ríkissjóðs sé eytt á fjórum árum, 1995-1998, hinn miðast við að ekki verði gripið til sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum og halli minnki ekki. Niðurskurður ríkisútgjalda kemur beint fram í þremur ytri stærðum líkansins: mannafla hjá hinu opinbera, kaupum hins opinbera á vöru og þjónustu og fjárfestingu

hins opinbera. Í jafnaðardæminu eykst samneysla hins opinbera að jafnaði um 0,1% á ári. og fjárfesting hins opinbera dregst saman að meðaltali um 2½% á ári. Í halladæminu eykst samneysla hins vegar um 2,2% að jafnaði og fjárfesting hins opinbera dregst saman um 1½% á ári. Í báðum dæmunum er miðað við óbreytta skattbyrði.

Benda ber á að haga verður niðurskurði útgjalda þannig að ekki sé gengið á hagvaxtarmöguleika til lengri tíma litið. Það skiptir máli hvað þetta varðar hvort halli ríkissjóðs er minnkaður með samdrætti í samneyslu eða niðurskurði fjárfestinga. Viðhald og vöxtur þjóðarauðs í samgöngumannvirkjum og byggingum hins opinbera er að sjálfsögðu nauðsynlegur til eflingar hagvaxtar. Það er því einungis um frestun á útgjöldum að ræða ef fjárfestingar hins opinbera í slíkum mannvirkjum eru skornar óhóflega niður. Hið sama má segja um útgjöld til skólamála og rannsóknarstarfsemi.

Vextir eru ytri stærð í líkaninu og verður því að gefa sér hve mikil áhrifin af minnkun ríkishallans á vaxtastig yrðu. Hér hefur sú leið verið valin að miða við að raunvextir á ríkisbréfum leiti aftur upp í 7% ef halla verður ekki eytt, en að þeir lækki smám saman í 3½% ef halla verður eytt. Talan 3½% er valin með hliðsjón af vöxtum af sambærilegum verðbréfum í iðnríkjunum, sem verður að telja að setji vaxtastigi hér ákveðin neðri mörk. Af greinargerð Seðlabankans má ráða að umframeftirspurn muni ríkja á lánsfjármarkaði í halladæminu, sem nemur 2% af landsframleiðslu, jafnvel við 7% vaxtastig. Það má því gera ráð fyrir að skekkjan hér sé því í þá átt að annað tveggja sé vanmetið í halladæminu: innlent vaxtastig, vegna aukinnar innlendrar lántöku, eða verðbólga og erlendar skuldir, vegna aukinna erlendra lána. Hvort tveggja gerir halladæmið að sjálfsögðu enn ófýsilegri kost.

Í líkani Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að vaxtalækkunin leiði til aukningar einkaneyslu í nokkrum mæli, en mest eru þó áhrifin á fjárfestingu. Þetta eykur framleiðslu og atvinnu til skamms tíma, en ef útflutningur eykst ekki jafnhliða verður afleiðingin sú að aukin hlutdeild fjármuna í framleiðslunni ryður burt störfum. Í líkani Þjóðhagsstofnunar er útflutningur að mestu ytri stærð. Því verður að setja forsendur um mismunandi þróun útflutnings í þessum tveimur leiðum. Hér hefur verið gert ráð fyrir hröðum vexti þjónustutekna og útflutnings iðnvarnings annars en afurða sjávar og stóriðju ef halla verður eytt á ríkissjóði, vextir lækka og byggt verður upp traust á stöðugum ytri skilyrðum þessara greina. Í heild þá vex útflutningur um 1,8% árlega í halladæminu, en um 2,9% í jafnaðardæminu.

Árétta ber að það er nauðsynlegt skilyrði fyrir fullnustu þessara forsendna um þróun vaxta, fjárfestingar og vöxt útflutnings að það takist að skapa tiltrú á ætlan stjórnvalda um að framfylgja áætlunum hvað varðar eyðingu hallans á ríkissjóði og ekki síður að hægt sé að treysta á að starfsskilyrði útflutnings og samkeppnisgreina verði stöðug. Sérstaklega er mikilvægt að raungengi hækki ekki frá því sem nú er því ella má vaxtalækkun sín lítils. Það er því sér í lagi nauðsynlegt, sem almennt skilyrði fyrir því að þessar greinar nái að dafna, að skipuleggja fyrirfram hvernig koma á í veg fyrir hefðbundnar kollsteypur eftirspurnar og verðlags í kjölfar sveiflna í skilyrðum sjávarútvegs.

Helstu talnaforsendur

Helstu forsendur sem Þjóðhagsstofnun hefur stuðst við í mati á efnahagshorfum áranna 1994-1998 eru eftirfarandi:

Alþjóðahorfur: Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í ríkjum OECD taki við sér á árinu 1994 og verði 2,7% á árinu 1995 og 3% eftir það. Nafnvextir á erlendum skuldum Íslendinga munu líklega hækka nokkuð 1994 og gert er ráð fyrir 0,2% nafnvaxtahækkun á því ári. Gert er ráð fyrir að verðbólga erlendis minnki í 2,5% svo að raunvextir á erlendum skuldum munu hækka um 0,5 prósentustig frá því sem var árið 1993.

Útflutningur: Fyrir utan 1% raunverðshækkun sjávarafurða 1995 er gert ráð fyrir óbreyttu raunverði á sjávarafurðum og útflutningi öðrum en áli og kísiljárni frá 1995. Talið er að verð á áli og kísiljárni muni hækka í eðlileg langtímagildi á árunum 1994-1998.

Eftir samdráttinn í þorskveiðum 1994 og 1995 er gert ráð fyrir að tekjur af þorskveiðum aukist að marki á ný árin 1997-1998. Í heild er gert ráð fyrir að útflutningur sjávarafurða standi í stað 1994, dragist saman um 3½% 1995, en aukist um 2½% á ári að jafnaði 1996-1998.


Gert er ráð fyrir að álframleiðsla ÍSAL aukist lítillega á næstu árum, en ekki er gert ráð fyrir nýju álveri Atlantsáls eða annarri nýrri stóriðju, þótt telja verði nokkrar líkur á að ráðist verði í verkefni af því tagi undir lok þess tímabils sem hér er til skoðunar. Það þarf vart að taka fram að breyting á þeirri forsendu myndi gerbreyta efnahagshorfum.

Í jafnaðardæminu er gert ráð fyrir hröðum vexti annars vöruútflutnings samhliða lækkun vaxta, eða 10% árlega frá 1995. Hlutfall þessa útflutnings er nú innan við 6% af heildarútflutningi svo að framlagið til vaxtar heildarinnar er aðeins 0,6% í byrjun. Í halladæminu er gert ráð fyrir að þessi flokkur útflutnings aukist einungis um 2% á ári.

Í jafnaðardæminu er gert ráð fyrir að þjónustutekjur aðrar en af ferðaþjónustu aukist um 5% árlega frá 1995. Í halladæminu er gert ráð fyrir 2% vexti þessara tekna, sem voru 20% af heildarútflutningi 1993.

Gert er ráð fyrir að tekjur af ferðaþjónustu aukist um 7% að jafnaði fram til 1998, en hlutfall þessara tekna var 11% af heildarútflutningi á árinu 1993. Framlagið til vaxtar heildarútflutnings er því um 0,8% í byrjun.

Mynd 3. Skipting útflutningstekna 1993 og 1998.



SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Vinnuskjal
13.06.94

Um vaxtahorfur og lánsfjármarkaði.

Inngangur.

Hlutur Seðlabankans í samstarfi fjármálaráðuneytis, Þjóðhagsstofnunar og bankans um gerð langtímaáætlunar um ríkisfjármálin, hefur einkum snúið að því að meta líklega vaxtaþróun við mismunandi skilyrði. Þau höfuðdæmi, sem borin hafa verið saman, eru annars vegar að sjálfvirk útgjaldaaukning samkvæmt núgildandi reglum gangi fram án aðhaldsaðgerða, en hins vegar að útgjaldaaukanum verði eytt, þannig að rekstur ríkissjóðs verði sem næst í jafnvægi á árinu 1998. Í dæmunum tveimur er verulegur munur á lánsfjárþörf ríkissjóðs. Í jafnaðardæminu minnkar hrein lánsfjárþörf úr 11,8 ma.kr. árið 1994 niður í 2,4 ma.kr. árið 1998, og gert er ráð fyrir að raunvextir spariskírteina lækki úr 5% í 3,5% á sama tíma. Án aðgerða vex hrein lánsfjárþörf úr 11,8 ma.kr. í 24 ma.kr. og reiknað er með að spariskírteinavextir hækki úr 5% í 7%. Til samanburðar er meðaltal af raunvöxtum ríkisskuldabréfa í helstu iðnríkjum um 4,1 á árinu 1993 og 4,2 á árinu 1995 skv. spám OECD (des.93). Hér á eftir er lagt mat á hvort þessi mismunur á vaxtaforsendum milli dæmanna sé eðlilegur í ljósi þess mismunar sem verður á ástandi lánsfjármarkaða. Ennfremur er lagt mat á möguleikana á að fjármagna verulegan hluta aukinnar lánsfjárþarfar á innlendum markaði. Niðurstaðan er í stuttu máli, að sú aukning sparnaðar, sem hlýst af hærri vöxtum í halladæminu, virðist sízt meiri en þarf til að rýma fyrir aukinni lánsfjárþörf ríkisins á innlendum markaði. Því er að sjá að til þess að fjármagna hallann innanlands þurfi enn meiri vaxtahækkun en hér er gert ráð fyrir. Aukinni lánsfjárþörf ríkissjóðs er að vísu að einhverju leyti hægt að mæta með auknum erlendum lántökum. Svigrúm til erlendrar lántöku fer þó minnkandi með vaxandi skuldum, og erlendar lántökur myndu reyna verulega á spána um viðskiptajöfnuð, sem hér er stuðst við.

1. Framboð lánsfjár frá lífeyrissjóðum.

Eins og undanfarin ár verða lífeyrissjóðirnir langstærsta uppspretta lánsfjár. Ef gert er ráð fyrir að hlutfall iðgjalda verði um 4,4 % af landsframleiðslu eins og undanfarin ár, að 30% af stofni séu lánuð út á hverju ári á spariskírteinavöxtum en afgangurinn haldi gömlum vöxtum og að lífeyrisgreiðslur hækki um 0,5% á ári umfram laun í samræmi við reynslu undanfarinna ára, þá verður hreinn eignaauki sjóðanna nálægt 24 ma.kr. á ári 1995-1998. Þetta fé verður til ráðstöfunar til að fullnægja hreinni lánsfjárþörf annarra geira. Ef ekki tekst að koma böndum á halla ríkissjóðs og vextir hækka á ný, gefa tiltölulega einfaldir framreikningar enn hraðari eignauppbyggingu vegna hærri

vaxta. Vaxtalækkun kemur þó tiltölulega hægt fram, þar eð lífeyrissjóðirnir eiga einkum langtímabréf.

Tafla 1. Eignaaukning lífeyrsissjóða

ma.kr., verð 1994	1990	1991	1992	1993
Eignaukning lífeyrissjóða 1990-1993	18,0	19,6	23,0	20,7

	1994	1995	1996	1997	1998
Eignaukning lífeyrissjóða, jafnaðardæmi	23,5	23,5	24	24	24
Eignaukning lífeyrissjóða, halladæmi	23,5	23,5	24,5	26	28,5

2. Frjáls sparnaður

Önnur meginframrás fjármagns undanfarin ár hefur verið í frjálsum sparnaði, einkum innlánum í bankakerfinu og verðbréfum utan fjármálastofnana. Hefur þessi sparnaður vaxið úr tæpum 30% í rúmlega 55% af landsframleiðslu frá 1982. Þessi sparnaður er tiltölulega næmur fyrir (raun)vaxtastigi á lánamarkaði og hagvexti, og hefur því dregið úr vexti hans allra síðustu árin. Með lækkandi verðbólgu og heldur skánandi hagvexti má leiða að því rök að vöxtur frjálss sparnaðar gæti færst í aukana og orðið 12 - 17 ma.kr. á ári, eða svipað og var á árunum 1989-1990. Í halladæminu leiða hærri vextir til þess að meira bætist við eignir en í jafnaðardæminu með mótsvörun í minni neyslu.

Tafla 2. Aukning frjálss sparnaðar.

milljarðar króna, verð 1994	1990	1991	1992	1993
Aukning frjálss sparnaðar 1990-1993	16,7	18,7	4,6	6,2

	1994	1995	1996	1997	1998
Aukning frjálss sparnaðar, jafnaðardæmi	8,5	12	13	16	17
Aukning frjálss sparnaðar, halladæmi	8,5	13	16	21	21

3. Eftirspurn eftir lánsfé og skuldir heimilanna.

Undanfarin ár hafa skuldir heimilanna vaxið verulega, jafnframt því sem opinberi geirinn hefur verið rekinn með halla. Eftirspurn eftir lánsfé hefur verið umfram framboð, og hefur það samsvarað sér í erlendum lántökum og viðskiptahalla sem nam að meðaltali 3,1% af þjóðarframleiðslu árin 1987-1992. Brúttóskuldir heimilanna hafa aukist hröðum skrefum, úr 33% af landsframleiðslu í árslok 1986 í 66% í lok 1993, m.a. vegna bætts aðgangs heimilanna að lánsfé, ekki síst til húsnæðiskaupa. Enn um sinn verða nýjar lántökur í húsnæðiskerfinu verulega hærri en inngreiðslur afborgana, og munar t.d. um 13 ma.kr. skv. áætlunum fjárlaga fyrir 1994. Líklegt verður að telja

að fljótlega fari að slá á þess skuldaaukningu, m.a. vegna aukinnar veðsetningar húsakosts. en hlutfallinu eru ljóslega takmörk sett. Skuldaaukning heimilanna var að meðaltali 25,5 ma.kr. á ári 1990-1993 (verðlag 1994), en fer að líkindum ört lækkandi. Í eftirfarandi dæmi er gert ráð fyrir að skuldir heimilanna leiti í humátt að 100% af landsframleiðslu og haldist þar í jafnvægi þegar raunvextir eru 5% og hagvöxtur 2%. Við þetta dregur nokkuð ört úr skuldaaukningunni, sem er trúlegt í ljósi þess að óðum dregur úr biðraðaeinkennum á húsnæðismarkaði. Þessir reikningar gefa einnig þá harla trúlegu niðurstöðu að skuldaaukningin verði minni ef hallarekstur ríkissjóðs heldur uppi vöxtum en ef vextir fara lækkandi, og munar um 5 ma.kr. á seinni árunum.

Tafla 3. Skuldaaukning heimilanna.

ma.kr. á verði 1994	1990	1991	1992	1993
Skuldaaukning heimila 1990-1993	28,3	27,8	26,7	19,0

	1994	1995	1996	1997	1998
Skuldaaukning heimila, jafnaðardæmi	14,5	12	12	10,5	10,5
Skuldaaukning heimila, halladæmi	14,5	11	9	6	6,5

4. Skuldastaða atvinnuveganna

Ekki hefur verið um sambærilega skuldasöfnun að ræða í fyrirtækjageiranum. Á föstu (innlendu) verði drógust skuldir saman á fastgengisárunum 1990 og 1991, en jukust á árunum 1992 og 1993 í kjölfar gengisfellingar krónunnar. Ætla má að skuldasöfnun fyrirtækja verði því meiri sem fjárfestingar eru meiri og afkoma verri. Í þeim dæmum sem reiknuð eru, er gert ráð fyrir að raungengi sé nær stöðugt og fjárfesting fyrirtækja í öllum tilvikum minni en á árunum 1990 og 1991, enda þótt vaxtalækkunin í jafnaðardæminu leiði til þess að fjárfestingin hjarnar verulega við. Miðað við lauslega útreikninga stenst lækkuð vaxtabyrði nokkurn veginn á við aukin fjárfestingarútgjöld, og ólíklegt virðist að skuldaaukning verði veruleg í hvoru dæminu sem er. Vegna þess hve mikið vantar inn í þá heildarmynd sem reikningarnir gefa af rekstri fyrirtækja, ber fremur að líta á tölurnar um skuldaaukningu sem vísbendingu um mismun þróunar í dæmunum tveimur heldur en taka þær sem merkilegar fullyrðingar um raunverulega skuldaþróun.

Tafla 4. Skuldaaukning fyrirtækja.

ma.kr. á verði 1994	1990	1991	1992	1993
Skuldaaukning fyrirtækja 1990-1993	-3,8	-0,3	19,3	8,7

	1994	1995	1996	1997	1998
Skuldaaukning fyrirtækja, jafnaðardæmi	2	1,5	1	1	-2
Skuldaaukning fyrirtækja, halladæmi	2	0	0	0	-3

5. Lánsfjáreftirspurn ríkisins og heildarrými á lánamarkaði.


Verulegur munur er á lánsfjáreftirspurn ríkisins í dæmunum tveimur. Hún minnkar úr tæpum 12 ma.kr. árið 1994 í tæpa 3 á árinu 1998 í jafnaðardæminu, en vex úr 12 í 24 ma.kr. ef ekki er gert ráð fyrir aðgerðum. Hins vegar munar ekki nema 10 ma.kr. á ári 1997-1998 á því rými sem fyrir hendi er þegar metin skuldaaukning heimila og fyrirtækja hefur verið dregin frá sparnaði í lífeyrissjóðum og í formi frjálss sparnaðar. Þennan mismun má líta á sem mælikvarða á "lánsfjárrými" á innlendum lánamarkaði. Í eftirfarandi töflu er þessi samanburður gerður á föstu verðlagi 1994. Sem fyrr segir ber að gjalda varhuga við að taka tölugildin of hátíðlega: Inn í vantar þróun ýmissa liða, einkum á eignahlið lánakerfisins, sem sumir hverjir hljóta að fara lækkandi. Má þar nefna skyldusparnað í byggingarsjóði ríkisins og tryggingarsjóði tryggingarfélaga. Þá er meira en líklegt að verulega sé vanmetinn í útreikningi á skuldaþróun fyrirtækja sá hlutur sem eigendur og sjálfstæðir atvinnurekendur taka út úr rekstri án þess að telja fram sem laun. Ekki verður hins vegar séð að miklu ætti að muna á þessum liðum í dæmunum tveimur. Því er hér hætt á að nota niðurstöðurnar sem vísbendingu um mismunandi rými á lánsfjármarkaði.

Tafla 5. Lánsfjárþörf fyrirtækja og "lánsfjárrými".


ma.kr.,verð 1994.	1994	1995	1996	1997	1998
Hrein lánsfjárþörf ríkis, jafnaðardæmi	12	10,5	7,5	5,0	2,5
Hrein lánsfjárþörf ríkis, halladæmi	12	14	17	19	21
"Lánsfjárrými", jafnaðardæmi	16	22	24	28	33
"Lánsfjárrými", halladæmi	14	24	30	39	43

Rýmið í halladæminu er 10 ma.kr. meira en í jafnaðardæminu, en lánsfjárþörf ríkisins um 20 ma.kr. meiri. Verulega þrengra verður eftir því á lánsfjármarkaði ef aðhaldið brestur, og erfitt að fjármagna ríkishallann innanlands, jafnvel á þeim vöxtum sem gert er ráð fyrir. Miðað við þær takmörkuðu vísbendingar, sem hér er að finna, virðist sá vaxtamunur, sem gert er ráð fyrir, síst of mikill miðað við mun á afkomu og lánsfjárþörf ríkissjóðs.


Halli ríkissjóðs



Tekjur og gjöld ríkissjóðs



Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



695. Tillaga til þingsályktunar [425. mál]

um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–92. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, vátryggingafélaga og áhugahópa um umferðaröryggismál. Opinberir aðilar og fyrirtæki sem starfa að umferðaröryggismálum og sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 skili til dómsmálaráðuneytisins framkvæmdaáætlun eða tillögum er leiði til aukins umferðaröryggis. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin samþykkti 25. nóvember 1994 stefnumörkun í umferðaröryggismálum þar sem stefnt skyldi að verulegri fækkun alvarlegra umferðarslysa fyrir lok ársins 2000. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar var skipuð nefnd 21. desember 1994 til að gera tillögur að umferðaröryggisáætlun sem yrði tilbúin 15. janúar 1995.

Í nefndina voru skipuð: Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, formaður, Brynjólfur Mogensen yfirlæknir, Jón Birgir Jónsson ráðuneytisstjóri, Margrét Sæmundsdóttir, formaður umferðarnefndar Reykjavíkur, og Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður. Með nefndinni störfuðu Þórhallur Ólafsson, tæknifræðingur hjá Vegagerðinni og formaður Umferðarráðs, og dr. Haraldur Sigþórsson, deildarverkfræðingur hjá borgarverkfræðingi.

Nefndin skilaði tillögum sínum með skýrslu 27. janúar 1995. Eins og sjá má í heimildaskrá hennar var víða leitað fanga og voru tillögur bornar saman við heimildir og reynslu annarra þjóða. Skýrslan verður vonandi kærkomið upplýsingarit um umferðaröryggismál og gefur gott yfirlit yfir aðgerðir í umferðaröryggismálum. Er ánægjulegt til þess að vita að Ísland hefur nú bæst í hóp þeirra fjölmörgu ríkja sem gert hafa umferðaröryggisáætlun.

Áríðandi er að hafa í huga að áætlunin þarf stöðugt að vera í endurskoðun og því er mikilvægt að benda á að þeir sem hafa tillögur og athugasemdir við hana geta ávallt komið þeim til dómsmálaráðuneytisins eða til nefndar sem mun endurskoða skýrsluna. Því tré sem hér hefur verið gróðursett er sannarlega ætlað að styrkjast og dafna á komandi missirum og árum, enda viðvarandi verkefni að draga úr þeim gríðarlega kostnaði sem samfélagið hefur af umferðarslysum. Mikil vinna hefur verið lögð í skýrsluna og þar er tekið á þáttum sem varða öll svið umferðar og varða alla sem þurfa að koma að þessu samræmda átaki.

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón umferðaröryggismála. Dómsmálaráðherra skipi starfshóp til að fjalla um verkaskiptingu milli dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis með það að markmiði að samnýta betur tækniþekkingu og tryggja skilvirkari framkvæmd umferðaröryggismála í landinu.
2. Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfrækt á ný og rannsaki hún alvarlegustu umferðarslysin ásamt því að vera ráðgefandi fyrir Alþingi í sérstökum málum er varða umferðaröryggi.

3. Stofnaður verði sjóður sem veiti fé til rannsóknarverkefna á umferðaröryggissviði. Sjóðurinn geti einnig stutt áhugaverðar aðgerðir ef sýnt þykir að þær stuðli að meira umferðaröryggi, t.d. hjá sveitarfélögum. Nú er innheimt umferðaröryggisgjald við aðalskoðun, nýskráningu og eigandaskipti hverrar bifreiðar að upphæð 100 krónur. Til að efla umferðaröryggisstarfið er lagt til að hækka gjaldið í 150 krónur. Umferðarráð nýti hluta þessarar fjárhæðar til að styrkja einstök umferðaröryggisverkefni sem áhugaverð eru. Ef ákveðið verður að heimila sérnúmeraplötur og á þær lagt sérstakt umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs verði það fé einnig notað í sama tilgangi. Einnig er æskilegt að vátryggingafélög, Vegagerðin og fleiri aðilar leggi fé í sjóðinn.
4. Samvinna þeirra fjölmörgu aðila, er að umferðaröryggismálum vinna, er forsenda öflugs og árangursríks umferðaröryggisstarfs.
5. Samræma skal skráningu umferðarslysa á landinu öllu. Umferðarráð samræmi skráningu lögreglu, sjúkrastofnanir sína skráningu og tryggingafélögin sína. Þessir þrír aðilar sameini síðan sínar skrár í eina slysaskrá.
6. Opinberar stofnanir, sem að umferðaröryggismálum vinna, sendi skýrslu til dómsmálaráðuneytis fyrir lok hvers árs um fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði umferðaröryggismála. Sama gildi um sveitarfélög með fleiri en 1.000 íbúa.
7. Samkvæmt forkönnun, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði til að meta kostnað þjóðfélagsins vegna umferðarslysa, reyndist heildarkostnaður vera um 8 milljarðar kr. Lagt er til að Háskólinn geri heildarúttekt á þjóðfélagskostnaði vegna umferðarslysa og skili skýrslu þar að lútandi í haust. Nauðsynlegt er að Háskólinn komi í ríkari mæli inn í umferðaröryggisrannsóknir.
8. Æskilegt er að kannað verði hvort niðurfelling skatta á sérstökum öryggisbúnaði bifreiða, t.d. loftpúðum, leiði til aukinnar notkunar og meira umferðaröryggis.
9. Rétt er að láta kanna hvort opinber gjöld standi í vegi fyrir að ökutæki séu búin bestu fáanlegu öryggistækjum.
10. Auka þarf umferðarfræðslu, bæta ökunám og efla upplýsinga- og áróðursstarf.
11. Lögleiða þarf notkun hjólreiðahjálma innan nokkurra ára.
12. Samræma þarf reglur um allt ökunám og gera öllum ökuskólum skylt að starfa með starfsleyfi frá Umferðarráði.
13. Breyta þarf reglum um heimild til aksturs á léttum bifhjólum, dráttarvélum, vélsleðum og torfærutækjum.
14. Gera þarf bóklegt ökunám fyrir alla flokka ökuréttinda að skyldu.
15. Koma þarf upp ökugerðum sem víðast í tengslum við ökukennslu og önnur umferðaröryggismál.
16. Sérstakur ökuréttindaflokkur verði tekinn upp fyrir bifreiðir með stóra eftirvagna.
17. Samræma þarf reglur um ökutæki og búnað þeirra EES-reglugerðum og þar sem leyfilegt er að hafa strangari séríslenskar reglur sem stuðla að auknu umferðaröryggi skal það gert þar sem rök mæla með.
18. Vinna skal að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Umferðaröryggi verði fastur þáttur í allri skipulagsvinnu sem tengist vega- og gatnakerfi og í umhverfismati.
19. Auka þarf eftirlit og löggæslu. Þar ber sérstaklega að nefna áhrifamátt sjálfvirks umferðareftirlits með myndavélabúnaði og ber að stefna að uppsetningu slíks búnaðar.

20. Taka ber upp punktakerfi í tengslum við ökuferilsskrá sem fyrst.
21. Stórefla ber rannsóknir á sviði umferðaröryggismála og nýta erlendar rannsóknir í umferðaröryggisstarfinu.
22. Gera þarf eiganda ökutækis ábyrgari vegna aðildar bifreiðar hans að umferðarlagabroti.

Samhliða tillögunni verður alþingismönnum afhent skýrsla nefndarinnar, „Umferðaröryggisáætlun til ársins 2001“.

696. Svar [390. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vilhjálms Egilssonar um hlutabréfaeign einstaklinga.

1. Hve háa fjárhæð telja einstaklingar fram sem hlutabréfaeign?

Samkvæmt skattframtölum ársins 1994 nam framtalin hlutabréfaeign einstaklinga samtals 18,5 milljörðum kr. Þessi fjárhæð var í eigu 31.525 einstaklinga (hjón talin sem tveir einstaklingar). Þar af voru tæplega 8 milljarðar kr. eignarskattsskyldir, en skattfrelsi hlutabréfa er bundið við 1,2 millj. kr. hjá einhleypum og 2,4 millj. kr. hjá hjónum.

2. Hve háa fjárhæð telja einstaklingar fram sem arð af hlutabréfum?

Framtalinn arður af hlutabréfum nam 949 millj. kr. í skattframtölum ársins 1994 og var fjöldi framteljenda 17.747. Þar af voru 460 millj. kr. skattfrjálsar tekjur, eða tæplega helmingur. Skattfrelsi arðs er bundið við 10% af nafnverði hlutafjár að hámarki, eða 128 þús. kr. hjá einhleypum og 256 þús. kr. hjá hjónum.

3. Hverjar eru skatttekjur ríkissjóðs af hlutabréfaeign einstaklinga, þ.e.:
a. hve margir einstaklingar greiða eignarskatt af hlutabréfaeign og hve mikið,
b. hve margir einstaklingar greiða tekjuskatt af hlutabréfaeign og hve mikið?

Um 2.600 einstaklingar greiddu eignarskatt af hlutabréfaeign á árinu 1994, samtals 135–140 millj. kr.

Tæplega 1.000 einstaklingar greiddu tekjuskatt af arði á árinu 1994, samtals um 200 millj. kr.

697. Frumvarp til laga [426. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Iðnþróunarsjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hann lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Iðnþróunarsjóðs.

Heimili og varnarþing Iðnþróunarsjóðs er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands veitir sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Iðnþróunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi.

Iðnþróunarsjóður gegnir hlutverki sínu með því:

1. að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
2. að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,
3. að kaupa hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,
4. að veita lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m.a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana. Heimilt er að afskrifa lán heppnist verkefni ekki.

Til verkefna skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. má Iðnþróunarsjóður ekki verja hærri fjárhæð samanlagt en 250 milljónum króna.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Iðnþróunarsjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Skammtímalán þessi má sjóðurinn ekki taka með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra skipar þrjá menn í stjórn Iðnþróunarsjóðs og skal einn þeirra skipaður formaður stjórnar.

Stjórn Iðnþróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og fer með allt vald í málefnum hans sem ekki er öðrum falið samkvæmt lögum. Til ákvörðunar stjórnar þarf meiri hluta atkvæða.

Stjórn Iðnþróunarsjóðs ákveður áherslur í starfi sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. gr. og setur reglur um skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins í verkefnum, um umsóknir þar að lútandi og um meðferð þeirra. Þess skal gætt að reglur um meðferð umsókna tryggi sem best óháða og faglega umfjöllun um þær.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Iðnþróunarsjóðs ræður honum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn sjóðsins í umboði stjórnar hans og ræður starfsfólk sjóðsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 9. mars 1995. Jafnframt fellur brott fylgiskjal með lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, falla úr gildi 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við inngöngu Íslands í Fríverslunarsamtök Evrópu árið 1970 var ákveðið að Norðurlöndin settu sameiginlega á laggir norrænan iðnþróunarsjóð til að stuðla að aukinni iðnþróun á Íslandi. Í samningi Norðurlandanna frá 12. desember 1969 um þennan sjóð, Iðnþróunarsjóð, er kveðið á um að stofnframlag Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar skuli endurgreitt á 15 árum. Þessum endurgreiðslum skal að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins. Þá fellur samningur Norðurlandanna um stofnun og starfsemi sjóðsins úr gildi og eftir það verður sjóðurinn eign og undir stjórn íslenska ríkisins. Sjóðurinn telst hafa verið stofnaður 9. mars 1970 þegar fyrrgreindur samningur tók gildi.

Með lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd fyrrgreindan samning ríkisstjórna Norðurlandanna um norrænan iðnþróunarsjóð. Texti samningsins fylgir lögunum og telst hluti af þeim og hafa ákvæði hans lagagildi hér á landi. Í honum er m.a. kveðið á um þátttöku Norðurlandanna í stjórn sjóðsins. Í athugasemdum við frumvarpið, sem varð að lögum nr. 9/1970, segir m.a.: „Sú löggjöf, sem hér er sett um sjóðinn, getur gilt fyrstu 25 árin í starfi hans, þ.e. gildistíma samnings landanna um sjóðinn meðan hann er í sameign þeirra. Að þeim tíma loknum, ef starfsemin heldur áfram, er nauðsynlegt að setja sjóðnum ný lög undir alinnlendri stjórn án erlendrar aðildar."

9. mars 1995 verða 25 ár liðin frá stofnun Iðnþróunarsjóðs. Þá skal inna af hendi lokagreiðsluna á stofnfé hinna Norðurlandanna og samtímis fellur úr gildi samningur Norðurlandanna um Iðnþróunarsjóð. Fyrir þann tíma þarf Alþingi að vera búið að taka ákvörðun um framtíð sjóðsins.

Aðstæður á innlendum lánsfjármarkaði hafa gerbreyst frá því að Iðnþróunarsjóður var stofnaður fyrir 25 árum. Iðnfyrirtæki, sem og önnur fyrirtæki landsins, eiga nú greiðan aðgang að stofnlánum hjá ýmsum lánastofnunum, auk þess sem nokkur þeirra hafa aflað sér lánsfjármagns með útgáfu skuldabréfa á verðbréfamarkaði. Ekki er því lengur sama þörf á stofnlánastarfsemi Iðnþróunarsjóðs og áður.

Í þeirri efnahagsstöðnun sem ríkt hefur hér á landi frá 1987 hefur það berlega komið fram að nauðsynlegt er að auka fjölbreytni og styrkja innviði íslensks atvinnulífs. Í því felst m.a. að hefja framleiðslu á nýjum framleiðsluvörum, hefja markaðssókn á innlendum og erlendum markaði og auka framleiðni í öllum atvinnugreinum. Ýmsar ábendingar hafa komið fram um leiðir til að stuðla að slíkri nýsköpun. Í skýrslu nefndar frá september 1993 um stuðning stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi, sem skipuð var af iðnaðarráðherra í kjölfar samþykktar ríkisstjórnarinnar í október 1992, kemur fram að skortur sé á fjármagni til þróunar vöru frá rannsóknarstigi til framleiðslustigs. Hið sama gildir um fjármagn til þróunar þjónustugreina og markaðsstarfsemi, bæði hér á landi og erlendis. Í skýrslu nefndar, sem iðnaðarráðherra skipaði til að fjalla um starfsskilyrði iðnaðar og út kom í september 1994, kemur fram að brýnt sé að stuðla að aukinni framleiðni, hagræðingu og nýsköpun í iðnaði og bent á að beita megi Iðnþróunarsjóði í því skyni þegar Íslendingar fá hann til ráðstöfunar.

Ríkisstjórnin hefur þegar stigið skref í þá átt að stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Ákveðið hefur verið að efla rannsóknarstarfsemi í landinu og hafa framlög í Rannsóknasjóð Rannsóknaráðs ríkisins (nú Tæknisjóð Rannsóknarráðs Íslands) verið aukin verulega. Þá hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins verið settur á laggir en hlutverk hans er m.a. að stuðla að nýsköpun í sjávarútvegi.

Mikilvægur liður í því að hrinda nýsköpunarstefnu í framkvæmd er að tryggja aukið fé til nýsköpunarverkefna. Því er lagt til að áherslum í starfi Iðnþróunarsjóðs verði breytt þannig að hann fjármagni í auknum mæli verkefni er stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi en dragi úr hefðbundnum fjárfestingarlánum. Í því sambandi skal bent á að sjóðurinn getur sinnt nýsköpunarverkefnum samkvæmt fyrrgreindum samningi Norðurlandanna um hann. Þess skal einnig getið að sjóðurinn hefur langa reynslu af nýsköpunarverkefnum þótt sú starfsemi hafi að mestu legið niðri undanfarin ár. Hann hefur haft með höndum styrkveitingar og áhættulánveitingar vegna vöruþróunarverkefna og hefur verið öflugur þátttakandi og frumkvöðull í stofnun hlutafélaga á sviði áhættufjármögnunar. Hann er stærsti einstaki hluthafinn í Þróunarfélagi Íslands hf. með 11% hlutafjár, á um 57% hlut í Draupnissjóðnum hf. og annast daglegan rekstur hans. Í ljósi þess að Iðnþróunarsjóður verður ein helsta uppspretta fjár til nýsköpunarverkefna verður að telja eðlilegt að hann freisti þess eftir megni að samræma starf þeirra aðila sem fjármagna nýsköpun og laða slíka aðila til samstarfs.

Nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna.

Hér á landi eru starfandi fjölmargir fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna. Upphaflega voru þeir stofnaðir til að tryggja aðgang einstakra atvinnugreina að lánsfé á tímum lánsfjárskorts. Allir þeir stærstu eru í eigu ríkisins. Aðstæður í íslenskum fjármagnsmarkaði hafa gerbreyst frá stofnun þessara sjóða. Fyrirtæki eiga mun greiðari aðgang að fjármagni en áður, bæði innan lands og utan. Þá gera nýjar reglur um lágmark eigin fjár og lágmarkseiginfjárhlutfall lánastofnana auknar kröfur til fjárhagslegs styrkleika þessara sjóða. Loks leiða fyrstu almennu lögin um starfsemi lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, nr. 123/1993, til þess að fjárfestingarlánasjóðirnir hafa nú mjög rúmar starfsheimildir, m.a. til að sinna öllu atvinnulífinu, svo framarlega sem sérlög um þá kveða ekki á um annað. Breyttar aðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði og aukin samkeppni við erlenda lánveitendur, verðbréfamarkaðinn og í einhverjum tilvikum banka og sparisjóði kalla á endurskoðun á fjárfestingarlánasjóðakerfinu. Á vegum ríkisstjórnarinnar hafa verið kannaðar ýmsar leiðir til að koma á nýskipan fjárfestingarlánasjóða avinnuveganna í tengslum við þau tímamót er Iðnþróunarsjóður kemst alfarið í eigu íslenska ríkisins. Jafnframt hafa verið kannaðar leiðir til að veita aukið fé til nýsköpunar.

Starfandi hefur verið óformlegur vinnuhópur um þessi mál á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta. Hefur vinnuhópurinn kannað sérstaklega viðhorf ýmissa forustumanna samtaka atvinnulífsins. Í þessum viðræðum var fjallað um hugmyndir sem lúta að framtíðarskipan fjárfestingarlánasjóðanna. Þar var m.a. rætt um þann möguleika að sameina núverandi fjárfestingarlánasjóði iðnaðar og sjávarútvegs í einn öflugan fjárfestingarbanka en ýmsir aðrir kostir voru einnig ræddir. Jafnhliða yrði stofnaður sameiginlegur nýsköpunarsjóður atvinnuveganna og hefði hann sem fastan tekjustofn hluta arðs í hlutafélögunum/fjárfestingarbankanum, auk sérstaks stofnframlags. Ljóst er að svo viðamiklar breytingar, sem hér hefur verið lýst, verða ekki afgreiddar á þeim stutta tíma sem eftir er af þinginu. Ríkisstjórnin ákvað því á fundi sínum 17. febrúar 1995 að taka sérstaklega út úr þessum áformum þann þátt sem brýnastur er, þ.e. tímabundna framlengingu á starfsemi Iðnþróunarsjóðs, og beina starfsemi hans í auknum mæli að nýsköpunarverkefnum. Til að undirstrika að hér er um að ræða fyrsta skref í viðameiri nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi stefnumörkun í ljósi niðurstaðna úr fyrrgreindum viðræðum:

„Fiskveiðasjóði annars vegar og Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði hins vegar verði breytt í tvö hlutafélög er taki til starfa 1. júlí 1996. Samtímis stofnun hlutafélaganna verði stofnuð nefnd fulltrúa ríkisins og þeirra atvinnuvega er standa að sjóðunum er hafi það hlutverk að undirbúa samruna sjóðanna tveggja eða gera tillögur um framtíðarskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Stefnt verði að því að sú framtíðarskipan verði komin á í ársbyrjun 1998.

Fulltrúar atvinnulífsins hafa haft áhrif á stefnu og starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna með setu í stjórnum þeirra. Þess vegna verður nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna einungis hrint í framkvæmd að höfðu nánu samráði við fulltrúa atvinnulífsins í framhaldi af þeim viðræðum sem átt hafa sér stað og þeim sjónarmiðum sem þar hafa komið fram.

Jafnframt verði undirbúin löggjöf um nýsköpunarsjóð er taki til starfa 1. júlí 1996. Tekjur hans verði hluti arðs í hinum nýju hlutafélögum er stofnuð verða um Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð/Iðnþróunarsjóð. Auk þess fái hann tiltekið framlag af eigin fé Iðnþróunarsjóðs. Hlutverk sjóðsins verði að fjármagna nýsköpunarverkefni í öllum greinum íslensks atvinnulífs.

Lögum um Iðnþróunarsjóð verði breytt í febrúar 1995 þannig að hann geti starfað áfram frá 9. mars 1995 til 1. júlí 1996. Á þessum tíma sinni Iðnþróunarsjóður nýsköpunarverkefnum í auknum mæli."

Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði lágmarksbreytingar á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, þannig að hann geti starfað áfram. Sjóðurinn kemst alfarið í eigu ríkisins 9. mars 1995 og að þá fellur úr gildi samningur ríkisstjórna Norðurlanda frá 12. desember 1969 um sjóðinn. Samningur þessi er birtur sem fylgiskjal með lögum nr. 9/1970 og í honum eru ýmis mikilvæg atriði sem nauðsynleg eru vegna áframhaldandi starfsemi sjóðsins. Þótt ákvæði frumvarpsins byggist að miklu leyti á ákvæðum fyrrnefnds samnings er engu að síður gert ráð fyrir breyttum áherslum í starfsemi sjóðsins þann stutta tíma sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn starfi. Þannig er gert ráð fyrir að áhersla aukist á fjármögnun nýsköpunarverkefna en að verulega dragi úr hefðbundnum stofnlánum (fjárfestingarlánum). Í gildistökuákvæði frumvarpsins er lagt til að lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, falli úr gildi 1. júlí 1996.

Með hliðsjón af ákvæðum 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar frá 19. janúar 1994 er ljóst að tilkynna verður til stofnunarinnar þá aðstoð við atvinnulífið sem felst í þeirri áherslubreytingu sem lögð er til á starfsemi Iðnþróunarsjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um stöðu Iðnþróunarsjóðs innan ríkiskerfisins.

Í 2. mgr. er tekið fram að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum sjóðsins. Er það í samræmi við 5. mgr. 2. gr. samnings Norðurlandanna um sjóðinn en þar segir að Ísland beri eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnfé sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku.

Ákvæði 3. mgr. á sér fyrirmynd í 2. málsl. 2. gr. laga um Iðnþróunarsjóð og 5. mgr. 5. gr. samnings Norðurlandanna um sjóðinn. Þykir eðlilegt að leggja til óbreytt fyrirkomulag þar sem sjóðnum er einungis ætlað að starfa til 1. júlí 1996.

Um 2. gr.

1. mgr. þessarar greinar byggist á 1. gr. samnings Norðurlandanna um sjóðinn og 2. mgr. á 1. mgr. 4. gr. samningsins. Í 1. mgr. hefur verið sleppt eftirfarandi orðum úr 1. gr. samningsins: „og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna". Þykir þessi breyting eðlileg þar sem sjóðnum er ætlað að þjóna atvinnulífinu öllu. Úr d-lið 1. mgr. 4. gr. samningsins, sem á sér samsvörun í 4. tölul. 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins, hefur verið sleppt eftirfarandi málsliðum: „Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980." Í stað þessara ákvæða er lagt til að í 3. mgr. komi ákvæði er takmarki heildarfyrirgreiðslu sjóðsins skv. 3. (hlutafjárframlög) og 4. tölul. (áhættulán og styrkir) við samtals 250 milljónir króna. Þetta verður það fjármagn sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar í nýsköpunarverkefni til 1. júlí 1996. Loks skal tekið fram að lokamálsliður 4. tölul. 2. mgr. á sér ekki beina samsvörun í ákvæðum samnings Norðurlandanna en í reynd hefur sjóðurinn starfað með þessum hætti þegar um áhættulán hefur verið að ræða.

Þótt ekki sé kveðið á um það berum orðum í 4. tölul. 2. mgr. er litið svo á að það ákvæði heimili sjóðnum að fjármagna ýmiss konar verkefni hér á landi og erlendis sem eru til þess fallin að byggja upp atvinnulíf á Íslandi. Sem dæmi má nefna verkefni er stuðla að auknum fjárfestingum erlendra aðila hér á landi og útflutningi íslenskrar tækniþekkingar til útlanda, svo og fjárfestingum Íslendinga erlendis.

Um 3. gr.

Hingað til hefur Iðnþróunarsjóður verið héfðbundin lánastofnun sem hefur fjármagnað lánastarfsemi sína með eigin fé og lántökum. Í frumvarpinu er lagt til að áherslum í starfi sjóðsins verði breytt, auk þess sem gert er ráð fyrir að hann starfi aðeins til 1. júlí 1996. Í ljósi þessa og ágætrar lausafjárstöðu sjóðsins er lagt til að hann geti ekki tekið langtímalán. Þess í stað verði honum einungis heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Með lokamálslið greinarinnar er tryggt að sjóðurinn fellur ekki undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Er slíkt eðlilegt þar sem honum eða væntanlegum arftaka hans er ekki ætlað að starfa sem héfðbundin lánastofnun í framtíðinni.

Um 4. gr.

Í 4. gr. laganna um Iðnþróunarsjóð og 1. mgr. 5. gr. samnings Norðurlandanna um sjóðinn er kveðið á um tveggja þrepa stjórnarfyrirkomulag. Æðsta stjórn sjóðsins er í höndum fimm manna stjórnar sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna. Hún getur og hefur framselt ákvarðanir um ýmis málefni sjóðsins til framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum Landsbanka Íslands, Íslandsbanka hf. (tveir fulltrúar), Iðnlánasjóðs og Búnaðarbanka Íslands, auk framkvæmdastjóra sjóðsins. Nú er lagt

til að þetta fyrirkomulag verði einfaldað verulega og sjóðnum skipuð þriggja manna stjórn. Er það sami fjöldi stjórnarmanna og í Iðnlánasjóði. Jafnframt er lagt til að lögbundin tengsl Iðnþróunarsjóðs við viðskiptabankana og Iðnlánasjóð verði rofin.

Mikilvægt er að mótaðar séu áherslur í starfi sjóðsins innan þeirra marka sem lögin heimila. Sömuleiðis er mikilvægt að settar séu reglur um þátttöku hans í verkefnum og skilyrði fyrir henni. Því er kveðið á um þessi verkefni stjórnar í 3. mgr. Í reglunum mætti t.d. setja ákveðin fjárhæðar- eða hlutfallsmörk á fjárfestingarlán, áhættulán, eiginfjárframlög og styrki, skilyrði um að ákveðnar upplýsingar þurfi að vera til staðar til að umsókn verði tekin til greina og skilyrði viðvíkjandi þátttöku sjóðsins í fjármögnun verkefna. Einnig er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins setji reglur um meðferð umsókna í því skyni að tryggja sem best óháða og faglega umfjöllun þeirra. Þótt ekki sé kveðið á um það í frumvarpinu þykir eðlilegt að í slíkum reglum verði m.a. kveðið á um að umsóknir verði sendar sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum til umsagnar.

Verði talin þörf á því síðar að kveða nánar á um verkefni og starfshætti stjórnar sjóðsins getur ráðherra gert það í reglugerð á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa að öðru leyti en því að þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsemi Iðnþróunarsjóðs haldi áfram, þótt áherslur breytist, er í engu hróflað við stöðu og réttindum núverandi starfsfólks sjóðsins.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi sama dag og samningur Norðurlandanna um Iðnþróunarsjóð fellur úr gildi. Jafnframt er lagt til að þau gildi einungis í rúmlega eitt ár. Er þetta í samræmi við stefnumótun ríkisstjórnarinnar um nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem lýst er í athugasemdum með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, falla úr gildi 9. mars 1995, svo og samningur milli ríkisstjórna Norðurlanda um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland sem prentaður er með lögunum og hefur lagagildi. Tilgangur þessa frumvarps er að framlengja ákvæði laganna frá 1970 um rúmlega eitt ár eða til 1. júlí 1996 og fella inn í lögin nokkur ákvæði úr nefndum samningi. Einnig er breytt nokkuð um áherslur í starfsemi sjóðsins í frumvarpinu frá því sem er í lögunum. Sú breyting verður á ábyrgð ríkissjóðs á fjárskuldbindingum sjóðsins að samkvæmt lögunum frá 1970 ber ríkissjóður ábyrgð sjóðsins umfram stofnfjárframlög en eftir lagabreytinguna ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum hans umfram eignir. Vegna þess skamma tíma sem nýjum lögum er ætlað að gilda verður sjóðnum óheimilt að taka á sig nýjar skuldbindingar til langs tíma. Þá verður fyrirgreiðsla

hans vegna nýsköpunarverkefna takmörkuð við 250 m.kr. Af þessu má ljóst vera að ríkissjóður ætti hvorki að bera kostnað né taka á sig auknar ábyrgðir við lagabreytinguna.

698. Frumvarp til laga [427. mál]

um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100/1974, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður Íslands og fimm sveitarfélög á Suðurnesjum, sbr. 2. gr., eiga og reka fyrirtæki er nefnist Hitaveita Suðurnesja.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Keflavík-Njarðvík-Höfnum.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga sem eiga fyrirtækið í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavík-Njarðvík-Hafnir	52,20%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Sandgerðisbær	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 3. málsl. verður að 4. málsl. og orðast svo: Önnur sveitarfélög, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara.
b. Við greinina bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Keflavík-Njarðvík-Hafnir skipa þrjá fulltrúa í stjórnina og þrjá til vara.

4. gr.

Í 11. gr. laganna kemur: fjögurra þeirra, í staðinn fyrir „fimm þeirra“.

5. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

6. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ljósi þess að Keflavík, Njarðvík og Hafnarhreppur hafa verið sameinuð í eitt sveitarfélag er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja. Í frumvarpinu er því lagt til að upptalning laganna á eignaraðilum og eignarhlutföllum þeirra taki mið af hinu sameinaða sveitarfélagi. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hið sameinaða sveitarfélag eigi þrjá fulltrúa í stjórn Hitaveitu Suðurnesja og þrjá til vara.

Í 11. gr. laganna er kveðið svo á um að stjórn Hitaveitu Suðurnesja geti ekki skuldbundið eignaraðila nema að fengnu samþykki a.m.k. fimm þeirra. Þar sem eignaraðilum hefur fækkað er því lagt til að nægjanlegt sé að samþykki fjögurra þeirra sé leitað.

Þar sem heimild 13. gr. laganna um stækkun raforkuvers í Svartsengi hefur verið fullnýtt þykir rétt að fella greinina niður í heild.

699. Tillaga til þingsályktunar [428. mál]

um að takmarka sjálfskuldarábyrgðir einstaklinga.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að móta tillögu um að þrengja möguleika einstaklinga til að veita sjálfskuldarábyrgðir á lánum.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur viðgengist í íslenskum lánastofnunum að lán til einstaklinga og jafnvel fyrirtækja eru einungis veitt gegn sjálfskuldarábyrgð einstaklinga. Mörg dæmi eru um að fjölskyldur hafi misst allt sitt vegna þess að þær hafa gengist í ábyrgð fyrir ættingja eða vini sem síðan hafa ekki reynst borgunarmenn fyrir skuldunum. Hefur því jafnvel verið haldið fram að lánastofnanir hafi meiri áhuga á ábyrgðarmanninum en lántakandanum og að lánað hafi verið til einstaklinga, sem vita mátti að gætu átt erfitt með að standa í skilum, einungis vegna þess að ábyrgðarmennirnir þóttu traustir. Slíkt er með öllu óviðeigandi.

Í 89. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, eru settar miklar takmarkanir á ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélaga. Þannig má einungis binda sveitarfélag við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum stofnana sveitarfélagsins. Þá getur sveitarfélag einungis veitt einfalda ábyrgð gegn tryggingum sem hún metur gildar.

Í ljósi þessa er fyllsta ástæða til að kannað verði hvaða leiðir komi helst til greina til að draga úr sjálfskuldarábyrgðum einstaklinga á lánum hér á landi.

700. Tillaga til þingsályktunar [429. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að heimila samgönguráðherra og fjármálaráðherra að undirrita samning við Spöl hf. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1990.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningur um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð var undirritaður 25. janúar 1991 af samgönguráðherra og stjórn Spalar hf. og staðfestur af fjármálaráðherra. Samningurinn var staðfestur af Alþingi 18. mars 1991 með þingsályktunartillögu.

Við framgang málsins töldu ráðgjafar Spalar hf. nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á samningnum, m.a. hvað varðaði rekstrartíma ganganna og að virðisaukaskattur á umferðargjald verði í sama skattþrepi og fólksflutningar. Breyttur samningur var undirritaður 23. júní 1993 og staðfestur af Alþingi 20. apríl 1994 með þingsályktunartillögu. Enn fremur var samþykkt að veita 50 milljóna króna lán úr ríkissjóði til Spalar hf. til þess að fjármagna jarðlagarannsóknir sem ráðgjafar félagsins lögðu til að yrðu framkvæmdar.

Sumarið 1993 fór fram forval verktaka og í ágúst það ár voru valdir fjórir verktakahópar sem fyrirhugað var að gefa kost á að taka þátt í útboði. Félagið setti strax það skilyrði að reyndur íslenskur verktaki yrði að vera í hverjum hópi, en að öðru leyti var eingöngu leitað til norrænna verktaka, enda meðal þeirra margir með mjög góða reynslu af ámóta framkvæmdum, auk þess sem flestir þeirra hafa komið við sögu í sambandi við stórframkvæmdir hér á landi.

Nauðsynlegar jarðlagarannsóknir fóru fram síðari hluta ársins 1993 og lauk í ársbyrjun 1994. Niðurstöðurnar voru í samræmi við fyrri rannsóknir og gáfu til kynna að ekki eiga að vera tæknileg vandamál í sambandi við gerð bergganga á Hnausaskersleið.

Landsbréf hf. tóku að sér að annast innlenda fjármögnun framkvæmdarinnar meðal íslenskra fjárfesta og unnu að þessu verkefni síðari hluta árs 1993 og luku því í janúar 1994.

Nomura Bank og Babcock & Brown unnu áfram að erlendri fjármögnun verkefnisins og í nóvember 1993 undirritaði Spölur hf. samning við Union Bank of Switzerland um að bankinn yrði leiðandi aðili varðandi erlenda fjármögnun. Bankinn gerði ráð fyrir að rammi fjármögnunarinnar mundi liggja fyrir í mars 1994.

Hafist var handa við gerð útboðsgagna síðla árs 1993 og lauk því verki með útsendingu þeirra um miðjan apríl 1994. Fyrirhugað var að opna tilboð í lok júní, en vegna þess að tafir urðu á útsendingu síðustu gagna til verktaka og vegna sumarleyfa frestaðist opnun tilboða til 30. ágúst 1994. Einn verktakahópurinn dró sig út úr verkefninu í júlí 1994 þannig að tilboð bárust frá þremur aðilum, en ekkert þeirra var að fullu í samræmi við útboðsskilmála.

Ráðgjafar Spalar hf. yfirfóru tilboðin og áttu nokkra fundi með verktökunum sl. haust þar sem ýmis atriði skýrðust, einkum tæknilegs eðlis. Í október var ákveðið að ganga til viðræðna við fyrirtækin Skånska, Phil & Sön og Ístak, en jafnframt voru hinir verktakahóparnir beðnir um að framlengja sín tilboð sem nú ná til febrúarloka á þessu ári. Ráðgjafar og fulltrúar Spalar hf. áttu fundi með verktakahópnum og viðskiptabanka þeirra í nóvember, en frekari fundahöld bíða þar til Spölur hf. hefur fengið formlegt tilboð í erlenda fjármögnun verkefnisins.

Þar sem sífelldar frestanir voru á að Spölur hf. fengi formlegt tilboð í erlenda fjármögnun frá Union Bank of Switzerland fóru ráðgjafar félagsins, í samráði við stjórn þess, að athuga með aðra aðila og komust fyrri hluta sumars í samband við bandaríska tryggingafyrirtækið Prudential sem sýndi verkefninu strax mikinn áhuga, m.a. komu fulltrúar fyrirtækisins til landsins í júlí sl. og ræddu við marga sem að málinu hafa komið. Í september lagði fyrirtækið fram fyrstu drög að erlendri fjármögnun og helstu skilmálum. Í drögunum er gert ráð fyrir láni til 23 ára og að fyrirtækið ætlar að standa eitt að erlendri fjármögnun.

Í framhaldi af móttöku þessara draga frá Prudential var ákveðið að láta Union Bank of Switzerland hætta frekari vinnu við verkefnið, en snúa sér að Prudential. Aflað var fjölmargra upplýsinga fyrir fyrirtækið, bæði heima og erlendis, en þar sem upplýsingar erlendra umferðarráðgjafa vegna hliðstæðra framkvæmda í Noregi reyndust ófullnægjandi að mati fyrirtækisins ákvað það að óska eftir að framkvæmd yrði viðhorfskönnun vegfarenda um Hvalfjörð og þar sem sá verkferill allur, frá undirbúningi til lokaskýrslu, tók mun lengri tíma en áætlað var fór vinna Prudential við þetta verkefni talsvert út af sporinu vegna annarra verkefna, en er nú komin á fullt skrið aftur og niðurstöður eiga að liggja fyrir á næstu vikum.

Innan mánaðar frá því formlegt ásættanlegt tilboð í erlenda fjármögnun verkefnisins berst ætti meginrammi væntanlegra samninga að liggja fyrir, en gera má ráð fyrir a.m.k. 5–6 vikum til viðbótar til að ná öllum endum saman svo hægt verði að undirrita formlega samninga allra hlutaðeigandi aðila.

Erlendir lögmenn sem hafa komið að málinu hafa bent á ýmsar nauðsynlegar breytingar á gildandi samningi ríkis og Spalar hf. til þess að fullnægja kröfum væntanlegra lánveitenda. Þessar breytingartillögur hafa síðan verið útfærðar í samvinnu við íslenska lögmenn og fulltrúa Spalar hf. Breytingarnar miða fyrst og fremst að því að kveða nánar á um ýmis atriði í gildandi samningi og tryggja betur rétt væntanlegra lánveitenda í eignum Spalar hf., auk þess sem aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og framgangur verkefnisins frá því samningnum var breytt 1993 hafa áhrif á orðalag einstakra greina.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð,
með áorðnum breytingum á 1., 2., 3., 4., 6., 7., 10. og 11. gr.,
sbr. samninga dags. 25. janúar 1991 og 23. júní 1993.

Með vísan til laga nr. 45/1990 um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð gera samgönguráðherra og hlutafélagið Spölur hf. (félagið) með sér svofelldan

samning:

1. gr.

Félagið hefur verið stofnað með hlutafé að fjárhæð 70 - 100 millj. kr. til þess að annast undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma. Vegagerðin (Vg) verður hluthafi í félaginu með framlagi sem nemur kostnaði við athuganir þær, sem fyrir liggja.

Réttindi og skyldur félagsins samkvæmt samningi þessum eru yfirfæranlegar af hálfu félagsins til tryggingar lántöku og/eða á annan hátt, annað hvort:

a) með samruna félagsins við annað félag, sem sérstaklega kynni að vera stofnað til að annast fjármögnun, framkvæmdir og rekstur ganganna eða
b) til annars félags sem mun takast á hendur ábyrgð á fjármögnun, framkvæmd og rekstri ganganna.

Ákvæði samningsins skulu gilda að breyttu breytanda fyrir það félag.

2. gr.

Félagið hefur nú lokið við og lagt fram úttekt á tæknilegri hagkvæmni þess að gera veggöng undir Hvalfjörð um Hnausaskersleið og mun eins fljótt og framkvæmanlegt er ljúka við úttekt á fjárhagslegri hagkvæmni á byggingu og rekstri ganganna og fjármögnun þeirra og kynna niðurstöðurnar fyrir samgönguráðherra, um leið og það er framkvæmanlegt, ásamt áformum félagsins um framhald málsins.

3. gr.

Leiði hagkvæmnisathuganir í ljós, að mati félagsins, að veggöngin geti orðið arðvænlegt viðskiptafyrirtæki, skal félagið allt til 31. desember 2002 hafa einkarétt á að leggja veggöng um utanverðan Hvalfjörð og innan þess tíma velja þeim stað, kaupa nauðsynleg landsréttindi, hanna verkið og framkvæma og fjármagna það að öllu leyti. Síðastnefnd tímamörk skulu þó framlengjast verði félagið fyrir töfum við framkvæmd verksins vegna óviðráðanlegra orsaka. Verði framkvæmdir í Hvalfirði ekki hafnar innan 4ra ára frá staðfestingu samnings þessa, fellur einkaréttur félagsins þó niður.

Staðsetning og tilhögun mannvirkja hefur verið staðfest af samgönguráðherra. Akbraut í göngum skal vera að lágmarki tvær akreinar. Við ákvörðun um gerð og búnað ganga skal miðað við það, að þau fullnægi norskum stöðlum samkvæmt norskum hönnunarreglum um veggöng nr. 021 útgefin af norsku vegagerðinni um tilsvarandi jarðgöng bæði hvað varðar þægindi og öryggi umferðar, svo og um rekstraröryggi ganga.

Samgönguráðuneytið skal afla samþykkis Vg á öllum hönnunaruppdráttum fyrir veggöngin áður en bygging þeirra hefst.

4. gr.

Samgönguráðherra skuldbindur sig til að greiða fyrir vegtengingunni og rekstri vegganganna jafnframt því að:

a) ábyrgjast eignarnám nauðsynlegs lands vegna byggingar ganganna, ef slík aðgerð reynist óhjákvæmileg;
b) ljúka við gerð vegar að gangamunnum í samræmi við vegstaðal þann er nefndur er í 5. gr. hér að neðan, eigi síðar en þegar göngin eru tilbúin til notkunar;
c) halda við vegum í nágrenni ganganna í samræmi við vegstaðla Vg sem vikið er að í 5. gr hér að neðan;
d) hætta og endurvekja ekki opinberan fjárstuðning við rekstur ökutækja- og farþegaferju milli Reykjavíkur og Akraness eða annarra staða þar á milli;
e) hefja ekki innheimtu vegtolla á vegum í nágrenni ganganna sem hafa myndu neikvæð áhrif á umferð um þau;
f) hvorki stytta núverandi veg um Hvalfjörð um meira en tvo kílómetra né endurbæta veginn umfram núverandi vegstaðal hans (B3). Endurbyggingu brúa og minniháttar vegstyttinga vegna þeirra teljast hluti ofangreindra tveggja kílómetra;
g) hvorki hindra né trufla rekstur ganganna á gildistíma samnings þessa;
h) aðstoða við öflun allra nauðsynlegra staðfestinga varðandi skipulag, hönnun og byggingu.

5. gr.

Leggja skal veg í vegflokki B2, sbr. vegstaðal Vg frá Vesturlandsvegi að veggöngunum sunnan fjarðar. Jafnframt skal tengja göng við hringveginn norðan fjarðar og við Akranes. Þessar vegtengingar skulu vera að lágmarki í vegflokki B3. Vegagerð þessi skal fara fram um leið og veggangagerðin þannig að hvoru tveggja sé lokið á sama tíma. Vg annast gerð og viðhald þessara vega og greiðist kostnaður af vegáætlun.

Mörk vegar og ganga skulu vera þar sem sneiðing að göngum hefst frá óhreyfðu jarðvegsyfirborði, ef um göng í bergi er að ræða. Aðilar skulu semja um sambærileg mörk ef um aðrar lausnir er að ræða.

6. gr.

Með samningi þessum er félaginu heimilað að opna veggöng til umferðar og reka þau á viðskiptagrundvelli með innheimtu veggjalds. Rekstrartímabilið telst frá mánaðamótum næst eftir að regluleg gjaldtaka félagsins af umferð hefst. Tímabilinu lýkur um leið og allur kostnaður við göngin hefur fengist endurgreiddur samkvæmt eftirfarandi uppgjöri:

1) Stofnkostnaður og endurbætur á uppfærðu verðlagi hvers tíma miðað við lánskjaravísitölu eða aðra vísitölu sem aðilar koma sér saman um og útfærð með þeim hætti sem aðilar koma sér saman um, eða gengisútreikningi sem aðilar kynnu að koma sér saman um, ef fjármögnun hefur verið með erlendu lánsfé. Einnig hugsanlegar greiðslur skv. 2. mgr. 9. gr. hér á eftir.
2) Viðhald og annar rekstrarkostnaður mannvirkjanna.
3) Kostnaður við innheimtu veggjalds og eðlilegur stjórnunarkostnaður félagsins vegna starfsemi þess við rekstur ganganna.
4) Raunvextir, þ.e. fjármagnsgjöld, þar með talinn kostnaður vegna uppgreiðslu láns fyrir umsaminn tíma (ef um er að ræða), að frádregnum fjármunatekjum að teknu tilliti til reiknaðarar verðbreytingarfærslu. Verðbreytingafærslan er reiknuð eftir vísitölu skv. lið 1.
5) Skattar, sem á félagið verða lagðir.
6) Arðgjöf af uppfærðu hlutafé, 14% á ári. (Uppfærsla skal reiknuð eftir vísitölu skv. lið 1).

Félagið skal senda samgönguráðuneytinu árlega ársreikninga sína. Einnig skal senda uppgjör til ákvörðunar á lengd endurgreiðslutímans. Í því uppgjöri skal koma fram að hve miklu leyti tekjur hafa náð að greiða niður kostnað skv. liðum 1) - 6) hér að framan.

Ríkisendurskoðun er heimilt að yfirfara bókhald og reikningsskil félagsins í samráði við löggiltan endurskoðanda þess.

Uppfylli samgönguráðuneytið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum og bætir ekki úr vanefndum sínum innan tólf mánaða frá skriflegri tilkynningu félagsins um þær, skal ráðuneytið greiða fjárhæð til félagsins sem svara til tekjumissis þess á tímabilinu á þann hátt sem um getur í grein þessari.

7. gr.

Við lok samningstímans skulu veggöngin ásamt tilheyrandi mannvirkjum verða eign ríksins án endurgjalds til félagsins. Veggöngum skal skilað í góðu ástandi með tilliti til aldurs þeirra samkvæmt úttekt sem gerð verður við afhendingu.

Samgönguráðuneytið hefur heimild, innan þeirra marka sem samningur þessi setur því, til að gera samkomulag við aðra aðila, þ.m.t. lánveitendur og/eða verktaka, um atriði sem tengjast framkvæmd verksins.

8. gr.

Félagið skal hafa frjálsar hendur um ákvörðun veggjalds sem innheimt yrði fyrir hinar ýmsu tegundir farartækja og á mismunandi tímum árs án íhlutunar stjórnvalda, allt með hliðsjón af því, að vegfarendur eigi þess alltaf kost að aka fyrir fjörðinn. Óheimilt er að hækka veggjald vegna tímabundinna samgönguerfiðleika á leiðinni fyrir Hvalfjörð.

9. gr.

Samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 19. október 1990, er gjaldskyld umferð um veggöng virðisaukaskattskyld þjónusta og mun félagið þess vegna fá útlagðan virðisaukaskatt endurgreiddan úrr íkissjóði.

Samningurinn er við það miðaður að virðisaukaskattur af umferðartekjum verði ekki hærri en 14%, eða eins og af fólksflutningum á hverjum tíma. Komi til hækkunar skattsins umfram 14%, mun ríkissjóður tryggja að sú hækkun hafi ekki áhrif á greiðslugetu félagsins á endurgreiðslutíma stofnlána.

Veggöngin og mannvirki þeim tengd skulu vera undanþegin fasteignamati og þar með álagningu fasteignagjalda eins og önnur vegamannvirki.

10. gr.

Félagið skal að meirihluta vera í eigu aðila með heimilisfesti á Íslandi og skal nota innlenda þekkingu og vinnuafl eftir því sem kostur er. Félagiði skal ávallt leita hagstæðustu leiða varðandi framkvæmdir og fjáröflun.

11. gr.

Samgönguráðuneytið, Vg og félagið skulu mynda samstarfsnefnd til að fylgjast með og ráðgast um áætlunargerð og framkvæmd verkefnisins, svo og um rekstur veggganganna á samningstímanum, bæði tæknilega og fjárhagslega.

Samgönguráðuneytið skal við lok byggingar veggganganna tryggja að Vg gefi út vottorð til staðfestingar á því að byggingu þeirra sé lokið og að þau hafi verið byggð í samræmi við áður samþykkta hönnunaruppdrætti.

12. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd þessa samnings, skal honum vísað til meðferðar dómstóla nema um annað verði samið.

Samningur þessi kemur í stað samnings sem upphaflega var gerður 25. janúar 1991 en breytt með samningi dags. 23. júní 1993.

Reykjavík, _____ 1995.

F. h. Spalar hf.

_____ _____

samgönguráðherra

_____ _____

fjármálaráðherra

_____

_____

_____

Fylgiskjal II.

Athugasemdir við einstakar greinar samningsins.

Um 1. gr.

Með breytingu á greininni er skýrar kveðið á en áður um rétt félagsins til að setja eignir sínar og réttindi til tryggingar skuldbindingum og heimilað framsal samningsins til annars félags sem tæki verkefnið yfir. Samkvæmt 10. gr. samningsins yrði slíkt félag ávallt að hafa heimilisfesti á Íslandi.

Um 2. gr.

Tæknilegum undirbúningi er lokið og hafa niðurstöður verið kynntar samgönguráðherra. Samningar um fjármögnun eru á lokastigi og gera ákvæði greinarinnar ráð fyrir að niðurstöðurnar verði kynntar samgönguráðherra þegar þær liggja fyrir.

Um 3. gr.

Í greininni er skýrar kveðið á um hversu lengi einkaréttur samkvæmt samningnum helst, en jafnframt tekið fram að komi til óviðráðanlegra orsaka (force majeure) sem tefji framgang verksins, lengist einkaréttartíminn sem því nemi.

Þá er skilmerkilega kveðið á um það við hvaða norska vegstaðla skal miða við gerð ganganna og að tryggt sé að Vegagerðin hafi samþykkt alla hönnunaruppdrætti áður en bygging hefst.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið skýrar á um ýmis atriði er varða skyldur samgönguráðherra en í gildandi samningi.

Markmið flestra þessara ákvæða er að tryggja að athafnir eða athafnaleysi samgönguráðherra leiði ekki til lakari samkeppnisstöðu ganganna en fyrirhugað er miða við núverandi aðstæður.

Um 6. gr.

Í upphaflegum samningi aðila var gert ráð fyrir að notuð yrði svokölluð „Reiknivísitala“, sem Hagstofa Íslands reiknar fyrir Vegagerðina. Í ljós hefur komið að hér er ekki um opinbera vísitölu að ræða og því nauðsynlegt að breyta ákvæðinu um viðmiðunarvísitölu.

Í 4. tölulið greinarinnar hefur verið bætt inn ákvæði um að kostnaður vegna uppgreiðslu láns teljist til fjármagnskostnaðar.

Að lokum eru sett inn ákvæði um hvernig með skuli fara, uppfylli samgönguráðuneytið ekki skyldur sínar gagnvart félaginu og bæti ekki úr slíkum vanefndum innan árs frá því félagið hefur formlega komið athugasemdum sínum á framfæri.

Um 7. gr.

Bætt er við greinina heimild til samgönguráðuneytis til að semja beint við hagsmunaaðila sem tengjast framkvæmdinni, þó innan þess ramma er samningurinn setur.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt er að breyta ákvæðum greinarinnar um meirihlutaeign íslenskra aðila vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Í stað þess er sett inn ákvæði sem tryggir að meirihluti hlutafjár skuli vera í eign aðila með heimilisfesti á Íslandi.

Um 11. gr.

Bætt er við greinina ákvæði sem tryggir að gefið verði út vottorð til staðfestingar á að byggingu ganganna sé lokið og að þau hafi verið byggð í samræmi við samþykkta hönnunaruppdrætti, sbr. 4. gr. laga nr. 45/1990 um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, en þar er tekið fram að Vegagerðin skuli hafa eftirlit með gerð og rekstri mannvirkisins.

701. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna nýrra mælingareglna skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið með hliðsjón af innsendri umsögn frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Frumvarpið mælir fyrir um breytingar á tvennum lögum, þ.e. lögum nr. 56/1981, um vitamál, og lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Með hliðsjón af því sem fram kemur í umsögn SÍK telur nefndin rétt að mæla með þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir á lögum um vitamál en leggur ekki áherslu á þá breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna sem frumvarpið mælir fyrir um.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

a. 2. gr. laganna falli brott.
b. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

Egill Jónsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Guðni Ágústsson.
Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.	Jóhann Ársælsson.

702. Lög [251. mál]

um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. febr.)

Samhljóða þskj. 294.

703. Frumvarp til laga [316. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.

(Eftir 2. umr., 20. febr.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauðsynlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari eða njóta atvinnuréttinda sem íslenskur ríkisborgari og bera fulla ábyrgð á framkvæmd laga þeirra og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

a. Skip merkir í lögum þessum, sé eigi annað tekið fram, hvert það far sem er 6 m langt eða meira og skráð er í skipaskrá.
b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.
d. Undirstýrimaður er hver sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður/1. stýrimaður.
e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd og lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.
f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er til fiskveiða eða annarra veiða úr lífríki sjávar.
g. Kaupskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip.
h. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
i. Önnur skip en upp eru talin í stafliðum f–h hlíta ákvæðum laganna um fiskiskip.
j. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
l. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
m. Mánuður telst 30 dagar.
n. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.
o. Stig merkir námsstig, sbr. lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:

a. á skipum 31–300 rúmlestir einn stýrimaður,

b. á skipum 301 rúmlest og stærri tveir stýrimenn,

c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef ekki er landað daglega,

d. á skipum 20 rúmlestir og minni er ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn ef útivera skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan.

II. Á varðskipum:

a. á skipum 400 rúmlestir og minni tveir stýrimenn,

b. á skipum 401 rúmlest og stærri þrír stýrimenn.

III. Á kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík og aðra viðurkennda skóla, er veita sambærilega fræðslu, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.

b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW regla II/3 nr. 2).

b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/4 nr. 3).

3. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/2).

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuréttindi stýrimanna eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Til staðfestingar siglingatíma á skipum 12 rúmlestir og minni má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í rekstri og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a.m.k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns. Af siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf á skipi en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Nám eða störf í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á viðurkenndum námskeiðum má meta sem siglingatíma í allt að einn mánuð.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 24 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum stærri en 30 rúmlestir. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 12 rúmlesta skipum og minni.

b. Undirstýrimannsréttindi á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: Vera handhafi atvinnuskírteinis sem skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið: 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3 nr. 2): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

b. Undirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/4 nr. 3): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

3. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/2): 36 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestum.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi, sbr. 6. gr.

Ráðuneytið gefur út námskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík og hagsmunaaðila. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólastjóra og prófdómara.

7. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að vera skipstjóri á skipi sem er meira en 30 rúmlestir hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi yfirstýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr. Þó

skal skipstjóri á varðskipum hafa lokið námi 4. stigs og eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a.m.k. eftirtöldum skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma. Lögskráning sem 1. stýrimaður fyrir gildistöku laga þessara jafngildir yfirstýrimannstíma samkvæmt lögum þessum.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestum.

2. stig:

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð: 24 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður/1. stýrimaður á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip:

2. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3, nr. 2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður.

3. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð í strandsiglingum (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður.

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður á skipi í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:

4. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði: 30 mánuðir á skipum yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi.

8. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjórum“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: sýslumönnum.

10. gr.

Í stað 3. mgr. 13. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, eftir því sem við á. Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.

Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við skipstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.

11. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda og heilsufar, sbr. 13. gr.

12. gr.

2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað A-liðar í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr A-liður, svohljóðandi:

A. Fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 eða fyrr og stundað hefur skipsstjórn lengur en 8 ár fengið réttindi sem skipstjóri á skipi 30 rúmlestir og minna þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laganna þegar hann hefur setið námskeið í sjómanna- og skipstjórnarfræðum. Í stað þess að ganga undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið námskeiðið og sé hæfur til skipstjórnarstarfa að mati námskeiðshaldara.

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa skipstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr liður, er verður C-liður, svohljóðandi:

C. Nú hefur skipstjórnarmaður notið undanþágu frá ákvæðum laganna til skipstjórnarstarfa á sama skipi sem vegna breytinga á því hefur mælst meira en 200 rúmlestir eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi sem taldar hafa verið fullgildar ástæður fyrir undanþágu og er þá heimilt að veita honum þau atvinnuréttindi óskert til starfa á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

704. Frumvarp til laga [430. mál]

um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum.

Með fráveitu er í lögum þessum átt við leiðslukerfi og búnað til að meðhöndla skolp sem fullnægir kröfum laga og reglugerða um hreinsun þess áður en því er veitt í viðtaka.

2. gr.

Frumkvæði að gerð áætlana um fráveitur og framkvæmdir í fráveitumálum er í höndum sveitarstjórna og á ábyrgð þeirra.

3. gr.

Framkvæmdir við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, rotþrær, hreinsi- og dælustöðvar og útrásir, sem unnar verða á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005, geta notið styrks úr ríkissjóði. Enn fremur er heimilt að styrkja úr ríkissjóði önnur skyld mannvirki svo og framkvæmdir sem snúa að tvöföldun lagna í safnkerfum eldri fráveitna enda sé sýnt að slíkar framkvæmdir lækki stofnkostnað við styrkhæfar framkvæmdir.

Undirbúningsrannsóknir, hönnun, kostnaður við útboð, fjármagns- og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda í fráveitumálum njóta ekki fjárstuðnings samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um endurbætur á eldri kerfum og framkvæmdir sem eru umfram það sem krafist er í lögum og reglugerðum um hreinsun fráveituvatns.

4. gr.

Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur skv. 3. gr. getur numið allt að 200 m. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs.

Heimilt er að ráðstafa allt að fjórðungi styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir þegar miðað er við heildarkostnað á íbúa. Skal fráveitunefnd skv. 5. gr. gera tillögur um beitingu þessa ákvæðis sem ráðherra staðfestir.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar fráveitunefnd sér til ráðuneytis um fráveitumál sveitarfélaga. Í fráveitunefnd skulu eiga sæti þrír fulltrúar skipaðir til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, annar samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra og sá þriðji skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Fráveitunefnd fjallar um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á yfirstandandi ári og áætlar styrkhæfni hverrar áætlaðrar framkvæmdar.

Í samræmi við mat á styrkumsóknum sveitarfélaga skal fráveitunefnd gera tillögu til umhverfisráðherra um framlag til fráveitumála sveitarfélaga á fjárlögum næsta árs.

Fráveitunefnd fjallar um upplýsingar sveitarfélaga um raunkostnað við framkvæmdir í fráveitumálum á næstliðnu ári. Nefndin skal meta og staðfesta kostnað við styrkhæfa framkvæmd í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Á grundvelli þeirrar staðfestingar gerir fráveitunefnd tillögur til umhverfisráðherra um styrkveitingu til hvers sveitarfélags vegna framkvæmda í fráveitumálum.

Fráveitunefnd er heimilt að leita sérfræðilegrar ráðgjafar í störfum sínum.

7. gr.

Sveitarfélög skulu fyrir 1. maí ár hvert senda fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins umsókn um styrk vegna fráveituframkvæmda á yfirstandandi ári. Með umsókninni fylgi heildaráætlun um fráveituframkvæmdir í sveitarfélaginu sem fyrirhugað er að sækja um styrk fyrir og sérstök áætlun um þann áfanga sem áætlað er að vinna á yfirstandandi ári. Einnig fylgi með umsókninni tæknilegar upplýsingar um framkvæmdina ásamt teikningum og sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Skilyrði fyrir fjárstuðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélags.

8. gr.

Sveitarfélög, sem fengið hafa úthlutað fjárstuðningi vegna fráveituframkvæmda, skulu fyrir 1. mars ár hvert senda fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins upplýsingar um raunkostnað sveitarfélagsins vegna framkvæmda við fráveitumál á næstliðnu ári í samræmi við áður senda áætlun.

9. gr.

Styrkir til sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á næstliðnu ári skulu greiddir sveitarfélögunum fyrir 1. maí ár hvert.

10. gr.

Umhverfisráðherra hefur á hendi yfirstjórn fjárhagslegs stuðnings ríkissjóðs við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutun styrkja að fengnum tillögum fráveitunefndar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar „Velferð á varanlegum grunni“ ákvað ríkisstjórnin m.a. að stuðla að undirbúningi framkvæmda við úrbætur í fráveitumálum sveitarfélaga á kjörtímabilinu. Þar segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun í samvinnu við sveitarfélögin í landinu beita sér fyrir því að gerð verði úttekt á fráveitum í öllum sveitarfélögum landsins á kjörtímabilinu og áætlun gerð um úrbætur.“ Í stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum, sem sett er fram í riti undir heitinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar“, mars 1993, segir m.a.: „Verið er að ljúka úttekt á fráveitum í sveitarfélögum landsins og unnið er að stefnumörkun um úrbætur. Stuðlað verður að því að framkvæmdir í frárennslismálum verði hafnar um land allt ekki síðar en árið 1995.“

Hinn 12. febrúar 1992 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera úttekt á ástandi fráveitumála og móta stefnu í fráveitumálum á þeim grunni. Í nefndinni áttu sæti, auk fulltrúa ráðuneytisins, fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingamálastofnun ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Samtökum tæknimanna sveitarfélaga. Nefndin vann mikið starf og skilaði áliti til ráðherra 30. nóvember 1993 og tillögum í sex liðum. Meðal tillagna nefndarinnar var að ríkið veitti sveitarfélögum fjárstuðning til þess tímabundna átaks sem fyrirsjáanlegt væri á næstu 10 árum. Lagði nefndin til að styrkur til sveitarfélaga næmi u.þ.b. fjórðungi af kostnaði við framkvæmdir.

Samkvæmt ofangreindu er þegar lokið úttekt á fráveitum í sveitarfélögunum og hafa mörg þeirra þegar hafið undirbúning beinna framkvæmda.

Að undanförnu hefur farið fram athugun á því í umhverfisráðuneytinu með hvaða hætti ríkisvaldið gæti stutt sveitarfélögin fjárhagslega í tengslum við úrlausn frárennslismála. Samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar er ætlunin að koma fráveitumálum í viðunandi horf á næstu 10 árum. Kostnaður við fráveituframkvæmdir er talinn vera á bilinu 15–20 milljarðar kr. en af þeim færu 3–4 milljarðar kr. í ríkissjóð í formi virðisaukaskatts. Þar af er talið að styrkhæfar framkvæmdir samkvæmt frumvarpi þessu séu um 10 milljarðar króna. Í tengslum við fjárhagslega aðstoð ríkisins hefur einkum þrennt komið til álita:

1. Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með það fyrir augum að endurgreiða virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum.
2. Afmarkaðir tekjustofnar.
3. Bein framlög á fjárlögum.

Auk þess hafa komið til umræðu breyttar reglur um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga með hliðsjón af því að fráveitumál yrðu forgangsmál á næsta áratug, hugsanleg afskipti Lánasjóðs sveitarfélaga af þessum málum svo og þróunar- og rannsóknarstyrkir á vegum ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega með það að markmiði að reyna að draga úr framkvæmdakostnaði við fráveitur.

Niðurstaðan varð sú að raunhæfasta leiðin til að koma til móts við sveitarfélögin með fjárhagsstuðningi er að það verði gert með beinum fjárveitingum á fjárlögum. Eðlilegast er að slíkur stuðningur eigi sér stað á meðan það átak stendur yfir sem boðað er í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, þ.e. að lokið verði brýnum úrbótum á næstu 10 árum. Í þeim tillögum sem hér liggja fyrir er reiknað með því að framlag ríkisins til átaks í fráveitumálum sveitarfélaga nemi svipaðri upphæð og tekin er í formi virðisaukaskatts. Þáttur ríkisins í framkvæmdum yrði því 20% miðað við heildarframkvæmdir.

Rétt er þó að vekja athygli á að fyrst og fremst er ætlast til að þessir fjárhagsstyrkir renni til framkvæmda við útrásir og hreinsikerfi en hvorki til lagningu fráveitulagna og holræsakerfa né lagfæringa þeirra, nema í þeim tilvikum að sýnt þykir að slíkt sé hagkvæmasti kosturinn til að koma fráveitumálum í viðkomandi sveitarfélagi í það horf sem settar kröfur gera. Gert er ráð fyrir að fjárhagsstyrkir renni ekki til endurbóta á eldra ræsakerfi. Sveitarfélögin munu sjá um þær framkvæmdir áfram sem hingað til.

Rétt er að vekja athygli á að skv. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er það hlutverk sveitarfélaganna að annast fráveitumál og samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eru slíkar framkvæmdir virðisaukaskattsskyldar.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að koma málum þannig fyrir að ríkissjóður gefi í reynd eftir þann hluta framkvæmdanna sem skilar sér sem virðisaukaskattur enda vandséð að sveitarfélögin leggi í fjárfrekar framkvæmdir á þessu sviði án fjárhagslegs stuðnings ríkisins.

Stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga er hluti af fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Eðlilegt er að fjallað verði um stuðning ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum með hliðsjón af öðrum fjárhagslegum samskiptum og ef á þeim verða gerðar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum af hálfu ríkisins.

Um 2. gr.

Samkvæmt 7. tölul. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, eru hreinlætismál, þar á meðal holræsalagnir og skolpeyðing meðal verkefna sveitarfélaga og er þessum lögum ekki ætlað að breyta neinu þar um.

Um 3. gr.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum kemur fram að ætlunin er að gera átak í fráveitumálum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna fráveitumála hefjist í öllum sveitarfélögum á þessu ári og standi yfir næstu tíu árin.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að tilteknar framkvæmdir í fráveitumálum sem unnar verða á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005 geti notið styrks úr ríkissjóði. Þessar tilteknu framkvæmdir eru tilgreindar í 1. og 2. mgr. greinarinnar. Þar er m.a. gert ráð fyrir að sniðræsi frá safnræsum fráveitna geti notið styrkja en rétt er að taka fram að hér er gert ráð fyrir að það sé einungis í þeim tilvikum sem framkvæmdin leiði til fækkunnar útrása, þ.e. að núverandi útrásir leggist af.

Í 3. mgr. eru taldir upp verkþættir og framkvæmdir sem ekki njóta fjárstyrkja verði frumvarp þetta að lögum. Hér er t.d. um að ræða verkþætti sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir, eru umfram settar kröfur, tengdar undirbúningsvinnu og endurbótum á eldri fráveitukerfum.

Um 4 gr.

Lagt er til að ákveðið hlutfall kostnaðar við styrkhæfar framkvæmdir í fráveitumálum sveitarfélaga komi til endurgreiðslu ári síðar en framkvæmdir eiga sér stað í formi styrkja úr ríkissjóði. Þetta hlutfall styrkja getur aldrei orðið hærra en sem nemur 20% af framkvæmdakostnaði við fráveitur. Þar sem nauðsynlegt er talið að hafa hámark á útgjöldum ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga í fráveitumálum er gert ráð fyrir að heildarendurgreiðslur úr ríkissjóði á tímabilinu 1996–2006 vegna þessara framkvæmda verði aldrei meiri árlega en sem nemur 200 m. kr. Sé 20% af heildarframkvæmdakostnaði næstliðins árs meiri en 200 m. kr. lækkar hlutfalla styrkja samsvarandi.

Í greininni er einnig lagt til að heimilt verði að nota hluta styrkupphæðarinnar, allt að fjórðungi, til jöfnunaraðgerða á hverju ári, enda sé þá verið að styrkja framkvæmdir sveitarfélaga þar sem framkvæmdakostnaður er mjög mismunandi. Í þessu sambandi má nefna að áætlað hefur verið að kostnaður við styrkhæfar framkvæmdir einstakra sveitarfélaga geti verið allt frá 30.000 kr. á íbúa til 90.000 kr. á íbúa. Til þess að gætt sé sem mest samræmis í beitingu þessa heimildarákvæðis þegar það á við er gert ráð fyrir að fráveitunefnd geri tillögu um framkvæmd slíkrar jöfnunar sem ráðherra staðfestir.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli skipa sérstaka fráveitunefnd. Formaður skal skipaður án tilnefningar. Þar sem fráveitumál eru verkefni sveitarfélaga er gerð tillaga um að einn nefndarmaður sé skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra, þar sem hann fer með yfirstjórn sveitarstjórnarmála.

Í 2. mgr. er kveðið á um að kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Í 1. og 3. mgr. er kveðið á um að fráveitunefnd skuli fjalla um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum, meta styrkhæfni áætlaðra framkvæmda og gera tillögur til umhverfisráðherra um úthlutun styrkja úr sjóðnum vegna framkvæmda næstliðins árs.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að fráveitunefnd geri tillögu til ráðherra um framlag til fráveitumála sveitarfélaga á fjárlögum næsta árs.

Loks er í 4. mgr. kveðið á um að fráveitunefnd sé heimilt að leita faglegrar ráðgjafar í störfum sínum.

Um 7. gr.

Þau sveitarfélög sem staðið hafa í framkvæmdum við úrlausn fráveitumála samkvæmt áætlunum þar að lútandi skulu senda umsóknir um styrk vegna fráveituframkvæmda á yfirstandandi ári til fráveitunefndar umhverfisráðuneytis fyrir 1. maí ár hvert. Í umsókn skal fylgja heildaráætlun um fráveituframkvæmdir í viðkomandi sveitarfélagi og sérstök áætlun um þann áfanga/verkþátt sem áætlað er að vinna á yfirstandandi ári. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um hvaða framkvæmdir hafa átt sér stað, kostnaður við þær, áætlaður heildarkostnaður, staða framkvæmdanna og fyrirhuguð verklok. Skilyrði fyrir fjárstuðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn fráveitumála fyrir sveitarfélagið.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að sveitarfélög sem fengið hafa úthlutað fjárstuðningi vegna fráveituframkvæmda skulu fyrir 1. mars ár hvert senda fráveitunefnd upplýsingar um raunkostnað sveitarfélagsins vegna fráveituframkvæmda á næstliðnu ári.

Um 9. gr.

Ekki er gert ráð fyrir því að aðeins geti komi til greiðsla úr sjóðnum þegar verki er lokið heldur árlega einu ári eftir að tilteknum verkþætti er lokið að uppfylltum skilyrðum um upplýsingar. Ætti það að auðvelda sveitarfélögunum fjármögnun framkvæmdanna. Greiðsla ríkissjóðs vegna styrkja til framkvæmda í fráveitumálum, sbr. 3. gr., yrði þannig einu ári síðar. Í greininni er kveðið á um að styrkir til sveitarfélaga fyrir næstliðið ár skulu greiddir sveitarfélögum fyrir 1. maí ár hvert.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að veittur verði fjárhagslegur stuðningur ríkissjóðs við fráveitulagnir sveitarfélaga á tímabilinu frá 1. maí 1995. Stuðningurinn skal skv. 4. gr. nema 20% af staðfestum heildarraunkostnaði sveitarfélags við styrkhæfar framkvæmdir. Gert er ráð fyrir að styrkurinn verði veittur í formi fjárveitingar á fjárlögum sem skv. 4. gr. getur numið allt að 200 m.kr. á ári.

Nefnd sú er vann að aðdraganda þessa frumvarps hefur gert nokkuð ítarlega úttekt á ástandi fráveitumála á landinu. Þar kemur fram að ástand er best hér á höfuðborgarsvæðinu en nær alls staðar á landsbyggðinni við sjó rennur skolp beint í sjóinn og oftast án allra fráveitna. Í skýrslunni er reynt að gera einhverja grein fyrir þeim heildarkostnaði sem þessum framkvæmdum fylgir. Er hann þar talinn á bilinu 15–20 milljarðar króna. Þar af færu 3–4 milljarðar króna í ríkissjóð í formi virðisaukaskatts. Styrkhæfar framkvæmdir næmu um 10 milljörðum króna. Í greinargerð með frumvarpinu er vikið að því að umræddar framkvæmdir gætu kostað frá 30 þús. kr. á íbúa upp í 90 þús. kr. á íbúa. Sé tekið það dæmi að kostnaður á íbúa sé 40 þús. kr. að meðaltali fyrir landið allt næmi heildarkostnaður nálægt 10 milljörðum króna. Þessar vísbendingar gefa til kynna að ríkissjóður þurfi samtals að kosta til nálægt 2 milljörðum króna fyrir allt tímabilið.

Samkvæmt 5. gr. skal umhverfisráðherra skipa fráveitunefnd sem í sitji þrír fulltrúar. Skal kostnaður af störfum nefndarinnar greiðast úr ríkissjóði. Einnig er gert ráð fyrir að úrvinnsla styrkumsókna fari fram í umhverfisráðuneytinu en ekki beint á vegum nefndarinnar. Ætlað er að til þess þurfi hálft til heilt starf auk nokkurs kostnaðar. Heildarkostnaður ríkissjóðs af þessum þætti frumvarpsins kann því að liggja á bilinu 4–6 m.kr.

705. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 45/1994.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóra og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs Vegagerðarinnar.

Nefndin telur að frumvarpið sé til bóta og til samræmis við það sem um hafði verið rætt við afgreiðslu nýrra vegalaga, nr. 45/1994. Hins vegar urðu miklar umræður í nefndinni um tengsl 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins við 56. gr. vegalaga, nr. 45/1994, sem er svohljóðandi:

„Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda.“

Þar sem lausaganga búfjár er bönnuð, sbr. 56. gr. vegalaga, vaknar ávallt spurning um hver beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af því að ekið er á búfé.

Á fundum nefndarinnar kom fram að allnokkrir dómar hafa fallið um ábyrgð á tjóni er hlotist hefur af lausagöngu búfjár. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. nóvember 1992 voru eigandi ökutækis og tryggingafélag hans sýknuð af kröfum bónda um bætur fyrir hross er ekið var á. Lausaganga búfjár var bönnuð á því svæði þar sem slysið varð en bóndinn var talinn meðvaldur af því að hrossið hafði sloppið út. Dómur þessi olli nokkrum titringi meðal sumra sveitarfélaga er höfðu auglýst bann við lausagöngu búfjár á grundvelli heimildar í búfjárræktarlögum. Þetta gekk svo langt að sveitarstjórn Ásahrepps í Rangárvallasýslu felldi brott áður auglýst bann við lausagöngu hrossa í hreppnum. 18. janúar 1993 felldi héraðsdómur Reykjavíkur aftur dóm í máli þar sem ekið var á hross. Ekki var í gildi sérstakt bann við lausagöngu búfjár á þeim stað þar sem áreksturinn varð. Hins vegar var um stóðhest að ræða en samkvæmt þágildandi búfjárræktarlögum var óheimilt að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum og á afrétti. Héraðsdómurinn mat bóndanum það til gáleysis að hestur hans skyldi sleppa út um opið hlið og taldi hann því engan bótarétt eiga í málinu. Málinu var áfrýjað og í dómi Hæstaréttar, sem féll 16. febrúar sl. (sjá fskj.), var hins vegar ekki talið sannað að orsök þess að hesturinn slapp út hafi verið gáleysi bóndans og eigandi bifreiðarinnar og tryggingafélag hans því dæmd *in solidum* til að greiða bóndanum tjón hans að fullu. Ætla má að þessi hæstaréttardómur eigi eftir að hafa einhver áhrif við ákvörðun bóta í sambærilegum málum í framtíðinni, m.a. á svæðum þar sem lausaganga búfjár er bönnuð. Á það skal bent að miklum fjölda slíkra mála er lokið hjá tryggingafélögunum á hverju ári og virðist sem sök sé þar gjarnan skipt milli eiganda bifreiðar og viðkomandi bónda þegar um bann við lausagöngu hefur verið að ræða.

Ljóst er að löggjafinn getur sjaldnast séð fullkomlega fyrir hver reynslan verður af tiltekinni lagasetningu. Það á einnig við hér. Nefndin telur hins vegar mjög brýnt að koma skikki á girðingamálin sem fyrst. Þá skal bent á að í tengslum við þetta mál leitaði formaður nefndarinnar upplýsinga um kostnað við ábyrgðartryggingar fyrir bændur er taka til tjóns á búfé. Samkvæmt lauslegri könnun virðist sá kostnaður liggja á bilinu 6.500–11.000 kr. á ári. Slíkar tryggingar bæta bændum allt tjón er búfénaður þeirra veldur öðrum.

Sameinuð bændasamtök sendu nefndinni umsögn um málið þar sem fram kom sú krafa þeirra að í 1. gr. frumvarpsins yrði kveðið á um skyldu veghaldara til að girða með stofn- og tengivegum og halda þeim girðingum við á sinn kostnað. Þá kom einnig fram krafa um að á þeim stöðum þar sem girt er eingöngu til að fría vegsvæði frá búfé, sbr. 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins, hljóti veghaldari ávallt að greiða allan viðhaldskostnað en ekki bara á afréttum og öðrum sameiginlegum beitilöndum búfjár. Loks bentu sameinuð bændasamtök á nauðsyn þess að skilgreina hugtakið „lokað vegsvæði" sem fram kemur í 56. gr. vegalaga betur þannig að tekið væri af skarið um að vegsvæði teldist ekki lokað þegar náttúrufarslegar ástæður eða óhöpp af einhverju tagi gerðu girðingar óvirkar.

Nefndin telur að með frumvarpinu hafi verið stigið verulegt skref í þá átt að leggja skyldur á veghaldara í sambandi við viðhald girðinga. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta 56. gr. vegalaga í tengslum við afgreiðslu þessa frumvarps enda mikils um vert að reyna að afstýra lausagöngu búfjár á vegsvæðum. Hins vegar vill nefndin að gefnu tilefni taka fram að hún lítur svo á að taka beri tillit til óviðráðanlegra aðstæðna, svo sem snjóalaga, við mat á ábyrgð á lausagöngu búfjár um vegsvæði, sbr. 56. gr vegalaga.

Að síðustu skal bent á að þótt ákvæði 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins geri ráð fyrir að viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghöldara og landeiganda hefur Vegagerðin ávallt bætt að fullu það tjón er starfsmenn hennar valda á girðingum við snjómokstur eða á annan hátt.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og treystir sér ekki til að ganga lengra við afgreiðslu þess.

Egill Jónsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.
Sturla Böðvarsson.	Guðni Ágústsson.	Árni M. Mathiesen.
	Petrína Baldursdóttir.	

Fylgiskjal.

Hæstaréttardómur í máli Sigurðar Vignis Matthíasson gegn Guðmundi Guðjónssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(16. febrúar 1995.)

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Af hálfu áfrýjanda var máli þessu skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1993. Áfrýjandi varð fjárráða eftir útgáfu áfrýjunarstefnu og fer sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 480.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, frá 30. janúar 1992 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær kröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til vara er krafist „að sök verði skipt og bætur lækkaðar mjög verulega". Stefndu krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Ekki er deilt um í málinu að tjón áfrýjanda hlaust af notkun bifreiðar stefnda, Guðmundar Guðjónssonar. Hvílir skaðabótaábyrgð því á honum eftir 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Málsaðilar leggja til grundvallar að orsök þess að hestur áfrýjanda slapp úr sérstöku hólfi hafi verið sú að hlið á girðingunni hafi verið skilið eftir opið. Ekki er ljóst hvers vegna svo var, en ekkert hefur komið fram um að áfrýjandi hafi átt þar hlut að máli. Verður því ekki fallist á það álit héraðsdómara að meta verði áfrýjanda það til gáleysis að hesturinn komst úr hólfinu, sbr. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Fyrir umferðarslysið var hestur áfrýjanda í vörslum Félags búfjáreigenda á Eyrarbakka, en félagið hafði samningsbundin afnot af beitarlandi á tilteknum jörðum í eigu Eyrarbakkahrepps. Var hesturinn í hagagöngu hjá félaginu. Eftir málsgögnum verður að leggja til grundvallar að tengsl áfrýjanda og félagsins hafi ekki verið með þeim hætti að hann verði að þola skerðingu eða brottfall bótaréttar á hendur stefnda Guðmundi vegna atvika sem félagið kann að bera ábyrgð á. Þarf því hvorki að skera úr um hvort rekja megi brotthlaup hests áfrýjanda til vangæslu vörslumanna né þess að félagið hafi haldið hrossum til beitar í andstöðu við ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 425/1985 um búfjárhald á Eyrarbakka.

Í búfjárræktarlögum, nr. 31/1973, sem í gildi voru á þeim tíma er hér um ræðir, voru lagðar ríkari skyldur á eigendur stóðhesta en búfjáreigendur almennt, sbr. einkum 31. gr. og 33. gr. laganna. Lagaákvæði þessi styðjast m.a. við þau rök að af stóðhestum stafi meiri hætta en almennt gerist um búfé. Ekki verður talið að orsök þess að hestur áfrýjanda varð fyrir bifreið stefnda Guðmundar tengist þeirri sérstöku hættu sem fylgir því að halda stóðhesta. Atvik í þessu máli gefa því ekki tilefni til að láta bótaákvæði 33. gr. laga nr. 31/1973 hafa áhrif þegar metið er hvort telja beri áfrýjanda meðábyrgan.

Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, þykja ekki vera rök til þess að skipta ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

II.

Samkvæmt framangreindu ber að dæma stefnda, Guðmund Guðjónsson, bótaskyldan vegna tjóns áfrýjanda og taka til greina bótakröfu hans að fjárhæð 480.000 krónur ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði. Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., er greiðsluskyldur skv. 91. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 97. gr. sömu laga. Rétt þykir að stefndu greiði áfrýjanda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Guðjónsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Sigurði Vigni Matthíassyni, óskipt 480.000 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 30. janúar 1992 til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 350.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

706. Frumvarp til laga [431. mál]

um umgengni um auðlindir sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafaþingi 1994–95.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið laga þessara er að bæta umgengni um auðlindir sjávar og stuðla að því að þær verði nýttar með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.

II. KAFLI
Veiðar.

2. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla. Þó getur ráðherra ákveðið með reglugerð að sleppa skuli lifandi fiski sem er undir tiltekinni lengd og fæst í ákveðin veiðarfæri.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra ákveðið með reglugerð að heimilt sé að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi. Þá getur ráðherra með reglugerð heimilað að varpað sé fyrir borð innyflum, hausum, afskurði og öðru sem fellur til við verkun eða vinnslu afla um borð enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti. Um skyldur varðandi skip sem leyfi hafa til fullvinnslu um borð fer eftir ákvæðum laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

3. gr.

Bátum undir 30 brúttótonnum að stærð er óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum frá 1. nóvember til febrúarloka. Liggi brúttótonnamæling á báti ekki fyrir skal miðað við 30 brúttórúmlestir.

4. gr.

Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma.

Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflamarki nema skipið hafi aflamark sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni, jafnt þeirri tegund eða þeim tegundum sem veiði beinist sérstaklega að sem og líklegum meðafla af öðrum tegundum.

5. gr.

Skeri aflasamsetning skips sig úr aflasamsetningu annarra skipa er hliðstæðar veiðar stunda og útgerð skipsins getur ekki gefið fullnægjandi skýringu á því fráviki með staðfestum upplýsingum um annan búnað veiðarfæra, aðra veiðislóð eða önnur veruleg efnisleg frávik frá veiðimynstri skipa er hliðstæðar veiðar stunda skal Fiskistofa áætla skipinu viðbótarafla af þeim tegundum sem ætla má að vantaldar séu. Afli sem áætlað-

ur er samkvæmt þessari grein telst með þegar metið er hversu mikið af aflamarki skips er náð hverju sinni og getur hann orðið grundvöllur álagningar sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla að fullnægðum skilyrðum laga um það efni.

6. gr.

Net og önnur veiðarfæri, sem skilin eru eftir í sjó, skulu dregin með eðlilegum og reglubundnum hætti.

Fiskistofu er heimilt að taka eða láta taka upp veiðarfæri sem ekki hefur verið vitjað með eðlilegum hætti. Sama á við um veiðarfæri sem liggja í sjó eftir að veiðitímabili lýkur svo og veiðarfæri sem eru á svæðum þar sem notkun þeirra er óheimil.

Fiskistofa skal krefja eigendur veiðarfæra, sem dregin eru úr sjó samkvæmt heimild í 2. mgr., um kostnað sem af því hlýst. Verði ekki upplýst hver er eigandi veiðarfæra er Fiskistofu heimilt að selja veiðarfærin og rennur andvirði þeirra að frádregnum kostnaði til Hafrannsóknastofnunarinnar.

III. KAFLI
Vigtun sjávarafla.

7. gr.

Allur afli sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands skal veginn í innlendri höfn. Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu. Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að bræðslufiski sé landað í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, enda sé eftirlit með löndun og vigtun afla talið fullnægjandi. Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis. Skal slíkt leyfi bundið því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða kostnað vegna annarra eftirlitsaðgerða sem Fiskistofa telur nauðsynlegar.

8. gr.

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog í eigu hafnar. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu. Sé hafnarvog ekki í verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa leyft vigtun með öðrum hætti.

Fiskistofa getur veitt einstökum aðilum undanþágu frá vigtun á hafnarvog að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað. Slíkt leyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust, auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað löndun á sjávarafla í einstökum höfnum ef nauðsynleg aðstaða er ekki fyrir hendi til að vigta aflann, skrá hann eða senda upplýsingar um landaðan afla til Fiskistofu. Einnig er unnt að banna löndun ef sannað þykir að eftirlit hafnar með löndun og vigtun sjávarafla sé ófullnægjandi eða skráningu ábótavant.

9. gr.

Löggiltir vigtarmenn er vigta sjávarafla skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

10. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningstækjum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á um það í reglugerð hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

11. gr.

Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Ber honum að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.

Skipstjórnarmönnum veiðiskipa sem vinna afla um borð skal auk afladagbókar skylt að halda um vinnslu aflans sérstaka vinnsludagbók sem Fiskistofa leggur til.

12. gr.

Ökumaður flutningstækis er flytur afla frá skipshlið skal kynna sér samsetningu farmsins og gefa vigtarmanni réttar og fullnægjandi upplýsingar um hann. Ökumanni er óheimill annar akstur með óveginn afla en stystu leið frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 8. gr.

13. gr.

Kaupandi afla skal ganga úr skugga um að afli sem tekið er við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla.

Kaupandi afla skal fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er ráðuneytið ákveður.

IV. KAFLI
Framkvæmd og viðurlög.

14. gr.

Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heimildir Fiskistofu og eftirlitsmanna samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða gilda um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Fiskistofa skal svipta hvert það skip leyfi til veiða í atvinnuskyni sem veitt hefur umfram aflamark. Veita skal skipi leyfi að nýju ef aflamark þess á fiskveiðiárinu er aukið þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan aflamarksins.

Nú veiðir skip ítrekað umfram aflamark á sama fiskveiðiári og skal þá svipta það leyfi til veiða í atvinnuskyni, til viðbótar því sem segir í 1. mgr., í tvær vikur við fyrstu ítrekun, í sex vikur við aðra ítrekun en til loka fiskveiðiárs við þriðju ítrekun, þó aldrei skemur en tólf vikur.

Þegar veitt hefur verið eða aflamarki ráðstafað þannig að einungis standi eftir einn tíundi hluti eða minna af aflamarki af einhverri tegund sem skipi var úthlutað í upphafi fiskveiðiárs skal Fiskistofa tilkynna útgerð skips um þá stöðu og jafnframt að til leyfissviptingar kunni að koma skv. 1. og 2. mgr. Skal útgerð gefinn kostur á að kynna sér gögn er málið varðar og koma athugasemdum sínum á framfæri.

16. gr.

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef í ljós er leitt að útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa brjóta gegn ákvæðum laga þessara.

Við fyrsta brot skal leyfissvipting ekki standa skemur en tvær vikur og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en sex vikur og ekki lengur en eitt ár.

17. gr.

Sé skip ítrekað svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 15. og 16. gr. laga þessara getur Fiskistofa ákveðið að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð á kostnað útgerðar í tiltekinn tíma, allt að tveimur mánuðum. Skal útgerð skips þá greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanns um borð þar með talinn launakostnað. Sama gildir ef ítrekað er beitt áætlun skv. 5. gr.

18. gr.

Fiskistofa skal afturkalla undanþágu skv. 2. mgr. 8. gr. ef hlutaðeigandi aðili, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim kafla.

19. gr.

Ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt þessum kafla verður skotið til ráðuneytis enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

20. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafla rekstrarleyfi samkvæmt lögum um það efni ef markaður eða þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt honum.

21. gr.

Ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt þessum kafla má bera undir dómstóla. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákörðunar.

22. gr.

Fiskistofa skal reglulega birta opinberlega upplýsingar um sviptingu veiðiheimilda samkvæmt þessum kafla. Skal þar tilgreina heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting nái. Þá skulu birtar opinberlega ákvarðanir um afturköllun heimilda skv. 18. og 20. gr. laga þessara.

23. gr.

Upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa, úthlutun aflamarks til þeirra, veiðar einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að. Fiskistofa skal reglulega birta upplýsingar um þau skip sem veitt hafa umfram aflaheimildir. Þá skal Fiskistofa árlega birta upplýsingar um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla á liðnu fiskveiðiári.

24. gr.

Nú skýrir starfsmaður útgerðar eða annars vinnuveitanda frá því að ákvæði laga þessara eða laga um stjórn fiskveiða hafi verið brotin og má vinnuveitandi þá ekki beita starfsmanninn neins konar viðurlögum af því tilefni, svo sem með því að segja honum upp starfi, skerða laun hans eða önnur kjör, nema í ljós verði leitt að upplýsingarnar hafi í meginatriðum verið rangar. Verði starfsmaður beittur viðurlögum af hálfu vinnuveitanda í kjölfar skýrslugjafar verður vinnuveitandinn að færa sönnur á að til þeirra hafi verið gripið af öðru tilefni.

25. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 krónum eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 krónum, sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

Nú er skipstjóri ítrekað dæmdur sekur um brot skv. 1. mgr. og skal þá svipta hann skipstjórnarréttindum um tiltekinn tíma, allt að fimm árum.

26. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga, sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

27. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

28. gr.

Ákvæði 19. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um auðlindir sjávar.

29. gr.

Ákvæði 20. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 krónum eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 krónum, sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

Nú er skipstjóri ítrekað dæmdur sekur um brot skv. 1. mgr. og skal þá svipta hann skipstjórnarréttindum um tiltekinn tíma, allt að fimm árum.

30. gr.

Við lögin bætist ný grein, 20. gr. a, er orðast svo:

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

31. gr.

Við lögin bætist ný grein, 20. gr. b, er orðast svo:

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

32. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, er verði ákvæði til bráðabirgða I, orðast svo:

Skipum, sem hafið hafa fullvinnslu botnfiskafla fyrir 22. júní 1992, skal veittur frestur til að fullnægja kröfum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Er fresturinn við það miðaður að innan hans sé heimilt að halda áfram fullvinnslu botnfisks með svipuðum hætti og hafin var fyrir gildistöku laganna. Skal fresturinn vera til 1. janúar árið 2000 en ráðherra getur með reglugerð ákveðið að tilteknum kröfum um nýtingu skuli full-

nægt fyrr. Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim fyrir 22. júní 1992. Sama gildir hafi verið samið um breytingar á eldri skipum í fullvinnsluskip fyrir þann tíma.

33. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, merkt II. ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara og til 1. janúar árið 2000 er þrátt fyrir ákvæði laga þessara óheimilt að veita leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í öðrum skipum en þeim sem slíkt leyfi hafa fengið fyrir gildistöku laga þessa. Ráðherra getur vikið frá þessu ef skip sem fullvinnsluleyfi hefur ferst eða verður fyrir altjóni.

34. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, merkt III. ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra skal láta endurskoða lög þessi og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir upphaf fiskveiðiárs þess er hefst 1. september 1998.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 11. gr. laga nr. 36/1992 og 10. gr. laga nr. 87/1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Auðlindir sjávar eru sameign þjóðarinnar sem verður að nýta þannig að þær gefi sem mestan arð. Um 80% af útflutningstekjum Íslendinga eru af sjávarafurðum. Góð umgengni um þessar auðlindir er því augljóslega eitt helsta hagsmunamál þjóðarinnar. Upplýsingar um afla og aflasamsetningu er mikilvægasta forsendan sem fiskifræðingar styðjast við þegar lagt er mat á ástand stofna og afrakstursgetu þeirra. Ráðgjöf fiskifræðinga er sá þáttur sem vegur þyngst þegar tekin er ákvörðun um leyfilegan hámarksafla. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið.

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd í maímánuði 1994 til að fjalla um hvernig megi bæta umgengni um auðlindir sjávar. Var nefndinni m.a. falið að meta í hve miklum mæli sjávarafla er varpað fyrir borð á íslenskum skipum og hvernig auka megi kjörhæfni veiðarfæra svo og að kanna með hvaða hætti megi bæta nýtingu aukaafla og enn fremur hvernig bæta megi virkni veiðieftirlits.

Ráðuneytið fór þess á leit við nefndina í septembermánuði sl. að hún hraðaði tillögugerð er lyti að því hvernig mætti koma í veg fyrir að afla væri varpað fyrir borð og hvernig auka mætti virkni veiðieftirlits. Nefndin skilaði áfangaskýrslu til ráðherra í desember sl. Verða hér nefnd helstu atriði skýrslunnar, en að öðru leyti er vísað til hennar í fskj. I. Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að fiski sé varpað fyrir borð og að fiski sé landað framhjá vigt. Í áfangaskýrslunni er m.a. bent á að nauðsynlegt sé að aflaheimildir byggi á vísindalegri ráðgjöf og að afli fari ekki fram úr heimildum, auk þess sem samræmi þurfi að vera í aflaheimildum milli teg-

unda. Bent er á að reglur um veiðar og umgengni um auðlindina þurfi að vera einfaldar og skýrar og veiðieftirlitið markvisst og það skuli beinast að þeim vandamálum sem við er að glíma hverju sinni. Viðurlög við brotum eigi að vera ströng og þyngjast við endurtekin brot.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að lagaákvæði, er varða umgengni um auðlindir sjávar, skorti og því þurfi að setja ákveðnar lagareglur um umgengnina og viðurlög við brotum gegn þeim. Enn fremur eru tillögur um útfærslu á ýmsum atriðum sem nefndin telur að bæta þurfi úr.

Frumvarp þetta er að verulegu leyti byggt á tillögum nefndarinnar. Kveðið er skýrar á um ýmsar reglur sem lúta að umgengni um auðlindir sjávar og þær gerðar markvissari. Þá er einnig kveðið á um til hvaða viðurlaga skuli gripið ef út af er brugðið.

Í I. kafla frumvarpsins er almenn lýsing á markmiðum þess.

Í II. kafla frumvarpsins eru ákvæði sem lúta veiðum. Er þar lagt til að eftirfarandi ákvæði verði lögfest:

— Bann við að henda fiski í hafið.
— Bann við netaveiðum báta undir 30 brúttótonnum frá 1. nóvember til loka febrúar.
— Að óheimilt verði að hefja veiðiferð án þess að skip hafi veiðiheimildir í þeim tegundum sem líklegt er að fáist í veiðiferðinni.
— Að Fiskistofu verði heimilt að áætla viðbótarafla á skip víki aflasamsetning þess verulega frá aflasamsetningu annarra skipa sem hliðstæðar veiðar stunda.
— Að skylt verði að draga reglulega veiðarfæri sem skilin eru eftir í sjó, svo sem net og línu. Heimilt verði á kostnað eiganda að draga upp veiðarfæri sem ekki er sinnt.

Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði, sem lúta að vigtun sjávarafla. Þessi ákvæði eru að efni til að mestu leyti samhljóða gildandi reglugerð um vigtun sjávarafla en þó er kveðið með skýrari hætti á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila sem að vigtun sjávarafla koma. Nýmæli er í 8. gr. en samkvæmt því er heimilt að banna að afla sé landað í höfnum þar sem ekki er fullnægjandi aðstaða til vigtunar eða reglum um vigtun sjávarafla er ekki fylgt.

IV. kafli fjallar um framkvæmd laganna og viðurlög. Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast framkvæmdina. Hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um viðbrögð stjórnvalda vegna brota á lögum þessum. Er hér um að ræða mjög mikilvægt nýmæli. Gert er ráð fyrir að skip verði svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í ákveðinn tíma og að ítrekun brots varði lengri leyfissviptingu. Auk þess er gert ráð fyrir að aðili geti misst undanþáguheimild til vigtunar afla standi hann ekki rétt að vigtun. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að svipta uppboðsmarkað starfsleyfi vegna brota á reglum um vigtun sjávarafla. Jafnframt er í frumvarpinu kveðið á um að brot geti auk sekta varðað varðhaldi eða fangelsi.

Í V. kafla er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum um stjórn fiskveiða til samræmis við ákvæði sem er að finna í IV. kafla frumvarpsins varðandi framkvæmd leyfissviptinga og viðurlög.

Að lokum er í VI. kafla frumvarpsins lagt til að breytingar verði gerðar á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í vinnsluskipum, þannig að fram til næstu aldamóta verði ekki fjölgað fullvinnsluskipum. Jafnframt er lagt til að frestað verði til 1. janúar árið 2000 skyldu eldri fullvinnsluskipa til að nýta allan afla og fiskúrgang.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um markmið frumvarpsins. Um það efni vísast nánar til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla. Um rök að baki henni vísast til almennra athugasemda og fskj. I með frumvarpinu. Lögin um stjórn fiskveiða ganga út frá að þessi meginregla gildi og hún er beinlínis orðuð í 20. gr. reglugerðar nr. 405/1994, sem sett er á grundvelli þeirra laga. Í tilvitnaðri grein reglugerðarinnar eru ákvæði um að sleppa skuli lifandi þorski, ufsa og ýsu undir vissum stærðarmörkum er fæst á handfæri. Þessi fiskur er almennt lífvænlegur og því full ástæða til að kveða á um skyldu til að sleppa honum. Er því lagt til að slík regla skuli gilda áfram en ráðherra er falið að ákveða við hvaða stærðarmörk skuli miðað. Samkvæmt núgildandi reglum er miðað við 50 sm lengd varðandi þorsk og ufsa en 45 sm varðandi ýsu. Þá getur ráðherra ákveðið að fleiri veiðarfæri komi til greina í þessu sambandi en handfæri. Mætti þar t.d. hugsa sér að skylt yrði að sleppa undirmálsfiski er veiddist í gildrur.

Með 2. mgr. er ráðherra heimilað að veita tvenns konar undanþágu frá meginreglunni um að komið skuli með allan afla að landi. Er ráðherra annars vegar heimilað að ákveða með reglugerð að heimilt sé að henda fyrir borð fiski af ókvótabundnum tegundum enda hafi tegundin ekki verðgildi. Er vakin sérstök athygli á því að ráðherra getur ekki heimilað að fiski af kvótabundnum tegundum sé hent fyrir borð þótt verðlaus sé í einstökum tilvikum. Skilyrði fyrir því að heimila megi að öðrum tegundum sé hent er að tegundin hafi ekki verðgildi. Í því sambandi verður að telja að allar tegundir sem manneldismarkaður er fyrir hafi verðgildi. Varðandi aðrar tegundir hlýtur verðgildismatið ávallt að vera nokkuð vandasamt. Þá er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að varpa megi fyrir borð fiskhlutum sem falla til við verkun eða vinnslu um borð enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti. Í upphafi má reikna með að heimilað verði við ísfiskveiðar að henda fiskúrgangi öðrum en hrognum og lifur. Lagagreinin gefur hins vegar svigrúm til að herða þessar kröfur eftir því sem möguleikar aukast til arðbærrar nýtingar fiskúrgangs.

Um 3. gr.

Lengi hefur verið rætt um að banna eigi minnstu bátunum netaveiðar að vetrarlagi, fyrst og fremst vegna þess að þeir nýti afla illa og hendi afla vegna þess hve oft veður hamlar að vitjað sé um net, en einnig af öryggisástæðum. Umgengnisnefndin gerir tillögur um slíkt bann, sbr. IV. kafla, lið 2.5, í fskj. I með frumvarpinu. Það er nokkuð vandasamt að ákveða til hvaða stærðar báta og hvaða tímabils slíkt bann skuli taka. Nefndin gerir tillögur um síðara atriðið og er þeim fylgt í frumvarpi þessu. Til að skapa grundvöll til mats á fyrra atriðinu var tekið saman yfirlit um netaveiðar báta af þremur stærðarflokkum á þessu tímabili. Er sú samantekt birt í fskj. II. Eftir skoðun á tiltækum gögnum og viðræður við kunnuga menn á vertíðarsvæðinu varð það ofan á að miða bannið við 30 brúttótonn en ljóst er að slík tillaga hlýtur ávallt að byggjast að töluverðu leyti á mati.

Um 4. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að sú skylda verði lögð á Fiskistofu að fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um samsetningu afla skipa er mismunandi veiðar stunda eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma. Þetta er að sjálfsögðu gert að vissu marki nú þegar, enda hlýtur slík upplýsingasöfnun að vera forsenda alls veiðieftirlits. Hér er reiknað með að þessi þáttur starfseminnar verði efldur mjög enda eru glöggar upplýsingar af þessu tagi nauðsynlegar til að framfylgja ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar og jafnframt grundvöllur áætlana skv. 5. gr. frumvarpsins.

Með 2. mgr. er lagt til að lögfest verði með ótvíræðum hætti sú sjálfsagða regla að skip hafi við upphaf veiðiferðar aflaheimildir er duga fyrir líklegum afla af öllum tegundum í ferðinni.

Um 5. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði heimild til að áætla skipi afla til aflamarks ef aflasamsetning þess sker sig úr aflasamsetningu þeirra skipa er sambærilegar veiðar stunda. Í aflasamsetningu hér felst ekki eingöngu hvert hlutfall einstakra fisktegunda er í afla, heldur einnig hvernig aflinn skiptist, m.a. með tilliti til stærðar fisks og ástands hans. Má hér sem dæmi nefna skip sem aðeins kemur að landi með fisk yfir tiltekinni stærð eða netabát sem eftir langa brælu kemur aðeins með lifandi blóðgaðan fisk að landi. Það liggur í eðli máls að oftast er afar erfitt að færa beina sönnun fyrir því að afla sé hent þar sem vitni að slíku eru einungis skipverjar hins brotlega skips. Ytri aðstæður geta þó gefið svo eindregna vísbendingu um að brot hafi verið framið að réttlætanlegt sé að byggja á þeim líkum við mat á afla. Áður en til slíkrar áætlunar kæmi yrði útgerð skips að sjálfsögðu gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri samkvæmt almennum stjórnsýslureglum. Til að komast hjá áætlun dugir útgerð ekki að benda á að skipstjóri sé heppinn eða óvenjulega góður fiskimaður. Staðfestar upplýsingar um verulegt frávik í útbúnaði veiðarfæra, veiðislóð eða önnur atriði sem gerir aðra aflasamsetningu líklega þurfa að liggja fyrir. Ljóst er að þessari heimild verður ekki beitt í framkvæmd nema um veruleg frávik frá aflamynstri samanburðarhópsins sé að ræða. Hliðstæð heimild til áætlunar er í 96. gr. tekjuskattslaga.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að Fiskistofa fái heimild til að taka upp eða láta taka upp veiðarfæri sem vanrækt eru þannig að ætla megi að afli sem í þau fæst skemmist.

Heimildin nær einnig til að taka upp veiðarfæri, sem ekki er hirt um að draga úr sjó við lok veiðitímabils, svo sem grásleppunet sem eru í sjó eftir lok grásleppuvertíðar.

Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti tekið upp veiðarfæri sem lögð hafa verið á svæðum þar sem bannað er að leggja veiðarfæri af þeirri gerð, svo sem línu sem lögð hefur verið á svæði þar sem línuveiðar eru bannaðar.

Eðlilegt og sanngjarnt er að sá sem ábyrgur er fyrir ólögmætri notkun veiðarfæranna beri þann kostnað sem því fylgir að aflétta hinu ólögmæta ástandi og er því gert ráð fyrir að Fiskistofa skuli krefja eigendur veiðarfæranna um þann kostnað. Séu eigendur hins vegar óþekktir má selja veiðarfærin til að mæta kostnaðinum og skal það sem umfram kann að vera renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er sett fram sú meginregla að allan afla sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að einhverju eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands verði að vigta í íslenskri höfn. Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að selja ísfisk á opinberum uppboðsmörkuðum erlendis sem hafa fengið viðurkenningu sjávarútvegsráðuneytisins til þess. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið taki ákvörðun um leyfisveitingu að undangenginni úttekt Fiskistofu á vigtunaraðferðum og eftirliti á markaðnum. Er þetta í samræmi við núverandi framkvæmd. Þá er í greininni gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða fisk sem veiddur er til bræðslu. Fyrst og fremst mundi þetta ákvæði eiga við um loðnu, en íslensk skip hafa selt loðnu til bræðslu erlendis þegar vinnslugeta hér á landi hefur ekki verið nægileg til að taka við veiðinni. Loks er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis standi sérstaklega á, t.d. ef um alvarlega vélarbilun eða annað tjón er að ræða. Kostnaður vegna ferðar eftirlitsmanns Fiskistofu til að fylgjast með löndun og vigtun eða vegna annarra nauðsynlegra ráðstafana Fiskistofu skal borinn af útgerð viðkomandi skips. Með vinnslu um borð er átt við alla aðra vinnslu en slægingu sem og ef afli er frystur eða saltaður um borð.

Um 8. gr.

Hér er í 1. mgr. kveðið á um hvernig skuli standa að vigtun á afla. Meginreglan er sú að afli skuli veginn á hafnarvog sem er í eigu viðkomandi hafnar og skal hún framkvæmd af starfsmanni hafnarinnar sem er löggiltur vigtarmaður. Er þetta eðlilegt þar sem allur afli sem landað er hér á landi fer um einhverja af um það bil 60 höfnum landsins. Vigtunarkerfið hefur verið byggt upp kringum hafnarvogir og mikið átak hefur verið gert í því að styrkja hafnirnar í sessi. Þær aðstæður geta komið upp að ekki sé unnt að uppfylla skilyrði um vigtun á hafnarvog í löndunarhöfn, t.d. vegna bilunar í hafnarvog, vegna þess að hún henti ekki til ákveðinnar vigtunar eða að löggiltur vigtarmaður sé tímabundið forfallaður. Því er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti heimilað tímabundnar undanþágur frá framangreindum skilyrðum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti heimilað fyrirtækjum að sjá um að vigta afla þótt hann hafi ekki verið veginn áður á hafnarvog, enda séu veruleg vandkvæði á vigtun á hafnarvog. Ekki er gert ráð fyrir að þessi heimild verði nýtt hvað varðar vigtun á botnfiski, nema ströng skilyrði varðandi skráningu og eftirlit séu uppfyllt.

Í 3. mgr. er gerð tillaga um að sjávarútvegsráðuneytinu verði heimilt að banna löndun á afla í höfnum þar sem fullnægjandi aðstaða til vigtunar eða aflaskráningar er ekki til staðar eða eftirliti hafnarinnar með löndun er mjög ábótavant. Löndun og vigtun afla og eftirlit með þessum þáttum er og hefur verið samstarfsverkefni hafna, ráðuneytis og Fiskistofu. Samstarf þetta hefur verið með ágætum og borið mikinn árangur eins og uppbygging hafnarvoga og aflaskráningarkerfisins Lóðsins ber vitni um. Árangur í eftirliti er fyrst og fremst kominn undir því að þetta samstarf sé virkt. Það er ljóst að slælegt eftirlit í einni höfn getur gert það að verkum að minni afli fari um hafnir sem uppfylla skyldur sínar. Það er því talið nauðsynlegt að heimilt verði að banna löndun í þeim höfnum sem ekki uppfylla þessar skyldur. Heimild sem þessari yrði að sjálfsögðu ekki beitt nema fullreynt sé að hafnaryfirvöld fullnægi ekki lágmarkskröfum. Ekki er líklegt að oft komi til að ákvæðum þessarar málsgreinar verði beitt, enda má ætla að hafnaryfirvöld telji það almennt eftirsóknarvert að viðkomandi höfn teljist fiskihöfn.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að þeir löggiltu vigtarmenn sem annast vigtun, hvort sem það er gert á hafnarvog eða annars staðar samkvæmt heimild Fiskistofu, fylgi þeim aðferðum við vigtun, skráningu á upplýsingum og skil á skýrslum sem lög og reglugerðir um vigtun sjávarafla segja til um á hverjum tíma.

Um 10. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða ákvæðum 1. og 2. mgr. 16. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um skyldur skipstjóra hvað varðar vigtun á afla. Hann skal sjá til þess að afla sé haldið aðgreindum eftir tegundum um borð sé þess nokkur kostur vegna stærðar skipsins og í öllum tilvikum skal hann sjá til þess að hver tegund verði vegin sérstaklega. Einnig skal hann tryggja að vigtarmaður fái réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann þannig að skráning á honum verði rétt.

Í 2. mgr. er kveðið á um skráningu á afla meðan á veiðiferð stendur. Er gert ráð fyrir að auk afladagbóka verði færðar vinnsludagbækur um borð í skipum sem vinna afla um borð. Sambærilegt ákvæði er nú í 3. mgr. 16. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um ábyrgð ökumanns flutningstækis. Er þess krafist að hann hafi vitneskju um farminn sem fluttur er og tryggi að vigtarmaður fái réttar upplýsingar um hann. Enn fremur er lagt til að honum verði gert að aka stystu eðlilegu leið til hafnarvogarinnar frá skipshlið og þar með loku fyrir það skotið að ökumaður geti sagst vera á leið á hafnarvogina ef hann er stöðvaður með óveginn fisk á bílnum langt frá höfninni.

Um 13. gr.

Til að efla eftirlit er nauðsynlegt að leggja þá skyldu á kaupendur afla að þeir kanni uppruna hans og hvernig staðið hafi verið að vigtun.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldur kaupenda til að skrá og skila skýrslum um ráðstöfun afla og framleiðslu. Er þetta ákvæði nauðsynlegt til að unnt sé að safna upplýsingum um framleiðslu í sjávarútvegi og er einnig mikilvægur þáttur í eftirliti með veiðum sem m.a. fer fram með þeim hætti að upplýsingar um landaðan afla eru bornar saman við upplýsingar framleiðanda um kaup og ráðstöfun afla.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði sem lúta að framkvæmd laganna og reyndar að nokkru leyti framkvæmd laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, auk þess sem kaflinn hefur að geyma ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum.

Sjálfsagt er að leggja þungar refsingar við brotum á jafn mikilvægum lögum og hér um ræðir, ekki síst ef brot eru ítrekuð eða stórvægileg. Í 25.–27.gr. er lagt til að það verði gert, þar á meðal að unnt verði að gera lögaðilum að greiða sektir þótt sök verði ekki sönnuð á þá einstaklinga sem í þágu hans starfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að alvarleg brot á lögunum geti varðað varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum og er þar tekið mið af refsingum fyrir meiri háttar efnahagsbrot, svo sem auðgunarbrot og skattsvik.

Það eitt að lýsa brotin refsiverð er þó ekki nóg til þess að búa svo um hnúta, eins og nokkur kostur er í lögum, að ákvæðum laganna verði fylgt í framkvæmd. Enginn vafi leikur á því að virkasta ráðið til þess er að skip verði svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni ef brotið er gegn ákvæðunum. Til þessa hefur leyfissviptingu nær einvörðungu verið beitt til þess að aflétta ólögmætu ástandi, t.d. þegar afli skips hefur verið kominn yfir leyfilegt aflamark. Aftur á móti hefur þessu úrræði lítið verið beitt í refsiskyni gagnvart þeim sem brotið hafa gegn ákvæðum fiskveiðilöggjafarinnar, jafnvel margítrekað, enda þótt heimild hafi verið til þess í lögum.

Í 15. og 16.gr. er hins vegar lagt til að skip verði fortakslaust svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í tiltekinn tíma ef um er að ræða brot á þessum lögum eða ítrekuð brot á lögum um stjórn fiskveiða. Í síðarnefndu tilvikunum yrðu skip að sjálfsögðu svipt leyfi meðan þau hefðu ekki heimild til frekari veiða, t.d. vegna þess að þau hefðu veitt umfram leyfilegt aflamark, en jafnvel þótt aflamarkið mundi aukast stæði leyfissviptingin í tvær vikur til viðbótar við fyrstu ítrekun og svo framvegis. Í 18. og 20. gr. er og að finna hliðstæð ákvæði sem miða að því, eftir því sem frekast er kostur, að koma í veg fyrir að brotið verði gegn ákvæðum laganna.

Þar sem um er að ræða skerðingu á mjög mikilvægum atvinnuréttindum eru að sjálfsögðu miklir hagsmunir í húfi. Af þeim sökum verður að gera þær kröfur til þeirra stjórnvalda, sem um þessi mál fjalla, að þau virði þær grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni sem sjálfsagðar þykja við aðstæður sem þessar.

Svipting leyfis eða afturköllun þess er sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun og því gilda um hana ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við á. Af þeim ákvæðum er sérstök ástæða til að nefna svonefnda andmælareglu, sbr. IV. kafla stjórnsýslulaga. Í þeirri reglu felst í fyrsta lagi að skýra þurfi þeim sem í hlut á að mál hans sé til athugunar, í öðru lagi ber að gefa honum kost á að kynna sér gögn í máli hans og í þriðja lagi veita honum færi á að tjá sig um það áður en því er ráðið til lykta. Með tilliti til þessarar reglu er gerð sú tillaga í 2. mgr. 15. gr. að útgerð verði veitt eins konar viðvörun um að afli skips sé farinn að nálgast leyfilegt aflamark og til leyfissviptingar komi ef farið verður fram úr því marki. Slík viðvörun er hugsuð sem tilkynning um upphaf máls í skilningi 14. gr. stjórnsýslulaga, þannig að þá strax verði útgerðinni gefinn kostur á að koma að andmælum ef hún telur upplýsingar þær sem á er byggt séu að einhverju leyti rangar eða málatilbúnaði að öðru leyti áfátt. Þannig hefði gefist svigrúm til andmæla áður en til leyfissviptingar kæmi, en að öðrum kosti gæfist naumur tími til þess vegna þess að óhjákvæmilegt er að grípa til sviptingar um leið og afli skips fer fram úr leyfilegu aflamarki.

Við samningu ákvæða um heimild til þess að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni í þessum kafla hefur og verið horft til tveggja annarra reglna í stjórnsýslulögum, þ.e. til jafnræðisreglunnar í 11. gr. laganna og meðalhófsreglunnar í 12. gr. þeirra. Með tilliti til jafnræðisreglunnar er lagt til að reglur um það hvenær til leyfissviptingar verði gripið og hversu lengi svipting skuli vara verði í senn fortakslausar og ítarlegar þannig að allir sitji að þessu leyti við sama borð. Segja má að sú tilhögun í 3. mgr. 15. gr. um að gefa með góðum fyrirvara til kynna að til sviptingar kunni að koma eigi rætur að rekja til meðalhófsreglunnar og hið sama má segja um þann hátt að svipting skuli standa í sífellt lengri tíma við hvert ítrekað brot.

Í lögum nr. 36/1992 segir að Fiskistofa skuli starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála og heyri undir sjávarútvegsráðherra. Í samræmi við þetta hlutverk Fiskistofu og stöðu hennar í stjórnkerfinu er eðlilegt að hún taki ákvarðanir um sviptingu veiðileyfa, hvort sem er vegna brota á þessum lögum eða lögum um stjórn fiskveiða. Þeim ákvörðunum verður skotið til sjávarútvegsráðuneytisins og þær eftir atvikum bornar undir dómstóla, svo sem fram kemur í 19. og 21. gr.

Í kaflanum er að öðru leyti að finna ákvæði sem með einum eða öðrum hætti snúa að framkvæmd á lögum þessum eða lögum um stjórn fiskveiða. Verða þau skýrð hér á eftir, hvert fyrir sig, eftir því ástæða þykir til.

Um 14. gr.

Í samræmi við lög nr. 36/1992 er kveðið á um að Fiskistofa skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna svo og eftirlitsmenn í þjónustu hennar. Tekið er fram að þessir aðilar hafi sömu heimildir til þess að rækja þetta eftirlitshlutverk og fram koma í lögum um stjórn fiskveiða, sbr. nú lög nr. 38/1990, einkum 3. mgr. 17. gr. laganna.

Um 15. gr.

Í þessari grein er mælt svo fyrir að Fiskistofu sé skylt að svipta hvert það skip leyfi til veiða í atvinnuskyni sem veitt hefur umfram leyfilegt aflamark af einhverri fisktegund. Nær sviptingin til hvers konar veiða í atvinnuskyni, en er ekki einskorðuð við þá tegund eða tegundir sem of mikið hefur verið veitt af. Ákvæði 2. og 3. mgr. eru skýrð í athugasemdum um IV. kafla og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 16. gr.

Hér er mælt svo fyrir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni hafi útgerð, áhöfn eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa brotið gegn ákvæðum þessara laga. Með síðastnefndu orðalagi er átt við aðra starfsmenn en þá sem eru í áhöfn skips og jafnframt þá er starfa í þágu útgerðar sem verktakar, t.d. bifreiðastjóra og aðra stjórnendur flutningstækja.

Um 17. gr.

Rétt þykir að Fiskistofa geti ákveðið að veiðieftirlitsmaður á hennar vegum skuli vera um borð í skipi í allt að tvo mánuði samfleytt ef skipið hefur ítrekað verið svipt leyfi skv. 15. og 16. gr. eða skipinu hefur ítrekað verið áætlaður viðbótarafli skv. 5. gr. Þessi heimild er eitt af þeim úrræðum sem lagt er til að lögfest verði til þess að koma í veg fyrir brot á þessum lögum og lögum um stjórn fiskveiða.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um heimild til þess að skjóta ákvörðunum Fiskistofu skv. 14.–18. gr. til sjávarútvegsráðuneytisins með stjórnsýslukæru. Um hana gildar almennar reglur, þar á meðal ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga, að öðru leyti en því að lagt er til að kærufrestur verði einn mánuður í stað þriggja mánaða.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 21. gr.

Í greininni er, til að taka af allan vafa, mælt svo fyrir að ákvarðanir stjórnvalda skv. IV. kafla verði bornar undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er þörf á að skjóta ákvörðunum Fiskistofu til sjávarútvegsráðuneytisins áður en þær verða bornar undir dómstóla af þeim sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að skylt sé að birta opinberlega upplýsingar um sviptingu veiðileyfa skv. 15. og 16. gr. svo og afturköllun heimilda skv. 18. og 20. gr. Eiga sömu rök við þessa grein og 23. gr.

Um 23. gr.

Lagt er til að lögfest verði sú meginregla að upplýsingar um úthlutun aflamarks til einstakra skipa og önnur þau atriði sem upp eru talin í greininni skuli vera opinberar upplýsingar sem öllum skuli heimill aðgangur að. Ákvæðið er byggt á því sjónarmiði að almenningur skuli að öðru jöfnu eiga aðgang að upplýsingum í stjórnsýslunni. Við það bætist þörf á því að sem flestir eigi kost á að fylgjast með framkvæmd laga á þessu sviði, en með því móti má fremur búast við að brot á lögunum upplýsist.

Um 24. gr.

Því hefur verið haldið fram að erfitt sé að upplýsa það hvort fiski sé hent útbyrðis og lönduðum afla komið framhjá vigt vegna þess að skipverjar og aðrir þeir sem störfuðu fyrir útgerð og fiskvinnslu þyrðu ekki að skýra frá slíku af ótta við að þeir yrðu beittir einhvers konar viðurlögum af hálfu vinnuveitenda. Þetta ákvæði miðar að því að sporna við þvílíkum viðurlögum, m.a. er vinnuveitanda ætlað að færa sönnur á að uppsögn úr starfi eða skerðing á kjörum í tilefni af skýrslugjöf eigi rætur að rekja til annars tilefnis. Að öðrum kosti yrði litið á viðurlögin sem ólögmæt og gæti starfsmaður t.d. krafist skaðabóta af þeirri ástæðu fyrir dómi.

Um 25. gr.

Áður hefur verið gerð grein fyrir því að ástæða sé til að sama refsing liggi við alvarlegum brotum á þessum lögum og meiri háttar efnahagsbrotum. Í greininni er hnykkt á því að um refsivert brot sé að ræða hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi, auk þess sem hlutlæg refsiábyrgð er lögð á lögaðila í 26. gr. Þá er leitast við að þrengja nokkuð refsiramma frá því sem venja er þar sem mælt er fyrir um sektir vegna brota á lögunum þótt óhjákvæmilegt sé að láta dómstólum eftir verulegt svigrúm vegna þess hve brotin geta verið ólík að eðli og umfangi. Ef um er að ræða alvarlegt brot væri eðlilegt að dæma hvort tveggja refsivist og sektir, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 26. og 27. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um V. kafla.

Í samræmi við hlutverk Fiskistofu er eðlilegt að fela henni að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum um stjórn fiskveiða í stað sjávarútvegsráðuneytisins, svo sem nú er fyrir mælt í 19. gr. laga nr. 15/1990. Til þess að tryggja samræmi í framkvæmd varðandi leyfissviptingu er lagt til að í þeim lögum verði vísað um það atriði til þessara laga. Jafnframt er ráð fyrir því gert að ákvæði um refsingar og refsikennd viðurlög í lögum um stjórn fiskveiða verði samhljóða þeim ákvæðum í þessum lögum.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 29.–31. gr.

Þessi ákvæði eru sem fyrr segir samhljóða ákvæðum 25.–27. gr. og vísast til athugasemda um þær greinar.

Um 32. gr.

Hér er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, sbr. lög nr. 109/1993. Með lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, sem tóku gildi 22. júní 1992, var mörkuð sú meginstefna að fullvinnsluskipum skyldi skylt að koma með allan afla að landi, þar með talið fiskúrgang sem til félli við vinnsluna. Þar sem ljóst var að fæst skipanna, sem þegar höfðu hafið fullvinnslu, gátu fullnægt þessum kröfum var ákveðið að veita þeim frest til 1. september 1996 til þess að uppfylla þessi skilyrði. Sama gilti um ný skip sem samið hafði verið um smíði á fyrir 22. júní 1992 og eldri skip sem samið hafði verið um breytingar á fyrir sama tíma. Óheimilt var að veita öðrum skipum leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð nema þau hefðu möguleika á að nýta allan afla, sem fengist við veiðarnar, þar með talið fiskúrgang.

Frá því að lögin tóku gildi hefur tveimur nýjum skipum verið veitt leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð. Eru það skip er búin eru fullkomnum útbúnaði til nýtingar afla, þar með talið fiskimjölsverksmiðju. Varðandi hin eldri skip hefur komið í ljós að fæst þeirra hafa möguleika á því að sinna skyldu til fullnýtingar afla, án verulegra kostnaðarsamra breytinga. Ljóst er því að nauðsynlegt er að veita útgerðum þessara skipa lengri frest og er því lagt til að fresturinn verði lengdur til 1. janúar árið 2000.

Um 33. gr.

Hér er lagt til að við lögin um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum komi nýtt ákvæði, merkt II, til bráðabirgða sem fram til 1. janúar árið 2000 leggi bann við að veita ný leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Á undanförnum árum hefur þorskafli dregist verulega saman. Má hér nefna að á fiskveiðiárinu 1991/1992 þegar lögin um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum tóku gildi var heildarþorskaflinn 273 þúsund lestir en á yfirstandandi fiskveiðiári er stefnt að því, að þorskaflinn fari ekki yfir 155 þúsund lestir og samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um ástand þorskstofnsins má ekki vænta verulegrar aukningar í þorskveiði á næstu árum. Með hliðsjón af þessum samdrætti í þorskafla og atvinnuástandi þykir eðlilegt að stöðva fjölgun fullvinnsluskipa um tíma.

Í síðustu málsgrein greinarinnar segir að ráðherra geti vikið frá þessu banni ef skip, sem fullvinnsluleyfi hefur, ferst eða verður fyrir altjóni. Verði aðili fyrir því að missa vinnsluskip úr rekstri þykir rétt að heimilt sé að veita honum nýtt vinnsluleyfi á annað skip enda verði öllum kröfum sem gerðar eru til nýrra fullvinnsluskipa fullnægt.

Um 34. gr.

Að lokum er hér lagt til að við lögin um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, komi nýtt ákvæði, merkt III, til bráðabirgða, þar sem ráðherra er falið að láta endurskoða lögin og skuli endurskoðun þeirri lokið fyrir 1. september 1998.

Frá upphafi hafa verið skiptar skoðanir um hvort þær kröfur sem lög nr. 54/1992 gera til fullvinnsluskipa séu raunhæfar miðað við verð afurða úr fiskúrgangi og þann kostnað sem leiðir af fullnýtingu aflans. Jafnframt hafa verið skiptar skoðanir um hvort stemma eigi stigu við fjölgun fullvinnsluskipa. Þá krefjast hinar öru tækniframfarir sem orðið hafa í fiskvinnslu endurskoðunar á lögunum. Þar sem hér er um flókin og vandasöm álitaefni að ræða þykir rétt að ætla sér rúman tíma til endurskoðunar laganna og er því miðað við að endurskoðun ljúki 1. september 1998.

Um 35. og 36. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpinu fylgdu þrjú fylgiskjöl. Á fskj. I var birt áfangaskýrsla samstarfsnefndar um bætta umgengni um auðlindir sjávar, „Tillögur um úrræði gegn útkasti fisks og löndun fram hjá vigt“; nefndina skipaði sjávarútvegsráðherra í maí 1994 og lauk hún störfum í desember sl. Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Afli báta minni en 40 brúttótonn í net í nóvember, desember, janúar, febrúar og mars fiskveiðiárið 1993/1994 og nóvember, desember og janúar (til 24. janúar) fiskveiðiárið 1994/1995.

Heildartölur 1993/1994. **Eftir mánuðum.**

			Nóvember 1993		Desember 1993		Janúar 1994		Febrúar 1994	
Flokkur	01.11.93 - 28.02.94	Fjöldi	Afli	Fjöldi	Afli	Fjöldi	Afli	Fjöldi	Afli	Fjöldi
Bátar < 20	1,857	111	237	59	345	61	497	47	778	73
Bátar 20 - 29,99	1,270	23	180	12	200	13	344	14	546	18
Bátar 30 - 39,99	657	9	53	7	113	6	137	7	354	9
Alls	3,784	143	470	78	658	80	978	68	1,678	100

Heildartölur 1994/1995. **Eftir mánuðum.**

			Nóvember 1994		Desember 1994		Janúar 1995	
Flokkur	01.11.94 - 24.01.95	Fjöldi	Afli	Fjöldi	Afli	Fjöldi	Afli	Fjöldi
Bátar < 20	473	49	244	38	142	40	87	18
Bátar 20 - 29,99	470	10	193	10	111	6	166	6
Bátar 30 - 39,99	250	4	66	3	78	3	106	4
Alls	1,193	63	503	51	331	49	359	28

Afli í mars 1994

	Mars 1994	
Flokkur	Afli	Fjöldi
Bátar < 20	2,792	135
Bátar 20 - 29,99	1,085	18
Bátar 30 - 39,99	509	8
Alls	4,386	161

Allar tölur samkvæmt Lóðs.
Allur afli er í tonnum.
Stærðir bátanna eru í brúttótonnum.
Afli í janúar 1995 er samkvæmt innkomnum tölum 24. janúar.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umgengni um auðlindir sjávar.

Tilgangur með frumvarpi þessu er að bæta umgengni um auðlindir sjávar. Lagt er til að hert verði eftirlit með afla, meðferð hans á sjó og vigtun við löndun. Er með því ætlað að laga veikleika í núverandi löggjöf við framkvæmd á aflastjórnun.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins skal Fiskistofa fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa. Þá verður óheimilt að hefja veiðiferð skips nema skipið hafi aflamark sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni. Í 5. gr. er kveðið svo á að skeri aflasamsetning skips sig úr aflasamsetningu annarra skipa er hliðstæðar veiðar stunda geti Fiskistofa áætlað skipinu viðbótarafla af þeim tegundum sem ætla má að vantaldar séu. Í athugasemdum við 4. gr. er skýrt frá að reiknað sé með að þessi þáttur starfseminnar verði efldur mjög og verði hann jafnframt grundvöllur að framfylgd 5. gr. frumvarpsins. Í 6. gr. er lagt til að Fiskistofa fái heimild til að taka upp veiðarfæri sem liggja í sjó og vanrækt eru. Í 7.–9. gr. er fjallað um vigtun afla og skyldur viðkomandi aðila í því sambandi.

Hinar hertu umgengnisreglur sem lagðar eru til í frumvarpi þessu leggja aukna vinnu á veiðieftirlit Fiskistofu. Þar eru nú 23–24 störf við veiðieftirlit, en fylgjast verður með um 60 höfnum kringum landið. Það er mat fjármálaráðuneytisins að framfylgd þessa frumvarps kalli á fjölgun um 2–3 störf við veiðieftirlit og að kostnaður við þau störf og starfsemi tengdum þeim geti orðið 6–10 m.kr. Í lögum nr. 38/1990, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að kostnaður við veiðieftirlit verði borinn uppi af sérstöku gjaldi — veiðieftirlitsgjaldi. Því má gera ráð fyrir að hækka verði veiðieftirlitsgjaldið af þessum sökum þannig að viðbótarkostnaðurinn falli ekki á ríkissjóð.

707. Frumvarp til laga [432. mál]

um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

I. KAFLI

Heiti og undirstaða.

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þjóðkirkjuna.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar eða skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni.

II. KAFLI
Réttarstaða.

2. gr.

Þjóðkirkjan nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.

Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignhelgi og koma fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til rekstrs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað með sama hætti og verið hefur um ríkissjóð.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt og hefur umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Um stöðu þjóðkirkjunnar sem opinbers trúfélags fer eftir I. kafla laga um trúfélög, nr. 18/1975, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Stjórn og starfsskipan.
1. Almennt.

5. gr.

Þjóðkirkjan ræður starfi sínu innan lögmæltra marka.

2. Biskup Íslands.
Almennt.

6. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar. Hann hefur aðsetur í Reykjavík.

Biskupskosning.

7. gr.

Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni.

8. gr.

Kirkjuþing setur reglur um kosningu biskups Íslands.

Skipun biskups Íslands.

9. gr.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands.

Starfssvið biskups Íslands o.fl.

Almennt.

10. gr.

Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing hefur sett, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum.

Um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi.

Úrskurðarnefnd.

11. gr.

Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi. Vegna agabrota getur hann gripið til þeirra úrræða sem lög og kirkjuhefð leyfa.

Ágreiningsaðilar geta farið þess á leit við biskup Íslands að mál fari fyrir sérstaka nefnd, úrskurðarnefnd, og ákvarðar hann þá hvort orðið verði við þeirri málaleitan. Kirkjuþing setur nánari starfsreglur um úrskurðarnefnd, sbr. 63. gr.

Áfrýjunarnefnd.

12. gr.

Niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 11. gr., má skjóta til áfrýjunarnefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Hafa málsaðilar og biskup Íslands heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur.

Áfrýjunarnefnd er skipuð þrem löglærðum mönnum sem fullnægi almennum skilyrðum til þess að vera skipaðir hæstaréttardómarar og sé einn þeirra formaður. Skulu þeir allir skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við meðferð einstakra mála skal nefndin skipuð tveim sérfróðum mönnum til viðbótar sem nefndin kveður sjálf til starfans.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar, sem skulu vera rökstuddir og að jafnaði kveðnir upp innan sex vikna frá því að mál barst nefndinni, eru endanlegir og bindandi innan valdsviðs þjóðkirkjunnar.

Varði mál agabrot eða embættisfærslu prests sérstaklega getur biskup Íslands vikið hlutaðeigandi úr starfi meðan um mál hans er fjallað í úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd og skal þá annar settur eða ráðinn til að gegna prestsstarfinu á meðan.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd í starfsreglur skv. 63. gr.

Nú er biskup Íslands vanhæfur til ákvarðanatöku skv. 11. og 12. gr., sbr. ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og kemur þá sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu í hans stað.

Um hæfi nefndarmanna í úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, svo og almenn ákvæði stjórnsýslulaga um málsmeðferð að því marki sem starfsreglur, er settar verða skv. 63. gr., mæla eigi fyrir á annan veg.

Um staðgengil biskups Íslands.

13. gr.

Í forföllum biskups Íslands kveður hann þann vígslubiskup er hann kýs til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum, sbr. þó 12. gr.

Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

3. Vígslubiskupar.

Almennt.

14. gr.

Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þeir skulu hafa tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og vera biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annast þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

Kosning vígslubiskupa.

15. gr.

Um kosningu og kjörgengi vígslubiskupa gilda sömu reglur og um biskupskjör eftir því sem við getur átt, sbr. 7. og 8. gr. Kirkjuþing setur nánari reglur um kosningu vígslubiskups í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig.

Vígslubiskupsumdæmi o.fl.

16. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Samráðsfundur.

17. gr.

Biskup Íslands kallar vígslubiskupana til samráðsfundar svo oft sem þurfa þykir. Samráðsfundur biskups Íslands og vígslubiskupa skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings, sbr. 51. gr. Nánari ákvæði um starfssvið vígslubiskupa skal setja í starfsreglur, sbr. 63. gr.

4. Kirkjuþing.

Almennt.

18. gr.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka.

Málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 17. og 25. gr.

Samþykktir um guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

Skipan kirkjuþings.

19. gr.

Á kirkjuþingi eiga sæti 25 kjörnir fulltrúar. Eru 12 þeirra leikmenn úr hópi sóknarnefndarfólks og 11 þeirra prestar úr hópi sóknarpresta. Þá kjósa kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, er hafa guðfræðimenntun, einn kennara úr sínum hópi og prestar í annarri prestsþjónustu en sóknarprestsþjónustu kjósa einn úr sínum hópi.

Auk þess sitja á kirkjuþingi með málfrelsi og tillögurétt vígslubiskupar báðir og einn fulltrúi kirkjumálaráðherra. Kirkjuráðsmenn sitja og á kirkjuþingi. Hafa þeir málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki, nema þeir séu jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn.

Biskup Íslands er forseti kirkjuþings og hefur málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann ekki. Eigi veldur það vanhæfi biskups Íslands í forsetastörfum þótt hann hafi fjallað um mál í kirkjuráði.

Við kosningu leikmanna og sóknarpresta skal þess gætt að í Hólastifti séu kjörnir þrír leikmenn og þrír sóknarprestar, í Skálholtsstifti sé kjörinn einn leikmaður og einn sóknarprestur úr hverjum landshluta utan Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæma. Í Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmum séu kjörnir fimm leikmenn og fjórir prestar og sé einn leikmaður og einn prestur úr Kjalarnessprófastsdæmi.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings, starfshætti og verksvið í starfsreglur, sbr. 63. gr.

Kirkjuleg stjórnvöld.

20. gr.

Stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar fara með stjórnsýslu í öllum efnum, þar með talin ráðning og lausn starfsmanna, og bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.

Kirkjuþing skal sjá til þess að reikningshald kirkjulegra aðila hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til kirkjumálaráðherra að þau verði flutt á Alþingi.

Kirkjumálaráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

5. Kirkjuráð.

Almennt.

21. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar. Biskup Íslands er forseti kirkjuráðs.

Skipan kirkjuráðs.

22. gr.

Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu. Kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið.

Kirkjuráð kýs sér varaforseta en biskupsritari er ritari kirkjuráðs.

Starfssvið kirkjuráðs.

23. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, leikmannastefnu, Alþingis og kirkjumálaráðherra.

Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir biskups skv. 11. og 12. gr., svo og um kenningu kirkjunnar, sbr. 10., 17., 18. og 25. gr. Varði málsskot ákvörðun biskups Íslands er hann hefur áður tekið víkur hann sæti í kirkjuráði meðan það mál er til meðferðar þar.

Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur skv. 63. gr. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

24. gr.

Kirkjuráð undirbýr fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess.

Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum.

Kirkjuráð hefur á hendi yfirumsjá Kristnisjóðs, sbr. 23. gr. laga nr. 35/1970, Jöfnunarsjóðs sókna, sbr. II. kafla laga nr. 91/1987, kirkjumálasjóðs, sbr. lög nr. 138/1993, og prestssetrasjóðs, sbr. 2.–3. gr. laga nr. 137/1993. Kirkjuráði er heimilt að kjósa stjórnir þessara sjóða.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefur þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla er greinir í lögum nr. 22/1993.

6. Prestastefna.

25. gr.

Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu (synodus generalis) og er forseti hennar.

Á prestastefnu eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar og allir starfandi þjóðkirkjuprestar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun og guðfræðingar sem gegna föstum störfum á vegum þjóðkirkjunnar. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti enda séu þeir innan safnaða er starfa á játningargrundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju.

Á prestastefnu skal fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og um önnur kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup og kirkjuþing, sbr. 11., 12., og 18. gr.

7. Leikmannastefna.

26. gr.

Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu. Kirkjuþing setur ákvæði um leikmannastefnu í starfsreglur, sbr. 63. gr.

8. Prófastar.

Almennt.

27. gr.

Biskup Íslands skipar prófasta úr hópi presta til sex ára í senn. Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur, sbr. 63. gr.

Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmunum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar. Biskup getur skipað prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

Héraðsfundir og héraðsnefndir.

28. gr.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd.

29. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa á milli héraðsfunda og er hún framkvæmdanefnd héraðsfundar. Prófastur er formaður héraðsnefndar en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs.

30. gr.

Nánari reglur um héraðsfundi og héraðsnefndir skal setja í starfsreglur, sbr. 63. gr.

9. Prestar.

Almennt.

31. gr.

Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar telst vera hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.

32. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem reglur og venjur segja til um.

33. gr.

Í fjölmennum prestaköllum er heimilt að skipa fleiri presta en einn sem valdir skulu með sama hætti og sóknarprestar. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forustu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi, sbr. 63. gr.

Embættisgengi presta o.fl.

34. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar í embætti sóknarpresta. Biskup Íslands skipar í önnur prestsembætti, sbr. 33. gr., og ræður presta til þjónustu, sbr. 40., 41. og 42. gr.

35. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Biskup Íslands getur þó veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla og skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands um hið síðarnefnda.
3. Að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun eigi skemur en fjóra mánuði. Um framkvæmd þessarar starfsþjálfunar og eftirlit skal nánar kveðið á í almennum starfsreglum, sbr. 63. gr.

Biskup Íslands skipar þriggja manna nefnd, stöðunefnd, til þess að meta hæfi kandídata til prestsembætta að lokinni þjálfun þeirra og skal hann hafa hliðsjón af áliti nefndarinnar. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Prestafélagi Íslands, annar tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands en biskup Íslands skipar einn nefndarmann án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Getur enginn kandídat hlotið vígslu hafi stöðunefnd samdóma metið hann óhæfan, en þó má hann leita eftir vígslu að fimm árum liðnum frá því að nefndin skilaði áliti sínu og verður hæfi hans þá metið að nýju.

Að öðru leyti verður kandídat að fullnægja almennum skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Val á sóknarpresti.

36. gr.

Þegar prestakall eða prestsstaða losnar auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta.

37. gr.

Um val á presti skal fara eftir lögum nr. 44/1987, nema að því leyti að falli atkvæði jöfn á kjörfundi skal hlutkesti ráða. Að öðru leyti getur kirkjuþing sett ákvæði um val á presti í starfsreglum, sbr. 63. gr.

Almennt um skyldur presta.

38. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við starfi sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun eða ráðningu. Biskup Íslands getur þó veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

39. gr.

Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu settar í starfsreglur, sbr. 63. gr.

Sérþjónustuprestar.

Almennt.

40. gr.

Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta sem að jafnaði hafi sérmenntun til starfans.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 31. gr.

Héraðsprestar.

41. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar er hafi með höndum eftirtalin verkefni:

1. Að vera til aðstoðar í fjölmennum eða víðlendum prestaköllum.
2. Að þjóna í forföllum.
3. Að annast tiltekin sérverkefni.

Prestar er starfa erlendis.

42. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að prestar séu ráðnir til starfa meðal Íslendinga erlendis.

Nánari ákvæði.

43. gr.

Nánari ákvæði um sérþjónustupresta, sbr. 40.–42. gr., skal setja í almennar starfsreglur, sbr. 63. gr.

10. Djáknar.

44. gr.

Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar telst vera hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir fastri djáknaþjónustu í þjóðkirkjunni.

Djáknar eru ráðnir af sóknarnefnd í samráði við sóknarprest til þess að gegna sérstaklega tilgreindum störfum á sviði líknar- og fræðslumála innan safnaðar.

Heimilt er í samráði við viðkomandi sóknarnefnd og sóknarprest og /eða sjúkrahúsprest að ráða djákna til starfa á sjúkrastofnun.

Til að hljóta ráðningu og vígslu sem djákni þarf hlutaðeigandi að hafa lokið viðeigandi prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og hlotið tilskilda starfsþjálfun á vegum djáknanefndar þjóðkirkjunnar er kirkjuráð skipar. Hafi umsækjandi um djáknastarf lokið prófi frá erlendum djáknaskóla skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.

Um þjónustu djákna fer nánar eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 63. gr.

11. Sóknir og prestaköll.

Almennt.

45. gr.

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

46. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining en tengist öðrum sóknum innan sama prestakalls, ef um það er að ræða, með samstarfi sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um eða einstakar sóknarnefndir stofna til. Þá tengjast kirkjusóknir öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi.

Sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjuna. Um skráningu óskírðra í þjóðkirkjunni fer að öðru leyti eftir ákvörðun laga um trúfélög, nr. 18/1975.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlegar skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmæltum ákvörðunum.

Sóknarmörk og breytingar á þeim.

47. gr.

Aðalsafnaðarfundur eða aðalsafnaðarfundir, ef mál varðar fleiri sóknir en eina, gera tillögur til héraðsfunda um skiptingu kirkjusóknar, sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu.

48. gr.

Nú er kirkjusókn skipt og tekin upp ný sókn eða sóknarmörk færð til og skal þá miða fjárskipti sóknanna við hlutfallslegan fjölda þeirra sóknarmanna sem breytingin tekur til. Þegar kirkjusókn er skipt og ný stofnuð á hin nýja sókn aðeins tilkall til þeirra fjármuna sem sóknarmenn hinnar nýju sóknar hafa sannanlega lagt til eldri sóknarinnar, þó að frádreginni sanngjarnri þóknun fyrir þá þjónustu sem sóknarmenn nýju sóknarinnar nutu meðan sóknin var óskipt. Ef aðila greinir á um fjárskiptin geta viðkomandi sóknarnefndir krafist þess að kirkjumálaráðherra skipi tvo menn í nefnd með prófasti er útkljái ágreiningsefnið til fullnaðar. Prófastur er formaður nefndarinnar. Sé prófastur sóknarprestur í kirkjusókn, sem skipta á er honum rétt að víkja sæti og skal biskup skipa annan í hans stað. Nefndin veitir aðilum færi á að skýra mál sitt og kannar hún málsefni eftir föngum. Hún kveður að svo búnu á um fjárskiptin, þar á meðal um greiðslukjör.

49. gr.

Nú er sókn aflögð með því að hún sameinast annarri sókn eða sóknum og skulu þá eignir hennar renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við fjölda sóknarmanna er hverri sókn bætist.

Þegar sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki skal prófastur varðveita eignir hennar en lausafé skal þá ávaxtað með bestu fáanlegum kjörum. Nú er aflögð sókn endurreist og veitt sóknarréttindi á ný með samþykki héraðsfundar og á sú sókn þá rétt til framangreindra eigna.

Sé um bændakirkju að ræða er leggja skal niður og söfnuður hennar sameinast annarri sókn en bændur eða bóndi á bæði kirkjuhúsið og alla muni kirkjunnar skal hann þá hafa ráðstöfunarrétt á eign þeirri. Þó skal honum skylt að hafa samráð við prófasta um slík mál og getur prófastur, ef ekki næst samkomulag milli hans og kirkjubónda, vísað ágreiningsmálum til biskups.

Þegar sókn er aflögð samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. getur biskup að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar og héraðsfundar þá mælt svo fyrir að sóknarkirkjan verði kapella/greftrunarkirkja.

Skipan prestakalla og prófastsdæma.

50. gr.

Þjóðkirkjan ræður skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í Skálholtstifti utan Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæma skulu þó fara um ríkissjóð laun 56 prestsembætta hið fæsta, í Hólastifti laun 32 prestsembætta hið fæsta og í Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmum laun 44 prestsembætta hið fæsta. Að auki skal ríkissjóður kosta að lágmarki sex embætti sérþjónustupresta.

Innifalin í framangreindum prestsembættum eru 16 prófastsembætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu þó aldrei færri en 200 íbúar og aldrei fleiri en 4.000 íbúar vera að baki hverju prestsembætti. Þetta á þó ekki við um prestsembætti skv. 40., 41. og 42. gr.

51. gr.

Hlutaðeigandi aðalsafnaðarfundir, héraðsfundir, safnaðarráð, prestar og prófastar skulu koma óskum um breytingar á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á framfæri við hlutaðeigandi vígslubiskup og biskup Íslands.

Samráðsfundur biskups Íslands og vígslubiskupa, sbr. 17. gr., gerir tillögur til kirkjuþings um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

52. gr.

Um prestaköll og prófastsdæmi skal setja nánari ákvæði í starfsreglum, sbr. 63. gr.

53. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar prest er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallaprestakalli samkvæmt tilnefningu biskups Íslands og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

54. gr.

Nú er prestssetur í prestakalli og er þá presti skylt að hafa þar aðsetur og lögheimili nema biskup heimili annað um stundarsakir, að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

Safnaðarfundir.

55. gr.

Aðalsafnaðarfund skal halda ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin, svo og þau mál sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmæltum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundi skal halda ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.

Skipun, störf og starfshættir sóknarnefnda.

Almennt.

56. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarmenn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

57. gr.

Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem hafa náð sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá sem átt hefur sæti í sóknarnefnd getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.

Hlutverk og starfshættir.

58. gr.

Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttað, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram.

Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

59. gr.

Um stöðu, starf og starfshætti sóknarnefnda skal setja nánari ákvæði í starfsreglur, sbr. 63. gr.

Safnaðarfulltrúar.

60. gr.

Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.

Samstarfsnefndir.

61. gr.

Í prestaköllum, þar sem í eru fleiri en ein kirkjusókn, skal oddvitum sóknarnefndanna skylt að hafa sameiginlega fundi að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni á ári ásamt sóknarpresti.

Starfsmenn kirkjusókna.

62. gr.

Kirkjuþing skal setja ákvæði um stöðu og störf starfsmanna sókna í starfsreglur, sbr. 63. gr.

IV. KAFLI
Starfsreglur.

63. gr.

Um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en þá er fyrr hafa verið taldir fer eftir almennum reglum um starfshætti hennar er kirkjuþing setur og hafi að geyma nánari fyrirmæli um stjórnun og starfshætti kirkjunnar á grundvelli laga þessara. Í reglum þessum skal m.a. kveðið á um hlutverk starfsmanna þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Kirkjuþing setur jafnframt nánari reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem eigi er fjallað um í hinum almennu reglum sem getið er um í 1. mgr. Þá staðfestir kirkjuþing stofnskrár og nánari reglur um stjórn og starfsemi stofnana er starfa á vegum þjóðkirkjunnar en kirkjuráð staðfestir endurskoðaða reikninga þeirra stofnana og birtir þá síðan í skýrslu sinni til kirkjuþings.

Kirkjuráð gefur út reglur þær og stofnskrár er um ræðir í 1. og 2. mgr. ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á þeim. Skulu reglur og stofnskrár, sem og breytingar á þeim, birtast á prenti í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að kirkjuþing samþykkti þær. Ber kirkjuráði að hafa eftirlit með því að eintök þeirra séu aðgengileg fyrir almenning frá þeim tíma, auk þess sem kirkjuráð annast dreifingu þeirra og kynningu með tilhlýðilegum hætti.

Hafi eigi verið á annan veg mælt í reglum þeim sem hér um ræðir öðlast þær, sem og breytingar, bindandi gildi á þrítugasta degi frá útgáfudegi þeirra. Eftir þann tíma ber öllum starfsmönnum þjóðkirkjunnar sem og öðrum þeim sem reglunum er ætlað að binda að fara eftir þeim.

V. KAFLI
Réttarstaða starfsmanna.

64. gr.

Þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 31. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 38/1954, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna, sbr. þó 11. og 12. gr.

Um lágmarkslaunakjör þeirra starfsmanna þjóðkirkjunnar, sem taka laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna, fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr.120/1992, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

Nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar skulu sett í starfsreglur, sbr. 63. gr.

VI. KAFLI
Jarðeignir kirkna.

65. gr.

Jarðeignir, sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, teljast til eigna þeirra kirkna. Sama gildir um kirknaítök, eftir því sem við getur átt.

VII. KAFLI
Gildistaka og brottfall laga.

66. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

67. gr.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög og lagaákvæði brott svo sem hér segir:

a. 1. mgr. 3. gr., 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 9.–17. gr., 19. gr. og 35.–44. gr. laga nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.
b. 1. gr., 2. gr., 4.–6. gr., 11. gr., 14.–15. gr., 1. mgr. 16. gr., 19. gr., 22. gr., 1. mgr. 29. gr. og 36. gr. laga nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
c. 1. gr. laga nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
d. 1.–5. gr., 13. gr. og II. kafli laga nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
e. 1. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1980, um biskupskosningu.

Eftirtalin lög falla úr gildi þegar kirkjuþing hefur sett starfsreglur skv. 63. gr. laganna:

a. Lög nr. 96/1980, um biskupskosningu.
b. Lög nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
c. Lög nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
d. Lög nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem kirkjuráð skipaði í janúar 1993 til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á stjórnskipulegu sambandi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

Í nefnd þessa voru skipaðir: dr. Gunnar Kristjánsson (formaður), tilnefndur af biskupi Íslands, Ólafur Stephensen, blaðamaður, tilnefndur af kirkjumálaráðherra, dr. Einar Sigurbjörnsson, prófessor, tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands, Geir Waage, formaður Prestafélags Íslands, og dr. Páll Sigurðsson, tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands. Síðar lét Ólafur Stephensen af störfum í nefndinni að eigin ósk en við sæti hans tók Hrund Hafsteinsdóttir héraðsdómslögmaður. Séra Þorbjörn Hlynur Árnason biskupsritari starfaði með nefndinni allt frá upphafi, að ósk biskups Íslands, og jafnframt starfaði séra Kristján Valur Ingólfsson með nefndinni að undirbúningi að gerð starfsreglna frá vori 1994. Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytis sat Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í því ráðuneyti, fundi nefndarinnar í septembermánuði 1994.

Frumvarpið var til umfjöllunar á kirkjuþingi í október 1994 og löggjafarnefnd þess gerði nokkrar breytingar á því. Þá lagði kirkjuráð til ýmsar breytingar á frumvarpinu á fundi sínum 25. nóvember sl. Ákveðið hefur verið að breytingartillögur og athugasemdir kirkjuráðs við frumvarpið verði látnar fylgja frumvarpinu sem fylgiskjal I, en þær hafa ekki verið teknar inn í frumvarpið. Hefur þótt réttast að frumvarpið verði lagt fyrir í þeirri mynd sem kirkjuþing afgreiddi það frá sér.

Hér á eftir fer greinargerð er fylgdi frumvarpinu frá nefndinni er samdi það.

Nefndin hefur átt gott samstarf við fjölmarga aðila, þar á meðal við biskup Íslands og kirkjumálaráðherra.

Það er meginniðurstaða nefndarinnar að rétt sé og tímabært að gera nú ýmsar breytingar á stjórnskipun íslensku þjóðkirkjunnar og á sambandi hennar við ríkisvaldið, enda þótt enn verði haldið þeim tengslum milli ríkis og kirkju, sem kveðið er á um í stjórnarskrá íslenska ríkisins.

Höfuðforsendur lagafrumvarps þessa eru sem hér segir:

a. Veruleg aukning á innra starfi kirkjunnar og örar breytingar á því kalla á nauðsynlegar breytingar á kirkjulöggjöfinni og jafnframt á aukna og styrkta stjórnsýslu á kirkjulegum vettvangi.
b. Búsetu- og þjóðfélagsbreytingar, ásamt breyttum og bættum samgöngum, kalla á aukinn sveigjanleika í starfi kirkjunnar.
c. Umræða á pólitískum vettvangi um að endurskoða þurfi samband ríkis og kirkju kallar á svar stjórnvalda og kirkjunnar sjálfrar um heppilega og eðlilega framtíðarskipan um stöðu hennar.

Er niðurstaða nefndarinnar sú að rétt sé að þjóðkirkjan fái mun meira sjálfstæði á starfs- og stjórnunarsviði sínu en verið hefur um langa hríð, enda muni aukið sjálfstæði efla hana til starfa og átaka til aukins velfarnaðar með þjóðinni. Taldi nefndin óhjákvæmilegt að leggja tillögur sínar þar að lútandi fram í formi allítarlegs frumvarps til laga um stöðu, stjórn og starfshætti íslensku þjóðkirkjunnar þar sem væri að finna ákvæði um alla helstu þætti kirkjustarfsins, þar á meðal um stöðu og starfsemi embættismanna þjóðkirkjunnar, starfseiningar hennar og um ýmsa þætti starfsemi hennar að öðru leyti. Er þar

að vonum um margt byggt á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður með gildandi lögum en þó lagt til að gerðar verði ýmsar breytingar frá því sem er að gildandi rétti er stefni að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í samræmi við það sem fyrr sagði og tryggi það, svo sem framast má verða að lögum, að kirkjan megi valda hlutverki sínu á komandi tímum með því aukna sjálfstæði sem vænst er að hún muni öðlast.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er leitast við að kveða á um meginatriði íslensks kirkjuréttar í nokkuð breyttri mynd frá því sem nú er, svo sem fyrr segir, en jafnframt er byggt á grónum og haldgóðum kirkjuhefðum, eftir því sem framast hefur verið kostur miðað við hina nýju skipan á stjórn kirkjumála sem lýst er í frumvarpinu.

Jafnframt samningu þessa frumvarps hóf nefndin undirbúning að samningu frumvarps til samþykktar kirkjuþings um starfsreglur fyrir íslensku þjóðkirkjuna sem nefndin leggur til að fylgi í kjölfar hinna nýju laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar ef frumvarp þetta hlýtur staðfestingu hins háa Alþingis. Skal lögð sérstök áhersla á að samræmi verði milli efnis lagafrumvarps þessa annars vegar og frumvarpsins að starfsreglum hins vegar og munu frumvörp þessi mynda með nokkrum hætti eina heild þegar litið er yfir allt reglusviðið sem hér er um að ræða. Í frumvarpinu að starfsreglunum verður mælt fyrir um fjölmörg atriði er varða starfshætti íslensku þjóðkirkjunnar á mun ítarlegri hátt en unnt var eða ráðlegt þótti að gera í lagafrumvarpinu.

Tekið skal fram að hér er um að ræða frumvarp að meginlöggjöf (rammalöggjöf) um íslensku þjóðkirkjuna, en gert er ráð fyrir að margvísleg löggjöf um afmörkuð kirkjuleg málefni frá ýmsum tímum standi enn jafnhliða hinni nýju meginlöggjöf ef frumvarp þetta verður að lögum. Er þó vafalaust fullkomið tilefni til endurskoðunar og samræmingar þeirrar löggjafar þótt nefndin telji það ekki í sínum verkahring að annast víðtækari endurskoðun kirkjulöggjafarinnar en hér um ræðir.

II.

Um alllangan aldur hafa hér verið náin tengsl milli ríkis og kirkju. Voru þau m.a. staðfest á formlegan hátt í stjórnarskránni frá 1874 — þótt eldri væru í reynd — en styrktust síðar með ýmsum hætti, m.a. snemma á þessari öld þegar breyttri skipan var komið á vörslu „kirkjueigna“, svokallaðra, og ríkið tók í reynd að sér launagreiðslur til presta þjóðkirkjunnar þótt þær byggðust í fyrstu á arði af eignastofni kirkna landsins.

Fyrr á öldum var sjálfstæði íslensku kirkjunnar mikið. Var kirkjan lengi sér um fjármál og innri stjórn og á fyrstu öldum kristni í landinu kom hún fram sem sjálfstæður aðili gagnvart ríkisvaldinu (t.d. voru gerðir sáttmálar milli ríkisvalds og kirkjuvalds). Fyrrum hafði kirkjan sína eigin tekjustofna sem hún ráðstafaði til eigin þarfa — enda hlutverk hennar í „veraldlegum“ efnum þá víðtækari en síðar varð — en á síðari öldum fór þó konungsvaldið að hlutast til um málefni kirkjunnar, enda fylgdi það kenningu Lúthers að kristinn þjóðhöfðingi bæri sérstakar skyldur og ábyrgð gagnvart henni.

Sé litið til grannþjóða okkar í austri og vestri, þar sem alls staðar ríkir trúfrelsi, fer ekki á milli mála að skipan á kirkjumálum er þar með mjög misjöfnum hætti, allt eftir hefðum og ríkjandi skoðunum. Víða eru starfandi þjóðkirkjur, svokallaðar, sem sumar eru tengdar ríkisvaldinu, svo sem er á Norðurlöndum, en aðrar hafa fullt sjálfstæði í innri málum þótt ríkisvaldið veiti þeim stuðning, svo sem er í Þýskalandi. Í Bandaríkjunum er hins vegar ekki um neina þjóðkirkju að ræða, svo sem kunnugt er. Óvíða munu tengsl ríkis og kirkju vera meiri en meðal Dana, en þar er vart um að ræða neina sjálfsstjórn þjóðkirkjunnar gagnvart almannavaldinu. Meðal grannþjóða okkar hafa orðið miklar breytingar á kirkjuskipan hin síðari ár og kynnti nefndin sér þær breytingar ásamt þeim um-

ræðum sem orðið hafa í þeim löndum. Má um þetta efni m.a. vísa til áfangaskýrslu nefndarinnar sem lögð var fyrir kirkjuþing haustið 1993. Engu að síður varð það niðurstaða nefndarinnar að byggja sem mest á ráðandi kirkjuhefð hér á landi að því marki sem hún verður talin samrýmast þörfum nútímans.

Þrátt fyrir þau tengsl sem eru hér á landi milli ríkis og kirkju hefur íslenska þjóðkirkjan sjálfstæði í innri málum sínum, þ.e. hvað varðar guðþjónustuna, helgisiði, skírn, fermingu og veitingu sakramentanna, sbr. 13. gr. laga nr. 48/1982. Ytri málum kirkjunnar, svo sem skipan prestakalla og prófastsdæma, veitingu prestakalla og biskupskosningu, er hins vegar ráðið með lögum frá Alþingi. Kirkjumálaráðherra hefur og í reynd mikil völd á þessu sviði þótt hefð sé fyrir því að hann beiti þeim af hófsemi.

Lengi vel fékk þessi skipan mála að standa án umtalsverðra mótmæla kirkjunnar manna eða annarra, en á síðustu árum hafa hins vegar farið fram allnokkrar umræður um réttarstöðu íslensku þjóðkirkjunnar, einkum þó um afstöðu hennar til ríkisvaldsins (löggjafarvalds og framkvæmdarvalds). Er þar bæði átt við umræður á kirkjulegum vettvangi, einkum á kirkjuþingi, en aðrir aðilar hafa einnig látið til sín heyra þótt eigi fari sérlega hátt, m.a. í þá veru að slíta beri öll tengsl milli ríkis og kirkju. Eigi verður þó talið að nú um stundir eigi svo róttækar hugmyndir fylgi að fagna meðal alls þorra Íslendinga og miðast efni þessa frumvarps m.a. við þá ætlan nefndarinnar.

Því ber ekki að neita að upp á síðkastið hefur ríkisvaldið í reynd látið þjóðkirkjunni eftir aukið sjálfræði í margvíslegum málum og séð fyrir sérstökum tekjustofnum ýmissa starfseininga kirkjunnar. Hefur sú þróun og aukin ábyrgð kirkjunnar manna, sem henni fylgir, tvímælalaust orðið til þess að efla starfsemi þjóðkirkjunnar í heild og mun almennt hafa mælst vel fyrir.

III.

Í 62. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands frá 1944 segir *að hin evangelisk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.* Ákvæði þetta hefur staðið í stjórnarskránni allt frá 1874, en upphaflega var þó notað orðalagið „hið opinbera“ í staðinn fyrir „ríkisvaldið“. Í stjórnarskránni, sem er hin æðsta réttarheimild, eru ekki gefin nánari fyrirmæli um þetta efni, t.d. um það hvernig ríkisvaldið skuli styðja þjóðkirkjuna og vernda. Með „ríkisvaldinu“ er vafalaust átt við alla þætti þess, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald og þær stofnanir sem með þessi málefni fara — einkum þá að sjálfsögðu tvo fyrri þættina. Nánari framkvæmd þessa stjórnarskrárákvæðis er því í höndum ríkisvaldsins og ber Alþingi fyrst og fremst ábyrgð á því að með almennum lögum sé tryggt að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt.

Það sem mestu máli skiptir varðandi það efni sem hér er til meðferðar er það að af þessari stjórnarskrárgrein verður sú ályktun dregin, svo að tvímælalaust er, *að ríki og þjóðkirkja eru ekki eitt* — þ.e. tiltekinn aðili, ríkið, á að styðja og vernda annan aðila, þjóðkirkjuna. Skilyrði þess að vera íslenskur ríkisbvorgari annars vegar og þjóðkirkjuþegn hins vegar þurfa heldur ekki að fara saman, svo sem kunnugt er. Það breytir ekki þessari niðurstöðu að mjög náin tengsl eru milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar. Hún er eftir sem áður *sjálfstæð stofnun , sjálfstæður réttaraðili, sem getur borið, og ber, réttindi og skyldur að lögum.* Þjóðkirkjan og stofnanir hennar geta því m.a. átt eignir sem njóta m.a. fullrar verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar og verða eigi af þeim teknar nema ströngum skilyrðum þeirrar greinar sé fullnægt, enda komi þá ætíð fullt verð fyrir eins og þar er mælt fyrir um.

Þegar talað er um íslensku þjóðkirkjuna sem stofnun er hafi a.m.k. nokkurt sjálfstæði eftir lögum og venju og verði eigi talin sem hver annar angi ríkisvaldsins verður að minnast þess að hugtakið *þjóðkirkja* verður ekki til hér á landi fyrr en með tilkomu stjórnarskrárinnar frá 1874, en fyrirmynd viðkomandi ákvæðis var hliðstætt ákvæði í grundvallarlögunum dönsku.

IV.

Í kjölfar þeirrar nýlegu umræðu og þróunar um áherslubreytingar á sambandi eða samskiptum ríkis og kirkju, sem fyrr var getið, var lögð fram á kirkjuþingi 1992 tillaga til þingsályktunar um skipulag íslensku þjóðkirkjunnar. Flutningsmaður hennar var dr. Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur á Reynivöllum. Var tillagan síðan samþykkt í eftirfarandi mynd:

„Kirkjuþing felur kirkjuráði að skipa nefnd til að gera úttekt á skipulagi íslensku þjóðkirkjunnar og sambandi hennar við ríkisvaldið samkvæmt nánari verklýsingu byggðri á greinargerð sem fylgdi upphaflegu tillögunni. Í nefndinni sitji fimm menn tilnefndir af: biskupi og gegni sá formennsku, kirkjumálaráðherra, guðfræðideild Háskóla Íslands, stjórn Prestafélags Íslands og lagadeild Háskóla Íslands. Kirkjuráð ráði starfsmann til verksins í samráði við nefndina. Nefndin skili greinargerð um stöðu mála á kirkjuþingi 1993.“

Nefnd sú, er skipuð var af þessu tilefni svo sem þingsályktunin bauð og fyrr hefur verið greint frá, hóf fljótlega störf og skilaði síðan áfangaskýrslu um starf sitt er lögð var fyrir kirkjuþing haustið 1993. Birtust þar frumhugmyndir nefndarinnar í stórum dráttum, með ítarlegum rökstuðningi, ásamt frumdrögum nefndarinnar að „rammalöggjöf“ um stöðu, starf og stjórnskipan þjóðkirkjunnar. Leiddi skýrsla þessi til frjórra umræðna á kirkjuþingi og var að lokum afgreidd þar, að mestu á jákvæðan hátt, og nefndinni falið að leiða starf sitt til lykta. Nefndin hafði eftirfarandi markmið að leiðarljósi: Byggt verði til frambúðar á núverandi þjóðkirjufyrirkomulagi og eigi rofið það samband milli ríkis og kirkju sem stjórnarskráin kveður á um. Ríkisvaldið ber því enn sem fyrr ábyrgð (þar á meðal fjárhagslega ábyrgð) gagnvart þjóðkirkjunni. Hins vegar verði gerðar verulegar breytingar á „starfsramma“ þjóðkirkjunnar, m.a. með því að sett verði „rammalöggjöf“ um stöðu, stjórn og starfshætti hennar þar sem fjallað verði í skýru máli um þessa meginþætti, en að önnur kirkjuleg löggjöf verði um leið einfölduð svo sem verða má. Með þessu mun vægi löggjafarstarfsemi Alþingis um málefni þjóðkirkjunnar minnka mjög frá því sem verið hefur, en þess í stað verður vald kirkjunnar aukið verulega frá því sem nú er og valdsviðið skýrt svo vel sem frekast er kostur.

Mikilvægur þáttur í tillögum nefndarinnar, svo sem þær birtast í þessu lagafrumvarpi, er að vald kirkjuþings verði aukið og því fengið ákvörðunarvald í kirkjulegum málum, þó innan þess ramma sem hin nýja meginlöggjöf (rammalöggjöf) setur ef frumvarp þetta verður að lögum. Er, svo sem fyrr segir, lagt til að á grundvelli laganna samþykki kirkjuþing ítarlegar reglur um allt innra starf og starfshætti kirkjunnar, en nefndin telur að mjög skorti nú á að kirkjunnar menn hafi nægar leiðbeiningar á þessu sviði eða fullkomnar starfsreglur sem þeim ber að fylgja. Lagt er til að skýrar reglur gildi um allt stjórnkerfi kirkjunnar undir yfirstjórn kirkjuþings, svo sem fyrr segir.

Það er ætlun og vissa nefndarinnar að aukin sjálfsstjórn íslensku þjóðkirkjunnar og ábyrgð, sem þar af leiðir, muni auðvelda kirkjunni störf hennar og efla kirkjunnar menn til samræmdra átaka í starfi. Hafi kirkjan og sýnt, með nærfellt eitt þúsund ára starfi sínu í landinu, að henni sé treystandi til sjálfsstjórnar. Þá skal eigi undan dregið að aukinni sjálfsstjórn kunni að fylgja ný vandamál innan kirkjunnar (a.m.k. í augum sumra) þar sem í „návígi" verður tekist á um mál er embættismenn ríkisins önnuðust áður, þar með talið ýmsa ráðstöfun fjármuna. Þessi vandamál á þó kirkjan að geta leyst innan sinna vébanda.

Á prestastefnu í Vestmannaeyjum í júní 1994 voru helstu hugmyndir nefndarinnar kynntar ítarlega og er óhætt að fullyrða að viðtökur hafi verið góðar. Urðu allmiklar umræður um málið. Loks fjallaði kirkjuþing um frumvarpið í endanlegri gerð sinni 25. október til 3. nóvember 1994. Eftir miklar almennar umræður og nefndarvinnu var frumvarp skipulagsnefndar samþykkt með nokkrum breytingum. Var biskupi og kirkjuráði falið að kynna frumvarpið fyrir prestum og sóknarnefndum í nóvember 1994, jafnframt var skipulagsnefnd falið að ganga endanlega frá greinargerð með frumvarpinu, svo og 67. gr. er fjallar um lög sem breytast við gildistöku frumvarpsins.

Verði frumvarp þetta að lögum telur nefndin að merkum áfanga sé náð í þróunarsögu íslensku þjóðkirkjunnar. Staða hennar verði skýrð frá því sem nú er og allt regluverk hana varðandi verði mun fyllra og gleggra en það er við búum við, en vitað er að margt er nú óskýrt eða jafnvel á huldu um réttarstöðu kirkjunnar og þjóna hennar á ýmsum sviðum.

V.

Auk þess sem fyrr er komið skal þetta sagt um meginatriði frumvarpsins, en einstök ákvæði þess verða hins vegar skýrð í síðari hluta þessarar greinargerðar:

Kveðið er á um að íslenska þjóðkirkjan sé sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni. Njóti hún sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka. Þjóðkirkjan og stofnanir hennar njóti sjálfstæðrar eignhelgi og komi fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu. Ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja íslensku þjóðkirkjuna og greiði íslenska ríkið henni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum. Kirkjumálaráðuneytið hafi með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð og hafi jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt. Jafnframt hafi ráðuneytið umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum. Mælt er fyrir um að íslenska þjóðkirkjan ráði starfi sínu inna lögmæltra marka. Er þarnæst fjallað á allítarlegan hátt um stjórnunar- og starfseiningar þjóðkirkjunnar og starfsmenn hennar (þar með talið stöðu þeirra sem opinberra starfsmanna), auk þess sem sérstaklega er fjallað um reglur þær um almenna kirkjuskipan er kirkjuþingi er ætlað að samþykkja og áður var getið.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um trúfræðilega undirstöðu þjóðkirkjunnar á Íslandi sem sjálfstæðs trúfélags. Er tekið fram að starfsemi hennar byggist á evangelísk-lúterskum grunni. Í því felst að kenningargrundvöllur þjóðkirkjunnar byggist á eftirtöldum játningarritum:

1. Postullegu trúarjátningunni.
2. Níkeujátningunni.
3. Aþanasíusarjátningunni.
4. Hinni óbreyttu Ágsborgarjátningu frá 1530.
5. Fræðum Lúthers hinum minni.

Í 2. mgr. er byggt á þeirri skipan mála varðandi stuðning við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar, enda er ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verða, á engan hátt ætlað að breyta fjárhagslegum skyldum ríkisvaldsins við þjóðkirkjuna þótt sjálfstæði hennar um innri málefni verði aukið frá því sem nú er.

Í 3. mgr. er lagt til að skírn í nafni heilagrar þrenningar eða skráning í þjóðskrá veiti aðild að þjóðkirkjunni. Eigi er skilyrði að skírn hafi farið fram innan vébanda þjóðkirkjunnar þar eð þjóðkirkjan viðurkennir hverja þá skírn sem framkvæmd er í nafni heilagrar þrenningar.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins birtast meginreglur þess um réttarstöðu íslensku þjóðkirkjunnar, en þær meginreglur styrkjast síðan af ýmsum öðrum ákvæðum frumvarpsins er staðfesta þær áherslubreytingar á lögvörðu réttarsambandi milli ríkis og þjóðkirkju er lýst var í hinum almenna hluta þessarar greinargerðar. Lögð er áhersla á að ákvæði þessi séu í stuttu og hnitmiðuðu formi þannig að höfuðatriðin séu hverjum manni ljós.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um sjálfstæði eða sjálfræði íslensku þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu. Birtist þar sú höfuðstefna sem allt meginefni frumvarps þessa byggist á og fyrr hefur verið lýst. Sérstaklega er þó tekið fram að þessu sjálfræði setji löggjafinn tiltekin mörk sem felast einkum í ýmsum öðrum ákvæðum frumvarpsins er síðar verður fjallað nánar um, sbr. t.d. ákvæði 4. gr. um tilsjónarvald kirkjumálaráðherra.

Sjálfstæði íslensku þjóðkirkjunnar skv. 1. mgr. væri í reynd lítils virði ef eigi væri tryggt að lögum að þjóðkirkjan, sóknir hennar og stofnanir, sem hafa nægilegt sjálfstæði gagnvart kirkjustjórninni, njóti m.a. fullkominnar eignhelgi í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar. Tekur því ákvæði 2. mgr. af allan vafa í því efni, en eigi þykir ástæða til þess að fjalla nánar um það í ákvæðinu hverjar þær stofnanir þjóðkirkjunnar eru sem sjálfstæðrar eignhelgi geti notið, en um það efni vísast til viðurkenndra meginreglna eignarréttar um lögvarða aðild að eignarréttindum. Þess skal sérstaklega getið að ákvæði þetta stendur í nokkrum tengslum við ákvæði 65. gr. þar sem kveðið er á um eignarrétt að kirkjujörðum og kirkjuítökum.

Um 3. gr.

Í framhaldi af því ákvæði 2. mgr. 1. gr. að ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja íslensku þjóðkirkjuna er nauðsynlegt að kveða nánar á um fjárhagslega skuldbindingu ríkisvaldsins gagnvart þjóðkirkjunni svo sem hér er gert. Er við það miðað að ríkisvaldið tryggi, í formi fjárveitingar á fjárlögum ár hvert, fjárframlag sem nægi til reksturs þjóðkirkjunnar eftir að tekið hefur verið tillit til annarra tekjustofna hennar sem bæði geta verið lögbundnir sem ólögbundnir. Í gildandi löggjöf um ýmsa starfsþætti þjóðkirkjunnar er kveðið á um sérstaka tekjustofna hennar eða tiltekinna stofnana hennar eða starfseininga, sbr. t.d. ákvæði í lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld, í lögum nr. 138/1993, um

kirkjumálasjóð, og í lögum um prestssetur, nr. 137/1993, og gerir frumvarp þetta ekki ráð fyrir breytingum á þeirri skipan. Hins vegar miðast þetta ákvæði frumvarpsins við það að hin árlega fjárveiting frá Alþingi — hið árlega framlag þess til þjóðkirkjunnar umfram sérstakar fjárveitingar samkvæmt öðrum lögum — verði ákvarðað sem heildarupphæð á grundvelli ítarlegs rökstuðnings af hálfu kirkju og ráðuneytis um fjárþörf kirkjunnar er stjórnvöld þjóðkirkjunnar hafi til afnota með þeim hætti er þau telja nauðsyn til bera hverju sinni án þess að Alþingi gefi kirkjustjórninni nánari fyrirmæli um það hvernig fénu skuli varið. Ber þá þjóðkirkjan sjálf ábyrgð á ráðstöfun þessa fjár.

Í 3. mgr. er þó lagt til að launagreiðslur til starfandi presta þjóðkirkjunnar, sem verið hafa á launum úr ríkissjóði, skuli hagað með óbreyttum hætti. Skilgreina þarf nánar hverjir teljist til starfsmanna þjóðkirkjunnar svo sem lagt er til í frumvarpinu, og er þá sú skilgreining forsenda þess að unnt sé að ganga frá starfsreglum, sbr. 63. gr., um þetta atriði.

Um 4. gr.

Svo sem fyrr getur er ekki lagt til í frumvarpi þessu að tengsl verði rofin milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar enda þótt sjálfstæði þjóðkirkjunnar um innri málefni sín verði aukið mjög frá því sem nú er. Er lagt til að kirkjumálaráðuneytið hafi, enn sem fyrr, með höndum nauðsynleg tengsl við þjóðkirkjuna að því er varðar fjárlagagerð af hálfu stjórnarráðsins. Jafnframt virðist rétt og sjálfsagt að sama ráðuneyti hafi yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni lögmæltan og stjórnarskrárvarinn stuðning, en því hlýtur einnig að fylgja umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Um III. kafla.

Í III. kafla, sem er meginkafli frumvarps þessa, er fjallað í allítarlegu máli um stjórn og starfsskipan íslensku þjóðkirkjunnar. Tekur það bæði til embættismanna hennar, stjórnarstofnana og starfseininga, en um efnisyfirlit kaflans vísast til VI. kafla hins almenna hluta þessarar greinargerðar.

Haft skal í huga að til þess er ætlast að kirkjuþing samþykki sérstakar starfsreglur (sjá einkum 63. gr.) sem verði til fyllingar og viðbótar mörgu því sem kveðið er á um í kafla þessum.

Rétt er að geta þess að mörg ákvæði þessa kafla frumvarpsins eru tekin að meginstofni úr gildandi lögum og þá með þeim breytingum einum sem leiðir beinlínis af þeirri skipan, sem frumvarpið byggist á, að stjórnunarvald verði fært frá ráðherra til kirkjulegra stjórnvalda. Þykir að jafnaði óþarfi að geta þessa atriðis sérstaklega um hverja grein fyrir sig sem þetta á við um.

Um 5. gr.

Í ákvæði þessu, sem ætlað er að hafa almennt gildi um starfsvettvang íslensku þjóðkirkjunnar, er áréttuð sú meginstefna höfunda frumvarpsins, sem þegar birtist með öðru orðalagi í 1. mgr. 2. gr., að þjóðkirkjan ráði sjálf starfi sínu og starfsháttum innan þess ramma sem löggjafinn hefur markað.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 35. gr. laga nr. 62/1990.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 96/1980.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að kirkjuþing setji reglur um kosningu biskups Íslands og þar með séu lög um biskupskosningu, nr. 96/1980, felld úr gildi, sbr. 67. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir óbreyttri skipan frá því sem nú er.

Um 10. gr.

Greinin er að mestu leyti efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 62/1990.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Mikilvægt er að í lögum sé m.a. kveðið á um hvernig skuli fjallað um meint aga- og siðferðisbrot innan íslensku þjóðkirkjunnar, svo og um lausn ágreiningsmála, en um þetta gilda nú eigi skýrar reglur. Lagt er til að sett verði á fót sérstök nefnd, úrskurðarnefnd, sem fjalli um mál af þessu tagi, eftir ákvörðun biskups. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Hér er lagt til að niðurstöðu úrskurðarnefndar skv. 11. gr. megi skjóta til áfrýjunarnefndar með þeim hætti sem nánar er lýst í ákvæðinu. Mikilvægt er að kveðið sé á um nokkur meginatriði íslensks stjórnsýsluréttar í ákvæðinu en jafnframt lagt til að kirkjuþing setji nánari ákvæði í starfsreglur, sbr. 63. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 41. gr. laga nr. 62/1990.

Um 14.–16. gr.

Greinarnar samsvara að mestu ákvæðum VII. kafla laga nr. 62/1990.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Mikilvægt er að komið sé á samstarfsgrundvelli milli biskups Íslands og vígslubiskupanna, svo sem hér er lagt til.

Um 18. gr.

Um meginhugmyndir þær, sem liggja að baki ákvæði þessarar greinar, vísast til þess sem fram kom í hinum almenna hluta þessarar greinargerðar. Lögð er áhersla á að marka kirkjuþingi stöðu sem æðsta stjórnvaldi innan íslensku þjóðkirkjunnar og valdsvið þess aukið frá því sem nú er. Kirkjuþingi er þó eigi ætlað alræðisvald, sbr. m.a. það ákvæði greinarinnar, að prestastefna skuli fjalla um reglur er varða kirkjulegar athafnir er hafa trúarlegt gildi áður en þær verði samþykktar á kirkjuþingi.

Um 19. gr.

Hér er um nokkrar breytingar að ræða frá því sem nú er. Fulltrúum er fjölgað lítillega. Tólf eru kjörnir úr hópi leikmanna en þrettán úr hópi guðfræðinga. Af guðfræðingum eru ellefu kjörnir úr hópi sóknarpresta, einn fulltrúi sérþjónustupresta og einn fulltrúi guðfræðideildar Háskólans. Með tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt sitja vígslubiskuparnir báðir, fulltrúi kirkjumálaráðherra og biskup Íslands sem er jafnframt forseti kirkjuþings. Úr Hólastifti skulu koma þrír leikmenn og þrír sóknarprestar, úr hverjum landshluta (4) í Skálholtsstifti skal koma einn leikmaður og einn sóknarprestur, Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmi skulu senda fimm leikmenn og fjóra presta, þar af er einn leikmaður og einn prestur úr Kjalarnessprófastsdæmi.

Á fundum nefndar þeirrar, er samdi þetta lagafrumvarp, var rætt mjög ítarlega um skipan kirkjuþings. Var þá m.a. fjallað um tengslin milli þingsins og biskupsembættisins. Var þá sú hugmynd reifuð að aðskilja bæri valdsvið kirkjuþings annars vegar og biskups hins vegar með því að búa svo um hnútana að kirkjuþing yrði í sem fyllstum mæli sjálfstæð og lýðræðislega kjörin stofnun sem hefði sinn eigin forseta og nefndir sem störfuðu að einhverju leyti allt árið. Enn fremur að kirkjuþing hefði sína eigin stjórnsýslu til þess að undirbúa störf þingsins og til þess að koma samþykktum þess í framkvæmd. Biskup Íslands ætti að vísu sæti á kirkjuþingi en tæki þar eigi formlegan þátt í afgreiðslu mála. Honum væri hins vegar heimilt að taka til máls hvenær sem væri og þyrfti ekki að skrá sig á mælendaskrá. Enn fremur hefði hann rétt til að tilnefna ákveðinn fjölda þingfulltrúa. Með þessu yrði komið í veg fyrir að biskup verði eins konar framkvæmdastjóri kirkjuþings sem lúti ákvörðunum og samþykktum þess og geti jafnvel orðið í minni hluta við atkvæðagreiðslur. Hann gæti þá fremur en nú er helgað sig andlegu leiðtogahlutverki biskups eins og það hefur víða mótast í lúterskri kirkjuhefð.

Nefndin varð hins vegar ásátt um að bera þessa tillögu ekki fram í frumvarpsformi heldur láta nægja að benda á hana hér og minna á að sú skipan mála, sem fyrr var lýst, er viðtekin í lúterskum kirkjum í sumum grannlöndum okkar. Engu að síður má greina nokkur áhrif þessarar stefnu í sumu því er nefndin leggur til að lögfest verði um kirkjuþing.

Nefndin telur að kirkjuþing, í breyttri mynd, eigi sjálft að móta starf sitt á næstu árum og hefur því ekki gert mjög ítarlegar tillögur í frumvarpinu um einstaka starfsþætti þess. Í þessu sambandi má minna á ákvæði 63. gr. frumvarpsins þar sem segir að kirkjuþing setji starfsreglur um ýmsa þætti kirkjulegrar starfsemi.

Um 20. gr.

Af 2. mgr. greinarinnar leiðir að allir þeir kirkjulegu aðilar, sem hafi fjárreiður með höndum, verða að færa bókhald og gera reikningsskil sem hljóti fullnægjandi endurskoðun þar til bærra aðila. Skal kirkjuþing hafa yfirumsjón með því að þessarar skyldu sé gætt, en af eðli máls leiðir að önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar hafa einnig, að sínu leyti, eftirlitsskyldur í þessu efni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar að mestu efni 15. gr. laga nr. 48/1982.

Um 22. gr.

Greinin svarar til efnis 15. gr. laga nr. 48/1982.

Um 23. og 24. gr.

Ákvæði þessi samsvara um margt efni 16. gr. laga nr. 48/1982, nema jafnframt er kveðið á um stjórnunarhlutverk kirkjuráðs í kjölfar nýmæla sem leitt hafa af nýlegum lögum. Þá er og lagt til í frumvarpinu að gerður verði aðskilnaður á valdsviðum kirkjuþings annars vegar og kirkjuráðs hins vegar, sbr. og 19. gr. frumvarpsins. Kveðið er á um að ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda megi almennt skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar, en undantekning er þar gerð um ákvarðanir biskups á sviði kirkjuaga og kirkjukenningar, svo og um ágreiningsefni, sbr. 10., 11., 12., 17., 18. og 25. gr. frumvarpsins, en jafnframt er kveðið á um að ákvörðunum kirkjuráðs á sviði eiginlegrar stjórnsýslu verði eigi áfrýjað til kirkjuþings, enda hentar kirkjuþing ekki sem áfrýjunaraðili.

Um 25. gr.

Greinin er að nokkru leyti samhljóða 39. gr. laga nr. 62/1990, nema hvað m.a. er bætt við ákvæðum um tillögu- og umsagnarrétt prestastefnu um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði, sbr. núgildandi lög um kirkjuþing.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27.–30. gr.

Greinarnar eru að mestu leyti samhljóða efni V. kafla laga nr. 62/1990, sbr. og ákvæði VII. kafla laga nr. 25/1985. Vakin skal athygli á því að í 26. gr. frumvarpsins er lagt til að biskup Íslands geti skipað prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu án þess að starf prófasts sé bundið við hin hefðbundnu prófastsdæmi, og gæti starfssvið þess háttar prófasts því t.d. verið landið allt.

Í 27. gr. er lagt til að biskup Íslands skipi prófasta til sex ára í senn sem er nýmæli. Þykir rétt að hafa þennan hátt á um stórnunarstörf af þessu tagi, en fordæmi fyrir tímabundinni skipun eða ráðningu í ábyrgðarmikil stórnunarstörf er nú víða að finna í löggjöf um ýmsar opinberar stofnanir. Formlega stendur að sjálfsögðu ekkert í vegi fyrir því að skipa megi sama mann aftur í prófastsembætti að fyrra skipunartímabili hans loknu.

Um 31. gr.

Grein þessi er nýmæli að því leyti að áður hefur eigi verið í lögum skilgreining á hugtakinu „þjónandi prestur“ í íslensku þjóðkirkjunni, en hér er lögð áhersla á sjálfstæði prests gagnvart aðilum er hann starfar hjá en ekki heyra undir þjóðkirkjuna, svo sem sjúkrahús, fangelsi og þess háttar, þannig að í kirkjulegum efnum lúti hann einvörðungu yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda þótt hann verði að öðru leyti að hlíta margvíslegum starfsreglum sem eðli máls hljóta að eiga við á viðkomandi vinnustað.

Um 32. gr.

1. málsl. greinarinnar samsvarar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 62/1990.

Í 2. málsl. er skilgreining á sóknarprestsembættinu samkvæmt guðfræðilegri og kirkjuréttarlegri hefð.

Um 33. gr.

Greinin ber að nokkru með sér tímabært nýmæli, miðað við núgildandi lög, en þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Greinin samsvarar að mestu 16. gr. laga nr. 62/1990.

Í 3. málsl. er nýmæli um svonefnda stöðunefnd, þ.e. fastanefnd, sem sé biskupi Íslands til ráðgjafar um hæfi kandídata til prestsembætta, og er hér um nýmæli að ræða.

Um 36. og 37. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar, en þó skal tekið fram að í 36. gr. er umsóknarfrestur ákveðinn fjórar vikur sem er nýmæli.

Um 38. gr.

Greinin samsvarar efni 19. gr. laga nr. 62/1990.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 40. gr.

Greinin styðst að nokkru leyti við ákvæði í lögum nr. 62/1990, en efni þeirra er einfaldað og samræmt. Í 2. mgr. er sett ákvæði til þess að koma í veg fyrir vanda sem oft hefur skapast viðvíkjandi ákvörðun um réttarstöðu presta er hafa verið ráðnir til starfa utan hefðbundins kirkjulegs starfsvettvangs, svo sem á vegum félagasamtaka eða stofnana.

Um 41. gr.

Greinin er að mestu leyti sama efnis og 9. gr. laga nr. 62/1990, nema hvað lagt er til að starfsheitið héraðsprestur verði notað í stað heitisins farprestur sem nú er lögmælt.

Um 42. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. laga nr. 62/1990.

Um 43. gr.

Ákvæðið ber með sér það nýmæli að biskup Íslands setji sérþjónustuprestum erindisbréf auk hins almenna vígslubréfs.

Um 44. gr.

Grein þessi á sér eigi fyrirmynd í núgildandi lögum. Nauðsyn ber til að sett séu lagaákvæði um djákna, en nám fyrir þá hefur nýlega verið tekið upp á vegum guðfræðideildar Háskóla Íslands að frumkvæði kirkjuþings.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 46. gr.

Greinin samsvarar efni 2. gr. laga nr. 25/1985.

Um 47. gr.

Greinin samsvarar efni 4. gr. laga nr. 25/1985.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar efni 5. gr. laga nr. 25/1985.

Um 49. gr.

Greinin samsvarar efni 6. gr. laga nr. 25/1985.

Um 50. gr.

Hér um nýmæli að ræða. Hingað til hefur skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma verið ákveðin í lögum, en hér er lagt til að vald þetta færist til þjóðkirkjunnar. Til þess að tryggja það að haldið verði uppi fullnægjandi prestsþjónustu í dreifbýlinu er þó kveðið á um lágmarkstölu prestsembætta miðað við hvort vígslubiskupsumdæmi um sig, svo og Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmi, auk tiltekins lágmarksfjölda sérþjónustupresta og prófasta. Hvað varðar ákvæðið um prófastana skal tekið fram að það á einungis við um þann mismun sem er á kostnaði við prófastsembætti og prestsembætti því að prófastarnir eru einnig þjónandi prestar og eru því jafnframt taldir sem prestar í þessari grein frumvarpsins. Sú lágmarkstala presta og prófasta, sem fram kemur í ákvæðinu, miðast við lögbundinn fjölda þeirra (eftir höfuðumdæmum hvað prestana varðar) á þeim tíma er frumvarp þetta var samið.

Um 51. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 53. gr.

Greinin samsvarar efni 7. gr. laga nr. 62/1990.

Um 54. gr.

Greinin samsvarar efni 1. mgr. 8. gr. laga nr. 62/1990.

Um 55. gr.

Greinin svarar að mestu til efnis 11. gr. laga nr. 25/1985.

Um 56.–61. gr.

Greinarnar svara að mestu til sambærilegra ákvæða í lögum nr. 25/1985, nema hvað skýrt er kveðið á um að sóknarprestur ráði hvernig afnotum af kirkju skuli háttað og beri ábyrgð í því efni, auk þess sem kveðið er á um samstarfsnefndir kirkjusókna.

Um 62. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 63. gr.

Hér er um algert nýmæli að ræða. Kveðið er á um nánari starfsreglur fyrir íslensku þjóðkirkjuna sem kirkjuþingi er ætlað að setja, svo og um annars konar samþykktir þess sem ætlað er að hafa bindandi gildi innan kirkjunnar, sbr. einnig það er segir um þessi efni í almennum hluta þessarar greinargerðar. Er til þess ætlast að margs konar reglur af því tagi verði með tímanum settar um kirkjuleg málefni sem e.t.v. geti smám saman tekið að nokkru við hlutverki eiginlegrar löggjafar um starfsemi íslensku þjóðkirkjunnar. Þá er og mælt fyrir um staðfestingu kirkjuþings á stofnskrám ýmissa kirkjulegra stofnana og þess háttar, en jafnframt skal hér minnt á að reikningshald kirkjulegra stofnana skal hljóta fullnægjandi endurskoðun undir yfirumsjón kirkjuþings, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Um 64. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu starfsmanna íslensku þjóðkirkjunnar sem opinberra starfsmanna eftir því sem við getur átt. Á það skal þó minnt að ýmsir starfsmenn, sem vissulega vinna nauðsynleg störf í þágu einstakra safnaða eða kirkna — eða jafnvel á víðara grundvelli — mundu eigi teljast til opinberra starfsmanna eftir viðteknum reglum stjórnsýsluréttar, sbr. og lög nr. 38/1954, enda starfa þeir ekki eftir kjarasamningum félaga opinberra starfsmanna né á grundvelli kjaradóms, heldur eftir kjarasamningum annarra stéttarfélaga.

Í ákvæði þessu er einungis gefin höfuðstefna, en nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna íslensku þjóðkirkjunnar verður síðan að setja í starfsreglur skv. 63. gr.

Um 65. gr.

Rétt þykir að hafa í frumvarpi þessu ákvæði sem ætlað sé að staðfesta meginniðurstöður svonefndrar „kirkjueignanefndar“ er kirkjumálaráðherra skipaði á sínum tíma og skilaði fræðilegum hluta álitsgerðar sinnar árið 1984.

Um 66. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 67. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Breytingartillögur og athugasemdir kirkjuráðs við frumvarp um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirjunnar.
(Gert á fundi kirkjuráðs 25. nóvember 1994.)

1. gr. Í þessari grein verði vísað til 62. gr. stjórnarskrárinnar.
3. gr. Orðalagsbreyting í 2. mgr.: Launagreiðslur til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar fara um ríkissjóð með sama hætti og verið hefur.
12. gr. Í 6. mgr. standi: ... og kemur þá vígslubiskup viðkomandi stiftis í hans stað.
14. gr. Þar standi: Þeir skulu hafa tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum samkvæmt erindisbréfi er biskup Íslands setur þeim, vera honum til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annast þau biskupsverk er biskup felur þeim.
17. gr. Þar standi: Þar skal m.a.fjalla um þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings, sbr. 51. gr.
19. gr. Eftirfarandi setningarhluti strikist út: frá og með ... og hefur málfrelsi og tillögurétt ... til og með ... hafi fjallað um mál í kirkjuráði.
27. gr. Hvað þessa grein varðar komu fram miklar efasemdir um réttmæti þess að skipa prófasta til þjónustu í ákveðinn tíma.
31. gr. Greinin breytist svo: Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá ...
40. gr. Greinin breytist svo: ... skal ráða prest sem að jafnaði hafi sérmenntun til starfans.
44. gr. Greinin breytist svo: Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem ...
49. gr. Í stað orðsins „prófasta“ í 3. mgr. komi: prófastur.
51. gr. Síðari málsgrein, er hefst á orðinu „Samráðsfundur“, falli niður.
54. gr. Varðandi þessa grein kom fram vilji um að kveða á um búsetuskyldu presta í prestakalli sínu þótt þar sé ekki prestssetur að lögum.
55. gr. Varðandi þessa grein kom fram ósk um að hafa ákvæði um hvenær ársins aðalsafnaðarfundir skuli að jafnaði haldnir.
56. gr. Síðasta setning í síðustu málsgrein er hefst á „Heimilt skal sóknarnefnd“ falli niður.

708. Frumvarp til laga [433. mál]

um opinbera lögfræðiaðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Skilgreiningar.

1. gr.

Með opinberri lögfræðiaðstoð er átt við ráðgjöf starfandi lögmanna til almennings til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna.

Opinber lögfræðiaðstoð samkvæmt lögum þessum skiptist í almenna ráðgjöf og sérstaka ráðgjöf.

Réttur til opinberrar lögfræðiaðstoðar.

2. gr.

Einstaklingar með lögheimili hér á landi eiga rétt á opinberri lögfræðiaðstoð að uppfylltum öðrum skilyrðum laga þessara, enda sé þörf þeirra á aðstoð réttmæt. Sama rétt eiga þeir sem samkvæmt þjóðréttarlegum skuldbindingum skulu njóta slíkrar aðstoðar hér á landi.

Óheimilt er að veita einstaklingi opinbera lögfræðiaðstoð vegna atvinnurekstrar hans.

Skilyrði opinberrar lögfræðiaðstoðar.

3. gr.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða hámark tekna og eigna einstaklinga sem rétt eiga á opinberri lögfræðiaðstoð að uppfylltum öðrum skilyrðum laga þessara. Við ákvörðun tekju- og eignamarka skal taka mið af mörkum sem gilda um greiðslu barnabótaauka og um úthlutun félagslegra íbúða.

Umsjón og framkvæmd opinberrar lögfræðiaðstoðar.

4. gr.

Sýslumenn hafa umsjón með opinberri lögfræðiaðstoð og birta árlega skrá yfir starfandi lögmenn sem veita opinbera lögfræðiaðstoð samkvæmt lögum þessum, sbr. 2. mgr.

Einstaklingur getur leitað opinberrar lögfræðiaðstoðar hjá lögmönnum sem skrá sig til slíkrar þjónustu hjá Lögmannafélagi Íslands. Lögmannafélag Íslands sendir sýslumönnum árlega skrá yfir þá lögmenn sem veita opinbera lögfræðiaðstoð.

5. gr.

Nú leitar einstaklingur eftir opinberri lögfræðiaðstoð og skal lögmaður þá kanna hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir aðstoðinni. Umsækjandi skal leggja fram staðfest endurrit nýjasta skattframtals, sambærilegt skjal frá skattyfirvöldum eða aðrar sambærilegar upplýsingar sem staðfesta tekjur, t.d. launaseðla.

Dómsmálaráðuneytið skal gera sérstakt eyðublað fyrir lögmenn vegna opinberrar lögfræðiaðstoðar. Skal það m.a. bera með sér ástæðu aðstoðar og hvaða aðstoð hafi verið veitt, ásamt kvittun þess sem aðstoðarinnar naut.

Uppfylli umsækjandi skilyrði laga þessara fyrir opinberri lögfræðiaðstoð skal lögmaður meta umfang máls og hvort þörf sé á almennri eða sérstakri ráðgjöf.

Telji lögmaður að almenn ráðgjöf nægi til að leysa mál umsækjanda skal hann veita slíka aðstoð. Ella skal hann sækja um sérstaka aðstoð, sbr. 8. gr.

Almenn ráðgjöf.

6. gr.

Í almennri ráðgjöf felast munnlegar leiðbeiningar um réttarreglur og lagaúrræði varðandi tiltekið lögfræðilegt álitaefni, hvort sem réttarágreiningur er orðinn eða ekki. Í ráðgjöfinni felst hvorki aðstoð við bréfaskriftir né gerð skjala eða skriflegra álitsgerða nema um sé að ræða einfalda skjalagerð sem unnt er að ljúka innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

Sérstök ráðgjöf.

7. gr.

Sérstök ráðgjöf felst í venjubundinni lögfræðiráðgjöf, einfaldri skjalagerð, bréfaskriftum, ritun umsókna, kærum og í mótum hjá opinberum stofnunum eða sýslunarmönnum vegna:

a. sifja-, erfða- og persónuréttarmálefna,
b. skaðabóta utan samninga,
c. vátryggingasamninga,
d. vinnusamninga,
e. kaup- eða leigusamninga um íbúðarhúsnæði,
f. lausafjárkaupa,
g. stjórnsýslukæra,
h. kvartana til umboðsmanns Alþingis,
i. umsókna um gjafsókn eða gjafvörn,
j. annarra sambærilegra mála.

Miðað skal við að sami einstaklingur geti að jafnaði ekki fengið sérstaka ráðgjöf oftar en einu sinni á hverju almanaksári.

8. gr.

Telji lögmaður að mál sé þannig vaxið að þörf sé á sérstakri ráðgjöf skal hann leita samþykkis sýslumanns í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili í áður en slík aðstoð er veitt.

Í umsókn skal lögmaður rökstyðja umsóknina, gera grein fyrir umfangi aðstoðar og áætla heildarvinnuframlag.

9. gr.

Sýslumaður skal taka ákvörðun um umsókn um sérstaka ráðgjöf innan tveggja vikna frá því að hún barst honum. Sýslumaður skal sérstaklega meta réttmæti aðstoðarinnar.

Fallist sýslumaður á umsókn skal hann einnig ákveða hámarkstímafjölda vegna aðstoðar, þó aldrei meira en tíu klukkustundir.

10. gr.

Komi í ljós að hámarkstímafjöldi, sem sýslumaður ákvað, nægir ekki til að ljúka málinu getur lögmaður leitað samþykkis sýslumanns fyrir viðbótaraðstoð. Í þeirri umsókn skal hann gera ítarlega grein fyrir umfangi þegar veittrar aðstoðar og áætla viðbótarvinnuframlag.

Fallist sýslumaður á viðbótarumsókn skal hann tilgreina hver viðbótartímafjöldi skuli vera, þó aldrei fleiri tíma en svo að heildartímafjöldi vegna sérstakrar ráðgjafar verði meiri en tuttugu klukkustundir.

Komi í ljós að máli má ljúka án þess að leita aðstoðar dómstóla, en vinnuframlag lögmanns verður meira en tuttugu tímar, er sýslumanni samkvæmt ítarlegri umsókn lögmanns heimilt að ákveða nauðsynlega viðbót vegna sérstakrar ráðgjafar.

11. gr.

Synji sýslumaður umsókn um sérstaka ráðgjöf eða um undanþágu frá reglum um greiðsluþátttöku, sbr. 13. gr., má kæra ákvörðunina til dómsmálaráðuneytis. Um kæruna og málsmeðferð hennar fer samkvæmt reglum stjórnsýslulaga.

12. gr.

Fyrir opinbera lögfræðiaðstoð greiða sýslumenn lögmönnum hæfilegt tímagjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands. Reikningi lögmanns skal fylgja útfyllt eyðublað, sbr. 2. mgr. 5. gr., ásamt þeim gögnum sem einstaklingur hefur lagt fram til staðfestingar því að hann eigi rétt á aðstoðinni.

Reikningur lögmanns fyrir almenna lögfræðilega ráðgjöf skal að hámarki miðast við tvær klukkustundir.

Reikningur lögmanns fyrir sérstaka lögfræðilega ráðgjöf skal vera í samræmi við unna tíma lögmanns en þó innan þeirra marka sem sýslumaður ákvað um hámarkstímafjölda, sbr. 9. og 10. gr.

Greiðsluþátttaka þess sem aðstoðar naut skal vera 25% af heildarfjárhæð reiknings. Lögmönnum er óheimilt að taka hærra gjald en sem þessu nemur af einstaklingnum.

Reikningur lögmannsins skal bera með sér hver greiðsluþátttaka umsækjanda var og að hún hafi verið greidd.

Undanþága frá greiðsluþátttöku.

13. gr.

Einstaklingar, sem njóta opinberrar lögfræðiaðstoðar, skulu taka þátt í kostnaði vegna aðstoðarinnar, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Telji lögmaður að fjárhagsstaða umsækjanda kalli á undanþágu frá reglum um greiðsluþátttöku getur hann jafnframt sótt um undanþágu frá þeim reglum og rökstutt sérstaklega.

Telji sýslumaður umsókn um undanþágu frá greiðsluþátttöku eiga við rök að styðjast getur hann samþykkt lækkun eða fellt greiðsluþátttöku niður.

Kostnaður við opinbera lögfræðiaðstoð.

14. gr.

Kostnaður við opinbera lögfræðiaðstoð greiðist úr ríkissjóði.

Refsiákvæði.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.

Almenn ákvæði.

16. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Lögin skal endurskoða þegar fjögurra ára reynsla hefur fengist af opinberri lögfræðiaðstoð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flest nágrannalönd okkar hafa sett réttarreglur um opinbera lögfræðiaðstoð. Slíkar reglur eru til hér á landi að því er varðar gjafsókn eða gjafvörn, réttargæslu fyrir brotaþola og forsjármál. Almennar reglur um opinbera lögfræðiaðstoð utan réttar hafa á hinn bóginn aldrei verið settar.

Þess hefur nokkrum sinnum verið freistað að leggja fyrir Alþingi lagafrumvörp um opinbera réttaraðstoð. Á 100. löggjafarþingi 1978–79 var lagt fram frumvarp til laga um lögfræðiaðstoð. Þar sem engin reynsla var hér á landi af opinberri réttaraðstoð var frumvarpið haft stutt og einfalt. Jafnframt var gert ráð fyrir að ýmsum mikilvægum efnisatriðum, svo sem tekjumörkum og fastri þóknun til lögmanna, yrði skipað með reglugerð til að auðvelda breytingar ef ástæða þætti til. Frumvarpið var endurflutt á 102. löggjafarþingi 1979–80 en dagaði upp. Á 112. löggjafarþingi 1989–90 var að nýju lagt fram frumvarp til laga um opinbera réttaraðstoð. Frumvarpið var mun ítarlegra en hið fyrra og var þar reynt að sameina ákvæði um lögfræðilega aðstoð við almenning, aðstoð við brotaþola og ákvæði um gjafsókn og gjafvörn. Frumvarpið dagaði uppi en köflum þess um réttargæslu fyrir brotaþola og gjafsókn og gjafvörn var lítillega breytt og þeir færðir í frumvörp til laga um meðferð opinberra mála og laga um meðferð einkamála sem urðu að lögum nr. 19/1991 og lögum nr. 91/1991 og samþykktir.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, var samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 7. febrúar 1994. Í nefndinni sátu Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, formaður, Ragnar Aðalsteinsson hrl., formaður Lögmannafélags Íslands, og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Ritari nefndarinnar var Högni S. Kristjánsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er skilgreint hvað átt er við með opinberri lögfræðiaðstoð utan réttar, en það er ráðgjöf starfandi lögmanna til almennings, sem greidd er úr ríkissjóði að hluta eða að fullu, til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Gert er ráð fyrir að opinber lögfræðiaðstoð verði tvíþætt, annars vegar almenn ráðgjöf, sbr. 6. gr., og hins vegar sérstök ráðgjöf, sbr. 7. gr.

Um 2. gr.

Rétt til opinberrar lögfræðiaðstoðar eiga einstaklingar með lögheimili hér á landi, svo og þeir einstaklingar sem samkvæmt þjóðréttarlegum skuldbindingum skulu njóta slíkrar aðstoðar hér á landi. Þá er gert að skilyrði að þörf á lögfræðilegri aðstoð sé réttmæt og er það sýslumanns að meta það, sbr. 9. gr. Gert er ráð fyrir að aldrei verði heimilt að veita einstaklingi opinbera lögfræðiaðstoð vegna mála sem tengjast atvinnurekstri sem hann stundar. Þetta kemur á hinn bóginn ekki í veg fyrir að einstaklingur sem stundar atvinnurekstur geti átt rétt á opinberri lögfræðiaðstoð vegna mála sem snerta ekki atvinnureksturinn að uppfylltum öðrum skilyrðum sem fyrir slíkri aðstoð eru sett.

Um 3. gr.

Ákveða skal hámark tekna og eigna hjá einstaklingum sem notið geta opinberrar lögfræðiaðstoðar með reglugerð. Við ákvörðun þessara marka skal ráðherra hafa hliðsjón af þeim tekju- og eignamörkum sem á hverjum tíma gilda, annars vegar vegna greiðslu barnabótaauka og hins vegar vegna úthlutunar félagslegra íbúða.

Um 4. gr.

Sýslumönnum verður falin umsjón með opinberri lögfræðiaðstoð og skulu þeir árlega birta skrá yfir þá lögmenn sem hafa skráð sig hjá Lögmannafélaginu til slíkrar þjónustu. Einstaklingur, sem uppfyllir sett skilyrði, getur leitað til skráðra lögmanna.

Starfandi lögmenn, sem vilja veita opinbera lögfræðiaðstoð, skulu skrá sig til slíkrar þjónustu hjá Lögmannafélagi Íslands. Lögmannafélagið skal árlega senda sýslumönnum skrá yfir þá lögmenn sem hafa skráð sig.

Um 5. gr.

Áður en lögmaður veitir opinbera lögfræðiaðstoð verður hann fyrst að athuga hvort umsækjandi uppfylli skilyrði þau sem sett eru fyrir slíkri aðstoð. Umsækjandi verður vegna þessa að leggja fram staðfest endurrit nýjasta skattframtals, sambærilegt skjal frá skattyfirvöldum eða önnur gögn sem sannað geta tekjur, t.d. launaseðla. Dómsmálaráðuneytið mun útbúa sérstakt eyðublað fyrir lögmenn til að kanna hvort skilyrðum sé fullnægt. Eyðublaðið skal fylgja reikningi lögmannsins og bera með sér m.a. ástæðu aðstoðar og hvaða aðstoð var veitt, ásamt kvittun þess sem aðstoðar naut.

Þegar lögmaður hefur gengið úr skugga um að umsækjandi eigi rétt á opinberri lögfræðiaðstoð skal hann meta hvort mál hlutaðeigandi kalli á almenna eða sérstaka ráðgjöf. Í kjölfar þess skal lögmaður annaðhvort veita almenna aðstoð, telji hann slíka aðstoð nægja vegna málsins, eða sækja um sérstaka aðstoð.

Um 6. gr.

Í almennri ráðgjöf, sem þessi grein kveður á um, felast munnlegar leiðbeiningar um réttarreglur og lagaúrræði varðandi tiltekið lögfræðilegt álitaefni, hvort sem réttarágreiningur er orðinn eða ekki. Í ráðgjöfinni mun hvorki felast aðstoð við bréfaskriftir né gerð skjala eða skriflegra álitsgerða nema um sé að ræða skjalagerð sem verður ekki umfangsmeiri en svo að hún taki innan við tvær klukkustundir, sbr. 2. mgr. 12. gr.

Um 7. og 8. gr.

Telji lögmaður að einstaklingurinn þurfi sérstaka ráðgjöf, þ.e. ráðgjöf sem er meiri að umfangi en tveir klukkutímar, skal hann leita samþykkis sýslumanns fyrir aðstoðinni áður en lengra er haldið. Umsókn skal fylgja rökstuðningur, lýsing á umfangi aðstoðar og áætlun um heildarvinnuframlag.

Með sérstakri ráðgjöf er átt við venjubundna lögfræðiráðgjöf, einfalda skjalagerð, bréfaskriftir, ritun umsókna, kærur og mót hjá opinberum stofnunum eða sýslunarmönnum vegna þeirra sviða sem nánar eru tilgreind í 7. gr.

Miðað skal við að sami einstaklingur geti að jafnaði ekki fengið sérstaka lögfræðilega ráðgjöf oftar en einu sinni á hverju almannaksári. Undanþágur gæti sýslumaður þó veitt ef sérstaklega stendur á.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir stuttum fresti fyrir sýslumann til að taka ákvörðun um umsókn vegna sérstakrar ráðgjafar, eða tveimur vikum. Ef hann fellst á umsóknina skal hann jafnframt ákveða þann tímafjölda sem hin sérstaka ráðgjöf má taka, þó aldrei fleiri en tíu tíma.

Um 10. gr.

Komi í ljós að hámarkstímafjöldi sá, sem sýslumaður hefur ákvarðað, hrekkur ekki til að ljúka máli getur lögmaður sótt um viðbótaraðstoð vegna málsins. Í þeirri umsókn skal hann gera ítarlega grein fyrir þeirri vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi vegna málsins ásamt því að áætla viðbótartímafjölda sem þurfi til að ljúka málinu. Fallist sýslumaður á viðbótarumsókn skal hann með sama hætti og áður tilgreina hámarkstímafjölda viðbótaraðstoðar, þó með því hámarki að heildartímafjöldi sérstakrar aðstoðar verði aldrei meiri en 20 klukkustundir.

Rétt þykir þó að hafa almenna undanþáguheimild til sýslumanns þannig að hann geti ákvarðar fleiri klukkustundir en 20 þegar þannig stendur á að viðbótarvinnuframlag lögmanns geta forðað málarekstri fyrir dómstólum. Lögmaður skal sækja um slíka viðbót sérstaklega með rökstuddri umsókn.

Um 11. gr.

Synji sýslumaður umsókn um sérstaka aðstoð eða undanþágu frá reglum um greiðsluþátttöku, sbr. 13. gr., getur umsækjandi kært synjunina stjórnsýslukæru til ráðuneytis í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Um 12. gr.

Einstaklingur, sem nýtur opinberrar lögfræðiaðstoðar, skal að jafnaði taka þátt í kostnaði við aðstoðina, sbr. 13. gr., og skal hlutdeild hans nema 25% af kostnaði. Hæfilegt tímakaup lögmanna, sem skrá sig til opinberrar lögfræðiaðstoðar, skal ákveðið með gjaldskrá sem dómsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands.

Gert er ráð fyrir að reikningur lögmanns fyrir almenna lögfræðilega ráðgjöf verði aldrei hærri en sem nemur tveimur klukkustundum. Reikningur lögmanns fyrir sérstaka ráðgjöf skal vera í samræmi við unna tíma lögmannsins en þó innan þeirra marka sem sýslumaður ákveður um hámarkstímafjölda, sbr. 9. og 10. gr.

Áður hefur verið minnst á eyðublað það sem lögmenn þurfa að fylla út til að kanna að skilyrðum fyrir opinberri lögfræðilegri ráðgjöf sé fullnægt. Eyðublaðið skal fylgja reikningi lögmannsins til sýslumanns ásamt afriti þeirra gagna sem einstaklingur hefur lagt fram til staðfestingar því að hann eigi rétt á aðstoðinni. Á reikningnum skal koma fram greiðsluhlutdeild þess sem aðstoðarinnar naut og dregst hún frá heildargjaldi hins opinbera vegna aðstoðarinnar. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að lögmönnum sé óheimilt að taka hærra gjald af einstaklingi sem nýtur aðstoðar en sem nemur greiðsluþátttöku, þ.e. 25% af reikningi.

Um 13. gr.

Meginreglan skal vera sú að umsækjandi greiðir hluta af kostnaði við opinbera lögfræðiaðstoð. Telji lögmaður fjárhagsstöðu umsækjanda þannig að greiðsluþátttökureglur muni íþyngja honum sérstaklega skal hann jafnframt sækja um undanþágu frá þeim reglum og rökstyðja þá umsókn sérstaklega. Telji sýslumaður umsókn um undanþágu frá greiðsluþátttöku eiga við rök að styðjast getur hann samþykkt lækkun frá þeirri hlutdeild sem 4. mgr. 12. gr. ákveður og jafnvel fellt greiðsluþátttöku niður ef sérstaklega stendur á.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir að kostnaður við opinbera lögfræðiaðstoð greiðist úr ríkissjóði.

Um 15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skulu varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum, t.d. almennum hegningarlögum.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Undirbúa þarf vel opinbera lögfræðiaðstoð og því er gert ráð fyrir rúmum undirbúningstíma áður en lögin öðlast gildi. Jafnframt þykir nauðsynlegt að tryggja að lögin verði endurskoðuð eftir ákveðinn reynslutíma og því er sett inn ákvæði um endurskoðun eftir fjögur ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinbera lögfræðiaðstoð.

Samkvæmt frumvarpi til laga um opinbera lögfræðiaðstoð munu einstaklingar með tekjur og eignir innan ákveðinna marka eiga rétt á ráðgjöf lögmanna sem greidd er að hluta eða öllu leyti úr ríkissjóði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðstoð lögmanna skiptist í almenna ráðgjöf, sem mest getur orðið aðstoð í 2 klst., og sérstaka ráðgjöf sem að jafnaði getur ekki orðið meira en 20 klst. aðstoð.

Erfitt er að meta áhrif frumvarpsins á útgjöld ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir að veigamiklar forsendur útgjalda verði ákveðnar í reglugerð dómsmálaráðherra. Má þar nefna ákvæði 3. gr. frumvarpsins þar sem segir að ráðherra skuli með reglugerð ákveða hámark tekna og eigna einstaklinga sem eiga rétt á opinberri lögfræðiaðstoð en skuli við þá ákvörðun taka mið af mörkum sem gilda um greiðslu barnabótaauka og úthlutun félagslegra íbúða. Auk þessa eru í 12. gr. frumvarpsins ákvæði er lúta að þóknun lögmanna fyrir opinbera lögfræðiaðstoð en þar segir að sýslumenn skulu greiða lögmönnum hæfilegt tímagjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands.

Án framangreindra forsendna er ómögulegt að áætla kostnað með mikilli nákvæmni. Hins vegar hefur nefnd sú, sem samdi frumvarpið, metið það svo að kostnaðurinn verði á bilinu 30–50 m.kr. á ári. Er þar miðað við að árlega njóti 1.200 einstaklingar opinberrar lögfræðiaðstoðar, þar af helmingurinn almennrar ráðgjafar sem er innan við 2 klst. þjónusta lögmanns. Í áætluninni er miðað við að tímagjald lögmanna verði 4.000–5.000 kr. og að meðallengd sérstakrar aðstoðar lögmanna verði 10 klst. Þótt verulegrar óvissu gæti í þessum útreikningum má, með hliðsjón af kostnaði nágrannaríkja okkar af sambærilegri aðstoð, gera ráð fyrir að framangreindar kostnaðartölur séu ekki fjarri lagi.

709. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur einkum í sér þá breytingu að framvegis verði skylt að viðlagatryggja skíðalyftur. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að felld verði brott heimild Viðlagatryggingar Íslands til að taka að sér vátryggingu annarra eigna en þeirra sem skylt er að vátryggja og er það gert til samræmingar reglum EES-samningsins. Loks er lagt til að lögfest verði heimild, sem var í eldri lögum um viðlagatryggingar, varðandi styrkveitingar til björgunarsveita.

Á fund nefndarinnar kom Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, frá stjórn Viðlagatryggingar Íslands Guðmundur Þ. B. Ólafsson formaður, Gísli Ólafsson, Úlfar B. Thoroddsen og Alexander Stefánsson stjórnarmenn og Ásgeir Ásgeirsson ritari, frá Landsbjörg Björn Hermannsson framkvæmdastjóri og Ólafur Proppé formaður, frá Slysavarnafélagi Íslands Gunnar Tómasson varaforseti og Páll Ægir Pétursson, deildarstjóri björgunardeildar, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Ísafirði og Þorsteinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar, Hafsteinn Hafsteinsson, formaður almannavarnaráðs, frá Veðurstofu Íslands Magnús Jónsson veðurstofustjóri og Magnús Már Magnússon yfirverkefnisstjóri og Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Almannavörnum ríkisins, Björgunarskóla Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Vátryggingaeftirlitinu og Viðlagatryggingu Íslands og Íþróttafélagi Reykjavíkur. Þá studdist nefndin við gögn frá forsætisráðuneyti og Ísafjarðarkaupstað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er um að ræða nauðsynlegar breytingar á tilvísunum í lagagreinar vegna brottfalls 6. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er lagt til að orðalagi 4. gr. verði breytt þannig að heimild Viðlagatryggingar til styrkveitinga beinist að þeim landssamtökum sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs. Nefndin telur eðlilegt að heimildin taki til landssamtaka björgunarsveita en ekki einstakra sveita um land allt. Þau landssamtök, sem hér um ræðir, eru Landsbjörg, Slysavarnafélag Íslands og Rauði kross Íslands. Innan þeirra vébanda eru allar starfandi björgunarsveitir hér á landi. Þá er gert ráð fyrir að styrkirnir renni til fræðslu- og þjálfunarmála í stað hinnar opnu heimildar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin vill taka fram að Björgunarhundasveit Íslands er aðili að Landsbjörg og aukin áhersla verður í framtíðinni lögð á þátt leitarhunda á námskeiðum í snjóflóðaleit, en slík námskeið hafa um árabil verið haldin á vegum björgunarsveita.

Í þriðja lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á 5. gr., ákvæði til bráðabirgða. Nefndin telur ekki rétt að lögfest sé afturvirkt ákvæði sem byggir á því að munir séu tryggðir eftir á eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Því er lagt til að kveðið verði á um tiltekna eingreiðslu úr sjóðum Viðlagatryggingar Íslands í því afmarkaða tilviki sem hér um ræðir.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.

710. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „11. gr.“ í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.
2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (4. gr.)
      Orðin „og 6. gr.“ í 9. gr. laganna falla brott.
   b. (5. gr.)
      3. tölul. 10. gr. laganna fellur brott.
3. Við 3. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Orðin „og 6. gr.“ í 4. mgr. falla brott.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „til björgunarsveita vegna starfsemi sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins“ komi: til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Á árinu 1995 skal stjórn Viðlagatryggingar Íslands greiða Ísafjarðarkaupstað 90 milljónir króna í bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum veturinn 1994.

711. Svar [385. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um markaðssetningu á íslenska hestinum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hversu háum upphæðum hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins varið til að styrkja markaðssetningu og útflutning á íslenska hestinum frá árinu 1990, hvert ár tilgreint sérstaklega, og til hvaða aðila hafa slíkir styrkir runnið?*
2. *Hafa einhverjir aðrir sjóðir lagt fram fjármagn til markaðssetningar á íslenska hestinum á þessu tímabili?*

Fyrri liður fyrirspurnarinnar lýtur sérstaklega að styrkveitingum úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins á árunum 1990 til og með 1994 en sá seinni hvort aðrir sjóðir hafi styrkt markaðssetningu á íslenska hestinum á þessu tímabili.

Eftirfarandi upplýsingar eru frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins en ráðuneytinu er ekki kunnugt um að aðrir sjóðir hafi komið að þessu verkefni.

Ár	Styrkþegi	Þús. kr.	Verksvið/verkefni
1990	Félag hrossabænda	1.500	Markaðsstarf
1991	Félag hrossabænda	1.500	Markaðsstarf ásamt þátttöku í Equitana '91
	Félag hrossabænda	1.000	Sölusamtök íslenskra hrossabænda
	Félag hrossabænda í Árnessýslu	400	Þjálfunar- og sölumiðstöð, m.a. v/útflutnings
	Hestaíþróttasamband Íslands	1.000	Þátttaka í heimsmeistaramóti
	Landssamband hestamanna	150	Töltkeppni í USA
	Sölusamtök ísl. hrossabænda	1.500	Markaðsstarf í Englandi
		5.550	
1992	Félag hrossabænda	1.550	Markaðsstarf
	Þórarinn Jónsson o.fl.	900	Hestasölusýningarferð í USA
	Landssamband hestamanna	350	Unglingamót FEIF á Íslandi
		2.800	
1993	Landssamband hestamanna	300	FEIF-samstarfsverkefni
	Félag hrossabænda	4.000	Markaðsstarf ásamt þátttöku í Equitana '93
	Jón Friðriksson	250	Frumsmíði innréttinga í hrossaflutningagám
	Ísan hf.	1.500	Sölumiðstöð hesta í Litáen
	Hestaíþróttasamband Íslands	750	Þátttaka í heimsmeistaramóti
		6.800	
1994	Félag hrossabænda	3.500	Markaðsstarf
	Landssamband hestamanna	500	FEIF-samstarfsverkefni
	Eiðfaxi hf.	250	Útgáfa á erlendum tungumálum
		4.250	
	Samtals á fimm árum	**20.900**	

712. Svar [356. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar um búnað fyrir heyrnartækjanotendur.

1. *Í hvaða byggingum ríkisins hefur verið komið upp tónmöskvabúnaði fyrir heyrnartækjanotendur?*

Tónmöskvabúnaður er búnaður sem auðveldar notendum heyrnartækja að heyra það sem fram fer í hljóðkerfum. Þessi búnaður breytir hljóðmerki frá hljóðkerfum í breytilegt segulsvið en flest ný heyrnartæki eru með innbyggðum móttakara fyrir slíkt segulsvið (T-stillingu). Einnig er hægt að nota sérstök móttökutæki og auðveldar það heyrnartækjanotendum að nema hljóð úr hljóðkerfum. Segulsviðið þarf að vera af ákveðnum styrk, nægum til að boð berist til heyrnartækjanna, en þó innan þeirra marka að ekki valdi truflunum í umhverfinu. Einnig er hægt að nota innrauða ljóskastara til að koma merkinu til skila og er hljóðið mun skýrara í slíku kerfi. Í innrauðu kerfi verður notandi að nota sérstakt móttökutæki og nýtist heyrnartækið ekki í því tilfelli. Tónmöskvabúnaður hefur almennt ekki verið settur upp í byggingum ríkisins, t.d. samkomusölum skóla. Nú eru slík kerfi þó almennt sett upp með hljóðkerfum í nýjum byggingum ríkisins og í þeim byggingum þar sem meiri háttar viðhald fer fram. Má þar nefna Þjóðleikhúsið.

2. *Hversu mikill kostnaður er við að koma upp slíkum búnaði í dómsölum og samkomusölum í eigu ríkisins?*

Viðbótarkostnaður, þar sem verið er að setja upp nýtt hljóðkerfi, er á bilinu 50–100 þús. kr. Stærð á sölum ræður þar mestu um. Hvert móttökutæki kostar síðan um 17 þús. kr., en þeir notendur, sem hafa T-stillingu (telephone) á heyrnartækjum sínum, geta notað þau beint. Stofnkostnaður við kerfi með innrauðum kastara er mun meiri eða um 300 þús. kr. fyrir magnara og kastara en hvert móttökutæki er heldur ódýrara eða um 11 þús. kr.

713. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stjórn barnaverndarmála.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum félagsmálaráðuneytið, barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð og eru í lögum þessum nefnd barnaverndaryfirvöld.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk félagsmálaráðuneytis og barnaverndarstofu.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn barnaverndarmála og annast stefnumótun í málaflokknum. Sérstök stofnun, barnaverndarstofa, skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs. Hún annast daglega stjórn barnaverndarmála. Meginhlutverk hennar er:

1. að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála,
2. að hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, þar á meðal heimta frá þeim ársskýrslur,
3. að hafa yfirumsjón og eftirlit með stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir fyrir börn og ungmenni sem vistuð eru á grundvelli laga þessara,
4. að hafa umsjón með vistun barna og ungmenna á stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli laga þessara,
5. að hlutast til um að settar verði á fót stofnanir og heimili skv. 2. og 4. mgr. 51. gr. laga þessara,
6. að veita barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra,
7. að hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar,
8. að annast fræðslu um barnavernd, einkum fyrir barnarverndarnefndir og starfsmenn þeirra.

Ræki barnaverndarnefnd ekki störf þau sem henni eru falin í lögum þessum skal barnaverndarstofa krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína. Ef stofunni þykir ástæða til getur hún lagt fyrir barnaverndarnefnd að gera sérstakar ráðstafanir í máli hvort sem hún hefur fjallað um það áður eða ekki. Nú verður barnaverndarstofa þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum og getur stofan þá skotið málinu til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs.

Ákvörðunum barnaverndarstofu er heimilt að skjóta til félagsmálaráðuneytisins.

Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Ráðherra skal kveða nánar á um starfsemi barnaverndarstofu í reglugerð.

3. gr.

Við upphaf 5. gr. laganna bætist: Starfsmenn barnaverndarstofu.

4. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 3. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Barnaverndarstofa.

5. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Tilkynningarskylda lögreglu o.fl.

Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða ungmenni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Nú tekur lögregla skýrslu af barni og skal lögregla þá gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan skýrslutökuna. Lögregla getur krafist þess telji hún þörf á því. Óski foreldri eftir að vera viðstatt skýrslutöku af barni sínu skal það heimilt, nema lögregla ákveði annað vegna hagsmuna barnsins eða vegna þess að nærvera foreldra er talin geta torveldað rannsókn málsins.

Nú er tekin skýrsla af barni fyrir dómi og skal ákærandi þá tilkynna það barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd er heimilt að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan þegar skýrsla er tekin af barninu. Óski foreldri eftir að vera viðstatt skýrslutöku af barni sínu skal það að jafnaði heimilt. Dómari úrskurðar um þetta atriði ef ágreiningur verður og sætir úrskurður hans ekki kæru.

6. gr.

Orðið „dómstólum“ í 5. mgr. 16. laganna falli brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „unglingaheimili“ í 1. mgr. kemur: stofnun eða heimili.
b. Orðin „eða deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur“ í 3. mgr. falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:
   Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Stofan metur hæfni væntanlegra fósturforeldra og veitir þeim fræðslu með námskeiðahaldi.
b. Við 1. mgr., sem verður 2. mgr., bætist: Barnaverndarnefnd skal hafa samráð við barnaverndarstofu við val á fósturforeldrum.

9. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í upphafi 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: Barnaverndarstofa.

10. gr.

Í stað orðsins „barnaverndarnefndar“ í niðurlagi 36. gr. laganna kemur: barnaverndarstofu.

11. gr.

1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:
Barnaverndarstofa heldur skrá um börn í fóstri.

12. gr.

Í stað orðsins „sýslumanns“ í fyrri málslið 48. gr. laganna kemur: lögreglu.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. 2. og 3. mgr. falla brott.

b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr., er verður 3. mgr., kemur: barnaverndarstofu.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., er orðast svo:

Þeir aðilar, sem taka börn til dvalar á einkaheimili í atvinnuskyni, gegn gjaldi, sem ætlað er að vara í allt að sex mánuði, skulu sækja um leyfi til þess til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu.

d. 4. mgr. orðast svo:

Félagsmálaráðuneytið skal sjá um að sérhæfð heimili og stofnanir séu tiltækar fyrir börn og ungmenni þegar úrræði barnaverndarnefndar skv. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. hafa ekki komið að gagni. Hér er átt við heimili og stofnanir þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og alvarlegra hegðunarerfiðleika. Slík heimili og stofnanir eru rekin af ríkinu eða af einkaaðilum undir yfirumsjón og eftirliti barnaverndarstofu. Um starfsemi heimila og stofnana, sem rekin eru af ríkinu, skal nánar kveðið á í reglugerð er félagsmálaráðherra setur.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Óheimilt er að setja á stofn eða reka heimili eða stofnun skv. 2. og 3. mgr. 51. gr. nema leyfi barnaverndarstofu komi til.

b. 2. mgr. orðast svo:

Barnaverndarstofa skal semja og gefa út nánari reglur og leiðbeiningar um stjórn, starfsfólk, m.a. hæfisskilyrði og menntun, og alla aðbúð á heimilum og stofnunum sem reknar eru af einkaaðilum og sveitarfélögum á grundvelli 51. gr.

c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um starfsemi heimila sem taka börn til dvalar, sbr. 4. mgr. 51. gr., og skilyrði fyrir leyfisveitingu.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Barnaverndarnefnd hefur í umdæmi sínu eftirlit með heimilum og stofnunum sem reknar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla nema eftirlit sé falið öðrum samkvæmt lögum. Barnaverndarnefnd skal fylgjast með högum og aðbúnaði barna á slíkum heimilum og stofnunum og gæta þess vandlega að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili og stofnanir fyrir börn en þau sem hlotið hafa leyfi samkvæmt lögum þessum.

b. Í stað 3. mgr. kemur:

Barnaverndarnefndir og barnaverndarstofa skulu hafa óheftan aðgang að upplýsingum um rekstur þeirra heimila og stofnana sem þær samkvæmt lögum þessum skulu hafa eftirlit með og sömuleiðis að upplýsingum um aðbúnað og hagi barna sem þar dvelja.

Ef meðferð barns á heimili eða stofnun, sem barnaverndarnefnd ber skv. 1. mgr. að hafa eftirlit með, er að mati nefndarinnar óhæfileg, eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal nefndin leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er og veita ákveðinn frest til þess. Komi það ekki að haldi skal hún leggja málið fyrir barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa getur samkvæmt ábendingum barnaverndarnefndar, eða að eigin frumkvæði, svipt heimili eða stofnun rétti til áframhaldandi rekstrar ef meðferð barns er óhæfileg, eða rekstri heimilis eða stofnunar er ábótavant, og sá frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta er liðinn án þess að bætt hafi verið úr því sem áfátt er.

16. gr.

1. málsl. 56. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum ungmennum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

714. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr. laganna, sbr. 43. gr. laga nr. 111/1992, 34. gr. laga nr. 122/1993 og 1. gr. laga nr. 74/1994:

a. Í stað hlutfallstölunnar „3%“ í 1. mgr. komi: 3,05%.

b. 2. mgr. orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptalningu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Vegna tryggingagjalds á reiknað endurgjald manns sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, maka hans og barna skal stofn gjaldsins vera sú fjárhæð sem greinir í 3. mgr. 6. gr. Er ekki skylt að gera sérstaka grein fyrir fjárhæðinni á launaframtali. Skipta skal gjaldstofni ársins jafnt á öll geiðslutímabil þess nema önnur skipting komi greinilega fram í skattgögnum gjaldanda.

3. gr.

Við lögin bætist svofelldur Viðauki I sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki I.

Í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds skulu vera eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands:

01.1 Jarðyrkja og garðyrkja.
01.2 Búfjárrækt.
01.3 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar.
01.5 Dýraveiðar og tengd þjónusta.
02 Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta.
05.01 Fiskveiðar.
05.02 Rekstur seiða-, fiskeldis- og hafbeitarstöðva.
10 Kolanám og móvinnsla.
11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
12 Nám á úran- og þórínmálmgrýti.
13 Málmnám og málmvinnsla.
14 Námugröftur og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
15 Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður.
16 Tóbaksiðnaður.
17 Textíliðnaður.
18 Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna.
19 Leðuriðnaður.
20 Trjáiðnaður.
21 Pappírsiðnaður.
22 Útgáfustarfsemi og prentiðnaður.
23 Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti.
24 Efnaiðnaður.
25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.
26 Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.
27 Framleiðsla málma.
28 Málmsmíði og viðgerðir.
29 Vélsmíði og vélaviðgerðir.
30 Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.
31 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og -tækja.
32 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar og -tækja.
33 Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.
34 Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.
35 Framleiðsla annarra farartækja.
36 Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.
37 Endurvinnsla.
52.7 Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.
55.1 Hótel.
55.2 Orlofshús, bændagisting, tjaldstæði og önnur aðstaða til stuttrar dvalar.
55.3 Veitingahúsarekstur.
55.52 Sala á tilbúnum mat.
71.1 Bílaleiga.
72.2 Hugbúnaðargerð. Ráðgjöf og sala á hugbúnaði fellur ekki hér undir.
92.11 Framleiðsla kvikmynda og myndbanda.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá þeim tíma og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1996 á gjaldstofn ársins 1995. Þó skal 2. gr. gilda um skil launaframtala frá og með árinu 1995.

715. Frumvarp til laga [257. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Þó á aðili rétt á skráningu ef hann sýnir fram á að kaup á fjárfestingarvörum standa í beinu sambandi við framleiðslu vöru til sölu í atvinnuskyni á síðari rekstrarárum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skráningu, þar með talið um afturvirka skráningu til allt að sex ára og um tryggingu vegna skráningar skv. 2. málsl. 5. mgr.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Bílaleigum og tryggingafélögum, sem vegna starfsemi sinnar hafa keypt notuð ökutæki, er heimilt að ákvarða skattverð skv. 1. mgr. við endursölu þeirra.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þeir aðilar, sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr., geta við skil á virðisaukaskatti dregið frá reiknuðum útskatti á hverju uppgjörstímabili 19,68% af neikvæðum mismun á söluverði og innkaupsverði seldra ökutækja á viðkomandi uppgjörstímabili, enda eigi formskilyrði 3. mgr. 10. gr. við um söluna að öðru leyti.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað „51/1968“ í 1. mgr. kemur: 145/1994.

b. 2. mgr. orðast svo:

Allar bækur, uppgjör og gögn, er varða virðisaukaskattsskil, skal varðveita í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

5. gr.

5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Skattskyldir aðilar, sem ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstalnanna „2%“ og „20%“ í 2. mgr. kemur: 1% og 10%.
b. Í stað „51/1968“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: 145/1994.

7. gr.

Í stað orðanna „flokk 0“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: flokk 1.

8. gr.

3. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 106/1990, orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis við kaup á vörum eða þjónustu. Endurgreiðsla samkvæmt þessari málsgrein getur eingöngu tekið til virðisaukaskatts af þeim aðföngum sem virðisaukaskattsskyldir aðilar geta talið til innskatts, sbr. 15. og 16. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða III í 33. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum:

a. Í stað ártalsins „1992“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 1993.
b. Í stað orðanna „og allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992 og allt að 17% af fjárfestingu á árinu 1993.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt er heimilt að leiðrétta virðisaukaskattsskil ársins 1993 hjá aðilum sem skráðir voru frjálsri skráningu á grundvelli reglugerðar nr. 487/1992.
d. Á eftir ártalinu „1996“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992.
e. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Leiðrétting vegna fjárfestingar á árinu 1993 skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1995 og 1996. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna leiðréttingar á árunum 1994–1996 skal að hámarki nema 75 milljónum króna vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992 en að hámarki 10 milljónum króna vegna fjárfestingar á árinu 1993. Leiðrétting hvers árs samkvæmt þessari heimild skal háð því skilyrði að aðili hafi haft með höndum skattskylda útleigu á gistirými fram að þeim tíma er til endurgreiðslu kemur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

716. Frumvarp til laga [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

Fyrir aftan orðin „bera hann fyrir sig“ í lok 1. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna bætist við: sbr. þó 36. gr. c.

2. gr.

Á eftir 36. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, fyrst 36. gr. a er orðast svo:

Ákvæði 36. gr. a–d gilda um samninga, m.a. samningsskilmála, sem ekki hefur verið samið um sérstaklega enda séu samningarnir liður í starfsemi annars aðilans, atvinnurekanda, en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytanda, sbr. þó 36. gr. d. Ákvæðin gilda einnig um samninga milli neytenda sem atvinnurekandi stendur að fyrir annan aðilanna.

Á atvinnurekandanum hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að samið hafi verið sérstaklega um samning og hann falli ekki undir 1. mgr.

3. gr.

36. gr. b laganna orðast svo:

Skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skal vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skal túlka samninginn neytandanum í hag.

4. gr.

36. gr. c laganna orðast svo:

Ákvæði 36. gr. gilda um samninga skv. 1. mgr. 36. gr. a, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr.

Við mat á því hvort samningur skv. 1. mgr. sé ósanngjarn skal líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., m.a. skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til neytanda í óhag.

Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.

5. gr.

36. gr. d laganna orðast svo:

Ef ákvæði samnings tengist náið landsvæði EES-ríkja þannig að samningurinn sé t.d. gerður þar eða einhver samningsaðila búi þar og samingsákvæði kveður á um að löggjöf lands utan Evrópska efnahagssvæðisins skuli gilda um samninginn skal ákvæðið ekki gilda um ósanngjarna samningsskilmála ef neytandinn fær við það lakari vernd gegn slíkum skilmálum en samkvæmt viðeigandi löggjöf lands á efnahagssvæðinu.

6. gr.

Lög þessi, sem sett eru á grundvelli tilskipunar 93/13/EBE, öðlast þegar gildi.

Ákvæði 36. gr. b laganna gilda ekki um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna.

717. Frumvarp til laga [326. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra ef hann telur að starfsemi umsækjanda sé svo háttað að varhugavert sé að leyfa hana.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

718. Frumvarp til laga [318. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

262. gr. laganna orðast svo:

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. mgr. 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, 1., 2. eða 7. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. og 11. gr. laga um tryggingagjald og gegn 1. eða 6. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fyrr greinir.

Sömu refsingu skal sá sæta sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 3. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, 37. og 38. gr., sbr. 36. gr., laga um bókhald eða 83.–85. gr., sbr. 82. gr., laga um ársreikninga, þar á meðal til þess að leyna auðgunarbroti sínu eða annarra.

Verknaður telst meiri háttar brot skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef brotið lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert þeirra brota sem getur í 1. eða 2. mgr., hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir þau ákvæði fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

719. Frumvarp til laga [319. mál]

um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, orðast svo:

Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn eða eignarskatt skal hann greiða fésekt allt að tífaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að telja fram til skatts varðar það brot fésektum er aldrei skulu nema lægri fjárhæð en tvöfaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem á vantar ef áætlun reyndist of lág við endurreikning skatts skv. 2. mgr. 96. gr. laganna og skal þá skattur af álagi dragast frá sektarfjárhæð skv. 106. gr. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga.

Skýri skattskyldur maður rangt eða villandi frá einhverjum þeim atriðum er varða framtal hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslu.

Verði brot gegn 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða fésekt allt að fjórfaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur þessari skattfjárhæð að viðbættum helmingi hennar. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem í 3. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skattframtöl annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að gegna skyldu sinni samkvæmt ákvæðum 91., 92. eða 94. gr. skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

2. gr.

30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, orðast svo:

Skýri gjaldskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hver sá launagreiðandi sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir fé af launagreiðslum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða ekki innt af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir skal greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggi við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Álag skv.1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi launagreiðandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda tilskilið launabókhald varðar það brot við refsiákvæði laga um bókhald, en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 19. gr., upplýsingaskyldu skv. 25. gr., misnotar skattkort, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Skýri skilaskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það launamann sem lætur greiða sér laun vitandi um að launagreiðandi hans hefur eigi haldið eftir af launum hans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem skylt er samkvæmt lögum þessum eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskil vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu fésekt, allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

3. gr.

40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, orðast svo:

Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um of og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri þessari skattfjárhæð. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði, skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald nema þyngri refsing liggi við brotinu skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Vanræki maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., upplýsingaskyldu skv. 38. gr. eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans skal sæta sektum þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

Verði brot skv. 1. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða og aldrei lægri fésekt en nemur þessari skattfjárhæð að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem í 4. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

720. Frumvarp til laga [342. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

Við 3. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málsliður, svofelldur: Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður að ósk foreldris, sem ekki hefur forsjá barns, mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband og hliðstætt samband við barnið.

2. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svofelld:

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er öðru foreldri þá óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

3. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, 40. gr. A, svofelld:

J. Réttur til upplýsinga um barn.

40. gr. A

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi barns, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á barnaheimili, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá barnaheimilum, skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingar séu skaðlegar fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 74. gr. þessara laga.

4. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið getur heimilað að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra er greinir í 2. mgr. ef alveg sérstaklega stendur á. Á þetta einnig við þótt frestir til höfðunar vefengingarmáls eða til höfðunar máls til ógildingar á faðernisviðurkenningu hafi verið liðnir þegar lög þessi tóku gildi.

5. gr.

3. mgr. 53. gr. laganna verður svofelld:

2. og 3. mgr. 52. gr. eiga við um mál samkvæmt þessari grein að breyttu breytanda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

721. Nefndarálit [354. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er hið seinna á þessu löggjafarþingi. Undanfarin ár hefur verið stuðst við reglur sem allsherjarnefnd efri deildar setti um veitingu ríkisborgararéttar á 112. löggjafarþingi. Nú hefur reglum þessum verið breytt og birtast þær í sérstakri skýrslu nefndarinnar sem lögð er fram samhliða áliti þessu.

Málsmeðferð nefndarinnar var með hefðbundnu sniði; tveir nefndarmenn fóru yfir allar umsóknir sem borist höfðu og síðan fjallaði nefndin um þær. Við afgreiðsluna var stuðst við nýju reglurnar og er að þessu sinni lagt til að 44 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Guðmundur Árni Stefánsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Jón Helgason.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
	Björn Bjarnason.	

722. Breytingartillaga [354. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akasof, Yutaka, eftirlitsmaður á Þingeyri, f. 17. júlí 1946 í Japan.
2. Allal, Chafika Abdelli, húsmóðir í Reykjavík, f. 26. júlí 1950 í Alsír.
3. Anita Lena Baldvinsdóttir, barn í Kópavogi, f. 31. október 1990 í Reykjavík.
4. Barnwell, David George, golfkennari á Akureyri, f. 2. mars 1961 í Englandi.

5. Bequette, Kent Roger, verkamaður í Njarðvík, f. 28. apríl 1964 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
6. Bihorac, Jusuf, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 25. nóvember 1960 í Júgóslavíu. Fær réttinn 25. ágúst 1995.
7. Boonchang, Chakravut, veitingamaður í Reykjavík, f. 2. mars 1951 í Tælandi. Fær réttinn 21. júní 1995.
8. Coronil Jónsson, Alicia Marina, nemi í Reykjavík, f. 21. desember 1973 á Spáni.
9. Dahroug, Radwan, verkamaður í Reykjavík, f. 14. mars 1955 á Sýrlandi.
10. Davie, Kerry Rosemary, húsmóðir í Reykjavík, f. 26. mars 1969 í Englandi.
11. De Maaker, Hugo, iðnverkamaður í Hveragerði, f. 26. febrúar 1956 í Reykjavík.
12. El Bouazzati, Luiza, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. maí 1967 í Marokkó.
13. Empuerto, Basilisa Raga, verkakona í Reykjavík, f. 15. mars 1947 á Filippseyjum. Fær réttinn 7. mars 1995.
14. Enriquez, Merly Capuyan, saumakona í Reykjavík, f. 30. mars 1967 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. maí 1995.
15. Garovic, Dragan, rafvirki í Kópavogi, f. 28. október 1958 í Júgóslavíu.
16. Geirmundsson Tulinius, Agnes Yolanda, barn í Svíþjóð, f. 7. mars 1993 í Kólombíu.
17. Geirmundsson Tulinius, Anna Nidia, barn í Svíþjóð, f. 7. mars 1993 í Kólombíu.
18. Hannam, Sólveig, húsmóðir í Garðabæ, f. 20. júlí 1947 í Englandi.
19. Hidalgo, Jorge Ricardo Cabrera, atvinnurekandi í Reykjavík, f. 3. september 1968 í Kólombíu. Fær réttinn 10. ágúst 1995.
20. Hong, Gao verkakona í Reykjavík, f. 14. október 1961 í Kína. Fær réttinn 4. júní 1995.
21. Ivanovic, Darja, starfsstúlka í Kópavogi, f. 6. júlí 1964 í Slóveníu. Fær réttinn 1. júlí 1995.
22. Jacobsen, Tómas Þór, barn í Hafnarfirði, f. 29. september 1992 á Indlandi. Fær réttinn 29. september 1995.
23. Jamora, Luisa Ranollo, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 21. júní 1968 á Filippseyjum.
24. Jóhannesson, Idda Wanjiru, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. október 1950 í Kenía.
25. Kimworn, Pranee, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 1. júní 1960 í Tælandi. Fær réttinn 6. mars 1995.
26. Ligan, Juanita Balani, nemi í Reykjavík, f. 9. júlí 1958 á Filippseyjum. Fær réttinn 23. september 1995.
27. Llanes, Rosario Payla, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. maí 1995.
28. Mendez Guerrero, Carlos Alberto, nemi á Akureyri, f. 6. janúar 1965 í Kólombíu.
29. Okuniewska, Grazyna María, starfsmaður í Bolungarvík, f. 10. júlí 1965 í Póllandi.
30. Óskar Rafael Karlsson, barn á Patreksfirði, f. 25. desember 1992 í Reykjavík.
31. Patilan, Quirina Deparine, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 6. mars 1995.
32. Pin-Ngam, Pranee, fiskvinnslukona í Sandgerði, f. 26. október 1960 í Tælandi. Fær réttinn 16. maí 1995.
33. Pogórski, Jacek, bókbindari í Reykjavík, f. 25. ágúst 1962 í Póllandi.

34. Rodriguez Pinzon, Oscar Arturo, verkamaður í Reykjavík, f. 31. desember 1960 í Kólombíu.
35. Rosauro, Melisa Garciano, húsmóðir á Akureyri, f. 30. maí 1964 á Filippseyjum. Fær réttinn 11. apríl 1995.
36. Shen, Wen Rui, verkamaður í Reykjavík, f. 1. desember 1966 í Kína. Fær réttinn 22. september 1995.
37. Spencer, Theresa Jane, húsmóðir í Neskaupstað, f. 19. september 1952 í Englandi.
38. Srdoc, Gordon, verkamaður í Keflavík, f. 1. ágúst 1954 í Króatíu. Fær réttinn 3. maí 1995.
39. Steinunn Einarsdóttir, húsmóðir á Akureyri, f. 19. júlí 1940 í Vestmannaeyjum. Fær réttinn 13. júní 1995.
40. Szmiedowicz, Morten, nemi í Grindavík, f. 7. október 1980 í Danmörku.
41. Thongsanthia, Jareewan, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 20. júní 1958 í Tælandi. Fær réttinn 4. ágúst 1995.
42. Vartabedian, Jean Adele, framreiðslumaður í Hafnarfirði, f. 4. október 1970 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
43. Yasin, Aladin Abdul Rahman, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 17. ágúst 1955 í Líbanon. Fær réttinn 1. júlí 1995.
44. Þorleifur Geirsson, verslunarmaður í Borgarnesi, f. 20. desember 1956 í Borgarnesi.

723. Skýrsla [434. mál]

allsherjarnefndar um reglur um veitingu ríkisborgararéttar.

Allsherjarnefnd hefur sett nýjar reglur um veitingu ríkisborgararéttar. Áður var stuðst við reglur allsherjarnefndar efri deildar sem settar voru á 112. löggjafarþingi og birtar í þingskjali 910. Til þess að gera reglurnar aðgengilegar fyrir umsækjendur um íslenskt ríkisfang eru þær nú settar hér fram ásamt skýringum.

Reglur um veitingu ríkisborgararéttar.

Búsetuskilyrði.

1. gr.

Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, hafi átt hér lögheimili í sjö ár, Norðurlandabúar í fjögur ár.

2. gr.

Karl eða kona, sem gengur í hjúskap með íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir að hafa átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu enda hafi makinn verið íslenskur ríkisborgari ekki skemur en fimm ár.

3. gr.

Karl eða kona, sem býr í óvígðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, fái ríkisborgararétt ef sambúðin hefur varað í fimm ár og þau átt sameiginlegt lögheimili hérlendis þann tíma enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

4. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi átt hér lögheimili í tvö ár.

5. gr.

Íslendingur, sem gerst hefur erlendur ríkisborgari, fái ríkisborgararétt á ný eftir að hafa átt hér lögheimili í eitt ár.

6. gr.

Íslendingur, sem misst hefur ríkisfang sitt við hjúskap, en hjónabandinu er slitið og hann hefur eignast heimili hér á ný, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér.

7. gr.

Flóttamenn, eins og þeir eru skilgreindir í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, fái ríkisborgararétt eftir að hafa átt hér lögheimili í fimm ár.

Heimilt er að láta sama gilda um fólk sem hefur réttarstöðu sem jafna má til flóttamanna, enda geti það ekki snúið til heimaríkis síns vegna ófriðarástands, náttúruhamfara eða sambærilegra aðstæðna.

8. gr.

Reglur 1.–7. gr. miðast við lögheimili og samfellda dvöl hérlendis. Heimilt er að víkja frá því skilyrði rofni dvöl umsækjanda á Íslandi vegna náms erlendis, tímabundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákominna ættingja.

Sá tími, sem umsækjandi hefur átt lögheimili og dvalið á Íslandi, verður að vera a.m.k. jafnlangur þeim tíma sem umsækjandi verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla. Dvöl erlendis má að jafnaði ekki vera lengri en eitt ár, en sé um námsdvöl að ræða er heimilt miða við þrjú ár.

Önnur skilyrði.

9. gr.

Umsækjandi sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.

10. gr.

Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis, m.a. með hliðsjón af þeim gögnum sem koma fram í umsókn.

11. gr.

Umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Hafi umsækjandi að öðru leyti sætt refsingu eða öðrum viðurlögum kann það að hindra veitingu ríkisfangs í allt að tíu ár frá því að verknaður var framinn. Sé um að ræða ítrekuð eða alvarleg brot á almennum hegningarlögum, framin af ásetningi, kann það að fresta veitingu ríkisfangs í lengri tíma. Sektir fyrir minni háttar brot hindra þó ekki veitingu ríkisfangs.

Greinargerð.

Í 68. gr. stjórnarskrárinnar segir að enginn útlendingur geti fengið ríkisborgararétt nema með lögum og í 6. gr. laga nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt, segir:

„Ríkisborgararétt má veita með lögum samkvæmt stjórnarskránni.

Áður en umsóknir um ríkisborgararétt eru lagðar fyrir Alþingi, skal dómsmálaráðuneytið fá um þær umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna á dvalarstöðum umsækjenda. Eigi sá börn, sem ríkisborgararétt fær með lögum, fer um þau eftir ákvæðum 5. greinar, nema lögin láti öðruvísi um mælt.“

Samkvæmt laganna hljóðan er Alþingi ekki bundið við nein skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Greinin virðist þó gera ráð fyrir því að íslenskt ríkisfang sé ekki veitt nema umsókn erlends ríkisborgara þar um liggi fyrir. Dómsmálaráðuneytinu er falið að leggja umsóknir um íslenskan ríkisborgararétt fyrir Alþingi, en því ber fyrst að afla lögbundinna umsagna lögreglustjóra og sveitarstjórnar. Alþingi hefur því frjálsar hendur um hverjum er veittur og hverjum er ekki veittur ríkisborgararéttur ef umsókn, sem farið hefur í gegnum dómsmálaráðuneytið, liggur fyrir. Allsherjarnefndir beggja deilda settu sér þegar árið 1955 starfsreglur um veitingu ríkisborgararéttar til að gæta jafnræðis meðal umsækjenda og tryggja samræmi í afgreiðslum nefndanna frá ári til árs. Hafa þær reglur þrisvar tekið breytingum, 1978, 1990 og nú síðast í febrúar 1995.

Í reglum þessum er leitast við að taka á þeim vandamálum sem upp hafa komið eða risið hafa við afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt á síðustu árum. Helstu breytingarnar frá reglum, sem allsherjarnefnd setti árið 1990, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi, eru að mörk um lengd búsetu eru í ákveðnum tilvikum lækkuð, ákvæði um flóttamenn og rofna búsetu er bætt við, auk ákvæðis um áhrif refsinga og viðurlaga. Hins vegar ber að leggja áherslu á það að reglur þessar eru viðmiðunarreglur sem nefndin notar við afgreiðslu umsókna um íslenskt ríkisfang. Enginn á í raun kröfu á því að öðlast íslenskan ríkisborgararétt, það veltur á ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er sett sú almenna regla að útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, hafi búið hér á landi í sjö ár áður en þeim verði veittur ríkisborgararéttur, en norrænir menn í fjögur ár. Áður voru búsetuskilyrðin tíu ár og fimm ár. Annars staðar á Norðurlöndum er ýmist miðað við fimm eða sjö ára búsetu, ellegar skemmri tíma sé um Norðurlandabúa að ræða.

Um 2. gr.

Ákvæðið, sem var 3. tölul. eldri reglna, er efnislega óbreytt. Ár hvert hlýtur stór hluti nýrra ríkisborgara réttinn á grundvelli þessarar reglu.

Um 3. gr.

Sambúðarreglan, sem tekin var upp 1990, er óbreytt.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að búsetutími erlendra ríkisborgara, sem eiga íslenskan ríkisborgara að foreldri, verði tvö ár og skiptir þá engu af hvaða uppruna hitt foreldrið er. Áður gilti sú regla að ef hitt foreldrið var Norðurlandabúi var búsetutíminn þrjú ár, annars fimm ár.

Um 5. gr.

Ákvæðið, sem áður var 6. tölul., er að efni til óbreytt.

Um 6. gr.

Reglan var áður 7. tölul. en hér hefur sú breyting orðið að síðari málsliður 7. tölul. fellur brott, en þar var reglan sú að börn umsækjanda, sem náð höfðu 16 ára aldri og honum fylgdu, fengu ríkisborgararétt um leið og umsækjandi. Ákvæðið er óþarft í ljósi 6. gr., sbr. 5. gr., laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, og gengur raunar skemmra. Meginreglan, sem kemur fram í lögunum, er sú að barn sem náð hefur 18 ára aldri fær ríkisborgararétt um leið og það foreldri sem hefur forsjá þess.

Auk þess er fellt brott ákvæði þess efnis að umsókn fylgi yfirlýsing umsækjanda um að hann ætli að dveljast áfram í landinu.

Um 7. gr.

Hér er reglan sú að flóttamenn fái ríkisborgararétt eftir fimm ára búsetu. Mun hún hafa gilt óskráð um nokkurra ára skeið. Enn fremur er tekið upp það nýmæli að heimilt er að láta sömu reglu gilda um fólk sem hefur réttarstöðu sem jafna má til flóttamanna ef uppfyllt eru skilyrði þau sem tilgreind eru í 2. mgr.

Um 8. gr.

Nokkuð hefur borið á því að umsækjendur um ríkisborgararétt fara utan í nám eða fylgja íslenskum maka til náms. Eins kunna aðrar gildar ástæður að vera fyrir því að búseta rofnar. Ákvæði hefur skort um hvernig fara eigi með umsóknir í tilvikum sem þessum.

Hér er mælt fyrir um að heimilt sé að líta fram hjá að búseta rofni að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Í fyrsta lagi sé um veigamiklar ástæður að ræða, dvöl erlendis sé vegna náms umsækjanda eða maka hans, umsækjandi stundi tímabundið atvinnu erlendis eða óviðráðanlegar orsakir séu fyrir hendi, svo sem veikindi nákominna ættingja.

Í ákvæðinu er almenn regla um áhrif þess að búseta rofnar. Gert er ráð fyrir að umsækjandi, sem fara þarf utan af tilteknum ástæðum, geti lagt saman þann tíma sem hann býr á Íslandi fyrir og eftir dvöl erlendis. Samanlagður búsetutími á Íslandi verði alltaf a.m.k. jafnlangur þeim tíma sem umsækjanda er samkvæmt reglunum ætlað að uppfylla.

Dvöl erlendis má þó ekki vera ótakmörkuð og lagt er til að hún standi að jafnaði ekki lengur en eitt ár. Ef um námsdvöl er að ræða verði miðað við þrjú ár. Ef upp koma vafatilvik, búseta á Íslandi hefur t.d. rofnað í nokkur skipti nokkra mánuði í senn, er bent á að orðalag síðari málsgreinar 8. gr. gefur ákveðið svigrúm til að meta slík tilvik.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er síðari hluti 1. tölul. eldri reglna.

Um 10. gr.

Hér er við það miðað að umsækjandi geti framfleytt sér samkvæmt þeim gögnum sem fram koma í umsókn. Er þá aðallega átt við umsagnir sveitarstjórna um hvort umsækjandi hafi þegið framfærslu af sveitarfélaginu en þær upplýsingar hafa fylgt umsóknum um árabil.

Um 11. gr.

Hér er gerð sú krafa að umsækjandi hafi óflekkað mannorð. Var það skilyrði einnig í reglunum sem áður giltu. Skilgreining óflekkaðs mannorðs í 3. gr. kosningalaga, nr. 80/1987, er svohljóðandi: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti ... Dómur ... hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

Í síðari málsgrein er kveðið á um áhrif refsinga og annarra viðurlaga að öðru leyti á veitingu ríkisborgararéttar. Hér er mælt fyrir um að refsing eða önnur viðurlög kunni að koma í veg fyrir veitingu ríkisfangs í allt að tíu ár. Séu brot ítrekuð eða alvarleg á almennum hegningarlögum, framin af ásetningi, kann það að vera hindrun í lengri tíma. Reglan getur við fyrstu sýn virst ströng en hafa ber í huga að orðalagið er *„í allt að tíu ár“*. Enn fremur er kveðið á um að sektir fyrir minni háttar brot tefji ekki veitingu ríkisfangs. Er þá haft í huga t.d. minni háttar umferðarlagabrot.

Hins vegar ber að árétta að þessi regla, sem og aðrar reglur hér að framan, er aðeins viðmiðunarregla og ekki bindandi fyrir nefndina.

Aðrar athugasemdir.

Guðmundur Árni Stefánsson óskar að fram komi að samþykki hans á þessum reglum er miðuð við þá túlkun 2. og 3. gr. að komi til hjónabands, sbr. 2. gr., í kjölfar sambúðar, sbr. 3. gr., sé heimilt að leggja saman árafjölda í tilgreindum hlutföllum 2. og 3. gr.

Nefndin leggur áherslu á að reglur þessar eru verklagsreglur og ekki er verið að skerða forræði allsherjarnefnda á meðferð umsókna um íslenskan ríkisborgararétt um ókomna tíð.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Anna Ólafsdóttir Björnsson. Björn Bjarnason.

Guðmundur Árni Stefánsson. Ey. Kon. Jónsson. Jón Helgason.

Ingi Björn Albertsson. Kristinn H. Gunnarsson.

724. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Á ákvæði til bráðabirgða verði svofelldar breytingar:

a. Í stað ártalsins „1995“ í fyrri málslið komi: 1996.
b. Í stað ártalsins „1994“ tvívegis í síðari málslið komi: 1995.

c. Við ákvæðið bætist ný málsgrein er orðist svo:
Ákvæði b-liðar 3. gr. laga þessara skal eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt óbreytt frá síðasta löggjafarþingi. Við afgreiðslu málsins í allsherjarnefnd láðist að leggja til breytingu á gildistöku í ákvæði til bráðabirgða en þær dagsetningar, sem þar eru nefndar, eru nú allar liðnar.

Enn fremur er lagt til að gildistöku b-liðar 3. gr., sem gerir ráð fyrir að lögð verði niður sú skipan að úrskurðir stjórnar Lögmannafélagsins sæti kæru til Hæstaréttar, verði frestað til 1. janúar 1996.

725. Framhaldsnefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur tekið málið upp að nýju fyrir 3. umræðu og fékk á fund sinn Braga Gunnarsson, lögfræðing í fjármálaráðuneyti. Embætti ríkisskattstjóra leggur áherslu á að gildistökuákvæði frumvarpsins verði miðað við mánaðamót sem sé nauðsynlegt til að framkvæmd laganna verði í eðlilegu horfi.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1995 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá þeim tíma og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1996 á gjaldstofn ársins 1995. Þó skal 2. gr. gilda um skil launaframtala frá og með árinu 1995.

Finnur Ingólfsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.

Guðmundur Árni Stefánsson.

726. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin Snorra Olsen, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti, á fund til sín.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Ingi Björn Albertsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Finnur Ingólfsson.

727. Tillaga til þingsályktunar [435. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18 frá 28. október 1994, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18 frá 28. október 1994, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18 felur í sér að tilskipun ráðsins og Evrópuþingsins, nr. 94/19/EB, um innlánatryggingakerfi, verður hluti af EES-samningnum. Gert er ráð fyrir að tilskipunin komi til framkvæmda 1. júlí 1995. Hér á landi eru þegar starfandi tveir sjóðir sem gegna því hlutverki að tryggja innstæður í innlánsstofnunum. Þeir eru: Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða. Við fyrstu athugun var talið að unnt væri að hrinda ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd á grundvelli almennrar reglugerðarheimildar og heimildar til að setja reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka í lögum nr. 43/1993 og með því að breyta samþykktum fyrir Tryggingarsjóð sparisjóða. Nánari skoðun hefur hins vegar leitt í ljós að slík lausn yrði ekki byggð á nægjanlega traustum lagagrunni að því er varðar tiltekin ákvæði í þessari tilskipun. Hér er einkum um að ræða afdráttarlausa skyldu til að undanþiggja tilteknar innstæður tryggingarverndinni, þ.e. innstæður í eigu innlánsstofnana og annarra lánastofnana í öðrum innlánsstofnunum og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Jafnframt er um að ræða ótvíræða skylduaðild að bæði Tryggingarsjóði viðskiptabanka og Tryggingarsjóði sparisjóða og möguleika á aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóðunum. Einnig eru

ákvæði um upplýsingar til viðskiptavina um aðild að tryggingarsjóðunum og bann við notkun slíkra upplýsinga í samkeppnisskyni og úrræði stjórnvalda ef viðskiptabanki, sparisjóður eða útibú slíkrar stofnunar hér á landi uppfyllir ekki skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóðunum. Drög að frumvarpi til laga þar að lútandi hafa þegar verið samin og eru þau nú til skoðunar hjá hagsmunaaðilum.

728. Skýrsla [436. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1994.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum á árinu 1994 sem hér segir:

	Samkvæmt endurskoðaðri vegáætlun m.kr.	Rauntekjur (bráðabirgðatölur) m.kr.
1.1. Markaðar tekjur 1994:		
1. Bensíngjald	4.325	4.293
2. Þungaskattur, km-gjald	1.500	1.531
3. Þungaskattur, árgjald	615	623
	6.440	6.447
1.2. Fært í ríkissjóð	-370	-377
1.3. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	900	900
Samtals vegáætlun	6.970	6.970
Breytingar samkvæmt heimild í 6. grein fjárlaga o.fl.	-14	-14
Breytingar samkvæmt fjáraukalögum	350	350
Samtals fjárveiting	7.306	7.306

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt endurskoðaðri vegáætlun ásamt þeim breytingum sem gerðar voru samkvæmt 6. grein fjárlaga og samkvæmt fjáraukalögum.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Bifreiðaskoðun Íslands voru nýskráðar fólksbifreiðar 5.583 á árinu 1994 á móti 5.674 árið áður eða um 1,6% færri. Á sama tíma voru nýskráðar hópferðabifreiðar 62 á móti 71 árið áður eða um 13% færri. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðar voru 660 á árinu 1994 en voru 708 árið áður eða um 7% færri. Endurnýjun bifreiða landsmanna á árinu 1994 var um 4,8%.

Samdráttur er í innflutningi á bifreiðum og hefur svo verið undanfarin ár. Þrátt fyrir þennan samdrátt stendur bifreiðaeign landsmanna þó svo að segja í stað ef bornar eru saman tölur fyrir árslok 1993 og árslok 1994. Þetta þýðir að meðalaldur bifreiða er að hækka og er það áhyggjuefni.

	Bifreiða-eign 31.12.92	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.93	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.94
Fólksbifreiðir	120.146	-3,29	116.195	0,04	116.243
Hópferðabifreiðir	1.157	3,11	1.193	4,69	1.249
Vöru-/sendibifreiðir	14.845	-2,65	14.451	-0,71	14.348
Samtals	136.148	-3,17	131.839	0,00	131.840

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan varð 180,5 m.l og jókst salan um 1,15% frá fyrra ári. Bensíngjald var hækkað um 5% þann 1. janúar 1994 og var síðan óbreytt út tekjuárið, en tekjuárið er frá 1. desember til 30. nóvember. Bensíngjaldið var síðan hækkað um 5,68% í byrjun desember 1994.

Dagsetning	Bensíngjald kr/l	Hækkun %	Byggingar vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr/l
1. janúar 1994	24,99	5,0	195,5	26,06

Bensíngjald af blýlausu bensíni er enn 5,88% lægra en hið eiginlega bensíngjald, en blýlausa bensínið hefur nú náð um 85% markaðshlutdeild í bensínsölu á Íslandi. Þessi afsláttur þýðir það að tekjur vegasjóðs á árinu 1994 eru um 230 m.kr. lægri en ella.

Nokkrar sveiflur voru á verði bensíns á árinu. Verð á blýlausu 92 oct. bensíni var í ársbyrjun 64,40 kr/l fór síðan hæst upp í 67,40 kr/l í ágúst, en var komið aftur niður í 65,10 kr/l í lok tekjuársins. Í byrjun desember hækkaði bensínverðið í kjölfar hækkaðs bensíngjalds.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct.	95 oct.	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1982	126,9	1.353	13,8			3,06	
1983	124,0	1.281	22,3			5,08	
1984	126,0	1.267	25,8			5,72	
1985	129,6	1.275	35,0			9,54	
1986	136,8	1.250	25,0		27,5	9,54	
1987	155,7	1.324*	33,7		35,4	12,60	
1988	164,8	1.321	36,6		38,3	12,60	
1989	166,4	1.336	49,9		54,1	19,39	17,74
1990	169,4	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,4	1.436	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	179,1	1.474	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,4	1.519	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,5	1.537	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85

* Við álagningu nýs bifreiðaskatts 1987 átti sér stað mikil hreinsun í bifreiðaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins og ætti því talan fyrir meðaleyðslu 1987 og síðar að gefa mun réttari mynd, en fyrri tölur.

Bensínsala hefur aukist ár frá ári, undantekning er þó árið 1993. Aksturinn eykst því þótt bílunum hafi fækkað. Meðaleyðsla á bifreið hefur því farið stöðugt vaxandi frá 1988.

1.1.2.-3. Þungaskattur

Gjaldskrár þungaskatts, bæði km-gjald og árgjald, voru hækkaðar 1. janúar 1994 um 5% eins og bensíngjaldið.

Í ársbyrjun 1994 tók Vegagerðin að sér eftirlit með þungaskatti, þ.e.a.s. eftirlit með þungaskattsmælum og hvort af þeim sé lesið reglulega eins og lög mæla fyrir um. Það er vegaeftirlit Vegagerðarinnar sem nú annast þetta eftirlit en áður var það í höndum fjármálaráðuneytisins. Við þessa breytingu stórjókst eftirlitið og er árangurinn þegar farinn að skila sér í bættri innheimtu.

Í upphaflegri vegáætlun fyrir 1994 var sérstakur tekjuliður, sem nefndist „bætt innheimta þungaskatts“ og nam hann 52 m.kr. Þessi upphæð er innifalin í tölunni fyrir þungaskatt km-gjald samkvæmt endurskoðaðri vegáætlun. Bráðabirgðatölur á bls. 5 sýna að innheimtan hefur orðið enn betri eða 1.531 m.kr. í stað 1.500 m.kr. Bætt innheimta hefur því skilað um 83 m.kr. meira en upphafleg vegáætlun gerði ráð fyrir.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Í upphaflegri vegáætlun fyrir 1994 var gert ráð fyrir því að 143 m.kr. af mörkuðum tekjum til vegagerðar skyldu renna beint í ríkissjóð. Við endurskoðun var þessi tala hækkuð í 370 m.kr. Ef miðað er við bráðabirgðatölur um innheimtu markaðra tekna verður þessi tala heldur hærri eða 377 m.kr.

1.3. FRAMKVÆMDAÁTAK Í ATVINNUMÁLUM

Vegagerðin fékk á árinu sérstaka fjárveitingu til nýframkvæmda, 900 m.kr. vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum.

Gerð er grein fyrir breytingum samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga og breytingum samkvæmt fjáraukalögum í kafla 2.0. Verðlagsforsendur á bls. 10.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting útgjalda samkvæmt vegáætlun 1994 með þeim breytingum sem gerðar voru í samráði við samgönguráðuneyti og samgöngunefnd og breytingum í samræmi við fjáraukalög.

	(Fjárhæðir í m.kr.)	Vegáætlun 1994	Breyting 1994	Fjárveiting 1994
2.1.	**Stjórn og undirbúningur**	**250,0**	**2,6**	**252,6**
	1. Skrifstofukostnaður	125,0	2,6	127,6
	2. Tæknilegur undirbúningur	84,0		84,0
	3. Umferðartalning og vegaeftirlit	35,0		35,0
	4. Eftirlaunagreiðslur	6,0		6,0
2.2.	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Almenn þjónusta	**750,0**		**750,0**
	1. Sameiginlegt	270,0		270,0
	2. Malarvegir	290,0		290,0
	3. Vegir með bundnu slitlagi	160,0		160,0
	4. Brýr	30,0		30,0
	2. Vetrarþjónusta	**560,0**		**560,0**
	3. Viðhald	**1.171,0**	**-16,7**	**1.154,3**
	1. Endurnýjun bundins slitlags	450,0		450,0
	2. Endurnýjun malarslitlags	186,0		186,0
	3. Styrkingar og endurbætur	240,0		240,0
	4. Viðhald brúa og varnargarða	95,0		95,0
	5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	95,0		95,0
	6. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	105,0	-16,7	88,3
2.3.	**Til nýrra þjóðvega**	**3.026,0**	**350,0**	**3.376,0**
	1. Stofnbrautir			
	1. Almenn verkefni og bundin slitlög	509,0		509,0
	2. Sérstök verkefni	219,0		219,0
	3. Höfuðborgarsvæðið	373,0		373,0
	4. Stórverkefni	722,0	350,0	1.072,0
	5. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	900,0		900,0
	2. Þjóðbrautir	277,0		277,0
	3. Girðingar og uppgræðsla	26,0		26,0
2.4.	**Til brúagerða**	**154,0**		**154,0**
	1. Brýr 10 m og lengri	139,0		139,0
	2. Smábrýr	15,0		15,0
2.5.	**Til fjallvega o.fl.**	**65,0**		**65,0**
	1. Aðalfjallvegir	24,0		24,0
	2. Aðrir fjallvegir	13,0		13,0
	3. Þjóðgarðavegir o.fl.	19,0		19,0
	4. Vegir á Þingvöllum	1,0		1,0
	5. Reiðvegir	8,0		8,0
2.6.	**Til sýsluvega**	**176,0**		**176,0**
2.7.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum**	**258,0**		**258,0**
2.8.	**Til tilrauna**	**30,0**		**30,0**
2.9.	**Til flóabáta**	**530,0**		**530,0**
	Samtals	6.970,0	335,9	7.305,9

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1994 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við endurskoðun vegáætlunar fyrir 1994 var meðalvísitala vegagerðar árið 1994 áætluð 4880 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir verðlagshækkun sem nam um 2,5% milli ára. Meðalvísitalan varð í raun 4894 stig eða um 0,3% hærri en áætlað hafði verið.

Markaðar tekjur til vegamála árið 1994 voru áætlaðar 6.440 m.kr. en af þeim var gert ráð fyrir að 370 m.kr. rynnu í ríkissjóð. Samkvæmt heimild í 6. grein fjárlaga var ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar skert um 16,7 m.kr. en á móti fékk Vegagerðin 2,6 m.kr. vegna uppbóta á launaliði.


Á árunum 1993 og 1994 hækkaði kostnaður mikið í Vestfjarðagöngum vegna hins mikla vatnsflaums sem kom fram vorið og sumarið 1993. Til að mæta þessum kostnaði fékk Vegagerðin 350 m.kr. aukafjárveitingu samkvæmt fjáraukalögum.

Auk markaðra tekna var í vegáætlun sérstök fjárveiting vegna átaks í atvinnumálum. Nam þessi fjárveiting 900 m.kr. og skyldi renna til nýframkvæmda í vega- og brúargerð. Vegna þessa atvinnuátaks sem var 1993 og 1994 var ráðstöfunarfé til vegamála á þessum árum meira en verið hefur um langt skeið og er þá tekið tillit til hinna nýju verkefna við ferjur og flóabáta, sem á árinu 1994 tóku til sín 530 m.kr.


Mest er aukningin í nýframkvæmdum, en viðhald og þjónusta jukust einnig. Vetrarþjónustan 1994 kostaði 581,4 m.kr. sem er svipaður kostnaður og árið 1993, en einungis var gert ráð fyrir 560 m.kr. á vegáætlun.

Taka vinnulána jókst frá fyrri árum, en undanfarin ár hefur verið tekið mjög lítið af vinnulánum. Segja má að fjárhagur Vegagerðarinnar hafi staðið í járnum í árslok 1994.

Í súluritinu hér að neðan koma fram útgjöld til vegamála í m.kr. á verðlagi 1994 á árunum 1964 til 1994.



Hér að neðan má sjá útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 1994. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni 341 í 336 stöðugildum en voru 338 í 330 stöðugildum um áramótin 1993-1994. Af þessum 341 eru 158 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 155 stöðugildum. Stöðugildi með starfsnúmer eru 355.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1994 var 399 en var 403 árið 1993. Heildarvinnuframlag á árinu 1994 reiknað í dagvinnustundum nam 558 mannárum og hafði lækkað úr 569 frá árinu 1993. Launagreiðslur voru 749 m.kr. á árinu 1994 og launatengd gjöld 91 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna 31. desember 1994 og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Sam-tals
Yfirstjórn, skrifstofa	19	3	1	4	6	3	4	3	43
Tæknilegur undirbúningur	42	6	6	7	4	3	7	5	80
Vegaeftirlit	7	0	0	0	0	0	0	0	7
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	9	0	0	0	0	0	1	1	11
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	2	9	6	10	9	5	11	9	61
Iðnaðarmenn	1	2	9	5	2	3	5	4	31
Vélamenn	4	6	6	10	10	5	9	9	59
Verkamenn	1	6	3	5	5	3	4	1	28
Ráðskonur, matreiðslumenn	2	1	0	1	1	1	2	2	10
Fastir starfsmenn í desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1993	85	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum var 127,6 m.kr.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannadeild.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 84 m.kr.

Tæknisvið nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim. Auk þess vinna þær ýmiss konar rannsóknar- og tilraunastörf. Ef hægt er að tengja vinnuna við ákveðna framkvæmd, sem hefur fjárveitingu í vegáætlun, er kostnaðurinn færður á verkið en ef vinnan hins vegar tengist ekki ákveðnum verkum eða verkum sem ekki hafa enn fjárveitingu á vegáætlun er hún greidd af þessum lið.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit

Fjárveiting var 35 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir nýju skipulagi. Úrvinnslu gagna um umferð á þjóðvegum er ekki lokið. Föstum umferðarteljurum fjölgaði til muna á árinu 1994. Breyting varð á skipulagi skynditalninga. Þær fara nú fyrst og fremst fram þar sem sérstaklega hefur verið óskað eftir að talið verði. Á kortinu á síðunni hér að aftan eru notaðar umferðartölur frá 1993. Sama gildir um aðrar töflur um umferð að notaðar eru tölur frá 1993.

B. Athugun á umferðarslysum.


Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1993. Niðurstöður voru birtar í sérstakri skýrslu. Söfnun upplýsinga um umferðarslys á þjóðvegum árið 1994 stendur yfir.

C. Skráning vega og vegalengda.

Haldið var við skrám um opinbera vegi og lengd þeirra. Í töflunni hér að neðan má sjá lengd vegakerfisins 31. desember 1994.

Umdæmi	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	*Sýsluvegir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Aðalfjallvegir og þjóðgarðavegir km	Samtals km
Suðurland	545	1.030	565	15	310	2.465
Reykjanes	219	178	69	69	0	535
Vesturland	578	723	376	14	40	1.731
Vestfirðir	789	423	212	15	0	1.439
Norðurland vestra	401	604	366	14	154	1.539
Norðurland eystra	625	542	430	16	312	1.925
Austurland	905	461	411	27	62	1.866
Samtals	4.062	3.961	2.429	170	878	11.500

* Sýsluvegir samkvæmt liðum a-c 19. gr. vegalaga 6/1977. Heimildarvegum er sleppt.


Ársumferð 1993
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

Í meðfylgjandi töflu er sýnd lengd þjóðvega, flokkuð eftir sumardagsumferð (júní-september). Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýndur fjöldi ekinna km í hverju umdæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstri. Umferð er skv. umferðartalningu 1993, en lengd vega miðuð við árslok 1994.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1993														Ársumferð 1993			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000	Alls			% skipting	
	Gerð slit-	Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki 1994														Eknir	Í kjörd.	Í landi	
Umdæmi	lags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	m.km	%	%	
Suðurland	Malar	212	248	323	93	45	15	0	0	0	0	0	0	0	936	28	15	3	
	Bundið	14	13	37	52	135	147	49	92	16	35	30	19	0	639	155	85	17	
	Samt.	226	261	360	145	180	162	49	92	16	35	30	19	0	1.575	183	100	21	
Reykjanes	Malar	0	26	38	19	13	8	5	5	0	2	0	0	0	116	10	3	1	
	Bundið	0	15	22	6	22	10	4	36	16	37	41	47	24	280	315	97	35	
	Samt.	0	41	60	25	35	18	9	40	16	39	41	47	24	396	325	100	36	
Vesturland	Malar	231	289	194	135	59	0	0	0	0	0	0	0	0	908	24	23	3	
	Bundið	4	1	22	36	113	66	42	23	27	44	15	0	0	393	82	77	9	
	Samt.	235	290	216	171	172	66	42	23	27	44	15	0	0	1.301	107	100	12	
Vestfirðir	Malar	195	216	420	38	14	0	0	0	0	0	0	0	0	883	18	43	2	
	Bundið	0	2	142	118	31	0	27	0	7	0	2	0	0	329	24	57	3	
	Samt.	195	218	562	156	45	0	27	0	7	0	2	0	0	1.212	42	100	5	
Norðurland	Malar	305	208	88	37	35	0	3	0	0	0	0	0	0	676	16	22	2	
vestra	Bundið	0	1	14	19	81	15	109	90	0	0	0	0	0	329	56	78	6	
	Samt.	305	209	102	56	116	15	112	90	0	0	0	0	0	1.005	71	100	8	
Norðurland	Malar	179	301	147	94	81	11	0	0	0	0	0	0	0	813	27	28	3	
eystra	Bundið	1	12	25	24	69	72	61	52	26	7	5	0	0	354	70	72	8	
	Samt.	180	313	172	118	150	83	61	52	26	7	5	0	0	1.167	98	100	11	
Austurland	Malar	240	221	277	82	29	0	0	0	0	0	0	0	0	849	22	34	2	
	Bundið	16	5	54	239	135	55	2	5	4	3	0	0	0	518	43	66	5	
	Samt.	256	226	331	321	164	55	2	5	4	3	0	0	0	1.367	65	100	7	
Samtals	Malar	1.362	1.509	1.487	498	276	34	8	5	0	2	0	0	0	5.181	146	16	16	
	Bundið	35	49	316	494	586	365	294	298	96	126	93	66	24	2.842	745	84	84	
	Alls	1.397	1.558	1.803	992	862	399	302	303	96	128	93	66	24	8.023	891	100	100	


2.1.4. Eftirlaunagreiðslur

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkamanna, sem störfuðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, en höfðu ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði við starfslok, voru áætlaðar 6. m.kr., en urðu 5,9 m.kr. Einn fyrrverandi vegaverkstjóri, einn fyrrverandi verkamaður og ein ekkja eftirlaunaþega létust á árinu, en ein ekkja bættist við. Alls nutu 3 fyrrverandi verkstjórar, 14 ekkjur og 2 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok 1994 eða samtals 19 á móti 21 í árslok 1993.

2.2. ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD ÞJÓÐVEGA


Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Hér er um að ræða mikið og vaxandi starf.

Heildarlengd stofnbrauta og þjóðbrauta er um 8.000 km (sjá töflu á bls. 13) og undanfarin ár hefur umferðin verið nær níu hundruð milljónir ekinna km á ári eins og sjá má á línuritinu hér að neðan. Þá má nefna að væntingar vegfarenda aukast og munu stöðugt vera nokkuð á undan þróuninni til bættrar þjónustu.



Í vegáætlun 1994 með síðari breytingum var fjárveiting til þjónustu og viðhalds þjóðvega 2.464,3 m.kr. Henni var skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu og viðhald. (sbr. töflu bls. 9).

Í súluritinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald frá 1964. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1994.



Taflan hér fyrir neðan sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1975 til 1994. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi hvers árs.

Ár	Fjárv. í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1975	10,49	11,78	3,23	27,4
1976	13,81	15,04	3,19	21,2
1977	18,78	19,78	5,00	25,3
1978	32,20	34,97	8,45	24,2
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,92	16,75	20,4
1981	140,06	138,78	42,98	31,0
1982	220,90	236,90	55,90	23,6
1983	414,00	425,30	137,10	32,2
1984	532,30	556,70	156,80	28,2
1985	691,00	645,20	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,20	141,70	15,6
1988	1.063,00	1.055,30	248,20	23,5
1989	1.485,00	1.489,70	526,70	35,4
1990	1.852,00	1.800,82	611,07	33,9
1991	1.878,00	1.887,10	393,00	20,8
1992	2.045,00	2.082,76	466,81	22,4
1993	2.300,00	2.336,00	587,15	24,7
1994	2.481,00	2.282,40	581,40	25,5


Taflan hér að neðan sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu milli umdæma 1994. Upphæðirnar eru í m.kr. Akstur er samkvæmt umferðartalningu 1993.

	Viðhald og þjónusta					Viðhald og almenn þjónusta		
Kjördæmi	Kostnaður árið 1994 m.kr.	Lengd þjóð-vega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1993 m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	296,1	1.575	188,0	184	161	248,9	158,0	135
Reykjanes	495,2	397	1.247,3	326	152	406,2	1.023,1	125
Vesturland	329,4	1.301	253,2	106	309	260,1	199,9	244
Vestfirðir	349,1	1.212	288,1	42	838	219,8	181,4	528
Norðurland vestra	239,5	1.005	238,4	71	336	184,6	183,7	259
Norðurland eystra	377,1	1.167	323,2	98	387	279,8	239,8	287
Austurland	308,9	1.366	226,1	66	469	214,7	157,1	326
Samtals/meðaltal:	2.395,3	8.023	298,6	892	268	1.814,0	226,1	203


Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu vega árin 1980 - 1994 ásamt ýmsum stærðum sem áhrif hafa á viðhaldsþörfina. Fyrir árið 1994 eru notaðar umferðartölur ársins 1993.

Ár	Kostnaður m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1994 m.kr.	Lengd þjóðvega km	Kostnaður pr. km á verðlagi 1994 þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á á öllum þjóðvegum m.km	Kostnaður pr. 100 ekna km verðl. 1994
1980	65,17	228	1.427	8.409	169,7	90.015	472	302,4
1981	95,80	351	1.363	8.411	162,0	95.606	485	281,0
1982	181,00	570	1.585	8.306	190,9	100.936	500	317,1
1983	288,20	1.064	1.352	8.277	163,4	100.459	485	278,9
1984	399,90	1.198	1.667	8.268	201,6	108.254	524	318,1
1985	548,40	1.595	1.717	8.222	208,8	113.202	586	293,0
1986	597,90	1.825	1.636	8.231	198,7	117.117	606	269,9
1987	767,50	2.285	1.677	8.265	202,9	125.950	726	231,0
1988	807,10	2.890	1.394	8.269	168,6	133.148	774	180,2
1989	963,00	3.538	1.359	8.256	164,6	138.602	795	170,9
1990	1.189,75	4.375	1.358	8.254	164,5	137.778	807	168,3
1991	1.494,10	4.673	1.596	8.249	193,5	134.181	889	179,6
1992	1.615,95	4.758	1.696	8.249	205,6	136.874	896	189,3
1993	1.749,00	4.879	1.790	8.020	223,2	136.148	892	200,7
1994	1.814,02	4.993	1.814	8.023	226,1	131.839	892	203,3

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá 1964.



Súluritið hér að neðan sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnbrauta og þjóðbrauta á hverja 100 ekna km á verðlagi 1994, samanber síðasta dálk töflunnar neðst á bls. 18. Fyrir árið 1994 eru notaðar umferðartölur ársins 1993.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðavinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 750 m.kr. og var skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til þjónustu malarvega, til þjónustu vega með bundnu slitlagi og til þjónustu brúa.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 270 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, hreinsun vegsvæða og áningarstaða meðfram vegum, upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Malarvegir

Fjárveiting til þjónustu malarvega var 290 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1994 með klórkalsíum eða salti. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km *)					Malarvegir km	
Umdæmi	Klór-kalsíum	Úrgangs-salt	Nýtt salt	Sjór	Samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	47	0	53	0	100	153	60
Reykjanes	19	0	9	11	39	51	32
Vesturland	91	205	175	175	646	192	59
Vestfirðir	161	25	68	392	646	51	14
Norðurland vestra	156	51	0	6	213	75	38
Norðurland eystra	49	66	280	100	495	187	93
Austurland	92	68	136	506	802	111	29
Samtals	615	415	721	1.190	2.941	820	325

*) Hér eru taldir þeir km vegar sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.1.3. Vegir með bundnu slitlagi

Fjárveiting til þjónustu vega með bundnu slitlagi var 160 m.kr. og var varið til að greiða yfirborðsmerkingar á vegum, viðgerðir á tilfallandi skemmdum á bundnum slitlögum, lagfæringum á öxlum (hliðræmum), og aðra þætti sem tengdir eru þjónustu á vegum með bundnu slitlagi.

2.2.1.4. Brýr

Fjárveiting til þjónustu brúa var 30 m.kr. Henni var varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.


2.2.2. Vetrarþjónusta

Fjárveiting var 560 m.kr. Skuld frá fyrra ári 4,2 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 555,8 m.kr. Kostnaður við vetrarþjónustu varð í hærra lagi enda var um nokkra aukningu á þjónustu að ræða. Tekinn var upp reglulegur snjómokstur á Mývatns- og Möðrudalsöræfum og einnig á Vopnafjarðarheiði tvo daga í viku. Í mars gengu svo í gildi endurskoðaðar reglur um snjómokstur á vegum en þær fólu í sér verulega aukningu á vetrarþjónustu.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1985 - 1994. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1994.

Ár	Vísitölur	Jan.-júní m.kr	Okt.-des. m. kr.	Allt árið m.kr.
1985	1603	160,5	144,2	305
1986	1885	234,5	195,4	430
1987	2358	166,1	137,7	304
1988	2997	291,3	126,7	418
1989	3710	557,1	159,3	716
1990	4483	505,8	163,7	669
1991	4793	244,7	169,2	414
1992	4885	289,0	192,6	482
1993	4962	346,3	250,7	597
1994	5046	319,4	261,9	581
Meðalkostnaður sl. 10 ára.				492

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1964 - 1994 í súluriti. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1994.



Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1994.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn. á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík - Hveragerði og Þrengslavegur	52	28,7	552
Holtavörðuheiði	38	8,0	209
Fróðárheiði	13	4,7	360
Miklidalur og Hálfdán	29	11,0	378
Breiðadalsheiði	16	13,3	830
Botnsheiði	17	13,5	797
Steingrímsfjarðarheiði	47	11,2	239
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	31	16,7	540
Öxnadalsheiði	27	10,9	403
Dalvík - Ólafsfjörður	18	5,5	306
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	148	16,2	110
Vopnafjarðarheiði	70	9,0	129
Fjarðarheiði	25	10,0	399
Oddsskarð	22	11,4	520
Vegið meðaltal			308

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1994. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar: Hlutfall af 365 dögum													
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%
Fróðárheiði	3	2										2	7	1,9	54
Svínadalur													0	0,0	41
Kletthás	23	28	31	23							1	16	122	33,4	11
Hálfdán	4	1		4								2	11	3,0	67
Dynjandisheiði	31	28	31	29	4						2	24	149	40,8	11
Hrafnseyrarheiði	31	27	31	30	3						2	22	146	40,0	29
Breiðadalsheiði	19	9	8	9							6	6	57	15,6	113
Botnsheiði	16	8	11	8							2	5	50	13,7	83
Steingrímsfjarðarheiði	6	8	12	6								2	34	9,3	61
Holtavörðuheiði				1								1	2	0,5	30
Vatnsskarð nyrðra												1	1	0,3	33
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	5		3	1									9	2,5	60
Lágheiði	31	28	31	30	31	5				9	19	30	214	58,6	2
Öxnadalsheiði	2												2	0,5	80
Dalvík-Ólafsfjörður	2		1									1	4	1,1	80
Hólssandur	31	28	31	30	29	9				2	29	31	220	60,3	1
Öxarfjarðarheiði	31	28	31	30	29	10				7	30	31	227	62,2	4
Sandvíkurheiði	1		5	1									7	1,9	36
Vopnafjarðarheiði	13	4	11	10									38	10,4	52
Möðrudalsöræfi	12	5	8	7								4	36	9,9	50
Hellisheiði eystri	31	28	31	29	6	6				9	30	31	201	55,1	12
Vatnsskarð eystra	12	2	7	3								6	30	8,2	45
Fjarðarheiði	10	2	4	2									18	4,9	88
Oddsskarð	9	2	3	1									15	4,1	83
Breiðdalsheiði	29	21	14	8								1	73	20,0	30

2.2.3. Viðhald


Heildarfjárveiting til viðhalds var 1.154,3 m.kr.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð 1983 var miðað við að vegir yrðu endurbyggðir í ríkum mæli og lagðir bundnu slitlagi. Til þess að komast áfram með bundið slitlag, hefur verið gripið til þess ráðs í nokkrum mæli að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlag.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé. Í nokkrum tilvikum hefur verið lagt bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum. Hefur það þá af hluta verið greitt af viðhaldsfé. Árangurinn af þessu er sá, að verulega hefur dregið úr sérstökum takmörkunum öxulþunga á aðalvegum á undanförnum árum. Þá hefur einnig tekist að halda áætlun hvað varðar gerð bundins slitlags. Alls er bundið slitlag komið á 2.842 km eða um 35% af þjóðvegum, og fara nú tæp 84% af öllum akstri á þjóðvegum fram á bundnu slitlagi.

Vegir, sem meðhöndlaðir eru á þennan hátt, jafnast ekki á við vegi, sem byggðir eru samkvæmt staðli, að því er varðar feril, öryggi og fleira. Það er þó mat Vegagerðarinnar að bundið slitlag sé svo mikilvægt að rétt sé að leggja áherslu á það. Á árinu 1994 voru 172 km þjóðvega lagðir bundnu slitlagi.

Stólpa- og línuritið hér á eftir sýnir lengd bundinna slitlaga sem bæst hafa við á þjóðvegakerfinu á síðustu árum og þróun í heildarlengd bundinna slitlaga.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður skiptist á ýmsa liði viðhaldsins og á kjördæmi samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginlegt	0	0	0	1.708	1.708
Suðurland	43.186	36.893	11.698	30.614	122.391
Reykjanes	118.061	21.880	53.362	2.359	195.662
Vesturland	45.771	27.815	19.979	2.876	96.441
Vestfirðir	38.811	28.736	18.001	4.089	89.637
Norðurland vestra	27.426	10.131	14.660	0	52.217
Norðurland eystra	37.590	29.446	24.715	19.394	111.145
Austurland	50.043	13.748	31.386	7.405	102.582
Samtals	360.888	168.649	173.801	68.445	771.183

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 450 m.kr. Lagðir voru 395 km af bundnu slitlagi sem skiptist á tegundir og umdæmi eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

	Klæðing		Fræsing og klæðing		Malbik		Steypa		Annað		Alls	
Umdæmi	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²
Suðurland	37,9	235	0,0	0	0,0	0	0,0	0	1,8	11	39,7	246
Reykjanes	39,0	246	2,4	17	18,3	123	0,0	0	0,0	0	59,7	386
Vesturland	55,0	339	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	55,0	339
Vestfirðir	47,1	300	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	47,1	300
Norðurland vestra	58,1	348	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	58,1	348
Norðurland eystra	88,0	527	0,0	0	0,0	0	0,0	0	3,8	16	91,8	543
Austurland	43,2	263	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	43,2	263
Samtals	368,3	2.258	2,4	17	18,3	123	0,0	0	5,6	27	394,6	2.425

Inni í þessum tölum eru ekki blettanir og hjólfarafyllingar (einbreið slitlög hafa verið umreiknuð í tvíbreið).

Lengd bundinna slitlaga í mismunandi umferðarflokkum kemur fram í töflu á bls. 15.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting var 186 m.kr. Lagt var malarslitlag á 559 km af malarvegum. Um er að ræða bæði ný malarslitlög og endurbætur á eldri malarslitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

	Óunnið efni		Unnið efni		Mölburður alls	
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	20	15.807	59	29.830	79	45.637
Reykjanes	18	6.360	28	11.170	46	17.530
Vesturland	26	25.115	75	25.246	101	50.361
Vestfirðir	0	0	65	17.100	65	17.100
Norðurland vestra	0	0	21	8.750	21	8.750
Norðurland eystra	0	0	111	21.599	111	21.599
Austurland	8	3.424	128	23.785	136	27.209
Samtals	72	50.706	487	137.480	559	188.186


Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1994 var eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlög m³	Fyrir bundin slitlög m³	Fyrir burðalög og jöfnunarlög m³	Samtals m³
Suðurland	53.000	6.000	9.000	68.000
Reykjanes	9.377	0	1.177	10.554
Vesturland	36.675	6.093	17.698	60.466
Vestfirðir	25.089	8.713	20.238	54.040
Norðurland vestra	24.980	8.980	10.240	44.200
Norðurland eystra	28.130	15.538	45.896	89.564
Austurland	3.190	21.097	54.472	78.759
Samtals	180.441	66.421	158.721	405.583

Hér er aðeins talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið. Vegagerðin starfrækir eina mulningsvélasamstæðu en meginhluti verksins var boðinn út.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 240 m.kr. Mestum hluta þessa fjár var varið til aðgerða sem stuðla að minni þungatakmörkunum vegna aurbleytu. Til þess að komast hjá vorskemmdum hefur verið lögð áhersla á að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann þar sem nauðsyn krefur. Kortið á bls. 26 sýnir takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu.


Takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins vorið 1994.
12 d. oj.
9 d. 7 t.
15 d. oj.
13 d. 7 t.
20 d. oj.
14 d. 7 t.
9 d. 7 t.
16 d. 7 t.
9 d. 7 t.
25 d. oj.
27 d. oj.
16 d. 7 t.
13 d. 7 t.
10 d. oj.
6 d. 7 t.
4 d. oj.
35 d. 7 t.
26 d. 7 t.
36 d. 7 t.
22 d. 7 t.
17 d. 7 t.
24 d. 7 t.
22 d. 7 t.
15 d. oj.
6 d. 7 t.
26 d. 7 t.
14 d. 7 t.
13 d. 7 t.
30 d. 7 t.
28 d. 7 t.
13 d. 7 t.
26 d. 7 t.
12 d. 7 t.
9 d. 7 t.
15 d. 7 t.
16 d. 7 t.
8 d. oj.
9 d. 7 t.
36 d. 7 t.
29 d. 7 t.
20 d. 7 t.
14 d. 7 t.
31 d. 7 t.
9 d. 7 t.
51 d. 7 t.
21 d. 7 t.
25 d. 7 t.
19 d. 7 t.
51 d. 7 t.
50 d. 7 t.
35 d. 7 t.
3 d. 7 t.
34 d. 7 t.
18 d. 7 t.
19 d. oj.
11 d. 7 t.
28 d. 7 t.
25 d. 7 t.
30 d. 7 t.
10 d. 7 t.
6 d. 7 t.
25 d. 7 t.
23 d. 7 t.
14 d. 7 t.
33 d. 7 t.
6 d. 7 t.
5 d. oj.
20 d. 7 t.
32 d. 7 t.
39 d. 7 t.
27 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna öxulþungi (5 t.).
7 tonna öxulþungi (7 t.).
Kafla skipting.
Kafla skipting.

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 95 m.kr. Stærstu einstöku verkefnin voru ryðvörn brúar á Ölfusá hjá Selfossi 23,5 m.kr. og breikkun brúar á Mýrarkvísl á Norðausturvegi í fulla vegbreidd 17,6 m.kr. Um 22 m.kr. var varið til þess að breikka 11 einbreiðar smábrýr víðs vegar um landið, oftast með því að endurnýja þær með röraræsum. Hluti af þeim kostnaði var greiddur af fjárveitingu til öryggisaðgerða við einbreiðar brýr. Til viðhalds varnargarða var varið 6,3 m.kr. Auk þessa var unnið við fjölda smærri verkefna.

2.2.3.5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir

Fjárveiting var 95 m.kr.

Um 19 m.kr. var varið til öryggisaðgerða við einbreiðar brýr á tveggja akreina vegum, en reynslan sýnir að þar eru hættulegar aðstæður. Gengið var frá vegriðum og merkingum við rúmlega 30 brýr. Hluti fjárveitingarinnar var notaður til að endurnýja brýr með röraræsum í fullri vegbreidd. Enn er mikið óunnið á því sviði

Til annarra öryggisaðgerða var varið 37 m.kr, þar af voru 5 m.kr. af almennri þjónustu og voru lagfærðir allmargir hættulegir staðir m.a. með breikkunum og uppsetningu vegriðs. Auk þess voru 5 smábrýr rifnar og endurnýjaðar með röraræsum.

Til vegmerkinga. var varið 40 m.kr. Auk hefðbundins viðhalds umferðarmerkja, voru settar upp upplýsingatöflur um leyfilegan umferðarhraða o.fl., lokið var við uppsetningu þéttbýlismerkja við þéttbýlisstaði landsins og bætt var við nýjum vegvísum í leiðamerkjakerfið.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir og ófyrirséð

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 105 m.kr., en í samræmi við 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1994 um skerðingu á ráðstöfunarfé stofnana vegna markaðsátaks erlendis til að lengja ferðamannatíma hér á landi, var fjárveitingin lækkuð um 16,7 m.kr. Fjárveiting varð því 88,3 m.kr.

Í flóðum í lok maí urðu verulegar vatnaskemmdir í Húnavatnssýslum og Skagafirði og var heildarkostnaður við viðgerðir 37,8 m.kr. Stærstur hluti þess kostnaðar eða 23,2 m.kr. varð vegna endurbyggingar á bogaræsi og vegfyllingu yfir Giljá í Húnavatnssýslu. Á öðrum stöðum á landinu var um smærri áföll að ræða.

2.3. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda

Á árunum 1992 og 1993 tók Vegagerðin lán hjá eigendum Smárahvamms- og Arnarnesslands að upphæð samtals 24,1 m.kr. til kaupa á landi undir Arnarnesveg í Reykjanesumdæmi. Lán þessi eru bundin lánskjaravísitölu með almennum skuldabréfavöxtum og lýkur endurgreiðslu þeirra á árinu 1995. Í árslok námu lán þessi með verðbótum 10,7 m.kr.

Á árinu 1991 tók Áhaldahús Vegagerðarinnar lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 49,2 m.kr. til brúargerðar á Markarfljót í Suðurlandsumdæmi. Lán þetta var bundið gengi Bandaríkjadollars og lauk endurgreiðslu þess á árinu 1994.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda

Að venju voru tekin bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Voru lán þessi að meirihluta í formi vinnulána frá verktökum eða 263,7 m.kr., en bæjar- og sveitarfélög lánuðu 196,2 m.kr. Þar af endurlánuðu þau 39,6 m.kr.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 365,3 m.kr. Þar af fóru 137,8 m.kr. til vega í Reykjanesumdæmi að langmestum hluta til vega á höfuðborgarsvæðinu, en 47,3 m.kr. til vega í Vesturlandsumdæmi, mest til Ólafsvíkurvegar. Til Vestfjarðaganga fóru 140 m.kr. og til vega á Norðurlandi samtals 33 m.kr.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 94,6 m.kr. Að mestu voru það lán sveitarfélaga til vega í Suðurlandsumdæmi eða 87,4 m.kr. Þar af endurlánuðu þau 28,9 m.kr., en 7,2 m.kr. fóru til vega í Vesturlandsumdæmi.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 459,9 m.kr. á móti 133,4 m.kr. í árslok 1993 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum.

	Árslok 1993 m.kr.	Árslok 1994 m.kr.
Til stofnbrauta	107,7	365,3
Til þjóðbrauta	25,7	94,6
Samtals	133,4	459,9

Á nokkrum stöðum var fjárvöntun mætt með tímabundnum lánum milli verkefna.


2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda

Engin önnur utanaðkomandi lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1994 en að framan greinir.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegaáætlun voru 3.026 m.kr. Auk þess voru 350 m.kr. til Vestfjarðaganga samkvæmt fjáraukalögum, eða samtals 3.376 m.kr. Upphæðin skiptist þannig að til stofnbrauta fóru 3.073 m.kr., til þjóðbrauta 277 m.kr. og til girðinga og uppgræðslu 26 m.kr.

Á súluritinu hér að neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga stofnbrauta, þjóðbrauta, brúa, girðinga og fjallvega á árunum 1964 til 1994. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1994.



2.3.1. Stofnbrautir

2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga á stofnbrautum voru 509 m.kr. og skiptust eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Sérstök verkefni

Fjárveitingar til sérstakra verkefna á stofnbrautum voru 219 m.kr. og skiptust eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu voru 373 m.kr. og skiptust eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjárs kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna á stofnbrautum voru 722 m.kr. og að auki 350 m.kr. aukafjárveiting til Vestfjarðaganga skv. fjáraukalögum 1994. Fjárveiting til stórverkefna var því alls 1.072 m.kr. eins og sýnt er á fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram á fskj. 2.

2.3.1.5. Framkvæmdaátak í atvinnumálum

Fjárveitingar til framkvæmdaátaks í atvinnumálum voru 900 m.kr. og skiptust eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Þjóðbrautir

Fjárveitingar til þjóðbrauta voru 277 m.kr. og skiptust eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.3. Girðingar og uppgræðsla

Fjárveiting til girðinga og uppgræðslu var 26 m.kr. og að auki 14 m.kr. frá fyrra ári. Allri fjárveitingunni var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar en þrátt fyrir það hefur biðlisti með óuppgerðum girðingakröfum ekki styst. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir 1994 á sviði girðinga og stöðu þessa málaflokks í árslok.

	Óafgreitt 1.1.'94		Afgreitt 1994		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.'95	
Umdæmi	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðurland	58	0	11	0	12	0	59	0
Reykjanes	28	5	10	5	2	2	20	2
Vesturland	95	2	16	0	23	0	101	2
Vestfirðir	9	5	0	0	0	0	9	5
Norðurland vestra	63	7	13	0	3	0	52	7
Norðurland eystra	126	7	20	0	14	0	121	7
Austurland	61	4	15	1	31	0	78	3
Samtals	439	30	85	6	85	2	439	26

Unnið var að uppgræðslu fyrir hluta af nýbyggingarfé og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 1994 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

	Framkvæmdir 1994			Ósáð
Umdæmi	Sáning ha.	Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	1. jan. 1995 ha.
Suðurland	97	76	173	80
Reykjanes	15	26	41	42
Vesturland	32	117	149	388
Vestfirðir	54	90	144	29
Norðurland vestra	2	114	116	229
Norðurland eystra	126	83	209	627
Austurland	86	87	173	676
Samtals	412	593	1.005	2.071

2.4. BRÝR

2.4.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 139 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti en gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj.2.

Heiti	Fjárveiting 1994 (m.kr.)
Botnsá í Hvalfirði (1)	22
Laxá á Kjósarskarðsvegi (48)	19
Hraunsfjörður á Snæfellsnesvegi (57)	24
Seyðisá á Kjalvegi (F-37)	17
Laxá hjá Arnarvatni (848)	12
Fuglabjargaá (85)	9
Bessastaðaá (931)	16
Laxá í Nesjum (1)	20
Samtals	139

2.4.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 15 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

Heiti	Fjárveiting 1994 (m.kr.)
Hrauná á Hálsasveitarvegi (518)	6,0
Stafá á Siglufjarðarvegi (76)	2,0
Höfðaá á Siglufjarðarvegi (76)	3,3
Grjótá á Austurlandsvegi (1)	3,0
Ytri-Eyrará á Suðurfjarðavegi (96)	0,7
Samtals	15,0

2.5. FJALLVEGIR O.FL.

2.5.1. Aðalfjallvegir

Fjárveiting á þessum lið var 24 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti, en í fskj. 2 er gerð grein fyrir einstökum fjárveitingum.

	Fjárveiting 1994 í þús.kr.
F-22 Fjallabaksleið nyrðri	2.200
F-28 Sprengisandsleið	3.500
F-35 Kaldadalsleið	1.200
F-37 Kjalvegur	13.000
F-72 Skagafjarðarleið	700
F-82 Eyjafjarðarleið	1.500
F-98 Gæsavatnaleið	2.000
Geymt frá fyrra ári	- 1.894
Óskipt	1.794
Samtals	24.000

2.5.2. Aðrir fjallvegir

Fjárveiting til annarra fjallvega var 13 m.kr. og henni skipt eins og hér greinir:

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
1.	Vegur að Laka	Suðurland	300	
2.	Fjallabaksleið syðri, austurhluti	—	200	
3.	Vegur að Sólheimajökli	—	350	
4.	Leirá og Jökulkvísl (skuld f.f. ári)	—	2.540	
5.	Fjallabaksleið syðri, vesturhluti	—	350	
6.	Emstruleið	—	250	
7.	Vegir í Þjórsárdal	—	50	
8.	Vegur á Haukadalsheiði	—	310	
9.	Vegur í Kerlingarfjöll	—	40	
10.	Hlöðuvallavegur	—	200	
				4.590
11.	Vegur að Djúpavatni og Vigdísarvöllum	Reykjanes	250	
12.	Vegur að skíðaskála í Hamragili	—	200	
13.	Vegur um Fossárdal	—	150	
				600
14.	Vegur að Langjökli	Vesturland	200	
15.	Vegur að Surtshelli	—	250	
16.	Vegur að Langavatni	—	200	
17.	Vegur um Grenjadal	—	50	
18.	Vegur um Þverárdal	—	50	
19.	Vegur um Grettisbæli	—	100	
20.	Vegur á Snæfellsjökul	—	200	
21.	Vegur um Haukadalsskarð	—	150	
22.	Vegur á Ljárskógafjall	—	50	
23.	Vegur um Sópandaskarð	—	100	
24.	Vegur um Hvammsdal	—	100	
25.	Vegur um Selárdal	—	50	
				1.500
26.	Vegur úr Dýrafjarðarbotni	Vestfirðir	100	
27.	Kollafjarðarheiði	—	300	
28.	Vegur að skíðaskála á Ísafirði	—	200	
29.	Haukadalsheiði	—	600	
				1.200
30.	Langavatnsvegur á Skaga	Norðurl. vestra	200	
31.	Arnarvatnsheiði	—	400	
32.	Ýmsir vegir í Húnavatnssýslum	—	200	
33.	Siglufjarðarskarð	—	200	
34.	Lambahraun	—	200	
35.	Austurdalsvegur við Tinnár	—	200	
36.	Ýmsir vegir í Skagafjarðarsýslu	—	250	
				1.600

Heiti vegar		Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
37.	Vegur um Flateyjardalsheiði	Norðurl. eystra	300	
38.	Vegur um Leirdalsheiði	—	1.000	
39.	Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	—	100	
40.	Afréttarvegur Svarfdælahrepps	—	60	
41.	Vegur um Reykjaheiði og Þeistareyki	—	100	
42.	Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	—	100	
43.	Vegur að Dettifossi vestan	—	100	
44.	Vegur frá Engidal að Stöng	—	350	
45.	Skoruvíkurvegur	—	200	
46.	Vegur við Hafralónsá	—	300	
47.	Vegur að Hvammsheiði	—	65	
48.	Ýmsir fjallvegir í Norður-Þingeyjarsýslu	—	125	
				2.800
49.	Vegur um Saurbæjarheiði	Austurland	50	
50.	Brúarvegur um Jökuldal	—	150	
51.	Þríhyrningsleið	—	200	
52.	Vegur að Snæfelli	—	300	
53.	Vegur í Loðmundarfjörð	—	800	
54.	Vöðla- og Viðfjarðarvegur	—	50	
55.	Þórudalsheiðarvegur	—	50	
56.	Vegur í Kollumúla	—	200	
				1.800
57.	Ferðafélag Íslands, sæluhús		250	
58.	Ferðafélag Skagafjarðar, sæluhús		100	
59.	Ferðafélag Akureyrar, sæluhús		250	
60.	Ferðafélag Húsavíkur, sæluhús		100	
61.	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sæluhús		100	
				800
	Geymt frá fyrra ári			-2.540
	Óskipt			650
		Samtals		13.000

2.5.3. og 4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum

Fjárveiting til þjóðgarðavega o.fl. var 19 m.kr. og fjárveiting til vega á Þingvöllum var 1 m.kr. Í samvinnu við Náttúruverndarráð var fjárveitingu til þjóðgarðavega o.fl. skipt eins og hér segir:

		Fjárveiting 1994 í þús.kr.	
1.	Vegur að Laka	1.000	
2.	Landmannalaugar	500	
3.	Kerlingarfjöll	500	
4.	Skálholtskirkja, bílastæði	1.000	
5.	Bílastæði við Geysi	1.500	
			4.500
6.	Vegur að Reykjanesvita	1.000	
7.	Bílastæði í Svínahrauni	300	
8.	Bílastæði við Biskupsbrekku	200	
			1.500
9.	Vegur að Langjökli	500	
10.	Vegur að Surtshelli	500	
11.	Vegur á Snæfellsjökul	1.000	
12.	Vegur að Dritvík og Hólahólum	1.000	
13.	Gamla Grundarfjarðarleiðin	200	
14.	Leið að Öndverðarnesi	150	
15.	Krosshólaborg í Hvammssveit	150	
16.	Vogur á Fellsströnd	100	
			3.600
17.	Skálavíkurvegur	500	
18.	Vegur og brú norður Hornstrandir	1.300	
			1.800
19.	Knappsstaðakirkja, bílastæði	200	
20.	Reykjastrandarvegur	300	
			500
21.	Leirdalsheiði	700	
22.	Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	400	
23.	Vegur að Goðafossi	2.500	
24.	Vegur í Ásbyrgi	2.000	
25.	Vegur að Dettifossi, austan	400	
			6.000
26.	Vegir í Skaftafelli	1.350	
27.	Vegur að Skálafellsjökli	300	
28.	Jökulvegur hjá Smyrlabjörgum	1.000	
			2.650
	Geymt frá fyrra ári	-2.000	
	Óskipt	450	
	Samtals	19.000	

2.5.5. Reiðvegir

Fjárveiting var 8 m.kr. Landssamband hestamannafélaga skipti þessari fjárhæð á eftirfarandi hátt.

			Fjárveiting 1994 í þús.kr.
1.	Hestamannafélagið	Kópur, Vestur-Skaftafellssýslu	300
2.	—	Geysir, Rangárvallasýslu	1.200
3.	—	Ljúfur, Hverageröi	500
4.	—	Logi, Biskupstungum	400
5.	—	Sleipnir, Selfossi og nágrenni	1.000
6.	—	Gustur, Kópavogi	300
7.	—	Hörður, Mosfellsbæ	800
8.	—	Máni, Suðurnesjum	300
9.	—	Sóti, Álftanesi	500
10.	—	Sörli, Hafnarfirði	300
11.	Skógarhólaleið		900
12.	Hestamannafélagið	Dreiri, Akranesi og nágrenni	250
13.	—	Faxi, Borgarfirði	200
14.	—	Snæfellingur	50
15.	—	Stígandi, Skagafirði	150
16.	—	Þytur, Vestur-Húnavatnssýslu	150
17.	—	Feykir, Norður-Þingeyjarsýslu	150
18.	—	Snæfaxi, Þistilfirði	150
19.	—	Blær, Norðfirði og Eskifirði	200
20.	—	Glófaxi, Vopnafirði	200
		Samtals	8.000

2.6. SÝSLUVEGIR

Fjárveiting til sýsluvega í vegáætlun var 176 m.kr. og var fé þessu skipt milli sýslna í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1994 í þús.kr.
1.	Gullbringusýsla	647
2.	Kjósarsýsla	4.313
3.	Borgarfjarðarsýsla	6.337
4.	Mýrasýsla	6.753
5.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	9.165
6.	Dalasýsla	6.467
7.	Austur-Barðastrandarsýsla	1.868
8.	Vestur-Barðastrandarsýsla	4.777
9.	Vestur-Ísafjarðarsýsla	4.723
10.	Norður-Ísafjarðarsýsla	2.171
11.	Strandasýsla	3.458
12.	Vestur-Húnavatnssýsla	6.404
13.	Austur-Húnavatnssýsla	5.553
14.	Skagafjarðarsýsla	14.197
15.	Eyjafjarðarsýsla	12.628
16.	Suður-Þingeyjarsýsla	10.036
17.	Norður-Þingeyjarsýsla	9.490
18.	Norður-Múlasýsla	12.808
19.	Suður-Múlasýsla	8.348
20.	Austur-Skaftafellssýsla	4.417
21.	Vestur-Skaftafellssýsla	8.127
22.	Rangárvallasýsla	14.523
23.	Árnessýsla	18.790
	Samtals	176.000

Eftirfarandi tafla sýnir lengd sýsluvega 31. desember 1994.

Sýsla	Skv. a-c lið 19. gr. Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	Skv. d-e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km	Umdæmi alls km
Vestur-Skaftafellssýsla	0	0	120	120	15	135	
Rangárvallasýsla	0	0	201	201	37	238	
Árnessýsla	0	0	244	244	46	290	
							663
Gullbringusýsla	0	0	6	6	0	6	
Kjósarsýsla	0	0	63	63	0	63	
							69
Borgarfjarðarsýsla	0	6	65	71	12	83	
Mýrasýsla	0	1	98	99	39	138	
Dalasýsla	3	9	68	80	16	96	
Snæfells- og Hnappadalssýsla	2	11	114	127	33	160	
							477
Austur-Barðastrandarsýsla	0	0	22	22	79	101	
Vestur-Barðastrandarsýsla	0	1	71	72	77	149	
Vestur-Ísafjarðarsýsla	0	24	24	48	84	132	
Norður-Ísafjarðarsýsla	0	4	26	30	62	92	
Strandasýsla	0	3	37	40	103	143	
							617
Vestur-Húnavatnssýsla	0	1	91	92	68	160	
Austur-Húnavatnssýsla	0	0	78	78	28	106	
Skagafjarðarsýsla	0	6	190	196	27	223	
							489
Eyjafjarðarsýsla	0	0	132	132	21	153	
Suður-Þingeyjarsýsla	0	2	161	163	0	163	
Norður-Þingeyjarsýsla	0	5	130	135	0	135	
							451
Norður-Múlasýsla	0	9	199	208	25	233	
Suður-Múlasýsla	0	1	137	138	35	173	
Austur-Skaftafellssýsla	0	1	64	65	24	89	
							495
Samtals	4	84	2.341	2.429	831	3.260	3.260

2.7. VEGIR Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. desember 1993 útgefnum af Hagstofu Íslands þann 15. júní 1994:

Reykjavík og kaupstaðir	223.142
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri	19.026
Samtals	242.168
Framlag samkvæmt vegáætlun 1994	kr. 258.000.000
25% sjóður samkv. 34. gr. vegalaga	- 64.500.000
Til skipta 1994 eftir íbúatölu	kr. 193.500.000
Frá fyrra ári	57.511
Til skipta eftir íbúatölu samtals	kr. 193.557.511

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{193.557.511}{242.168}$ = kr. 799,27

	Kaupstaðir:	Íbúar	Framlag 1994
1.	Reykjavík	101.824	81.384.824
2.	Kópavogur	17.172	13.725.057
3.	Seltjarnarnes	4.437	3.546.359
4.	Garðabær	7.495	5.990.525
5.	Hafnarfjörður	16.787	13.417.338
6.	Grindavík	2.152	1.720.028
7.	Sandgerði	1.317	1.052.638
8.	Keflavík	7.584	6.061.660
9.	Njarðvík	2.563	2.048.528
10.	Mosfellsbær	4.698	3.754.968
11.	Akranes	5.233	4.182.578
12.	Borgarnes	1.791	1.431.492
13.	Ólafsvík	1.120	895.182
14.	Stykkishólmur	1.266	1.011.875
15.	Bolungarvík	1.163	929.550
16.	Ísafjörður	3.524	2.816.626
17.	Blönduós	1.052	840.832
18.	Sauðárkrókur	2.717	2.171.615
19.	Siglufjörður	1.781	1.423.499
20.	Ólafsfjörður	1.184	946.335
21.	Dalvík	1.533	1.225.280
22.	Akureyri	14.799	11.828.390
23.	Húsavík	2.509	2.005.367
24.	Egilsstaðir	1.560	1.246.861
25.	Seyðisfjörður	879	702.558
26.	Neskaupstaður	1.619	1.294.017
27.	Eskifjörður	1.055	843.229
28.	Höfn í Hornafirði	1.751	1.399.521
29.	Vestmannaeyjar	4.886	3.905.231
30.	Selfoss	4.052	3.238.640
31.	Hveragerði	1.639	1.310.003
	Samtals	223.142	178.350.606

	Kauptún	Íbúar	Framlag 1994
1.	Gerðar	1.110	887.189
2.	Vogar (Vatnsleysustrandarhreppur)	609	486.755
3.	Álftanes (Bessastaðahreppur)	1.170	935.145
4.	Grundarhverfi (Kjalarneshreppur)	240	191.825
5.	Hellissandur og Rif (Neshreppur)	618	493.949
6.	Grundarfjörður (Eyrarsveit)	808	645.810
7.	Búðardalur (Laxárdalshreppur)	275	219.799
8.	Patreksfjörður	901	720.142
9.	Tálknafjörður	337	269.354
10.	Bíldudalur	328	262.160
11.	Þingeyri	438	350.080
12.	Flateyri	372	297.328
13.	Suðureyri	343	274.149
14.	Súðavík	229	183.033
15.	Hólmavík	477	381.252
16.	Hvammstangi	690	551.496
17.	Skagaströnd (Höfðahreppur)	685	547.500
18.	Hofsós (Hofshreppur)	243	194.223
19.	Hrísey	263	210.208
20.	Grenivík (Grýtubakkahreppur)	285	227.792
21.	Reykjahlíð (Skútustaðahreppur)	240	191.825
22.	Raufarhöfn	383	306.120
23.	Þórshöfn	431	344.485
24.	Vopnafjörður	671	536.310
25.	Fellabær (Fellahreppur)	345	275.748
26.	Reyðarfjörður	718	573.876
27.	Fáskrúðsfjörður (Búðahreppur)	737	589.062
28.	Stöðvarfjörður (Stöðvarhreppur)	318	254.168
29.	Breiðdalsvík (Breiðdalshreppur)	231	184.631
30.	Djúpivogur (Djúpavogshreppur)	448	358.073
31.	Vík í Mýrdal (Mýrdalshreppur)	342	273.350
32.	Hvolsvöllur (Hvolhreppur)	674	538.708
33.	Hella (Rangárvallahreppur)	605	483.558
34.	Stokkseyri	435	347.682
35.	Eyrarbakki	551	440.398
36.	Flúðir (Hrunamannahreppur)	223	178.237
37.	Þorlákshöfn (Ölfushreppur)	1.253	1.001.485
	Samtals	19.026	15.206.905

2.7.1. Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1994 samkvæmt bréfi fjárlaganefndar Alþingis 24.05.94

Eftirstöðvar frá 1994	kr.	1.014.079
Til skipta 1994 skv. íbúatölu		- 14.079
Framlag árið 1994		64.500.000
	Kr.	65.500.000

	Úthlutun árið 1994:	**kr.**	
1.	Garðabær	6.000.000	
2.	Hafnarfjörður	6.000.000	
3.	Keflavík	5.000.000	
4.	Njarðvík	6.000.000	
5.	Akranes	1.000.000	
6.	Stykkishólmur	3.000.000	
7.	Ísafjörður	6.000.000	
8.	Sauðárkrókur	3.000.000	
9.	Siglufjörður	3.000.000	
10.	Neskaupstaður	1.000.000	
11.	Selfoss	6.000.000	
1.	Gerðar (Gerðahreppur, Gullbringusýslu)	2.000.000	
2.	Álftanes (Bessastaðahreppur)	1.000.000	
3.	Stafholtstungnahreppur (Borgarbyggð)	1.000.000	
4.	Patreksfjörður	1.000.000	
5.	Þingeyri	2.000.000	
6.	Seyluhreppur (Varmahlíð), Skagafirði	1.000.000	
7.	Borgarfjarðarhreppur, Norður-Múlaslýslu	2.000.000	
8.	Fellabær (Fellahreppur, Norður-Múlasýslu)	1.000.000	
9.	Mjóafjarðarhreppur, Suður-Múlasýslu	1.000.000	
10.	Fáskrúðsfjörður (Búðahreppur)	3.000.000	
11.	Stöðvarfjörður	2.000.000	
12.	Nesjaþorp (Nesjahreppur, Austur-Skaftafellssýslu)	1.000.000	
13.	Stokkseyri	1.000.000	
	Kostnaður Vegagerðarinnar	500.000	
		kr.	65.500.000

Eftirstöðvar í „25% sjóði“ til 1995	kr.	0

2.8 TILRAUNIR

Fjárveiting var 30 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Burðarlög, slitlög og steinefni
  - Eiginleikar íslensks bergs
  - Efni í malarslitlög
  - Steinefnarannsóknir
  - Bikþeyta í klæðingarslitlög
  - Kaldblönduð slitlög/burðarlög
  - Surphalt slitlög
  - Styrking með dúk
- Vegyfirborð og öryggisbúnaður við vegi
  - Hraðahindrun í þéttbýli
  - Rykbinding með mismunandi efnum
  - Vegmerkingarefni
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Veðrunarþol steinsteypu
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
  - Burðargeta staura
  - Rannsókn á gömlum brúm
- Vatnafar og jöklar
  - Rannsóknir á Skeiðarárjökli
  - Fjarðaþveranir
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
- Jarðtækni
  - Jarðskjálftamælingar í jarðgöngum
  - Samband falllóðs og plötuprófs
  - Athugun á sigi fyllinga
- Tæki og búnaður
  - Brennsluhvati fyrir vélar
  - Froðubikstæki á rannsóknarstofu
  - Sjálfvirk aðvörunarkerfi vegna veðurs og hálku
  - Sjálfvirk vigtunarkerfi
  - Aðstaða á áningarstöðum

Mörg þau verkefni sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingu og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Einna mest er umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum til vegagerðar.

2.9 FERJUR OG FLÓABÁTAR

Samkvæmt endurskoðaðri vegáætlun fyrir 1994 var fjárveiting til þessara mála 530 m.kr. Ríkisstyrktar ferjur eru 7 talsins, en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur til vetrarsamganga við Norðurfjörð á Ströndum.

Á árinu var unnið að því að fara ofan í saumana á rekstri ferjanna og gera rekstrarsamninga við þá aðila, sem eiga þær og reka.

Um 65% af útgjöldum til ferja og flóabáta eru afborganir og vextir af lánum vegna ferjukaupa. Skuldir vegna ferjukaupa í árslok 1994 námu 2,1 milljarði. Þær eru svo til allar bundnar í erlendri mynt og stór hluti þeirra háður breytilegum LIBOR vöxtum. Þetta skapar mikla óvissu við ákvörðun þessa liðar í vegáætlun. Þróun á gengi þeirra gjaldmiðla, sem ferjulánin eru skráð í var nokkuð hagstæð á árinu 1994 og LIBOR vextir voru fremur lágir framan af ári. Nú virðist breyting vera þar á og hafa LIBOR vextir hækkað verulega á undanförnum mánuðum.

Heildarkostnaður við þennan lið á árinu 1994 reyndist vera 499,6 m.kr., en skuld var frá fyrra ári upp á 16,9 m.kr. Mismunur upp á 13,5 m.kr. er fluttur til næsta árs.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Samtals m.kr.
Herjólfur	178,9	76,0	254,9
Akraborg	26,3	3,5	29,8
Baldur	96,6	36,2	132,8
Fagranes	7,3	18,5	25,8
Sævar	0,0	9,2	9,2
Sæfari	17,5	22,6	40,1
Anný	0,0	4,2	4,2
Norðurfjarðarflutningar	0,0	1,7	1,7
Sameiginlegt	0,0	1,0	1,0
Samtals	326,6	172,9	499,5

Fskj. 1

1. Til stofnbrauta

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
	Suðurlandsumdæmi	
1	Suðurlandsvegur	
06	Skaftá – Holtsvegur	18
11	Um Mýrdalssand	3
14	Vík – Hvammsá	31
240	Stórhöfðavegur	
01	Hraunhamar – Stórhöfði	8
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
07	Um Brúarhlöð	5
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	2
37	Laugarvatnsvegur	
03-04	Laugardalshólar – Biskupstungnabraut	18
	Reykjanesumdæmi	
1	Vesturlandsvegur	
19	Um Botnsá	21
41	Reykjanesbraut	
04-09	Endurbætur og gatnamót	8
45	Garðskagavegur	
00	Reykjanesbraut – Víknavegur	7
415	Álftanesvegur	
06	Lýsing	11
	Vesturlandsumdæmi	
53	Hvítárvallavegur	
01	Tunguá – Hvanneyri	15
54	Ólafsvíkurvegur	
07	Lágafell – Fróðárheiði	12
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
27	Vestfjarðagöng	111
	Norðurlandsumdæmi vestra	
75	Sauðárkróksbraut	
06	Um Vesturós	22
76	Siglufjarðarvegur	24

Vegnr. Kaflanr.		Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
		Norðurlandsumdæmi eystra	
1		Norðurlandsvegur	
	01-02	Grjótá – Engimýri	13
	23-27	Kísiliðja – Biskupsháls	16
85		Norðausturvegur	
	10	Vogar – Krossdalur	43
	25-27	Þistilfjörður – Brekknaheiði	8
845		Aðaldalsvegur	
	02	Staðarbraut – Syðrafjall	10
		Austurlandsumdæmi	
1		Austurlandsvegur	
	10	Dimmidalur – Skóghlíð	29
	11	Við Fellabæ	5
	13	Egilsstaðanes	10
	21	Um Breiðdalsá	35
93		Seyðisfjarðarvegur	
	02-03	Miðhúsaá – Efristafur	16
917		Hlíðarvegur	
	04-06	Hérað – Vopnafjörður	7
900		Austurlandsgöng	1
		Samtals	509

1.2. Sérstök verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
1	Suðurlandsvegur	
11	Um Mýrdalssand	24
1	Vesturlandsvegur	
01	Um Botnsá	16
53	Hvítárvallavegur	
01	Tunguá – Hvanneyri	46
60	Vestfjarðavegur	
01	Um Gilsfjörð	3
27	Vestfjarðagöng	23
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	8
75	Sauðárkróksbraut	
06	Um Vesturós	27
1	Norðurlandsvegur	
01-02	Grjótá – Engimýri	31
92	Norðfjarðarvegur	
10	Göng – Skuggahlíð	17
917	Hlíðarvegur	
04-06	Hérað – Vopnafjörður	24
	Samtals	219

1.3. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
1	Suðurlandsvegur	
03	Rauðavatn – Vesturlandsvegur	61
12	Höfðabakki – Suðurlandsvegur	52
41	Reykjanesbraut	
04-09	Endurbætur og gatnamót	12
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut – Reykjanesbraut	14
	Miklabraut	71
	Greiðsla skulda í Reykjavík	139
	Fífuhvammsvegur	24
	Samtals	373

1.4. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
	Stórbrýr	
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður	24
75	Sauðárkróksbraut	
06	Um Vesturós	69
1	Austurlandsvegur	
21	Breiðdalsá	10
	Jarðgöng	
60	Vestfjarðavegur	
27	Vestfjarðagöng	964
900	Austurlandsgöng	5
	Samtals	1.072

1.5. Framkvæmdaátak
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
1	Suðurlandsvegur	
08	Um Kúðafljót	72
37	Laugarvatnsvegur	
03-04	Laugardalshólar – Biskupstungnabraut	3
45	Garðskagavegur	
00	Reykjanesbraut – Víknavegur	20
417	Bláfjallavegur	
01	Suðurlandsvegur – Bláfjöll	20
1	Vesturlandsvegur	
13	Um Hellistungur	30
57	Snæfellsnesvegur	
08	Um Hraunsfjörð	44
12	Um Búlandshöfða	10
63	Bíldudalsvegur	
03	Hálfdán	50
68	Hólmavíkurvegur	
01	Fjarðarhorn – Borðeyri	50
1	Norðurlandsvegur	
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	50
1	Norðurlandsvegur	
01-02	Grjótá – Engimýri	23
20	Helluvað – Skútustaðir	45
82	Ólafsfjarðarvegur	
05	Norðan Dalvíkur	16
1	Austurlandsvegur	
10	Um Jökulsá á Dal	30
23-24	Krossá – Búðaá	20
41-42	Uppsalir – Reynivellir	35
44	Fjallsá	24
46	Hnappavellir – Irpugilslækur	10
	Samtals	552

Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 1994
1	Suðurlandsvegur		
03	Rauðavatn – Vesturlandsvegur		42
413	Breiðholtsbraut		
01	Suðurlandsvegur – Jaðarsel		30
	Miklabraut		108
		Samtals	180

Stórverkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 1994
1	Suðurlandsvegur		
08	Um Kúðafljót		30
61	Djúpvegur		
25	Óshlíð		30
1	Norðurlandsvegur		
23-27	Kísiliðja – Biskupsháls		43
1	Austurlandsvegur		
10	Jökulsá á Dal		65
		Samtals	168
		Samtals framkvæmdaátak	**900**

2. Þjóðbrautir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
	Suðurlandsumdæmi	
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur – Hagabraut nyrðri	14
215	Reynishverfisvegur	
01	Suðurlandsvegur – Norðurfoss	4
239	Eldfellsvegur	
01	Um Eldfell	4
262	Vallarvegur	
01	Um Efrahvol	2
273	Bugavegur	
01	Suðurlandsvegur – Vetleifsholt	4
275	Ásvegur	
02	Um Háfshverfi	6
32	Þjórsárdalsvegur	
01	Skeiðavegur – Stóranúpsvegur	4
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur – Hamarsvegur	7
35	Biskupstungnabraut	
06	Reykjavegur – Einholtsvegur	14
305	Villingaholtsvegur	
03	Krókur – Lækjarbakki	3
321	Skeiðháholtsvegur	
01	Skeiðavegur – Skeiðavegur	7
356	Tjarnarvegur	
01	Um Vatnsleysu	2
	Reykjanesumdæmi	
48	Kjósarskarðsvegur	
	Um Laxá	5
425	Nesvegur	
01	Hafnir – Saltverksmiðja	16
	Vesturlandsumdæmi	
518	Hálsasveitarvegur	
04	Snjóastaðir	7
574	Útnesvegur	
01	Um Klifhraun	29
590	Klofningsvegur	
07	Fagridalur – Hjallar	12

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1994
	Vestfjarðaumdæmi	
643	Strandavegur	
06	Kolbeinsvík – Byrgisvík	10
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur – Drangsnes	10
03	Drangsnes – Bær	9
	Norðurlandsumdæmi vestra	
733	Blöndudalsvegur	9
734	Svartárdalsvegur	14
745	Skagavegur	
04-05	Hafnaá – Keta	9
767	Hólavegur	2
	Norðurlandsumdæmi eystra	
833	Illugastaðavegur	
01	Norðurlandsvegur – Skógar	21
848	Mývatnsvegur	
01	Norðurlandsvegur – Vagnbrekka	21
85	Norðausturvegur	
10	Hlíðarvegur – Deildarlækur	19
	Austurlandsumdæmi	
94	Borgarfjarðarvegur	
08	Skriður – Framnes	1
919	Sunnudalsvegur	
04	Hlíðarvegur – Refsstaður	12
	Samtals	277

Fskj. 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1994

Suðurland

1 Suðurlandsvegur

06 Skaftá – Holtsvegur.

Fjárveiting til stofnbrauta var 18 m.kr. Fjárveitingin var notuð til að greiða skuld til kafla 08 um Kúðafljót frá árinu áður.

08 Um Kúðafljót.

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 72 m.kr. og stórverkefna 30 m.kr. Að auki var unnið fyrir 18 m.kr. fjárveitingu til kafla 06 Skaftá - Holtsvegur, þannig að til framkvæmda voru 120 m.kr. Framkvæmdir hófust árið 1993. Verkið er frá Skálm austan Mýrdalssands að Skaftá við Kirkjubæjarklaustur samtals um 38 km. Á þessu ári var lokið við undirbyggingu vegarins á kafla frá Laufskálavörðum að Holtsvegi og lagt bundið slitlag á hann. Verktaki var Vinnuvélar Jóhanns Bjarnasonar, Hellu. Byggð var 14 m löng steypt bitabrú með 7,0 m akbraut í stað einbreiðrar brúar á Djúpbrest. Verktaki var G-Verk sf., Selfossi. Á Skálm var byggð 44 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi, með 7,0 m akbraut í stað einbreiðrar brúar með timburgólfi. Verktakar voru Hagur hf., Kirkjubæjarklaustri og Klakkur hf., Vík í Mýrdal.

11 Um Mýrdalssand.

Fjárveiting til almennra verkefna var 3 m.kr og til sérstakra verkefna 24 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 18 m.kr. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til landgræðslu.

14 Vík – Hvammsá.

Fjárveiting til almennra verkefna var 31 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 29 m.kr. Lokið var við undirbyggingu á 1,6 km löngum kafla og lagningu bundins slitlags á síðustu 1,9 km milli Reykjavíkur og Víkur í Mýrdal. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

26 Landvegur

01 Suðurlandsvegur – Hagabraut nyrðri.

Fjárveiting til þjóðbrauta var 14 m.kr. Lokið var undirbyggingu 4,5 km kafla milli Hallstúns og Holtsmúla. Verktaki var Vélgrafan hf., Selfossi

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

06 Flúðir – Haukholt.

Fjárveiting var engin en nýtt fjárveiting frá Skeiða- og Hrunamannavegi kafla 07. Lagt var bundið slitlag á 1,6 km langan kafla. Verktaki var Slitlag hf., Hellu.

07 Um Brúarhlöð.

Fjárveiting til almennra verkefna var 5 m.kr. og henni varið til framkvæmda á kafla 06 á Skeiða- og Hrunamannavegi.

32 Þjórsárdalsvegur

01 Skeiðavegur – Stóranúpsvegur

Fjárveiting var 4 m.kr. Tekið var lán að upphæð 14 m.kr. Lögð var klæðing á 4,0 km kafla frá Árnesi að Stóra Núpi, ásamt ýmsum endurbótum frá Þrándarholti að Bólstað. Verktaki var Slitlag hf., Hellu.

33 Gaulverjabæjarvegur

01 Suðurlandsvegur – Hamarsvegur

Fjárveiting til þjóðbrauta var 7 m.kr. Greidd var 3 m.kr. skuld frá 1992 en fjárveiting að öðru leyti geymd til ársins 1995.

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Ölfusárós.

Fjárveiting til almennra verkefna var 2 m.kr. Greiddur var hluti landgræðslu á Óseyrarnesi.

35 Biskupstungnabraut

06 Reykjavegur – Einholtsvegur

Fjárveiting til þjóðbrauta var 14 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1992.

37 Laugarvatnsvegur

03 - 04 Laugardalshólar – Biskupstungnabraut.

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 3 m.kr., 18 m.kr. til stofnbrauta og innistæða frá fyrra ári 15 m.kr., samtals 36 m.kr. Lokið var að fullu við 5,0 km langan kafla með bundnu slitlagi frá Laugardalshólum að Reykjavegi, sem byrjað var á 1993. Verktaki var vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

215 Reynishverfisvegur

01 Suðurlandsvegur – Norðurfoss

Fjárveiting til þjóðbrauta var 4 m.kr. Byggð var 0,4 km löng tenging frá nýja Suðurlandsveginum að gamla veginum þar sem hann tengist Reynishverfisvegi. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

238 Fellavegur

01 Eldhraunsvegur – Dalavegur

Fjárveiting var engin. Varðandi fjármögnun, vísast til greinargerðar um Stórhöfðaveg (240). Undirbyggður var 1,7 km langur kafli frá Eldhraunsvegi að Dalavegi og lagt á hann bundið slitlag. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

239 Eldfellsvegur

01 Um Eldfell.

Fjárveiting til þjóðbrauta var 4 m.kr. Varðandi aðra fjármögnun, vísast til greinargerðar um Stórhöfðaveg (240). Undirbyggður var 1,86 km langur kafli og lagt á hann bundið slitlag. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

240 Stórhöfðavegur

01 Hraunhamar – Stórhöfði.

Fjárveiting til almennra verkefna var 8 m.kr. Tekið var lán að upphæð 20 m.kr. og að auki 21 m.kr. bráðabirgðalán. Voru lánin einnig notuð til að fjármagna Fellaveg (238) og Eldfellsveg (239). Verkið var hafið árið 1993. Á þessu ári var lagt bundið slitlag á veginn frá Hamarsvegi að vitanum á Stórhöfða. Lengd Stórhöfðavegar er 4,5 km. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa- og Skeiða, Selfossi.

253 Gunnarshólmavegur

01 Landeyjavegur – Landeyjavegur

Engin fjárveiting var til verksins. Tekið var lán að upphæð 5,6 m.kr. og bráðabirgðalán að upphæð 2,0 m.kr. Endurbyggður var 2,7 km langur kafli frá Seli að Landeyjavegi. Verktaki var vörubifreiðastjórafélagið Fylkir, Hvolsvelli.

255 Akureyjarvegur

01 Suðurlandsvegur – Landeyjavegur

Engin fjárveiting var til verksins. Tekið var lán að upphæð 5,6 m.kr. og bráðabirgðalán að upphæð 2,0 m.kr. Endurbyggður var 3,0 km langur kafli frá Kálfstöðum að Njálsbúð. Verktaki var vörubifreiðastjórafélagið Fylkir, Hvolsvelli.

262 Vallarvegur

01 Um Efrahvol

Fjárveiting til þjóðbrauta var 2 m.kr. Lagður var 1,1 km langur kafli fram hjá Efrahvoli. Verktaki var vörubílstjórafélagið Fylkir, Hvolsvelli.

266 Oddavegur

01 Suðurlandsvegur – Oddi

Fjárveiting var engin. Tekið var lán að upphæð 14,2 m.kr. Lokið var við lagningu bundins slitlags á kaflann frá Suðurlandsvegi að Odda samtals 4,2 km. Verktaki var Slitlag hf., Hellu.

273 Bugavegur

01 Suðurlandsvegur – Vetleifsholt

Fjárveiting til þjóðbrauta var 4 m.kr. Að auki var unnið fyrir 7,2 m.kr. lán og 7,2 m.kr. framlag frá Ásahreppi. Féð var einnig notað til framkvæmda við Ásmundarstaðaveg (282) og Heiðarveg (284). Hafin var lagning 5,2 km kafla frá Suðurlandsvegi að Vetleifsholti. sem ljúka á sumarið 1995. Verktaki er Hjarðarnesbræður hf., Höfn.

275 Ásvegur

02 Um Háfshverfi

Fjárveiting til þjóðbrauta var 6 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 4 m.kr. Lagður var 2,6 km langur kafli. Verktaki var Vélgrafan sf., Selfossi.

282 Ásmundarstaðavegur

01 Suðurlandsvegur – Hagabraut

Engin fjárveiting var til verksins. Unnið var fyrir lán og framlag frá Ásahreppi sbr. greinargerð um Bugaveg (273). Lagður var 2,3 km langur kafli með bundnu slitlagi frá Suðurlandsvegi að Ásmundarstöðum. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf., Höfn.

284 Heiðarvegur

01 Suðurlandsvegur – Hagabraut

Engin fjárveiting var til verksins. Unnið er fyrir lán og framlag frá Ásahreppi sbr. greinargerð um Bugaveg (273). Hafin var undirbygging á 3,0 km löngum kafla, sem ljúka á sumarið 1994. Verktaki er Hjarðarnesbræður hf., Höfn.

305 Villingaholtsvegur

03 Krókur – Lækjarbakki.

Fjárveiting til þjóðbrauta var 3 m.kr. Greidd var skuld frá 1993.

321 Skeiðháholtsvegur

01 Skeiðavegur – Skeiðavegur

Fjárveiting til þjóðbrauta var 7 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

350 Grafningsvegur neðri

01 Biskupstungnabraut – Grafningsvegur efri

Fjárveiting var engin en Grafningshreppur lagði fram 4,5 m.kr. til framkvæmdanna. Lokið var við byggingu vegarins frá Hlíð að Grafningsvegi efri samtals 4,4 km. Verktaki var Árvélar hf., Selfossi.

356 Tjarnarvegur

01 Um Vatnsleysu

Fjárveiting til þjóðbrauta var 2 m.kr. Byggður var 0,5 km langur kafli um Vatnsleysu. Verktaki var vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

Reykjanes

1 Suðurlandsvegur

03 Rauðavatn – Vesturlandsvegur

12 Höfðabakki – Suðurlandsvegur

Fjárveiting til almennra verkefna á höfuðborgarsvæðinu var 113 m.kr. og af framkvæmdaátaki til höfuðborgarsvæðis 42 m.kr. Lokið var gerð nýs Suðurlandsvegar frá Rauðavatni að Vesturlandsvegi. Vegarkaflinn er 2,0 km langur. Vegurinn var malbikaður, axlir klæddar og gengið frá lýsingu. Lokið var gerð mislægra gatnamóta við Bæjarháls, byggð var 50 m löng brú með tveimur akreinum og göngustíg, gatnamótin voru malbikuð og gengið frá lýsingu. Byggð voru undirgöng fyrir gangandi neðan Rauðavatns og undirgöng fyrir gangandi og bíla við Krókháls. Lokið var gerð undirbyggingar og burðarlags á 1,0 km löngum kafla Vesturlandsvegar frá Höfðabakka að Grafargili.

Verktaki við vegagerð og gatnamót var Háfell hf., Hafnarfirði, við brúargerð á Bæjarháls Sveinbjörn Sigurðsson hf., Reykjavík, við undirgöng neðan Rauðavatns og við Krókháls, Hagtak hf., Hafnarfirði og við gerð burðarlags, malbikunar og gerð axla Hlaðbær Colas hf., Kópavogi.

1 Vesturlandsvegur

19 Um Botnsá

Fjárveiting til almennra verkefna var 21 m.kr. Framkvæmdin var háð ákvörðun um byggingu Hvalfjarðarganga, en þar sem ákvörðun liggur ekki fyrir hefur framkvæmdum verið frestað.

41 Reykjanesbraut

04 - 09 Endurbætur og gatnamót

Fjárveiting til almennra verkefna var 8 m.kr. og til höfuðborgarsvæðis 12 m.kr. Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar vegna byggingar mislægra gatnamóta við Ásbraut á árinu 1993.

45 Garðskagavegur

00 Reykjanesbraut – Víknavegur

Fjárveiting til almennra verkefna var 7 m.kr. og til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks 20 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna vinnu við skipulag.

48 Kjósarskarðsvegur

01 Um Laxá

Fjárveiting til þjóðbrauta var 5 m.kr. og til brúagerða 19 m.kr. Byggð var 40 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi með 7,0 m akbraut á Laxá hjá Vindáshlíð í stað einbreiðrar brúar. Lagður var 0,8 km langur kafli með klæðingu um brúna. Verktaki við vegagerð var Sveinn Ástvaldsson, en brúargerð annaðist vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

411 Arnarnesvegur

04 Bæjarbraut – Reykjanesbraut

Fjárveiting til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu var 14 m.kr. og var notuð til greiðslu á landbótum.

Miklabraut

Fjárveiting til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu var 71 m.kr. Reykjavíkurborg sá um framkvæmdir við breikkun Miklubrautar frá Skeiðavogi að Kringlumýrarbraut.

Greiðsla skulda í Reykjavík

Fjárveiting til stofnbrauta á höfuborgarsvæðinu var 139 m.kr., og var henni varið til greiðslu skulda við Reykjavíkurborg.

Fífuhvammsvegur

Fjárveiting til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu var 24. m.kr., og var henni varið til framkvæmda við Fífuhvammsveg, sem voru í umsjá Kópavogskaupstaðar.

413 Breiðholtsbraut

01 Suðurlandsvegur – Jaðarsel

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks á höfuðborgarsvæði var 30 m.kr. Endurgreitt var 30 m.kr. lán frá Garðskagavegi (45).

415 Álftanesvegur

06 Lýsing

Fjárveiting til almennra verkefna var 11 m.kr. og var notuð til greiðslu skuldar vegna lýsingar Álftanesvegar sem gerð var 1993.

417 Bláfjallavegur

01 Suðurlandsvegur – Bláfjöll

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 20 m.kr. Framkvæmdum var frestað, en 10 m.kr. voru lánaðar til Nesvegar (425) Hafnir - Saltverksmiðja.

425 Nesvegur

01 Hafnir – Saltverksmiðja

Fjárveiting til þjóðbrauta var 16 m.kr. Styrktur var og lagður klæðingu 7,3 km langur kafli frá Sandvík að Saltverksmiðju. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

Vesturland

1 Vesturlandsvegur

01 Um Botnsá

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 16 m.kr. og 22 m.kr. til brúagerða. Framkvæmdin var háð ákvörðun um byggingu Hvalfjarðarganga, en þar sem ákvörðun liggur ekki fyrir hefur framkvæmdum verið frestað.

13 Um Hellistungur

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 30 m.kr. og hún notuð til greiðslu skulda frá fyrra ári.

53 Hvítárvallavegur

01 Tunguá – Hvanneyri

Fjárveiting til almennra verkefna var 15 m.kr., til sérstakra verkefna 46 m.kr. og 10 m.kr. lánsheimild. Til framkvæmda var því samtals 71 m.kr. Lokið var lagningu 6,8 km kafla með bundnu slitlagi, sem byrjað var á 1993. Verktaki var Ingileifur Jónsson, Svínavatni.

54 Ólafsvíkurvegur

07 Lágafell – Fróðárheiði

Fjárveiting til almennra verkefna var 12 m.kr. og að auki 20 m.kr. lánsheimild. Lokið var lagningu 8,3 km kafla með bundnu slitlagi frá Lágafelli að Staðará sem byrjað var á 1993. Einnig var breikkað eldra slitlag á milli Staðarár og Urriðaár. Verktaki var Borgarverk hf., Borgarnesi.

57 Snæfellsnesvegur

08 Um Hraunsfjörð

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 44 m.kr. og 24 m.kr. til brúagerða. Lokið var lagningu 5,6 km kafla með bundnu slitlagi, sem byrjað var á 1993. Verktaki var Hagvirki-Klettur hf., Hafnarfirði.

12 Um Búlandshöfða

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 10 m.kr. Byrjað var á lagningu 2,5 km kafla vestan Búlandshöfða frá Skollá að Leyningi. Verkinu á að ljúka sumarið 1995. Verktaki er Ingileifur Jónsson, Svínavatni.

518 Hálsasveitarvegur

04 Snjóastaðir

Fjárveiting til þjóðbrauta, 7 m.kr. var notuð til greiðslu skulda frá fyrra ári.

04 Um Hrauná

Fjárveiting til smábrúa var 6 m.kr. og til viðhalds brúa 3 m.kr. Sett var niður 5,5 m stálplöturæsi í stað gamallar stálgrindarbrúar á Hrauná og einbreiðrar steyptrar brúar á Hrauntjarnarlæk og lagður nýr vegur með malarslitlagi á 0,7 km kafla um ána. Verktaki var Jörfi hf., Hvanneyri.

528 Norðurárdalsvegur

01 - 02 Vesturlandsvegur – Skarðshamrar – Vesturlandsvegur

Fjárveiting var engin en vegna sameiningar sveitarfélaga á svæðinu, sem nú mynda „Borgarbyggð", var samþykkt 3 m.kr. lánsheimild til lagfæringa á snjóastöðum. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

540 Hraunhreppsvegur

03 Traðir – Álftaneshreppsvegur

Fjárveiting var engin en vegna sameiningar sveitarfélaga á svæðinu, sem nú mynda „Borgarbyggð", var samþykkt 18 m.kr. lánsheimild til lagfæringa á snjóastöðum. Byrjað var á framkvæmdum síðla árs og er áætlað að þeim ljúki vorið 1995. Verktaki er Loftorka hf., Borgarnesi.

574 Útnesvegur

01 Um Klifhraun

Fjárveiting til þjóðbrauta var 29 m.kr. og 10 m.kr. lánsheimild. Verkið var sent til skipulagsstjóra til mats á umhverfisáhrifum. Var úrskurður hans kærður til umhverfisráðherra sem óskaði eftir frekari rannsóknum. Verkinu var því frestað til ársins 1995.

582 Hálsabæjavegur

01 Snjóastaðir

Fjárveiting var engin en heimild til að taka 4 m.kr. sem greitt verður 1995. Lokið var við styrkingu og lagfæringu á 2,6 km kafla um Hundadal, en lögn malarslitlags frestað til vors 1995. Verktaki er Kristján Hjartarson og fleiri.

590 Klofningsvegur

07 Fagridalur – Hjallar

Fjárveiting til þjóðbrauta var 12 m.kr. sem notuð var til greiðslu skulda frá fyrra ári.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

01 Gilsfjörður

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 3 m.kr. og til stórverkefna 24 m.kr. Unnið var áfram að ýmsum athugunum, umhverfismati og skipulagsmálum. Öll tilskilin leyfi til framkvæmdanna eru nú fengin.

27 Vestfjarðagöng

Fjárveiting var 111 m.kr. til almennra verkefna, 23 m.kr. til sérstakra verkefna og 614 m.kr. til stórverkefna. Þess utan var aukafjárveiting af fjáraukalögum til Vestfjarðaganga 350 m.kr, eða samtals 1.098 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 132 m.kr. og tekið vinnulán að upphæð 140 m.kr.

Í upphafi árs var unnið að gangagerð frá Tungudal til Botnsdals og grafnir 317 m fram að gegnumbroti þar, þann 16. febrúar. Þá var tekið til við gröft til Breiðadals og grafnir 496 m fram til 23. maí er flutt var yfir í Breiðadal. Frá Breiðadal voru grafnir 1.747 m til 8. nóvember og loks 255 m frá Tungudal í lok ársins. Samtals voru grafnir 2.815 m af einbreiðum göngum.

Unnið var að styrkingu ganganna og hafa Botnsdals- og Breiðadalsleggur verið styrktir endanlega, samtals tæpir 5 km. Hafin var gerð ræsilagnar í Botnsdal.

Unnið var að ýmsum aðgerðum tengdum vatnsæð sem opnaðist inn í göngin á árinu 1993. Helstar voru uppsteypa inntaksvirkis þar sem vatnið streymir inn í göngin og lögn tveggja pípa frá Tungudal að gangamótum, önnur þeirra er ætluð fyrir vatnsveitu til Ísafjarðar.

Steyptur var 150 m langur forskáli í Botnsdal. Unnið var að vegagerð mest í Breiðadal og gerður síðari hluti fyllingar yfir Skutulsfjörð. Byggð var 27 m löng eftirspennt bitabrú, með 7,0 m akbraut á fyllingunni yfir Skutulsfjörð. Verktaki við brúargerð var Ágúst og Flosi hf., Ísafirði, en verktaki að öðru leyti er Vesturís hf.

Þann 19. desember var umferð hleypt til bráðabirgða á göngin á milli Botnsdals og Tungudals það er Ísafjarðar og Súgandafjarðar. Opið er 4 daga í viku takmarkaðan tíma á dag.

61 Djúpvegur

25 Óshlíð

Fjárveiting til stórverkefna innan framkvæmdaátaks var 30 m.kr. og til sérstakra verkefna á stofnbrautum 8 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 11 m.kr. og tekið lán að upphæð 18 m.kr. Til framkvæmda voru því 45 m.kr. Byggður var 55 m langur vegskáli við Seljadalsófæru (Ófæru með stiga). Verktaki við byggingu vegskála var JFE Byggingarþjónustan, Bolungarvík, en gerð fyllingar að skálanum annaðist Kristinn Þ. Sigurjónsson, Bolungarvík.

62 Barðastrandarvegur

02 Brjánslækur – Moshlíð

Engin fjárveiting var í kaflann en fluttar voru 18 m.kr. af Bíldudalsvegi (63) og 8 m.kr. voru lagðar til af viðhaldsfé. Lagt var slitlag á 4,55 km langan kafla. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

63 Bíldudalsvegur

03 Hálfdán

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 50 m.kr. Af því voru 18 m.kr lagðar til Barðastrandarvegar (62). Lagt var bundið slitlag á 8,4 km langan kafla. Er þá lokið vegagerð yfir Hálfdán nema smávægilegur frágangur er eftir. Komið samfellt slitlag á milli Bíldudals og Patreksfjarðar. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

68 Hólmavíkurvegur

01 Fjarðarhorn – Borðeyri

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 50 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 5,2 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 7,3 m.kr. Lokið var við undirbyggingu 3,7 km kafla milli Fjarðarhorns og Valdasteinsstaða sem byrjað var á 1993 og lagt á hann bundið slitlag. Verktaki við jarðvinnu var V. Brynjólfsson hf., Skagaströnd, en vinnuflokkar Vegagerðarinnar lögðu slitlag.

Hafin var vinna við 4,0 km langan kafla frá Valdasteinsstöðum út fyrir Borðeyri ásamt tengivegi að Borðeyri. Verktaki er Fylling hf., Hólmavík.

Mulið var efni í báða kaflana. Verktaki við efnisvinnslu var Króksverk hf., Sauðárkróki.

612 Örlygshafnarvegur

01 Um Skápadal

Fjárveiting var engin. Lokið var lagningu 1,3 km kafla um Skápadal fyrir fjárveitingu fyrra árs.

633 Vatnsfjarðarvegur

01 Djúpvegur – Reykjanes

Fjárveiting var engin. Fyrir fjárveitingu fyrra árs var lagt malarslitlag á 3,6 km langan kafla sem byggður var 1993.

643 Strandavegur

06 Kolbeinsvík – Byrgisvík

Fjárveiting til þjóðbrauta var 10 m.kr. Lagður var 4,1 km langur kafli. Verktaki var Vinnuvélar Jóhanns Bjarnasonar, Hellu.

645 Drangsnesvegur

01 Strandavegur – Drangsnes

Fjárveiting til þjóðbrauta var 10 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

03 Drangsnes – Bær

Fjárveiting til þjóðbrauta var 9 m.kr. Lagður var 2,5 km langur kafli. Verktaki var Steypustöð Skagafjarðar hf.

Norðurland vestra

1 Norðurlandsvegur.

01 Sýslumörk – Staðarskáli.

Fjárveiting var engin, en innstæða frá 1992 var 8 m.kr. Lagður var 0,8 km kafli framhjá Staðarskála, svo hægt væri að aðskilja bílastæði söluskálans frá þjóðveginum. Verktaki var Borgarverk hf., Borgarnesi.

14 Um Bólstaðarhlíðarbrekku.

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 50 m.kr. Lán frá verktaka var 20 m.kr. Lokið var nýbyggingu með bundnu slitlagi um Bólstaðarhlíðarbrekku um 5,5 km að lengd. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

75 Sauðárkróksbraut.

06 Um Vesturós.

Fjárveiting til almennra verkefna var 22 m.kr., til sérstakra verkefna 27 m.kr. og til stórverkefna 69 m.kr., eða samtals 118 m.kr. Byggð var 100 m löng eftirspennt bitabrú með 7 m akbraut og gangstíg yfir Vesturós Héraðsvatna. Kemur hún stað mjórrar brúar frá árinu 1925. Lagður var tæplega 2 km vegur frá Borgarsandi upp að vegamótum Hegranesvegar. Lagningu slitlags var frestað til næsta árs. Verktaki við vegagerð var Króksverk hf., Sauðárkróki. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist byggingu brúarinnar.

76 Siglufjarðarvegur.

04 Sleitustaðir – Hofsósbraut.

Fjárveiting til almennra verkefna var 24 m.kr. Lögð var tvöföld klæðing á 8,1 km langan kafla frá Hlíðarenda að Gröf, sem byggður var upp árið 1993. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

733 Blöndudalsvegur.

Fjárveiting til þjóðbrauta var 9 m.kr. Byggður var upp 2,0 km langur kafli um Brandsstaði. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

734 Svartárdalsvegur.

Fjárveiting til þjóðbrauta var 14 m.kr. Byggður var 1,5 km langur kafli frá Húnaveri að Gili. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

745 Skagavegur.

04 - 05 Hafnaá – Keta.

Fjárveiting til þjóðbrauta var 9 m.kr. Lokið var framkvæmdum sem hófust 1993 á tveimur köflum, frá Hafnaá að Digramúla og frá Víkum að Hrauni, samtals 7,3 km. Verktaki var V. Brynjólfsson hf., Skagaströnd.

767 Hólavegur.

Fjárveiting var 2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

Norðurland eystra

1 Norðurlandsvegur

01 - 02 Grjótá – Engimýri

Fjárveiting til almennra verkefna var 13 m.kr., til sérstakra verkefna 31 m.kr. og til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks 23 m.kr. eða samtals 67 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1993 að upphæð 33 m.kr. Byggður var 1,8 km langur kafli á Öxnadalsheiði (endurvarpsstöð - Grjótá) og lagt á hann fyrra lag klæðingar, einnig var lokið við gerð 3,4 km kafla í Bakkaselsbrekku með bikbundnu efra burðarlagi, klæðingu og sett vegrið á 1,5 km kafla í brekkunni. Verktaki við jarðvinnu var Árni Helgason, Ólafsfirði. Krafttak hf., Reykjavík lagði bikbundið burðarlag og Klæðning hf., Garðabæ sá um lögn klæðingar.

20 Helluvað – Skútustaðir

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 45 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1993 að upphæð 32 m.kr. Lokið var við lagningu á 6,5 km löngum kafla frá Skútustöðum að Helluvaði og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki var Klæðning hf. Garðabæ.

1 Norðurlandsvegur

23 - 27 Kísiliðja – Biskupsháls

Fjárveiting til almennra verkefna var 16 m.kr. og til stórverkefna innan framkvæmdaátaks 43 m.kr., að auki var lánuð fjárveiting til brúar á Laxá hjá Arnarvatni 12 m.kr., samtals 71 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1993 að upphæð 20 m.kr. Lokið var við lagningu 7,6 km langs kafla frá Austaraselslind og austur fyrir Dettifossveg og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Hagvirki-Klettur hf., Hafnarfirði en Klæðning hf., Garðabæ annaðist lögn klæðingar.

82 Ólafsfjarðarvegur

05 Norðan Dalvíkur

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 16 m.kr. Greidd skuld frá árinu 1993 að upphæð 9 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 7,5 km langan kafla frá Hóli að Klifi. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

85 Norðausturvegur

10 Vogar – Krossdalur

Fjárveiting til almennra verkefna var 43 m.kr. Lagður var 5,4 km langur kafli frá Vogum að Skúlagarði. Verktaki var Klæðning hf. Garðabæ.

25 - 27 Þistilfjörður – Brekknaheiði

Fjárveitingin til almennra verkefna var 8 m.kr. Endurbyggður 2,6 km langur kafli frá Brúarlandi að Laxárdalsvegi og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var vörubílstjórafélagið Þór, Þórshöfn, en Klæðning hf., Garðabæ annaðist lögn klæðingar.

87 Kísilvegur

02 Norðan Mývatns

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 1,7 km langan kafla frá Mývatnsvegi til norðurs. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

05 Víðiholt – Norðausturvegur

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 8 m.kr. af fjárveitingu til viðhalds. Endurbyggður var 2,9 km langur kafli frá Skógum að Þverá og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Jarðverk hf., Fnjóskadal, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlag.

811 Hjalteyrarvegur

Fjárveiting var engin en innistæða frá árinu 1993 að upphæð 0,5 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 0,9 km langan kafla frá Bakkavegi niður á Hjalteyri. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

833 Illugastaðavegur

01 Norðurlandsvegur – Skógar

Fjárveiting til þjóðbrauta var 21 m.kr. Greidd skuld frá árinu 1993 að upphæð 15 m.kr. Lokið var við lagningu á 3,5 km löngum kafla frá Lambhúsalæk að Gerðagili og 0,2 km löngum kafla á Vaglaskógarvegi til tengingar í Vaglaskóg. Lagt á þá fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Jarðverk hf., Nesi Fnjóskadal, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið.

845 Aðaldalsvegur

02 Staðarbraut – Syðrafjall

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. Unnið var efni í efra burðarlag og klæðingu vegna fyrirhugaðra framkvæmda 1995. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

848 Mývatnsvegur

01 Norðurlandsvegur – Vagnbrekka

Fjárveiting til þjóðbrauta var 21 m.kr., til brúar á Laxá hjá Arnarvatni 12 m.kr. og eftirstöðvar frá árinu 1993 30 m.kr. en byggingu brúarinnar var frestað og fjárveitingarnar lánaðar til framkvæmda á Norðurlandsvegi (1) Kísiliðja - Biskupsháls. Lagður var 2,3 km langur kafli frá Laxá að Geirastöðum. Verktaki var Góðverk sf., Mývatnssveit.

Austurland

1 Austurlandsvegur

10 Um Jökulsá á Dal

Fjárveiting almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 30 m.kr. og 65 m.kr stórverkefna af framkvæmdaátaki til brúargerðar á Jökulsá á Dal. Lokið var lagningu 4,0 km kafla frá Deild og út yfir Jökulsá hjá Sellandi og 2,4 km á Hlíðarvegi um Brúarás sem byrjað var á 1993. Klæðing verður lögð sumarið 1995. Byggð var 125 m löng bogabrú á Jökulsá. Brúin er með 7,0 m akbraut og kemur í stað mjórrar brúar með slæmri aðkomu frá árinu 1931. Verktaki við vegagerð er Héraðsverk hf., Egilsstöðum. Verktaki við brúagerð var Ístak hf., Reykjavík.

10 Dimmidalur – Skóghlíð

Fjárveiting til almennra verkefna var 29 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

11 Við Fellabæ

Fjárveiting til almennra verkefna var 5 m.kr. Lokið undirbyggingu 0,6 km langs kafla um Urriðavatn, sem byrjað var á 1993 og lögð klæðing á 1,1 km. Verktaki var Hagverk sf., Egilsstöðum.

13 Egilsstaðanes

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. Lokið lýsingu á Egilsstaðanesi milli Fellabæjar og Egilsstaða sem byrjað var á 1993.

21 Um Breiðdalsós

Fjárveiting til almennra verkefna var 35 m.kr. og 10 m.kr. til stórverkefna. Lokið undirbyggingu 7,0 km vegar frá Þverhamri og út fyrir Ós. Undirbyggður var 0,9 km langur kafli frá vegamótum við Breiðdalsvík inn fyrir Gljúfraborg. Lögð klæðing á 5,0 km. Áætluð verklok sumarið 1995. Verktaki er Guðmundur Björgólfsson, Breiðdalsvík.

23 - 24 Krossá – Búðaá

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 20 m.kr. Lögð var klæðing á 2,8 km frá Runná og inn fyrir Búðaá. Verktaki var Ólafur Hjaltason, Skála, Berufirði.

37 Laxá í Nesjum

Fjárveiting til brúagerða var 20 m.kr. Byggð var 12 m löng brú með tveimur akreinum og gangstíg í stað einbreiðrar brúar. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið. Vegfylling um brúna verður gerð í vetur og lögð klæðing vorið 1995.

41 - 42 Uppsalir – Reynivellir

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 35 m.kr. Lokið endurbyggingu á 11,9 km löngum kafla, sem byrjað var á 1993 og lögð klæðing á hann. Verktaki var Árvélar sf., Selfossi.

1 Austurlandsvegur

44 Um Fjallsá

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 24 m.kr., en framkvæmdum var frestað og féð lánað til Norðausturvegar (85), í kaflann Sandvíkurheiði - Hvammsgerði.

47 Hnappavellir – Irpugilslækur

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 10 m.kr. Lokið var 4,4 km löngum kafla, sem byrjað var á 1993 og hann lagður klæðingu. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf., Höfn.

85 Norðausturvegur

05 Sandvíkurheiði – Hvammsgerði

Fjárveiting til brúagerða var 9 m.kr., en 24 m.kr. fjárveiting til Austurlandsvegar (1) um Fjallsá og 12 m.kr. fjárveiting til Sunnudalsvegar (919) lánaðar til þessa verks. Til framkvæmda voru því 45 m.kr. Lokið var endurbyggingu 7,9 km kafla sem byrjað var á 1993 og sett stórt stálrör í Fuglabjargará í stað 10 m langrar einbreiðrar brúar. Verktaki var Ljósaland hf., Vopnafirði.

10 Hlíðarvegur – Deildarlækur

Fjárveiting til þjóðbrauta var 19 m.kr. og var hún lánuð var í kafla 05 Sandvíkurheiði – Hvammsgerði.

92 Norðfjarðarvegur

10 Göng – Skuggahlíð

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 17 m.kr. Lokið var endurbyggingu á 4,5 km löngum kafla frá jarðgöngum að skíðaskála, sem byrjað var á 1993. Verktaki var Héraðsverk hf., Egilsstöðum.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 - 03 Miðhúsaá – Efristafur

Fjárveiting til almennra verkefna var 16 m.kr. Lokið endurbyggingu á 4,0 km kafla, sem byrjað var á 1993 og lagt fyrra lag klæðingar. Verktaki er Vökvavélar hf., Egilsstöðum.

94 Borgarfjarðarvegur

08 Skriður – Framnes

Fjárveiting til þjóðbrauta var 1 m.kr., sem notuð var til greiðslu skuldar.

96 Suðurfjarðavegur

02 Eyri – Hafranes

Fjárveiting var engin. Fjárveiting til brúar á Bessastaðaá 16 m.kr. var lánuð til undirbyggingar 6,5 km kafla. Áætluð verklok eru sumarið 1995. Verktaki er Vélás hf., Egilsstöðum.

917 Hlíðarvegur

04 - 06 Hérað – Vopnafjörður

Fjárveiting til almennra verkefna var 7 m.kr. og 24 m.kr. til sérstakra verkefna, samtals 31 m.kr. Lokið var endurbyggingu þriggja kafla sem byrjað var á 1993, 3,0 km löngum kafla frá Heiðarfæti upp að Hölknárdal, 1,5 km kafla frá Vindfelli að Hrútagili og 1,2 km kafla frá Krummsholti að Grjótá. Verktaki var Einar Sigurbjörnsson, Vopnafirði. Byrjað var á 6,3 km löngum kafla frá Eyvindarstöðum að Vindfelli. Verktaki á þeim kafla er Vörubílstjórafélag Norðmýlinga.

919 Sunnudalsvegur

01 Hlíðarvegur – Refstaður

Fjárveiting til þjóðbrauta var 12 m.kr., en framkvæmdum var frestað og féð lánað til Norðausturvegar (85), í kaflann Sandvíkurheiði - Hvammsgerði.

931 Upphéraðsvegur

04 Bessastaðaá

Fjárveiting til brúagerða var 16 m.kr. Framkvæmdum var frestað og féð lánað til Suðurfjarðavegar (96), í kaflann Eyri - Þernunes.

941 Flugvallarvegur Egilsstöðum

Fjárveiting var engin, en fyrir fjárveitingu frá árinu 1993 var lögð klæðing á 0,4 km á kafla sem undirbyggður var þá. Verktaki var Vökvavélar hf., Egilsstöðum.

951 Vestdalseyrarvegur

Fjárveiting var engin, en fyrir fjárveitingu frá árinu 1993 var lokið endurbyggingu á 2,0 km kafla með malarslitlagi frá bæjarmörkum í átt að Vestdalseyri. Verktaki var Sigurbergur Sigurðsson, Seyðisfirði.

Austurlandsgöng

Fjárveiting til almennra verkefna var 1 m.kr. og til stórverkefna 5 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

Greinargerð um framkvæmdir við aðalfjallvegi

F 22 Fjallabaksleið nyrðri

Fjárveiting var 2,2 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni. Verkefni voru unnin af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

F 28 Sprengisandsleið

Fjárveiting var 3,5 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni. Farnar voru tvær heflunar- og grjóthreinsunarferðir, stikur endurbættar og ekið í úrrennsli. Verkefni voru unnin af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

F 35 Kaldadalsvegur

Fjárveiting var 1,2 m.kr. Fjárveitingu var varið til heflunar og almenns viðhalds. Löguð voru úrrennsli og borið ofaní veginn á stökum köflum. Þá var eitt stálræsi sett niður. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

F 37 Kjalvegur.

Fjárveiting til aðalfjallvega var 13 m.kr. og fjárveiting til brúagerða 17 m.kr. Byggð var 30 m löng stálbitabrú með timburgólfi á Seyðisá og 7 km langur vegur um Seyðisá. Verktaki við vegagerð var Nesey hf., Gnúpverjahreppi. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um brúargerð.

F 72 Skagafjarðarleið

Fjárveiting var 0,7 m.kr., og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds.

F 82 Eyjafjarðarleið

Fjárveiting var 1,5 m.kr. Unnið var við hreinsun, viðgerð á úrrennsli og mölburð á Eyjafjarðardal.

F 98 Gæsavatnaleið

Fjárveiting var 2 m.kr. og innistæða frá fyrra ári var 2,9 m.kr. Vegurinn var heflaður og grjóthreinsaður, endurnýjaðar stikur og leiðin um aura Jökulsár stikuð. Fylling austan Kreppubrúar grjótvarin þannig að hún standi betur af sér hlaup.

729. Nefndarálit [166. mál]

um till. til þál. um ólympíska hnefaleika.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem kveður á um að skipuð verði nefnd er kanni hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Menntamálanefnd hefur fjallað um samhljóða tillögu á tveimur undangengnum þingum. Á 117. löggjafarþingi fékk nefndin til viðræðna við sig Janus Guðlaugsson, námsstjóra í íþrótta- og æskulýðsdeild menntamálaráðuneytis. Þá studdist nefndin við umsagnir frá 116. og 117. löggjafarþingi frá menntamálaráðuneyti, landssamtökunum Heimili og skóli, Ungmennafélagi Íslands, Íþróttakennarafélagi Íslands, Íþróttasambandi Íslands og Læknafélagi Íslands.

Í umsögnum framangreindra komu fram skiptar skoðanir um réttmæti þess að heimila hnefaleika hér á landi að nýju en þeir hafa verið bannaðir um áratuga skeið á grundvelli laga nr. 92 frá 1956. Menntamálanefnd tekur ekki afstöðu til efnis tillögunnar en telur rétt að í menntamálaráðuneytinu verði aflað upplýsinga um þau atriði sem tilgreind eru í tillögunni þannig að unnt verði að taka vel ígrundaða ákvörðun um hvort ástæða sé til að leyfa iðkun ólympískra hnefaleika hér á landi. Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Petrína Baldursdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

730. Nefndarálit [277. mál]

um frv. til l. um listmenntun á háskólastigi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um listmenntun á háskólastigi á vegum sjálfstæðrar stofnunar er starfi á grundvelli samnings við menntamálaráðherra.

Nefndin studdist í umfjöllun sinni við umsagnir frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Leiklistarskóla Reykjavíkur, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Rithöfundasambandi Íslands, borgarstjórn Reykjavíkur, Tónlistarráði Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Listdansskóla Íslands, Íslensku óperunni, Söngskólanum í Reykjavík, Bandalagi íslenskra listamanna, Helgu Hjörvar, fyrrverandi skólastjóra Leiklistarskóla Íslands, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Félagi íslenskra leikara, Kennarasambandi Íslands, Háskólanum á Akureyri, Félagi leikstjóra á Íslandi, Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Arki-

tektafélagi Íslands, Íslenska Arkitektaskólanum og nemendafélögum Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Tónlistarskóla Reykjavíkur.

Umsagnir framangreindra aðila voru afar jákvæðar. Nefndin telur að tilkoma listaskóla á háskólastigi sé mikið framfaraspor og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „laga“ á eftir orðinu „framkvæmd“ í 3. gr. komi: reglugerðar.

Ólafur Þ. Þórðarson og Petrína Baldursdóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

731. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem fellir saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum. Því er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, en einnig eru í því ákvæði sem byggja á ákvæðum þeim sem féllu brott við heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna árið 1992.

Nefndin fékk á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Árna Gunnarsson skrifstofustjóra og Þórunni J. Hafstein deildarstjóra, Auði Eydal, forstöðumann Kvikmyndaeftirlits ríkisins, og Douglas A. Brotchie, forstöðumann Reiknistofu Háskólans. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., barnaverndarráði, Kvikmyndaeftirliti ríkisins, Félagi kvikmyndagerðarmanna, umboðsmanni barna, Ríkisútvarpinu, Kvikmyndasjóði Íslands, landssamtökunum Heimili og skóli, Barnaheillum, Myndmarki og Félagi kvikmyndahúsaeigenda.

Nefndin telur nauðsynlegt að lögfestar verði reglur um eftirlit með ofbeldiskvikmyndum og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að felldur verði brott sá hluti 4. mgr. 1. gr. sem kveður á um að frumvarpið nái ekki til auglýsinga. Nefndin telur óeðlilegt að kveðið sé á um undanþágu varðandi framangreint efni enda þótt ekki sé gert ráð fyrir skoðun þess í frumvarpinu. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna að varhugavert er að auglýsendur kvikmynda geti vísað til slíkrar undanþágu við sýningar á brotum úr ofbeldiskvikmyndum í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða á myndböndum. Þá má benda á að sérstak-

lega er kveðið á um efni auglýsinga í 22. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, en þar segir m.a. í 3. og 4. mgr.:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau."

Nefndin telur á hinn bóginn ekki raunhæft að gert sé ráð fyrir að lög um skoðun kvikmynda taki til frétta- og fræðsluefnis. Nefndin leggur þó þunga áherslu á að varað verði við sýningu ofbeldisefnis í hvers kyns sjónvarpsefni og bendir í því sambandi á 1. mgr. 22. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins frá 3. október 1989 (89/552/EBE) sem er hluti EES-samningsins. Ákvæðið er svohljóðandi: „Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpssendingar, sem lögsaga þeirra nær yfir, innihaldi ekki dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, einkum og sér í lagi dagskrá sem í felst klám eða tilefnislaust ofbeldi. Þetta ákvæði skal einnig ná til dagskrárefnis sem líklegt er til þess að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar."

2. Lagt er til að nafni „kvikmyndaskoðunarnefndar" verði breytt í „Kvikmyndaskoðun". Nefndin telur það nafn þjálla og samræmast betur þeim verkefnum sem kveðið er á um í frumvarpinu. Því er lagt til að orðalagi 2. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við það. Nefndin styður það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi tilnefningar fulltrúa í Kvikmyndaskoðun og leggur áherslu á að þar eigi sæti jafnmargir karlar og konur eins og verið hefur hingað til hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.
3. Breytingar, sem lagðar eru til á 3. gr., eru annars vegar í samræmi við breytt nafn stofnunarinnar en hins vegar er lagt til að kveðið verði á um að úrskurðir séu endanlegir hvað varðar efni kvikmynda. Er það gert til að árétta að um málsmeðferð að öðru leyti gildi ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og að úrskurðir eru að því leyti kæranlegir til menntamálaráðuneytis í samræmi við reglur um kæru til æðra stjórnvalds. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að aldurstakmark verði miðað við afmælisdag viðkomandi. Nefndin telur að slík viðmiðun sé óheppileg og erfið í framkvæmd. Ekki er kveðið á um þetta atriði í 3. gr. en nefndin telur eðlilegt að ákvæðið verði framkvæmt með þeim hætti að miðað verði við fæðingarár viðkomandi.

Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að nauðsynlegt er að auka eftirlit með starfsemi myndbandaleiga. Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar þess efnis þar sem vanda þarf til undirbúnings þess. Nefndin hvetur hins vegar til að þetta atriði verði skoðað sérstaklega með tilliti til þess hvort ástæða sé til að kveða á um slíkt í lögum eða reglugerð.

Þá kom fram í máli forstöðumanns Kvikmyndaeftirlits ríkisins að ástæða væri til að auka eftirlit með því að farið sé eftir úrskurðum þess og vill nefndin leggja áherslu á skyldur lögregluyfirvalda í því efni, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að kveðið verði á um ýmis mikilvæg framkvæmdaatriði í reglugerð og leggur nefndin áherslu á að reglugerð á grundvelli laganna liggi sem fyrst fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson og Petrína Baldursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.

Kristín Ástgeirsdóttir.

732. Breytingartillögur [219. mál]

við frv. til l. um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Ákvæði laga þessara taka ekki til frétta- og fræðsluefnis.
2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðherra skipar sex manna nefnd til þriggja ára í senn þannig: Þrjá að fengnum tillögum félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, einn að fengnum tillögum Félags kvikmyndagerðarmanna, einn að fengnum tillögum dómsmálaráðherra og einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar einn úr hópi framangreindra forstöðumann og skal kveðið á um verksvið hans í reglugerð. Nefndin starfar undir heitinu Kvikmyndaskoðun.
   b. Í stað orðsins „kvikmyndaskoðunarnefndar“ í 2. mgr. og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi fallmyndum: Kvikmyndaskoðun.
   c. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. mgr. komi: Kvikmyndaskoðun.
3. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „nefndin“ í 1. og 2. mgr. komi: hún.
   b. Í stað orðsins „nefndinni“ í 2. mgr. komi: Kvikmyndaskoðun.
   c. Á eftir orðinu „kvikmyndaskoðunarnefndar“ í 3. málsl. 4. mgr. komi: um efni kvikmynda.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Síðari málsliður orðist svo: Menntamálaráðherra skipar skoðunarmenn og forstöðumann Kvikmyndaskoðunar frá og með sama tíma.

733. Frumvarp til laga [437. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna.

2. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Iðgjöld launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 4% af heildarlaunum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:
   Sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota. Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991.
b. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 4% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. og a-liðar 3. gr. öðlast gildi frá og með 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekna og gjalda á árinu 1995 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 2. gr. og b-liðar 3. gr. öðlast gildi frá og með 1. júlí 1997 og tekur til iðgjalda sem greidd hafa verið vegna launatímabila frá og með þeim tíma.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra breytinga sem gerðar eru á lögum um tekjuskatt og eignarskatt inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

a. Vegna launatímabila frá 1. apríl 1995 til og með 31. desember 1995 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara iðgjöld launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996.

b. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara iðgjöld launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 31. desember 1996 skal hámark frádráttarins vera 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

c. Vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 30. júní 1997 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara iðgjöld launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1998.

II.

Vegna launatímabila frá 1. apríl 1995 til og með 31. desember 1996 er heimilt að draga frá tekjum manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi greidd iðgjöld til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996.

Vegna launatímabila frá og með 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 skal hámarkið vera 2% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr., en 3% vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 31. desember 1996. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

Vegna launatímabila frá 1. janúar 1997 til og með 30. júní 1997 skal hámarkið vera 3% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

6. gr.

Í stað orðanna og „2. og 3. tölul.“ í 1. málsl. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 2.–5. tölul.

7. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. júlí 1997 vegna launatímabila frá og með þeim tíma.

8. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda á tímabilinu 1. apríl 1995 til og með 30. júní 1997 skal taka tillit til frádráttar samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, vegna greiddra iðgjalda til lífeyrissjóða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Þessar breytingar byggja á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 20. febrúar 1995 í tengslum við kjarasamninga lands- og svæðasambanda innan ASÍ og vinnuveitenda.

Á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru lagðar til þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að flutningur vinnuveitanda á starfsmönnum til og frá vinnu, sem fram fer í hópferðabifreiðum, skuli eigi teljast til skattskyldra tekna hjá viðkomandi starfsmönnum. Tekjutap ríkissjóðs af þessari breytingu er talið óverulegt.

Í öðru lagi er lagt til að launþegum verði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni iðgjöld sem þeir greiða í lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 55/1980. Þessi frádráttur er að hámarki 4% af heildarlaunum og er gert ráð fyrir að breytingin taki gildi í þremur áföngum. Lagt er til að fyrsti áfangi komi til framkvæmda 1. apríl 1995 (2 af 4%), næsti frá og með 1. júlí 1996 (3 af 4%) og sá síðasti frá og með 1. júlí 1997. Talið er að þessi ráðstöfun kosti ríki og sveitarfélög nálægt 2,2 milljörðum króna þegar hún er að fullu komin til framkvæmda að öðru óbreyttu. Þar af koma um 800 m.kr. fram á yfirstandandi ári. Hins vegar er rétt að benda á að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Hér er um mjög víðtæka breytingu að ræða sem hefur í för með sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð og sveitarfélögin. Þessu verður að mæta með auknum tekjum og /eða niðurskurði útgjalda."

Að lokum er svo lagt til að rekstraraðilum verði heimilt að færa til gjalda í rekstri sínum hlutafé sem tapast hefur vegna gjaldþrots eða nauðasamninga. Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um hversu háar fjárhæðir hér kunna að vera á ferðinni og því afar erfitt að meta með einhverri nákvæmni áhrifin á tekjur ríkissjóðs.

Sú breyting sem lögð er til á lögunum um staðgreiðslu opinberra gjalda felst í því að láta frádrátt vegna iðgjaldagreiðslna launþega koma þegar til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 7. gr. laganna verði breytt á þann veg að endurgjaldslausar ferðir starfsmanna á vegum vinnuveitanda teljist eigi til skattskyldra hlunninda. Ákvæðið nær aðeins til ferða í hópferðabifreiðum sem vinnuveitandi rekur. Bæði er átt við þau tilvik þegar hópferðabifreið er í eigu vinnuveitanda og þegar vinnuveitandi gerir samning við þriðja mann um ferðir af þessu tagi. Ákvæðið nær hins vegar ekki til þeirra tilvika þar sem vinnuveitandi greiðir niður fyrir starfsmann að hluta eða öllu leyti ferðir til og frá vinnustað með almenningsvögnum eða áætlanabifreiðum. Með hópferðabifreið er hér átt við bifreið eins og hún er skilgreind í lögum um vörugjald af ökutækjum, þ.e. ökutæki sem tekur tíu eða fleiri í sæti auk ökumanns.

Um 2. gr.

Lagt er til að mönnum verði heimilt að draga frá tekjum sínum iðgjöld sem greidd eru til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 55/1980. Breyting þessi tekur gildi í áföngum, sbr. ákvæði til bráðabirgða í 5. gr. frumvarps þessa.

Um 3. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 31. gr. laganna sem fjallar um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri. Annars vegar er lagt til að 4. tölul. verði breytt á þann veg að rekstraraðilum verði heimilt að færa til gjalda hlutafé sem tapast hefur vegna gjaldþrots eða nauðasamninga. Gert er ráð fyrir í ákvæðinu að hið tapaða hlutafé verði fært niður í beinu framhaldi af því að það tapast. Hins vegar er lagt til að einstaklingar í atvinnurekstri megi færa til frádráttar iðgjöld sem þeir greiða til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980. Er hér um að ræða samsvarandi ákvæði og lagt er til að sett verði í 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Lagt er til að sett verði ákveðið þak á frádráttinn þannig að hann geti mestur orðið 4% af reiknuðu endurgjaldi skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að frádráttur þessi komi til framkvæmda í áföngum með sama hætti og frádráttur launþeganna, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða II í 5. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ákvæði um gildistöku.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði eru tvö bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að frádráttur vegna iðgjalda til lífeyrissjóða verði tekinn upp í áföngum. Fyrra ákvæðið snýr að launþegum en hið síðara að einstaklingum í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Um 6.–8. gr.

Hér er lögð til breyting á lögunum um staðgreiðslu opinberra gjalda sem felst í því að frádráttur vegna lífeyrisiðgjalda komi til framkvæmda frá og með launatímabilum eftir 1. apríl 1995.

734. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá samgögnunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti, Sigfús Bjarnason formann og Unni Sverrisdóttur framkvæmdastjóra Frama, Helga Stefánsson formann og Guðmund Kr. Jónsson framkvæmdastjóra Landssambands vörubifreiðastjóra, Pétur Maack Pétursson stjórnarformann og Ingólf Finnbjörnsson framkvæmdastjóra Trausta, félags sendibifreiðastjóra, Kjartan Haralds-

son varaformann og Rúnar Jónsson, stjórnarmann í Framabraut, félagi launþega í leiguakstri, Sigurð Sigurjónsson, formann Átaks, Guðjón Andrésson leigubifreiðastjóra og Sigurgeir Aðalgeirsson formann og Guðmund Arnaldsson framkvæmdastjóra Landvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 3. gr. frumvarpsins til samræmis við breytingu á 5. mgr. 7. gr. sem er greint frá hér á eftir.
2. Lagt er til að skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis skv. 2. mgr. 6. gr. verði þrengt þannig að umsækjandi þurfi að hafa stundað leiguakstur á fólki í a.m.k. eitt ár. Nefndin telur eðlilegt að þessir aðilar hafi einhvern forgang fram yfir hópbifreiðastjóra en nú er hvers konar starfsreynsla við akstur á fólki, hvort sem um hópferðabifreiðar eða leigubifreiðar er að ræða, metin að jöfnu. Jafnframt er lagt til að halda skuli námskeið fyrir umsækjendur á þeim svæðum þar sem fjöldatakmörkun er í gildi nema sérstakar ástæður mæli á móti því, t.d. kostnaður við að halda námskeið á minni stöðum úti á landi.
3. Þá eru lagðar til tvær breytingar á 7. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi að aðeins ráðherra geti sett reglur um undanþágur skv. 2. mgr. en honum sé síðan heimilt að fela því félagi er stærst er á hverjum stað að annast framkvæmdina, í samráði við umsjónarnefnd. Bifreiðastjórar geti síðan áfrýjað ákvörðunum viðkomandi félags til umsjónarnefndar. Ákvarðanir umsjónarnefndar um slíkar kærur eru endanlegar og verða ekki kærðar innan stjórnsýslunnar. Í öðru lagi vill nefndin gefa þeim sem hafa heilsu til kost á að aka leigubifreið allt til 75 ára aldurs á grundvelli læknisskoðunar og sérstaks hæfnisprófs. Í þessu sambandi skal tekið fram að það er skoðun nefndarinnar að þeir bifreiðastjórar, sem misst hafa atvinnuleyfi vegna aldurs frá því að aðlögunartími samkvæmt lögum nr. 77/1989, um leigubifreiðar, rann út, eigi sama rétt á grundvelli ákvæðisins til að fá endurnýjað atvinnuleyfi og þeir sem verða 71 árs eftir að frumvarp þetta verður að lögum.
4. Nefndin leggur til að það verði félag eða félög bifreiðastjóra sameiginlega sem eigi tilnefningarrétt í umsjónarnefndina en ekki bifreiðastöðvarnar sjálfar.
5. Lagt er til að bætt verði við 2. mgr. 12. gr. nokkrum orðum til að taka af allan vafa um að engin breyting verði á takmörkunum á fjölda bifreiða á hverju svæði fyrr en slíkt hefur verið ákveðið af bærum aðilum.
6. Loks er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði gert skýrara hvað snertir að þeir aðilar sem verða 71 árs á yfirstandandi ári missi við það réttindi sín, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, nema þeir hafi ekki sætt aldurstakmörkunum, en þá helst leyfið til ársloka 1995. Fyrrgreindir aðilar geta þó haldið akstri áfram til 75 ára aldurs standist þeir læknispróf og hæfnisskoðun á grundvelli 7. gr.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.
Árni Johnsen.	Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.
Egill Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

735. Breytingartillögur [329. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 5. tölul. 3. gr. bætist: sbr. þó 2. málsl. 5. mgr. 7. gr.
2. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 3. gr. og sitja þeir að öðru jöfnu fyrir við úthlutun leyfa er stundað hafa leiguakstur á fólki í a.m.k. eitt ár. Að jafnaði skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga.
3. Við 7. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Samgönguráðherra setur reglur um undanþágur skv. 2. mgr. að fengnum tillögum umsjónarnefndar og félags eða félaga bifreiðastjóra á hlutaðeigandi svæði. Ráðherra er heimilt að fela félagi bifreiðastjóra, þar sem meiri hluti bifreiðastjóra á svæðinu er félagar, að annast framkvæmd á veitingu undanþága í samráði við umsjónarnefnd. Bifreiðastjóri getur áfrýjað ákvörðunum félagsins til umsjónarnefndar enda skal fyllsta jafnræðis gætt. Ákvarðanir umsjónarnefndar um kæru eru endanlegar innan stjórnsýslunnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið gjald fyrir veittar undanþágur.
   b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „bifreiðastöð eða bifreiðastöðvar“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: félag eða félög leigubifreiðastjóra.
5. Við 12. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum og þær takmarkanir á fjölda leigubifreiða sem nú eru í gildi þar til öðruvísi er ákveðið af réttum aðilum.
6. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 3. gr. skulu þeir sem stunda akstur leigubifreiða við gildistöku laga þessara og hafa verið undanþegnir reglum um hámarksaldur halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996.
   b. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. mgr. 7. gr.

736. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti.

Með hliðsjón af afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpi til laga um leigubifreiðar (329. mál) leggur nefndin til að frumvarp þetta verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Við 2. gr. Við 2. málsl. efnismgr. bætist: nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. mgr. 1. gr.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.
Árni Johnsen.	Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.
Egill Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

737. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti, og Sigurgeir Aðalgeirsson formann og Guðmund Arnaldsson, framkvæmdastjóra Landvara.

Með hliðsjón af afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpi til laga um leigubifreiðar (329. mál) leggur nefndin til að frumvarp þetta verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. efnismgr. 1. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda akstur flutningabifreiða á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. Við ákvæði til bráðabirgða. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. 1. gr.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.
Árni Johnsen.	Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.
Egill Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

738. Breytingartillaga [319. mál]

við frv. til l. um breyt. á refsiákvæðum nokkurra skattalaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

4. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

739. Nefndarálit [398. mál]

um frv. til l. um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur farið yfir þetta mál og fengið til sín á fund Vilhjálm Bjarnason formann, Guðrúnu Hallgrímsdóttur varaformann og Gunnar Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Túns hf., Guðmund Elíasson, oddvita í Mýrdalshreppi, Ólaf Dýrmundsson frá Sameinuðum bændasamtökum og Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra.

Fram kom hjá framangreindum aðilum að skilin milli vistvænnar og lífrænnar framleiðslu væru mjög óljós samkvæmt frumvarpinu. Þá lögðu þeir einnig áherslu á að lífræn landbúnaðarframleiðsla ætti sinn fulltrúa í stjórn verkefnisins.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í stjórn átaksverkefnisins og skal einn tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, einn af umhverfisráðuneyti, einn af bændasamtökunum og einn samkvæmt tilnefningu VOR, landssamtaka bænda í lífrænum búskap.

Landbúnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Ef atkvæði falla jafnt við ákvarðanatöku hjá stjórninni ræður atkvæði formanns.

2. Við 3. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Með lífrænni framleiðslu í lögum þessum er átt við þá framleiðslu er fellur undir 6. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Ragnar Arnalds.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni M. Mathiesen.
Guðni Ágústsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal.

740. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um nýtingu og markaðssetningu rekaviðar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Búnaðarsambandi Strandamanna, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Hólmavíkurhreppi, Árna G. Péturssyni, Oddstöðum, Haraldi Sigurðssyni, Núpskötlu, Pétri Guðmundssyni, Ófeigsfirði, Ragnari Jakobssyni, Reykjafirði, Sigursteini Sveinbjörnssyni, Litlu-Ávík, og Tryggva Stefánssyni.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót starfshóp á vegum landbúnaðarráðuneytis til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu. Starfshópurinn skili niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1995.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Ragnar Arnalds.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni M. Mathiesen.
Guðni Ágústsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal.

741. Nefndarálit [172. mál]

um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem kveður á um að kannaðir verði kostir til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða. Málið var áður flutt á 116. og 117. löggjafarþingi.

Nefndin fékk á fund sinn til umfjöllunar á 117. löggjafarþingi Harald Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóra fjarskiptasviðs Pósts og síma, og Eyjólf Valdimarsson, framkvæmdastjóra tæknideildar Ríkisútvarpsins. Þá studdist nefndin við umsagnir frá 117. þingi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Ríkisútvarpinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands og útvarpsráði. Einnig studdist nefndin við gögn frá Ríkisútvarpinu og Pósti og síma. Þess ber að geta að til menntamálanefndar hefur einnig verið vísað öðru máli um skylt efni, þingsályktunartillögu um dreifingu sjónvarps og útvarps, 301. máli, en nefndin hefur ekki fjallað um það mál þar sem umsagnir liggja ekki fyrir.

Menntamálanefnd bendir á að ítrekað hefur verið fjallað um þetta efni á Alþingi og fram hefur komið mikill áhugi á málefninu. Skýr afstaða þingmanna kemur fram í samþykkt Alþingis frá 11. maí 1988 þar sem segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991."

Fram kom í umfjöllun menntamálanefndar að á undanförnum árum hafa verið kannaðir möguleikar og kostnaður við útsendingar til alls landsins og helstu fiskimiða og niðurstaða slíkrar athugunar var m.a. kynnt menntamálaráðherra í árslok 1991. Nefndin telur nauðsynlegt að fram fari ítarleg könnun á þeim kostum sem til greina koma varðandi framangreindar útsendingar þannig að sem fyrst liggi fyrir hvort finna megi viðunandi lausn og leggur því til að tillagan verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson og Petrína Baldursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

742. Frumvarp til laga [438. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „45“ í töflu í 1. mgr. kemur: 40.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ökutæki, sem knúin eru dísilolíu, raðast í gjaldflokka með eftirfarandi hætti: Í gjaldflokk I ef sprengirými aflvélar er á bilinu 0–1900 rúmsentimetrar, í gjaldflokk II ef sprengirými aflvélar er á bilinu 1901–2500 rúmsentimetrar, í gjaldflokk III ef sprengirými aflvélar er á bilinu 2501–3000 rúmsentimetrar og í gjaldflokk IV ef sprengirými aflvélar er yfir 3000 rúmsentimetrar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður er verður 1. tölul., en töluröð síðari tölulíða breytist samkvæmt því. Orðast hann svo: 5% vörugjald: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
b. e-liður 2. tölul. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 5. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, er verður 11. tölul., sem orðast svo: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 20%.
b. Við bætist nýr töluliður, er verður 12. tölul., sem orðast svo: Fólksbifreiðar sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 30%.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðið „innfluttum“ fellur brott.
b. Í stað orðsins „sex“ kemur: tólf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Eru breytingar þessar sem hér segir:

Í fyrsta lagi er lagt til að vörugjald á vélknúin ökutæki, sem falla í gjaldflokk II, lækki úr 45% í 40%. Þannig er vörugjald á meðalstórar fólksbifreiðar lækkað, en full ástæða er talin til að draga úr þeim mun sem er á vörugjaldi á litlum og meðalstórum fólksbifreiðum. Samanburður við aðrar þjóðir bendir til þess að hér á landi hafi átt sér stað óæskileg neyslustýring með of miklum mun á algengustu vörugjaldsflokkunum. Talið er að þessi breyting muni kosta ríkissjóð um 65 m.kr. Þá hefur verið reiknað með nokkurri söluaukningu við þessa ráðstöfun, en hún gæti leitt til 4–5% lækkunar á smásöluverði bifreiða í þessum gjaldflokki.

Í öðru lagi er lagt til að breyting verði gerð á röðun ökutækja, sem knúin eru dísilolíu, í gjaldflokka skv. 3. gr. laganna. Vörugjald er lagt á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr. laganna, í fjórum gjaldflokkum og raðast ökutækin í gjaldflokka eftir sprengirými aflvélar þeirra, mælt í rúmsentimetrum. Lagt er til að aðrar og hærri viðmiðanir verði látnar gilda um sprengirými aflvéla dísilbifreiða varðandi röðun í gjaldflokka en gilda um önnur ökutæki. Meginrökin fyrir slíkri breytingu eru þau að aflvélar dísilbifreiða þurfa að vera stærri en aflvélar bensínbifreiða til að framleiða sama hestaflafjölda. Þannig bera bensínknúnar bifreiðar almennt lægra vörugjald við núverandi löggjöf en jafnöflugar dísilbifreiðar. Markmiðið með breytingunni er að draga úr þessum mismun og stuðla að lægra verði dísilbifreiða og gera þær jafnsettar bensínbifreiðum í innkaupum. Talið er að þessi breyting muni kosta ríkissjóð um 5 m.kr.

Í þriðja lagi er lagt til að vörugjald af hópferðabifreiðum verði lækkað frá því sem nú er. Er lagt til að vörugjald af hópferðabifreiðum, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni, lækki úr 15% niður í 5%. Gert er ráð fyrir því að vörugjald af hópferðabifreiðum, sem skráðar eru fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni, verði áfram 30%, en hins vegar verði fjármálaráðherra veitt heimild til að lækka gjaldið af þessum bifreiðum, þó ekki niður fyrir 20%. Verði af lækkun þessari mun verða auðveldara fyrir eigendur hópferðabifreiða að endurnýja bifreiðar sínar. Einnig mun lækkun þessi bæta verulega stöðu innlendra hópferðaleyfishafa, en þeir eiga nú í vaxandi samkeppni við erlenda aðila er flytja bifreiðar sínar til landsins yfir ferðamannatímann til aksturs á erlendum ferðamönnum. Rétt þykir að halda minni hópferðabifreiðunum, þ.e. þeim sem skráðar eru fyrir 10–17 farþega, áfram í 30% vörugjaldsflokknum, en láta nægja að opna heimild til handa ráðherra til að lækka gjaldið niður í 20% þar sem talið er að slíkar bifreiðar geti ýmist verið ætlaðar til einkanota eða í atvinnurekstri eiganda. Ekki standa rök til að lækka gjaldið niður í 20% ef bifreiðin er ætluð til einkanota. Áætlað er að þessi breyting muni kosta ríkissjóð 15–20 m.kr. miðað við sama innflutningsverðmæti hópferðabifreiða og verið hefur. Á móti kemur að reikna má með því, verði af breytingunni, að dýrari bifreiðar verði keyptar til landsins en verið hefur. Mun það draga nokkuð úr tekjumissi ríkissjóðs.

Í fjórða lagi er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að lækka vörugjald af fólksbifreiðum sem falla í gjaldflokk II og eru ætlaðar til útleigu hjá bílaleigum. Ekki verður þó heimilt að lækka gjaldið af þessum bifreiðum niður fyrir 30%. Sambærileg heimild er í núgildandi lögum varðandi leigubifreiðar að öðru leyti en því að þar er lækkunarheimild ekki bundin við tiltekinn gjaldflokk. Líkt og með hópferðaleyfishafa er litið til bílaleigna sem hluta af mikilvægum og vaxandi ferðamannaiðnaði hér á landi.

Lækkun vörugjalds af algengustu stærðum þeirra fólksbifreiða sem leigðar eru út af bílaleigum veitir svigrúm til verðlækkunar og bætir samkeppnisstöðu innlends ferðamannaiðnaðar. Þá þykir ljóst eftir viðræður við ferðamálayfirvöld að sá markhópur sem horft er til varðandi erlenda ferðamenn eru fjölskyldur sem vilja ferðast á eigin vegum um landið. Mundi breytingin stuðla að því að laða þetta fólk til landsins. Jafnframt má benda á að sú þróun hefur orðið að undanförnu að erlendir ferðamenn flytja í auknum mæli eigin bifreiðar með skipi til landsins. Þannig munu 1.939 erlendar og 212 innlendar bifreiðar hafa verið fluttar hingað til lands með Norrænu á sl. ári. Einnig voru um 500 bifreiðar fluttar með íslenskum skipum til landsins. Er talið að draga muni úr þessari þróun verði af breytingunni. Loks er talið að lækkun vörugjalds af algengustu stærðum fólksbifreiða, sem leigðar eru út af bílaleigum, muni auka ásókn í að leigja út fólksbifreiðar á kostnað jeppabifreiða. Er sú þróun æskileg út frá umhverfisverndarsjónarmiðum. Verði heimild þessi til að lækka vörugjald af bifreiðum í gjaldflokki II, sem er algengasti stærðarflokkur bílaleigubifreiða, nýtt má ætla að árlegur tekjumissir ríkissjóðs verði 10–15 m.kr.

Í fimmta lagi eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar á 23. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að ákvæðið nái til allra skráningarskyldra ökutækja hvort sem þau eru flutt inn til landsins eða framleidd hér á landi. Þessi breyting er lögð til í því skyni að gætt verði samræmis í gjaldtöku af innfluttum ökutækjum og þeim sem framleidd eru eða sett saman hér á landi. Felur tillagan í sér viðbrögð við ábendingu frá eftirlitsstofnun EFTA þar um. Áhrif breytingarinnar eru í raun og veru ekki mikil þar sem framleiðsla bifreiða innan lands er ekki fyrir hendi í dag. Hins vegar er lögð til sú breyting að lengdur verði gjaldfrestur sá sem veittur er vegna innfluttra ökutækja sem ekki eru nýskráð fljótlega eftir tollafgreiðslu. Í núgildandi lögum er fresturinn sex mánuðir en lagt er til að hann verði lengdur í tólf mánuði. Þessi breyting hefur þau áhrif að unnt verður að afnema svokölluð sýningarleyfi, en þau hafa verið veitt með heimild í 6. gr. tollalaga samkvæmt sérstöku bréfi fjármálaráðuneytis til tollstjóra. Með leyfum þessum hefur bifreiðaumboðunum verið heimilað að taka bifreiðar til sýningar án greiðslu aðflutningsgjalda í allt að sex mánuði frá komu þeirra til landsins. Bifreiðaumboðin hafa óskað eftir lengingu leyfanna. Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið að lagaheimild væri fyrir hendi til þess og er því lagt til að umræddur frestur verði lengdur og sýningarleyfin afnumin. Talið er að breyting þessi muni hafa hverfandi áhrif á afkomu ríkissjóðs þótt hún kunni að leiða til einhverrar tilfærslu á tekjum milli mánaða fyrst í stað.

Þegar á heildina er litið má telja að tekjumissir ríkissjóðs vegna þessara breytinga verði nálægt 100 m. kr. á ári. Á móti áætluðu tekjutapi ríkissjóðs vegur að reikna má með því að breytingarnar muni leiða til aukinna skatttekna vegna notkunar ökutækja, þ.e. af bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðagjaldi. Er talið að þessar tekjur gætu numið 10–15 m.kr. á ári. Þá má búast við auknum umsvifum í ferðaþjónustu í kjölfar þessara breytinga, enda ætti samkeppnisstaða hennar að batna við þessar ráðstafanir og gjaldeyristekjur þar með að aukast. Að öllu samanlögðu má ætla að tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga verði á bilinu 60–70 m.kr. á ársgrundvelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á 3. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að vörugjald á ökutæki, sem falla í gjaldflokk II, lækki úr 45% í 40%. Í öðru lagi er lagt til að mismunandi viðmiðanir verði fyrir dísilbifreiðar annars vegar og aðrar bifreiðar hins vegar varðandi röðun í gjaldflokka vörugjalds. Er gert ráð fyrir því að þau mörk varðandi sprengirými aflvéla ökutækja, er ákvarða í hvaða gjaldflokk bifreið raðast, verði hærri hjá dísilbifreiðum en hjá öðrum bifreiðum.

Um 2. gr.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 1. mgr. 4. gr. laganna á þann veg að vörugjald af hópferðabifreiðum fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni verði lækkað úr 15% í 5%.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu er opnuð heimild til handa fjármálaráðherra til að lækka vörugjald, annars vegar af hópferðabifreiðum fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni, þó ekki niður fyrir 20%, og hins vegar af þeim fólksbifreiðum sem falla undir gjaldflokk II skv. 3. gr. laganna og ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum, þó ekki niður fyrir 30%. Nýting heimildar þessarar kæmi fram sem breyting á reglugerð nr. 254/1993 um vörugjald af ökutækjum.

Um 4. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 23. gr. laganna. Annars vegar verði orðið „innfluttum“ fellt brott úr lagagreininni. Það mundi þýða að ákvæðið næði til allra skráningarskyldra ökutækja hvort sem þau væru flutt inn til landsins eða framleidd eða sett saman hér á landi. Hins vegar verði gjaldfrestur sá sem veittur er á greiðslu vörugjalds vegna innfluttra ökutækja, sem ekki eru nýskráð fljótlega eftir tollafgreiðslu, lengdur úr sex mánuðum í tólf mánuði.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

743. Nefndarálit [56. mál]

um till. til þál. um að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, Múrarasambandi Íslands, Meistarafélagi húsgagnabólstrara, Meistarafélagi Suðurlands og Meistarafélagi húsasmiða.

Nefndin telur að með tillögunni sé hreyft mjög mikilvægu og tímabæru máli. Í þessu sambandi vill nefndin sérstaklega vekja athygli á umsögn Samtaka iðnaðarins um málið sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu. Í umsögn Samtaka iðnaðarins koma fram mörg þýðingarmikil áhersluatriði sem lúta að samkeppnisaðstöðu innlendrar framleiðslu og sem nefndin telur eðlilegt að ríkisstjórnin taki til skoðunar. Í trausti þess að ríkisstjórnin taki málið í heild til gaumgæfilegrar athugunar leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. febr. 1995.

Svavar Gestsson, frsm., form.	Gísli S. Einarsson.	Pálmi Jónsson.
Guðmundur Bjarnason.	Páll Pétursson.	Kristín Einarsdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Tómas Ingi Olrich.	Guðjón Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Umsögn Samtaka iðnaðarins.

(13. janúar 1995.)

Samtök iðnaðarins, Samtök íslenskra húshlutaframleiðenda, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Iðnaðarmannafélagið í Hafnarfirði, Málarameistarafélag Reykjavíkur, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi, Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum, Meistarafélag iðnaðarmanna Hafnarfirði, Múrarameistarafélag Suðurnesja, Múrarameistarafélag Reykjavíkur og Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda hafa haft framangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. Tillögunni er fagnað og fæst hún vonandi samþykkt á Alþingi. Við höfum jafnframt tekið saman nokkur atriði sem við teljum að leiði einnig að sama marki, þ.e. að auka hlutdeild íslenskrar framleiðslu í innkaupum hins opinbera.

Við teljum að mörkun og framsetning innkaupastefnu ríkisins og setning laga um framkvæmd útboða hafi verið mikilvægt framfaraspor. Reglurnar eru skýrar og lög um framkvæmd útboða eru mjög auðskilin. Reynsla okkar og okkar félagsmanna er að leikreglur fyrir innkaup ríkisins séu til fyrirmyndar, en skort hefur á að framkvæmdin sé í samræmi við lög og reglur. Ber þar til að reglurnar virðast ekki vera ljósar ýmsum þeim er bera ábyrgð á rekstri stofnana eða jafnvel ráðuneyta eða það sem öllu alvarlegra er þegar mönnum eru ljósar reglurnar en telja sig ekki þurfa að hlíta þeim. Helsta brotalöm reglnanna er að ekki hefur verið borið við að beita þeim refsiákvæðum sem þó eru fyrir hendi. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita stofnunum leyfi til innkaupa, jafnframt hefur ráðuneytið vald til að svipta stofnanir leyfinu. Okkur vitanlega hefur ekkert slíkt leyfi verið gefið. Valin hefur verið hin milda leið, þ.e. að kynna reglurnar, en ekki hefur verið beitt nægilegri ákveðni þegar stofnanir hafa vikið frá hinni mörkuðu stefnu.

Við útboð opinberra mannvirkja er brýnt að reglur og vinnubrögð séu samræmd. Engin samræming er á útboðum sveitarfélaga. Verulegt misræmi er á aðferðum og viðmiðunum frá einu útboði til annars hjá sama sveitarfélagi. Að okkar mati er ekkert sem bendir til annars en að sveitarfélög geti aðlagað sín útboðsmál að útboðsstefnu ríkisins.

Brýnt er að samræmt sé hvaða staðlar og viðmiðanir eru viðhafðar og ekki ráði hentistefna. Enn fremur skal stuðst við prófanir íslenskra prófunarstofa og þær lagðar til grundvallar. Sjálfgefið er að byggingarreglugerð sé höfð í hávegum og gerðar séu a.m.k. jafnmiklar kröfur til innfluttra byggingarefna og innlendra.

Áætlaður verktími opinberra framkvæmda ræðst af gerð fjárlaga ríkisins og fjárhagsáætlana bæjarfélaga. Þessi tímarammi er allt of þröngur og er andsnúinn innlendri framleiðslu. Þess eru mýmörg dæmi að sökum stutts verktíma hafi íslenskir framleiðendur og verktakar ekki haft möguleika á að nýta sér innlenda framleiðslu, heldur þurft að notast við innfluttar og fullunnar lausnir.

Síðustu missiri hefur borið á óraunhæfum tilboðum vegna verkefnaskorts. Til lengri tíma litið er hinu opinbera ekki hagur í að taka tilboðum sem skila verktökum eða framleiðendum verulegu tapi sem gerir þeim hvorki kleift að stunda eðlilegan rekstur né vöruþróun sem er forsenda nýsköpunar. Í reglum um innkaup ríkisins er kveðið á um að taka skuli hagstæðasta tilboði. Í raun er verið að undirstrika að ekki sé sjálfgefið að lægsta tilboð sé hagstæðast. Það er eðlileg krafa að þeir sem ráðstafa opinberu fé ráðstafi því á sem hagstæðastan hátt. Það er að minnsta kosti sú krafa sem einkafyrirtæki og einstaklingar gera til sjálfs sín þegar þeir verja eigin fé. Þegar litið er um öxl eru því miður allt of mörg dæmi um að opinberum fjármunum hafi ekki verið varið rétt. Opinberir innkaupaaðilar hafa með vali sínu á vörusölum og verktökum skaðað hagsmuni hins opinbera. Hér er átt við þegar valdir eru lægstbjóðendur án tillits til hvort þeir hafi nægilegt bolmagn til að tapa á viðskiptunum og hvort hið opinbera hafi tapað á fyrri viðskiptum við þá aðila sem að rekstrinum standa. Það er í hæsta máta óeðlilegt að hið opinbera beini viðskiptum sínum í kjölfar útboðs til lægstbjóðenda sem eru nýstofnuð fyrirtæki á rústum þrotabúa. Ekki síst þegar slíkir eiga lægstu boð sem stundum eru langtum lægri en kostnaðaráætlanir.

Við gerum okkur fullljóst að í framkvæmd er mun einfaldara að velja ætíð lægst- bjóðendur. Aðrar viðmiðanir en hreinn verðsamanburður við val á viðskiptaaðilum eru vissulega torveldari í framkvæmd. Hreyft hefur verið við hugmyndum um að ríkið ákveði hámarksfrávik (t.d. 15%) frá kostnaðaráætlun og einungis tilboð sem eru innan fráviksmarka komi til álita. Fleiri hugmyndir hafa verið nefndar til að mynda að fundið verði meðaltal tilboða og kostnaðaráætlunar og ákveðið verði hámarksfrávik frá meðaltalinu. Þau tilboð, sem eru innan fráviksmarka, koma þá ein til álita. Þegar ekki fara saman hagstæðasta og lægsta tilboð er eðlilegt að niðurstöðu verði skotið til sérstakrar úrskurðarnefndar líkt og lýst er hér á eftir.

Viðhorf á hönnunarstigi og hönnunarforsendur ráða oft úrslitum um hvort byggingar og mannvirki eru framleidd úr íslenskum eða erlendum byggingarefnum. Fram þurfa að koma skýr fyrirmæli til hönnuða um að hanna byggingar og mannvirki miðað við íslensk byggingarefni, byggingarvörur og aðferðir. Brýnt er að íslenskir framleiðendur séu ekki útilokaðir vegna þröngrar hönnunar. Þegar innlendir framleiðendur geta ekki uppfyllt hönnunarkröfur, ber hönnuðum að leita til þeirra framleiðenda sem framleiða skyldar vörur og kanna hvort þeir hyggist hefja framleiðslu á þeirri vöru sem nota á. Það eru jafnt hagsmunir hönnuða og framleiðenda að nota innlenda vöru og þar með hönnun, í stað þess að flytja inn hönnunarvinnu og framleiðslu. Við gerð verk- og útboðslýsinga er

mikilvægt að taka mið af íslenskri framleiðslu og íslenskum aðstæðum og vísa fremur til innlendra en erlendra byggingarefna.

Úrskurðarnefnd. — Lagt er til að skipuð verði úrskurðarnefnd er skeri úr um ágreiningsmál varðandi hönnun, útboð og tilboð. Viðfangsefni nefndarinnar verði að skera úr um hvort hönnuðir, framleiðendur eða starfsmenn hins opinbera hafi vikið frá eðlilegum vinnureglum og samþykktum verklagsreglum og markmiðum. Umsagnir nefndarinnar verði síðan hafðar til hliðsjónar við val á samstarfsaðilum í framtíðinni. Ekki síst þegar semja á við nýendurreist fyrirtæki um viðskipti á verði sem er langt undir kostnaðaráætlun eða eðlilegu verðlagi.

Samstarfsnefnd. — Engin mótuð stefna er til varðandi hlutverk opinberra innkaupa í nýsköpun og þróun iðnaðar. Hjá öðrum þjóðum er þetta markviss þáttur í opinberum innkaupum. Þetta þarf alls ekki að vera í mótsögn við þau markmið að velja „ódýrustu" lausnina. Í þessu getur falist betri og hagkvæmari lausn þegar til lengri tíma er litið þar sem tekið er mið af þjónustu, viðhaldi og aðgengi að framleiðenda. Þjóðhagslegur ávinningur er einnig umtalsverður bæði í formi gjaldeyrissparnaðar og í tekju- og útflutningsmöguleikum á þeim lausnum sem þróaðar eru. Umfang opinberra innkaupa er slíkt að fyrirtæki sem fá tækifæri til að þróa sértækar lausnir fyrir hið opinbera eiga oft í kjölfarið mjög góða möguleika á almennum markaði. Glöggt dæmi um þetta er framleiðsla á bókahillum fyrir Þjóðarbókhlöðuna. Fjölmörg slík tækifæri eru ónýtt, t.d. innan samgöngumála, upplýsingatækni, hitaveitna og heilbrigðismála. Við gerum að tillögu okkar að skipuð verði samstarfsnefnd hins opinbera og framleiðenda. Nefndinni verði ætlað að vera í senn skapandi og leiðbeinandi vettvangur er beiti sér fyrir bættu verklagi og hagkvæmari innkaupum ríkisins ásamt því að nýta innkaupin betur til heilbrigðrar atvinnusköpunar.

F.h. Samtaka iðnaðarins,
Samtaka íslenskra húshlutaframleiðenda,
Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík,
Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði,
Málarameistarafélags Reykjavíkur,
Meistarafélags byggingamanna, Norðurlandi,
Meistarafélags byggingamanna, Suðurnesjum,
Meistarafélags byggingamanna, Hafnarfirði,
Múrarameistarafélags Suðurnesja,
Múrarameistarafélags Reykjavíkur,
Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda.

Haraldur Sumarliðason,
formaður Samtaka iðnaðarins.

744. Svar [379. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um kostnað við undirbúning orkufreks iðnaðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur kostnaður ríkisins orðið við undirbúning orkufreks iðnaðar á valdatíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir kostnað sem stofnað hefur verið til í iðnaðarráðuneytinu á árunum 1991–94 vegna orkufreks iðnaðar og fé sem farið hefur til verkefna á vegum Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) á sama tímabili. Í töflunni er ekki kostnaður vegna beinna launagreiðslna til starfsmanna ráðuneytisins, en ekki er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða á þessum árum.

Ýmis verkefni MIL eru þess eðlis að álitamál er hvort þau eigi að teljast undirbúningur orkufreks iðnaðar. Í því sambandi má benda á átak til að kynna fyrirtækjum í Bandaríkjunum og Þýskalandi, sem nýta varma og/eða raforku, möguleika á að koma á fót starfsemi hér á landi. Það átak hefur beinst að iðnfyrirtækjum almennt. Einnig getur það verið álitamál hvort telja eigi með ýmsar staðbundnar rannsóknir hér á landi eins og hér er gert sem MIL ýmist hefur tekið þátt í eða greitt alfarið fyrir. Hér er til dæmis um veðurathuganir og rannsóknir á hafnaraðstöðu að ræða.

Enn fremur er rétt að benda á að erfitt er að skipta kostnaði á árinu 1991 milli verkefna sem stofnað var til á valdatíma ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og er því í töflunni gefinn kostnaður fyrir árið í heild, en í neðanmálsgrein við töfluna er greint frá því hve stór hluti kostnaðarins var bókfærður frá júní til desember það ár. Sá kostnaður er þó eðlilega að verulegu leyti vegna verkefna sem stofnað var til á valdatíma fyrri ríkisstjórnar.

Ár (Upphæðir eru í þús. kr.)	Ráðuneyti	MIL	Samtals
1991	17.373[1]	16.600	33.973
1992	8.600	10.000	18.600
1993	1.059	10.000	11.059
1994	171	25.000	25.171

[1] Þar af bókfært 7.797 þús. kr. frá og með 1. júní.

745. Svar [365. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um embætti húsameistara ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað líður vinnu við breytingar á embætti húsameistara ríkisins?

Málefni embættis húsameistara ríkisins hafa verið til skoðunar í forsætisráðuneytinu um nokkurt skeið og tekin hefur verið um það ákvörðun að breyta hlutverki og rekstri stofnunarinnar þannig að eiginleg hönnunarvinna, sem þar er unnin, leggist af og að hönnunarstarf fyrir hið opinbera, sem til þessa hefur verið unnið af embættinu, verði í framtíðinni unnið af sjálfstætt starfandi aðilum.

Menn hafa velt fyrir sér hvort þörf sé á stofnun á borð við húsameistaraembættið og niðurstaða þeirrar skoðunar er sú að þrátt fyrir að eiginleg hönnunarvinna á vegum embættisins leggist af séu tiltekin verkefni sem skynsamlegt og hagkvæmt sé að fela því. Þessi verkefni varða í fyrsta lagi ráðgjöf vegna húsnæðismála ríkisins, í öðru lagi forhönnun og yfirstjórn hönnunarvinnu og í þriðja lagi viðhald og eftirlit með tilteknum húseignum ríkisins.

Varðandi fyrsta þáttinn er rétt að vísa til þess að í auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands segir í 2. gr. að forsætisráðuneytið fari með mál sem varða ráðstöfun skrifstofuhúsa ríkisstjórnarinnar. Til að tryggja samfellda framkvæmd mála skipaði ráðherra í ágúst sl. í húsnæðisnefnd Stjórnarráðsins, en meginverkefni þeirrar nefndar er að tryggja heildaryfirsýn í húsnæðismálum Stjórnarráðsins og undirbúa stefnu og ráðstafanir m.a. hvað varðar viðhald, breytingar og nýbyggingar. Jafnframt þarf að tryggja samhengi við fjármálalega umsýslu eigna ríkisins sem er á vegum fjármálaráðuneytis. Í nefndinni eru ráðuneytisstjórar forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og húsameistari ríkisins sem annast ráðgjöf og embættisfærslu fyrir nefndina.

Skoðun á málefnum embættisins hefur einnig beinst að því að ákvarða hlut þess í undirbúningi að hönnun og yfirstjórn hönnunarvinnu, gerð frumathugana og áætlanagerð, sbr. Handbók um opinberar framkvæmdir frá 1991. Gert er ráð fyrir að embættið annist undirbúning hönnunar, greini þarfir ráðuneyta og stofnana, annist gerð nýtingaráætlana, annist gerð hönnunarsamninga og hafi með henni eftirlit. Þessi þáttur í starfsemi embættisins hefur ekki verið skilgreindur endanlega, en ljóst er að hann þarf einnig að samræma verkefnum annarra stofnana ríkisins sem sinna framkvæmdum og undirbúningi þeirra. Embætti húsameistara hefur haft slík verkefni með höndum, en nauðsynlegt er að verkaskipting sé skýr.

Varðandi þriðja þáttinn, sem lýtur að umsjón með viðhaldi ýmissa þeirra bygginga sem taldar eru upp í reglugerð um embættið, er rétt að ítreka að það hlýtur að teljast æskilegt að eftirlit með þeim byggingum, sem teljast vera sérstaklega verðmætar af menningarsögulegum ástæðum, sé sem mest á einni hendi og í umsjá traustra fagaðila.

Vegna þeirra breytinga, sem hér hafa verið raktar, og þeirrar almennu stefnumörkunar að hönnunarstarfsemi á vegum embættisins verði lögð af þarf að treysta lagagrundvöll embættis húsameistara ríkisins, en starfsemin byggir í dag á reglugerð sem komin er til ára sinna. Endanlegar útfærslur eða ákvarðanir hafa ekki verið teknar í þeim efnum, en nokkrar leiðir koma til greina.

746. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Jón Höskuldsson, lögfræðing í landbúnaðarráðuneyti, og Tryggva Gunnarsson hæstaréttarlögmann. Nefndin fékk einnig umsagnir um málið frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Alþýðusambandi Íslands og Náttúruverndarráði. Þá sendi nefndin Tryggva Gunnarssyni hrl., er vann að samningu frumvarpsins, fyrirspurn um ýmis atriði í frumvarpinu og ábendingar sem fram komu við 1. umræðu um málið og fylgir svarbréf hans, dags. 3. febrúar 1995, sem fylgiskjal með álitinu.

Nefndin er sammála um að of langt sé gengið í að þrengja rétt til kaupa á bújörðum með frumvarpinu. Því telur hún eðlilegt að draga úr þeim takmörkunum sem lagðar eru til í 3. og 5. gr. frumvarpsins. Heimildarákvæði 3. gr. um réttinn til aðilaskipta að jörð yrði þannig takmarkað við tveggja ára í stað fimm ára búsetu eins og frumvarpið kveður á um. Á sama hátt yrði starfsreynsluskilyrði 5. gr. lækkað niður í tvö ár. Einnig leggur nefndin til að upptalning í 5. gr. á því að nýting á hlunnindum, þar á meðal veiði til útleigu, og nýting á sumarbústöðum á jörð teljist til landbúnaðar verði felld brott úr frumvarpinu. Til enn frekari áherslu á það atriði sem fram kemur í athugasemd við 4. gr. frumvarpsins að það sé valkvætt hvort land undir sumarbústaði sé tekið úr landbúnaðarnotum vill nefndin leggja til að bætt verið nýjum málslið við 1. mgr. 4. gr frumvarpsins.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram ósk frá landbúnaðarráðuneyti um að aukið verði við efni 37. gr. jarðalaga um rétt ábúenda ríkisjarða til lántöku. Í dag er aðeins heimilt að veita ábúanda leyfi til að taka lán með veði í jörð til varanlegra húsabóta og umbóta á jörðinni en ekki í öðrum tilgangi, t.d. til kaupa á búvélum til að nota til framkvæmda á viðkomandi jörð.

Um efni frumvarpsins að öðru leyti vísar landbúnaðarnefnd til þess sem fram kemur í svarbréfi Tryggva Gunnarssonar hrl.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: tveimur.
2. Við 4. gr. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði.
3. Við 5. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. að nýta hana til landbúnaðar skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi.
4. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 3. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þá er heimilt að veita ábúanda jarðar í ríkiseign leyfi til að taka lán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins til búvélakaupa með veði í jörðinni, að því marki að heildarskuldir ábúanda með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í fasteignum á jörðinni að mati jarðadeildar.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen.
Guðni Ágústsson, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal.

Fylgiskjal.

Svar Tryggva Gunnarssonar.
(1. febrúar 1995.)

Með bréfi, dags. 18. janúar sl., óskaði landbúnaðarnefnd Alþingis eftir að ég léti nefndinni í té svör við ákveðnum spurningum vegna þess frumvarps sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl. Fara svör mín hér á eftir, en ég hef valið þá leið að taka texta spurninganna upp hverju sinni (feitletraðan):

1. Í álitsgerðinni kemur fram að fjárfestingarréttur á grundvelli EES-samningsins verði að vera bundinn við aðra þætti fjórfrelsisins (launþega-, þjónustu- og stofnsetningarréttinn). Orðalag eins og „álitamál er“, „sennilega“ og „að jafnaði“, sem fram kemur í álitsgerðinni (sbr. dálk 1221–1223 í 5. hefti B-deildar Alþt. 1994), felur þó í sér ákveðinn fyrirvara gagnvart framangreindri staðhæfingu. ***Með því að***

hér er um grundvallarskilning að ræða er spurst fyrir um hvort málsatvik hafi skýrst frá því að álitsgerðin var samin?

Mér er ekki kunnugt um að málsatvik hafi skýrst frekar varðandi þetta atriði frá því álitsgerðin var samin, en tekið skal fram að ég hef ekki á þeim skamma tíma, sem ég hafði til að svara fyrirspurn þessari, náð að gera nema lauslega könnun á málinu. Til upplýsinga um þetta atriði má tilfæra eftirfarandi úr bók Stefáns Más Stefánssonar, Evrópuréttur, réttarreglur og stofnanir Efnahagsbandalagsins, útg. Reykjavík 1991, bls. 156, en þar fjallar hann um ákvæði Rómarsamningsins um frjálsa fjármagnsflutninga (67. gr.) og segir:

„Frelsi til að setja á stofn atvinnurekstur í öðru landi kemur ekki að gagni nema unnt sé að flytja fjármagn milli landanna. Algert frjálsræði á tilfærslu fjármagns getur hins vegar haft óæskileg áhrif á greiðslujöfnuð og peningamarkað ríkis. Við samningsgerð voru aðildarríkin ekki á einu máli um það hversu langt skyldi gengið. Niðurstaðan varð málamiðlun. 67. gr. Rs. hefur því að geyma þá veigamiklu takmörkun að hún gildir aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til þess að starfsemi hins sameiginlega markaðar sé fullnægt."

Þessi niðurstaða er í samræmi við dóm ESB-dómstólsins í málinu 203/80, Casati.

Þeir fyrirvarar sem koma fram í álitsgerðinni og lýst er í fyrirspurninni eiga enn við. Koma þar annars vegar til mismunandi túlkanir af hálfu þeirra fræðimanna sem hafa fjallað um þetta atriði Evrópuréttarins eins og vitnað er til á bls. 11–12 í álitsgerðinni. Hins vegar er réttur ESB framsækinn og háður stöðugum breytingum, m.a. á grundvelli túlkunar dómstóls ESB.

Vakin er athygli á því að breyting sú sem gerð var á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með lögum nr. 133/1933 byggði einmitt á þeim skilningi sem lýst er í spurningunni, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr., en þar segir að ekki þurfi að afla leyfis dómsmálaráðherra:

„Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi."

Ákvæðum 67.–73. gr. Rómarsamningsins var breytt frá og með 1. janúar 1994, en meðan EES-samningnum er ekki breytt til samræmis við þær gilda ákvæði 40.–42. gr. EES-samningsins og XII. viðauka við hann, en þær reglur byggja á því réttarástandi sem í gildi var innan ESB við undirritun EES-samningsins 2. maí 1992, þ.e. þágildandi 67. gr. Rómarsamningsins og tilskipun 88/361, sjá EU-KARNOV 1993, Khöfn 1993, bls. 524.

2. Ef tekið er dæmi af erlendum ríkisborgara sem á grundvelli EES-samningsins hefur fest kaup á jarðnæði hér á landi og hafið landbúnað en hættir síðan eftir gildistöku laganna að nytja jörðina til landbúnaðar í skilningi jarðalaga, hvort sem hann tekur þá ákvörðun sjálfur eða jörðin fellur til ættingja hans sem ekki vilja nytja hana.

a. Fellur þá eignarheimild viðkomandi á jörðinni niður?

b. Er staða þessara aðila verri en innlendra aðila sem stundað hafa landbúnað hér á landi en hætta síðan eftir gildistöku laganna að nytja landið?

a. Eignarheimild erlends ríkisborgara, sem eignast hefur jarðnæði með þeim hætti sem lýst er í fyrirspurninni, fellur ekki sjálfkrafa niður vegna þeirra atvika sem greind eru í fyrirspurninni. Hins vegar kunna íslensk stjórnvöld á grundvelli sérstakra lagaheimilda að geta knúið á um lok á þeirri eignarheimild. Verður hér gerð grein fyrir þeim lagaheimildum:

1. Hafi hinn erlendi ríkisborgari eignast jarðnæðið eftir gildistöku laga nr. 133/1993, um breytingu á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, hefur hann ekki þurft leyfi ráðherra til kaupanna, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, en þar segir að ekki þurfi leyfi dómsmálaráðherra:

„Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi."

Í 8. gr. laga nr. 19/1966 segir:

„Nú verður breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkvæmt 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum."

Samkvæmt tilvitnaðri 4. gr. skal ráðherra, þegar hann hefur fengið vitneskju um að maður sem eigi fullnægir skilyrðum laganna, hafi öðlast réttindi yfir fasteign, setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf með því: a) að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því b) að fá rift kaupunum, sbr. reglu 2. gr. laganna, eða með því c) að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast má þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur sá sem ráðherra veitir samkvæmt þessu má eigi vera styttri en sex mánuðir og eigi lengri en þrjú ár. Í 5. gr. laganna eru síðan ákvæði um að ef aðili sýnir ekki fram á full skilyrði fyrir því að málið sé komið í löglegt horf áður en fresturinn er útrunninn skuli ráðherra láta selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað fasteignareiganda. Tekið er fram að fasteignareigandinn sé bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir er réttindi eiga í eigninni. Þá segir að eigandi fái borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins sem honum hefði borið ef hann hefði verið löglega kominn til eignar.

Í spurningunni er sérstaklega nefnt að jörðin falli til ættingja eiganda sem ekki vilja nytja hana. Af því tilefni skal vakin athygli á 7. gr. laga nr. 19/1966, en þar segir:

„Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða afnotarétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum."

Sé raunin sú að eigandinnn hafi keypt eignina til að reka á henni landbúnað, þ.e. notfært sér staðfesturétt samkvæmt EES-samningnum, en erfingjar hans, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, ætla ekki að halda þeim rekstri áfram er ekki lengur fyrir hendi það skilyrði fyrir undanþágu frá leyfi skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966 að hinir nýju eigendur njóti hér staðfesturéttar. Erfingjarnir þurfa því að fá leyfi ráðherra til að eiga eignina eða selja hana einhverjum sem má eignast hana samkvæmt lögum nr. 19/1966, en að öðrum kosti verður ráðherra að beita ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 19/1966, sbr. það sem áður sagði.

Tekið skal fram að sérákvæði er í 6. gr. laga nr. 19/1966 um hvernig farið skuli með slíkar eignir ef eigandinn er í hjúskap og við hjónaskilnað.

2. Ef hinn erlendi aðili hefur eignast fasteignina eftir gildistöku 3. gr. fyrirliggjandi frumvarps til breytinga á jarðalögum, nr. 65/1976, skiptir máli hvort sveitarstjórn og jarðanefnd hafa notfært sér þá heimild til að áskilja allt að fimm ára fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana og jafnframt þá heimild að eignin verði nýtt til landbúnaðar. Hafi þessi leið verið farin og hinum

settu skilyrðum er ekki fullnægt út þann tíma sem áskilinn hefur verið getur sveitarstjórn skv. 2. mgr. hins nýja ákvæðis með samþykki landbúnaðarráðherra sett eigandanum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengnu samþykki jarðanefndar og ráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

3. Hafi eigandinn eignast eignina fyrir gildistöku laga nr. 133/1993, um breytingu á lögum nr. 19/1966, og þar með fyrir gildistöku breytinga á jarðalögunum samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi hefur hann þurft leyfi dómsmálaráðherra til að eignast eignina og þá eftir atvikum sveitarstjórnar og jarðanefndar skv. 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Eigi hann eignina áfram en ákveði hins vegar að hætta að reka landbúnað á henni verður ekki séð að stjórnvöld geti af því tilefni náð fram breytingu á því eignarhaldi nema þá á grundvelli hinna sérstöku eignarnámsheimilda jarðalaga, nr. 65/1976, t.d. 15. gr. þegar meðferð jarðar, lands eða landsnytja er ekki í samræmi við ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga, en slíkt ætti þó ekki við nema í algjörum undantekningartilvikum.

b. Að því marki sem reglur laga nr. 19/1966, með síðari breytingum, leiða til þess að stjórnvöld geta gripið inn í eignarhald erlendra ríkisborgara á fasteignum hér á landi, þar sem t.d. undanþága vegna staðfesturéttar EES-aðila er ekki lengur fyrir hendi eða vegna breytinga á eignarhaldi við erfðir, kann staða hinna erlendu aðila að vera verri en innlendra aðila sem stundað hafa landbúnað hér á landi en hætta síðan eftir gildistöku laganna að nytja landið. Ákvæði fyrirliggjandi frumvarps til breytinga á jarðalögunum leiða sem slík ekki til þess að staða hins erlenda ríkisborgara verði verri, enda verður að ganga út frá því að innlendum aðilum og þeim sem njóta EES-réttar verði ekki mismunað við framkvæmd þeirra t.d. varðandi skilyrði sem sett eru samkvæmt heimild í 3. gr. frumvarpsins.

3. Verður réttarstaða þeirra Íslendinga sem eignast jarðnæði til landbúnaðarnota eftir gildistöku laganna verri en hinna sem stunda landbúnað á eigin jörð við gildistökuna?

Ákvæði frumvarpsins breyta möguleikum Íslendinga til að eignast jarðnæði til landbúnaðarnota með tvennu hætti:

a. Skv. 3. gr. er sveitarstjórn og jarðanefnd veitt *heimild* til að binda samþykki sitt á aðilaskiptum að fasteignum, sem jarðalögin taka til skv. 6. gr. laganna, skilyrðum um tímabundna búsetu og nýtingu eignarinnar.

b. Í 5. gr. frumvarpsins er sett það *skilyrði* að ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. að nýta hana til landbúnaðar, sbr. nánari afmörkun í ákvæðinu, skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. Sérstök ákvæði eru um heimild ráðherra til að veita undanþágu og til að skilgreina nánar hvað teljist landbúnaður í merkingu greinarinnar.

Þessi ákvæði eiga þó eingöngu við ef afla þarf leyfis sveitarstjórnar og jarðanefndar skv. 6. gr. jarðalaganna og eiga þannig ekki við þegar eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til maka síns, barns, barnabarns, kjörbarns, fósturbarns, systkinis eða foreldra.

Framangreind ákvæði taka eingöngu til þeirra aðilaskipta sem verða eftir gildistöku laganna og þau þrengja möguleika jafnt Íslendinga sem erlendra aðila til að eignast jarðnæði til landbúnaðarnota frá því sem nú er og sé heimildin í 3. gr. frumvarpsins nýtt verður réttarstaða þeirra sem eignast jarðnæði til landbúnaðarnota eftir gildistöku laganna háð því að þeir uppfylli þau tímabundnu skilyrði sem sett hafa verið af sveitarstjórn og jarðanefnd. Frá lögfræðilegu sjónarmiði er ekki tilefni til að svara því hvort réttarstaða í því dæmi, sem fyrirspurnin hljóðar um, verður verri eins það er orðað í spurningunni. Með reglum frumvarpsins er hins vegar aukið á þær takmarkanir sem í gildi eru um hverjir geti eignast jarðnæði til landbúnaðarnota og nýtingu á því.

4. Skv. 3. gr. frumvarpsins er sveitarstjórn veitt heimild til að binda samþykki fyrir aðilaskiptum fimm ára búsetu á eigninni eða það skammt frá henni að nýting hennar til landbúnaðar sé möguleg. Spurt er:

a. Er með hliðsjón af vernd eignarréttarins skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar hægt að beita einhverjum þvingunarúrræðum gagnvart þeim sem ekki standa við slík skilyrði eftir að aðilaskipti hafa orðið?

Í 2. mgr. 3. gr. eru sérstök ákvæði um úrræði sem stjórnvöld geta beitt ef aðili fullnægir ekki þeim skilyrðum sem honum hafa verið sett. Á grundvelli þeirra kann að koma til þess að sveitarstjórn beiti eignarnámi, en til þess þarf samþykki jarðanefndar og ráðherra. Áður skal aðila þó settur frestur til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Eignarnámsheimild þessi uppfyllir skilyrði 67. gr. stjórnarskrárinnar um lagaheimild og fullt verð, en það skal ákveðið samkvæmt lögum um eignarnám ef ekki næst samkomulag. Ekki verður séð að tilefni sé til þess að stjórnvöld beiti öðrum þvingunarúrræðum en tilgreind eru í ákvæðinu.

b. Má ætla að ákvæðis 3. gr. bíði sömu örlög og sjö ára búsetuákvæði írsku jarðalaganna sem nú hefur orðið að víkja fyrir 52. gr. Rómarsáttmálans?

Sá veigamikli munur er á þessum tveimur ákvæðum að annað þeirra veitir heimild til að mæla fyrir um búsetu á eigninni eftir að hún hefur verið keypt, en hitt fjallar um búsetuskilyrði *áður* en eign er keypt. Í 3. gr. frumvarpsins er þannig kveðið á um heimild til að mæla fyrir um búsetu á eigninni í allt að tiltekinn tíma eftir að hún hefur verið keypt, en 45. gr. írsku jarðalaganna kvað á um að þeir sem ekki hefðu verið búsettir á Írlandi í a.m.k. sjö ár þyrftu að fá samþykki stjórnvalda til kaupa á jörð.

Það hefur verið litið svo á að reglur ESB-réttarins stæðu því ekki í vegi að stjórnvöld settu skilyrði um búsetu á fasteign við kaup á henni, enda sé slíkt skilyrði í eðlilegu og nauðsynlegu sambandi við hagnýtingu eignarinnar, t.d. bújörð, og þess gætt að beita skilyrðinu með sama hætti gagnvart innlendum og ESB-aðilum, sjá Samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi, álitsgerð, júní 1992, bls. 93, og Erik Werlauff, Den danske sommerhuslovgivning í EF-retlig belysning, Tidskrift for Terrsvidenskap 5/93, bls. 508–509. Í þessu samhengi má benda á að í dönskum reglum um nýtingu bújarða er kveðið á um búsetuskyldu í framhaldi af kaupum á bújörð og getur sú skylda staðið í átta ár, sjá 16.–17. gr. a í lov om landbrugsejendomme 504/1989 og Bekendtgørelse om uddannelseskrav og bopælskrav m.v. í henhold til landbrugsloven, nr. 549/1989.

Með hliðsjón af framansögðu verður ekki séð að þau sjónarmið, sem réðu afstöðunni gagnvart 45. gr. írsku jarðalaganna, eigi við um 3. gr. frumvarpsins, þó með fyrirvara um það hvernig henni verður beitt í framkvæmd.

5. Skv. skilyrðum 5. gr. frumvarpsins þarf sá er yfirtekur jörð á grundvelli aðilaskipta skv. 6. gr. jarðalaga að hafa starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. Því er spurt:

Er mögulegt að skilyrða slíka starfsreynslu við landbúnað hér á landi allt fjögurra ára tímabilið? Ef ekki, má þá ekki ætla að sveitarstjórnum muni reynast erfitt að staðreyna starfsreynslu útlendinga sem hyggðust hefja hér störf við landbúnað?

Eins og rakið er í athugasemd við 5. gr. frumvarpsins er viðmiðunin um að viðkomandi hafi starfað í tvö ár hér á landi byggð á því að samkvæmt tilskipun EB nr. 63/261 skal sá aðili, sem hefur starfað sem launþegi í landbúnaði í aðildarríkinu í tvö ár, hafa rétt til að reka sjálfstæða landbúnaðarstarfsemi til jafns við og með sömu skilyrðum og innlendir aðilar. Telja verður því vafasamt að skilyrði um fjögurra ára starfsreynslu hér á landi stæðist og líkur á að það teldist mismunun gagnvart erlendum EES-aðilum. Hins vegar væri hægt að stytta þennan tíma og miða eingöngu við tvö ár hér á landi.

Um það hvort sveitarstjórnum muni reynast erfitt að staðreyna starfsreynslu útlendinga, sem hyggjast hefja hér störf við landbúnað, verður ekkert fullyrt fyrir fram. Hins vegar er rétt að benda á að hliðstætt ákvæði er í 4. tölul. 1. mgr. danskra reglna, sbr. Bekendtgørelse om uddannelseskrav og bopælskrav m.v. í henhold til landbrugsloven, nr. 549/1989, og verður að ætla að reynt hafi á upplýsingar um slíka starfsreynslu þar. Almennt verður að ætla að eins og skráningu upplýsinga og upplýsingamiðlun milli landa er háttað nú eigi ekki að vera vandkvæði á því að staðreyna framlagðar upplýsingar um starfsreynslu útlendinga á þessu sviði. Það er íslenskra stjórnvalda að óska hverju sinni eftir að fullnægjandi gögn séu lögð fram og þá staðfest af þar til bærum aðilum í hverju landi, t.d. þeim stjórnvöldum sem fara með landbúnaðarmál eða samtökum bænda eða starfsfólks í landbúnaði.

6. Í 8. gr. frumvarpsins er sveitarstjórn heimilað að framselja forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins. Í athugasemdum við greinina kemur fram að slíkt framsal muni helst eiga sér stað í þeim tilvikum þegar um mjög sérstæðar eignir er að ræða sem sveitarfélagi er ofviða að kaupa.

a. Er fullvíst að þetta ákvæði standist 4. gr. EES-samningsins er kveður á um að ríkið megi ekki mismuna þeim aðilum sem falla undir samninginn ef hér er fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir að fjársterkir erlendir aðilar geti eignast hlutdeild í helstu náttúruperlum landsins?

Á það verður að leggja áherslu að ákvæði 8. gr. frumvarpsins kveða ekki á um að þau gildi sérstaklega þegar erlendir aðilar ætla að kaupa eign. Eins og undirstrikað er í álitsgerð um EES-samninginn og fasteignir á Íslandi frá í júní 1992 verða íslensk stjórnvöld að gæta þess við framkvæmd þessa ákvæðis og annarra reglna um þessi mál að þeim sé beitt þannig að ekki sé um að ræða mismunun milli innlendra aðila og þeirra sem njóta EES-réttar. Einhliða og markviss beiting heimildar 8. gr. frumvarpsins eingöngu í þeim tilvikum þegar „fjársterkir erlendir aðilar" eiga í hlut kann því að fara í bága við 4. gr. EES-samningsins.

b. Í athugasemdum Búnaðarfélags Íslands við frumvarpið eins og það var lagt fram í fyrra kemur fram að eðlilegra sé að það verði ríkissjóður sem eigi forkaupsréttinn en ekki Jarðasjóður ef eitthvert hald á að vera í ákvæðinu. Er vafalaust að staða Jarðasjóðs sé nægjanlega sterk til að sjóðurinn geti neytt forkaupsréttar í öllum tilvikum?

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 43/1992, um Jarðasjóð, eru tekjur sjóðsins a) andvirði seldra ríkisjarða, b) afgjald ríkisjarða sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins og c) framlag á fjárlögum ár hvert sem nauðsynlegt er talið til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu. Af þessu má ljóst vera að staða Jarðasjóðs og þar með geta til að mæta kaupum á grundvelli forkaupsréttar ákvæðis 8. gr. frumvarpsins er háð því að tekjur sjóðsins á hverjum tíma séu nægjanlegar til að standa undir skuldbindingum hans. Væntanlega skiptir þá mestu hvaða fjárframlög sjóðurinn fær á fjárlögum ár hvert. Það ætti hins vegar ekki að skipta máli í sjálfu sér hvort það er ríkissjóður beint eða Jarðasjóður sem er kaupandinn því að ef sú fjárveiting, sem ætluð er til slíkra verkefna, hvort sem það er á sérstökum fjárlagalið undir ríkissjóði, þ.e. hjá fjármálaráðuneytinu, eða hjá Jarðasjóði, er ekki nægjanleg þarf að fá samþykkta viðbótarfjárveitingu. Rétt er líka að vekja athygli á því að ef það er ríkissjóður sem á forkaupsréttinn ættu almennar reglur að leiða til þess að fjármálaráðherra fari með ákvörðun um, hvort eignin verður keypt og væntanlega yrði eftirfarandi meðferð hennar og umsýsla í höndum fjármálaráðuneytisins, nema sérstaklega yrði mælt fyrir um aðra skipan.

Í ljósi þess sem rakið hefur verið hér að ofan ætti að vera ljóst að frá lögfræðilegu sjónarmiði er ekki nægt að fullyrða að það sé „vafalaust að staða Jarðasjóðs sé nægjanlega sterk til að sjóðurinn geti neytt forkaupsréttar í öllum tilvikum“. Þar ráða ákvarðanir fjárveitingavaldsins á hverjum tíma.

Telji nefndin þörf á frekari skýringum vegna þeirra spurninga sem fyrir mig voru lagðar og efni framangreindra svara er ég reiðubúinn til að veita þær, ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Gunnarsson, hrl.

747. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá fjármálaráðuneyti Snorra Olsen deildarstjóra og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur lögfræðing.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.	Ingi Björn Albertsson.
Finnur Ingólfsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Kristín Ástgeirsdóttir.

748. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteknum sköttum og gjöldum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund frá fjármálaráðuneyti þau Snorra Olsen deildarstjóra og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur lögfræðing.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ingi Björn Albertsson.	Guðjón Guðmundsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Finnur Ingólfsson.

749. Skýrsla [439. mál]

félagsmálaráðherra um 81. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1994.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. INNGANGUR

Hinn 11. apríl sl. var þess minnst að 75 ár voru liðin frá því að Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hóf starfsemi sína. Það er því ekki úr vegi að rifja upp að þau ákvæði, sem lágu til grundvallar stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1919, er að finna í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versölum 28. júní 1918.

Í XIII. kafla Versalasamninganna skuldbinda samningsaðilar sig til að koma á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eiga við að stríða og aðeins verða sigruð með sameiginlegu félagslegu átaki þjóðanna.

ILO var í upphafi ein af stofnunum Þjóðabandalagsins og starfaði innan vébanda þess. Eftir því sem tímar liðu varð hún hins vegar óháðari bandalaginu. Hún hefur frá árinu 1946 verið ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðavinnumálastofnunin er eina stofnunin sem lifir gamla Þjóðabandalagið. Aðildarríkin eru nú 172. Árið 1969 voru henni veitt friðarverðlaun Nobels.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan, sem er ein af fastastofnunum ILO, hefur lengst af haft aðsetur í Genf. Skömmu áður en seinni heimsstyrjöldin braust út var skrifstofan flutt vestur um haf til Kanada. Fljótlega eftir styrjaldarlok var starfsemin flutt að nýju til Genfar.

Alþjóðavinnumálastofnunin sker sig á ýmsan hátt frá öðrum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Sérstaðan kemur gleggst fram í 3. gr. stofnskrárinnar um allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðavinnumálaþingið, sem haldið er árlega í Genf. Þar kemur fram að fjórir fulltrúar frá hverju aðildarríki skuli eiga sæti á þinginu. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar, annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda en hinn fulltrúi launafólks viðkomandi ríkis. Þessir þrír aðilar, fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, fulltrúar samtaka atvinnurekenda og fulltrúar samtaka launafólks, eiga aðild að stjórnarnefnd stofnunarinnar og sitja í öllum nefndum og ráðum á hennar vegum. Þetta þríhliða samstarf er einstakt fyrir alþjóðastofnun.

Meginviðfangsefni Alþjóðavinnumálaþingsins er afgreiðsla alþjóðasamþykkta. Í samþykktum ILO eru settar fram lágmarkskröfur. Með fullgildingu samþykktar skuldbindur aðildarríki sig til að uppfylla kröfurnar sem í flestum tilvikum snerta rétt þegnanna til félagslegs öryggis, t.d. til öruggrar afkomu, vinnuumhverfis sem er skaðlaust heilsu þeirra o.s.frv.

Að öðrum þræði fjalla samþykktirnar um skyldu aðildarríkis til afla á markvissan hátt upplýsinga um þróunina á vinnumarkaðinum, t.d um atvinnuleysi, framboð atvinnu og lengd vinnutíma. Hluti samþykktanna er um aðbúnað skipverja. Samtals hefur þingið afgreitt 175 samþykktir og hafa margar þeirra sett sitt mark á íslenska löggjöf. Ísland hefur fullgilt 18 samþykktir.

Á árinu 1995 er ástæða til að minnast annarra tímamóta. Hinn 19. október nk. eru liðin 50 ár frá því að aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt á 27. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var í París. Aðalhvatamaður þess að Ísland gerðist aðildarríki ILO var Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrverandi forsætis- og félagsmálaráðherra. Stefán hreyfði þessu máli fyrst á Alþingi í september árið 1943 með því að leggja fram þingsályktunartillögu í sameinuðu Alþingi um athugun og undirbúning að þátttöku Íslands í alþjóðlegu félagsmálastarfi. Þingsályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, á hvern hátt Ísland gæti orðið þátttakandi í alþjóðlegu félagsmálastarfi með því að gerast meðlimur í Alþjóðlega vinnumálasambandinu (International Labour Organisation) og þó sérstaklega, á hvern hátt Ísland gæti orðið aðili að Alþjóðlegu vinnumálaskrifstofunni (International Labour Office) sem aðsetur hafði áður í Genf í Sviss, en nú í Montreal í Kanada. Sé það athugað, hvaða kostnað það hefði í för með sér fyrir Ísland."

Þingsályktunartillagan var tekin til einnar umræðu í sameinuðu þingi 28. september 1943. Í framsöguræðu sinni rakti Stefán Jóhann Stefánsson tillögur Wilson, forseta Bandaríkjanna, sem lágu til grundvallar stofnun Þjóðabandalagsins og hugmyndir hans um það hve mikilvægt það væri að koma á hagnýtum úrbótum í alþjóðlegu félagsmálastarfi. Hann vakti athygli á því sem kemur fram í forspjalli stofnskrár ILO um að orsaka styrjalda sé ekki síður að leita í félagslegu ranglæti innan þjóðfélaga en ágreiningi milli þjóða. Flutningsmaður gerði í ræðunni grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og bendir á að „nú eru svo mörg félagsleg mál á döfinni hjá íslenska ríkinu og gera má ráð fyrir, að þátttakan í Alþjóðlega vinnumálasambandinu verði ríkinu til mikils hagræðis við að fá góða lausn á þeim málum".

Þingsályktunartillaga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sækja um aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt með 27 samhljóða atkvæðum á Alþingi 7. desember árið 1944.

Í skýrslu þeirri, sem hér með er lögð fyrir Alþingi, er gerð grein fyrir málefnum sem voru á dagskrá 81. Alþjóðavinnumálaþingsins sem háð var dagana 7. til 24. júní 1994.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastarf. Í nýju samþykktinni er að finna skilgreiningar á hugtökum eins og hlutastarfsmaður. Helsta skuldbindingin fyrir aðildarríki að nýju alþjóðasamþykktinni felst í því að vernda réttindi þeirra sem vinna hlutastarf. Samþykktin hefur að geyma ákvæði um það hvaða réttindi starfsmenn í hlutastarfi skuli hafa með samanburði við fullvinnandi starfsmenn.

Sjötíu og fimm ára afmælis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var minnst með margvíslegum hætti á þinginu. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros-Ghali, og forseti sambandsstjórnar Sviss, Jean-Pascal Delamuraz, voru sérstakir gestir þingsins. Umræður á allsherjarþingi vinnumálaþingsins snerust fyrst og fremst um skýrslu forstjóra ILO, Michel Hansenne, sem að þessu sinni fjallaði um brýnustu viðfangsefni stofnunarinnar á næstu árum. Þar eru rannsóknir og leiðbeiningar á aðferðum til að fjölga störfum í forgangsröð. Sá þáttur skýrslunnar, sem flestir ræðumenn tjáðu sig um, var það hvort rétt sé að gera auknar kröfur um virðingu fyrir mannréttindum og lágmarksréttindum á sviði félagsmála samfara frjálsræði í viðskiptum og fjárfestingum í heiminum. Ræðumenn voru ekki á eitt sáttir um þetta a.m.k. hvort rétt sé að tengja þetta tvennt saman.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu er fjallað um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tillögum sem þingin hafa afgreitt. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir umræðum í þingnefnd um þetta efni og fjallað um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO hefur gert við framkvæmd Íslands á nokkrum alþjóðasamþykktum.

Fram fór almenn umræða um vinnumiðlun á vegum einkaaðila og fyrri umræða um öryggi og heilsugæslu námuverkamanna.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 81. Alþjóðavinnumálaþingið og birt alþjóðasamþykkt nr. 175 og tillaga nr. 181, um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf, sem þingið afgreiddi.

2. 81. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1994

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Alþjóðavinnumálaþingið var háð í 81. skiptið dagana 7. til 24. júní 1994. Að venju fór þinghaldið að mestu fram í höll Þjóðabandalagsins í Genf. Fundir fjölmennustu nefndarinnar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, voru haldnir í húskynnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Samtals tóku þátt í þinginu rúmlega 2.000 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Aðildarríkjunum heldur áfram að fjölga og sendu fleiri en nokkru sinni fulltrúa til þingsins eða 158 ríki af 172.

Forseti þingsins var kjörinn fulltrúi launafólks í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Charles Grey. Varaforsetar voru kjörnir úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Kosnir voru ríkisstjórnarfulltrúi Búlgaríu, Evgueniy Matinchev, Mohamed Ali Sidi, fulltrúi atvinnurekenda á Máritaníu, og Democrito Mendoza, fulltrúi launafólks á Filippseyjum.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri og Gylfi Kristinsson deildarstjóri, bæði starfsmenn félagsmálaráðuneytisins. Frá utanríkisráðuneyti: Kjartan Jóhannsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn voru: Lilja Ólafsdóttir sendiráðunautur og Guðmund-

ur B. Helgason sendiráðsritari. Á þingtímanum voru þau bæði starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Bryndís Hlöðversdóttir, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hennar var Hervar Gunnarsson, varforseti ASÍ. Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður leysti aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans var liðinn.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Drög að alþjóðasamþykkt um félagslegt öryggi þeirra sem vinna hlutastörf (síðari umræða).
5. Öryggi og heilsugæsla námuverkamanna (fyrri umræða).
6. Vinnumiðlun á vegum einkaaðila.
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.
8. Tillögur til þingsályktunar.

Fyrirkomulaginu, sem tekið var upp á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu, var haldið þetta þing. Í því felst að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, ályktunarnefndar, nefndar sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt um félagslegt öryggi þeirra sem vinna hlutastörf, nefndar um hlutverk vinnumiðlunar á vegum einkaaðila, nefndar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, fjárhagsnefnd og ályktunarnefnd.

Sérstakir heiðursgestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálaþingsins í tilefni af 75. ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar voru framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros-Ghali, og forseti sambandsstjórnar Sviss, Jean-Pascal Delamuraz.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Sjötíu og fimm ára afmælis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var minnst á ýmsan hátt á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, notaði þessi tímamót til taka til endurmats stefnu og starf stofnunarinnar og setja fram hugmyndir og tillögur um viðfangsefni í næstu framtíð. Þetta gerði forstjórinn í árlegri skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins sem að þessu sinni bar heitið: Til varnar gildum, hvatt til breytinga. Félagslegt réttlæti í hagkerfi án landamæra: Viðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (Defending values, promoting change. Social justice in a global economy: An ILO Agenda).

Í skýrslunni til þingsins varar forstjórinn við þeirri þróun að nota yfirstandandi efnahagskreppu sem ástæðu til að skerða félagslegt réttlæti í heiminum. Samtenging efnahagslífisins í heiminum hefur valdið nýjum vandamálum á sviði félagsmála. Ójöfnuður innan ríkja og á milli ríkja hefur aukist vegna mismunandi getu þjóða til að laga sig að og standast aukna samkeppni í heimsviðskiptum. Veruleg hætta er á því að mörg þeirra þróunarlanda sem standa tæpast verði undir í þessari samkeppni. Á sama tíma og nán-

ari samvinna á sér stað á sviði heimsverslunar og viðskipta hafa veikleikar alþjóðasamþykkta um félagsleg réttindi komið í ljós. Kjarasamningar sem gerðir eru innan landamæra eins ríkis megna ekki að tryggja sanngjarna niðurstöðu vegna þess að fjölþjóðleg fyrirtæki geta flutt starfsemi frá einu landi til annars og hafa á stundum afgerandi markaðshlutdeild. Tækifæri einstakra ríkja til að hafa efnahagsleg áhrif hafa á undanförnum árum verið verulega takmörkuð vegna greiðari fjármagnsflutninga á milli landa og afnámi hafta á erlenda fjárfestingu.

Forstjórinn telur að meginviðfangsefnið sem samfélag þjóðanna þurfi að takast á við sé setning alþjóðlegs reglukerfis sem geti tekið á aðsteðjandi vandamálum á sviði félags- og vinnumála.

Hansenne leggur áherslu á að ástæðurnar sem lágu að baki stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1919 séu enn í fullu gildi. Áhrif ILO á þróun félags- og vinnumála eru viðurkennd um heim allan. Þar af leiðandi þurfi ekki að nota þessi tímamót til að líta til baka og vekja athygli á þeim árangri sem þegar hefur náðst. Mikilvægara sé að horfa fram á veginn og efla bráttuna gegn því að einföld lögmál hins sterka gildi í samskiptum og viðskiptum þjóða. Þar af leiðandi sé aðkallandi að endurskoða viðfangsefni og starfsaðferðir ILO þannig að stofnunin geti þjónað kalli tímans að þessu leyti.

Í skýrslunni leggur forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ríka áherslu á að aðrar alþjóðastofnanir tileinki sér starfsaðferðir ILO og taki mið af þeim alþjóðalega vinnurétti sem hefur verið þróaður á vettvangi stofnunarinnar í starfi sínu. Í þessu sambandi bendir hann fyrst og fremst á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann, hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT) og aðrar mikilvægar svæðastofnanir.

Kjarninn í tillögum hans er að afla þurfi viðurkenningar á gildi þríhliða samstarfsins (tripartism) á alþjóðavettvangi. Lögð er áhersla á aðild Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að stefnumótun í alþjóðlegum efnahagsmálum þannig að tekið sé tillit til félags- og vinnumála. Þetta muni gefa aðilum vinnumarkaðarins tækifæri til að gegna viðeigandi hlutverki í heimi sem sífellt verður smærri vegna greiðari og nánari samskipta á sviði efnahagsmála.

Fram kemur það álit í skýrslunni að fjölgun arðbærra starfa, sem valin eru af frjálsum og fúsum vilja, eigi að vera forgangsverkefni fyrir stjórnmálamenn í öllum ríkjum heimsins. Það hljóti þar af leiðandi einnig að njóta forgangs í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hlutverk stofnunarinnar eigi að felast í því að benda á nýjar leiðir sem samræmi kröfur vinnuréttar og réttarins til vinnu. Í þessu sambandi leggur forstjórinn til að ILO gefi út árlega skýrslu sem hafi að geyma áreiðanlegar upplýsingar um áhrif stefnu í efnahags- og fjármálum á framboð vinnu og tekjur í heiminum.

Forstjórinn tekur undir í skýrslunni það álit að nauðsynlegt sé að endurskoða þær alþjóðasamþykktir ILO sem hafa reynst flóknar eða úreltar. En samtímis sé nauðsynlegt að tryggja framkvæmd mikilvægustu samþykktanna sem eigi að verða skuldbindandi fyrir öll aðildarríkin og ákvæði þeirra viðurkennd sem lágmarksréttindi hvar sem er í heiminum. Í þessu sambandi hreyfir hann máli sem fjöldamargir ræðumenn gerðu að umtalsefni á vinnumálaþinginu, þ.e. spurningunni um að taka upp ákvæði í alþjóðlega tolla- og viðskiptasamninga þar sem samningsaðilar skuldbinda sig til að virða tiltekin lágmarksréttindi á sviði félags- og vinnumála (social clause). Forstjórinn vekur á því athygli að á þessu sviði ráði Alþjóðavinnumálastofnunin yfir þekkingu sem geti orðið samfélagi þjóðanna að liði við lausn aðsteðjandi vandamála.

Eins og að framan segir var það síðastnefnda atriðið sem var ræðumönnum á allsherjarþinginu ofarlega í huga. Um þetta leyti voru samningaviðræður um tolla og viðskipti, sem kenndar eru við Úrúgvæ, á lokastigi. Í þeim þætti viðræðnanna, sem fjölluðu um þjónustuviðskipti, komu fram hugmyndir um að samfara auknu viðskiptafrelsi yrðu gerðar kröfur um um bætt vinnuskilyrði. Að minnsta kosti yrði að krefjast þess að bundinn verði endi á verstu dæmin um kúgun og misbeitingu launafólks. Þessar hugmyndir hafa mætt andstöðu bæði frá þróunarlöndum og nokkrum nýjum iðnríkjum sem telja ákvæði um lágmark félagslegra réttinda vera verndarstefnu í nýrri mynd.

Helstu andstæðingana gegn því að taka upp í viðskiptasamninga ákvæði um lágmark félagslegra réttinda var að einkum að finna í röðum fulltrúa atvinnurekenda. Fulltrúi bresku ríkisstjórnarinnar tók einnig afstöðu gegn þessum hugmyndum. Hins vegar lýstu fulltrúar ríkisstjórna Bandaríkjanna og Frakklands yfir stuðningi sínum við hugmyndir af þessu tagi, a.m.k. við það að þær skuli kannaðar nánar. Fulltrúar annarra landa tóku ekki afstöðu með jafnafgerandi hætti en töldu nauðsynlegt að skilgreina betur hvernig þetta yrði framkvæmt.

Vinnumálaráðherra Bandaríkjanna lýsti þeirri skoðun sinni að tilteknar alþjóðasamþykktir á sviði félags- og vinnumála væru ófrávíkjanlegar. Þau lönd sem vildu telja sig í hópi siðmenntaðra ríka yrðu að virða þessar samþykktir. Hann nefndi í þessu sambandi að samþykktir ILO gætu verið góður grundvöllur. Nauðungarvinna og vissa tegund af barnaþrælkun væru dæmi um óásættanlegar vinnuaðstæður. Enn fremur takmörkun á félagafrelsi og frelsi samtaka atvinnurekenda og launafólks til að gera kjarasamninga. Hins vegar taldi hann að alþjóðastofnanir eða önnur ríki ættu ekki að skipta sér af því hvernig fátæk lönd skipa vinnutíma, lágmarkslaunum eða öðrum hlutum sem snerta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Eftir því sem hagur landa vænkaðist mundi hagur borgaranna einnig að þessu leyti batna.

Á síðasta degi þingsins flutti forstjóri ILO, Michel Hansenne, ræðu þar sem hann dró saman helstu atriði sem fram komu í ræðum þingfulltrúa. Hann gerði að umtalsefni umfjöllun ræðumanna um auknar kröfur um virðingu fyrir félagslegum grundvallarréttindum í tengslum við aukið viðskiptafrelsi. Hansenne kvaðst hafa ákveðið að leggja til við stjórnarnefnd ILO að skipaður verði vinnuhópur sem verði falið að gera ítarlega úttekt á þessu málefni og leggja fyrir vinnumálaþingið frekari tillögur um áframhaldandi umfjöllun. Forstjórinn upplýsti að fjölgun starfa yrði forgangsviðfangsefni stofnunarinnar og lýsti nánar með hvaða hætti unnið yrði að því máli á vettvangi ILO. Hann staðfesti að alþjóðasamþykktirnar mundu áfram gegna lykilhlutverki í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Stofnunin beri sérstaka ábyrgð á því að framfylgja í framtíðinni grundvallarmannréttindum, einkum félagafrelsi og samningafrelsi og enn fremur að berjast gegn nauðungarvinnu og launamisrétti kynjanna.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Fámennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins er kjörbréfanefnd. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eiga þrír fulltrúar sæti í henni. Á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir sæti í nefndinni: Spencer, ríkisstjórnarfulltrúi frá Trinidad og Tobago, formaður. Enn fremur sátu í nefndinni Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Trotman, fulltrúi launafólks á Barbados.

Nefndin fjallaði um kærur vegna fulltrúa launafólks í sendinefndum Kamerún og Súdan og sendinefndarinnar frá Saír. Kært var vegna skipana fulltrúa launafólks í sendinefndum Mið-Afríkulýðveldisins, Malasíu, Marokkó, Nepal og Nígaragva, enn fremur vegna ráðgjafa atvinnurekenda í sendinefnd Líbanon.

Yfirleitt fjalla kærurnar um það að ekki hafi verið rétt staðið að vali fulltrúa í sendinefndirnar. Í stofnskránni er kveðið á um rétt helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks til að senda fulltrúa á þingið. Stundum er ekki ljóst hvaða samtök geta gert tilkall til að eiga fulltrúa í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu og verður það tilefni deilna.

Nefndin var sammála um að taka öll kjörbréf gild. Þegar kjörbréfanefnd er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu.

2.4. FJÁRMÁL

Í fjárhagsnefnd sitja einungis fulltrúar ríkisstjórna. Nefndin hélt fund 14. júní 1994. Formaður var kjörin Y. Zhang frá Kína og S. Randiga frá Kenýa sem varaformaður. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Fyrir nefndinni lá skýrsla um fjárhagslega stöðu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í skýrslunni komu fram upplýsingar um greiðslur aðildarríkjanna á árgjöldum til stofnunarinnar. Lögð var fram tillaga um hlutdeild aðildarríkjanna í útgjöldum vegna ársins 1995.

Fram kom að róttækar aðhaldsaðgerðir undanfarinna ára eru farnar að skila árangri. Fjárhagur ILO er traustur um þessar mundir og var ákveðið að verja umframtekjum til aðstoðar á Gasa og á vesturbakka Jórdanár. Einnig var samþykkt að styrkja uppbygginu í Suður-Afríku. Loks var ákveðið að verja fjárupphæð í kynningu á Alþjóðavinnumálstofnuninni í tilefni af 75 ára afmæli hennar.

Þingið samþykkti tillögu fjárhagsnefndar um að árgjald Suður-Afríku verði 0,40% af heildarárgjöldum aðildarríkjanna, Georgíu 0,21%, Tadzhikistan 0,05%, Túrkmenistan 0,06%, Tékklands 0,42% og Slóvakíu 0,13%.

Samkvæmt fjárhagsáætluninni, sem 80. þingið samþykkti, verða heildarútgjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árinu 1995 338.219.750 svissneskir frankar. Í þessu felst að árgjald Íslands, sem er 0,03% af útgjöldunum, vegna ársins 1995 er 101.466 svissneskir frankar. Frá þeirri upphæð dragast 1.129 frankar vegna skilvísra skila á árgjaldi ársins 1994. Árgjaldið verður því 99.311 svissneskir frankar.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Frá stofnun hefur hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fyrst og fremst snúist um samningu samþykkta á sviði félags- og vinnumála. Í þeim er mælt fyrir um lágmarkskröfur um kaup, kjör og aðbúnað launafólks. Það er á valdi aðildarríkja stofnunarinnar að ákveða hvort þau undirgangast skuldbindingar sem eru fólgnar í samþykktunum með því að fullgilda þær. Í fullgildingu felst meðal annars að aðildarríki skuldbindur sig til að fara að ákvæðum hlutaðeigandi samþykktar og samþykkir að ILO hafi eftirlit með framkvæmdinni. Eftirlitið er byggt á skýrslum aðildarríkjanna um framkvæmd samþykktanna sem eru rannsakaðar af sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sérfræðinganefndin semur skýrslu um niðurstöður sínar. Þessi skýrsla er til umfjöllunar í einni af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins, nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem er mikilvægasta nefnd vinnumálaþingsins. Skýrsla sérfræðinganefndarinnar lengist með hverju ári og var að þessu sinni 558 blaðsíður. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eft-

ir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Venjulega tekst nefndinni að fjalla um 50 til 60 mál um þingtímann.

Á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 219 fulltrúar með atkvæðisrétti; 109 fulltrúar ríkisstjórna, 30 fulltrúar atvinnurekenda og 88 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu 122 varafulltrúar fundi nefndarinnar. Loks áttu áheyrnarfulltrúar 22 alþjóðasamtaka sæti í nefndinni. Á fundunum sátu oft á tíðum rúmlega 360 fulltrúar. Nefndin hélt samtals 19 fundi um þingtímann.

Formaður var kosinn Jean-Jacques Elmiger, fulltrúi ríkisstjórnar Sviss. Þetta var í þriðja skipti sem hann gegndi þessu vandasama hlutverki. Áður hafði Jean-Jeacques Elmiger gegnt formennsku í nefndinni árið 1989 á 76. vinnumálaþinginu og árið 1991 á 78. þinginu.

Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu. Þess skal getið að formaður sérfræðinganefndar ILO, Ruda, fylgdist með umræðum í nefndinni.

Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Bryndís Hlöðversdóttir og Hervar Gunnarsson frá ASÍ, Hrafnhildur Stefánsdóttir frá VSÍ og Gylfi Kristinsson sem var fulltrúi ríkisstjórnar Íslands.

Sjötíu og fimm ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar setti mark sitt á starf nefndarinnar. Að venju hófst nefndarstarfið með almennum umræðum um eftirlitskerfi ILO. Umræðurnar byggðust fyrst og fremst á fyrsta hluta skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins. Þarnæst var tekin til umræðu sérstök úttekt sérfræðinganefndarinnar á framkvæmd tveggja af grundvallarsamþykktum stofnunarinnar, þ.e. alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagsfrelsi, og samþykkt nr. 98, um samningafrelsi. Þriðja umræðuefnið, áður en tekið var til við umræður um málefni sem tengdust einstökum aðildarríkum, var framtíðarhlutverk og þróun alþjóðalegs vinnumálaréttar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Almennar umræður.

Almennar umræður í nefndinni snerust að venju fyrst og fremst um eftirlit Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með framkvæmd aðildarríkjanna á stofnskrá og samþykktum ILO. Margir þingfulltrúar vöktu athygli á breytingum sem hafa átt sér stað á undanförnum árum í samfélagi þjóðanna. Rótgrónar og tímafrekar deilur í nefndinni á milli fulltrúa frá austri og vestri um kosti og galla markaðskerfis og áætlunarbúskap sósíalista eru horfnar. Í þeirra stað hafa blossað upp átök þjóða, þjóðarbrota og minnihlutahópa. Lögð var áhersla á vanda allflestra aðildarríkjanna sem felst í viðvarandi og vaxandi atvinnuleysi. Af þessum ástæðum töldu margir ræðumenn nauðsynlegt að laga samþykktir ILO að nýjum aðstæðum þannig að stofnunin geti tekist á við viðfangsefni 21. aldarinnar. Margir nefndu aðlögun og sveiganleika í þessu sambandi.

Á árinu 1993 fjölgaði fullgildingum mikið frá árinu á undan. Samtals voru skráðar 398 fullgildingar 38 aðildarríkja. Hinn 31. desember 1993 voru samtals skráðar 6.050 fullgildingar. Þessi fjölgun fullgildinga á að nokkru leyti rót að rekja til fjölgunar aðildarríkja. Á síðustu fjórum árum hefur aðildarríkjunum fjölgað úr 148 í 172.

Rætt var um skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Aðildarríki eiga að jafnaði senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta á tveggja eða fjögurra ára fresti. Ríkjunum ber að senda skýrslurnar fyrir 15. október ár hvert. Í nefndinni kom fram að með auknum fjölda fullgildinga eiga aðildarríkin í sívaxandi erfiðleikum með að standa við skuldbindingu um að senda skýrslu um framkvæmd samþykktanna fyrir tilskilinn frest. Um þriðjungur aðildarríkjanna uppfyllir ekki að fullu skyldur að þessu leyti og veikir það eftirlitskerfi ILO. Þetta dregur einnig úr tækifærum stofnunarinnar til að eiga skoðanaskipti við hlutaðeigandi ríkisstjórnir um úrbætur á því sem miður fer í framkvæmd alþjóðasamþykkta. Í þessu sambandi var rætt um að endurskoða skrána yfir samþykkir og kanna hvort ekki sé hægt að setja fleiri samþykktir í þann flokk þar sem einungis er krafist skýrslu á fjögurra ára fresti.

Rætt var um viðfangsefni nefndar um félagafrelsi, en hún fjallar eingöngu um meint brot á samþykktum nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi. Fulltrúi ríkisstjórnar Argentínu benti á að um það bil helmingur allra kærumála sem nefndin fjallaði um á árunum 1985 til ársins 1994 snerti aðstæður í rómönsku Ameríku.

Nefndin fjallaði einnig um framkvæmd samþykktar nr. 29, um nauðungarvinnu. Margir ræðumenn lýstu áhyggjum sínum yfir umfangsmikilli barnaþrælkun í mörgum ríkjum og að nauðsynlegt væri að fá stjórnvöld til að sýna pólitískan vilja til að taka á þessu vandamáli.

Margir ræðumenn gerðu væntanlega Alþjóðaviðskiptastofnun (WTO) að umtalsefni. Bent var á nauðsyn á aðild ILO að verkefnum og áætlunum nýju stofnunarinnar. Einnig væri aðild ILO nauðsynleg að verkefnum á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, einkum ef þau snertu félags- og vinnumál.

Framkvæmd samþykkta um félaga- og samningafrelsi.

Miklar umræður áttu sér stað í nefndinni um skýrslu sem unnin var sameignlega af sérfræðinganefnd ILO og alþjóðavinnumálaskrifstofunni um framkvæmd alþjóðasamþykkta nr. 87, um félagsfrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi (Freedom of association and collective bargaining). Segja má að tilvera og stefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar byggi á þessum tveimur samþykktum og þríhliða samstarfinu á milli atvinnurekenda, launafólks og ríkisstjórna. Fleiri aðildarríki hafa fullgilt samþykktir nr. 87 og 98 en nokkrar aðrar ILO-samþykktir. Hinn 31. desember 1993 höfðu samtals 109 aðildarríki fullgilt samþykkt nr. 87 og 123 ríki samþykkt nr. 98.

Í umræðunum var víða komið við og snerist hún á stundum um efni sem var mjög tækilegs eðlis. Almennt tóku allir ræðumenn undir þýðingu þess að samþykktirnar væru framkvæmdar með sama hætti alls staðar í heiminum og án tillits til þróunarstigs hlutaðeigandi lands. Skýrsla sérfræðinganefndarinnar ber með sér að ýmislegt hefur áunnist á undanförnum árum að því er varðar framkvæmd þessara tveggja samþykkta. En í henni er einnig að finna lýsingu á alvarlegum brotum einkum í rómönsku Ameríku.

Í nefndinni var rætt um tengslin á milli réttarins til að taka þátt í starfsemi stéttarfélaga og borgaralegra og pólitískra réttinda. Á því var vakin athygli að árlega, þegar nefndin fjallar um framkvæmd á samþykktunum, kemur fram að einstök ríki telji sér heimilt að leggja þátttöku í starfsemi stéttarfélaga að jöfnu við glæpsamlegt athæfi sem leyfilegt sé að berja niður með öllum tiltækum ráðum án þess að refsað sé fyrir slík mannréttindabrot.

Fulltrúi Finnlands hélt ræðu fyrir hönd Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar í nefndinni undir þessum dagskrárlið. Í ræðunni var þakkað fyrir skýrsluna og sett fram það álit að hún muni stuðla að því að samþykktum nr. 87 og 98 verði framfylgt á virkari hátt en verið hefur fram til þessa. Bent var á að samþykktirnar taki til grundvallarmannréttinda sem eigi að gilda hvar sem er í heiminum, hvort sem um sé að ræða iðnríki eða þróunarríki. Þessi réttindi séu forsenda annarra grundvallarmannréttinda, t.d. fundafrelsis, réttar til að flytjast á milli landa, skoðanafrelsis og málfrelsis. Samtök atvinnurekenda og launafólks geti ekki starfað á fullnægjandi hátt án þessara réttinda.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands hélt ræðu í nefndinni undir þessum dagskrárlið. Hann lýsti yfir fullum stuðningi við þau atriði sem fulltrúi Finnlands hafði tekið upp í ræðu sinni. Ræða finnska fulltrúans hafi gefið honum tækifæri til að fjalla nánar um einstök atriði í skýrslu sérfræðinganefndarinnar og alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Fulltrúi Íslands sagði skýrsluna gefa góða mynd af framkvæmd þessar tveggja mikilvægu samþykkta og um leið þjóna þeim tilgangi að vera leiðbeinandi um framkvæmd þeirra. Hann vakti á því athygli að athugasemdir og kærumál í skýrslum sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins sýndu að ríkisstjórnir ættu oft í erfiðleikum með að framkvæma samþykktirnar á réttan hátt. Hann viðurkenndi að nefnd um félagafrelsi hafi fjallað um kærumál á hendur ríkisstjórn Íslands vegna framkvæmdar á samþykktum nr. 87 og 98 vegna afskipta af kjarasamningum. Fulltrúi Íslands benti á að einhæfni í atvinnulífi gerði þær kröfur til ríkisstjórnar og að á tímum erfiðleika yrði hún að bregðast við á skjótan hátt til að koma í veg fyrir efnahagslegt hrun og fjöldaatvinnuleysi. Hann sagði það stefnu ríkisstjórnarinnar að virða skuldbindingar sem felast í samþykkt nr. 98 og láta aðila vinnumarkaðarins um samninga um kaup og kjör.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands gerði að umtalsefni atriði í skýrslu sérfræðinganefndarinnar um forgangsréttarákvæði í kjarasamningum. Hann sagði ríkisstjórnir búa við þann vanda að þeim væri ætlað að tryggja með virkum hætti að samtök aðila vinnumarkaðarins hefðu starfsgrundvöll. Annars vegar héldu stéttarfélög launafólks því fram að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum væru forsenda þess að þau gætu starfað á eðlilegan hátt. Hins vegar væri til þess ætlast að ríkisstjórnir tryggðu hið svonefnda „neikvæða félagafrelsi", þ.e. réttinn til að standa utan félaga. Hann kvað ríkisstjórnina vera sammála niðurstöðu sérfræðinganefndar ILO þegar hún segir að samþykkt nr. 98 megi ekki túlka þannig að hún heimili eða banni forgangsréttarákvæði svo fremi sem þau séu niðurstaða af frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins.

Fulltrúi VSÍ í nefndinni hélt einnig ræðu undir þessum dagskrárlið. Í henni kom fram að það séu grundvallarréttindi launafólks að njóta félaga- og tjáningarfrelsis. Kerfi, sem þvingar allt launafólk til félagsaðildar í ákveðnum stéttarfélögum án nokkurs tillits til skoðana þess, samrýmist ekki þeim grundvallarrétti. Vinnuveitendur og stéttarfélög geti ekki með samningum svipt launafólk grundvallarréttindum sínum. Það sé ekki réttlætanlegt að vinnuveitendur séu vegna aðildar- og forgangsréttarákvæða, sem tekin hafi verið í kjarasamninga við allt aðrar félagslegar aðstæður en eru ríkjandi nú, þvingaðir til afskipta af félagsaðild starfsmanna sinna.

Rætt var um rétt atvinnurekenda og launafólks til að stofna félög til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum. Skiptar skoðanir voru í nefndinni um ummæli sérfræðinganefndarinnar um að rétturinn til að gera verkfall nyti verndar samþykkta nr. 87 og 98. Talsmenn atvinnurekenda vöktu á því athygli að orðalag samþykktanna heimilaði ekki réttinn til að gera verkfall og tóku ekki undir álit sérfræðinganefndarinnar að þessu leyti. Hluti fulltrúa ríkisstjórna bentu á heimild til að takamarka verkfallsréttinn einkum þeg-

ar í hlut eiga opinberir starfsmenn. Fulltrúar launafólks voru hins vegar þeirrar skoðunar að verkfallsrétturinn nyti verndar samþykktar nr. 87 og án hans væri félagafrelsið marklaust. Fulltrúar atvinnurekenda endurtóku það sem þeir hafa áður sagt að ekki sé hægt að takamarka skyldu stjórnvalda til að standa vörð um velferð borgaranna við það að líf og heilsu sé stefnt í hættu. Í þessum efnum hefur sérfræðinganefndin kosið að velja aðra nálgun. Hún telur að verkfallsrétturinn njóti að vissu marki verndar samþykkta nr. 87 og 98 en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum megi takmarka hann. Önnur svör er ekki að finna í skýrslu sérfræðinganna.

Framtíðarhlutverk og þróun alþjóðalega vinnumálaréttarins.

Einum fundardegi nefndarinnar var varið til að ræða viðfangsefnið: Framtíð og þróun alþjóðlega vinnumálaréttarins. Um þetta efni var fjallað í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins og einnig í skýrslu forstjóra ILO til þingsins. Þingfulltrúar sýndu þessu málefni mikinn áhuga. Samtals tóku um 50 fulltrúar til máls um þetta efni.

Eitt þeirra atriða, sem flestir fjölluðu um, var spurningin um að sett verði í tolla- og viðskiptasamninga ákvæði um skyldu samningsaðila til að virða grundvallarréttindi á sviði félags- og vinnumála (gengur undir nafninu „social clause"). Flestir fulltrúar launafólks, sem tjáðu sig um efnið, voru þeirrar skoðunar að Alþjóðavinnumálastofnunin ætti að rannsaka nánar áhrifin af slíku ákvæði. Þeir lögðu einnig ríka áherslu á áframhaldandi vinnu við samningu nýrra samþykkta ILO og endurskoðun eldri samþykkta sem þykja úreltar. Fulltrúar launafólks settu einnig fram tillögur um það hvernig hægt sé styrkja eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þannig að betur sé hægt að framfylgja samþykktum um afnám nauðungarvinnu, um bann við vinnu barna og um aðgerðir gegn misrétti á vinnumarkaði. Þeir lögðu einnig til að hafin yrði barátta fyrir setningu alþjóðasáttmála sem hefði að markmiði að öll aðildarríkin fullgiltu mikilvægustu alþjóðasamþykktirnar á sviði félags- og vinnumála.

Fulltrúar atvinnurekenda lýstu þeirri afstöðu að samþykktirnar væru leið til að ná markmiðum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en einungis ætti að setja nýjar samþykktir ef brýna nauðsyn bæri til. Þeir lögðu áherslu á að takmarka setningu nýrra samþykkta en í þess stað endurskoða eldri samþykktir. Allmargir fulltrúar ríkisstjórna tóku í sama streng.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Að venju var mestum hluta starfstíma nefndarinnar varið til að fjalla um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum, um athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Að þessu sinni mættu fulltrúar 50 ríkisstjórna til að gefa nefndinni nánari upplýsingar eða svara spurningum um einstök atriði sem snerta skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykktum eða stofnskrá ILO. Nefndin tók til sérstakrar athugunar framkvæmd á 13 alþjóðasamþykktum.

Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um neikvæða hluti, þ.e. vanrækslu aðildarríkjanna á að uppfylla skuldbindingar samkvæmt stofnskrá og alþjóðasamþykktum. En þess er einnig gætt að geta þess sem vel er gert þótt það taki minna rými. Í skýrslunni hefur verið venja að birta skrá yfir aðildarríki sem hafa sýnt í verki að þau hafa tekið tillit til ábendinga sérfræðinganna. Að þessu sinni voru í skránni 30 aðildarríki auk eins sjálfsstjórnarsvæðis. Í fleiri en 2.000 tilvikum hafa aðildarríki farið að ábendingum sérfræðinganefndarinnar frá því þessi skráning var tekin upp árið 1964.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu 1994 hlaut Indland þennan vafasama heiður. Það var vegna meintra brota á alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Í skýrslu sinni til þingsins bendir sérfræðinganefndin á að nauðungarvinna er algeng á Indlandi. Einkum er barnaþrælkun útbreitt vandamál. Þingnefndin um framkvæmd alþjóðasamþykkta lýsti yfir áhyggjum sínum yfir stöðu mála og beindi því til indverskra stjórnvalda að finna sem allra fyrst viðunandi lausn á þessu alvarlega vandamáli, t.d. með beinni aðstoð alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Nefndin óskaði eftir því að indversk stjórnvöld tækju saman nýja skýrslu um aðstæður á þessu sviði í landinu þannig að hægt yrði að fylgjast með framvindu mála og taka það upp að nýju á næsta vinnumálaþingi.

Önnur kærumál.

Málefni ákveðinna ríkja koma árlega til umfjöllunar í þingnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þau eiga það sameiginlegt að virðing stjórnvalda fyrir lýðræði og mannréttindum er vægt sagt mjög takmörkuð. Yfirleitt eru þessi ríki utan þess menningarsvæðis sem Ísland tilheyrir. Aðstæður í Myanmar (Burma) koma reglulega til umfjöllunar í þingnefndinni, einkum vegna brota á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Fulltrúi norsku ríkisstjórnarinnar tók þátt í umræðum um málefni Myanmar fyrir hönd allra Norðurlandanna fimm. Í ræðu hans var lýst áhuga fyrir upplýsingum sem fram komu hjá talsmanni ríkisstjórnar Myanmar um væntanlegt lagafrumvarp sem tekur mið af því að tryggt verði félagafrelsi í landinu. Hins vegar var á það lögð áhersla að fram til þessa hafi ekki átt sér stað neinar umbætur í raun né að lögum. Sú von var látin í ljósi að frumvarpið yrði að lögum sem fyrst þannig að stéttarfélög geti starfað óáreitt án afskipta stjórnvalda.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Sérfræðinganefndin fjallar í skýrslu sinni til 81. Alþjóðavinnumálaþingsins á tveimur stöðum um framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Alþjóðsamþykkt nr. 98, um réttinn til að semja sameiginlega.

Í skýrslunni kemur efnislega fram að sérfræðinganefndin kveðst gefa gaum að skýrslum ríkisstjórnarinnar og svörum hennar við athugasemdum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR). Hún kveðst einnig gefa gaum að síðustu athugasemdum BHMR.

Sérfræðinganefndin segist minnast þess að með bráðabirgðalögum um laun, nr. 89/1990, hafi verið numin úr gildi ýmis ákvæði fyrri kjarasamnings. BHMR telji að ríkisstjórnin hafi á ný hindrað gerð almennra kjarasamninga með því að setja skilyrði og að deilumálin fjögur milli BHMR og fjármálaráðherra, sem vísað hefur verið til Félagsdóms, bendi til þess að hugur hafi ekki fylgt máli hjá ríkisstjórninni.

Í athugasemdum BHMR frá 22. desember 1993 komi fram að bráðabirgðalög nr. 89/1990, sem síðar urðu að lögum nr. 4/1991, hafi svipt félaga BHMR öllum launahækkunum og bættum kjörum samkvæmt samningnum sem BHMR hafði gert og undirritað 1989 þar eð 5. gr. (þar sem þess var meðal annars getið að laun BHMR-félaga skyldu hækkuð þannig að þau yrðu sambærileg launum háskólamenntaðra manna í starfi hjá einkaaðilum) og 15. gr. (þar sem gert var ráð fyrir almennum launahækkunum til jafns við launahækkanir annarra hópa starfsmanna á gildistíma samningsins) þessa samnings hafi ríkisstjórnin afnumið með öllu, einhliða og með gerræðislegum hætti. Samkvæmt upplýsingum frá BHMR hefur BHMR aðeins fengið launahækkun fyrir félaga sína í mars 1993 og þá aðeins eftir að hafa gert kröfu þar um á hendur hlutaðeigandi vinnuveitendum og að lokinni deilu við fjármálaráðherra, en ríkisstjórnin hafði þá þegar árið 1992 veitt öðrum stéttarfélögum launahækkun. BHMR bætir því við að þegar samið hafi verið um launahækkunina, í febrúar 1993, hafi ríkisstjórnin skuldbundið sig til að lagfæra launauppbygginguna en hún hafi þó ekki enn staðið við þá skuldbindingu; í febrúar staðfesti hún einnig að ákvæði samningsins frá 1989 mundu halda gildi, að undanteknum 5. og 15. gr.

Sérfræðinganefndin segir í skýrslu sinni að ríkisstjórnin hafi svarað því til að samningur hafi ekki verið gerður fyrr en að lokinni deilunni við BHMR, þ.e. 26. febrúar 1993, milli fjármálaráðherra og allra aðildarfélaga BHMR. Viðkomandi samningur ógildi ekki gildandi ákvæði á þeim tíma um laun og launakjör, heldur framlengi þau aðeins án viðauka. Ríkisstjórnin bætir því við að hún sé þeirrar skoðunar að sú staðreynd að flestir úrskurðir Félagsdóms hafi snúist um dómsmál, sem BHMR hafi átt aðild að, geti ekki talist brigður af hálfu ráðuneytisins; þvert á móti komi ráðuneytið fram með sama hætti við alla viðsemjendur sína.

Sérfræðinganefndin kveðst einnig gefa því gaum að ríkisstjórnin víki einnig að því í skýrslu sinni að lög nr. 15/1993 hafi bundið enda á deilu um samninga um ráðningarskilmála háseta á Herjólfi. Lögin kváðu einnig svo á að gerðardómur skyldi leysa deiluna. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisstjórninni kvað gerðardómurinn upp úrskurð sinn 9. ágúst 1993.

Nefndin kveðst veita öllum þessum upplýsingum athygli en minnist þess þó að hún hafi þegar bent á að afskipti ríkisstjórnarinnar af kjarasamningum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert, skerði rétt launafólks og atvinnurekenda til að gera frjálsa samninga um kaup og kjör.

Nefndin leggur áherslu á að á tímum efnahagsörðugleika ætti ríkisstjórnin fremur að temja sér fortölur en þvinganir og að aðilar vinnumarkaðarins ættu í öllum tilvikum að hafa frelsi til að taka endanlegar ákvarðanir. Nefndin fer þess því á leit við ríkisstjórnina að hún gefi upplýsingar í næstu skýrslu sinni um það hvers konar árangur hefur náðst

við að hvetja til og stuðla að sem mestri þróun og nýtingu kerfis frjálsra samninga milli samtaka atvinnurekenda og launafólks hvað snertir tilhögun ráðningarkjara og skilmála með kerfi sem er laust við afskipti ríkisstjórnarinnar og þannig fyrirkomulagi að það tryggi tiltrú hlutaðeigandi aðila.

Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Sérfræðinganefndin gerir í skýrslu sinni að umtalsefni framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Nefndin kveðst veita athygli ítarlegum upplýsingum sem ríkisstjórnin hafi veitt í framhaldi af óskum nefndarinnar um framkvæmd laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og skýringum varðandi 2. fjögurra ára framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála.

Nefndin upplýsir að hún hafi sent ríkisstjórninni ósk um upplýsingar um niðurstöður könnunar á framkvæmd jafnréttisáætlana fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir.

2.6. RÉTTINDI ÞEIRRA SEM VINNA HLUTASTARF

Réttindi þeirra sem vinna hlutastarf var til seinni umræðu á þinginu og um þetta málefni var fjallað í þingnefnd. Í henni áttu sæti 203 fulltrúar, þar af voru 81 fulltrúi ríkisstjórna, 56 fulltrúar atvinnurekenda og 66 fulltrúar launafólks. Formaður var kjörinn fulltrúi ríkisstjórnar Hollands, Max Rod. Hann hefur gegnt öðrum trúnaðarstörfum á Alþjóðavinnumálaþinginu. Rod hefur m.a. verið tvívegis kjörinn formaður nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og var til þess tekið hversu vel hann gegndi því starfi. Varaformenn voru kjörnir B. Noakes fulltrúi atvinnurekenda frá Ástralíu og Van de Burg, fulltrúi launafólks í Hollandi. Fulltrúi Kýpur, L. Samuel, var kjörinn ritari. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon tóku þátt í störfum nefndarinnar.

Til grundvallar umræðum í nefndinni lá skýrsla sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman og hafði að geyma drög að texta samþykktar og tillögu um réttindi þeirra sem vinna hlutastarf. Drögin byggðu á umræðum og niðurstöðum þingnefndar á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu 1993. Drögin höfðu verið kynnt á venjulegan hátt og höfðu alþjóðavinnumálaskrifstofunni borist athugasemdir frá 67 aðildarríkjum.

Í almennum umræðum um fyrirliggjandi drög kom fram ágreiningur á milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks. Hinir síðarnefndu kusu eins ítarlega alþjóðasamþykkt um þetta efni og kostur var.

Atvinnurekendur voru á annarri skoðun og töldu tillögu fullnægjandi. Annar kostur væri stuttorð samþykkt og ítarlegri tillaga. Ólík afstaða setti svip sinn á nefndarstarfið. Hins vegar kom fram vilji til samstarfs og báðir aðilar vildu greinilega forðast að endurtaka átök sem áttu sér stað við fyrri umræðu. Fulltrúar ríkisstjórna í nefndinni lögðu sitt af mörkum til að miðla málum og leita lausna á ágreiningsefnum.

Við almennar umræður lagði talsmaður fulltrúa launafólks áherslu á fyrri afstöðu um það að stefna í atvinnumálum verði að taka tillit til þeirra sem vinna hlutastarf og stuðla að atvinnuöryggi þeirra og kjörum og að um þá gildi sömu reglur í sambandi við vinnuumhverfi. Einnig kom fram að starfsmenn í hlutastörfum verði að fá sömu meðhöndlun, fulla vernd og sömu tækifæri og aðrir starfsmenn án tillits til vinnutíma þeirra. Ekki mætti þvinga starfsmenn til að vinna hlutastarf vegna verkefnaskorts — það á að vera sjálfstætt val. Enn fremur eigi þetta skipulag vinnu ekki að leiða til keppni á milli þeirra sem vinna fullan vinnutíma og þeirra sem gegna starfi að hluta.

Talsmaður atvinnurekenda endurtók að þeir hafi verið því andvígir að setja þetta málefni á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins. Hann hélt því fram að málið snerist bæði um að vernda þessa skipan vinnunnar og stuðla að fjölgun hlutastarfa. Þetta vinnuform væri nauðsynlegt til að mæta þörfum atvinnulífsins. Hann benti m.a. á þörfina fyrir sveigjanlegt vinnuform í ýmsum þjónustugreinum, einkum í minni fyrirtækjum. Hann lýsti andstöðu við alþjóðasamþykkt um þetta efni og óttaðist að hún mundi leiða til minni sveigjanleika og aukins kostnaðar. Þar að auki væri það ekki ásættanlegt að ILO setti reglur sem nær eingöngu ættu við iðnríki, einkum í Vestur-Evrópu.

Meiri hluti fulltrúa ríkisstjórna, sem tók til máls við almennar umræður, lýsti yfir jákvæðri afstöðu til afgreiðslu á almennt orðaðri alþjóðasamþykkt sem gæfi rými fyrir samninga um lausnir á einstökum atriðum. Lögð var áhersla á að þeim færi fjölgandi sem væru í hlutastarfi. Þar af leiðandi væri þörf á almennum grundvallarreglum um réttindi og skyldur á þessu sviði. Fulltrúar ríkisstjórna þróunarlanda kváðust andvígir alþjóðasamþykkt um þetta málefni og kusu tillögu í hennar stað. Fulltrúi ríkisstjórnar Stóra-Bretlands tók í svipaðan streng.

Nefndin afgreiddi til allsherjarþingsins drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf. Þar fór atkvæðagreiðsla þannig að samþykkir voru 258, á móti voru 88 og 24 sátu hjá. Í þessu sambandi má benda á að samþykktin hefði ekki náð tilskildu atkvæðamagni ef þeir sem greiddu atkvæði á móti hefðu setið hjá. Samkvæmt reglum ILO þurftu a.m.k. 271 að taka þátt í atkvæðagreiðslu, þ.e. að greiða annaðhvort atkvæði með eða á móti. Styrkur þeirra sem greiddu samþykktinni atkvæði var ekki nægilegur til að hún næði fram að ganga. Í raun voru það þeir sem greiddu atkvæði gegn samþykktinni sem tryggðu að hún næði fram að ganga. Þessi niðurstaða skýrir hvers vegna þingfulltrúar, sem eru andvígir því að mál nái fram að ganga, kjósa að sitja hjá í stað þess að greiða atkvæði á móti. Tillagan hlaut hins vegar mikinn stuðning. Samþykkir voru 291, 35 voru á móti og 71 sátu hjá.

Helsta skuldbindingin fyrir aðildarríki að nýju alþjóðasamþykktinni felst í því að vernda réttindi þeirra sem vinna hlutastarf. Samþykktin felur í sér ákvæði um það hvaða réttindi starfsmenn í hlutastarfi skuli hafa í samanburði við fullvinnandi starfsmenn.

Í samþykktinni er notað hugtakið hlutastarfsmaður. Það er skilgreint þannig í 1. gr. að um sé að ræða starfsmann sem hefur styttri vinnutíma en starfsmenn í fullu starfi sem stunda sambærilega vinnu. Að því er varðar vinnutíma er heimilt að miða við útreikninga sem byggjast á vikulegum vinnutíma eða vinnutíma sem er meðaltal á tilteknu vinnutímabili. Hins vegar táknar hugtakið *starfsmaður í fullu starfi sem stundar sambærilega vinnu* starfsmann sem ráðinn er á sömu kjörum, gegnir sams konar eða sambærilegu starfi og er ráðinn á sama vinnustað eða, ef enginn sambærilegur starfsmaður í fullu starfi er á vinnustaðnum, til sama fyrirtækis og hlutaðeigandi starfsmaður. Það sama gildir um starfsmann sem ráðinn er í sömu starfsgrein og hlutaðeigandi hlutastarfsmaður ef enginn sambærilegur starfsmaður í fullu starfi er hjá fyrirtækinu,

Fjallað er um gildissvið samþykktarinnar í 3. gr. Þar er kveðið á um það að samþykktin taki til allra starfsmanna í hlutastarfi. Samkvæmt greininni er heimilt í samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins að undanskilja frá ákvæðum hennar að öllu eða að nokkru leyti tiltekna flokka starfsmanna eða vinnustaði ef beiting hennar á viðkomandi sviði mun valda sérstökum og verulegum vanda.

Kjarna samþykktarinnar er að finna í greinum 4 til 10. Í þeim eru talin upp réttindi hlutastarfsmanna sem aðildarríki skuldbinda sig til að vernda. Nefna má réttinn til að stofna félög, rétt til að gera almenna kjarasamninga og koma fram fyrir hönd starfsmanna. Enn fremur eiga hlutastarfsmenn sama rétt til verndar að því er varðar öryggi og hollustu við vinnu og aðrir starfsmenn.

Í 5. gr. er tekið fram að hlutastarfsmönnum skuli tryggð grunnlaun sem séu ekki lægri en grunnlaun sambærilegra starfsmanna í fullu starfi, hvort sem laun beggja eru reiknuð fyrir unnar klukkustundir, eftir afköstum eða samkvæmt ákvæðisvinnutaxta.

Um rétt hlutastarfsmanna til ýmiss konar almannatrygginga er fjallað í 6. og 7. gr.

Samþykktin í heild er birt sem fylgiskjal I.

Í tillögunni, sem birt er sem fylgiskjal II, er að finna nánari útfærslu á ákvæðum samþykktarinnar.

Það skal tekið fram að um réttindi fólks í hlutastarfi hefur verið samið í heildarkjarasamningum á milli annars vegar Alþýðusambands Íslands og hins vegar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins. Ákvæði í kjarasamningi þessara samtaka tryggja hlutastarfsmönnum sambærileg réttindi og væru þeir í fullu starfi. Nefna má sem dæmi ákvæði í gr. 2.7 í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands. Þar segir efnislega að verkamenn, sem vinna hluta úr degi samfellt hjá sama atvinnurekanda, skuli njóta sama réttar til greiðslna fyrir samningsbundna frídaga, veikinda- og slysadaga, starfsaldurshækkanir o.fl. og þeir sem vinna fullan vinnudag, og skuli greiðslur miðaðar við venjulegan vinnutíma aðila. Hliðstæð ákvæði er að finna í kjarasamningum annarra samtaka á vinnumarkaði.

2.7. VINNUMIÐLUN Á VEGUM EINKAAÐILA

Samþykktir nr. 88 frá árinu 1948, um skipulagningu vinnumiðlunar, og nr. 96 frá árinu 1949, um vinnumiðlunarskrifstofur, eru helstu samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um vinnumiðlun. Aðildarríki, sem hefur fullgilt samþykkt nr. 88, er skuldbundið til að tryggja að haldið sé uppi opinberri ókeypis vinnumiðlun. Hlutverk vinnumiðlunar er skilgreint þannig að hún eigi að skipuleggja vinnumarkaðinn þannig að vinnu sé viðhaldið fyrir alla og öll tækifæri þróunar og nýtingar framleiðslutækifæra séu notuð á sem hagkvæmastan hátt. Samkvæmt samþykkt nr. 96 skal aðildarríki, sem er skuldbundið af samþykktinni, útrýma smátt og smátt vinnumiðlunarskrifstofum sem taka laun fyrir störf sín og eru starfræktar í ágóðaskyni. Í ríkjum, sem hafa fullgilt samþykkt nr. 96, hafa í raun verið reistar skorður við starfsemi vinnumiðlana á vegum einkaaðila og hún bönnuð. Þessa gætti m.a. í íslenskri lögjöf. Allt fram til ársins 1985 var vinnumiðlun á vegum einkaaðila í raun bönnuð. Með lögum nr. 18/1985 varð á breyting. Í 17. gr. laganna er fyrirtækjum og einstaklingum heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Í mörgum löndum hefur vinnumiðlun hins opinbera verið gagnrýnd. Hún hefur þótt vera sein að laga sig að breyttum aðstæðum og þjónustan ekki vera sem skyldi. Alþjóðavinnumálaskrifstofan tók mið af þessari gagnrýni og hefur um nokkra ára skeið lagt til að hlutverk vinnumiðlana á vegum einkaaðila yrði tekið á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins. Sú tillaga hlaut ekki undirtektir fyrr en á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu þegar þetta málefni var tekið til almennrar umræðu.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman ítarlega skýrslu um þetta málefni sem lá til grundvallar umræðum í nefnd sem stofnuð var á þinginu. Skýrslan hlaut lof þeirra sem tjáðu sig í nefndinni og var það samdóma álit nefndarmanna að hún hefði stuðlað að jákvæðum og uppbyggilegum umræðum.

Formaður nefndarinnar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Nígeríu, A.O. Okornkwo. Göran Hultin, fulltrúi atvinnurekenda í Finnlandi, og Leon Lynch, fulltrúi launafólks í Bandaríkjunum, voru kosnir varaformenn. Samtals áttu sæti í nefndinni 184 fulltrúar, þar af voru 76 fulltrúar ríkisstjórna, 61 fulltrúi atvinnurekenda og 47 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt alls 11 fundi.

Helstu niðurstöður voru:

Nefndin lýsti yfir stuðningi sínum við það grundvallarsjónarmið sem kemur fram í alþjóðasamþykkt nr. 88 um ábyrgð hins opinbera á vel skipulagðri og virkri vinnumiðlun. Einnig er lögð áhersla á samstarf við einkaaðila þannig að skipulagning vinnumarkaðarins og nýting vinnuaflsins verði sem hagkvæmust fyrir þjóðfélagið.

Nefndin er sammála um að hugmyndin að baki banninu í samþykkt nr. 96 við rekstri vinnumiðlunar á vegum einkaaðila sé ekki í hátt við breyttar aðstæður á vinnumarkaðinum. Þvert á móti fullnægi vinnumiðlun einkaaðila þörfum sem opinber vinnumiðlun eigi erfitt með að mæta og stuðli þannig að meiri hreyfanleika á vinnumarkaðinum.

Í áliti nefndarinnar kemur fram að nauðsynlegt sé að endurskoða gildandi ILO-samþykktir um vinnumiðlun með það að markmiði að þær taki meira tillit til breytilegra aðstæðna frá einu landi til annars. Samstaða var um það grundvallaratriði að þjónusta vinnumiðlunar skuli vera ókeypis fyrir þá sem leita sér að atvinnu.

2.8. ÖRYGGI OG HEILSUGÆSLA NÁMUVERKAMANNA

Öryggi og heilsugæsla á vinnustöðum hafa verið forgangsmálefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá upphafi. Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt margar alþjóðasamþykktir á þessu sviði. Þó hefur þingið aldrei afgreitt samþykkt sem tekur til öryggis og heilsugæslu námumanna. Stjórnarnefnd ILO ákvað á fundi sínum í nóvember 1992 að setja þetta málefni á dagskrá 81. vinnumálaþingsins 1994. Jafnframt var alþjóðavinnumálaskrifstofunni falið að undirbúa umræður á þinginu með samningu skýrslu um stöðu öryggismála í námum. Í skýrslunni, sem ber heitið: „Safety and health in mines", er að finna skilgreiningu á námuvinnslu. Í henni er gerð grein fyrir tækniþróun á þessu sviði. Einnig eru birtar mjög athyglisverðar tölur um vinnuslys námumanna. Áreiðanlegstu upplýsingar sem eru fáanlegar benda til þess að samtals bíði um 15 þúsund námuverkamenn árlega dauða við vinnu sína í heiminum. Í þessari starfsgrein vinna um 25 milljónir manna. Samkvæmt upplýsingum frá Kína deyja að meðaltali 30 kolanámuverkamenn á degi hverjum í vinnuslysum þar í landi. Áætlað er að frá árinu 1991 hafi samtals 10.400 kolanámuverkamenn látið lífið í vinnuslysum í Kína. Sama heimild áætlar að námuslys svari 60% af öllum vinnuslysum í kínversku atvinnulífi. Námuverkamenn búa við mjög erfiðar og hættulegar vinnuaðstæður. Námur eru dimmur vinnustaður, þar er mikil raki og þrengsli, loftið er mettað ryki og gasi, titringur er frá borum og grjótfall algengt í námugöngum. Það er því ljóst að hér er um aðkallandi viðfangsefni að ræða fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina sem tekið var til fyrri umræðu á vinnumálaþinginu.

Í nefnd um öryggismál námuverkamanna áttu sæti samtals 143 fulltrúar. Af þeim voru 65 fulltrúar ríkisstjórna, 31 fulltrúi atvinnurekenda og 47 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt samtals 13 fundi og tók til umfjöllunar samtals 206 breytingartillögur.

Fulltrúi ríkisstjórnar Ungverjalands, Andras Bekes, var kosinn formaður nefndarinnar. Fulltrúi atvinnurekenda í Kanada, Jim Pirie, og fulltrúi launafólks í Ástralíu, John Maitland, voru kosnir varaformenn.

Í áðurnefndri skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kemur fram að samtals hafi 86 aðildarríki svarað spurningaskrá til undirbúnings umræðum á vinnumálaþinginu um þetta málefni. Af þeim lýstu 81 yfir samþykki sínu við því að Alþjóðavinnumálastofnunin stefndi að afgreiðslu alþjóðareglna um öryggismál námuverkamanna. Um 60 ríki töldu rétt að stefna að afgreiðslu samþykktar og tillögu um efnið. Talsmenn atvinnurekenda voru á öðru máli og töldu rétt að láta nægja að afgreiða tillögu um málefnið. Sú stefna hlaut ekki undirtektir í nefndinni.

Miklar umræður áttu sér stað í nefndinni um gildissvið væntanlegrar samþykktar og skilgreiningu á hugtakinu náma. Niðurstaða þeirra var sú að samþykktin taki til allra tegunda af námum en aðildarríki getur að höfðu samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins ákveðið að undanskilja vissar tegundir eða vinnustaði frá gildissviðinu. Þetta málefni verður til áframhaldandi umfjöllunar á 82. Alþjóðavinnumálaþinginu 1995.

2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Heimilt er að leggja fram tillögur til þingsályktunar um málefni sem ekki eru á dagskrá þingsins en snerta viðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samkvæmt þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins verða slíkar tillögur að hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Fjallað er um þingsályktunartillögur í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins.

Í ályktunarnefnd áttu sæti 157 fulltrúar, þar af voru 76 fulltrúar ríkisstjórna, 31 fulltrúi atvinnurekenda og 50 fulltrúar launafólks.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Indlands, Gopalan. Varaformenn voru Castle, atvinnurekendafulltrúi frá Stóra-Bretlandi, og Tapiola, fulltrúi launafólks í Finnlandi. Af hálfu Íslands tóku þátt í starfi nefndarinnar Lilja Ólafsdóttir og Gylfi Kristinsson.

Nefndinni bárust samtals 10 tillögur til þingsályktunar, færri en oft áður. Þrjár tillögur voru lagðar fram í tilefni af 75 ára afmæli ILO og fjölluðu um framtíð stofnunarinnar. Norðurlöndin lögðu ekki fram sameiginlega tillögu að þessu sinni. Eftir athugun á efni tillagnanna voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. 75 ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framtíðarviðfangsefni stofnunarinnar (tillagan hlaut 949.784 vegin atkvæði).[1]
2. Oddvitafundurinn í Kaupmannahöfn um félagslega þróun (718.834 vegin atkvæði).
3. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við að afnema vinnu barna (573.324 vegin atkvæði).
4. Ályktun um hvatningu til ILO um að leggjast gegn ákvæðum í tollasamningum um lágmark félagslegra réttinda (540.206 vegin atkvæði).
5. Nauðsyn á samræmingu á upplýsingakerfum ILO (502.509 vegin atkvæði).

---

[1] Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda þingfulltrúa.

Umræðurnar um fyrstu tillöguna snerust að verulegu leyti um það málefni sem var ofarlega í hugum þingfulltrúa, þ.e. hvort rétt væri að gera umbætur í félagsmálum að skilyrði fyrir lækkun tolla og aðgangi að mörkuðum, með öðrum orðum tengja saman tollasamninga og félagsleg réttindi. Nær allir fulltrúar, sem tóku til máls við umræður um skýrslu forstjórans, tjáðu sig um þetta efni, sbr. það sem áður er komið fram í þessari skýrslu. Í því skyni að skapa einingu höfðu tilöguflytjendur samið hlutlausan texta sem einungis fól í sér að leggja til að stjórnnefnd ILO kanni nýjar hugmyndir og tillögur sem forstjórinn hafði lagt fyrir þingið. Þetta orðalag verður að túlka með hliðsjón af umræðunum á allsherjarþinginu og viðleitni til að endurskipuleggja Alþjóðavinnumálastofnunina til að gera hana hæfari til að takast á við ný og breytt vandamál í heiminum. Ýmsir hafa talið að með því að gera umbætur í félags- og mannréttindamálum að skilyrði fyrir hagstæðum viðskiptasamningum væri hægt að knýja ríkisstjórnir til aðgerða á þessum sviðum. Hugmyndir í þessa átt mættu harðri andstöðu fulltrúa þróunarlanda og ýmissa annarra landa, einkum í Suðaustur-Asíu. Aðrir fulltrúar tóku hlutlausari afstöðu sem fólst í því að leggja áherslu á að nánar þyrfti að kanna þetta málefni. Niðurstaðan varð sú að allar tillögur, sem fólu í sér tilraunir til nákvæmara orðalags um „félagsleg ákvæði", voru dregnar til baka. Aðrar breytingartillögur, sem komu fram í nefndinni, fjölluðu um orðalag og framsetningu. Þar með tókst samstaða um mjög almennt orðaða tillögu sem felur í sér að stjórnarnefndin kanni hugmyndir og tillögur forstjórans sem miða að því að laga starfsemi ILO að breytingum í heiminum.

Ályktunarnefndinni tókst að þessu sinni að afgreiða aðra tillögu til allsherjarþingsins. Hún fjallar um fyrirhugaðan toppfund í Kaupmannahöfn um þróun félagsmála, sem haldinn verður í mars árið 1995. Allgóð eining ríkti um þessa tillögu. Samstaða var um það að Alþjóðavinnumálastofnunin yrði að taka virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd Kaupmannahafnarfundarins. Einnig ætti að gefa fulltrúum aðila vinnumarkaðarins tækifæri að hafa áhrif á þætti sem sérstaklega snúa að hagsmunum þeirra.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

Á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu var fjallað um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Nefna má eftirfarandi mál:

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur látið sig miklu skipta andstöðuna gegn stefnu stjórnvalda í Suður-Afríku í málefnum kynþátta sem þar búa. Um þetta málefni hefur verið fjallað í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu frá árinu 1980. Starf nefndarinnar byggir á yfirlýsingu um þetta efni sem fyrst var afgreidd árið 1964 en hefur verið endurskoðuð nokkrum sinnum, t.d. árið 1988 og aftur 1991, í því skyni að taka út allar tilvísanir til Namibíu. Frá upphafi hefur fjöldi fulltrúa í nefndinni verið takmarkaður. Á 81. þinginu áttu 51 fulltrúi með atkvæðisrétt sæti í henni, þ.e. 20 fulltrúar ríkisstjórna, 11 fulltrúar atvinnurekenda og 20 fulltrúar launafólks. Innanríkis- og vinnumálaráðherra Botsvana, P.K. Balopi, var kosinn formaður nefndarinnar. Fulltrúi ríkisstjórnar Svíþjóðar sat í nefndinni fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda. Nefndin hélt samtals þrjá fundi. Að venju lá skýrsla forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunar í Genf til grundvallar umræðum. Umræður í nefndinni drógu dám af þeim breytingum til batnaðar sem hafa átt sér stað í Suður-Afríku. Fulltrúar lögðu áherslu á að Alþjóðavinnumálastofnunin og aðildarríki hennar þurfi að leggja stjórnvöldum Suður-Afríku lið og með þeim hætti tryggja friðsamlega þróun í átt að samfélagi þar sem allir kynþættir njóta jafnréttis. Nefndin af-

greiddi tillögu í þessum anda til allsherjarþingsins. Ljóst er að þetta var í síðasta skipti sem nefndin kemur saman á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Aðbúnaður launafólks á hernumdu arabísku svæðunum.

Samkvæmt tillögu frá árinu 1980 er forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar falið að taka saman árlega skýrslu og leggja fyrir Alþjóðavinnumálaþingið um aðbúnað launafólks á hernumdu arbísku svæðunum á Gaza og vesturbakka Jórdanár. Efni skýrslunnar hefur undanfarin ár verið mikið hitamál á Alþjóðavinnumálaþinginu. Oft kom til harðra orðaskipta í ályktunarnefnd um þetta málefni og var nefndin lömuð um nokkurra ára skeið. Lausn fannst og felst hún í því að undanfarin fjögur ár hefur hálfum degi allsherjarþings vinnumálaþingsins verið varið til umræðna um aðstæður Palestínumanna á svæðum sem lúta stjórn Ísraels. Í þessum umræðum hefur málstað Ísralesmanna með fáum undantekninum verið hallmælt. Annar blær var á umræðunum á 81. vinnumálaþinginu en verið hefur undanfarin ár. Talsmenn Araba voru um mun hógværari í ræðum sínum en þeir hafa átt vanda til. Í öðru lagi tók nokkur fjöldi fulltrúa frá Vesturlöndum þátt í umræðunum. Greinilegt var að sú þróun í átt til friðar, sem hafði hafist á árinu, setti mark sitt á ræður þessara fulltrúa. Þeir lögðu áherslu á stuðning sinn við friðarviðleitni Ísraelsmanna og talsmanna Palestínu-Araba. Bent var á að forsenda varanlegs friðar væru félagslegar umbætur á hernumdu svæðunum. Á því var vakin athygli að Alþjóðavinnumálastofnunin gæti lagt mikið af mörkum til að liðsinna við uppbyggingu lýðræðislegra stofnana á svæðunum og skipulagningu og þróun á sviði félags- og vinnumála.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Alþjóðavinnumálaþingið er fjölmenn samkoma sem haldin er samtímis í mörgum nefndum. Þessu veldur samstarfið innan vébanda stofnunarinnar á milli þeirra þriggja aðila sem samkvæmt stofnskrá eiga rétt til að taka þátt í störfum hennar, þ.e. ríkisstjórnir, heildarsamtök atvinnurekenda og heildarsamtök launafólks. Það er oft á tíðum vandkvæðum bundið fyrir sendinefnd fámennrar þjóðar að fylgjast með öllu sem þar fer fram. Þess vegna skiptir miklu samstarf við þjóðir sem eru skyldar Íslendingum og búa við hliðstætt þjóðskipulag og þeir. Á undanförnum árum hefur samstarf ríkisstjórnarfulltrúa frá Norðurlöndum og vestrænum iðnaðarríkjum auðveldað Íslendingum þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu. Fámenn þjóð getur ekki með sama hætti og stórþjóðir sent fjölmennar sendinefndir til þingsins og þar með haft fulltrúa í öllum nefndum þess. Þar af leiðandi hafa Íslendingar notið góðs af miðlun upplýsinga frá traustum samstarfsaðilum og tekið þátt í málatilbúnaði eftir efnum og ástæðum.

Á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu komu fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda saman til vikulegra funda. Á þeim var rætt um stöðu mála í þingnefndum og undirbúnar ræður sem fluttar voru í þeirra nafni. Auk þess voru haldnir reglulega samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja (svonefndur IMEC-hópur). Á þessu þingi var einkum fjallað um tillögur til breytinga á starfsemi ILO og eftirlitskerfi stofnunarinnar á fundum hópsins.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 175, um hlutastörf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 81. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1994 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að því að ákvæði samþykktar um jöfn laun frá 1951, ákvæði samþykktar um mismunun til atvinnu og starfa frá 1958 og ákvæði samþykktar og tillögu um starfsfólk með fjölskylduábyrgð frá 1981 skipta máli fyrir hlutastarfsmenn, og

gefur gaum að því að ákvæði samþykktar um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi frá 1988 og tillögu um atvinnustefnu (viðauka) frá 1984 skipta máli fyrir slíka starfsmenn, og

viðurkennir mikilvægi arðbærrar og frjálsrar atvinnu fyrir alla starfsmenn, efnahagslegt mikilvægi hlutastarfa, þörf fyrir atvinnustefnu þar sem tekið sé tillit til hlutastarfa við útvegun frekari atvinnutækifæra og þörf fyrir að tryggja vernd hlutastarfsmanna á sviðum aðgangs að atvinnu, starfskjara og almannatrygginga, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um hlutastörf, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 24. júní 1994, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um hlutastörf, 1994.

1. gr.

Í þessari tillögu:

a. táknar hugtakið „hlutastarfsmaður" starfsmann sem hefur styttri venjulegan vinnutíma en starfsmenn í fullu starfi sem stunda sambærilega vinnu,
b. getur venjulegur vinnutími, sem vitnað er til í staflið a, verið reiknaður vikulega eða sem meðaltal á tilteknu vinnutímabili,
c. táknar hugtakið „starfsmaður í fullu starfi sem stundar sambærilega vinnu" starfsmann í fullu starfi sem:
   i. ráðinn er á sömu kjörum,
   ii. gegnir sams konar eða sambærilegu starfi, og
   iii. er ráðinn á sama vinnustað eða, ef enginn sambærilegur starfsmaður í fullu starfi er á vinnustaðnum, til sama fyrirtækis eða, ef enginn sambærilegur starfsmaður í fullu starfi er hjá fyrirtækinu, í sömu starfsgrein,

   og hlutaðeigandi hlutastarfsmaður;
d. teljast starfsmenn í fullu starfi, sem verða fyrir atvinnuleysi að hluta, þ.e. verða fyrir sameiginlegri og tímabundinni fækkun venjulegra vinnustunda af efnahags-, tækni- eða skipulagslegum ástæðum, ekki hlutastarfsmenn.

2. gr.

Þessi samþykkt hefur ekki áhrif á hagstæðari ákvæði sem taka til hlutastarfsmanna samkvæmt öðrum alþjóðlegum samþykktum á sviði atvinnumála.

3. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til allra hlutastarfsmanna, en undirskilið er að aðildarríki er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að undanskilja frá ákvæðum hennar að öllu eða nokkru leyti tiltekna flokka starfsmanna eða vinnustaða ef beiting hennar á viðkomandi sviði mundi valda sérstökum og verulegum vanda.

2. Sérhverju aðildarríki, sem hefur staðfest þessa samþykkt og notfærir sér þá heimild sem tilgreind er í 1. tölulið, ber í skýrslum sínum um beitingu þessarar samþykktar, skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, að tilgreina hvern þann flokk starfsmanna eða vinnustaða sem er þannig undanskilinn og ástæðurnar til þess að slíkt taldist eða telst enn nauðsynlegt.

4. gr.

Gerðar skulu ráðstafanir til að tryggja að hlutastarfsmenn njóti sömu verndar og veitist starfsmönnum í fullu starfi hvað snertir:

a. félagafrelsi, rétt til að gera almenna kjarasamninga og rétt til að vera fulltrúi starfsmanna,
b. öryggi og heilbrigði við vinnu,
c. mismunun til atvinnu og í starfi.

5. gr.

Gerðar skulu ráðstafanir samkvæmt lögum og venju hvers ríkis til að tryggja að hlutastarfsmönnum, vegna þess að þeir eru í hlutastarfi, séu ekki greidd grunnlaun sem eru lægri en grunnlaun sambærilegra starfsmanna í fullu starfi, hvort sem laun beggja eru reiknuð fyrir unnar klukkustundir, eftir afköstum eða samkvæmt ákvæðisvinnutaxta.

6. gr.

Lögbundin atvinnutengd almannatryggingakerfi skulu aðlöguð þannig að hlutastarfsmenn njóti sömu starfskjara og starfsmenn í fullu starfi; slík starfskjör má miða við vinnutímafjölda, framlög eða tekjur, eða ákvarða með öðrum hætti sem samræmist lögum og venjum hvers ríkis.

7. gr.

Gerðar skulu ráðstafanir til að tryggja að hlutastarfsmenn njóti sambærilegra starfskjara og starfsmenn í fullu starfi hvað snertir:

a. mæðravernd,
b. starfslok,
c. launað árlegt leyfi og almenna frídaga á launum, og
d. veikindafrí,

enda sé það undirskilið að ákvarða megi fjárhagsleg réttindi í hlutfalli við vinnustundafjölda eða tekjur.

8. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að undanskilja hlutastarfsmenn ef vinnustundafjöldi þeirra eða tekjur eru fyrir neðan tiltekið lágmark:

a. frá þátttöku í hvers konar lögbundnum almannatryggingakerfum, sem tilgreind eru í 6. gr., nema hvað varðar vinnuslysabætur,

b. frá þátttöku í hvers konar ráðstöfunum sem gerðar eru á þeim sviðum sem tilgreind eru í 7. gr., nema hvað varðar aðrar ráðstafanir í mæðravernd en þær sem bjóðast samkvæmt lögbundnum almannatryggingakerfum.

2. Það lágmark sem tilgreint er í 1. tölulið skal vera nægilega lágt svo að óhóflegur hundraðshluti hlutastarfsmanna sé ekki undanþeginn.

3. Aðildarríki, sem notfærir sér þann möguleika sem tilgreindur er í 1. tölulið hér að ofan, ber:

a. að endurskoða gildandi lágmark,

b. að tilgreina í skýrslum sínum um beitingu þessarar samþykktar, skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, gildandi lágmark, ástæðurnar fyrir því og hvort hugað sé að stigvaxandi vernd þeirra starfsmanna sem undanþegnir eru.

4. Haft skal samráð við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks um ákvörðun, endurskoðun og breytingu þess lágmarks sem tilgreint er í þessari grein.

9. gr.

1. Ráðstafanir skulu gerðar til að auðvelda aðgang að arðbæru og frjálsu hlutastarfi sem fullnægir bæði þörfum atvinnurekenda og starfsmanna, svo fremi að tryggð sé sú vernd sem tilgreind er í 4.–7. gr. hér að ofan.

2. Slíkar ráðstafanir skulu m.a. vera fólgnar í:

a. endurskoðun laga og reglugerða sem kunna að koma í veg fyrir eða draga úr framboði eða eftirspurn eftir hlutastörfum,

b. beitingu vinnumiðlunarskrifstofa, þar sem þær er fyrir hendi, til að finna og kynna möguleika á hlutastörfum í þeim upplýsingum sem þær veita og við vinnumiðlun,

c. sérstakri áherslu í atvinnumálastefnu á þarfir og óskir tiltekinna hópa, svo sem atvinnulausra, framfærenda, eldri starfsmanna, fatlaðra og starfsmanna sem stunda nám eða eru í starfsþjálfun.

3. Slíkar ráðstafanir geta m.a. verið fólgnar í rannsóknum og dreifingu upplýsinga um að hvaða marki hlutastörf komi til móts við efnahags- og félagslegar þarfir atvinnurekenda og launafólks.

10. gr.

Þar sem það á við skal gera ráðstafanir til að tryggja að flutningur úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt sé frjáls og samkvæmt ákvæðum laga og í samræmi við venju í hverju ríki.

11. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal framfylgt með lögum eða reglugerðum, nema að því marki sem þau koma til framkvæmda með almennum kjarasamningum eða öðrum hætti samkvæmt venjum hvers ríkis. Haft skal samráð við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks áður en slík lög eða reglugerðir eru samþykkt.

12. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

14. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en getur síðan sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

15. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

16. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

17. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 14. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

19. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar er jafngildur.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 182, um hlutastörf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 81. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1994 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um hlutastörf, sem eru fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem kemur til viðbótar við alþjóðasamþykkt um hlutastörf 1994,

gerir þingið í dag, 24. júní 1994, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um hlutastörf 1994:

1. Ákvæði þessarar tillögu skyldu skoðuð í ljósi ákvæða Samþykktar um hlutastörf (hér eftir nefnd „samþykktin").
2. Í þessari tillögu:
   a. táknar hugtakið „hlutastarfsmaður" starfsmann sem hefur styttri venjulegan vinnutíma en starfsmenn í fullu starfi sem stunda sambærilega vinnu;
   b. getur venjulegur vinnutími, sem vitnað er til í staflið a, verið reiknaður vikulega eða sem meðaltal á tilteknu vinnutímabili;
   c. táknar hugtakið „starfsmaður í fullu starfi sem stundar sambærilega vinnu" starfsmann í fullu starfi sem:
      i. ráðinn er á sömu kjörum;
      ii. gegnir sams konar eða sambærilegu starfi; og
      iii. er ráðinn á sama vinnustað eða, ef enginn sambærilegur starfsmaður í fullu starfi er á vinnustaðnum, í sama fyrirtæki eða, ef enginn sambærilegur starfsmaður í fullu starfi er hjá fyrirtækinu, í sömu starfsgrein,

      og hlutaðeigandi hlutastarfsmaður;
   d. teljast starfsmenn í fullu starfi, sem verða fyrir atvinnuleysi að hluta, þ.e. verða fyrir sameiginlegri og tímabundinni fækkun venjulegra vinnustunda af efnahags-, tækni- eða skipulagslegum ástæðum, ekki hlutastarfsmenn.
3. Þessi tillaga tekur til allra hlutastarfsmanna.
4. Samkvæmt lögum og venjum hvers ríkis skyldu atvinnurekendur hafa samráð við fulltrúa hlutaðeigandi starfsmanna um tilkomu eða aukningu hlutastarfa í miklum mæli, um reglur og tilhögun slíkrar vinnu, svo og varnaraðgerðir og skipulagningu eftir því sem nauðsyn krefur.
5. Hlutastarfsmönnum skal gerð grein fyrir starfskjörum sínum skriflega eða með öðrum þeim hætti sem samrýmist lögum og venjum hvers ríkis.

6. Sú aðlögun, sem gerð skal í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hvað snertir lögbundin atvinnutengd almannatryggingakerfi, skal miðast við:
   a. ef við á, að draga smám saman úr tekju- eða vinnutímamörkum sem skilyrði fyrir aðild að slíkum kerfum;
   b. eftir því sem við á, að veita hlutastarfsmönnum lágmarksbætur eða fastar bætur, einkum elli-, sjúkra-, örorku- og mæðralífeyri, svo og fjölskyldubætur;
   c. að viðurkenna þá meginreglu að hlutastarfsmenn, sem hafa ekki lengur vinnu eða sagt hefur verið upp og eru aðeins að leita hlutastarfi, fullnægi því skilyrði að vera reiðubúnir til starfa, en það er forsenda greiðslu atvinnuleysisbóta;
   d. að draga úr þeirri hættu að hlutastarfsmenn skaðist af völdum kerfa:
      i. þar sem forsenda bótaréttinda er tiltekið tímabil sem veitir réttindi og miðast við tímabil framlags, tryggingar eða starfstíma í tiltekinn viðmiðunartíma; eða
      ii. þar sem bótafjárhæð ræðst bæði af fyrri meðaltekjum og tímabili framlags, tryggingar eða starfstíma.
7. (1) Þar sem við á skyldu viðmiðunarmörk bótaréttinda samkvæmt einkareknum tryggingakerfum, sem koma til viðbótar eða í stað lögbundinna almannatryggingakerfa, lækkuð smám saman svo að þau nái sem best til hlutastarfsmanna.
   (2) Hlutastarfsmenn skyldu njóta verndar slíkra kerfa við sömu skilyrði og sambærilegir starfsmenn í fullu starfi. Þar sem við á má ákvarða slík skilyrði með tilliti til hlutfalls unninna stunda, framlags eða tekna.
8. (1) Eftir því sem við á skulu viðmiðunarmörk, sem miðast við unnar stundir eða tekjur skv. 8. gr. samþykktarinnar, lækkuð smám saman á þeim sviðum sem tilgreind eru í 7. gr. hennar.
   (2) Starfstíminn, sem krafist er sem skilyrðis fyrir vernd á þeim sviðum sem tilgreind eru í 7. gr. samþykktarinnar, skyldi ekki vera lengri hjá hlutastarfsmönnum en sambærilegum starfsmönnum í fullu starfi.
9. Þar sem hlutastarfsmenn stunda fleiri en eitt starf skyldi tekið tillit til heildarvinnustundafjölda þeirra, heildarframlags eða heildartekna þegar meta skal hvort þeir fullnægi viðmiðunarmörkum lögbundinna atvinnutengdra almannatryggingakerfa.
10. Hlutastarfsmenn skyldu njóta jafnræðis við starfmenn í fullu starfi hvað snertir launabætur umfram grunnlaun.
11. Gerðar skyldu allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja, að svo miklu leyti sem unnt er, að hlutastarfsmenn hafi jafnan aðgang að velferðarstofnunum og félagslegri þjónustu hlutaðeigandi fyrirtækis; slíkar stofnanir og þjónusta skyldu, að því marki sem unnt er, aðlagaðar þörfum hlutastarfsmanna.
12. (1) Við ákvörðun fjölda og tímasetningar vinnustunda hlutastarfsmanna skyldi tekið tillit jafnt til hagsmuna starfsmanns sem þarfa fyrirtækisins.
   (2) Að því marki sem við verður komið skyldu breytingar á vinnutíma hlutastarfsmanna og vinna utan umsamins vinnutíma vera háð takmörkunum og fyrirvara.
   (3) Launakerfi vegna vinnu utan umsamins vinnutíma skyldi háð samningum samkvæmt lögum og venjum hvers ríkis.
13. Samkvæmt lögum og venjum hvers ríkis skyldu hlutastarfsmenn njóta jafnræðis, og, eftir því sem við verður komið, við sams konar aðstæður til hvers konar leyfa sem starfsmenn í fullu starfi njóta, einkum hvað snertir launuð starfsleyfi, foreldraorlof og leyfi ef barn eða náinn ættingi starfsmanns veikist.

14. Þar sem það á við skyldu sömu reglur gilda um hlutastarfsmenn og starfsmenn í fullu starfi hvað snertir tímasetningu árlegs orlofs og vinnu á venjubundnum frídögum og almennum frídögum.
15. Þar sem það á við skyldu gerðar ráðstafanir til að vinna gegn sérstökum hömlum á aðgangi hlutastarfsmanna að menntun, starfsframa og tilfærslu í starfi.
16. Aðlaga skal ákvæði lögbundinna og atvinnutengdra almannatryggingakerfa sem draga úr framboði og eftirspurn eftir hlutastörfum, einkum þau sem:
    a. leiða til hlutfallslega hærri framlaga hlutastarfsmanna, nema þau sé unnt að réttlæta með samsvarandi hlutfallslega hærri bótum;
    b. draga án eðlilegrar ástæðu verulega úr atvinnuleysisbótum atvinnulausra starfsmanna sem ráða sig í hlutastörf um stundarsakir;
    c. við útreikning ellilífeyris gera of mikið úr lækkuðum tekjum úr hlutastarfi sem starfsmaður hefur aðeins tekist á hendur um tíma áður en hann fer á eftirlaun.
17. Atvinnurekendur skyldu íhuga ráðstafanir til að auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum stigum fyrirtækisins, þar með talin störf sem krefjast fagmenntunar og stjórnunarstörf þar sem við á.
18. (1) Þar sem það á við skyldu atvinnurekendur taka tillit til:
    a. beiðna starfsmanna um flutning úr fullu starfi í hlutastarf sem losnar í fyrirtækinu; og
    b. beiðna starfsmanna um flutning úr hlutastarfi í fullt starf sem losnar í fyrirtækinu.

    (2) Atvinnurekendur skyldu með góðum fyrirvara veita starfsmönnum upplýsingar um hlutastörf og full störf sem eru laus í fyrirtækinu til þess að auðvelda þeim flutning úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt.
19. Þótt starfsmaður hafni því að vera fluttur úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt skal það í sjálfu sér ekki teljast gild ástæða til að segja honum upp störfum, en það kemur þó ekki í veg fyrir uppsögn, samkvæmt lögum og venjum í hverju ríki, af öðrum ástæðum tengdum rekstrarþörfum hlutaðeigandi fyrirtækis.
20. Þar sem aðstæður í hverju ríki og hverju fyrirtæki leyfa skyldi starfsmönnum gert kleift að flytjast í hlutastarf í þeim tilvikum þegar slíkt er réttlætanlegt, svo sem við þungun eða vegna þarfar til að annast um barn eða fatlaðan eða sjúkan náinn ættingja og fá síðan fullt starf á ný.
21. Í þeim tilvikum þar sem skyldur atvinnurekenda eru háðar fjölda starfsmanna þeirra skyldi telja hlutastarfsmenn sem starfsmenn í fullu starfi. Hins vegar er heimilt, þar sem það á við, að telja menn hlutastarfsmenn hlutfallslega í samræmi við vinnustundafjölda þeirra, en ávallt með þeim fyrirvara að þar sem slíkar skyldur snerta þá vernd sem tilgreind er í 4. gr. samþykktarinnar skulu þeir teljast starfsmenn í fullu starfi.
22. Dreift skyldi upplýsingum um forvarnir sem gilda um hlutastörf og hagnýtt skipulag hlutastarfa.

Fylgiskjal III.

Greinargerð ríkisstjórnar Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um kæru Alþýðusambands Íslands vegna setningar laga nr. 15/1993.

Með bréfi, dags. 29. mars 1994, kærði Alþýðusamband Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) setningu laga nr. 15/1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi. Lögin voru sett til að binda enda á kjaradeilu skipverja um borð í skipinu. Félagsmálaráðherra barst bréf frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf, dags. 11. apríl 1994, þar sem óskað er eftir athugasemdum ríkisstjórnarinnar við þessa kæru. Í kæru Alþýðusambandsins er setning framangreindra laga talin brot á alþjóðasamþykktum nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi. Ísland fullgilti fyrrnefndu samþykktina árið 1950 en þá síðarnefndu 1952.

Hinn 20. febrúar 1995 sendi ríkisstjórn Íslands Alþjóðavinnumálastofnuninni greinargerð vegna kæru ASÍ. Í henni er minnt á helstu sérkenni íslenskra efnahagsmála sem felast í því að meginhluti efnahagslífs landsins byggist á sjávarútvegi og útflutningi sjávarfangs. Annar þáttur greinargerðarinnar fjallar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar undanfarin ár til að ná tökum á mikilli verðbólgu og jöfnuði í viðskipti landsins við útlönd. Í þriðja lagi er gerð grein fyrir langvinnum kjaradeilum hluta skipverja ms. Herjólfs og ástæðum þess að Alþingi samþykkti lög til að binda enda á sjö vikna langt verkfall þeirra. Fjórði þáttur greinargerðarinnar fjallar um lagasetninguna og samþykktir ILO nr. 87 og 98. Niðurstaðan er að setning laganna brjóti ekki í bága við samþykktir ILO.

Greinargerðin í heild sinni er svohljóðandi:

1.0. Inngangur.

Ríkisstjórn Íslands vísar til bréfs alþjóðavinnumálaskrifstofunnar frá 11. apríl 1994. Í bréfinu er ríkisstjórninni greint frá kæru Alþýðusambands Íslands (ASÍ) þar sem hún er sökuð um brot á ákvæðum í alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland fullgilti fyrrnefndu samþykktina 1950 og þá síðarnefndu árið 1952.

Í bréfi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er ríkisstjórninni gerð grein fyrir því að ASÍ telji að með samþykkt Alþingis á lögum nr. 15/1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, og úrskurði gerðardóms til að ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfi fyrir 1. ágúst 1993, sem skipaður var með stoð í lögunum, hafi Ísland brotið framangreindar samþykktir, nr. 87 og 98. Á það er lögð áhersla að með framangreindu hafi kjarasamningar stéttarfélags sem ekki átti í kjaradeilu verið brotnir og félagsmenn þess stéttarfélags sviptir samningarétti með það að markmiði að mæta kröfum annarra stéttarfélaga sem áttu í deilu við útgerð m.s. Herjólfs um kaup og kjör. Tekið skal fram að ms. Herjólfur er ferja sem er í ferðum á milli Vestmannaeyja og meginlandsins.

Þar sem hér er um mjög flókið málefni að ræða sem snertir, eins og önnur hliðstæð mál sem upp hafa komið undanfarin missiri, grundvallarstefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og launamálum þykir rétt að gera ítarlega grein fyrir aðdraganda deilunnar og aðgerðum til að leita lausna á henni. Meðfylgjandi greinargerð er skipt í nokkra þætti.

Í fyrsta hlutanum þykir rétt að minna enn á ný á helstu sérkenni íslenskra efnahagsmála sem felast í því að meginhluti efnahagslífs landsins byggist á sjávarútvegi og útflutningi sjávarfangs. Þetta atriði skiptir miklu í því máli sem hér er til umfjöllunar vegna þess að Vestmannaeyjar eru ein mikilvægasta verstöð Íslands.

Annar þáttur greinargerðarinnar fjallar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar undanfarin ár til að ná tökum á mikilli verðbólgu og jöfnuði í viðskipti landsins við útlönd.

Í þriðja lagi er gerð grein fyrir langvinnum kjaradeilum hluta skipverja ms. Herjólfs og ástæðum þess að Alþingi samþykkti lög til að binda enda á sjö vikna langt verkfall þeirra.

Fjórði þátturinn fjallar um lagasetninguna og samþykktir ILO nr. 87 og 98. Niðurstaðan er að setning laganna brjóti ekki í bága við samþykktir ILO.

2.0. Almennar upplýsingar.

2.1. Íslenska hagkerfið.

Í fyrri greinargerðum, sem ríkisstjórn Íslands hefur sent Alþjóðavinnumálastofnuninni af svipuðu tilefni, hefur landfræðilegri legu landsins verið lýst og efnahagslegu umhverfi. Í þeim hefur m.a. komið fram að Ísland er eyja um 103 þúsund ferkílómetrar að stærð. Heildaríbúafjöldi er um 260 þúsund manns. Utanríkisverslun er undirstaða velmegunar þjóðarinnar og verður að flytja inn margar nauðsynlegar vörur, eins og timbur, ýmsar landbúnaðarvörur og olíuvörur. Um það bil 30–40% landsframleiðslunnar eru flutt út. Íslendingar hafa nýtt sér þá hlutfallslegu yfirburði í sjávarútvegi sem hin miklu fiskimið bjóða upp á. Sérhæfing í sjávarútvegi hefur verið aflvaki hagvaxtar um langt skeið og hlutur sjávarútvegs enn umtalsverður í íslensku hagkerfi. Þrír fjórðu hlutar vöruútflutnings eru sjávarafurðir og hlutdeild þeirra í heildargjaldeyristekjunum er um 55%. Aðrar útflutningsvörur eru ál, kísliljárn, kísilgúr og ýmis léttari iðnaður, ekki síst tengdur sjávarútvegi. Við sjávarútveg starfa um 12% mannaflans. Framlag sjávarútvegs til vergra þáttatekna er verulegt eða um 15%.

Á því hefur áður verið vakin athygli að fiskstofnar eru endurnýjanleg auðlind og jafnframt viðkvæmir fyrir duttlungum náttúrunnar, einkum sjávarhita og seltu. Af þessum sökum hafa aflabrögð verið hvikul. Þá má nefna að verð sjávarafurða hefur verið miklum sveiflum háð, enda er fiskur hrámatvara sem á í samkeppni við önnur matvæli sem oft og einatt eru stórlega niðurgreidd. Þetta hefur haft í för með sér að viðskiptakjör þjóðarinnar hafa verið miklum sveiflum undirorpin þó að þegar til lengdar er litið hafi viðskiptakjör batnað verulega. Sveiflur í afla og í verði afurða hafa óumflýjanlega leitt til þess að hagsveiflur hafa verið meiri á Íslandi en í mörgum öðrum iðnríkjum. Þannig má nefna að ekki sjaldnar en átta sinnum hefur landsframleiðsla dregist saman milli ára frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Þótt þessar sveiflur hafi farið rénandi setja þær engu að síður efnahagsstefnu þröngar skorður. Brestur í afla eða verðfall afurða getur leitt til atvinnuleysis og/eða skuldasöfnunar við útlönd, nema úr útgjöldum þjóðarinnar sé dregið. Þetta hefur verið gert á Íslandi, einkum með því að lækka gengi gjaldmiðilsins, krónunnar, eða með því að hafa bein áhrif á raunlaunakostnað atvinnuveganna.

2.2. Verðbólga.

Í greinargerð, sem ríkisstjórn Íslands sendi Alþjóðavinnumálastofnuninni 26. apríl 1991 vegna kæru Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR), er fjallað um þróun verðbólgu sem hefur verið þrálátt vandamál á Íslandi nær alla þess öld. Þar kemur fram að þegar kemur fram á áttunda áratuginn magnast verðbólga á Íslandi og verður margföld á við þá sem var í aðildarríkjum OECD. Ástæðan var m.a. erlend verðbólga, ekki síst vegna olíuverðshækkana árið 1973, sem mögnuð var upp með verðtryggingu launa og sígandi gengi. Atvinnuleysi jókst hins vegar óverulega og viðspyrna gegn vexti atvinnuleysis, m.a. með ríkisfjárhalla og peningamyndun, hefur án efa spennt upp

verðbólguna. Framfærsluvísitala mældi 49% verðbólgu árið 1975. Á því ári og því næsta er gripið til allvíðtækra aðgerða til að ná niður verðbólgu og mældist hún um 30% þessi ár. Meðal annars fólust í þessum aðgerðum takmörkun á greiðslu verðtrygginga á laun. Kjarasamningar sumarið 1977 splundruðu þessum árangri, en þeir kváðu á um 25% almenna hækkun launa í fyrsta áfanga auk fullrar verðtryggingar. Til viðbótar komu svo sérkjarasamningar sem í mörgum tilvikum bættu verulegum hækkunum ofan á hinar almennu hækkanir. Þessi samningur varð afdrifaríkur og hafði áhrif til margra ára. Verðbólga magnaðist á nýjan leik og var á bilinu 50–60% fram á fyrstu ár níunda áratugarins.

Verulegum árangri var náð með kröftugum aðgerðum í maí 1983. Þungamiðja aðgerðanna fólst í afnámi vístölubindinga launa um tveggja ára skeið. Í annan stað var gengi íslensku krónunnar fellt um 15%. Í upphafi ársins 1984 voru 12 mánaða breytingar vísitölu framfærslukostnaðar um 65–70% en undir lok þess var verðbólga, mæld á sama hátt, 15–18%.

Eftir áratugalanga reynslu er nokkuð almenn samstaða á Íslandi um það viðhorf að verðbólga dragi úr hagsæld manna. Undir þetta hafa samtök aðila vinnumarkaðarins tekið eins og komið hefur fram í kjarasamningum undanfarin ár. Í þessu sambandi má minna á samráðssamning sem gerður var 1986 og enn frekar þjóðarsáttina frá febrúar 1990. Í þessum kjarasamningum hefur samtakamáttur launafólks verið virkjaður til að ná niður verðbólgunni. Verðbólgan hefur færst niður stig af stigi á undanförnum árum. Hún var á bilinu 20–25% árin 1986–89, en fellur hratt á árinu 1990 og mælist þá 7,3% frá upphafi til loka þess. Árið 1991 er verðbólga 7,2%, 1992 2,4% og 1993 3,2%. Verðbólga ársins 1994 reyndist einungis vera um 1% frá upphafi til loka ársins.

Árangur svonefndrar þjóðarsáttar, sem byggist á samstöðu aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um aðgerðir til að ná tökum á verðbólgu, er í raun undraverður. Á Íslandi hafði verðbólga verið varanlegt vandamál, bæði fyrir heimili og fyrirtæki, og í raun það atriði sem gert hefur efnahagsumhverfi gjörólíkt því sem gerist í helstu samkeppnislöndum Íslendinga. Þetta sést vel á mynd í fylgiskjali I. Hafa ber í huga að frá árinu 1980 hefur verðtrygging verið við lýði á Íslandi. Hún tekur til stærsta hlutans af langtímaskuldbindingum, t.d. húsnæðislána. Verðbólga hefur því veruleg áhrif á efnahag skuldara, þ.e. heimila og fyrirtækja, þar sem lán hafa hækkað með breytingum á verðlagi. Það er ljóst að stöðugleiki er mikil hagsbót fyrir launafólk og í raun kjölfestan í efnahag heimila.

Verðbólga á Íslandi hefur síðustu ár verið lægri en meðaltal OECD-landa (sjá fylgiskjal II). Svo skjótur og verulegur árangur í baráttu við verðbólgu er einsdæmi í hagstjórn vestrænna ríkja. Lægri verðbólga hefur búið í haginn fyrir raunhæfa áætlunargerð. Þess má geta að vextir hafa farið lækkandi á Íslandi. Það þarf ekki að koma á óvart að ríkisstjórnin hefur gætt ýtrasta aðhalds á öllum sviðum efnahags- og kjaramála í því skyni að stofna þessum árangri ekki í hættu. Það er í þessu ljósi sem verður að líta á aðgerðir ríkisstjórnarinnar á þessum sviðum.

2.3. Vestmannaeyjar.

Vestmannaeyjar er heiti á nokkrum eyjum suðvestur af Íslandi. Stærsta eyjan heitir Heimaey og er 13,4 ferkílómetrar að stærð. Eyjan komst í heimsfréttir í janúar 1973 þegar þar hófst mikið eldgos. Allir íbúarnir, sem þá voru um 5.200 manns, voru fluttir frá eyjunni á innan við sex tímum. Um þriðjungur þorpsins á Heimaey fór undir hraun. Flutningur til Heimaeyjar hófst rúmu ári síðar. Í nágrenni við Vestmannaeyjar eru ein fengsælustu fiskimið Íslands. Þar af leiðandi eru eyjarnar einhver mikilvægasta verstöð lands-

ins. Nefna má að á árinu 1992 var landaður afli í Vestmannaeyjum 227.600 tonn. Verðmæti þessa afla úr sjó var 4.723 milljónir ISK. Mikilvægi eyjanna fyrir efnahag Íslands er óumdeilt.

Flugvélar og skip annast fólks- og vöruflutningar á milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Reglulegar flugsamgöngur eru við Heimaey en vegna verðurs verður oft að aflýsa flugi. Flutningar á fólki og vörum fara því fyrst og fremst fram með ferjunni ms. Herjólfi sem tvímælalaust er langmikilvægust í þessu sambandi. Ms. Herjólfur er í daglegum ferðum á milli lands og eyja. Á sumrin eru allt að 10 ferðir á viku. Nefna má að á árinu 1990 flutti ferjan 44.818 farþega á milli lands og eyja, árið 1991 44.170, 1992 fjölgaði farþegum í 48.554, 1993 voru farþegar 52.652 og árið 1994 varð tala farþega rúmlega 60.000. Á árunum 1990 til ársins 1994 flutti ferjan frá tæplega 11.000 og upp í rúmlega 16.000 bíla. Vörufluttningar hafa á þessum árum verið um 11.000 tonn. Þar við bætist flutningur á 1.100 flutningavögunum en í þeim er að stórum hluta flutt framleiðsla eyjarskeggja, þ.e. ýmiss konar fiskafurðir. Af þessum tölum má ráða að ferjan ms. Herjólfur hefur afgerandi þýðingu að því er varðar flutninga á fólki og vörum á milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Á það ber að leggja áherslu að góðar og öruggar samgöngur eru forsenda fyrir búsetu á eyjunum.

Á árinu 1993 voru skráðir 4.883 íbúar í Vestmannaeyjum og hafði þeim fjölgað um 83 frá árinu á undan. Á árinu 1991 voru unnin 2.370 ársverk í eyjunum. Af þeim voru 47% í sjávarútvegi og 40% í þjónustu.

3.0. Deilur skipverja og útgerðarmanna ms. Herjólfs.

Það deiluefni. sem hér er til umræðu, er gerðardómur sem skipaður var á grundvelli laga nr. 15/1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi sem annast meiri hluta flutninga á milli meginlandsins og Vestmannaeyja. Lögin voru sett eftir langvinnt verkfall sem átti rót að rekja til kjarasamnings sem gerður var árið 1981.

Á þessu stigi er ástæða er til að vekja athygli á nokkrum sérkennum á íslenskum vinnumarkaði.

3.1. Íslenskur vinnumarkaður.

Það sem vekur ef til vill mesta athygli er fjöldi stéttarfélaga launamanna á Íslandi miðað við heildarfjölda á vinnumarkaði. Lög um stéttarfélög eru frá árinu 1938. Í þeim er tekið fram að félagssvæði stéttarfélags geti ekki verið minna en eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir viðleitni stjórnvalda til að fækka og stækka sveitarfélög eru þau enn rúmlega 170, mörg mjög fámenn. Flestir kaupstaðir eru með íbúafjölda frá 500–2.000. Aðstæður í atvinnulífi, landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu og iðnaði eru því sniðnar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Á Íslandi eru nánast engin stórfyrirtæki á evrópskan mælikvarða. Einungis örfá fyrirtæki og stofnanir eru með yfir 1.000 starfsmenn í þjónustu sinni. Í fiskvinnslu og útgerð, þar sem uppistaða þjóðartekna verður til, eru stærstu fyrirtækin einungis með um 300–400 starfsmenn. Mestu skiptir að í þessari, sem og mörgum öðrum starfsgreinum, eru fyrirtæki dreifð á ströndina í kaupstöðum og kauptúnum um land allt og algengur starfsmannafjöldi er 20–40 manns. Oft er jafnvel um færri starfsmenn að ræða en þetta og í heildina eru 80% fyrirtækja með færri en 20 manns í vinnu. Af þessu hefur leitt að á Íslandi er mikil fjöldi smárra verkalýðsfélaga. Sem dæmi má nefna að í sambandi kæranda, þ.e. Alþýðusambandi Íslands, er mjög algengt að fjöldi félaga sé á bilinu 200–500 manns. Aðeins fá aðildarfélög ASÍ hafa fleiri félaga en 500–1.000 manns.

Valddreifing er einkenni á uppbyggingu stéttarfélaga, t.d. innan vébanda Alþýðusambands Íslands. Innan ASÍ árið 1991 voru 245 félög og deildir. Félögin innan ASÍ hafa úrslitavald hvað varðar gerð og samþykkt kjarasamninga. Félagsmenn í hverju verkalýðsfélagi innan ASÍ hafa ótvírætt vald til að samþykkja eða hafna samningi án tillits til stefnu forustu Alþýðsambandsins hverju sinni. Þau ákveða einnig hverju sinni þegar heildarkjarasamningar standa fyrir dyrum hvernig að þeim skuli staðið. Samningsgerðin getur farið fram í stéttarfélögunum sjálfum, í landssamböndum innan ASÍ, í svæðasamböndum eða á sameiginlegu borði. En fyrst og síðast eru það félögin sem ákveða niðurstöðuna. Þau geta ákveðið að fara í samninga sameiginlega og afhent Alþýðusambandinu samningsumboðið. Jafnvel þótt slík leið sé farin geta félögin hvenær sem þau ákveða dregið sig út úr samstarfinu og þegar niðurstaða samningaviðræðna liggur fyrir eru atkvæði ekki talin í heild heldur greidd atkvæði um samninginn í hverju félagi fyrir sig og úrslitin ráða því hvort félagið gerist aðili að samningnum eða ekki. Sama á við um önnur heildarsamtök utan ASÍ. Þar eru það einnig félögin sjálf sem samkvæmt vinnulöggjöf, sem er frá árinu 1938, eru ákvörðunaraðili varðandi samningsgerð og samþykkt kjarasamninga.

Aðstæður um borð í ms. Herjólfi endurspegla á glöggan hátt framangreint sérkenni íslensks vinnumarkaðar. Um borð í ferjunni er 16 manna áhöfn. Samningsumboð þessara 16 skipverja er í höndum fimm stéttarfélaga, þ.e. Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjórafélags Íslands, Félags bryta og Sjómannafélagsins Jötuns.

3.2. Deilur um borð í ms. Herjólfi.

Ríkisstjórnin telur að rót þeirrar deilu sem hér er til umfjöllunar sé kjarasamningur á milli stjórnar Herjólfs hf. og Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum sem gerður var 1981. Af þeim sökum er ástæða til þess að fara nokkrum orðum um tilurð þess samnings. Í málskjölum, sem lögð voru fyrir gerðardóminn, kemur fram að leynd hafi hvílt yfir samningsgerðinni á sínum tíma. Það hefur verið upplýst að heildarsamtök atvinnurekenda, Vinnuveitendasamband Íslands, hafi ekki verið haft með í ráðum né samninguriinn sendur VSÍ til samþykktar eins og aðildarfyrirtækjum samtakanna ber að gera. Þeir sem gerðu samninginn voru formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja fyrir hönd stjórnar Herjólfs og formaður Sjómannafélagsins Jötuns. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að upplýsa að formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja var á þessum tíma fulltrúi fjármálaráðherra í stjórn Herjólfs og formaður Sjómannafélagsins Jötuns var varafulltrúi fjármálaráðherra í stjórn Herjólfs.

Framangreindir samningar fólu í sér verulegar kjarabætur til handa félagsmönnum í Sjómannafélaginu Jötni umfram félagsmenn annarra stéttarfélaga sem störfuðu um borð í ms. Herjólfi. Þar með urðu samningarnir undirrót að óánægju og langvinnum erjum á milli áhafnarinnar innbyrðis. Ekki hafa komið fram fullnægjandi skýringar á því hvers vegna talið var rétt að auka hlut eins hóps skipverja umfram aðra. Óhætt er að telja að kjarasamningurinn 1981 hafi fært undirmönnum um borð í ms. Herjólfi óeðlilega miklar launahækkanir miðað við aðrar stéttir um borð og ekki síður ef miðað er við kjör undirmanna á skipum annars staðar á Íslandi.

Í stjórn Herjólfs hf. eiga sæti fimm menn, fjórir valdir pólitískt og einn valinn af almennum hluthöfum. Fjármálaráðherra tilnefnir einn, samgönguráðherra annan og bæjarstjórn Vestmannaeyja tvo. Vænta mætti að hlutverk fulltrúa fjármálaráðherra væri að veita aðhald í rekstri og fylgjast með því að fjármagn það, sem veitt er úr sameiginlegum sjóði landsmanna, væri sem best nýtt. Ekki ber samningurinn frá 1981 þess merki þar

sem stofnað er að ástæðulausu til aukinna launaútgjalda og það sem verra er, hópum er mismunað og í stað þess að stuðla að samstöðu og friði innan áhafnar er að óþörfu stofnað til illinda á milli hópa eins og kom í ljós.

Núverandi stjórn og framkvæmdastjóri útgerðarinnar hafa reynt að fá fulltrúa skipverja til samstarfs við sig um sveigjanlegra vinnufyrirkomulag, endurskipulagningu starfa og verkefna skipshafnar til samræmis við breyttar aðstæður og þarfir með tilkomu nýs skips á árinu 1992. Á því sama ári 1992 var öllum fimm stéttarfélögum skipshafnarinnar skrifað bréf þar sem óskað er eftir viðræðum um gerð nýrra samræmdra kjarasamninga. Sum stéttarfélaganna svörðuðu aldrei þessu bréfi. Í þeim hópi var Sjómannafélagið Jötunn. Af hálfu atvinnurekanda var lagt til að verkefni yrðu endurskoðuð, starfssviði og vinnufyrirkomulagi breytt um borð í því skyni að fá hópinn til að vinna saman. Þetta tókst ekki, fyrst og fremst vegna innbyrðis deilna hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Árið 1990 var gerð ítarleg launakönnun á íslenskum kaupskipum þar sem safnað var saman sundurliðuðum upplýsingum um launagreiðslur miðað við stöðu allt árið 1988. Ef upplýsingar um launagreiðslur miðað við stöðu á ms. Herjólfi eru bornar saman við þessar tölur kemur í ljós að skipverjar á ms. Herjólfi bera almennt meira úr býtum en félagar þeirra á millilandaskipum sem eru þó allan sólarhringinn um borð og sumir mánuðum saman í senn án þess að koma heim. Auk þess að njóta sjómannafrádráttar eins og þeir sem eru í millilandasiglingum eru skipverjar á ms. Herjólfi heima hjá sér á hverri nóttu því að mestan hluta ársins, frá því í september og fram í maí, fer skipið aðeins eina ferð til Þorlákshafnar sem er útgerðarbær á suðurströnd Íslands. Þá er farið frá Vestmannaeyjum kl. 8.15 og er komið til baka og búið að binda og farþegar og farmur kominn í land um kl. 15.30. Þegar ein ferð er farin er vinnu oft lokið og skipverjar farnir í land um eða upp úr kl. 16 en eru á kaupi til kl. 17. Þegar farnar eru tvær ferðir, sem er yfir sumartímann, kemur skipið til Vestmannaeyja úr seinni ferðinni um kl. 22 og vinnu er lokið á bilinu kl. 22.30–23.00. Fyrir seinni ferðina fá allir þeir skipverjar, sem eru yfirvinnubærir, greidda yfirvinnu fyrir seinni ferðina óháð því hvert vinnuframlagið er. Byggist það á ákaflega rúmri túlkun þeirra ákvæða að viðvera um borð teljist til vinnutíma þar sem við upphaflegu samningsgerðina var samið á grundvelli þess að skipið færi aldrei meira en eina ferð á dag og fengju menn greidda fulla dagvinnu fyrir þó að hugsanlega gæti stundum vantað upp á 8 stunda vinnuskil þar sem menn skiptust á við vinnu, t.d. í brú og vél. Þessi túlkun á engan sinn líka í túlkun samninga á öðrum kaupskipum, en hún mundi þýða það að á millilandaskipi fengi skipverji 8 klst. í dagvinnu og 16 klst. í yfirvinnu þar sem hann er um borð allan sólarhringinn. Þess í stað skilar sá skipverji samanlagt 8 klst. vinnu á sólarhring fyrir fastakaupi sínu. Þar sem gengnar eru vaktir allan sólarhringinn getur einnig hluti af vinnu fyrir fastakaupinu verið að nóttu til. Yfirvinna er almennt ekki greidd nema fyrir unnar stundir umfram 8 á sólarhring. Þetta er ein af skýringunum á því að skipverjar á ms. Herjólfi geti haft meiri tekjur á ársgrundvelli en skipverjar í sambærilegum stöðum á millilandaskipum þó að Herjólfur sé ekki í rekstri nema 7–8 klukkustundir á dag meiri hluta ársins.

Eftirfarandi tafla gefur góða mynd af stöðu launamála einstakra stétta um borð í ms. Herjólfi.

Samanburður heildarlauna og launa um borð í ms. Herjólfi.
(Tölur miðaðar við verðlag á árinu 1993 og launataxta 1. maí 1992.)

	Launakönnun 1988	Heildarlaun á Herjólfi 1990	Laun á Herjólfi í janúar 1993	Laun á Herjólfi í júní 1993
Skipstjóri	308.514	399.112	356.063	496.706
Yfirstýrimaður	288.593	343.073	259.263	324.442
2. stýrimaður	243.470	288.675	226.892	275.625
Yfirvélstjóri	263.451	432.554	362.394	435.364
1. vélstjóri	279.685	344.000	263.273	333.525
2. vélstjóri	244.391	292.027	238.578	292.246
Bryti	206.046		242.393	314.861
Bátsmaður	213.257	301.657	247.021	280.329
Háseti	168.309	265.133	213.996	245.656

Athugasemdir:

1. Í öðrum dálki koma fram mánaðarlaun að meðaltali á árinu 1990, þ.e. heildarlaun deilt með 12.
2. Þriðji og fjórði dálkur veita upplýsingar um mánaðartekjur annars vegar að vetri til en hins vegar að sumri til þegar ferðir eru fleiri.

Taflan sýnir svo að ekki verður um villst að kjör háseta hafa verið mjög góð í samanburði við aðrar stéttir um borð í ms. Herjólfi og verulega betri en háseta um borð í öðrum íslenskum skipum. Við þetta er rétt að bæta því að skipverjar á m.s. Herjólfi hafa alla tíð fengið sömu kjarabreytingar og skipverjar á kaupskipum og í sumum tilfellum ríflega það þar sem kaupskipasamningar hafa verið frjálslega túlkaðir þeim í hag.

Á það ber að leggja áherslu að rekstraraðili ms. Herjólfs hafði gert ítrekaðar tilraunir til að taka til endurskoðunar vinnufyrirkomulag skipverjanna með það að markmiði að samræma launakerfi áhafnarinnar. Forsenda þess var viðræður við öll hlutaðeigandi stéttarfélög í einu. Sjómannafélagið Jötunn forðaðist ítrekað að taka þátt í efnislegri umræðu um þetta málefni vegna þess að því hafði áður tekist með samningunum árið 1981 við útgerð ferjunnar að ná fram verulegum kjarabótum umfram önnur stéttarfélög sem áttu umbjóðendur um borð í ferjunni. Þetta var Sjómannafélagið Jötunn. Það skal viðurkennt að þessi samningur útgerðarinnar voru mistök. Þeir mismunuðu áhöfninni og stofnuðu að óþörfu til illinda á milli hópa eins og kom síðar í ljós. Útgerð ms. Herjólfs lofaði að taka kjaramálin til endurskoðunar en forsenda þess var að fulltrúar allra stéttarfélaga kæmu að samningaborðinu en ekki var áhugi á slíkum viðræðum af hálfu sumra stéttarfélaga, fyrst og fremst fulltrúa Sjómannafélagsins Jötuns.

Með hliðsjón af framansögðu verður að leggja áherslu á að hér er fyrst og fremst um að ræða innbyrðis vandamál á milli stéttarfélaga. Samtímis verður að viðurkenna að rót vandamálsins liggur í óheppilegum kjarasamningum sem útgerð ms. Herjólfs gerði árið 1981 við eitt af þeim stéttarfélögum sem semja um kaup og kjör fyrir starfsmenn um borð í ms. Herjólfi.

3.3. Athugasemdir við upplýsingar í kæru Alþýðusambands Íslands.

Ríkisstjórnin telur að greinargerð Alþýðusambands Íslands gefi ekki rétta mynd af þróun deilumála um borð í ms. Herjólfi og sé raunar að ýmsu leyti röng. Þar af leiðandi eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Það er rangt að ekki hafi verið kjaradeila við Sjómannafélagið Jötunn. Upplýst er að Vinnuveitendasamband Íslands vísaði málum allra fimm stéttarfélaganna, sem eiga umbjóðendur um borð í ms. Herjólfi, til sáttasemjara með bréfi, dags. 12. febrúar 1993, og bað um aðstoð hans við að fá öll stéttarfélögin fimm til viðræðna samtímis og ná samningum við þau á sama tíma. Ríkisstjórnin minnir á að rót kjaradeilu getur bæði verið boðun verkfalls en einnig boðun verkbanns. Á því verður að vekja athygli að útgerð ms. Herjólfs hafði boðað verkbann á þann hluta áhafnar sem ekki var í verkfalli.

Eins og áður sagði óskaði Vinnuveitendasamband Íslands eftir því með bréfi til sáttasemjara 12. febrúar 1993 að leyst verði í einu lagi vinnudeila við tilgreind stéttarfélög, þar með talið Sjómannafélagið Jötun. Þar kemur einnig skýrt fram að samningar séu lausir við öll félögin nema Brytafélagið og Skipstjórafélagið, en þeirra samningar losni 1. mars 1993.

2. Það er ekki alls kostar rétt að Jötni hafi fyrst verið boðið til viðræðna eftir að verkfall stýrimanna hófst. Á því er vakin athygli að Vinnuveitendasamband Íslands sendi öllum stéttafélögum áhafnarinnar samhljóða bréf 14. febrúar 1992 þar sem lýst var því markmiði að gerðir yrðu samtímis kjarasamningar um kaup og kjör allrar áhafnarinnar á nýjum Herjólfi sem var í smíðum í Noregi. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir í fyrstu tókst það ekki. Aðstoðar sáttasemjara var svo leitað 12. febrúar 1993.

3. Vegna beintengingar kjarasamnings Jötuns við kjarasamning Sjómannafélags Reykjavíkur gilti hann til 31. desember 1992 en ekki 1. mars 1993 eins og haldið er fram í kæru. Fiskimannasamningar giltu til 1. mars 1993 en farmannasamningar til 31. desember 1992.

4. Hásetar fengu greidda yfirvinnu fyrir ímyndaða fækkun skipverja. Í raun hafði verið sami fjöldi á skipinu, þ.e. fjórir hásetar (bátsmaður innifalinn í talningu), frá því það kom og fyrsti samningurinn var gerður 1976. 1 klst. í yfirvinnu á dag vegna fækkunar, sem kom í samninginn 1981, var ekki byggð á neinni raunverulegri fækkun eða breytingu heldur á hún rót að rekja til samnings Sjómannafélags Reykjavíkur vegna undirmanna á kaupskipum þar sem eru ákvæði um fjölda háseta miðað við stærð skipa. Útgerðir sömdu sig frá þessu, m.a. með því að greiða aukalega yfirvinnu. Árið 1984 var svo samið sérstaklega um almenn frávik frá ákvæðunum og í stað yfirvinnugreiðslu var samið um almenna 5% grunnkaupshækkun vegna fækkunar um borð frá því sem ákveðið er í samningnum. Af óskiljanlegum ástæðum, en líklega fyrir mistök í framkvæmd, fengu hásetar á Herjólfi 5% grunnkaupshækkunina en héldu jafnframt yfirvinnunni sem hækkaði með því jafnframt um 5%. Það var rótin að vandanum og óánægjunni hjá öðrum hópum sem varð að leysa á einhvern hátt. Gerðardómurinn féllst á að um tvígreiðslu væri að ræða og dæmdi af hásetunum yfirvinnuna. Með því náðist samræmi við samning Sjómannafélags Reykjavíkur.

5. Á bls. 4 í kærunni er því haldið fram að það sé ekki hlutverk stéttarfélaga að samþykkja hlutföll á milli félaga. Ríkisstjórnin getur að vissu leyti fallist á þetta sjónarmið. Hins vegar sýnir reynslan að kröfugerð einstakra stéttarfélaga byggist oftar en ekki á samanburði við launaþróun annarra starfshópa og stétta. Þetta er ef til vill enn meira áberandi í fámennum þjóðfélögum eins og því íslenska en meðal fjölmennari þjóða. Reynslan er sú að um borð í skipi stunda menn mikið samanburðarfræðin og eru vel á verði varðandi það að einn fái ekki meira en annar.

4.0. Setning laga nr. 15/1993.

Verkfall stýrimanna á Herjólfi hófst 3. febrúar 1993 og lá skipið bundið við bryggju frá þeim tíma og þar til lög um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi voru sett sem lög nr. 15 23. mars 1993.

Ástæðan fyrir lagasetningunni var fyrst og fremst sú að draga úr því gífurlega tjóni sem áframhaldandi stöðvun ms. Herjólfs gæti haft á atvinnulíf í Vestmannaeyjum og hag þjóðarbúsins alls og hafði samgönguráðherra borist ályktun frá bæjarstjórn Vestmannaeyja sem var samþykkt samhljóða á fundi 16. mars 1993:

„Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkir að óska eftir við ríkisstjórn Íslands að flutt verði frumvarp til laga á Alþingi til að binda endi á kjaradeilur, verkfall og verkbann á ms. Herjólfi. Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að óhjákvæmilegt er að í lögunum verði tekið á kjarasamningum allra stéttarfélaga sem aðild eiga að deilunni og málið þannig leyst í heild sinni.

Það er orðið mjög brýnt fyrir Vestmannaeyinga að þessari deilu ljúki sem fyrst því að skipið er helsta samgöngutæki Eyjanna og hefur verið úr rekstri í sex vikur nú þegar og ekki er útlit fyrir að lausn finnist í deilunni."

Það voru tveir stýrimenn af 16 manna áhöfn sem fóru í verkfall. Stýrimennirnir kröfðust launahækkunar þar sem þeir töldu að launamunur milli þeirra og háseta væri of lítill. Hásetar á Herjólfi höfðu nokkru áður samið um fækkun háseta gegn því að þeir fengju greidda 1 klst. yfirvinnulaun fyrir hvern virkan dag, en laun stýrimanna voru sambærileg við laun stýrimanna á öðrum skipum. Áður en verkfallið hófst voru gerðar margar tilraunir til að ná sáttum og samningum til að afstýra verkfalli, en eftir að vinnustöðvun hófst var málið alfarið í höndum sáttasemjara, enda töldu menn tilgangslaust að tala meira saman. Það hefði verið reynt til þrautar fyrir verkfallið. Eftir byrjun verkfalls má segja að sáttasemjari ríkisins hafi unnið stanslaust að lausn deilunnar og voru sáttafundir mjög margir. Ríkissáttasemjari gerði sér sérstaka ferð til Vestmannaeyja og dvaldist þar í u.þ.b. viku og voru þá látlausir fundir með aðilum deilunnar. Það er einsdæmi í sögu kjaradeilna á Íslandi að ríkissáttasemjari taki sér ferð á hendur út á land og dveljist þar dögum saman til að freista þess að leysa kjaradeilu. Þetta sýnir hversu mikill áhersla var á það lögð að ná kjarasamningi í frjálsum samningaviðræðum aðila. Að lokum, eftir sjö vikna verkfall, var það mat bæði samningsaðila og sáttasemjara að svo mikið hafi borið á milli deiluaðila að engar líkur væru á lausn deilunnar í bráð. Þegar hér var komið var ljóst að vinnustöðvun stýrimannanna hafði mikil áhrif á atvinnuöryggi annarra skipverja auk þess sem atvinnuöryggi þeirra sem með beinum eða óbeinum hætti höfðu atvinnu af rekstri og þjónustu skipsins var teflt í tvísýnu.

Þegar samgönguráðherra hafði fengið framangreinda ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja og með hliðsjón af því ástandi sem skapast hafði féllst samgönguráðherra á að leggja fram frumvarp til laga um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

Enda þótt mikill meiri hluti þingmanna hafi greitt atkvæði með frumvarpinu kom fram gagnrýni á nokkra þætti þess. Sú almenna gagnrýni kom fram að ekki væri rétt að löggjafinn gripi inn í kjaradeiluna með lagasetningu og drægi með þeim hætti úr ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á að leysa sínar deilur með frjálsum kjarasamningum. Í þessu sambandi var vakin athygli á gagnrýni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á tíðar lagasetningar á Íslandi til lausnar kjaradeilum.

Fyrsta grein frumvarpsins var gagnrýnd. Ekki þótti rétt að lögin tækju til áhafnarmeðlima sem ekki höfðu boðað verkfall og ekki áttu sök á deilunni. Einnig var talið ósanngjarnt að þeir sem áttu ekki sök á deilunni væru bundnir af hugsanlegri ákvörðun gerðardómsins til loka ársins 1993. Eins og fram hefur komið hafði margoft á undanförnum árum verið reynt að binda enda á deilur sem stóðu um kaup og kjör um borð í ms. Herjólfi. Þetta hafði ekki tekist vegna þess að ekki voru allir aðilar reiðubúnir að taka þátt í samningaviðræðum. Með hliðsjón af þessari staðreynd lá það fyrir að ekki tækist að leysa deilumálin um borð í ms. Herjólfi nema fundin yrði lausn sem tæki til allra starfshópa sem áttu hlut að máli. Stjórnvöld voru þeirrar skoðunar að um borð í ms. Herjólfi ríkti kjaradeila sem tæki til allra starfsmanna ferjunnar. Verkfall stóð yfir sem tók til hluta áhafnarinnar. Ekki má þó gleyma því að útgerð ferjunnar hafði boðað til verkbanns á þá starfsmenn sem ekki voru í verkfalli. Það er því ljóst að kjaradeilan tók til allra starfsmanna um borð í ms. Herjólfi. Þar af leiðandi var lagt til að lögin tækju ekki einungis til þeirra sem voru í verkfalli heldur einnig allra annarra starfsmanna ferjunnar sem boðað verkbann átti að taka til. Einungis með þessum hætti var talið að varanleg lausn yrði fundin á deilumálinu sem tryggði að starfsemi ferjunnar héldist áfram en hún hefur úrslitaþýðingu fyrir vöru- og fólksflutninga á milli lands og eyja.

Ekki kom fram gagnrýni á ákvæði 3. gr. þar sem tekið er fram að gerðardómurinn skuli við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt lögunum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu. Rétt þykir að leggja ríka áherslu á þetta ákvæði sem er tilkomið vegna þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 þegar víðtæk samstaða tókst í íslensku þjóðfélagi um að vinna með markvissum hætti að því að vinna bug á þrálátri verðbólgu sem hafði herjað í íslensku fjármálalífi um áratuga skeið. Það hefur verið grundvallarstefna ríkisstjórnarinnar að koma í veg fyrir að verðlagsþróun færi í fyrra horf. Þar af leiðandi hefur ríkt á undanförnum árum mjög aðhaldssöm stefna í launa- og fjármálum. Ríkisstjórnin hefur í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins lagt alla áherslu á að koma í veg fyrir að þeim árangri, sem hefur óumdeilanlega náðst á þessu sviði, væri stofnað í hættu. Það er í þessu ljósi sem verður að meta aðgerðir stjórnvalda í því kærumáli sem hér er til umfjöllunar.

Alþingi samþykkti lög nr. 15/1993 með 36 atkvæðum. Einungis sex þingmenn greiddu atkvæði gegn frumvarpinu. Átta þingmenn greiddu ekki atkvæði. Af þessu má ráða að ríkur skilningur ríkti meðal þingmanna á nauðsyn þess að lögin yrðu sett til að binda enda á kjaradeilu sem aðilum vinnumarkaðarins hafði ekki tekist að leysa þrátt fyrir sjö vikna verkfall.

Í 2. gr. laga nr. 15/1993 var kveðið á um að hefðu deiluaðilar ekki náð samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör fyrir 1. júní 1993 skyldi Hæstiréttur Íslands tilefna þrjá menn í gerðardóm sem skyldi ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfi fyrir 1. ágúst 1993. Samningar tókust ekki og var gerðardómurinn skipaður í samræmi við ákvæði laganna. Gerðardómurinn kvað upp úrskurð sinn 9. ágúst 1993. Kærandi hefur sent Alþjóðavinnumálastofnuninni úrskurðinn í enskri þýðingu. Hann hefur að geyma mjög ítarlega málavaxtalýsingu sem ríkisstjórnin leyfir sér að vísa til að því er varðar nánari upplýsingar um þetta kærumál.

5.0. Lög nr. 15/1993 og alþjóðasamþykkt nr. 98.

Af því sem greinir í 3. og 4. kafla má ljóst vera að það var hrein neyðarráðstöfun að leggja til við Alþingi að sett yrðu lög til lausnar kjaradeilunni um borð í ms. Herjólfi. Verkfall hafði staðið í sjö vikur, farið var að bera á vöruskorti, allt annað atvinnulíf var að lamast og stutt í að lífi og heilsu manna yrði stefnt í hættu. Ríkisstjórnin mótmælir því sérstaklega að við þessar aðstæður hafi hún brotið ákvæði alþjóðasamþykkta nr. 87 og 98. Hún vill í þessu sambandi vekja athygli á ummælum í gr. 258 í skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til 81. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1994 um framkvæmd samþykktanna um félagafrelsi og samningafrelsi. Þar segir efnislega að það geti verið réttlætanlegt að stjórnvöld grípi inn í kjaradeilur með lögskipuðum gerðardómi þegar augljóst er að kjarasamningar eru í óleysanlegum hnút. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að þetta eigi við í þessu deilumáli sem hér um ræðir. Kjaradeilan var komin í óleysanlegan hnút og stjórnvöldum var nauðugur einn kostur að höggva á hann með lagasetningu. *Ríkisstjórnin mótmælir sérstaklega þeirri fullyrðingu kæranda að ekki hafi verið leitað allra leiða til leysa deiluna með frjálsum samningum. Í því sambandi er vísað til þess að haldnir voru fjölmargir árangurslausir fundir ríkissáttasemjara með deiluaðilum.*

Kærandi heldur því fram að með lagasetningunni hafi ákvæði 3. gr. og 2. mgr. 8. gr. samþykktar ILO nr. 87 verið brotin. Í 3. gr. samþykktar ILO nr. 87 er kveðið á um að félög launafólks og atvinnurekanda skuli eiga rétt á setja sér lög og reglur, vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sinum, skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stofnskrá. Íslensk stjórnvöld hafa áður lýst því áliti sínu að framangreind ákvæði tryggi fyrst og fremst almennt félagafrelsi en það er varið af 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þau telja fráleitt að halda því fram að lagasetningin hafi skert félagafrelsi í landinu.

Sérstök áhersla er á það lögð að með framangreindri lagasetningu hafi á engan hátt verið íhlutast um rétt launafólks og atvinnurekenda til stofnunar og starfsemi félaga þessara aðila. Þvert á móti hafa íslensk stjórnvöld staðið gegn því að hróflað yrði við starfsgrundvelli samtaka launafólks þrátt fyrir gagnrýni t.d. Evrópuráðsins á forgangsréttarákvæði í kjarasamningum sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði (union security clauses). Þessi afstaða hefur komið fram í máli fulltrúa íslenskra stjórnvalda á vettvangi Evrópuráðsins og í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu.

Með sama hætti er því mótmælt að ákvæði 4. gr. samþykktar nr. 98 hafi verið brotin. Íslensk stjórnvöld leggja á það áherslu að aðilar vinnumarkaðarins semji um kaup og kjör í frjálsum samningum. Þetta hefur verið gert og er gert á íslenskum vinnumarkaði. En eins og margoft hefur verið tekið fram var hér um að ræða deilu sem komin var í óleysanlegan hnút sem stjórnvöld voru knúin til að höggva á. Sérfræðinganefnd ILO viðurkennir að stjórnvöld geti haft rétt til íhlutunar við slíkar aðstæður án þess að á það sé litið sem brot á samþykkt nr. 98, sbr. tilvitnun hér að framan í gr. 258 í skýrslu sérfræðinganefndar ILO til 81. Alþjóðavinnumálaþingsins.

Í skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta hefur verið vakið máls á því í sambandi við framkvæmd Íslands á samþykkt nr. 98 að erfiðleikar ríki í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Ástæðum þessara erfileika er lýst að nokkru í 3. kafla hér að framan. Mörg undanfarin ár hafa stjórnvöld gert tilraunir til þess að fá aðila vinnumarkaðarins til þátttöku í starfi sem miðaði að því að endurskoða samskiptareglur á vinnumarkaði. Þetta hefur ekki tekist fyrr en í október árið 1994. Þá var skipuð af félagsmálaráðherra nefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar Alþýðusambands Íslands, einn fulltrúi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn frá Vinnumálasambandinu og einn fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúi félagsmálaráðherra er formaður nefndarinnar. Nefndin hefur ákveðið að leggja m.a. til við félagsmálaráðherra að gerð verði

samanburðarkönnun á reglum sem gilda um verkfallsrétt og samingarétt í nokkrum löndum. Þess er vænst að niðurstöður slíkrar samanburðarkönnunar leiði til víðtækrar samstöðu um breytinga á samskiptareglum á íslenskum vinnumarkaði þannig að framvegis verði komist hjá afskiptum löggjafans af kjarasamningum.

6.0. Samantekt og niðurlag.

Þær ríkisstjórnir, sem hafa setið undanfarin ár á Íslandi, hafa sett sér það markmið að freista þess að ráða niðurlögum mikillar verðbólgu sem hefur ríkt um áratuga skeið. Að hluta til er orsakanna að leita í miklum verðbreytingum á sjávarafurðum sem eru helstu tekjulind þjóðarinnar. Baráttan við verðbólguna hefur verið háð í nánu samráði og samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks. Hvað eftir annað hefur ríkisvaldið stuðlað að lausn kjaradeilna með ýmiss konar aðgerðum, m.a. í skattmálum og félagsmálum, sem hafa komið launafólki til góða. Árangurinn hefur farið fram úr björtustu vonum. Á árinu 1994 var verðbólga vart mælanleg.

Af framansögðu leiðir að stjórnvöld á Íslandi gæta ýtrustu varfærni þegar launa- og verðlagsmál eru annars vegar til þess að stofna ekki í hættu þeim árangri sem hefur náðst eins og gerð er grein fyrir í 2. kafla þessarar greinargerðar.

Í 3. kafla er fjallað um bakgrunn deilunnar sem varð Alþýðusambandi Íslands tilefni til að kæra ríkisstjórn Íslands vegna sagðra brota á alþjóðasamþykktum nr. 87 og 98. Vakin er athygli á því sérkenni á íslenskum vinnumarkaði að í landinu er fjöldi smárra stéttarfélaga með sjálfstætt samningsumboð. Erfiðustu deilumál, sem stjórnvöld fást við, eru ágreiningur sem á rót að rekja til innbyrðis deilna á milli stéttarfélaga. Deilan um borð í ms. Herjólfi er dæmi um slíka deilu. Fimm stéttarfélög fara með samningsumboð 16 manna áhafnar.

Í greinargerðinni kemur fram að þrátt fyrir ríkissáttasemjari hafi staðið fyrir fjölmörgum sáttafundum hafi ekki tekist að leysa deiluna um borð í ms. Herjólfi með samningum á milli aðila. Verkfall var boðað og yfirvofandi var verkbann á þann hluta áhafnarinnar sem ekki var í verkfalli. Það var ekki fyrr en eftir sjö vikna verkfall að löggjafarvaldið greip inn í með setningu laga nr. 15/1993 þar sem ákveðið var að skipa gerðardóm til að höggva á þann óleysanlega hnút sem kjaradeilan var komin í.

Ríkisstjórnin mótmælir því eindregið að lagasetningin og niðurstaða gerðardómsins brjóti í bága við þær skuldbindingar sem felast í samþykktum nr. 87 og 98. Hún vekur athygli á ummælum sérfræðinganefndar ILO í skýrslu til 81. Alþjóðavinnumálaþingsins þar sem efnislega segir að það geti verið réttlætanlegt að stjórnvöld grípi inn í kjaradeilur með lögskipuðum gerðardómi þegar augljóst er að kjarasamningar eru í óleysanlegum hnúti. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að þetta eigi við í þessu sérstæða deilumáli sem hér um ræðir. Kjaradeilan var komin í óleysanlegan hnút og stjórnvöldum var nauðugur einn kostur að höggva á hann með lagasetningu sem batt enda á langvinnt verkfall. Enn fremur var kveðið á um það að tækjust ekki samningar fyrir tiltekin tíma skyldi gerðardómur skera úr deilumálinu.

Fylgiskjal IV.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1994.

Frá upphafi hefur þríhliða samstarf á milli ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins skapað Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefnd-

um og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á ríkisstjórnir aðildarríkjanna í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda samþykktar nr. 144 var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1994 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Bryndís Hlöðversdóttir, lögræðingur ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar á árinu 1994 voru svipuð og næstu ár á undan, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1994 samtals níu fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1994 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Samþykkt nr. 11, um rétt landbúnaðarverkafólks til að bindast samtökum og stofna félög.

Samþykkt nr. 87. um félagafrelsi.

Samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.

Samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Samþykkt nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Að auki undirbjó nefndin skýrslu um framkvæmd á einni alþjóðasamþykkt sem Ísland hefur ekki fullgilt. Um er að ræða samþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda. Þess skal getið að skv. 19. gr. stofnskrár ILO getur alþjóðavinnumálaskrifstofan óskað eftir skýrslum um framkvæmd á samþykkta sem ekki hafa verið fullgiltar.

Skýrsla um 80. Alþjóðavinnumálaþingið 1993.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumála-

þingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1994 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 80. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 1993. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um aðgerðir til að hindra meiri háttar iðnaðarslys.

80. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf.

Í skýrslunni er birt skrá yfir fulltrúa Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu 1945 til 1993, enn fremur skrá yfir fulltrúa í stjórnarnefnd ILO kjörtímabilið 1993 til 1996. Loks eru birtar í skýrslunni athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1990 og 1991.

Undirbúningur fyrir þátttöku í 81. Alþjóðavinnumálaþinginu 1994.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1994 um dagskrármál 81. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál vinnumálaþingsins.

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Með sama hætti og árið áður voru það einkum þrjú atriði sem voru á dagskrá nefndarinnar og snerta félagsmálasáttmálann. Við lok ársins 1994 fjallaði nefndin um drög að skýrslu Íslands um framkvæmd á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1990 og 1993.

Þess skal getið að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum 17. september 1992 að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmálans. Samkvæmt 21. gr. sáttmálans skal þetta gert á tveggja ára fresti. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgiltra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þetta breytist þannig að nú eiga aðildarríkin til reynslu næstu fjögur ár að taka saman skýrslu á hverju ári um tiltekinn fjölda greina. Þau munu í raun skila skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Af breytingunni leiðir að sérfræðinganefndin getur nú samtímis lagt mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það ætti að leiða til þess að betri samanburður fæst á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.

Í samræmi við breyttar reglur um skýrslur um framkvæmd á félagsmálasáttmálanum óskaði Evrópuráðið eftir skýrslu um framkvæmd á eftirtöldum greinum sáttmálans:

1. gr., um rétt til vinnu.
1. mgr. 2. gr., um daglegan og vikulegan vinnutíma.
1. mgr. 3. gr.
1. mgr. 4. gr., um lágmarkskjör launafólks.
3. mgr. 4. gr., um launajafnrétti kvenna og karla.
5. gr., um félagafrelsi.
6. gr., um samningafrelsi.
15. gr., um réttindi fatlaðra.
16. gr., um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegar og efnahagslegrar verndar, svör við spurningum.

18. gr., um rétt til að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðilans.

Skýrslan var send Evrópuráðinu 27. janúar 1995.

ILO-nefndin fjallaði einnig um drög að skýrslu um framkvæmd á tveimur ákvæðum félagsmálasáttmálans sem Ísland hefur ekki fullgilt. Um er að ræða 9. mgr. 7. gr. um skyldu aðildarríkjanna til að sjá um að fólk yngra en 18 ára sem vinnur störf sem tiltekin eru í lögum eða reglugerðum sé háð reglulegu læknisefirliti.

Einnig var óskað eftir skýrslu um framkvæmd 4. mgr. 19. gr. sem fjallar um viss réttindi farandverkafólks, t.d. til að eiga aðild að stéttarfélögum og að njóta góðs af heildarsamningum og eiga kost á að afla sér húsnæðis.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Eins og greint er frá í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 80. Alþjóðavinnumálaþingið 1993 bárust íslenskum stjórnvöldum í lok janúar 1994 athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1990 og 1991. ILO-nefndin fjallaði um þessar athugasemdir í tengslum við fundi embættismannanefndar á vegum Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslu sérfræðinganna. Með samþykkt bókunar við félagsmálasáttmálann haustið 1991 breytist hlutverk embættimannanefndarinnar þannig að henni er nú falið að velja þau tilvik þar sem ákvæði félagsmálasáttmálans eru brotin að mati sérfræðinganefndarinnar og leggja fyrir ráðherranefnd ráðsins að hún samþykki sérstök tilmæli til hlutaðeigandi ríkisstjórnar um úrbætur. Áður leit embættismannanefndin á það sem hlutverk sitt að túlka ákvæði sáttmálans. Sérfræðinganefndin fær hins vegar afdráttarlausara vald til að leggja lagalegt mat á framkvæmd aðildarríkja sáttmálans. Á fundum ILO-nefndarinnar var einkum rætt um athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við 5. gr. félagsmálasáttmálans, um félagafrelsi, og 6. gr. sem m.a. er um rétt til að semja um kaup og kjör.

Endurskoðun félagsmálasáttmálans.

Á árinu 1994 var lokið því verki sem hafið var árið 1990 þegar fundur evrópskra félagsmálaráðherra samþykkti tillögu frú Lalumiere, fyrrverandi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans. Endurskoðun sáttmálans lauk í október 1994 með afgreiðslu endurskoðunarnefndarinnar á nýjum félagsmálasáttmála. Í nýja sáttmálanum eru að finna fjölda nýmæla sem m.a. fjalla um rétt launafólks til upplýsinga og að haft sé samráð við það, vernd launa við gjaldþrot atvinnurekanda, aðgerðir til að koma í veg fyrir kynferðislegt áreiti á vinnustað eða í tengslum við vinnu, réttindi starfsmanna með fjölskylduábyrgð, rétt til húsnæðis og um aðgerðir til að koma í veg fyrir fátækt og útskúfun úr þjóðfélaginu. Þess er vænst að nýr félagsmálasáttmáli Evrópu verði opnaður til undirritunar seinni hluta árs 1995.

Á vettvangi ILO-nefndarinnar var á árinu 1994 fjallað um tillögur um breytingar á einstökum efnisgreinum sáttmálans sem hafa verið á dagskrá endurskoðunarnefndarinnar.

Fylgiskjal V.

Samþykktir Alþjóðavinnumálaþings 1919–94.

Hér á eftir fer skrá yfir alþjóðasamþykktir sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnumálaþinginu 1919–94. Athygli er vakin á athugasemdum aftanmáls við nokkrar af samþykktunum.

Nr.	Heiti samþykktar:	Fjöldi fullgildinga*	Fullgildingar Norðurlanda**
1.	Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919)	51	
2.	Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919)	53	(DFINS)
3.	Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919)[2]	31	
4.	Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919)[2]	60	
5.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919)[2]	71	(D--N-)
6.	Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði (1919)[2]	59	(D----)
7.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920)[2]	52	(DF-NS)
8.	Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920)	57	(DF-NS)
9.	Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920)	37	(DF-NS)
10.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921)[2]	54	(---NS)
11.	Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921)	114	(DFINS)
12.	Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921)[2]	71	(DF-NS)
13.	Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921)	61	(-F-NS)
14.	Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921)	113	(DF-NS)
15.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (1921)[2]	68	(DFINS)
16.	Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku (1921)	77	(DF-NS)
17.	Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925)[2]	68	(-F--S)
18.	Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925)[2]	63	(DF-NS)
19.	Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925)	113	(DF-NS)
20.	Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925)	17	(-F--S)
21.	Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926)	33	(DF-NS)
22.	Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926)	56	(-F-N-)
23.	Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926)	43	
24.	Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzunarfólks og heimilishjúa (1927)[2]	25	(---N-)
25.	Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927)[2]	18	(---N-)
26.	Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928)	101	(---N-)
27.	Samþykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929)	64	(DF-NS)
28.	Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929)[2]	4	
29.	Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930)	135	(DFINS)
30.	Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930)	30	(-F-N-)

*Fjöldi fullgildinga er miðaður við 31. desember 1993.

**D=Danmörk, F=Finnland, I=Ísland, N=Noregur, S=Svíþjóð.

31.	Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931)[2][4]	2	
32.	Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932)[3]	44	(DF-NS)
33.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932)[3]	25	
34.	Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933)[3]	11	(-F-NS)
35.	Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3]	11	
36.	Samþykkt um skylduellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)[3]	10	
37.	Samþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verslunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3]	11	
38.	Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)[3]	10	
39.	Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum, mönnum sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3]	8	
40.	Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum og landbúnaðarverkamönnum (1933)[3]	7	
41.	Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934)[3]	38	
42.	Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934)[2]	52	(DF-NS)
43.	Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðum (1934)	13	(---N-)
44.	Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934)	14	(---N-)
45.	Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935)	95	(-F--S)
46.	Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935)[4]	3	
47.	Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935)	11	(F--NS)
48.	Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935)[3]	9	
49.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935)	10	(---N-)
50.	Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936)	33	(---N-)
51.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936)[3]	0	
52.	Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936)[3]	54	(DF---)
53.	Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936)	32	(DF-N-)
54.	Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936)[3][4]	6	
55.	Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936)	16	
56.	Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936)	18	(---N-)
57.	Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936)[2][4]	4	
58.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)[2]	51	(D-INS)
59.	Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937)[2]	36	(---N-)
60.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937)[2]	11	
61.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937)[4]	0	
62.	Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937)	30	(DF---)
63.	Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu svo og landbúnaði (1938)[2]	34	(DF-NS)
64.	Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939)	31	
65.	Samþykkt um refsiákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939)	33	
66.	Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939)[2][3]	0	
67.	Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939)[3]	4	
68.	Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946)	22	(---N-)
69.	Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946)	34	(---N-)
70.	Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946)[1]	7	
71.	Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946)	13	(---N-)
72.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmann (1946)[3][4]	5	(-F---)
73.	Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946)	40	(DF-NS)
74.	Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946)	26	
75.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946)[3][4]	5	(-F-NS)
76.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946)[2][4]	1	
77.	Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa (1946)	42	

78.	Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946)	38	
79.	Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946)	19	
80.	Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (1946)[4]	54	(DF-NS)
81.	Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947)	111	(DF-NS)
82.	Samþykkt um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1947)	4	
83.	Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskyldu í ósjálfstæðum löndum (1947)	2	
84.	Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947)	4	
85.	Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947)	5	
86.	Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947)	22	
87.	Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948)	109	(DFINS)
88.	Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948)	75	(DF-NS)
89.	Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948)	65	
90.	Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948)	47	(---N-)
91.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949)[3]	23	(-FINS)
92.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949)	39	(DF-N)
93.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949)[2,4]	6	
94.	Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949)	56	(DF---)
95.	Samþykkt um verndun vinnulauna (1949)	91	(---N-)
96.	Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949)	41	(-F-NS)
97.	Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949)	40	(---N-)
98.	Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949)	123	(DFINS)
99.	Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951)	51	
100.	Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf (1951)	120	(DFINS)
101.	Samþykkt um orlof með kaupi í landbúnaði (1952)[2]	46	
102.	Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952)	38	(D-INS)
103.	Samþykkt um mæðravernd (1952)	31	
104.	Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955)	26	
105.	Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957)	112	(DFINS)
106.	Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957)	60	(D----)
107.	Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja (1957)	27	
108.	Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (1958)	53	(DFINS)
109.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958)[1]	15	(---N-)
110.	Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958)	11	
111.	Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958)	118	(DFINS)
112.	Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959)	30	(D--N-)
113.	Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959)	28	(---N-)
114.	Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959)	21	
115.	Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960)	44	(DF-NS)
116.	Samþykkt um breytingu á samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í því skyni og samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykkta (1961)[4]	73	(DF-NS)
117.	Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962)	31	
118.	Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962)	38	(DF-NS)
119.	Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963)	48	(DF-NS)
120.	Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1964)	48	(DF-NS)
121.	Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu (1964)	21	(-F--S)
122.	Samþykkt um stefnu í atvinnumálum (1964)	82	(DFINS)
123.	Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum (1965)[2]	42	
124.	Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum (1965)	41	(-F---)

125.	Samþykkt um hæfnisskírteini fiskimanna (1966)	10	
126.	Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966)	20	(D--N-)
127.	Samþykkt um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera (1967)	22	
128.	Samþykkt um elli-, örorku- og eftirlifendabætur (1967)	16	(-F-NS)
129.	Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969)	29	(DF-NS)
130.	Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969)	14	(DF-NS)
131.	Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970)	38	
132.	Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðað 1970)	23	(-F-NS)
133.	Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði 1970)	25	(-F-NS)
134.	Samþykkt um slysavarnir sjómanna (1970)	26	(DF-NS)
135.	Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum (1971)	51	(DF-NS)
136.	Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá benseni (1971)	33	(-F---)
137.	Samþykkt um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum (1973)	21	(-F-NS)
138.	Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu (1973)	46	(-F-NS)
139.	Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini (1974)	29	(DFINS)
140.	Samþykkt um námsleyfi með launum (1974)	28	(-F--S)
141.	Samþykkt um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (1975)	31	(DF-NS)
142.	Samþykkt um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls (1975)	53	(DF-NS)
143.	Samþykkt um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar (1975)	17	(---NS)
144.	Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1976)	59	(DFINS)
145.	Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna (1976)	17	(-F-NS)
146.	Samþykkt um árlegt orlof farmanna (1976)	12	(-F--S)
147.	Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976)	29	(DF-NS)
148.	Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað (1977)	35	(DF-NS)
149.	Samþykkt um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (1977)	35	(DF-NS)
150.	Samþykkt um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag (1978)	37	(DF-NS)
151.	Samþykkt um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu (1978)	26	(DF-NS)
152.	Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu (1979)	18	(DF-NS)
153.	Samþykkt um vinnustundir og hvíldartíma við akstur (1979)	7	
154.	Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða (1981)	17	(-F-NS)
155.	Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1981)	20	(-FINS)
156.	Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til hand körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (1981)	20	(-F-NS)
157.	Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum (1982)	2	(----S)
158.	Samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda (1982)	20	(-F--S)
159.	Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1983)	47	(DFINS)
160.	Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál (1985)	35	(DF-NS)
161.	Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (1985)	14	(-F--S)
162.	Samþykkt um öryggi við notkun asbests (1986)	18	(-F-NS)
163.	Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987)	10	(DF-NS)
164.	Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja (1987)	6	(----S)
165.	Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (1987)	2	
166.	Samþykkt um heimsendingu skipverja (1987)	4	
167.	Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði (1988)	9	(---NS)
168.	Samþykkt um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi (1988)	6	(-F-NS)
169.	Samþykkt um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum (1989)	6	(---N-)
170.	Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu (1990)	3	(---NS)
171.	Samþykkt um *næturvinnu* (1990)[1]	1	
172.	Samþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum (1991)	2	
173.	Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda (1992)[1]	1	
174.	Samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum (1993)[1]		
175.	Samþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf (1994)[1]		

Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar.
(Dagsetning á skráningu fullgildingar er innan sviga.)

1. Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (17. febrúar 1958).
2. Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (21. ágúst 1956).
3. Nr. 15, um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (21. ágúst 1956).
4. Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (17. febrúar 1958).
5. Nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (21. ágúst 1956).
6. Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess (19. ágúst 1950).
7. Nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn (1952).
8. Nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (15. júlí 1952).
9. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (17. febrúar 1958).
10. Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis (20. febrúar 1961).
11. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (29. nóvember 1960).
12. Nr. 108, um persónuskírteini sjómanna (26. október 1970).
13. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs (29. júlí 1963).
14. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum (22. júní 1990).
15. Nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum (21. júní 1991).
16. Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (30. júní 1981).
17. Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (21. júní 1991).
18. Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (22. júní 1990).

Athugasemdir:

[1] Samþykkt sem ekki hefur verið fullgilt af nægilega mörgum aðildarríkjum til að öðlast gildi.

[2] Samþykkt sem hefur verið endurskoðuð með síðari samþykkt.

[3] Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að hún hefur verið endurskoðuð með nýrri samþykkt sem hefur tekið gildi.

[4] Samþykkt hefur ekki verið fullgilt af lágmarksfjölda aðildarríkja til að taka gildi.
Ákvæði í nokkrum þeirra hafa verið tekin upp í aðrar síðari samþykktir.

750. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um varðveislu arfs og eigna húsmæðraskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem kveður á um að skipuð verði nefnd er kanni hvernig best megi varðveita arf gömlu húsmæðraskólanna í landinu.

Í umfjöllun sinni studdist nefndin við umsagnir frá Kvenfélagasambandi Norður-Þingeyinga, Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðminjasafni Íslands, Sambandi vestfirskra kvenna, Árbæjarsafni, Sambandi sunnlenskra kvenna, Félagi íslenskra safnamanna, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Kvenfélagasambandi Íslands, Sambandi eyfirskra kvenna og Sambandi borgfirskra kvenna.

Menntamálanefnd telur verðugt verkefni að kanna hvernig best megi varðveita muni þeirra húsmæðraskóla sem nú hafa verið lagðir niður. Tillagan hlaut jákvæðar undirtektir í framangreindum umsögnum og leggur nefndin til að hún verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson og Petrína Baldursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

751. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um skipan nefndar er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi nefnd er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð og geri tillögur er tryggi því sambærileg kjör og réttindi við námsfólk er stundar nám í heimabyggð.

Við umfjöllun sína studdist nefndin við umsagnir frá Tækniskóla Íslands, Sambandi iðnmenntaskóla, stúdentaráði Háskóla Íslands, Bandalagi íslenskra sérskólanema, Háskólanum á Akureyri og sameinuðu bændasamtökunum Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda.

Framangreindar umsagnir voru afar jákvæðar og töldu allir umsagnaraðilar að fyllsta ástæða væri til að kanna stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Nefndin telur mikilvægt að nemendum séu, svo sem kostur er, tryggðar jafnar aðstæður til náms og leggur til, með vísan til framangreinds, að tillagan verði samþykkt með svohljóðandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Sérstaklega verði athugað:

1. hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð og Lánasjóður íslenskra námsmanna taki sérstakt tillit til slíkra aðstæðna,
2. hvaða kostnaður hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa í heimavistum eða leiguhúsnæði fjarri heimabyggð.

Ólafur Þ. Þórðarson og Petrína Baldursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

752. Svar [368. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um jafnan rétt kvenna og karla til dæmdra bóta.

1. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við nýlegum dómi Hæstaréttar þar sem byggt er á því að það samræmist lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að örorkumat barna sé mismunandi eftir kynferði þeirra?*

Fyrirspurnin er lögð fram vegna dóms Hæstaréttar fimmtudaginn 12. janúar sl. í skaðabótamáli sem var höfðað fyrir hönd stúlku sem hafði verið bitin í andlitið af hundi.

Í dómnum kemur fram að tryggingastærðfræðingur hafi metið framtíðartekjutap tjónþola miðað við 5% varanlega örorku. Væntanlegt tekjutap var metið á tvennan hátt. Annars vegar var miðað við tekjur konu en hins vegar tekjur karls. Í fyrra tilvikinu var höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknað eftir áætlun um tekjur iðnlærðra kvenna og talið nema á slysadegi 395.500 kr. en í því síðara var reiknað út frá tekjum iðnlærðra karla og talið nema 449.700 kr.

Í dómi Hæstaréttar er að því vikið að í skýrslum kjararannsóknarnefndar komi fram að tekjur kvenna eru almennt lægri en tekjur karla. Rétturinn vekur á því athygli að þegar byggt er á útreikningi tryggingastærðfræðings verði að leggja til grundvallar eins og unnt er atvik sem snerta gagngert tjónþola sjálfan. Hæstiréttur bendir á að þetta þyki ekki brjóta gegn lögum nr. 28/1981, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Rétturinn er hér að undirstrika grundvallarreglu sem skaðabótarétturinn hefur byggt á að ganga verði út frá aðstæðum tjónþola þegar hann verður fyrir tjóninu.

Á því er vakin athygli að Hæstiréttur dæmir framangreindri stúlku 500.000 kr. í bætur sem eru nokkru hærri bætur en reiknað tjón karlmanns eins og það hafði verið reiknað út af tryggingastærðfræðingi.

Í fyrirspurninni virðist felast sú gagnrýni á Hæstarétt að í dómnum felist mismunun byggð á kynferði að því er varðar tjónabætur. Ekki er hægt að taka undir þessa gagnrýni í ljósi þess sem að framan greinir. Dómurinn er ekki nægilega skýr að þessu leyti. Varhugavert er að fullyrða út frá dómnum að drengur við sömu aðstæður hefði fengið hærri bætur. Ef skilja á dóminn á þann hátt, svo sem sumir vilja gera, er það einungis til að undirstrika enn frekar orð sem féllu í umræðum á Alþingi föstudaginn 17. febrúar sl. um skýrslu um launamun og kynbundið launamisrétti að brýnt sé að skapa þjóðarsamstöðu um að útrýma launamisrétti kynja.

Rétt er að minna á að dómurinn byggir á dómaframkvæmd og gildandi réttarreglum fyrir setningu nýlegra skaðabótalaga sem eru fyrstu lög á þessu sviði. Í þeim eru mun ákveðnari reglur um mat á skaða. Lögin byggja þó á allt annarri framkvæmd varðandi útreikning bóta fyrir líkamstjón barna. Sýnt þykir að fullyrða megi að þau lög byggi á jafnræði kynja.

Að lokum er rétt að vekja enn athygli á ákvæði í 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þar sem tekið er fram að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt sambærileg störf. Vafalaust verður lagt á það mat þegar lögin verða næst endurskoðuð hvort ástæða sé til að skerpa á þessu ákvæði.

2. *Er ekki nauðsynlegt að breyta jafnréttislögum til að koma í veg fyrir að forsendur dóma séu kynbundnar eða telur ráðherra að e.t.v. þurfi að breyta mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar til að tryggja jafnrétti kynja að þessu leyti?*

Tekið er undir tillögur margra umsagnaraðila um að bæta við fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á stjórnarskipunarlögum ákvæði um jafnrétti kynja í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Slíkt ákvæði yrði tvímælalaust til að tryggja og undirstrika enn frekar þá skyldu að það er mannréttindabrot að mismuna kynjunum og þar af leiðandi skylda að útrýma hvers kyns mismunun eftir kynferði.

753. Frumvarp til fjáraukalaga [440. mál]

fyrir árið 1994, sbr. lög nr. 143/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1994 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1994 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1994, sbr. lög nr. 143/1994:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 837 000**
Beinir skattar	923 000	
Óbeinir skattar	1 483 000	
Vaxtatekjur	320 000	
Aðrar tekjur	111 000	
Gjöld		**-2 818 400**
Samneysla	451 300	
Rekstrargjöld	181 000	
Viðhald	270 200	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	-674 000	
Vaxtagjöld	-445 500	
Fjárfesting	-2 150 200	
Gjöld umfram tekjur		**-5 655 400**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		757 000
Hluta- og stofnfjárframlög		-342 000
Viðskiptareikningar		-2 748 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-7 988 400**
Afborganir af teknum lánum		-310 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-8 298 400**
Lántökur		-8 431 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-132 600**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1994, sbr. 2. gr. laga nr. 143/1994, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús.kr.	Þús.kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	17 179	
01	Forsætisráðuneyti	289 005	
02	Menntamálaráðuneyti	143 855	
03	Utanríkisráðuneyti	80 910	
04	Landbúnaðarráðuneyti	30 509	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	43 956	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	292 857	
07	Félagsmálaráðuneyti	630 149	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-55 255	
09	Fjármálaráðuneyti	1 262 531	
10	Samgönguráðuneyti	34 747	
11	Iðnaðarráðuneyti	25 264	
12	Viðskiptaráðuneyti	5 464	
13	Hagstofa Íslands	842	
14	Umhverfisráðuneyti	16 425	
	Samtals öll ráðuneyti		2 818 438

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	2 499	
401	Hæstiréttur	3 773	
520	Opinberar heimsóknir	310	
	Óhafnar fjárveitingar	-23 761	
	Samtals ráðuneyti		-17 179
01	**Forsætisráðuneyti**		
901	Húsameistari ríkisins	14 799	
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	10 793	
	Óhafnar fjárveitingar	-314 597	
	Samtals ráðuneyti		-289 005

02 Menntamálaráðuneyti

201	Háskóli Íslands	1 944
203	Raunvísindastofnun Háskólans	4 043
204	Stofnun Sigurðar Nordals	48
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3 646
206	Orðabók Háskólans	2 587
209	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	24 840
210	Háskólinn á Akureyri	3 770
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	8 114
232	Rannsóknaráð ríkisins	4 949
233	Rannsóknasjóður	86
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	1 852
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	11 932
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	894
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2 377
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	4 676
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	2 583
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	4 901
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1 539
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	661
506	Vélskóli Íslands	54
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	3 473
523	Fósturskóli Íslands	3 116
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	14 546
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	1 609
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	538
562	Leiklistarskóli Íslands	3 254
571	Sjómannaskólahúsið	1 880
601	Héraðsskólinn Reykholti	992
605	Alþýðuskólinn Eiðum	1 287
606	Héraðsskólinn Skógum	786
700	Grunnskólar, Reykjavík	27 350
701	Grunnskólar, Reykjanesi	48 752
703	Grunnskólar, Vesturlandi	1 883
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	5 409
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2 765
707	Grunnskólar, Austurlandi	2 170
708	Grunnskólar, Suðurlandi	922
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	1
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	19
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	7
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	113
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	504
730	Skólabúðir að Reykjum	1 394
752	Öskjuhlíðarskóli	982

755	Dalbrautarskóli	236	
798	Einholtsskóli	12	
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	5 905	
884	Jöfnun á námskostnaði	7 831	
901	Landsbókasafn Íslands	1 512	
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	1 446	
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	4 969	
909	Blindrabókasafn Íslands	3 785	
972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	12 239	
973	Þjóðleikhús	13 873	
977	Þjóðarbókhlaða	318	
980	Listskreytingasjóður	59	
981	Kvikmyndasjóður	929	
983	Ýmis fræðistörf	11 943	
984	Norræn samvinna	1 403	
985	Alþjóðleg samskipti	6 019	
999	Ýmislegt	2 570	
	Óhafnar fjárveitingar	-428 152	
	Samtals ráðuneyti		-143 855

03 Utanríkisráðuneyti

102	Varnarmálaskrifstofa	1 773	
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	6 153	
301	Sendiráð Íslands í Bonn	3 225	
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3 577	
303	Sendiráð Íslands í London	8 721	
305	Sendiráð Íslands í Ósló	1 141	
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	3 172	
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	3 626	
308	Sendiráð Íslands í Washington	5 953	
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	7 097	
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	4 905	
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1 448	
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1 736	
320	Sendiráð, almennt	1 570	
	Óhafnar fjárveitingar	-135 007	
	Samtals ráðuneyti		-80 910

04 Landbúnaðarráðuneyti

101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1 633	
211	Rannsóknarstofnun landbúnaðarins	3 227	

221	Veiðimálastofnun	253	
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	7 315	
271	Bændaskólinn á Hólum	497	
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	42	
321	Skógrækt ríkisins	4 607	
331	Héraðsskógar	154	
801	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	8 723	
	Óhafnar fjárveitingar	-56 960	
	Samtals ráðuneyti		-30 509

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	786	
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	6 574	
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	63	
	Óhafnar fjárveitingar	-51 379	
	Samtals ráðuneyti		-43 956

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

103	Lagasafn	170	
232	Opinber réttaraðstoð	2 078	
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	7 010	
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	14 192	
331	Umferðarráð	2 680	
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	4 124	
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	17 587	
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	886	
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	1 206	
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	1 512	
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	531	
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	2 652	
428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	417	
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	638	
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	272	
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	183	
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	4 080	
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	3 329	
511	Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	14 747	
512	Fangelsið Litla-Hrauni	9 834	
513	Fangelsið Kvíabryggju	1 311	
701	Biskup Íslands	4 618	
711	Prestaköll og prófastsdæmi	2 350	
	Óhafnar fjárveitingar	-389 264	
	Samtals ráðuneyti		-292 857

07 Félagsmálaráðuneyti

272	Byggingarsjóður verkamanna	249	
401	Barnaverndarráð	270	
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	1 132	
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	800	
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	3 133	
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	846	
953	Jafnréttisráð	572	
954	Vinnueftirlit ríkisins	11 738	
	Óhafnar fjárveitingar	-648 889	
	Samtals ráðuneyti		-630 149

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

204	Lífeyristryggingar	81 000	
206	Sjúkratryggingar	54 098	
301	Landlæknir	5 869	
311	Héraðslæknir í Reykjavík	1 844	
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	2 294	
323	Tryggingaeftirlitið	591	
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	5 414	
325	Hollustuvernd ríkisins	1 426	
326	Sjónstöð Íslands	257	
350	Sjúkrahúsið Akranesi	1	
361	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	1	
367	Sjúkrahúsið Keflavík	1	
371	Ríkisspítalar	12 524	
400	St Jósefsspítali, Hafnarfirði	1	
402	Sjúkrahús Hvammstanga	1	
405	Sjúkraskýlið Þingeyri	1	
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	12 992	
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	425	
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	1 703	
521	Heilsugæslustöðin Akranesi	1	
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	658	
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	82	
544	Heilsugæslustöðin Siglufirði	1	
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	106	
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	5	
562	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	1	
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	1 256	
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	248	
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	181	
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	706	
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	3	
573	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	1	

574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	370	
575	Heilsugæslustöðin Hellu	333	
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	317	
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	201	
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	1 039	
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	2 799	
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	2 155	
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	5 176	
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	3 571	
	Óhafnar fjárveitingar	-144 398	
	Samtals ráðuneyti		55 255

09 Fjármálaráðuneyti

104	Ríkisfjárhirsla	98	
202	Skattstofan í Reykjavík	5 198	
204	Skattstofa Vestfjarða	855	
205	Skattstofa Norðurlands vestra	1 286	
208	Skattstofa Suðurlands	71	
209	Skattstofa Vestmannaeyja	715	
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	18	
402	Fasteignamat ríkisins	32	
989	Launa- og verðlagsmál	3 373	
	Óhafnar fjárveitingar	-1 274 177	
	Samtals ráðuneyti		-1 262 531

10 Samgönguráðuneyti

101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	679	
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	108	
332	Vitastofnun Íslands	24	
	Óhafnar fjárveitingar	-35 558	
	Samtals ráðuneyti		-34 747

11 Iðnaðarráðuneyti

101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1 096	
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	6 494	
371	Orkusjóður	48	
399	Ýmis orkumál	4 309	
	Óhafnar fjárveitingar	-37 211	
	Samtals ráðuneyti		-25 264

12	**Viðskiptaráðuneyti**		
301	Löggildingarstofan	2 789	
	Óhafnar fjárveitingar	-8 253	
	Samtals ráðuneyti		-5 464
13	**Hagstofa Íslands**		
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	6 004	
	Óhafnar fjárveitingar	-6 846	
	Samtals ráðuneyti		-842
14	**Umhverfisráðuneyti**		
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	6 423	
190	Ýmis verkefni	1 903	
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	438	
410	Veðurstofa Íslands	4 480	
	Óhafnar fjárveitingar	-29 669	
	Samtals ráðuneyti		-16 425

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur ársins 1994 annars vegar um óhafnar fjárveitingar og hins vegar um greiðslur úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum ársins 1994 og lögum nr. 143/1994, fjáraukalögum fyrir árið 1994.

Frumvarp að fyrri fjáraukalögum ársins 1994 var lagt fram á Alþingi 10. október sl. Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á árinu 1994 og rakin helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar koma einnig fram ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga. Þá var hinn 20. febrúar sl. lögð fyrir Alþingi *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1994*, þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör ríkisbókhalds er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum. Er vísað til þess rits varðandi nánari upplýsingar.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar Alþingis á árinu 1994 í samanburði við útkomu ársins:

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1994 m.kr.	Fjáraukalög 143/1994 m.kr.	Fjárveitingar alls 1994 m.kr.	Greiðslur 1994 m.kr.	Mismunur fjárveitinga og greiðslna m.kr.
Tekjur	104.146	2.619	106.765	109.602	2.837
Gjöld	113.782	6.023	119.805	116.987	-2.818
Rekstrarafkoma	**-9.636**	**-3.404**	**-13.040**	**-7.385**	**5.655**
Veitt lán, nettó	-1.140	-7.580	-8.720	-9.477	-757
Hluta- og stofnfjárframlög	-500	-	-500	-158	342
Viðskiptareikningar	-500	-	-500	2.248	2.748
Hrein lánsfjárþörf	**-11.776**	**-10.984**	**-22.760**	**-14.772**	**7.988**
Lántökur, nettó	**11.850**	**11.000**	**22.850**	**14.729**	**-8.121**
Innlend lántaka – afborganir	6.750	-	6.750	3.568	-3.182
Erlend lántaka – afborganir	5.100	11.000	16.100	11.161	-4.939
Greiðsluafkoma	**74**	**16**	**90**	**-43**	**-133**

Halli á rekstrarafkomu ríkissjóðs reyndist þannig vera 7,4 milljarðar króna á árinu 1994, eða 2,3 milljörðum lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Rekstrarhallinn hefur lækkað heldur meira að raungildi miðað við útkomu ársins 1993.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1994 urðu 109,6 milljarðar króna, eða 2,8 milljörðum hærri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins 1994. Veldur þar mestu nokkru hagstæðari efnahagsframvinda en áætlanir spáðu fyrir um. Heildarútgjöld reyndust vera 117 milljarðar króna, eða 2,8 milljörðum króna lægri en samþykktar heimildir. Stafar það í fyrsta lagi af nokkrum stórum liðum sem reyndust hafa verið ofmetnir, s.s. atvinnuleysisbætur, vextir og ríkis-

ábyrgðir. Í öðru lagi koma nokkrir liðir af ýmsum ástæðum að hluta til ekki til greiðslu fyrr en í ár, s.s. framlög vegna aðstoðar við Vestfirði, framlög til alþjóðamála og stofnkostnaður hæstaréttarhúss. Helstu frávik hvers ráðuneytis eru rakin nánar í skýringum við 3. grein frumvarpsins.

Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld. Óhafnar fjárveitingar í árslok 1994 námu alls 3.584 m.kr. en greiðslur umfram veittar heimildar voru 766 m.kr. Sótt er um heimildir vegna umframgreiðslnanna í þessu frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1994.

Vakin er athygli á því hér að þessar fjárhæðir og þær sem birtar eru í 3. grein frumvarpsins, bæði umframgreiðslur og óhafnar fjárveitingar, byggja á uppgjöri á heildargreiðslustöðu fjárlagaliða án tillitis til sundurgreiningar veittra heimilda eftir hagrænni skiptingu í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Í fyrri fjáraukalögum ársins 1995, eins og undanfarin ár, verða síðan gerðar ráðstafanir til lækkunar eða hækkunar á gildandi fjárheimildum með hliðsjón af frávikum liðins árs. Til að undirbúa þær ákvarðanir þingsins þykir hins vegar nauðsynlegt að miða við uppgjör eftir hagrænni skiptingu framlaga. Er það gert til að sú aðgreining fjárveitinga í fjárlögum raskist ekki milli ára. Við uppgjör með hagrænni skiptingu geta í sumum tilvikum verið til staðar á sama liðnum bæði umframgreiðslur, t.d. í rekstri, og óhafin fjárveiting, t.d. í stofnkostnaði, en heildargreiðslustaðan verður eftir atvikum annað hvort jákvæð eða neikvæð. Af þessari ástæðu kemur fram frávik á samtölum umframgreiðslna og afgangsheimilda í nokkrum ráðuneytum eftir því hvort uppgjörið er lagt til grundvallar. Mismunur óhafinna fjárveitinga og umframgreiðslna fjárlagaliða og ráðuneyta er hins vegar sá sami í báðum tilvikum. Miðað er við uppgjör eftir hagrænni skiptingu í þeim hluta umfjöllunarinnar hér að neðan sem beinist að fyrirhuguðum breytingum á fjárveitingum ársins 1995 vegna greiðslustöðu ársins 1994.

Breytingar framlaga 1995 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1994

Greiðslugrunnur	Umframgj. 1994 þús. kr.	Óhafið 1994 þús. kr.	Rekstur flutt umframgj. þús. kr.	Rekstur fluttur afgangur þús. kr.	Tilfærslur flutt staða þús. kr.	Stofnkost. og viðhald flutt staða þús. kr.
00 Æðsta stjórn	6.582	23.761	2.809	9.000	-	8.451
01 Forsætisráðuneyti	25.592	314.597	14.799	5.590	4.818	304.189
02 Menntamálaráðuneyti	306.368	450.223	221.295	129.231	60.022	195.901
03 Utanríkisráðuneyti	54.097	135.007	52.527	3.625	116.782	2.130
04 Landbúnaðarráðuneyti	28.451	58.960	15.121	6.253	13.994	2.000
05 Sjávarútvegsráðuneyti	10.926	54.882	10.926	16.180	13.500	23.457
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	108.207	401.064	99.937	102.008	4.000	290.124
07 Félagsmálaráðuneyti	18.740	648.889	18.491	89.563	46.467	78.131
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	221.653	166.398	75.973	43.740	27.145	90.504
09 Fjármálaráðuneyti	38.722	1.301.253	35.317	115.249	30.881	188.605
10 Samgönguráðuneyti	6.595	41.342	6.595	13.069	16.830	6.300
11 Iðnaðarráðuneyti	18.172	43.436	7.590	8.546	23.503	-48
12 Viðskiptaráðuneyti	2.789	8.253	2.789	3.575	4.678	-
13 Hagstofa Íslands	6.004	6.846	6.004	6.846	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	14.818	31.243	14.818	25.400	-	3.363
Samtals	**867.716**	**3.686.154**	**584.991**	**577.875**	**362.620**	**1.193.107**

Í töflunni hér að framan eru sýndar þær breytingar á gildandi fjárveitingum ráðuneyta sem fyrirhugað er að ákvarða með fyrri fjáraukalögum ársins 1995 vegna greiðslustöðu í árslok 1994. Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar sem felldar verði niður og komi því ekki til viðbótar heimildum í fjárlögum ársins 1995 verði alls að fjárhæð 1.480 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1995 verði sótt um nýjar heimildir sem samsvari öðrum óhöfnum fjárveitingum fjárlagaliða á árinu 1994, en þær nema að þessu sinni 2.206 m.kr. Á sama hátt er gert ráð fyrir að með því frumvarpi verði fjárveitingar til ýmissa liða í gildandi fjárlögum skertar sem nemur umframgreiðslum þeirra á síðasta ári, eða alls um 657 m.kr. Er þá miðað við að umframgreiðslur að fjárhæð 211 m.kr. komi ekki til lækkunar á framlögum yfirstandandi árs.

Þannig er fyrirhugað að heimildir til rekstrar verði auknar um 578 m.kr. á árinu 1995 vegna afgangsheimilda liðins ár, en að rekstarfjárveitingar skerðist á móti um 585 m.kr. vegna umframgjalda. Afgangur á tilfærsluframlögum sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 363 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar 1.193 m.kr. Í fylgiskjali 1 eru þessar fyrirhuguðu breytingar á fjárveitingum sundurliðaðar nánar eftir málefnaflokkum og einstökum fjárlagaliðum.

Skýringar við 3. grein frumvarpsins

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins voru 17,2 m.kr. lægri en fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 6,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 23,8 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 3,8 m.kr. vegna launa hæstaréttardómara sem tók til starfa á árinu komi ekki til lækkunar á fjárveitingum ársins 1995. Hins vegar er fyrirhugað að fjárveitingar í gildandi fjárlögum skerðist sem nemur öðrum umframgjöldum að fjárhæð 2,8 m.kr. með fyrri fjáraukalögum ársins 1995.

Af óhöfnum fjárveitingum vegur þyngst 14,1 m.kr. af rekstrarheimild Ríkisendurskoðunar, en gert er ráð fyrir að 5,1 m.kr. af þeirri fjárhæð falli niður og komi því ekki til viðbótar fjárveitingum ársins 1995. Hjá Alþingi er óhafin fjárveiting til viðhalds að fjárhæð 8,5 m.kr. sem fyrirhugað er að verði veitt að nýju á þessu ári.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 289 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 25,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 314,6 m.kr.

Fyrirhugað er að umframgjöld Þjóðgarðsins á Þingvöllum að fjárhæð 10,8 m.kr. komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1995 þar sem um er að ræða sérstakan tímabundinn útgjaldaauka í tengslum við Lýðveldishátíðina á síðasta ári. Miðað er við að framlög í gildandi fjárlögum lækki sem nemur öðrum umframgjöldum, eða samtals um 14,5 m.kr., en þau eru öll vegna Húsameistara ríkisins.

Gert er ráð fyrir að allar óhafnar fjárveitingar í árslok 1994 verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1995. Sú fjárhæð skýrist nær öll af 303 m.kr. fjármagnstilfærslu til Byggðastofnunar. Í fjáraukalögum ársins 1994 voru stofnuninni veittar 300 m.kr. til að stuðla að samruna sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum og 70 m.kr. vegna stuðnings annars vegar við atvinnulíf á tilteknum sauðfjárræktarsvæðum og hins vegar við smábátaútgerðir. Þar sem fjáraukalögin voru afgreidd í lok desember á síðastliðnu ári kom aðeins hluti heimildarinnar til greiðslu fyrir áramót. Að auki eru framlög samkvæmt lögunum um stækkun atvinnusvæða á Vestfjörðum ekki greidd út fyrr en víkjandi lán til fyrirtækja hafa verið afgreidd.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 143,9 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 284,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 428,2 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 20 m.kr. af umframgjöldum Þjóðleikhússins árið 1994 komi

ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1995. Þar er um að ræða tímabundinn útgjaldaauka umfram tekjur og fyrirtækjastyrki vegna 16 óperusýninga á liðnu ári, en annað reglubundið leiklistarstarf leikhússins var innan marka fjárveitinga eins og undanfarin ár. Fyrirhugað er að framlög ráðuneytisins í ár lækki sem nemur öðrum umframgjöldum að fjárhæð 286,4 m.kr. Stærstur hluti þeirra umframgjalda er vegna rekstrarkostnaðar stofnana, eða samtals 221,3 m.kr. Þar af eru 92,5 m.kr. vegna grunnskóla, 47,8 m.kr. vegna háskóla og rannsókna, 46,5 m.kr. vegna framhaldsskóla og 31,5 m.kr. vegna safna og listastofnanna. Af einstökum stofnunum eru greiðslur umfram rekstrarframlög mestar hjá Íslenska dansflokkinum og Listdansskólanum, eða 12,2 m.kr., þrátt fyrir hækkun framlags í fjárlögum 1994, og hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð, eða 11,9 m.kr. Þá falla 37 m.kr. af umframgjöldunum undir tilfærsluframlög en þar er hæsta fjárhæðin 11,9 m.kr. vegna framlaga til ýmissa fræðistarfa. Loks skýrast 28,1 m.kr. af viðhaldi og stofnkostnaði. Þar munar mest um 11,6 m.kr. til viðhalds hjá Íþróttakennaraskóla Íslands.

Miðað er við allar óhafnar fjárveitingar í árslok 1994, alls 450,2 m.kr., verði veittar að nýju á árinu 1995. Um helmingur afgangsheimildanna fellur undir viðhald og stofnkostnað. Þar er helst að nefna 88,2 m.kr. vegna framhaldsskóla, 70,7 m.kr. vegna safna og listastofnana, og þá einkum vegna Þjóðminjasafnsins, og loks 40,7 m.kr. vegna háskóla og rannsókna, sem af stærstum hluta skýrist af greiðslustöðunni hjá Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Afgangur á rekstrarheimildum nemur 129,2 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 89 m.kr. á rekstrarliðum framhaldsskóla, en þar af eru 35,5 m.kr. á óskiptum lið skólanna, 11,9 m.kr. eru á lið aðalskrifstofu ráðuneytisins og 11,4 á háskólum og rannsóknum. Óhafin tilfærsluframlög nema 97 m.kr. Mest munar um 44,9 m.kr. sem ætlaðar voru til listasjóða og 18,9 m.kr. til óskipts liðar grunnskóla.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 80,9 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 54,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 135 m.kr.

Gert ráð fyrir að framlög ráðuneytisins samkvæmt fjárlögum þessa árs verði lækkuð sem nemur öllum umframgjöldunum. Þau skýrast að mestu af 44,6 m.kr. rekstrarhalla sendiráða. Þá var rekstrarhalli Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli 6,2 m.kr.

Fyrirhugað er að óhafin fjárveiting sem nemur 10,9 m.kr. á liðnum Alþjóðastofnanir falli niður vegna verkefna sem ekki komu til framkvæmda en að aðrar afgangsheimildir, samtals að fjárhæð 124,1 m.kr., verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1995. Þar munar mest um 53,1 m.kr. til Þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi og 39,7 m.kr. til Alþjóðastofnana, sem í báðum tilvikum skýrist að stórum hluta af því að greiðslur framlaga vegna síðasta ársfjórðungs ársins 1994 færast að þessu sinni til ársins 1995.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 30,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 26,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 57 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 8,7 m.kr. á liðnum Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu skerði ekki fjárveitingu í ár, þar sem þær greiðslur eru samningsbundnar. Sama gildir um 4,6 m.kr. frávik hjá Skógrækt ríkisins, sem stafar af því að aukafjárveiting á liðnu ári vegna úrskurðar um virðisaukaskattskil stofnunarinnar dugði ekki til að jafna skattskuldina. Önnur umframgjöld, alls 15,1 m.kr., tengjast öll rekstrarliðum og er miðað við að framlög þeirra verði lækkuð á yfirstandandi ári sem því nemur. Þar munar mest um 9,3 m.kr. halla á rekstri Bændaskólans á Hvanneyri.

Fyrirhugað er að óhafnar fjárveitingar sem nema 36,7 m.kr. falli niður, en þar er um að ræða afgang á samningsbundnum tilfærsluframlögum vegna sauðfjárframleiðslu og riðuveiki. Aðrar afgangsheimildir sem ráðgert er að veita að nýju í ár nema 22,2 m.kr. og skiptast á nokkra liði.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 44 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 7,4 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 51,4 m.kr.

Miðað er við að framlög ráðuneytisins samkvæmt fjárlögum þessa árs verði lækkuð sem nemur öllum umframgjöldunum. Stærsti hluti þeirra, eða 6,6 m.kr., er vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Gert er ráð fyrir að af óhöfnum fjárveitingum falli 1,7 m.kr. niður en 53,1 m.kr. verði veittar að nýju á þessu ári. Þar af eru 26,2 m.kr. vegna ýmissa verkefna sem dregist hefur að komi til framkvæmda og 13,5 m.kr. eru framlög vegna biðlauna hjá Fiskifélagi Íslands sem ekki hafa verið greidd út vegna málaferla.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 292,9 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 96,4 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 389,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 8,3 m.kr. komi ekki til skerðingar á fjárveitingum í ár, en þar er um að ræða opinbera réttaraðstoð, ýmsan kostnað við dómsmál og launalið presta. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum annarra liða í ár nema 99,9 m.kr. og eru öll vegna rekstrarhalla. Hæstu fjárhæðirnar eru 26 m.kr. vegna Lögreglustjórans í Reykjavík, 25,6 m.kr. vegna fangelsismála og 17,6 m.kr. vegna Sýslumannsins á Akranesi, en embættið hefur dregið af innheimtufé ríkissjóðs og notað til eigin reksturs.

Fyrirhugað er að af óhöfnum fjárveitingum falli niður 4,9 m.kr. til málskostnaðar í opinberum málum en að aðrar afgangsheimildir að fjárhæð 396,1 m.kr. verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1995. Af þeirri fjárhæð eru 290 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Þar vega þyngst 161,9 m.kr. vegna seinkunar á framkvæmdum við Hæstaréttarhús, 57,4 m.kr. vegna aukafjárveitingar á liðnu ári til kaupa á björgunarþyrlu ásamt búnaði sem ekki verður nýtt að fullu fyrr en í ár og 25,5 m.kr. vegna framkvæmda við fangelsisbyggingu. Afgangsheimildir í rekstri nema 102 m.kr. Þar af eru 34,7 m.kr. á liðum sýslumannsembætta, 23,1 m.kr. á liðum héraðsdómsstóla, 22,7 m.kr. á löggæslu- og öryggismálastofnunum og 12,6 m.kr. á aðalskrifstofu ráðuneytisins og tengdum liðum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 630,1 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 18,7 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 648,9 m.kr.

Miðað er við að öll umframgjöldin komi til skerðingar á fjárveitingum í gildandi fjárlögum. Umframgjöldin skýrast nær öll af halla á rekstrarliðum, en þar er hæsta fjárhæðin 11,7 m.kr. vegna Vinnueftirlits ríkisins.

Gert er ráð fyrir að 434,5 m.kr. af óhöfnum fjárheimildum falli niður. Í fyrsta lagi er þar um að ræða 246,5 m.kr. afgang á framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna batnandi atvinnuástands. Í annan stað urðu greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa 158,6 m.kr. lægri en áætlað var við setningu fjárlaga. Í þriðja lagi varð 14,9 m.kr. afgangur hjá Unglingaheimili ríksisins sem myndaðist við uppgjör á vangoldnum skuldum sveitarfélaga frá liðnum árum, en þær hafa nú verið afskrifaðar og færðar til lækkunar á viðskiptareikningum viðkomandi sveitarfélaga. Sama gildir um 14,5 m.kr. afgang á liðnum Heimili fyrir börn og unglinga. Aðrar afgangsheimildir, samtals að fjárhæð 214,4 m.kr., verður sótt um að nýju í fyrri fjáraukalögum ársins 1995. Óhafnar heimildir í rekstri nema 89,7 m.kr. Hæsta fjárhæðin er 22,9 m.kr. afgangur hjá Brunamálastofnun ríkisins, sem ætlunin er að nýta til húsakaupa fyrir stofnunina á þessu ári í samræmi við heimild í 6. grein fjárlaga. Þá er 27,4 m.kr. rekstrarafgangur á liðum vegna málefna fatlaðra, þar af 17,3 m.kr. á sameiginlegum lið. Einnig er 18,8 m.kr. afgangur á málefnum barna og ungmenna og 13,3 m.kr. á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Óhafið framlag til stofnkostnaðar nemur 78,4 m.kr. og er það nær allt vegna Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Afgangur á tilfærslum nemur 46,5 m.kr. Þar af eru 17,3 m.kr. vegna verkefna undir liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi, sem dregist hefur að komi til framkvæmda. Einnig eru 12 m.kr. óhafnar hjá Bjargráðasjóði vegna aukafjárveitingar á liðnu ári til að bæta bændum kalskemmdir í túnum vorið og sumarið 1993 sem ekki nýtist fyrr en í ár.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 55,3 m.kr. hærri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimildir vegna umframgjalda að fjárhæð 199,7 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 144,4 m.kr.

Miðað er við að umframgjöld lögbundinna tilfærsluliða lífeyris- og sjúkratrygginga, samtals að fjárhæð 135,1 m.kr., falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum yfirstandandi árs. Ekki er heldur gert ráð fyrir að lækka fjárveitingar héraðslækna í Reykjavík og á Norðurlandi eystra í ár sem nemur umframgjöldum síðasta árs þar sem fallið hefur verið frá áformum um endurskipulagningu þeirrar starfsemi. Þá er miðað við að umframgjöld Hollustuverndar ríkisins falli niður þar sem stofnunin færðist til umhverfisráðuneytisins um síðustu áramót. Fyrirhugað er að framlög annarra fjárlagaliða lækki í fjáraukalögum 1995 sem nemur umframgjöldum þeirra, eða samtals 81 m.kr. Nær öll fjárhæðin er á rekstrarliðum og eru 32,5 m.kr. vegna Ríkisspítala, 34,3 m.kr. vegna heilsugæslustöðva og 14,1 m.kr. vegna eftirlits- og stjórnsýslustofnana.

Gert er ráð fyrir að allar óhafnar fjárveitingar í árslok 1994 verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1995, en þær nema alls 154,4 m.kr. Óhafnar viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingar nema 92,5 m.kr. og skiptast þannig að 69,4 m.kr. eru til sjúkrastofnana en 23,1 m.kr. til heilsugæslustöðva. Afgangsheimildir í rekstri voru 43,7 m.kr. Þar af voru 14,8 m.kr. á rekstrarhagræðingarlið ráðuneytisins en aðrir liðir voru minni. Óhafnar tilfærslur námu 30,1 m.kr. og munar mest um 17,7 m.kr. vegna ýmissa verkefna undir liðnum Heilbrigðismál, ýmis starfsemi sem dregist hefur að komi til framkvæmda.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 1.262,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimildir vegna umframgjalda að fjárhæð 11,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 1.274,2 m.kr

Gert er ráð fyrir að 3,4 m.kr. af umframgjöldum á liðnum Launa- og verðlagsmál falli niður en að umframgjöld annarra fjárlagaliða skerði rekstrarframlög þeirra á þessu ári sem nemur 35,3 m.kr. Þar vegur þyngst að rekstur bókhalds- og upplýsingakerfa reyndist vera vanmetin um 22,3 m.kr., en því til viðbótar voru rekstrargjöld ýmissa liða í skatta- og tollamálum 12,9 m.kr. umfram fjárveitingar.

Miðað er við að óhafnar fjárveitingar falli að mestu niður, eða sem nemur 966,5 m.kr. Nærri helmingurinn af þeirri fjárhæð skýrist af heimildum til vaxtagreiðslna þar sem þróun vaxtakjara reyndist vera ríkissjóði talsvert hagstæðari en spáð var fyrir um í áætlunum. Í öðru lagi voru útgjöld vegna ríkisábyrgða og tjónabóta 239,5 m.kr. lægri en miðað var við í forsendum fjárlaga. Útgjöld samkvæmt heimildum í 6. grein fjárlaga urðu 110,5 m.kr. lægri en heimildir, enda eru þær greiðslur jafnan háðar talsverðri óvissu. Greiðslur uppbóta á lífeyri voru 98,6 m.kr. innan marka fjárlaga, sem skýrist af hærri vaxtatekjum hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en áætlað var. Þá varð 44,7 m.kr. afgangur hjá Gjaldheimtu Reykjavíkur þar sem auka-

fjárveiting á liðnu ári vegna breytinga á kostnaði við innheimtuaðgerðir reyndist hafa verið ofmetin. Óhafin framlög sem gert er ráð fyrir að verði veitt að nýju á þessu ári nema alls 334,8 m.kr. Afgangsheimildir til viðhalds og stofnkostnaðar vega þar þyngst, eða 188,6 m.kr., og eru 90,9 m.kr. vegna fasteignakaupa sem seinkar fram á þetta ár og 80,4 m.kr. þar sem smíði hugbúnaðarkerfa hefur ekki gengið eins hratt og áætlað var. Óhafin rekstrarframlög nema 115,2 m.kr. og eru stærstu fjárhæðirnar 71,1 m.kr. vegna skatta- og tollamála og 29,5 m.kr. vegna ýmissa verkefna undir liðnum Ýmislegt sem frestast fram til þessa árs. Afgangur á tilfærslum nemur 30,9 m.kr. og skýrist að mestu af 26 m.kr. afgangi á liðnum Ríkisstjórnarákvarðanir.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 34,7 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 0,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 35,6 m.kr.

Miðað er við að fjárveitingar ráðuneytisins samkvæmt fjárlögum þessa árs verði lækkaðar sem nemur umframgjöldunum, en þar er einkum um að ræða 5,8 m.kr. rekstrarhalla hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

Gert er ráð fyrir að 5,1 m.kr. óhafin fjárveiting á lið Vegagerðinnar falli niður en að aðrar afgangsheimildir að fjárhæð 36,2 m.kr. verði veittar að nýju á þessu ári. Um helmingur fjárhæðarinnar er vegna óhafinna tilfærsluframlaga til ýmissa verkefna sem dregist hefur að komi til framkvæmda en afgangurinn skiptist á ýmsa smærri rekstrar- og stofnkostnaðarliði.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 25,3 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 11,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 37,2 m.kr.

Miðað er við að umframgreiðslur að fjárhæð 6,2 m.kr. vegna samninga við ÍSAL undir liðnum Iðja og iðnaður komi ekki til skerðingar á fjárveitingum samkvæmt fjárlögum þessa árs og að sama gildi um 4,3 m.kr. á liðnum Ýmis orkumál. Fjárveitingar annarra liða verða lækkaðar sem nemur umframgjöldum þeirra, en þar er einkum um að ræða 6,5 m.kr. rekstrarhalla hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Fyrirhugað er að afgangsheimild að fjárhæð 11,4 m.kr. hjá Rafmagnseftirliti ríkisins falli niður en að aðrar óhafnar fjárveitingar sem nema 32 m.kr. verði veittar að nýju á yfirstandandi ári. Þar er stærsta fjárhæðin 23,2 m.kr. á liðnum Iðja og iðnaður vegna tilfærsluframlaga til alþjóðlegs rannsóknasamstarfs sem ekki koma til greiðslu fyrr en á þessu ári.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 5,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 2,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 8,3 m.kr.

Öll umframgjöldin eru vegna Lögggildingarstofunnar og er miðað við að þau komi til lækkunar á fjárveitingu stofnunarinnar í gildandi fjárlögum.

Gert er ráð fyrir að allar óhafnar fjárveitingar verði veittar að nýju til viðkomandi fjárlagaliða á þessu ári.

13 Hagstofa Íslands

Greiðslur Hagstofunnar voru 0,8 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 6,8 m.kr.

Fyrirhugað er að fjárveitingar Hagstofunnar á þessu ári verði lækkaðar sem nemur 6 m.kr. umframgjöldum aðalskrifstofunnar en jafnframt hækkaðar sem nemur 6,8 m.kr.óhafinni heimild á liðnum Þjóðskrá.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 16,4 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 13,2 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 29,7 m.kr. Þessar fjárhæðir í 3. grein frumvarpsins miðast við heildargreiðslustöðu fjárlagaliðanna, en að teknu tilliti til hagrænnar skiptingar framlaga í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað voru umframgjöldin 14,8 m.kr. og óhafnar fjárveitingar 31,2 m.kr.

Fyrirhugað er að með fyrri fjáraukalögum ársins 1995 verði fjárveitingar ráðuneytisins í gildandi fjárlögum skertar sem nemur öllum umframgjöldum, en þau eru einkum vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins og tengdra liða.

Gert er ráð fyrir að í fyrri fjáraukalögum ársins 1995 verði jafnframt veittar að nýju allar óhafnar fjárveitingar ársins 1994 fyrir utan 2,5 m.kr. afgang á tilfærslulið Veiðistjóra. Þar vegur þyngst 23,1 m.kr. rekstrarafgangur hjá Skipulagsstjóra ríkisins vegna bættrar innheimtu skipulagsgjalda frá sveitarfélögum.

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1994 voru tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða um 578 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 143/1994. Þá voru skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 241 m.kr. hærri en fjárlög. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 143/1994 svo og greiðsluuppgjöri 1994.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1994

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1994 m.kr.	Lög nr. 143 1994 m.kr.	Greiðslur 1994 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða ...	7.146	-61	6.506	-579
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	7.952	-	8.193	241

Tíu fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti.

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1994

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1994 m.kr.	Lög nr. 143 1994 m.kr.	Greiðslur 1994 m.kr.	Mismunur m.kr.
22 201 Happdrætti Háskóla Íslands	40	-	50	10
22 202 Lyfjabúð Háskóla Íslands	5	-	5	-
23 101 Frfhöfn, Keflavíkurflugvelli	530	-	550	20
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	15	-	-	-15
23 121 Sala varnarliðseigna	32	-	27	-5
24 221 Áburðarverksmiðja ríkisins	33	-	17	-16
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6.370	-	6.600	230
29 102 Lyfjaverslun ríkisins	27	-	14	-13
30 101 Póst- og símamálastofnunin	850	-	850	-
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	50	-	80	30
Samtals	**7.952**	-	**8.193**	**241**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 143/1994 og endanlegs greiðsluuppgjörs, hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta, urðu eins og sýnt er í töflunni á næstu síðu.

Eins og fram kemur í yfirlitinu urðu frávik mest hjá á þremur liðum. Hjá Lánasýslu ríkisins 242 m.kr, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði 210 m.kr. og hjá Ábyrgðasjóði launa 159 m.kr. Önnur frávik eru mun minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1994

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1994 þús. kr.	Lög nr. 143 1994 þús. kr.	Greiðslur 1994 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	200.000	-	200.086	-86
22 975 Vísindasjóður	25.000	-	25.000	-
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atv.veganna	40.000	-	40.000	-
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.550.000	-59.095	1.496.810	-5.905
22 973 Þjóðleikhúsið	297.000	-2.107	318.766	-23.873
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	101.000	-	105.500	-4.500
Samtals	**2.213.000**	**-61.202**	**2.186.162**	**-34.364**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 831 Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	35.000	-	35.000	-
24 841 Laxeldisstöðin Kollafirði	30.000	72	30.072	-
Samtals	**65.000**	**72**	**65.072**	**-**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	25.000	-	25.000	-
Samtals	**25.000**	**-**	**25.000**	**-**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti				
26 731 Kristnisjóður	18.300	246	18.546	-
26 732 Kirkjubyggingarsjóður	1.000	-	1.000	-
Samtals	**19.300**	**246**	**19.546**	**-**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	918.000	-	918.249	-249
27 982 Ábyrgðarsjóður launa	400.000	-	240.492	159.508
Samtals	**1.318.000**	**-**	**1.158.741**	**159.259**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 212 Atvinnuleysistryggingasjóður	2.952.000	-	2.741.736	210.264
28 378 Læknishéraðasjóður	2.500	-	1.432	1.068
Samtals	**2.954.500**	**-**	**2.743.168**	**211.332**
Fjármálaráðuneyti				
29 402 Fasteignamat ríkisins	43.000	-	43.000	-
29 271 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	300.000	-	57.797	242.203
Samtals	**343.000**	**-**	**100.797**	**242.203**
Samgönguráðuneyti				
30 333 Hafnabótasjóður	90.000	-	90.000	-
30 471 Alþjóðaflugþjónustan	57.700	-	57.700	-
Samtals	**147.700**	**-**	**147.700**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	60.300	-484	59.800	16
Samtals	**60.300**	**-484**	**59.800**	**16**
Tilfærslur til B-hluta alls	**7.145.800**	**-61.368**	**6.505.986**	**578.446**

Fylgiskjal 1

Breytingar framlaga 1995 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1994

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**9.000**	**2.809**	**-**	**8.451**	**14.642**
	Embætti forseta Íslands	-	*2.499*	-	-	*-2.499*
101	Embætti forseta Íslands	-	2.499	-	-	-2.499
	Alþingi og stofnanir þess	*9.000*	-	-	*8.451*	*17.451*
201	Alþingi	-	-	-	8.451	8.451
620	Ríkisendurskoðun	9.000	-	-	-	9.000
	Annað	-	*310*	-	-	*-310*
520	Opinberar heimsóknir	-	310	-	-	-310
01	**Forsætisráðuneyti**	**5.590**	**14.799**	**4.818**	**304.189**	**299.798**
	Ráðuneyti	*5.590*	-	*4.120*	*1.189*	*10.899*
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	5.590	-	-	-	5.590
190	Ýmis verkefni	-	-	-	1.189	1.189
199	Ráðstöfunarfé	-	-	4.120	-	4.120
	Annað	-	*14.799*	*698*	*303.000*	*288.899*
221	Byggðastofnun	-	-	-	303.000	303.000
231	Norræna ráðherranefndin	-	-	698	-	698
901	Húsameistari ríkisins	-	14.799	-	-	-14.799
02	**Menntamálaráðuneyti**	**129.231**	**221.295**	**60.022**	**195.901**	**163.859**
	Ráðuneyti	*11.915*	-	*1.745*	-	*13.660*
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	11.915	-	-	-	11.915
199	Ráðstöfunarfé	-	-	1.745	-	1.745
	Háskólar og rannsóknir	*11.370*	*47.763*	*5.418*	*32.906*	*1.931*
201	Háskóli Íslands	-	1.944	-	-	-1.944
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	193	-	-	33.209	33.402
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-	4.043	-	-	-4.043
204	Stofnun Sigurðar Nordals	-	48	-	-	-48
205	Stofnun Arna Magnússonar á Íslandi	-	3.646	-	-	-3.646
206	Orðabók Háskólans	-	2.587	-	-	-2.587
209	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	-	24.840	-	-	-24.840
210	Háskólinn á Akureyri	-	3.770	-	-	-3.770
211	Tækniskóli Íslands	9.976	-	-	1.584	11.560
221	Kennaraháskóli Íslands	876	-	-	5.877	6.753
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-	1.936	-	-6.178	-8.114
232	Rannsóknaráð ríkisins	-	4.949	-	-	-4.949
233	Rannsóknasjóður	-	-	-	-86	-86
234	Vísindaráð	325	-	-	-	325
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-	-	5.418	-1.500	3.918
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	*88.999*	*46.474*	*6.300*	*70.827*	*119.652*
301	Menntaskólinn í Reykjavík	9.061	-	-	-	9.061
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-	1.852	-	-	-1.852
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	11.932	-	-	-11.932
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.883	-	-	-	1.883
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	-	894	-	-	-894
318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	7.237	-	-	86.700	93.937
319	Framhaldsskólar, almennt	35.461	-	6.300	-	41.761
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	2.377	-	-	-2.377
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	3.228	-	-	-	3.228
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	-	1.076	-	-3.600	-4.676
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	5.746	-	-	-	5.746
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	-	2.583	-	-	-2.583
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	3.399	-	-	-	3.399
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.534	-	-	-	1.534
358	Verkmenntaskóli Austurlands	3.420	-	-	-	3.420
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	4.901	-	-	-4.901
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-	1.539	-	-	-1.539
506	Vélskóli Íslands	-	54	-	-	-54

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	3.473	-	-	-3.473
514	Iðnskólinn í Reykjavík	2.739	-	-	-	2.739
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.625	-	-	-	1.625
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	2.440	-	-	-	2.440
518	Fiskvinnsluskólinn	1.420	-	-	1.444	2.864
523	Fósturskóli Íslands	-	3.116	-	-	-3.116
524	Þroskaþjálfaskóli Íslands	5.223	-	-	-	5.223
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	-	2.994	-	-11.552	-14.546
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	920	-	-	-	920
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	1.609	-	-	-1.609
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	1.502	-	-	-2.040	-538
562	Leiklistarskóli Íslands	-	3.254	-	-	-3.254
563	Tónlistarskólinn í Reykjavík	972	-	-	-	972
571	Sjómannaskólahúsið	-	1.755	-	-125	-1.880
581	Verslunarskóli Íslands	1.189	-	-	-	1.189
601	Héraðsskólinn Reykholti	-	992	-	-	-992
605	Alþýðuskólinn Eiðum	-	1.287	-	-	-1.287
606	Héraðsskólinn Skógum	-	786	-	-	-786
	Grunnskólar og sérskólar	*15.107*	*92.511*	*20.522*	*15.659*	*-41.223*
222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	1.677	-	-	628	2.305
700	Grunnskólar, Reykjavík	-	27.350	-	-	-27.350
701	Grunnskólar, Reykjanesi	-	48.752	-	-	-48.752
703	Grunnskólar, Vesturlandi	-	1.883	-	-	-1.883
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	-	5.409	-	-	-5.409
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	-	2.765	-	-	-2.765
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	4.367	-	-	-	4.367
707	Grunnskólar, Austurlandi	-	2.170	-	-	-2.170
708	Grunnskólar, Suðurlandi	-	922	-	-	-922
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	916	-	-	-	916
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	-	19	-	-	-19
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	183	-	-	-	183
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	-	113	-	-	-113
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	354	-	-	-	354
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	504	-	-	-504
719	Fræðsluskrifstofur, almennt	-	-	-	1.500	1.500
720	Grunnskólar, almennt	-	-	18.922	4.500	23.422
730	Skólabúðir að Reykjum	-	1.394	-	-	-1.394
750	Skólar fyrir fatlaða	2.277	-	1.600	9.041	12.918
752	Oskjuhlíðarskóli	-	982	-	-	-982
754	Safamýrarskóli	1.771	-	-	-	1.771
755	Dalbrautarskóli	-	236	-	-	-236
756	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	2.940	-	-	-	2.940
758	Hvammshlíðarskóli	258	-	-	-	258
798	Einholtsskóli	-	12	-	-	-12
799	Heyrnleysingjaskólinn	364	-	-	-10	354
	Onnur fræðslumál	*31*	*2.161*	*1.204*	*1.500*	*-1.834*
422	Námsgagnastofnun	31	-	-	-	31
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-	2.161	-	1.500	-661
440	Fullorðinsfræðsla	-	-	6.627	-	6.627
884	Jöfnun á námskostnaði	-	-	7.831	-	-7.831
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-	*5.905*	-	*-5.905*
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-	5.905	-	-5.905
	Söfn, listastofnanir o.fl.	*751*	*31.457*	*1.776*	*70.425*	*37.943*
901	Landsbókasafn Íslands	-	1.512	-	-	-1.512
902	Þjóðminjasafn Íslands	-	2.631	-	41.316	38.685
903	Þjóðskjalasafn Íslands	-	2.218	-	14.366	12.148
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-	1.446	-	-	-1.446
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-	4.969	-	-	-4.969

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
906	Listasafn Einars Jónssonar	751	-	-	832	1.583
907	Listasafn Íslands	-	1.557	-	3.129	1.572
909	Blindrabókasafn Íslands	-	4.885	-	1.100	-3.785
919	Söfn, ýmis framlög	-	-	2.097	-	2.097
972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	-	12.239	-	-	-12.239
973	Þjóðleikhús	-	-	3.873	10.000	6.127
977	Þjóðarbókhlaða	-	-	-	-318	-318
	Annað	*1.058*	*929*	*34.922*	*4.584*	*39.635*
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	1.058	-	-	-	1.058
978	Listasjóðir	-	-	44.889	-	44.889
979	Húsafriðunarsjóður	-	-	-	262	262
980	Listskreytingasjóður	-	-	-	-59	-59
981	Kvikmyndasjóður	-	929	-	-	-929
982	Listir, framlög	-	-	3.627	-	3.627
983	Ymis fræðistörf	-	-	11.943	-	-11.943
984	Norræn samvinna	-	-	1.403	-	-1.403
985	Alþjóðleg samskipti	-	-	6.019	-	-6.019
988	Æskulýðsmál	-	-	993	-	993
989	Ymis íþróttamál	-	-	4.778	-	4.778
997	Uppgjör við sveitarfélög	-	-	-	6.951	6.951
999	Ymislegt	-	-	-	-2.570	-2.570
03	**Utanríkisráðuneyti**	**3.625**	**52.527**	**116.782**	**2.130**	**70.010**
	Ráðuneyti	*793*	*1.773*	*5.500*	*3.700*	*8.220*
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	793	-	5.500	3.700	9.993
102	Varnarmálaskrifstofa	-	1.773	-	-	-1.773
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	*6.153*	-	-	*-6.153*
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	6.153	-	-	-6.153
	Sendiráð og fastanefndir	*2.832*	*44.601*	-	*-1.570*	*-43.339*
301	Sendiráð Íslands í Bonn	-	3.225	-	-	-3.225
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	-	3.577	-	-	-3.577
303	Sendiráð Íslands í London	-	8.721	-	-	-8.721
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	2.832	-	-	-	2.832
305	Sendiráð Íslands í Ósló	-	1.141	-	-	-1.141
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráð	-	3.172	-	-	-3.172
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	-	3.626	-	-	-3.626
308	Sendiráð Íslands í Washington	-	5.953	-	-	-5.953
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðal	-	7.097	-	-	-7.097
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	-	4.905	-	-	-4.905
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalagi	-	1.448	-	-	-1.448
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í	-	1.736	-	-	-1.736
320	Sendiráð, almennt	-	-	-	-1.570	-1.570
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	-	-	*111.282*	-	*111.282*
390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	-	-	2.599	-	2.599
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	-	-	53.071	-	53.071
399	Ymis utanríkismál	-	-	15.924	-	15.924
401	Alþjóðastofnanir	-	-	39.688	-	39.688
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**6.253**	**15.121**	**13.994**	**2.000**	**7.126**
	Ráðuneyti	-	*1.633*	*6.294*	-	*4.661*
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.633	-	-	-1.633
190	Ymis verkefni	-	-	6.294	-	6.294
	Landbúnaðarstofnanir	*5.246*	*13.334*	-	*2.000*	*-6.088*
211	Rannsóknarstofnun landbúnaðarins	-	3.227	-	-	-3.227
221	Veiðimálastofnun	-	253	-	-	-253
233	Yfirdýralæknir	5.137	-	-	-	5.137
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	-	9.315	-	2.000	-7.315
271	Bændaskólinn á Hólum	-	497	-	-	-497
283	Garðyrkjuskóli ríkisins	109	-	-	-	109

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	-	42	-	-	-42
	Skógrækt og landgræðsla	*1.007*	*154*	-	-	*853*
311	Landgræðsla ríkisins	1.007	-	-	-	1.007
331	Héraðsskógar	-	154	-	-	-154
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	-	-	*7.700*	-	*7.700*
805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	-	-	7.700	-	7.700
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**16.180**	**10.926**	**13.500**	**23.457**	**42.211**
	Ráðuneyti	*16.180*	*786*	-	*10.000*	*25.394*
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	-	786	-	-	-786
190	Ymis verkefni	16.180	-	-	10.000	26.180
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	-	*10.140*	*13.500*	*13.457*	*16.817*
201	Fiskifélag Íslands	-	-	13.500	-	13.500
202	Hafrannsóknastofnun	-	3.503	-	6.300	2.797
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	6.574	-	-	-6.574
204	Fiskistofa	-	-	-	7.157	7.157
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	-	63	-	-	-63
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**102.008**	**99.937**	**4.000**	**290.124**	**296.195**
	Ráðuneyti	*12.577*	*170*	*1.200*	-	*13.607*
101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.974	-	-	-	2.974
102	Stjórnartíðindi	5.039	-	-	-	5.039
103	Lagasafn	-	170	-	-	-170
190	Ymis verkefni	4.564	-	1.200	-	5.764
	Dómsmál	*23.113*	*3.168*	-	*161.870*	*181.815*
201	Hæstiréttur	5.723	-	-	-	5.723
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	3.293	-	-	-	3.293
212	Héraðsdómur Vesturlands	18	-	-	-	18
213	Héraðsdómur Vestfjarða	140	-	-	-	140
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	406	-	-	-	406
215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	3.439	-	-	-	3.439
216	Héraðsdómur Austurlands	647	-	-	-	647
217	Héraðsdómur Suðurlands	3.237	-	-	-	3.237
218	Héraðsdómur Reykjaness	4.210	-	-	-	4.210
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	-	3.168	-	-	-3.168
291	Húsnæði og búnaður dómstóla	2.000	-	-	161.870	163.870
	Löggæslustofnanir og öryggismál	*22.674*	*28.672*	-	*83.828*	*77.830*
301	Ríkissaksóknari	2.135	-	-	-	2.135
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	-	-	-	2.517	2.517
305	Lögregluskóli ríkisins	3.665	-	-	-	3.665
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-	25.992	-	11.800	-14.192
321	Almannavarnir ríkisins	-	-	-	444	444
331	Umferðarráð	-	2.680	-	-	-2.680
341	Afengis- og fíkniefnamál	585	-	-	-	585
390	Ymis löggæslukostnaður	6.040	-	-	11.000	17.040
391	Húsnæði löggæslustofnana	-	-	-	667	667
395	Landhelgisgæsla Íslands	10.249	-	-	57.400	67.649
	Sýslumenn	*34.691*	*37.417*	-	*13.525*	*10.799*
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	-	4.124	-	-	-4.124
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	-	17.587	-	-	-17.587
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	834	-	-	-	834
414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	316	-	-	-	316
415	Sýslumaðurinn í Búðardal	363	-	-	-	363
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-	886	-	-	-886
417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	1.374	-	-	-	1.374
418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	2.848	-	-	-	2.848
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	-	1.206	-	-	-1.206
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	-	1.512	-	-	-1.512
421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	759	-	-	-	759

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	1.206	-	-	-	1.206
423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	506	-	-	-	506
424	Sýslumaðurinn á Akureyri	4.912	-	-	-	4.912
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	-	531	-	-	-531
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-	2.652	-	-	-2.652
427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	209	-	-	-	209
428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	-	417	-	-	-417
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	-	638	-	-	-638
430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	23	-	-	-	23
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	99	-	-	-	99
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	-	272	-	-	-272
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	-	183	-	-	-183
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	-	4.080	-	-	-4.080
436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	8.195	-	-	-	8.195
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	-	3.329	-	-	-3.329
490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	13.047	-	-	-	13.047
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	-	13.525	13.525
	Fangelsismál	*6.404*	*25.892*	-	*26.401*	*6.913*
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	3.256	-	-	-	3.256
511	Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	-	14.747	-	-	-14.747
512	Fangelsið Litla-Hrauni	-	9.834	-	-	-9.834
513	Fangelsið Kvíabryggju	-	1.311	-	-	-1.311
590	Fangamál, ýmis kostnaður	3.148	-	-	-	3.148
591	Fangelsisbyggingar	-	-	-	26.401	26.401
	Kirkjumál	*2.549*	*4.618*	*2.800*	*4.500*	*5.231*
701	Biskup Íslands	-	4.618	-	-	-4.618
790	Kirkjumál, ýmis kostnaður	2.549	-	2.800	4.500	9.849
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**89.563**	**18.491**	**46.467**	**78.131**	**195.670**
	Ráðuneyti	*13.287*	-	*1.700*	-	*14.987*
101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	13.287	-	1.700	-	14.987
	Húsnæðismál	-	-	-	*-249*	*-249*
272	Byggingarsjóður verkamanna	-	-	-	-249	-249
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	*27.242*	*12.310*	-	-	*14.932*
302	Ríkissáttasemjari	4.338	-	-	-	4.338
951	Brunamálastofnun ríkisins	22.904	-	-	-	22.904
953	Jafnréttisráð	-	572	-	-	-572
954	Vinnueftirlit ríkisins	-	11.738	-	-	-11.738
	Málefni barna og ungmenna	*20.072*	*270*	-	-	*19.802*
400	Málefni barna og ungmenna	18.811	-	-	-	18.811
401	Barnaverndarráð	-	270	-	-	-270
402	Unglingaheimili ríkisins	1.261	-	-	-	1.261
	Málefni fatlaðra	*27.362*	*5.911*	*6.018*	*78.380*	*105.849*
700	Málefni fatlaðra	17.318	-	3.800	-	21.118
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-	1.132	-	-	-1.132
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	-	-	1.333	-	1.333
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	3.635	-	-	-	3.635
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	-	800	-	-	-800
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	4.575	-	800	-	5.375
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	3.133	-	-	-3.133
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	-	-	85	-	85
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	-	-	2.599	2.599
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	-	846	-	-	-846
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	777	-	-	-	777
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1.057	-	-	-	1.057
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	-	75.781	75.781
	Atvinnumál	-	-	*9.444*	-	*9.444*
981	Vinnumál	-	-	9.444	-	9.444

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
	Rekstrarhagræðing	*1.600*	-	-	-	*1.600*
950	Rekstrarhagræðing	1.600	-	-	-	1.600
	Annað	-	-	*29.305*	-	*29.305*
972	Bjargráðasjóður	-	-	12.000	-	12.000
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	-	-	17.305	-	17.305
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**	**43.740**	**75.973**	**27.145**	**90.504**	**85.416**
	Ráðuneyti	*2.421*	-	-	-	*2.421*
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifsto	2.421	-	-	-	2.421
	Tryggingamál	*8.452*	-	-	-	*8.452*
201	Tryggingastofnun ríkisins	8.452	-	-	-	8.452
	Sjúkrastofnanir	*3.023*	*32.524*	-	*69.448*	*39.947*
357	Sjúkrahúsið Siglufirði	466	-	-	-	466
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.557	-	-	-	2.557
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	-	-	-	19.480	19.480
371	Ríkisspítalar	-	32.524	-	20.000	-12.524
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-	29.968	29.968
	Heilsugæsla	*3.297*	*34.318*	*1.068*	*23.056*	*-6.897*
378	Læknishéraðasjóður	-	-	1.068	-	1.068
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	-	-	-	23.056	23.056
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-	12.992	-	-	-12.992
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	-	425	-	-	-425
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	-	1.703	-	-	-1.703
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-	658	-	-	-658
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	82	-	-	-82
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	451	-	-	-	451
532	Heilsugæslustöðin Ísafirði	599	-	-	-	599
533	Heilsugæslustöðin Þingeyri	250	-	-	-	250
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	419	-	-	-	419
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	77	-	-	-	77
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	106	-	-	-106
563	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	1.501	-	-	-	1.501
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-	1.256	-	-	-1.256
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-	248	-	-	-248
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	181	-	-	-181
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-	706	-	-	-706
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	-	370	-	-	-370
575	Heilsugæslustöðin Hellu	-	333	-	-	-333
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	-	317	-	-	-317
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-	201	-	-	-201
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-	1.039	-	-	-1.039
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-	2.799	-	-	-2.799
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-	2.155	-	-	-2.155
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	5.176	-	-	-5.176
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	3.571	-	-	-3.571
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	*446*	*9.131*	*3.000*	-	*-11.685*
301	Landlæknir	-	2.869	3.000	-	-5.869
323	Tryggingaeftirlitið	-	591	-	-	-591
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-	5.414	-	-	-5.414
326	Sjónstöð Íslands	-	257	-	-	-257
327	Geislavarnir ríkisins	186	-	-	-	186
330	Manneldisráð	260	-	-	-	260
	Rekstrarhagræðing	*14.800*	-	-	-	*14.800*
950	Rekstrarhagræðing	14.800	-	-	-	14.800
	Annað	*11.301*	-	*29.077*	*-2.000*	*38.378*
340	Málefni fatlaðra	-	-	11.382	-2.000	9.382
393	Lyfjamál	34	-	-	-	34
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	2.287	-	-	-	2.287

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
396	Lyfjanefnd	7.632	-	-	-	7.632
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	-	-	17.695	-	17.695
621	Afengisvarnir og bindindismál	1.348	-	-	-	1.348
09	**Fjármálaráðuneyti**	**115.249**	**35.317**	**30.881**	**188.605**	**299.418**
	Ráðuneyti o.fl.	*13.337*	*98*	*4.940*	-	*18.179*
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	9.876	-	-	-	9.876
103	Ríkisbókhald	90	-	-	-	90
104	Ríkisfjárhirsla	-	98	-	-	-98
105	Ríkislögmaður	3.371	-	-	-	3.371
199	Ráðstöfunarfé	-	-	4.940	-	4.940
	Skatta- og tollamál	*71.093*	*12.943*	-	*14.702*	*72.852*
201	Ríkisskattstjóri	-	4.800	-	14.702	9.902
202	Skattstofan í Reykjavík	-	5.198	-	-	-5.198
203	Skattstofa Vesturlands	2.825	-	-	-	2.825
204	Skattstofa Vestfjarða	-	855	-	-	-855
205	Skattstofa Norðurlands vestra	-	1.286	-	-	-1.286
206	Skattstofa Norðurlands eystra	1.415	-	-	-	1.415
207	Skattstofa Austurlands	98	-	-	-	98
208	Skattstofa Suðurlands	-	71	-	-	-71
209	Skattstofa Vestmannaeyja	-	715	-	-	-715
211	Skattstofa Reykjaness	2.911	-	-	-	2.911
212	Skattamál, ýmis útgjöld	40.098	-	-	-	40.098
214	Yfirskattanefnd	886	-	-	-	886
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-	18	-	-	-18
259	Gjaldheimta Suðurnesja	3.167	-	-	-	3.167
261	Ríkistollstjóri	6.857	-	-	-	6.857
262	Tollstjórinn í Reykjavík	12.836	-	-	-	12.836
	Annað	*30.819*	*22.276*	*25.941*	*173.903*	*208.387*
402	Fasteignamat ríkisins	-	-	32	-	-32
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	1.296	-	-	-	1.296
981	Ymsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	-	90.903	90.903
990	Ríkisstjórnarákvarðanir	-	-	25.973	-	25.973
995	Skýrsluvélakostnaður	-	22.276	-	80.400	58.124
999	Ymislegt	29.523	-	-	2.600	32.123
10	**Samgönguráðuneyti**	**13.069**	**6.595**	**16.830**	**6.300**	**29.604**
	Ráðuneyti	*700*	*679*	*16.830*	-	*16.851*
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-	679	-	-	-679
190	Ymis verkefni	700	-	16.830	-	17.530
	Siglingamál	*979*	*5.916*	-	*6.300*	*1.363*
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	-	108	-	-	-108
332	Vitastofnun Íslands	-	24	-	-	-24
333	Hafnamál	15	-	-	-	15
341	Siglingamálastofnun ríkisins	-	5.784	-	6.300	516
342	Rannsóknanefnd sjóslysa	964	-	-	-	964
	Flugmál	*7.596*	-	-	-	*7.596*
471	Flugmálastjórn	7.596	-	-	-	7.596
	Ferðamál	*10*	-	-	-	*10*
651	Ferðamálaráð	10	-	-	-	10
	Annað	*3.784*	-	-	-	*3.784*
511	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	3.784	-	-	-	3.784
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**8.546**	**7.590**	**23.503**	**-48**	**24.411**
	Ráðuneyti	*3.300*	*1.096*	-	-	*2.204*
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.096	-	-	-1.096
102	Einkaleyfastofan	3.300	-	-	-	3.300
	Iðnaðarmál	*1.001*	*6.494*	*23.503*	-	*18.010*
201	Iðntæknistofnun Íslands	1.001	-	-	-	1.001

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	6.494	-	-	-6.494
240	Iðnaðarrannsóknir	-	-	251	-	251
299	Iðja og iðnaður, framlög	-	-	23.252	-	23.252
	Orkumál	*4.245*	-	-	*-48*	*4.197*
301	Orkustofnun	2.245	-	-	-	2.245
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	2.000	-	-	-	2.000
371	Orkusjóður	-	-	-	-48	-48
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**3.575**	**2.789**	**4.678**	**-**	**5.464**
	Ráðuneyti	*2.250*	-	*4.678*	-	*6.928*
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.250	-	-	-	2.250
190	Ýmis verkefni	-	-	4.678	-	4.678
	Viðskiptamál	*1.325*	*2.789*	-	-	*-1.464*
301	Löggildingarstofan	-	2.789	-	-	-2.789
902	Samkeppnisstofnun	303	-	-	-	303
903	Skráning hlutafélaga	1.022	-	-	-	1.022
13	**Hagstofa Íslands**	**6.846**	**6.004**	**-**	**-**	**842**
	Hagstofa Íslands	*6.846*	*6.004*	-	-	*842*
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	-	6.004	-	-	-6.004
102	Þjóðskráin	6.846	-	-	-	6.846
14	**Umhverfisráðuneyti**	**25.400**	**14.818**	**-**	**3.363**	**13.945**
	Ráðuneyti	-	*9.900*	-	*1.574*	*-8.326*
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	6.423	-	-	-6.423
190	Ýmis verkefni	-	3.477	-	1.574	-1.903
	Náttúruvernd	-	*438*	-	*1.789*	*1.351*
201	Náttúruverndarráð	-	-	-	1.789	1.789
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-	438	-	-	-438
	Skipulagsmál	*23.585*	-	-	-	*23.585*
301	Skipulagsstjóri ríkisins	23.103	-	-	-	23.103
310	Landmælingar Íslands	482	-	-	-	482
	Rannsóknir o.fl.	*1.815*	*4.480*	-	-	*-2.665*
401	Náttúrufræðistofnun Íslands	1.815	-	-	-	1.815
410	Veðurstofa Íslands	-	4.480	-	-	-4.480
	Samtals öll ráðuneyti	***577.875***	***584.991***	***362.620***	***1.193.107***	***1.548.611***

754. Skýrsla [441. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmd laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, er ákvæði um að lögin skuli endurskoða eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra. Lög nr. 19/1992 tóku gildi 15. maí 1992. Í samræmi við þetta ákvæði skipaði félagsmálaráðherra nefnd 25. október 1994 til að endurskoða lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í nefndina voru skipuð:

Fulltrúi Alþýðusambands Íslands:
Halldór Grönvold, skrifstofustjóri ASÍ.
Til vara:
Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.

Fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:
Sjöfn Ingólfsdóttir, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Til vara:
Jón Júlíusson íþróttakennari.

Fulltrúi menntamálaráðuneytis:
Guðný Helgadóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.
Til vara:
Kristrún Ísaksdóttir, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu.

Fulltrúi Vinnumálasambandsins:
Jón Rúnar Pálsson, lögfræðingur Vinnumálasambandsins.
Til vara:
Jóngeir H. Hlinason, framkvæmdastjóri Vinnumálasambandsins.

Fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands:
Bolli Árnason, rekstrartæknifræðingur VSÍ.
Til vara:
Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ.

Fulltrúi félagsmálaráðherra í endurskoðunarnefndinni og jafnframt formaður var skipaður Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Ráðherra skipaði Þorbjörgu I. Jónsdóttur, lögfræðing á vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, til að vera ritari nefndarinnar. Hún var einnig varamaður fulltrúa félagsmálaráðherra.

Endurskoðunarnefndin lauk yfirferð yfir lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu og sendi ráðherra niðurstöðu sína í bréfi dags. 13. desember sl. Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé tilefni á þessu stigi til að gera breytingar á lögum nr. 19/1992.

Í bréfinu frá 13. desember sl. gerir nefndin grein fyrir störfum sínum. Þar kemur fram að endurskoðunarnefndin hafi haldið fimm fundi. Á þeim hafi hún farið yfir öll ákvæði laga nr. 19/1992. Það er upplýst að hún hafi kynnti sér ítarleg drög að skýrslu starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins um starf þess árin 1992–94. Í drögunum er að finna upplýsingar um framkvæmd laganna og úthlutanir úr starfsmenntasjóði. Skýrsla starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins fylgir þessari skýrslu sem fylgiskjal.

Það kemur fram í bréfi nefndarinnar að ekki séu nein sérstök vandamál varðandi framkvæmd laga nr. 19/1992. Það er afstaða nefndarinnar að ekki sé tímabært að svo komnu máli að ganga frá endurskoðun laganna. Til þess vanti mikilvægar og nauðsynlegar forsendur. Á þeim tæpu þremur árum, sem liðið hafa frá gildistöku laganna, hefur enn ekki fengist nægileg reynsla af þeim. Þá er ýmsum mikilvægum spurningum og ábendingum um framtíðarskipan starfsmenntunar í atvinnulífinu ósvarað, ekki síst hvað varðar afstöðu stjórnvalda. Í ljósi þess sem að framan segir telur nefndin nauðsynlegt að jafnframt því að áfram verði unnið að mati á gildandi lögum og framkvæmd þeirra verði leitað eftir viðhorfum og svörum þeirra er málið varðar. Mikilvægt er að þessu starfi verði gefinn sá tími sem nauðsynlegur er til að sem bestur árangur náist.

Samhliða framangreindu starfi telur nefndin koma til álita að vinnureglur og starfshættir starfsmenntaráðs sem mótast hafa undanfarin missiri verði staðfest með setningu reglugerðar eins og kveðið er á um í lögunum. Þá hafi á fundum endurskoðunarnefndarinnar komið fram ábendingar um minni háttar breytingar, en þó einkum um framkvæmd laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Telur nefndin rétt að koma þessum ábendingum á framfæri þannig að taka megi tillit til þeirra við framkvæmd laganna.

Með bréfi nefndarinnar er fylgiskjal þar sem fram koma athugasemdir og ábendingar um það sem betur má fara í texta og við framkvæmd laganna. Þessar athugasemdir eru eftirfarandi:

Um 1. gr.

Endurskoðunarnefndin fjallaði um d-, e-, og f-liði. Hún er sammála um að hyggja þurfi betur að stöðu þeirra sem eru utan vinnumarkaðarins vegna atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum. Nefndin telur ekki nauðsynlegt að breyta ákvæðum stafliðanna. Hins vegar er hún þeirrar skoðunar að taka þurfi til athugunar stuðning hins opinbera við námskeið fyrir atvinnulausa, sbr. skýrslu starfsmenntaráðs í fylgiskjali.

Um 3. gr.

Í endurskoðunarnefndinni kom fram það sjónarmið að betur þurfi að greina á milli grunnstarfsmenntunar samkvæmt lögum nr. 19/1992 og grunnmenntunar samkvæmt frumvarpi til laga um framhaldsskóla.

Um 5. gr.

Fram kom það álit að lög nr. 19/1992 byggist á samstarfi þriggja aðila, þ.e. ríkisins, samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks. Andi laganna sé sá að þetta samstarf byggi á því að jafnræði ríki á milli þessara þriggja aðila. Þessa jafnræðis hafi ekki verið fyllilega gætt í 5. gr. gildandi laga þar sem hið opinbera eigi einungis einn fulltrúa á móti sex fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Endurskoðunarnefndin hefur rætt þessi viðhorf ítarlega og er sammála um að nauðsynlegt sé að taka tillit til þeirra við endurskoðun laganna þegar þar að kemur. Það hljóti þó eðlilega að vera hluti af endurskoðun laganna í heild sinni. Í því sambandi telur nefndin mikilvægt að stjórnvöld marki ákveðnari stefnu í starfsmenntun en nú er. Bent er á að markmið laga nr. 19/1992 hafi m.a. verið að samræma afskipti hins opinbera af starfsmenntun í atvinnulífinu og marka fjármagni sem varið er til þessa sviðs ákveðinn farveg með stofnun starfsmenntasjóðs. Fullyrða má að frá því að lögin voru sett hafi mikið vantað upp á að þessu markmiði væri fylgt nægilega fast eftir. Á síðustu missirum virðist svo í vaxandi mæli hafa verið vikið frá þessari stefnu með úthlutun opinberra að-

ila á styrkjum til starfsmenntunar, ýmist með beinum fjárveitingum á fjárlögum eða úthlutunum úr öðrum opinberum sjóðum en starfsmenntasjóði. Nefndin telur brýnt að tekið verði sem fyrst á þessu máli að öðrum kosti er á því verulega hætta að ekki náist sú yfirsýn og samhæfing sem stefnt var að með gildistöku laga nr. 19/1992.

Til að bæta að hluta úr þeim vanda sem getið er um hér að framan bendir nefndin á þann möguleika að félagsmálaráðherra ákveði að gefa menntamálaráðuneytinu færi á að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í starfsmenntaráði með málfrelsi og tillögurétti.

Um 6. gr.

Fram kom í endurskoðunarnefndinni varðandi 4. mgr. að ekki hafa enn verið settar reglur eða reglugerðir á grundvelli laganna. Ástæðan er m.a. sú að starfsmenntaráð hefur viljað fá meiri reynslu af framkvæmd laganna áður en ráðist er í samningu reglna eða reglugerða.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um skyldu starfsmenntaráðs til að safna saman upplýsingum um starfsmenntun í landinu. Orðalag greinarinnar gefur til kynna að ráðið skuli safna upplýsingum um alla starfsmenntun sem í boði er. Þar af leiðandi vekur endurskoðunarnefndin á því athygli að takmarka beri þessa skyldu við upplýsingar um starfsmenntun í atvinnulífinu eða menntun sem lögin taka til, sbr. 3. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Í 5. gr. gildandi laga um starfsmenntun í atvinnulífinu kemur fram að starfsmenntaráð skuli vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Þar af leiðandi er endurskoðunarnefndin þeirrar skoðunar að réttara sé að starfsmenntaráð undirbúi tillögur ráðherra um fjárþörf til starfsmenntasjóð í stað þess að ráðið sé umsagnaraðili um slíkar tillögur eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Fram kom sú spurning hvort nauðsynlegt væri að taka fram í a-lið a að námsskrárgerð sé einnig styrkhæf. Eftir nokkrar umræður varð nefndin sammála um að orðalagið „undirbúningur náms" væri það víðtækt að það taki einnig til námskrárgerðar.

Rætt var um framkvæmd b-liðar, einkum það hvort starfsmenntaráð hafi sett sér einhverjar reglur til að hafa til viðmiðunar varðandi eðlilega upphæð launa fyrir kennslu á námskeiðum sem starfsmenntasjóður styrkir. Fram kom að þetta hefur enn ekki verið gert. Starfsmenntaráð er um þessar mundir að vinna úr upplýsingum sem hafa fengist úr uppgjörum vegna fyrstu námskeiðanna sem starfsmenntasjóður styrkti á árinu 1992.

Endurskoðunarnefndin fjallaði um orðalagið „ferða- og flutningskostnaður" í greininni. Við framkvæmd hefur þetta verið túlkað þannig að hér sé eingöngu um að ræða ferða- og flutningskostnað sem hlýst af því að halda námskeið á fleiri stöðum en einum. Það tekur ekki til þess að greiða niður ferðakostnað þátttakenda. Nefndin er sammála þessari túlkun og telur ekki ástæðu til að breyta orðalaginu.

Um 12. gr.

Endurskoðunarnefndin fjallaði um framkvæmd starfsmenntaráðs á ákvæði greinarinnar. Hún ræddi m.a. fyrirkomulag á greiðslu styrkja. Upplýst var að styrkir séu greiddir í einu lagi fyrir fram. Starfsmenntaráð hefur reynt að halda öllum rekstrarkostnaði í lágmarki og er talið að þetta fyrirkomulag sé hagkvæmast. Ráðið hafi hins vegar gengið ríkt eftir því að styrkir vegna námskeiða sem ekki hafi verið haldin séu endurgreiddir. Einnig að styrkþegi skili aftur mismuni sem sé á veittum styrk og raunverulegum kostnaði. Loks hafi starfsmenntaráð gengið ríkt eftir því að styrkþegar skili uppgjöri vegna námskeiða. Því var beint til starfsmenntaráðs að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar vegna innheimtuaðgerða hjá einum styrkþega og greiða styrki eftir framvindu viðfangsefnis.

Rætt var um skýrslur um framkvæmd námskeiðanna, t.d. hvort fram komi mat á námskeiði í skýrslu um það. Það sjónarmið kom enn fremur fram að þetta atriði ætti í raun heima í reglugerð.

Þrátt fyrir framangreindar athugasemdir telur endurskoðunarnefndin ekki þörf á að breyta ákvæðum greinarinnar.

Ekki komu fram frekari athugasemdir eða ábendingar á fundum endurskoðunarnefndarinnar.

Talið er rétt að gera Alþingi grein fyrir framangreindri niðurstöðu, sbr. 45. gr. þingskaparlaga nr. 55/1991.

Fylgiskjal.

Skýrsla starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins fyrir árin 1992–94.

Samantekt á efni skýrslunnar.

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífinu í heiminum og margt bendir til þess að þær verði hraðari og byltingarkenndari en áður. Þessar breytingar hafa það í för með sér að öll störf og vinnuaðferðir munu breytast og miklar tilfærslur verða á vinnuafli á milli atvinnuvega, starfsgreina, verkefna og vinnustaða. Sjálfvirkni og vélvæðing mun hafa það í för með sér að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera sífellt auknar kröfur til starfsfólks um endurmenntun.

Þær gífurlegu breytingar, sem tækniváðingin hefur á allt atvinnulíf á komandi árum, gera kröfu til þess að tilfærslur geti átt sér stað á vinnuafli milli verkefna og atvinnugreina með eðlilegum hætti en forsenda þess er að starfsfólki sé gert kleift að njóta endurmenntunar og starfsþjálfunar í miklu ríkari mæli en nú er.

Næstu nágrannaþjóðir og helstu samkeppnislönd Íslendinga hafa brugðist við þessum breytingum með stórauknum framlögum til starfsmenntunar starfandi fólks í atvinnulífinu. Aðildarríki OECD verja yfirleitt frá 0,5% og upp í 6,0% af vergri þjóðarframleiðslu til aðgerða á vinnumarkaði sem m.a. hafa að markmiði aukna framleiðni með betri menntun og þjálfun starfsfólks í atvinnulífinu. Flest ríki verja um 2,0% af vergri þjóðarframleiðslu til þessara hluta og skiptist hún til helminga á milli þess sem kallað er virkar og óvirkar aðgerðir í vinnumarkaðsmálum. Með óvirkum aðgerðum er átt við hvers

konar bætur til atvinnulausra. Virkar aðgerðir fela meðal annars í sér aðgerðir í starfsmenntunarmálum. Danir eiga met varðandi aðgerðir á vinnumarkaði. Þeir verja sem svarar til tæplega 6,0% af vergri þjóðarframleiðslu til vinnumarkaðsmála en þess bera að geta að stór hluti þess fór í greiðslur atvinnuleysisbóta. Engu að síður hafa um 200.000 manns árlega tekið þátt í starfsmenntun sem naut að einhverju leyti stuðnings stjórnvalda vinnumarkaðsmála í Danmörku.

Íslendingar hafa staðið öðrum löndum langt að baki í þessum málum. Það var ekki fyrr en árið 1992 sem Alþingi afgreiddi lög nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu. Með þeim lögum var þessum málum í fyrsta skipti markaður ákveðinn farvegur. Í 17. gr. laganna er kveðið á um að lögin skuli endurskoða innan þriggja ára frá gildistöku. Með hliðsjón af þessu ákvæði hefur starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins tekið saman þessa skýrslu.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir aðdragandanum að setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Þar kemur fram að eftir athugun á fyrirkomulagi endur- og eftirmenntunar fólks, sem lokið hefur formlegri skólamenntun, hafa Íslendingar kosið að taka mið af sérstökum aðstæðum hér á landi og fara aðra og hagkvæmari leið en flestar aðrar þjóðir. Í stað þess að stofna sérstakt skólakerfi til að sinna þessum þörfum hefur verið byggt á frumkvæði og skipulagi sem þegar er til staðar. Á grundvelli laga um starfsmenntun í atvinnulífinu hefur verið skipað starfsmenntaráð sem hefur það hlutverk að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði. Einnig hefur verið stofnaður starfsmenntasjóður sem fær árlega úthlutað fjármagni á fjárlögum.

Að öðrum þræði fjallar skýrslan um reynsluna af lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í henni er gerð grein fyrir framkvæmd laganna og vakin athygli á túlkun starfsmenntaráðs á ýmsum ákvæðum þeirra.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir úthlutunum úr starfsmenntasjóði frá árinu 1992 til 1. nóvember 1994. Þar kemur fram að 59 aðilar hafa fengið úthlutað styrkjum vegna um 180 verkefna samtals að upphæð 141.920.900 kr.

Lokaþáttur skýrslunnar hefur að geyma ábendingar um það sem betur má fara. Í honum kemur fram að hlutfallslega fáar umsóknir eru frá aðilum sem bera hag þeirra einstaklinga á vinnumarkaði fyrir brjósti sem hafa litla formlega skólamenntun og takmarkaða þjálfun til að takast á við sérhæfðari viðfangsefni. Í þessum þætti er einnig vakin athygli á því að gera þurfi sérstakar ráðstafanir vegna þeirra sem eru tímabundið utan vinnumarkaðarins, einkum vegna atvinnuleysis.

Á því er vakin athygli að markmið laga nr. 19/1992 hafi m.a. verið að samræma afskipti hins opinbera af starfsmenntun í atvinnulífinu og marka fjármagni, sem varið er til þessa sviðs, ákveðinn farveg með stofnun starfsmenntasjóðs. Á allra síðustu missirum hafi verið vikið frá þessari stefnu með úthlutun opinberra aðila á styrkjum til starfsmenntunar ýmist með beinum fjárveitingum á fjárlögum eða úthlutunum úr öðrum opinberum sjóðum en starfsmenntasjóði. Bent er á að brýnt sé að tekið verði sem fyrst á þessu máli að öðrum kosti er á því veruleg hætta að sú yfirsýn glatist sem tókst að fá yfir málaflokkinn með gildistöku laga nr. 19/1992.

Í samræmi við 17. grein laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, skipaði félagsmálaráðherra nefnd, 25. október 1994, til að endurskoða lög um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í niðurstöðum endurskoðunarnefndarinnar kemur fram að engin sérstök vandamál hafi komið upp í sambandi við framkvæmd laga nr. 19/1992. Jafnframt er á því vakin athygli að enn hafi ekki nægileg reynsla fengist af lögunum þar sem aðeins tæp

þrjú ár eru liðin frá gildistöku þeirra. Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé á þessu stigi tilefni til að gera breytingar á lögunum um starfsmenntun í atvinnulífinu. Þá komu í starfi nefndarinnar fram ýmsar ábendingar um atriði sem mikilvægt er að hafa í huga við endurskoðun laganna þegar þar að kemur.

1. Inngangur.

Vorið 1992 var samþykkt á Alþingi frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Lögin, sem eru nr. 19/1992, tóku gildi í lok maí það ár. Lögin skapa forsendur til að bæta verkkunnáttu fólks í atvinnulífinu. Einnig er afskiptum stjórnvalda af þessu mikilvæga sviði vinnumála markaður ákveðinn farvegur. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir aðdragandann að lagasetningunni, skipan starfsmenntaráðs og farið yfir framkvæmd helstu ákvæða laganna. Í skýrslunni er enn fremur að finna yfirlit yfir úthlutanir úr starfsmenntasjóði, hvernig þær skiptast eftir starfsgreinum og upplýsingar um fjölda sem hefur tekið þátt í námskeiðum sem hafa verið styrkt af sjóðnum. Í niðurlagskaflanum eru ábendingar um það sem betur má fara bæði varðandi framkvæmd laganna og starfsmenntun einstakra hópa.

2. Aðdragandi lagasetningarinnar.

Þótt lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu hafi ekki náð fram að ganga fyrr en vorið 1992 má segja að afskipti félagsmálaráðuneytisins af þessu málefni hafi með vissum hætti hafist mun fyrr eða með skipun starfshóps árið 1983 sem fékk það verkefni að gera úttekt á áhrifum nýrrar tækni á íslenskt atvinnulíf. Hann skipuðu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins en ráðherra skipaði Ingvar Ásmundsson, skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, formann. Starfshópurinn skilaði áliti árið 1985. Í því kemur m.a. fram að aðlögun vinnumarkaðarins að nýrri tækni komi misjafnlega niður á starfsgreinum og einstökum störfum. Þess vegna þurfi að tryggja starfsmönnum eftirmenntun og þjálfun sem geri þeim kleift að laga sig að tæknibreytingum.[1]

Bæði niðurstaða starfshópsins og frumvarpið endurspegluðu alþjóðlega umræðu og strauma sem höfðu borist frá nágrannalöndunum um þetta efni. Álit alþjóðlegra stofnana á sviði efnahags- og vinnumála var á einn veg. Hagur ríkja réðist af samkeppnisgetu á alþjóðamarkaði. Mikil framleiðni væri lykillinn að samkeppnisgetunni. Afgerandi þáttur framleiðninnar væri verkkunnátta. Örari þróun tækninýjunga kallaði á skipulega endurmenntun vinnuaflsins. Helstu iðnríkin brugðust við þessum aðstæðum með mikilli fjárfestingu í stofnunum sem önnuðust það sem kallað var vinnumarkaðsmenntun og starfsþjálfun. Alþjóðavinnumálastofnunin lét málið til sín taka. Árið 1975 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið samþykkt nr. 142, um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls. Ári áður hafði þingið afgreitt aðra alþjóðasamþykkt um launuð námsleyfi.

Hinn 28. nóvember 1987 hélt félagsmálaráðuneytið fjölsótta ráðstefnu sem bar yfirskriftina: Starfsmenntun í atvinnulífinu. Þátttakendur urðu alls 230; atvinnurekendur og launafólk úr öllum starfsgreinum og alls staðar af landinu. Samtals voru haldin 17 erindi á ráðstefnunni þar sem þess var freistað að varpa ljósi á viðfangsefnið frá sem flestum hliðum. Erindin voru gefin út í bók.[2]

Ráðherra skipaði í framhaldi af ráðstefnunni vinnuhóp í lok janúar 1988 til að setja fram tillögur og valkosti um starfsmenntun í atvinnulífinu. Vinnuhópurinn vann ötullega að verkefni sínu og kynnti sér skipulag menntunar fyrir fólk á vinnumarkaði í öllum helstu nágrannalöndum okkar, kostum þess og göllum með það að markmiði að leita að

leið sem hentaði íslenskum aðstæðum. Hann boðaði á sinn fund 35 aðila, einstaklinga og fulltrúa samtaka og stofnana, sem með einhverjum hætti fjölluðu um starfsmenntun.

Kostir skipulegrar starfsmenntunar voru augljósir. Hún bætti verkkunnáttu starfsmanna og árangur fyrirtækja varð betri. Vandinn var jafnaugljós. Í nálægum löndum var það víða einkenni að kerfin væru of dýr í rekstri. Þau voru gagnrýnd fyrir að staðna og taka ekki nægilega hratt mið af síbreytilegum aðstæðum í atvinnulífinu. Ýmsum fannst þau löguð að miklu atvinnuleysi, þ.e. að vera hönnuð til að drepa tímann fyrir atvinnulaust fólk. Vinnuhópurinn hafði því að ýmsu að hyggja. Við þetta bættust gagnrýnisraddir þeirra sem gátu illa skilið hvers vegna félagsmálaráðuneytið væri að skipta sér af þessu — hér væri um að ræða menntamál sem heyrði til verksviðs menntamálaráðuneytisins.

Í niðurstöðum vinnuhópsins, sem lagðar voru fyrir félagsmálaráðherra í febrúar 1989, er vakin athygli á því að djúpstæðar breytingar hafi orðið í atvinnulífinu í heiminum í kjölfar þjóðfélagsbreytinga og hraðfara tækniþróunar. Þess sé að vænta að þróunin verði hin sama eða enn örari í næstu framtíð og áhrifin verði víðtæk. Bent er á að við slíkar aðstæður er forsenda þess að Íslendingar, eða hvaða önnur þjóð sem er, fái borgið efnahagslegu sjálfstæði sínu að þeir standi ekki öðrum að baki um menntun og þeim séu skapaðir möguleikar til að aðlagast breytingum. Fram kemur að hópurinn er sammála um að marka þurfi opinbera stefnu á þessu sviði, þ.e. að sett verði löggjöf þar sem fram komi markmið ríkisvaldsins og rammi um afskipti þess, einkum um fjárveitingar og aðra fyrirgreiðslu ríkisins, svo sem þjónustu ríkisstofnana við atvinnulífið, aðstoð við fyrirtæki, samtök og einstaklinga.[3]

Nánar er fjallað um hlutverk ríkisvaldsins. Það er talið felast fyrst og fremst í því að greiða fyrir starfsmenntun á atvinnumarkaði með beinum fjárframlögum og öðrum stuðningi, hafa eftirlit með nýtingu opinberra fjármuna í þessu sambandi, tryggja gæði starfsmenntunar, gæta þess að þegnarnir séu jafnsettir til að njóta hennar óháð kynferði, búsetu, menntun eða fjárhag. Enn fremur að kanna menntunarþarfir og miðla upplýsingum. Loks að stuðla að samnýtingu náms- og kennslugagna og hvetja til starfsmenntunar þegar fámenni eða aðstöðuleysi hindrar framkvæmd. Áhersla er lögð á að með löggjöf verði hlúð að sjálfsprottnu framtaki fjölmargra aðila í starfsmenntunarmálum. Hópurinn er þeirrar skoðunar að byggja ætti sem mest á frumkvæði sem hafi orðið til úti í atvinnulífinu.[4]

Áður er á það minnst að fram hafi komið raddir um að þessi starfsemi ætti að heyra undir menntamálaráðuneytið. Vinnuhópurinn fjallaði ítarlega um þennan þátt málsins. Þetta var m.a. borið undir sérfræðinga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf og samstarfsráðuneyti félagsmálaráðuneytisins á öðrum Norðurlöndum. Öllum þessum aðilum bar saman um að til þess að árangur næðist væri mikilvægt að starfsemin væri í sem nánustum tengslum við þróunina á vinnumarkaðinum. Reynsla annarra landa sýndi að ráðuneyti menntamála væru það ekki og þau væru mjög sein að bregðast við breyttum aðstæðum. Öðru gegndi um ráðuneyti vinnumála sem hefðu það hlutverk að fylgjast með atvinnustigi og leita ráða til að draga úr atvinnuleysi og enn fremur að greiða fyrir tilfærslum vinnuafls frá hnignandi starfsgreinum til þeirra sem væru í vexti. Þessi rök mótuðu að verulegu leyti afstöðu félagsmálaráðuneytisins, sem ráðuneytis vinnumála, en fleira kom til.

Ljóst var að ágreiningur var um hvar starfsmenntun í atvinnulífinu skyldi vistuð í Stjórnarráðinu. Í því skyni að freista þess að ná samstöðu um málið var stofnað til viðræðna milli félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Sameiginleg niðurstaða varð sú að leggja til að sett yrði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu

sem heyrði til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu sem heyrði til verksviðs menntamálaráðuneytisins. Þeir sem tóku þátt í viðræðunum færðu enn frekari rök fyrir þessari niðurstöðu. Bent var á að til starfsmenntunar í atvinnulífinu væri oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Viðræðunefndin vakti athygli á því að forsendur slíkra samningsákvæða væru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér væri því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs væri sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.[5]

Þrátt fyrir að embættismenn í ráðuneytum félagsmála og menntamála hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu, sem félagsmálaráðherra kynnti í ríkisstjórn í byrjun mars 1989, heyrðust enn efasemdaraddir. Þær þögnuðu í apríl vegna þrýstings af hálfu Alþýðusambands Íslands sem setti fram kröfu í tengslum við kjarasamninga sem fram fóru um þetta leyti. Þessi þrýstingur átti sér aðdraganda á 36. þingi ASÍ sem haldið var í nóvember 1988 en þar var samþykkt ályktun um að sett skyldi rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem allra fyrst í nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Þar yrði m.a. kveðið á um yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins með starfsmenntun í landinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur, fræðslustofnanir og ráðuneyti. Í yfirlýsingu sem forsætisráðherra gaf þann 30. apríl 1989 er gefið loforð um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu starfsmenntunar og stefnt verði að því að komið verði á samræmdu starfsmenntakerfi á vegum félagsmálaráðuneytisins. Þetta gekk eftir og skipaði félagsmálaráðherra 16. ágúst 1989 nefnd fimm manna til að semja rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu. Jafnframt var skipaður ráðgjafarhópur fulltrúa tíu félagasamtaka og stofnana sem skyldi vinna með nefndinni.

Hin fjölmörgu erindi, sem flutt voru á ráðstefnu félagsmálaráðuneytisins, sem áður er getið, og undirbúningsvinna starfshópa á vegum ráðuneytisins, auðvelduðu frumvarpssmíðina. Hægt var að ganga rösklega til verks og í ársbyrjun 1990 voru tilbúin frumvarpsdrög. Skiptar skoðanir voru um einstök atriði og ekki náðist samstaða fyrr en í apríl þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi. Ekki tókst að afgreiða frumvarpið vegna skyndilegrar andstöðu aðila sem áttu sæti í starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar. Í henni áttu sæti fulltrúar helstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Mjög gott samstarf hafði tekist á milli nefndarinnar og sjávarútvegsráðherra. Með atbeina ráðherra tókst að afla nefndinni umtalsverðra fjármuna sem gerðu kleift að gera byltingu í fræðslumálum starfsfólks í fiskvinnslu. Starfsfræðslunefndin taldi sínum málum vel borgið í sjávarútvegsráðuneytinu og óttaðist skertan hlut yrði hún sett undir félagsmálaráðuneytið. Í því skyni að eyða tortryggni og ná samstöðu var stofnað til fjölmargra funda með starfsfræðslunefndinni. Allt kom fyrir ekki og niðurstaðan kemur fram í 4. gr. laganna en þar er ákvæði um að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjávarútvegsráðherra.

3. Skipun starfsmenntaráðs.

Alþingi samþykkti frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu 15. maí 1992. Í 5. gr. laganna er fjallað um verkefni starfsmenntaráðs en þau eru m.a. að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar í atvinnulífinu. Ráðið skal hafa samráð við og efla frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífisins.

Starfsmenntaráð var skipað í fyrsta skipti í ágúst 1992 til tveggja ára. Ráðið var skipað öðru sinni 9. september 1994 til tveggja ára. Á þessu tímabili hafa eftirtaldir setið í ráðinu:

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands:
Guðmundur Gunnarsson og
Halldór Grönvold.
Til vara:
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og
Björn Grétar Sveinsson.

Fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:
Sjöfn Ingólfsdóttir.
Til vara:
Jón Júlíusson.

Fulltrúar Vinnumálasambandsins:
Erling Aspelund (ágúst 1992 til ágúst 1993).
Halldór Frímannsson (frá ágúst 1993).
Til vara:
Ingvar Stefánsson.

Fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands:
Bolli Árnason,
Halldóra Rafnar (ágúst 1992 til september 1994).
Ingi Bogi Bogason (frá september 1994).
Til vara:
Jón H. Magnússon og
Ágúst H. Elíasson.

Fulltrúi félagsmálaráðherra í starfsmenntaráði hefur verið Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Varamaður hans er Sesselja E. Árnadóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu.

Starfsmaður starfsmenntaráðs á tímabilinu ágúst 1992 til mars 1994 var Sesselja Árnadóttir lögfræðingur. Við starfi hennar tók Þorbjörg I. Jónsdóttir lögfræðingur. Verkefni starfsmannsins eru að vinna úr umsóknum og fylgjast með skilum á upplýsingum um styrki sem hafa hlotið stuðning úr starfsmenntasjóði. Starfsmaður hefur einnig gegnt störfum ritara ráðsins.

Fyrsta úthlutun úr starfsmenntasjóði var tímafrek. Samanlög upphæð umsókna var langt umfram það fjármagn sem var til úthlutunar. Þar af leiðandi þurfti starfsmenntaráð að setja sér reglur sem gerðu kleift að raða umsóknum á skynsamlegan hátt í forgangsröð. Nefna má nokkur atriði sem lögð voru til grundvallar í þessu sambandi. Áhersla var lögð á stuðning við skipulagningu og samningu á námsefni fyrir ný starfsmenntanámskeið. Enn fremur stuðning til að endurskoða námsefni fyrir námskeið sem höfðu reynst vel.

Starfsmenntaráð hefur varið verulegum tíma í að túlka ýmis ákvæði laganna. Gerð er grein fyrir niðurstöðu starfsmenntaráðs í 4. kafla, um framkvæmd laga nr. 19/1992.

4. Framkvæmd laga nr. 19/1992.

Eins og áður hefur komið fram varði starfsmenntaráð í upphafi starfs síns nokkrum tíma í að túlka nokkur ákvæði laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í lögunum eru 17 greinar í fimm köflum. Fyrsti kaflinn ber yfirskriftina markmið og gildissvið. Í honum er að finna ákvæði um markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu.

Í 1. gr. er það m.a. skilgreint þannig að lögin eigi að stuðla að aukinni framleiðni, greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi. Einnig að greiða fyrir verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum. Í greininni segir enn fremur að tilgangur laganna sé að mæta þörfum starfshópa sem missa vinnu vegna breytinga í atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma. Nokkuð hefur reynt á þetta ákvæði síðustu missirin. Félagasamtök og stofnanir sveitarfélaga hafa sótt um stuðning úr starfsmenntasjóði við námskeið sem einkum hafa verið ætluð atvinnulausum. Með tilliti til þessa ákvæðis taldi starfsmenntaráð sér skylt að leggja málefninu lið. Ljóst er að viðfangsefnið er mun stærra en starfsmenntasjóður ræður við. Á síðasta ári var þetta vandamál tekið til sérstakrar umfjöllunar af nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Tillaga hennar var að atvinnuleysistryggingasjóður legði til fjármagn til svonefndra grunnnámskeiða fyrir atvinnulausa en starfsmenntaráð legði sérhæfðara námskeiðahaldi lið.

Í 3. gr. er að finna skilgreiningar á hugtökum. Grunnstarfsmenntun er skilgreind sem grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu. Til eftirmenntunar er talin endurnýjun fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

Kveðið er á um skipun félagsmálaráðherra á sjö mönnum í starfsmenntaráð til tveggja ára í II. kafla laganna. Þrír eru skipaðir samkvæmt tilnefningum samtaka atvinnurekanda og þrír af samtökum launafólks. Ráðherra skipar einn án tilnefningar. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum. Á fyrsta fundi var ákveðið að hinir þrír aðilar, sem eiga fulltrúa í ráðinu, þ.e. ríkisvaldið, samtök atvinnurekanda og samtök launafólks, skyldu skiptast á að gegna starfi formanns. Í samræmi við það var fulltrúi ráðherra kosinn fyrsti formaður ráðsins til árs, síðan skyldi fulltrúi samtaka launafólks taka við og loks fulltrúi atvinnurekenda.

Í III. kaflanum er fjallað um fjármál. Skv. 8. gr. laganna skal ráðstöfunarfé starfsmenntaráðs ákveðið á fjárlögum og ráðstafað í sérstakan sjóð sem nefndur er starfsmenntasjóður.

9. gr. hefur að geyma ákvæði um styrkhæf tilvik. Hægt er að veita styrki vegna kostnaðar við undirbúning námskeiða, t.d. verkefnisstjórnun, náms- og kennslugagnagerð. Enn fremur vegna greiðslu kostnaðar við námskeiðahald, þar með talinn kostnað vegna kennsluaðstöðu eða kostnað vegna ferðalaga og flutninga. Starfsmenntaráð getur veitt styrki vegna annarra útgjalda samkvæmt eigin ákvörðun.

Umtalsverður tími starfsmenntaráðs fór í umræður um það hvort styrkja bæri fræðsluaðila til tækjakaupa. Í því sambandi komu til álita ákvæði 9. gr., einkum a- og c-liðir. Niðurstaða ráðsins varð sú að telja að tækjakaup séu að öllu jöfnu ekki styrkhæf nema fyrir liggi að nauðsynlegur tækjabúnaður sé ekki tiltækur og útvegun tækjanna sé forsenda fyrir framþróun í hlutaðeigandi starfsgrein. Þessu til viðbótar kom fram það álit að tækjabúnaðurinn verði að vera öllum tiltækur en í því felst að styrkir til tækjakaupa verða einungis veittir starfsmenntastofnunum, almannasamtökum eða opinberum aðilum þannig að samkeppnisstöðu fyrirtækja innbyrðis verði ekki raskað.

Í 2. mgr. 9. gr. segir að það sé að öllu jöfnu forsenda styrkveitingar að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum. Deilt var um túlkun á þessu ákvæði í starfsmenntaráði. Ákveðið var að þátttökugjöld skuli standa undir rekstri námskeiða. Hins vegar sé eðlilegt að taka tillit til kostnaðar sem stofnast vegna námskeiða sem haldin eru utan höfuðborgarsvæðisins. Enn fremur að taka beri tillit til þess þegar um er að ræða nýja aðila sem eru að byrja að vinna að starfsmenntun. Í því sambandi var bent á að rekstrarkostnaður þeirra sé oft meiri en hinna sem lengra eru komnir.

Eitt þeirra atriða, sem starfshópar og nefndin, sem samdi frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, staldraði mest við, var framkvæmd starfsmenntunar. Í höndum hverra átti hún að vera? Félagsmálaráðuneytis eða menntamálaráðuneytis? Einkaaðila eða opinberra aðila? Átti að stefna að uppbyggingu sjálfstæðs starfsmenntunarkerfis að erlendri fyrirmynd? Leiðin sem valin var kemur fram í 10. gr. Þar segir að rétt til að sækja um styrki til starfsnáms eigi samtök atvinnurekenda og launafólks, einstök atvinnufyrirtæki, einkaaðilar og opinberir aðilar sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina og samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila.

Upphaflega stóð til að láta hér staðar numið vegna þess að hugmyndin var sú að byggja sem mest á því frumkvæði sem ýmsir aðilar höfðu tekið, t.d. með stofnun Rafiðnaðarskólans, fræðslunefndar í málmiðnaði og síðar Prenttæknistofnunar. Þannig hefur aldrei staðið til að starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins standi sjálft að starfsmenntun. Sama átti að gilda um skóla. Hugsunin var sú að samtök aðila vinnumarkaðarins fengju stuðning til að stofna til starfsmenntunar. Þeir gætu síðan ákveðið hvort þeir sæju sjálfir um framkvæmdina eða leituðu til annarra, t.d. skóla. Með þessu yrði reynt að koma í veg fyrir fjárveitingu til viðfangsefna sem lítil eða engin raunveruleg þörf væri fyrir í atvinnulífinu.

Athugasemdir komu fram við 10. gr. og tókst samstaða um að bæta við hana ákvæði um að skólar hefðu rétt til að sækja um styrki þegar um væri að ræða samstarf við áðurnefnda aðila einn eða fleiri.

Umsóknir bárust um stuðning við skipulagningu námsbrauta í framhaldsskólum. Starfsmenntaráð hafnaði slíkum umsóknum með þeim rökum að nám fyrir skólanemendur falli undir framhaldsskólana og menntamálaráðuneytið. Fara beri að ákvæðum hlutaðeigandi laga við ákvörðun um fjárveitingu til viðfangsefna sem falla innan ramma opinbera skólakerfisins.

Í V. kafla laganna eru ýmis ákvæði. Þar er m.a. að finna ákvæði um upplýsingaskyldu í 12. gr. Í 13. gr. er kveðið á um að aðilar sem hafa fengið stuðning samkvæmt lögunum skuli senda félagsmálaráðuneytinu eintak af kennslugögnum sem samin hafa verið. Áskilinn er réttur til að ráðstafa þessum gögnum til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs í samráði við höfundarréttarhafa. Enn fremur eru í lögunum ákvæði um skýrslugerð um nám sem hefur verið styrkt. Einnig um mat á því til námseininga í hinu almenna skólakerfi.

Samkvæmt 15. gr. laga um starfsmenntun í atvinnulífinu skal félagsmálaráðuneytið halda skýrslu yfir það nám sem styrkt er samkvæmt lögunum og veita upplýsingar um starfsmenntun sem er í boði. Einnig skal ráðuneytið veita upplýsingar um þau náms- og kennslugögn sem það hefur til ráðstöfunar, sbr. 13. gr. laganna.

Á grundvelli 13. gr. var haustið 1992 hannaður gagnagrunnur fyrir starfsmenntaráð. Hann hefur að geyma upplýsingar um öll námskeið sem hafa fengið stuðning úr starfsmenntasjóði. Með aðstoð hans verður hægt að fá ýmsar hagnýtar upplýsingar, t.d. um skiptingu fjárveitinga starfsmenntasjóðs til einstakra greina, hver sé fjöldi þeirra sem hafi tekið þátt í námskeiðum styrkt af sjóðnum o.s.frv. Þetta tölvutæka gagnasafn gerir starfsmenntaráði kleift að hafa yfirsýn yfir þetta svið og kemur í veg fyrir að verið sé að styrkja fleiri aðila til að vinna sama verkið.

Þann 4. nóvember 1993 átti starfsmenntaráð frumkvæði að því að kalla saman til fundar fulltrúa þeirra ráðuneyta og samtaka sem einkum hefðu hagsmuna að gæta varðandi menntun í umönnunargreinum. Var þá einkum verið að horfa til starfsmenntunar fyrir þau störf þar sem framboð á starfsmenntun, hvort heldur í skólakerfinu eða í atvinnulífinu, er lítið eða ekkert.

Helsta ástæða þessa frumkvæðis starfsmenntaráðs var sá mikli fjöldi umsókna sem ráðinu hafði borist frá ýmsum aðilum um stuðning við uppbyggingu, námsgagnagerð og námskeiðahald vegna grundvallarmenntunar fyrir starfsfólk í umönnunargreinum.

Í fundarboði ráðsins vegna áðurnefnds fundar 4. nóvember 1993 segir meðal annars að það sé mat starfsmenntaráðs að mikla nauðsyn beri til að taka á fræðslumálum starfsfólks í umönnunargreinum af röggsemi. Hér sé um umfangsmikla starfsemi að ræða sem verði stöðugt mikilvægari þáttur í félags- og heilbrigðisþjónustu, en þar vinni mikill fjöldi fólks sem litla eða enga kosti hafi átt á að sækja sér viðurkennda fagmenntun við hæfi. Það verkefni sem nú liggi fyrir virðist einkum felast í því að skilgreina hvaða hóp/hópa sé eðlilegt að að fella undir hugtakið umönnunarstörf, hvað þeir eigi sameiginlegt og hvað skilji á milli í faglegu tilliti. Þá þurfi að skilgreina þekkingar- og hæfniskröfur sem eðlilegt sé að gera til hvers hóps fyrir sig og hvernig skynsamlegt væri að byggja upp námið og standa að því. Mikilvægt sé að þeir aðilar sem málið varði mest, þ.e. atvinnurekendur og fulltrúar launafólks, taki sem virkastan þátt í þessu starfi og móti sameiginlega þá stefnu sem tekin verði.

Það er skemmst frá því að segja að eftir rólega byrjun tókst mjög gott samstarf milli þeirra aðila sem málefni starfsfólks, sem hafði litla eða enga fagmenntun, varðaði mestu. Það samstarf leiddi síðan til þess að á haustmánuðum 1994 skilaði vinnuhópur aðila af sér fyrstu tillögum um samræmt grunnnám fyrir starfsfólk í nokkrum greinum umönnunargeirans. Þá liggur fyrir ákvörðun um áframhaldandi samstarf á þessum vettvangi, bæði hvað varðar grunnfræðsluna og frekari uppbyggingu náms á þeim grunni.

Í þessu starfi hefur verið byggt á eftirfarandi grundvallarsjónarmiðum um starfið: *Samræming* er bæði rétt og nauðsynleg upp að ákveðnu marki, en jafnframt er mikilvægt að halda ákveðnum *sveigjanleika* þannig að hægt sé að taka tillit til ýmissa séraðstæðna. Þegar upp er staðið skipti mestu fyrir þá sem sæktu námskeiðin, þátttakendurna, og þá sem njóta eiga starfa þeirra að námið (og sú þekking sem það veitti) sé *jafngilt*.

Þeir aðilar sem tekið hafa þátt í þessu samstarfi eru frá Starfsmannafélaginu Sókn, starfsmenntaráði, Alþýðusambandi Íslands, félagsmálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytinu.

Að lokum má geta þess að innan starfsmenntaráðs hefur verið rætt um að hafa frumkvæði að sambærilegu samstarfi um uppbyggingu grundvallarstarfsnáms innan matvælageirans og vegna starfa tengdum ferðaþjónustu.


5. Úthlutanir úr starfsmenntasjóði.

Á fjárlögum ársins 1988 var í fyrsta skipti gert ráð fyrir fjármagni til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Það ár hafði félagsmálaráðuneytið 9 millj. kr. til þessa viðfangsefnis. Árið 1989 hækkaði upphæðin í rúmar 12 millj. kr.

Alþingi afgreiddi frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu í maí 1992. Á fjárlögum þess árs voru ætlaðar 48 millj. kr. til starfsmenntunarsjóðs. Þessi upphæð hefur verið óbreytt og samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir sömu upphæð (sjá mynd 1).

Mynd 1.

Fjárveitingar á fjárlögum til félagsmálaráðuneytisins vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, frá árinu 1992 skv. l. nr. 19/1992.



Eftirspurn eftir stuðningi úr starfsmenntasjóði hefur verið mjög mikil. Benda má á að þegar fyrst var auglýst eftir umsóknum um stuðning úr sjóðnum bárust umsóknir frá 44 aðilum um stuðning við 75 verkefni. Sótt var um stuðning að upphæð tæplega 100 millj. kr. Við aukaúthlutun á árinu 1994 bárust 46 umsóknir vegna 79 verkefna, samtals að upphæð kr. 96 millj. kr. en til úthlutunar voru tæplega 19 millj. kr. (sjá nánar mynd 1).

Frá því lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu tóku gildi hefur fimm sinnum verið úthlutað úr starfsmenntasjóði. Einu sinni á árinu 1992 og tvisvar á árunum 1993 og 1994. Á fyrsta starfsári laganna var úthlutað styrkjum til 19 aðila. Á árinu 1993 voru veittir styrkir til 34 aðila vegna 48 verkefna. Á þessu ári hafa 34 aðilar fengið stuðning við samtals 90 verkefni. Rétt er að benda á í þessu sambandi að miðað er við þau verkefni sem styrkt hafa verið af starfsmenntasjóði. Í mörgum tilvikum felur hvert verkefni í sér námskeiðahald þar sem rekin eru regluleg námskeið allt árið um kring þannig að þessi tala gefur ekki rétta mynd af því hvað starfsmenntasjóður hefur styrkt rekstur margra námskeiða.

Skipting úthlutana eftir starfsgreinum kemur fram í eftirfarandi töflu. Skiptingin byggist á upplýsingum sem koma fram í styrkumsóknum og áætlunum styrkþega um hverjir komi til með að nýta sér þá starfsmenntun sem þeir bjóða upp á. Í sumum tilvikum er ekki gert ráð fyrir að áætlaður markhópur umsækjanda komi úr neinni ákveðinni starfsgrein. Í þeim tilvikum er styrkupphæðin flokkuð undir liðinn; ýmsar starfsgreinar.

Styrkir starfsmenntasjóðs skiptast á eftirfarandi hátt milli starfsgreina.

Arkitektar	115.000
Atvinnulausir	7.010.000
Bílgreinamenn	6.172.500
Bygginga- og tréiðnaðarmenn	8.885.000
Flugvirkjar	1.000.000
Fótaaðgerðafræðingar	400.000
Hársnyrtifólk	1.650.000
Hjúkrunarfræðingar	185.000
Húsgagnabólstrarar	682.500
Iðnverkafólk	12.427.880
Málmiðnaðarmenn	8.212.500
Múrarar	1.192.500
Leiðsögumenn	1.412.000
Prentsmiðir	6.522.000
Rafiðnaðarmenn	9.181.250
Safnafólk	1.200.000
Sérhæft starfsfólk í matvælaiðnaði	2.965.000
Skipstjórnarmenn	1.050.000
Ófaglært starfsfólk í ferðaþjónustu	4.955.000
Ófaglært starfsfólk í sjávarútvegi	1.000.000
Starfsfólk hótel- og veitingahúsa	12.942.200
Ófaglært starfsfólk við umönnun	22.333.551*
Verkafólk	10.890.000
Verslunar- og skrifstofufólk	13.201.500
Vélstjórar	2.974.000
Ýmsar starfsgreinar	6.777.500
Samtals	**140.969.780**

* Stærstu framlög vegna námskeiða fyrir ófaglærða hafa verið vegna námskeiða fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum. Þátttakendur í þeim námskeiðum hafa aðallega komið frá stofnunum ríkis og sveitarfélaga, en einnig hefur verið veittur styrkur til undirbúnings starfsmenntunar fyrir dagmæður.

Upplýsingar um hvernig námskeið, sem starfsmenntasjóður hefur styrkt, hafa nýst þátttakendum námskeiðanna liggja ekki fyrir. Hins vegar hafa umsjónarmenn námskeiða, sem fengu úthlutað styrkjum 1992, skilað uppgjöri með upplýsingum um m.a. þátttakendafjölda, aldursdreifingu og hvar á landinu námskeið hafa verið haldin. Einnig liggja fyrir lýsingar á námskeiðunum í þeim umsóknum sem borist hafa sjóðnum og þá í nokkrum tilvikum hvort þátttaka í viðkomandi námskeiði komi til með að bæta launakjör þátttakenda.


Samkvæmt upplýsingum frá þeim aðilum, sem hafa staðið fyrir starfsmenntun fyrir stærstu hópana af ófaglærðu starfsfólki á vinnumarkaði, hafa þeir ekki kannað hvernig námskeiðin nýtast fólki við atvinnuleit eða til að skapa aukna tekjumöguleika. Umsjónarmenn námskeiða hafa fyrst og fremst aflað upplýsinga um á hvern hátt gæði og gagnsemi námskeiðs hafa verið metin af þátttakendum, viðkomandi atvinnurekendum og öðrum hagsmunaaðilum.

Að sögn námskeiðshaldara hefur árangur af þátttöku starfsmanna í námskeiðum, sem styrkt hafa verið af starfsmenntasjóði, almennt verið talinn mjög góður og skilað sér meðal annars í auknum afköstum og bættu vinnuumhverfi á vinnustað. Vegna kostnaðar og vinnu við söfnun og úrvinnslu upplýsinga hefur ekki verið unnið að greiningu á nýtingu námskeiðanna að öðru leyti.

Ekki liggur fyrir hvað margir aðilar hafa sótt þau námskeið sem styrkt hafa verið af starfmenntasjóði. Uppgjörum hefur verið skilað vegna þeirra námskeiða sem lokið er, en mörg námskeið eru enn í gangi, auk þess sem styrkveiting hefur í nokkrum tilvikum eingöngu verið vegna námsefnisgerðar og erfitt er að segja til um hvað námsefnið komi til með að nýtast mörgum aðilum.

Ef litið er til þess þátttakendafjölda sem gefinn er upp í styrkumsóknum og einnig tekið tillit til þeirra skýrslna sem borist hafa starfsmenntaráði um framkvæmd námskeiða má lauslega áætla að starfsmenntasjóður hafi styrkt námskeið og námsefnisgerð sem nýtist um það bil 10.640 aðilum, sbr. fskj. 1, sem hefur að geyma yfirlit yfir þau verkefni sem styrkt hafa verið. Yfirlit yfir menntun þátttakenda í námskeiðum sem styrkt hafa verið af starfsmenntasjóði, sbr. mynd 2, byggist á upplýsingum í styrkumsóknum.

Mynd 2.



Skýringar: 1= iðnmenntun, 2 = háskólamenntun, 3 = ófaglærðir, 4 = sérnám, 5 = ekki vitað.
* Áætlaður fjöldi þátttakenda.

6. Ábendingar um það sem betur má fara.

Eitt af markmiðum starfsmenntunarlaganna er að bæta stöðu fólks á vinnumarkaði og fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér starfsmenntunar, einkum þeirra sem hafa notið lítillar eða engrar starfsmenntunar. Þetta markmið á sér skýringu. Þegar unnið var að undirbúningi laganna kom fram að víða erlendis höfðu tækifæri einstaklinga til að nýta sér starfsmenntun verið könnuð. Í ljós kom að því lengri sem formleg skólaganga fólks er þeim mun meiri starfsmenntunar nýtur það síðar á ævinni. Framboð starfsmenntunar virtist frekar sniðið að þörfum langskólagengins fólks en hinna sem höfðu styttra nám að baki. Sama á við hér á landi. Hlutfallslega hafa starfsmenntaráði borist fáar umsóknir vegna námskeiða sem stefna að því að fjölga tækifærum ófaglærða fólksins til að afla sér sérmenntunar.

Hér að framan kom fram að starfsmenntaráði hafa borist nokkrar umsóknir um stuðning úr starfsmenntasjóði við námskeið sem einkum hafa verið ætluð atvinnulausu fólki. Það var ljóst að hér var um að ræða mjög umfangsmikið viðfangsefni sem yrði fjármunum starfsmenntasjóðs ofviða. Þar af leiðandi varð niðurstaðan sú að Atvinnuleysistryggingasjóður styrkti svonefnd grunnnámskeið fyrir atvinnulausa en starfsmenntaráðið legði sérhæfðara námskeiðahaldi lið. Þess má geta að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur að undanförnu styrkt námskeiðahald fyrir atvinnulausa. Umfangsmesta námskeiðahaldið hefur verið á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu (MFA). Á árinu 1993 veitti Atvinnuleysistryggingasjóður MFA styrk að upphæð 14,5 millj. kr. vegna námskeiða fyrir atvinnulausa. Á árinu 1994 (31. mars sl.) hefur MFA samtals fengið 10,5 millj. kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna námskeiða fyrir atvinnulausa.

Þótt starfsmenntaráð hafi talið framangreinda niðurstöðu heppilega við þáverandi aðstæður er það þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka þetta málefni til endurskoðunar. Ráðið er þeirrar skoðunar að fjármunir til námskeiðahalds, sem stefni að markmiðum 1. gr. laga nr. 19/1992, eigi að fara um starfsmenntasjóð. Að öðrum kosti er hætt við að upp komi svipað ástand og fyrir gildistöku laganna, þ.e. að margir aðilar séu að styrkja það sama og heildaryfirsýnin yfir þetta mikilvæga svið glatist.

Einnig hefur borið á því að á seinni árum hefur umtalsverðu fjármagni verið veitt til eyrnamerktra sérverkefna á sviði vinnumála. Þannig hafa á fjárlögum verið fjárlagaliðir sem sérstaklega hafa verið ætlaðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðinum. Nefna má 15 millj. kr. árlegt framlag frá árinu 1991 til atvinnumála kvenna og 60 millj. kr. framlag úr ríkissjóði árið 1993 til atvinnuskapandi verkefna fyrir konur. Hluta af þessu fjármagni hefur verið varið til námskeiðahalds og er það álit starfsmenntaráðs að æskilegt sé að slíkar fjárveitingar fari um starfsmenntasjóð.

7. Endurskoðun laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í samræmi við 17. grein laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, skipaði félagsmálaráðherra nefnd, 25. október 1994, til að endurskoða lög um starfsmenntun í atvinnulífinu. Niðurstöður endurskoðunarnefndarinnar koma fram í bréfi til félagsmálaráðherra, dagsettu þann 13. desember 1994. Þar segir meðal annars:

„Í starfi nefndarinnar hefur fram komið að engin sérstök vandamál eru varðandi framkvæmd laga nr. 19/1992. Það er afstaða nefndarinnar að ekki sé tímabært að svo komnu máli að ganga frá endurskoðun laganna. Til þess vantar mikilvægar og nauðsynlegar forsendur. Á þeim tæpu þrem árum sem liðið hafa frá gildistöku laganna hefur enn ekki fengist nægileg reynsla af þeim. Þá er ýmsum mikilvægum spurningum og ábendingum varðandi framtíðarskipan starfsmenntunar í atvinnulífinu ósvarað, ekki síst hvað varðar

afstöðu stjórnvalda í þeim efnum. Í ljósi þess sem að framan segir telur nefndin nauðsynlegt að jafnframt því sem áfram verði unnið að mati á núgildandi lögum og framkvæmd þeirra verði leitað eftir viðhorfum og svörum þeirra er málið varðar til þessara mála. Nauðsynlegt er að þessu starfi verði gefinn sá tími sem nauðsynlegur er til að sem bestur árangur náist.

Samhliða ofangreindu starfi kemur til álita að vinnureglur og starfshættir starfsmenntaráðs sem mótast hafa undanfarin missiri verði staðfest með setningu reglugerðar eins og kveðið er á um í lögunum. Þá hafa á fundum endurskoðunarnefndarinnar komið fram ábendingar um minni háttar breytingar, en þó einkum um framkvæmd laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Telur nefndin rétt að koma þessum ábendingum á framfæri þannig að taka megi tillit til þeirra við framkvæmd laganna.

Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé tilefni á þess stigi til að gera breytingar á lögunum."

Starfsmenntaráð lýsir sig sammála þessari niðurstöðu, enda er hún í fullu samræmi við álit ráðsins. Í þeirri undirbúningsvinnu undir endurskoðun laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem fram þarf að fara, telur ráðið að meðal annars þurfi að huga sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

a. Hafa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins mótað sér ákveðnar skoðanir á því hvernig þeir vilja að starfsmenntun í atvinnulífinu þróist á næstu árum og hafa þessir aðilar, eða eru þessir aðilar tilbúnir til að þróa áfram þá stefnumótun og viðhorf sameiginlega? Hvaða lærdóma má í þessu sambandi þegar draga af reynslunni af núgildandi lögum og hvar er nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga og reynslu og þá hvernig?

b. Hvaða þróun hefur verið að eiga sér stað undanfarin missiri og hvaða þróun er nú í gangi hvað varðar starfsmenntun í atvinnulífinu, eins og það hugtak hefur verið skilgreint, á vettvangi Evrópu og annarsstaðar sem við viljum taka mið af? Hver er líkleg þróun í þeim efnum á næstu árum? Og þá jafnframt, hvaða almennu skuldbindingar, ef einhverjar, hafa Íslendingar tekið á sig í þessum efnum á alþjóðlegum vettvangi og hvað er líklegt að gerist í þeim efnum í náinni framtíð?

c. Hvaða fjármagni er nauðsynlegt að verja til starfsmenntunar í atvinnulífinu á næstu árum; hvaðan á það að koma og eftir hvaða brautum á að beina því?

Hér skiptir miklu máli að stjórnvöld svari því hvort þau telja starfsmenntasjóð og starf starfsmenntaráðs vera eðlilegan farveg fyrir opinbera fjármuni til starfsmenntunar í atvinnulífinu og hvort þau eru þá tilbúin til að sýna það í reynd frekar en nú er gert. Ef ekki. Þá af hverju ekki?

d. Eru samtök fiskvinnslunnar (og í sjávarútvegi) tilbúin til að endurskoða afstöðu sína frá því lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu voru sett? Ef ekki. Af hverju ekki?

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd, ásamt mörgum fleirum, hljóta að skipta miklu fyrir endurskoðun laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Heimildir:

[1] Félagsmálaráðuneytið, Áhrif nýrrar tækni, fjölrit, Reykjavík 1985.
[2] Félagsmálaráðuneytið, Áhrif nýrrar tækni, erindi flutt á ráðstefnu Borgartúni 6 28. nóvember 1987, fjölrit mars 1988.
[3] Starfsmenntun í atvinnulífinu, álitsgerð vinnuhóps sem falið var að gera tillögur um skipulag starfsmenntunar, óútgefið fjölrit, félagsmálaráðuneytið febrúar 1989.
[4] Starfsmenntun í atvinnulífinu, álitsgerð, félagsmálaráðuneytið febrúar 1989.

[5] Niðurstaðan úr viðræðum félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins kemur fram í minnisblaði dags. 23. febrúar 1989. Það er birt sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu sem fyrst var lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi árið 1990.

Fskj. 1.

Yfirlit yfir úthlutanir úr starfsmenntasjóði 1992–94.

Arkitektafélag Íslands.

Veittur styrkur 1993, alls 115.000 kr., fyrir *námskeið um byggingarlist og skipulag á Íslandi*. Gert er ráð fyrir 25 kennslustunda námskeiði fyrir 10–15 þátttakendur.

Bílgreinasambandið.

Veittur styrkur 1994, alls 590.000 kr., fyrir *námskeið vegna faggildingar á endurskoðunarverkstæðum*. Gert er ráð fyrir 12 klukkustunda námskeiði fyrir 70 þátttakendur á árinu.

Bréfaskólinn og Framhaldsskóli Vestfjarða.

Veittur styrkur 1992, alls 900.000 kr., til að útbúa námsgögn og skipuleggja verklega kennslu fyrir *námskeið í vélavörslu með fjarkennslusniði*. Þátttakendur voru alls 55.

Veittur styrkur 1993, alls 400.000 kr., fyrir *námgagnagerð um tölvubókhald*. Áætlað að kennslubréfin nýtist 20 nemendum á ári.

Eftirmenntun bílgreina.

Veittur styrkur 1992, alls 1.200.000 kr., til framleiðslu námskeiðsins *Umhverfisvernd í bílgreininni*. Þátttakendafjöldi liggur ekki fyrir.

Veittur styrkur 1993, alls 2.382.500 kr., vegna tveggja námskeiða: a) *Umgengni við smur- og kælikerfi farartækja* (16 kennslustundir) b) *Meðferð og sala hjólbarða* (20 kennslustundir). Áætlað er að allt að 1.000 manns geti nýtt sér þessi námskeið.

Veittur styrkur 1994, alls 2.000.000 kr. vegna námskeiðanna: a) *Grunnnámskeið um plastviðgerðir* (16 klukkustundir), b) *Námskeið um afgreiðslu varahluta* (18 klukkustundir), c) *Námskeið um sölu bíla* (36 klukkustundir), og til kaupa á raftæknibúnaði vegna eftirmenntunarnámskeiða; *rafeindatækni 1 og 2*. Áætlað er að um það bil 920 aðilar sæki þessi námskeið.

Endurmenntunarráð bygginga- og tréiðnaðarmanna.

Veittur styrkur 1992, alls 2.900.000 kr., vegna sex námskeiða: a) *Staðbyggð timburhús*, b) *Innanhúss vegg- og loftklæðningar*, c) *Viðgerðir á steyptum húsum*, d) *Endurbygging og viðhald timburhúsa*, e) *Plaströrasuða*, f) *Málningarefnisfræði*.

Veittur styrkur 1993, alls 825.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a) *Innréttingasmíði* (20 kennslustundir), b) *Tilboðsgerð og verksamningar í byggingariðnaði* (20 kennslustundir). Áætlað er að námskeiðin muni sækja 12–15 þátttakendur í hvert sinn.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Veittur styrkur 1993, alls 1.000.000 kr., til undirbúnings *náms í sjávarútvegsfræðum*.

Farskóli Vestfjarða.
Veittur styrkur 1993, alls 500.000 kr., vegna 9 mánaða *námskeiðs fyrir leiðsögumenn.* Áætlað er að þátttakendur verði 15.

Ferðamálasamtök Vestfjarða.
Veittur styrkur 1994, alls 645.000 kr., fyrir *námskeið um markaðssetningu ferðaþjónustu á Vestfjörðum.* Gert er ráð fyrir 20 kennslustunda námskeiði og að þátttakendur verði alls 30.

Félag fótaaðgerðafræðinga.
Veittur styrkur 1993, alls 200.000 kr., vegna *námskeiðs í hlífðarmeðferð* (32 kennslustundir). Áætlaður þátttakendafjöldi er 8–12 manns.
Veittur styrkur 1994, alls 200.000 kr., vegna *námskeiðs í hlífðarmeðferð* (130 kennslustundir). Áætlaður þátttakendafjöldi er 8–12 manns.

Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna.
Veittur styrkur 1994, alls 595.000 kr., vegna *námskeiðs um hjálparefni í kjötiðnaði* (12 kennslustundir). Þátttakendur verða alls 40.

Flugvirkjafélag Íslands.
Veittur styrkur 1994, alls 1.000.000 kr., vegna *skipulags starfsnáms fyrir flugvirkja* (180 stundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 60–70.

Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytisins í samstarfi við Starfsmannafélag ríkisstofnana.
Veittur styrkur 1993, alls 1.400.000 kr., vegna *námskeiðs fyrir meðferðarfulltrúa.* Áætlaður þátttakendafjöldi er 325 manns.
Veittur styrkur 1994, alls 1.922.476 kr., vegna tveggja námskeiða: a) Tvö grunnnámskeið; *starfsnám fyrir uppeldis- og meðferðarfulltrúa* (160 kennslustundir), b) *Framhaldsnámskeið fyrir uppeldis og meðferðarfulltrúa* (160 kennslustundir). Áætlaður þátttakendafjöldi er 90 manns.
Veittur styrkur 1994, alls 3.200.000 kr., vegna *starfsnáms fyrir uppeldis- og meðferðarfulltrúa og starfsfólk í líkum störfum* (160 kennslustundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er alls 150–180.

Fræðsluráð byggingariðnaðarins.
Veittur styrkur 1993, alls 1.387.500 kr., vegna þriggja námskeiða: a) *Notkun akrýllakka* (20 kennslustundir), b) *Gasflæðilagnir og loftkerfi I og II* (40 kennslustundir), c) *Greining steypuskemmda og mat á viðgerðum* (20 kennslustundir). Gert er ráð fyrir að þátttakendur verði 12–16 á hverju námskeiði.
Veittur styrkur 1994, alls 3.078.000 kr., vegna námsefnisgerðar fyrir sex námskeið: a) *Námskeið um notkun áferðarbreytandi efna og lasúrtækni* (40 kennslustundir), b) *Námskeið um endurbyggingu gamalla húsa* (20 kennslustundir), c) *Námskeið um stilli- og stýritækni* (40 kennslustundir), d) *Námskeið um þök og þakfrágang* (40 kennslustundir), d) *Námskeið um sandsparsl* (20 kennslustundir), e) *Námskeið um varmagjafa* (20 kennslustundir). Gert er ráð fyrir um það bil 80 þátttakendur sæki námskeiðin.

Fræðsluráð hótel- og veitingagreina.

Veittur styrkur 1992, alls 1.675.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a) *Samskipti og þjónusta* (12 kennslustundir), b) *Endurmenntunarnámskeið fyrir matreiðslumenn* (78 kennslustundir). Þátttakendur voru alls 199.

Veittur styrkur 1993, alls 1.997.600 kr., vegna tveggja námskeiða: a) *Námskeið fyrir starfsfólk í gestamóttöku* (100 kennslustundir), b) *Námskeið til að auka þekkingu framreiðslumanna á vínum* (44 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði 12–16 á hverju námskeiði.

Veittur styrkur 1994, alls 847.000 kr., vegna tveggja námskeiða; *um einkenni, uppruna og þróun matargerðar á Íslandi* (52 kennslustundir), og *um nýja strauma og stefnur í stjórnun hótela og veitingahúsa* (20 kennslustundir). Áætlaður þátttakendafjöldi er 30 manns.

Fræðsluráð málmiðnaðarins.

Veittur styrkur 1992 fyrir fagnefnd blikksmiða, alls 1.000.000 kr., til að þýða og staðfæra *námsgögn um læstar klæðningar.*

Veittur styrkur 1992 fyrir fagnefnd stál- og vélsmíða, alls 2.200.000 kr., vegna sex verkefna: a) *Gerð námsgagna um háþrýst vökvakerfi,* b) hönnun námskeiða og námsgagnagerð vegna námskeiða um; *smíðamálma, yfirborðsmeðhöndlun á ryðfríum efnum og áli, mótun og samsetning ryðfrírra efna og áls, plastefni í færiböndum, legum o.fl.*

Veittur styrkur 1993 fyrir fagnefnd stál- og vélsmíða, alls 3.012.500 kr., til 37 daga framhaldsnámskeiðs fyrir málmsuðumenn og tækjakaupa vegna *málmsuðunámskeiða.* Áætlaður þátttakendafjöldi 150 á næstu árum.

Veittur styrkur 1994 fyrir fagnefndir blikksmíða og stál- og vélsmíða, alls 2.000.000 kr., til að taka saman *kennsluefni um eðli loftræstinga, húsasótt, hreinsun loftræstikerfa og lokafrágang loftræstikerfa,* fyrir *námskeið í kælitækni* (40 tímar) og til að gera *námskeið í rafmagnsfræði og stýritækni* (áætlaður kennslustundafjöldi er 40 tímar).

Grindavíkurbær, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Ferðamálafélag Grindavíkur.

Veittur styrkur 1994, alls 110.000 kr., fyrir *námskeið um ferðaþjónustu í Grindavík.* Áætluð námslengd er 50 klukkustundir og fjöldi þátttakenda 12–20 nemendur.

Hagkaup hf.

Veittur styrkur 1993, alls 300.000 kr., vegna *námskeiðs fyrir starfsfólk sem vinnur með textíl* (12 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls um 100.

Hjúkrunarfélag Íslands.

Veittur styrkur 1993, alls 185.000 kr., vegna 4 vikna *námskeiðs í vinnuvernd.* Áætlað er að þátttakendur verði 15–20.

Iðnskólinn í Hafnarfirði.

Veittur styrkur 1992, alls 150.000 kr., vegna *námskeiðs fyrir starfsfólk í trefjaplastiðnaði.*

Iðnskólinn í Reykjavík og Landssamtök sláturleyfishafa.

Veittur styrkur 1993, alls 380.000 kr., fyrir 6 vikna *slátraranámskeið*. Áætlaður fjöldi þátttakenda er 20–25.

Veittur styrkur 1994, alls 1.405.000 kr., fyrir *slátraranámskeið, III. hluta.*

Iðntæknistofnun Íslands.

Veittur styrkur 1992, alls 2.975.000 kr., vegna fjögurra verkefna: a) *Námskeið fyrir leiðbeinendur í starfsfræðslu* (60 kennslustundir), b) *Réttindanám fyrir vinnuvélstjóra*, c) *Starfsnám ræstingastjóra*, d) *Námskeið í suðu á ryðfríu stáli (TIG suðu).*

Veittur styrkur 1993, alls 2.475.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a) *Hagnýting á nýrri geymslutækni* (2–3 dagar), b) *Námskeið fyrir aðstoðarmenn á rannsóknarstofum* (180–250 kennslustundir). Þátttakendafjöldi er áætlaður um 100 á námskeiði a, en 100 árlega á námskeiði b.

Veittur styrkur 1994, alls 1.200.000 kr., til námsefnisgerðar vegna *fagnáms fyrir ræstingastjóra*, fyrir *námskeið um eldun og framreiðslu á skyndiréttum* (6 stundir), og til að gera *námskeið um umhverfisvernd og mengunarmál* (4–20 tímar). Áætlaður þátttakendafjöldi er um það bil 400 manns á ári.

Veittur styrkur 1994, alls 2.150.000 kr., vegna námskeiðanna; *Heimagisting — gistiheimili* (40–45 kennslustundir) og *Réttindanámskeið fyrir vinnuvélstjóra* (80 stundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda á réttindanámskeiðinu er 200–300, en 100–150 á ári, á því fyrrnefnda.

Landspítalinn, barna- og unglingageðdeild.

Veittur styrkur 1992, alls 1.600.000 kr., til að setja af stað *nám fyrir meðferðarfulltrúa á stofnunum fyrir börn og unglinga í vanda* (160 kennslustundir). Þátttakendur voru 12 á fyrsta námskeiðinu, en endanlegur þátttakendafjöldi liggur ekki fyrir.

Landssamband bakarameistara.

Veittur styrkur 1993, alls 1.516.500 kr., vegna 6 daga *námskeiðs um sölutækni og þjónustu í bakaríum.* Áætlaður fjöldi þátttakenda er 60–70 manns.

Landssamband iðnaðarmanna.

Veittur styrkur 1993, alls 682.500 kr., vegna *námskeiðs fyrir húsgagnabólstrara.* Áætlað er að hvert námskeið verði tvær vikur og þátttakendur verði 20–30.

Leiðsöguskóli Íslands.

Veittur styrkur 1994, alls 473.000 kr., fyrir *endurmenntunarnámskeið fyrir leiðsögumenn.* Námskeiðið verður 90 kennslustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 15–25 nemendur.

Veittur styrkur 1994, alls 439.000 kr., vegna námskeiðanna; *Göngunámskeið* (4–6 kvöld) og *Fuglaskoðun* (4–6 kvöld).

Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

Veittur styrkur 1994, alls 600.000 kr., vegna námskeiðsins; *Gæsla, öryggi þjónusta.* Námskeiðið verður 200 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 30 manns.

Veittur styrkur 1994, alls 600.000 kr., vegna námskeiðsins; *Gæsla, öryggi og þjónusta — grunnnámskeið 2*. Námskeiðið verður 60 kennslustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 35 manns.

Matreiðsluskólinn okkar.

Veittur styrkur 1992, alls 700.000 kr., til *endurmenntunarnámskeiðs fyrir matreiðslumenn, kjötiðnaðarmenn og bakara* (23 kennslustundir). Þátttakendur voru alls 26.

Veittur styrkur 1993, alls 1.705.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a) *Smurbrauðsgerð* (10 vikna námskeið), b) *Námskeið fyrir matreiðslumenn um grænmetis- og heilsufæði* (40 kennslustundir). Áætlað að 10–16 þátttakendur sæki hvert námskeið.

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna.

Veittur styrkur 1993, alls 585.000 kr., vegna 2–3 daga *námskeiðs um þurrpylsugerð og notkun aukaefna í kjötiðnaði*. Áætlað er að þátttakendur verði 20.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Veittur styrkur 1992, alls 7.740.000 kr., vegna fjögurra námskeiða: a) *Umönnun aldraðra* (40–60 kennslustundir), b) *Umönnun barna* (60 kennslustundir), c) *Námskeið fyrir starfandi fólk í ræstingu* (40 kennslustundir), d) *Umönnun þroskaheftra* (40 kennslustundir). Þátttakendur alls 239 vegna námskeiða a–c, en þátttakendafjöldi vegna námskeiðs d, liggur ekki fyrir.

Veittur styrkur 1992, alls 2.200.000 kr., til *námskeiðahalds fyrir atvinnulausa* (20–25 kennslustundir). Þátttakendur alls 335.

Veittur styrkur 1993, alls 2.235.000 kr., til námskeiðahalds: a) *Námskeið fyrir atvinnulausa* (20–25 kennslustundir), b) *Námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu* (45 kennslustundir), c) *Námskeið fyrir starfsfólk í skólamötuneytum* (68 kennslustundir). Þátttakendafjöldi áætlaður 96–200 í námskeiðum b og c, en 12–20 á hverju námskeiði fyrir atvinnulausa.

Veittur styrkur 1994, alls 3.000.000 kr., vegna þriggja tegunda af námskeiðum: a) *Grundvallarstarfsmenntun fyrir ófaglært starfsfólk í ferðaþjónustu* (45 kennslustundir), b) *Grundvallarstarfsmenntun fyrir ófaglært starfsfólk í umönnun aldraðra* (68 kennslustundir), c) *Grundvallarstarfsmenntun fyrir ófaglært starfsfólk í umönnun barna* (68 kennslustundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 140 manns.

Veittur styrkur 1994, alls 3.000.000 kr., vegna námskeiða; a) *Kjarnanámskeið í ræstingum* (36 kennslustundir), b) *Umönnun aldraðra* (56 kennslustundir), c) *Skólamötuneytisnámskeið* (68 kennslustundir), d) *Umönnun barna — valgrein* (72 kennslustundir), e) *Ferðaþjónustunámskeið* (40 kennslustundir), f) *Stjórnendur þungavinnuvéla* (20 kennslustundir), g) *Umönnun barna — kjarnanámskeið* (72 kennslustundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er u.þ.b. 200 samtals á ofangreindum námskeiðum.

Móberg hf.

Veittur styrkur 1992, alls 700.000 kr., til að skipuleggja og undirbúa *nám á sviði umhverfisverndar og mengunarmála* (fyrir starfsfólk smærri fyrirtækja).

Múrarafélag Reykjavíkur o.fl.

Veittur styrkur 1993, alls 694.500 kr., vegna *námskeiðs um hleðslu á múrsteini og holsteini*. Þátttakendur verða samtals 24.

Múrarasamband Íslands, Múrarafélag og Múrarameistarafélag Reykjavíkur.
Veittur styrkur 1994, alls 498.000 kr., vegna *námskeiðs um keramikflísaklæðningar.* Námskeiðið verður 40 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 12 á hverju námskeiði.

Námsflokkar Reykjavíkur.
Veittur styrkur 1992, alls 550.000 kr., til *námskeiðahalds fyrir atvinnulausa.*
Veittur styrkur 1993, alls 2.000.000 kr., til *námskeiðahalds fyrir atvinnulausa.* Áætlað er að þátttakendur verði samtals 600.

Nýi – Hárskólinn.
Veittur styrkur 1994, alls 650.000 kr., til kennsluefnisgerðar fyrir *endurmenntun hársnyrtifólks.* Námskeiðið verður 48 kennslustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 80 manns.

Prenttæknistofnun.
Veittur styrkur 1992, alls 2.000.000 kr., vegna tveggja verkefna: a) *Námskeið um tölvuútskot* (24 kennslustundir), b) *Þýðingar og námsgagnagerð* fyrir 17 námskeið.
Veittur styrkur 1993, alls 2.610.000 kr., vegna þriggja námskeiða: a) *Hönnun og útgáfa* (20 kennslustundir), b) *Tölvuprentsmíð* (80 kennslustundir), c) *Mynd- og litvinnsla í tölvu* (20 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls 60.
Veittur styrkur 1994, alls 1.912.000 kr., fyrir fjögur námskeið: a) *Photoshop framhald (myndvinnsla)* (20 kennslustundir), b) *Quark XPress framhald (tölvuumbrot)* (20 kennslustundir), c) *Tölvuteiknun* (20 kennslustundir), d) *Námskeið um brotvélar* (20 kennslustundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 37 manns.

Rafiðnaðarskólinn.
Veittur styrkur 1992, alls 5.300.000 kr., vegna þriggja námskeiða: a) *Kæli- og varmadælutækni*, b) *Tölvulagnir og áhrif truflana á gagnasendingar og tölvukerfi* (40 kennslustundir), c) *Síma- og tölvulagnir* (40 kennslustundir). Þátttakendur voru alls 53 á námskeiðum b og c.
Veittur styrkur 1993, alls 881.250 kr., vegna *námskeiðs um uppsetningu og þjónustu rafeindaiðnstýringar.* Áætlað er að þátttakendur verði alls 200–300 á ári.
Veittur styrkur 1994, alls 3.000.000 kr., vegna sex námskeiða: a) *Námskeið um tölvumælitækni/uppsetningu á hermilíkunum*, b) *Námskeið um skynjara- og nematækni*, c) *Námskeið um nútíma stafræna fjarskiptatækni*, d) *Námskeið um búnað í tengivirkjum*, e) *Námskeið um bilanaleit í örtölvutækni og PC — tölvutækni*, f) *Námskeið um forritanleg raflagnakerfi.* Áætlaður fjöldi þátttakenda er 200–300 á ári.

Regnbogahótelin.
Veittur styrkur 1992, alls 2.000.000 kr., fyrir námskeiðið *„Gæði í þína þjónustu“* (176 kennslustundir). Þátttakendur voru alls 179.

Reykjavíkurprófastdæmi.
Veittur styrkur 1992, alls 300.000 kr., vegna *miðstöðvar fyrir atvinnulausa.*

Ríkisspítalar.

Veittur styrkur 1994, alls 363.750 kr., vegna *grunnnámskeiðs fyrir ófaglært starfsfólk*. Námskeiðið verður 120 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 30 starfsmenn.

Veittur styrkur 1994, alls 364.000 kr., vegna *grunnnámskeiðs fyrir ófaglært starfsfólk*. Námskeiðið verður 120 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 30 manns.

Sameiningarnefnd hársnyrtigreina.

Veittur styrkur 1993, alls 1.000.000 kr., vegna *endurmenntunarnámskeiða hársnyrtigreina* (54 klukkustundir). Áætlað er að þátttakendur verði samtals 128.

Samstarfsnefnd um starfsmenntun verslunarfólks.

Veittur styrkur 1993, alls 4.710.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a) *Námskeið til að bæta þekkingu og hæfni starfsfólks í verslunum* (20 kennslustundir), b) *Grunnþekking á kjötvörum og meðferð þeirra* (20 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls 345.

Veittur styrkur 1994, alls 1.790.000 kr. vegna *námskeiðs til að auka hæfni og þekkingu starfsfólks í verslunum*. Námskeiðið verður 20 klukkustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 200 manns.

Veittur styrkur 1994, alls 2.200.000 kr., vegna *námskeiðs um ávexti og grænmeti*. Námskeiðið verður 20 klukkustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 250 manns.

Samstarfsnefnd um verslunarmenntun.

Veittur styrkur 1994, alls 1.790.000 kr., vegna *námskeiðs til að auka þekkingu og hæfni starfsmanna sem vinna við textíl*. Námskeiðið verður 20 klukkustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 200 manns.

Samtök iðnaðarins.

Veittur styrkur 1994, alls 440.000 kr., vegna *námskeiðs um útboð, tilboð og verksamninga*. Kennslustundafjöldi er 4 tímar og áætlaður fjöldi þátttakenda er 70 manns.

Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafólk.

Veittur styrkur 1992, alls 6.200.000 kr., til endurskoðunar námsefnis vegna fjögurra námskeiða og kjarna allra námskeiða, svo og hluti rekstrarkostnaðar: a) *Námskeið um fata- og skinnaiðnað*, b) *Námskeið um matvælaiðnað og mötuneyti*, c) *Efnalaugar og þvottahús*, d) *málningar- og hreinlætisvöruiðnað*. Þátttakendur verða alls 60.

Veittur styrkur 1994, alls 4.829.000 kr., til þróunar og námsefnisgerðar fyrir *námskeið í plastiðnaði og vélgæslu fyrir ófaglært iðnverkafólk* (áætlað 40 kennslustundir), og fyrir *starfsnám í matvælaiðnaði* (40 kennslustundir). Áætlað er að 150–200 þátttakendur verði í starfsnámi í matvælaiðnaði.

Veittur styrkur 1994, alls 2.200.000 kr., vegna *starfsnáms í matvælaiðnaði*. Starfsnámið verður 40 kennslustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 132–165.

Starfsmannafélag Akraness.

Veittur styrkur 1994, alls 555.000 kr., vegna *valgreinanámskeiðs fyrir ófaglært starfsfólk*. Námskeiðið verður 60 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 67.

Starfsmannafélagið Sókn.

Veittur styrkur 1993, alls 1.244.825 kr., til námsefnisgerðar vegna *námskeiða fyrir starfsfólk á leikskólum* (70 og 100 kennslustunda námskeið). Þátttakendafjöldi áætlaður 95–105 manns á ári.

Veittur styrkur 1994, alls 335.000 kr., til kennsluefnisgerðar vegna *námskeiða fyrir starfsfólk á leikskólum.*

Starfsþjálfun fatlaðra.

Veittur styrkur 1992, alls 500.000 kr., *tölvunámskeiðs fyrir fatlaða* (30 kennslustundir). Þátttakendur voru 60.

Veittur styrkur 1993, alls 712.500 kr., fyrir 4 mánaða *starfsþjálfun nemenda á vinnustöðum.* Áætlað að 10–15 verði í hverjum þjálfunarhóp.

Veittur styrkur 1994, alls 666.000 kr., vegna *námskeiðs um tölvunotkun* (30 kennslustundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 60 manns.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Veittur styrkur 1993, alls 1.050.000 kr., til *endurmenntunarnámskeiðs fyrir skipstjórnarmenn* (40 kennslustundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 66–70 manns.

Upplýsingaþjónusta Háskólans.

Veittur styrkur 1993, alls 460.000 kr., til miðlunar á *fræðsluefni fyrir atvinnulausa.*

Verkakvennafélagið Framtíðin.

Veittur styrkur 1994, alls 915.000 kr., vegna *námskeiðs fyrir ófaglært starfsfólk á sjúkrastofnunum.*

Gert er ráð fyrir 250 kennslustunda námskeiði og fjöldi þátttakenda er áætlaður 15 á vetri.

Veittur styrkur 1994, alls 364.000 kr., vegna *starfsnáms fyrir ófaglært starfsfólk í eldhúsum leikskóla og grunnskóla.* Starfsnámið verður 50 kennslustundir og fjöldi þátttakenda er áætlaður 20 manns.

Verkakvennafélagið Framsókn.

Veittur styrkur 1994, alls 626.000 kr., vegna *verkmenntanámskeiðs ræstingastarfsmanna.* Námskeiðið verður 36 kennslustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 120 manns.

Verkamannasamband Íslands.

Veittur styrkur 1994, alls 1.500.000 kr., vegna *verkmenntunarnámskeiða fyrir ræstingastarfsmenn.* Námskeiðið verður 36–40 kennslustundir og fjöldi þátttakenda er áætlaður 300 manns.

Verslunarmannafélag Austurlands.

Veittur styrkur 1994, alls 275.000 kr., fyrir námskeiðið; *Smásöluverslun I.* Námskeiðið verður 20 kennslustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 60 manns.

Veittur styrkur 1994, alls 500.000 kr., fyrir námskeiðið; *Þjónustufyrirtæki og ferðafólk.* Námskeiðið verður 10 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 50–70 manns.

Verslunarmannafélag Húsavíkur.
Veittur styrkur 1992, alls 620.000 kr., til *námskeiðs fyrir starfandi afgreiðslu- og skrifstofufólk í Suður-Þingeyjarsýslu.*

Vestmannaeyjabær.
Veittur styrkur 1993, alls 250.000 kr., vegna *framhaldsnámskeiðs fyrir starfsfólk dagvistarstofnana, sjúkrahúss, elliheimilis og heimilishjálpar* (120 kennslustundir alls). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 70 manns.

Vélskóli Íslands.
Veittur styrkur 1993, alls 762.000 kr., vegna þriggja námskeiða: a) *Stýrt viðhald* (20 kennslustundir), b) *Kælitækni* (30 kennslustundir), c) *Vélhermir* (40 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls 85.

Vélstjórafélag Íslands.
Veittur styrkur 1994, alls 2.000.000 kr., vegna 8 námskeiða: a) *Iðntölvur I* (20 tímar), b) *Iðntölvur II* (20 tímar), c) *Stýrt viðhald I* (20 tímar), d) *Námskeið um rafteikningar og teikningalestur* (30 tímar), e) *Námskeið um tölvur* (20 tímar), f) *Stýrt viðhald II*, tvö námskeið (20 tímar), g) *Námskeið um kælitækni* (20 tímar). Áætlaður fjöldi þátttakenda er alls 204 nemendur.
Veittur styrkur 1994, alls 212.000 kr., vegna *námskeiðs um viðhald og rekstur fiskvinnsluvéla.* Námskeiðið verður 20 kennslustundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 16 manns.

Vinnuhópur um gerð námsefnis fyrir dagmæður.
Veittur styrkur 1993, alls 600.000 kr., vegna *námsefnisgerðar.* Námskeiðin verða 60 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 200 á ári.

Ökukennarafélag Íslands.
Veittur styrkur 1993, alls 712.500 kr., vegna *námsefnisgerðar fyrir nám til aukinna ökuréttinda* (6 vikna námskeið). Áætlað er að þátttakendur verði 300–400 á ári.
Veittur styrkur 1994, alls 500.000 kr., vegna *námsefnisgerðar fyrir nám til aukinna ökuréttinda.*

Starfsmenntunarverkefni sem hlotið hafa styrk úr starfsmenntasjóði standa að stórum hluta enn yfir. Upplýsingar sem gefnar eru um kennslustunda- og þátttakendafjölda ber því að taka með fyrirvara. Upplýsingar um þátttakenda- og kennslustundafjölda vegna þeirra verkefna byggjast á áætlunum sem koma fram í styrkumsóknum.
Í nokkrum tilvikum hefur styrkþegi hætt við þau verkefni sem hann hefur fengið styrk til. Þegar þannig stendur á er styrkurinn innkallaður og fjárhæðinni síðan endurúthlutað í næstu úthlutun úr starfsmenntasjóði. Í listanum yfir úthlutanir hér að framan eru innifaldir styrkir sem hefur verið endurúthlutað á þennan hátt. Vegna þessa er samanlögð styrkfjárhæð hærri en sú upphæð sem hefur verið lögð til starfsmenntasjóðs samkvæmt fjárlögum sama tímabils.

Fskj. 2.

Yfirlit yfir námsefni sem hefur verið afhent og styrkt af starfsmenntaráði.

Bílgreinar:
Umhverfisvernd í bílgreinum. Eftirmenntun bílgreina 1994.

Byggingariðnaður:
Loftklæðningar.
Höfundur: Björn Marteinsson. Fræðsluráð Byggingariðnaðarins 1992.
Staðbyggð timburhús, fyrri hluti.
Höfundur: Björn Marteinsson. Fræðsluráð Byggingariðnaðarins 1992.
Staðbyggð timburhús, seinni hluti.
Höfundar: Björn Marteinsson, Jón Sigurjónsson, Steindór Guðmundsson og Rögnvaldur Gíslason. Útg. af Fræðsluráði Byggingariðnaðarins 1992.
Stilli- og stýritækni.
Höfundar: Ragnar Gunnarsson og Gunnar Jóhannesson. Útg. af Fræðsluráði byggingariðnaðarins 1994.
Viðgerðir á steyptum húsum.
Höfundar: Ólafur Ásgeirsson, Jón H. Gestsson, Björn Marteinsson og Rögnvaldur S. Gíslason. Fræðsluráð byggingariðnaðarins 1994.

Fata-, vefjar- og skinnaiðnaður:
Starfsnám í fata-, vefjar- og skinnaiðnaði. Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík 1987.
Starfsnám í vefjariðnaði. Snælda. Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík.

Ferðaþjónusta:
Gistiheimili og heimagisting. Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík 1991.

Hótel- og veitingagreinar:
Árstíðabundið eldhús. Matreiðsluskólinn okkar.
Námskeið með Gert Sörensen fyrir matreiðslumenn. Matreiðsluskólinn okkar 1993.
Smurbrauð; þýddir kaflar úr „Lærebog for smörrebrödsjomfruer".
Höfundur: Eigil Holm.
Þjónusta og samskipti; Þjónustustarfið.
Höfundur: Emil Thoroddsen. Fræðsluráð hótel- og veitingagreina.

Húsvarsla:
Húsvarsla. Námsgögn fyrir húsverði og umsjónarmenn fasteigna.
Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík 1992.

Fatahreinsun:
Starfsnám fyrir þvottahús og efnalaugar: Efnalaugar. Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík 1990.
Starfsnám fyrir þvottahús og efnalaugar: Þvottahús. Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík 1990.

Matvælaiðnaður:
Alþjóðasamningar (GATT og EES). Áhrif á landbúnað og úrvinnslugreinar.
Höfundur: Eiríkur Einarsson. Meistarafélag kjötiðnaðarmanna 1994.
Áhrif EES á kjötframleiðslu, sláturhús og innra eftirlit.
Samantekt: Sigurður Örn Hansson. Meistarafélag kjötiðnaðarmanna.
Námsgögn fyrir starfsnám í matvælaiðnaði. Fræðslumiðstöð iðnaðarins.
Reykjavík 1988.
Starfsnám í matvælaiðnaði: Frá bónda til búðar — myndband. Fræðslumiðstöð iðnaðarins.
Reykjavík.
Starfsnám í matvælaiðnaði: Mötuneyti. Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík 1988.
FloraCarn Ködkulturer, — Funktion og anvendelse —.
Útg. af Chr. Hansen's Laboratorium í Danmörku 1991.
Framleiðsla á þurrpylsum með notkun örvera; Þéttleiki, framleiðslutími, sýrustig o.fl.
Höfundur: Lone Andesen M.Sc. Meistarafélag kjötiðnaðarmanna.

Málningariðnaður:
Starfsnám í málningariðnaði. Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Reykjavík 1990.
Vatnsþynnanleg plastþeytulökk (Akrýl-lökk).
NIFAB, Stokkhólmi. Lars H. Anderson þýddi. Rögnvaldur S. Gíslason staðfærði og lagfærði. Fræðsluráð byggingariðnaðarins, Reykjavík 1994.

Prentiðnaður:
Gagnasnið. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Grundvallaratriði offsetljósmyndunar. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Grundvallaratriði offsetprentunar. Prenttæknistofnun. Reykjavík 1992.
Grundvallaratriði setningar. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Gæðastjórnun og gæðatrygging. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Gæðastjórnun og gæðatrygging; Stjórnun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, 1993.
Farfaverk offsetprentvéla. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Farfaverk offsetprentvéla; Leiðbeinendavísir með GATF myndbandinu Sheetfed Offset Inking Systems; Prentun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
Farfi: Eiginleikar og samsetning. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Fjölmótaletur; Prentsmíð. Prenttæknistofnun, Reykjavík, janúar 1993.
Gæðatrygging í prentverki; Stjórnun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, 1993.
Inngangur að PageMaker umbrotsforritinu. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Inngangur að tölvukerfum prentsmíðar. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
ISO 9000 gæðastaðlarnir. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
ISO 9000 gæðastaðlarnir; Stjórnun. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1993.
Leiðsögn um Photoshop myndvinnsluforritið. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Leturstjórnun í Machintosh; Prentsmíð. Prenttæknistofnun, Reykjavík, 1993.
Leysiprentarar; Prentun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, 1993.
Litaskörun; Prentsmíð. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
Litvinnsla í tölvu; Prentsmíð. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
Nýir möguleikar með Windows; Tölvufræði. Prenttæknistofnun, Reykjavík, 1993.
Nýjungar í prentun; Prentun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, október 1993.

Orðabók Prentiðnaðarins. Prenttæknistofnun 1993.
Pappír: Eiginleiki og meðferð. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Prentkaup. Prenttæknistofnun, Reykjavík, október 1993.
Punktabreytingar í offsetferlinu. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Rippatækni; Tölvufræði. Prenttæknistofnun, Reykjavík, mars 1993.
Samstarf um prentverk; Stjórnun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
Sölumaðurinn; Stjórnun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
Typógrafía. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Útlit og umbrot; Prentsmíð. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
Útskot; Prentsmíð. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
QuarkNám 1: Grunnþættir QuarkXPress. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
QuarkNám 2: Unnið með skjöl. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
QuarkNám 3: Unnið með texta. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
QuarkNám 4: Unnið með myndir. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
QuarkNám 5: Unnið með letur. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
QuarkNám 6: Unnið með liti. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Vandamál og úrræði í prentsmíð. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.
Vandamál og úrræði í PostScript útkeyrslu. Prenttæknistofnun, Reykjavík, 1993.
Verkstjórn; Stjórnun. Prenttæknistofnun, Reykjavík, febrúar 1993.
Vélar og stýrikerfi. Prenttæknistofnun, Reykjavík 1992.

Rafiðnaður:
Áhrif truflana á tölvubúnað.
Tekið saman af Valdimar Ó. Óskarssyni. Rafiðnaðarskólinn.
Nútíma rafeindatækni; vinnubók nemenda og handbók kennara. Rafiðnaðarskólinn.
Nútíma rafeindatækni; námsefnis handbók. Rafiðnaðarskólinn.
Símtækni 1; Lagnir og tengingar; Hagnýt fræði og spurningar.
Höfundar: Enersen og Klevan. Þýtt og staðfært: Leó Ingólfsson. Útg. af Rafiðnaðarskólanum í Reykjavík 1994.
Uppsetning á tölvukerfum/gagnasenditæki.
Höfundur efnis: Valdimar Ó. Óskarsson. Rafiðnaðarskólinn 1994.

Ræstingar:
Almenn ræsting.
Tekið saman af starfsmönnun Iðntæknistofnunar Íslands, fræðslusviði.
Námskeið fyrir ræstingastjóra. Iðntæknistofnun. Reykjavík 1990.

Starfsþjálfun:
Ráðgjafarhandbók vinnuklúbbsins; Atferlisnálgun í starfsráðgjöf.
Höfundar: Nathan H. Azrin og Victoria A. Besalel. Útg. af PRO-ED, Inc. í Texas 1980.
Þýðendur: Anna Kristín Halldórsdóttir og Marín Björk Jónasdóttir.

Stjórnun skipa og báta:
Neyðar og öryggisfjarskiptakerfið GMDSS. Stýrimannaskólinn í Reykjavík 1994.

Stjórnun ökutækja og vinnuvéla:
Stjórnun stórra ökutækja.
Höfundur: Guðni Karlsson. Útg. af Ökukennarafélagi Íslands, Reykjavík 1994.
Umferðarsálfræði og ljósrit af glæruefni með umferðarsálfræði.
Höfundar: Ásþór Ragnarsson og Kjartan Þórðarson. Útg. af Ökukennarafélagi Íslands, Reykjavík 1994.
Umferðarsálfræði; Kennsluleiðbeiningar og verkefni.
Höfundar: Ásþór Ragnarsson og Kjartan Þórðarson. Útg. af Ökukennarafélagi Íslands, Reykjavík 1994.

Verslun.
Sölutækni og þjónusta í bakaríum.
Þýtt og staðfært efni af Ástu Erlingsdóttur og Erling R. Erlingssyni með góðfúslegu leyfi Landssambands bakarameistara í Danmörku og Verslunarráðs Danmörku og námsefni útbúið sérstaklega fyrir starfsfólk í bakaríum af starfsmönnum Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins. Landssamband bakarameistara 1994.

Fskj. 3.

Félagsmálaráðuneytið
bt. starfsmenntaráðs
Suðurlandsbraut 24
150 Reykjavík
Sími 91-882500
Fax 91-882520

Vinsamlegast fyllið umsóknareyðublaðið út á læsilegan hátt. Skýrar og vel framsettar upplýsingar greiða fyrir allri vinnu við mat á umsókninni.

Umsókn um styrk úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins

Heiti námskeiðs:

_____

Dagsetning _____

Kennitala _____ **Sími** _____ **Fax** _____

Nafn umsækjanda _____

Umsjónarmaður _____ **Sími** _____

Heimilisfang _____

Póstnúmer _____ **Póstfang** _____

Samstarfsaðili _____

Umsækjendum skal sérstaklega bent á 13. grein laga nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu, en þar segir:

Aðilar skulu senda félagsmálaráðuneytinu eintak af námsefni sem unnið hefur verið eða samið með stuðningi samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra skal heimilt að ráðstafa gögnum skv. 1. mgr. til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs í samráði við höfundarréttarhafa.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel meðfylgjandi sýnishorn af uppgjörseyðublaði ásamt leiðbeiningum.

Fyllist út af félagsmálaráðuneytinu

Atvinnugreinarnúmer _____

Dagsetning afgreiðslu _____

Samþykkt styrkupphæð _____

Hafnað _____

Námskeiðið:

Markmið með námi sem sótt er um styrk til

Lýsing á innihaldi náms

Námslengd (kennslustundafjöldi)

Áætlaður fjöldi þátttakenda

Upplýsingar um leiðbeinendur

Kröfur sem gerðar eru til kennsluhúsnæðis og kennslutækja

Hvenær á að halda námskeiðið

Markhópur náms og stærð hans

Námskröfur og námsmat

Umsækjandi:

Hefur umsækjandi fengið styrk áður úr sjóðnum og þá fyrir hvað?

Hefur umsækjandi aðra möguleika á styrkjum og þá hvaða?

Yfirlit yfir námskeiðahald á sl. almanaksári

Þátttakendur o.fl.:

Hverjar eru kröfur til þátttakendar um hæfni/þekkingu, ef einhverjar?

Hvaðan eru þátttakendur (svarið eins nákvæmlega og kostur er)

Starfs/atvinnugrein

Stéttarfélag/félög

Fyrirtæki/atvinnurekandi

Eiga atvinnulausir rétt á þátttöku á námskeiðinu? Já ☐ Nei ☐

Eiga væntanlegir þátttakendur aðgang að starfsmenntasjóði? Já ☐ Nei ☐

Fá þátttakendur greitt að hluta til eða öllu leyti meðan á námskeiðinu stendur:

Laun ☐ Ferðakostnað ☐ Uppihald ☐ Annað

Ef svar er já, hver greiðir?

Er greitt námskeiðsgjald? Ef svarið er já, hver greiðir? Já ☐ Nei ☐

Þátttakendur ☐ Atvinnurekandi ☐ Þessir aðilar saman ☐

Þriðji aðili. Hver?

Veitir þátttaka á námskeiðinu ákveðin starfsréttindi? Já ☐ Nei ☐

Er námskeiðið bundið í kjarasamningum? Já ☐ Nei ☐

Veittir þátttaka á námskeiðinu rétt til launahækkana? Já ☐ Nei ☐

Hvernig er þátttaka á námskeiðinu ákveðin?

Af atvinnurekanda ☐

Af þátttakanda ☐

Af þeim sameiginlega ☐

Af þriðja aðila

Kostnaðar- og tekjuáætlun

Útgjöld - stofnkostnaður

Útgjöld - rekstrarkostnaður

Samtals útgjöld

Tekjur

Þátttökugjöld

Eigið framlag

Fjárhæð sem sótt er um

Samtals tekjur

Fskj. 4.

Sendist: Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins

150 REYKJAVÍK

Uppgjör vegna styrkveitinga sbr. l, nr. 19/1992

Kennitala:_____ Nafn:_____

Heimili:_____ Póststaður:_____

Námskeiðs heiti:

5.															
4.															
3.															
2.															
1.															
Starfsgreinanúmer															
Atvinnugreinanúmer															
Námskeiðsnúmer															
Fjárhagsáætlun:															
Laun															
Ferðakostnaður															
Kennslutæki															
Kennslugögn															
Annað															
Upphæð styrkumsóknar															
Kostnaður samkv. reikn:															
Laun															
Ferðakostnaður															
Kennslutæki															
Kennslugögn															
Annað															
Upphæð styrks															
Eigið framlag															
Mismunur á áætlun og kostnaði															
Námskeiðsupplýsingar:															
Hvar haldið? póstnúmer															
Dags. Fyrst haldið															
" Síðast haldið															
Hve oft haldið															
Námskeiðsgjald															
Lengd kennslustundir															
Fjöldi sem skráði sig aldur frá	<	23	51	<	23	51	<	23	51	<	23	51	<	23	51
til	22	50	<	22	50	<	22	50	<	22	50	<	22	50	<
Karlar															
Konur															
Fjöldi sem lauk Karlar															
Konur															

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins

Leiðbeiningar við uppgjör vegna styrks úr starfsmenntasjóði

Almennt.

Umsóknum vegna verkefna, sem teknar eru til afgreiðslu hjá starfsmenntaráði, fylgir sundurliðuð fjárhagsáætlun. Sú áætlun er prentuð á efri hluta uppgjörseyðublaðsins ásamt öðrum upplýsingum sem starfsmenntaráð hefur skráð með viðkomandi verkefni. Starfsmenntaráð ákvað að veita þessu verkefni stuðning umfram mörg önnur á grundvelli gagna sem fylgdu umsókninni. Þær kröfur eru því gerðar að styrkurinn fari til þess verkefnis sem hann var veittur til. *Styrkinn er óheimilt að nota til annarra verkefna en sótt var um.* Styrkþega ber að endurgreiða styrk hafi verkefni ekki verið hrundið í framkvæmd innan árs frá úthlutun. Tekið skal fram að verkefni þarf ekki að vera lokið innan árs.

Styrkþega ber að gera grein fyrir því á eyðublaðinu hvernig fjármunum, sem hann fékk úthlutað, hafi verið varið. Ljósrit af fylgiskjölum vegna kostnaðar sem lagt hefur verið í eiga að fylgja.

Ef kostnaður við verkefni reynist lægri en gert var ráð fyrir í áætlun ber styrkþega að endurgreiða mismuninn til starfsmenntaráðs.

Kostnaður samkvæmt reikningi.

Ef verkefni er ekki lokið þegar uppgjörsblað berst á að skila uppgjöri með reikningum yfir þegar útlagðan kostnað og gera á grein fyrir stöðu verkefnisins og áætlun um verklok.

Hafi styrkur verið veittur til náms- og kennslugagnagerðar ber að senda eitt eintak með uppgjörsblaði til starfsmenntaráðs. Í samningum um gerð kennslugagna ber að semja við höfunda um frekari notkun vegna annarra verkefna á vegum starfsmenntaráðs eða annarra aðila sem hljóta stuðning úr starfsmenntasjóði, sbr. 13. gr. laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Útfylling eyðublaðs.

Laun: Hér á að færa inn heildarlaunakostnað við verkefnið utan launakostnaðar við kennslutækja- og kennslugagnagerð.

Ferðakostnaður: Hér á að færa heildarferðakostnað vegna ferða kennara innanlands, ferðakostnað vegna þjálfunar leiðbeinanda innan- eða utanlands. Enn fremur ferðakostnað vegna erlendra leiðbeinenda.

Kennslutæki: Hér á að færa heildarkostnað vegna kaupa, leigu eða smíði á kennslutækjum. Einnig vinnulaun vegna kennslugagna, efniskostnað og annan kostnað vegna kennslutækja.

Kennslugögn: Hér skal færa heildarkostnað vegna útgáfu, kaupa eða leigu á kennslugögnum. Auk þess höfundarlaun, prentkostnað og annan útgáfukostnað ef um hann er að ræða.

Annað: Hægt er að færa í þennan dálk annan kostnað við verkefnið en fram kemur hér að ofan.

Eigið framlag: Ef um er að ræða eigið framlag til verkefnisins ber að færa upphæð þess í þennan dálk. Tekið skal fram að í þeim tilvikum sem styrkþegi hefur aðgang að eigin starfsmenntasjóði er gert ráð fyrir að eigið framlag nemi 25% af stofnkostnaði námskeiðis.

Mismunur á áætlun og kostnaði: Ef kostnaður við verkefnið reynist minni en áætlun í umsókn gerði ráð fyrir ber að færa þá upphæð hér. Þessari upphæð á að skila til starfsmenntasjóðs.

Námskeiðsupplýsingar.

Hafi styrkur verið veittur til reksturs á námskeiðum eiga að fylgja með uppgjöri upplýsingar um það hversu oft námskeiðið hafi verið haldið, hve stór markhópurinn er, hve margir sóttu um þátttöku, hve margir hófu námið og hve margir luku því. Einnig þarf að koma fram hvar námskeið hafi verið haldið og upplýsingar um frekara námskeiðahald.

Hvar haldið: Færið hér póstnúmer námskeiðsstaðar.

Fyrst haldið/ Síðast haldið dags: Í þessa dálka á að færa dagsetningu fyrsta námskeiðis og þess sem síðast var haldið.

Hve oft haldið: Hér á að færa hversu oft námskeiðið hefur verið haldið.

Námskeiðsgjald: Hér á að færa heildarupphæð námskeiðsgjalds.

Lengd í kennslustundum: Hér á að færa kennslustundafjölda námskeiðis.

Fjöldi sem hefur skráð sig/ Fjöldi sem lauk: Hér á að færa fjölda þátttakenda í réttri aldursskiptingu og eftir kyni. Ef upplýsingar um aldur liggja ekki fyrir ber að færa þátttakendatölur í auðu línuna fyrir framan karlar/konur.

Allar nánari upplýsingar veitir ritari starfsmenntaráðs Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins Suðurlandsbraut 24, sími 882500.

Fréttatilkynning.

Starfsmenntasjóður félagsmálaráðuneytisins var stofnaður með lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu. Félagsmálaráðherra skipar sjö manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laganna og er það skipað fulltrúum samtaka atvinnurekenda og launafólks og fulltrúa félagsmálaráðherra.

Markmið laganna er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu og skal því náð með stuðningi við skipulega starfsmenntun og frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs. Félagsmálaráðherra úthlutar styrkjum úr starfsmenntasjóði á ári hverju eftir tillögum starfsmenntaráðs.

Á árinu 1994 var alls úthlutað styrkjum að fjárhæð 52.378.602 kr. úr starfsmenntasjóði og skiptust þeir á eftirfarandi hátt milli aðila:

Bílgreinasambandið: Veittur styrkur 590.000 kr., Eftirmenntun bílgreina: Veittur styrkur 2.000.000 kr., Ferðamálasamtök Vestfjarða: Veittur styrkur 645.000 kr., Félag fótaaðgerðafræðinga: Veittur styrkur 200.000 kr., Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna: Veittur styrkur 595.000 kr., Flugvirkjafélag Íslands: Veittur styrkur 1.000.000 kr., Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytisins vegna Starfsmannafélags ríkisstofnana: Veittur styrkur 4.442.476 kr., Fræðsluráð byggingariðnaðarins: Veittur styrkur 3.078.000 kr., Fræðsluráð hótel- og veitingagreina: Veittur styrkur 847.000 kr., Fræðsluráð málmiðnaðarins: Veittur styrkur 2.000.000 kr., Grindavíkurbær, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Ferðamálafélag Grindavíkur: Veittur styrkur 110.000 kr., Iðnskólinn í Reykjavík og Landssamtök sláturleyfishafa: Veittur styrkur 1.405.000 kr., Iðntæknistofnun Íslands: Veittur styrkur 3.350.000 kr., Leiðsöguskóli Íslands: Veittur styrkur 912.000 kr., Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands: Veittur styrkur 1.200.000 kr., Menningar- og fræðslusamband Alþýðu: Veittur styrkur 5.300.000 kr., Múrarasamband Íslands, Múrarafélag Reykjavíkur og Múrarameistarafélag Reykjavíkur: Veittur styrkur 498.000 kr., Nýi hárskólinn: Veittur styrkur 650.000 kr., Prenttæknistofnun: Veittur styrkur 1.912.000 kr., Rafiðnaðarskólinn: Veittur styrkur 3.000.000 kr., Ríkisspítalar: Veittur styrkur 727.750 kr., Samstarfsnefnd um starfsmenntun verslunarfólks: Veittur styrkur 3.990.000 kr., Samstarfsnefnd um verslunarmenntun: Veittur styrkur 1.790.000 kr., Samtök iðnaðarins: Veittur styrkur 440.000 kr., Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafólk: Veittur styrkur 3.248.376 kr., Starfsmannafélag Akraness: Veittur styrkur 555.000 kr., Starfsmannafélagið Sókn: Veittur styrkur 335.000 kr., Starfsþjálfun fatlaðra: Veittur styrkur 666.000 kr., Verkakvennafélagið Framtíðin: Veittur styrkur 1.279.000 kr., Verkakvennafélagið Framsókn: Veittur styrkur 626.000 kr., Verkamannasamband Íslands: Veittur styrkur 1.500.000 kr., Verslunarmannafélag Austurlands: Veittur styrkur 775.000 kr., Vélstjórafélag Íslands: Veittur styrkur 2.212.000 kr., Ökukennarafélag Íslands: Veittur styrkur 500.000 kr.

Frekari upplýsingar eru veittar á Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1995.

755. Nefndarálit [308. mál]

um till. til þál. um vegáætlun 1995–1998.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn þá Helga Hallgrímsson vegamálastjóra og Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóra.

Ný vegalög voru samþykkt á Alþingi á sl. vori og fer endurskoðun vegáætlunar fram nú í fyrsta sinn samkvæmt hinum nýju lögum. Lögin hafa m.a. áhrif á það hvaða vegir teljast þjóðvegir, flokkun þjóðvega o.fl. Þetta veldur töluverðum breytingum á uppsetningu gjaldahliðar vegáætlunar.

Starfshættir við afgreiðslu tillögunnar voru að mestu með hefðbundnu sniði. Þingmannahópar kjördæmanna fóru yfir breytingar á þjóðvegum. Þeir unnu einnig að gerð tillagna um skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna og verkefna í framkvæmdaátaki á stofnvegum og til tengivega. Þingmenn stjórnarandstöðunnar á Austurlandi standa þó ekki að tillögum um skiptingu fjár á verkefni þar. Meiri hluti samgöngunefndar tekur upp þær tillögur sem þingmenn stjórnarflokkanna á Austurlandi hafa fallist á og fellir inn í sínar breytingartillögur.

Ekki eru gerðar breytingartillögur við tekjuhlið áætlunarinnar aðrar en þær að tekið er tillit til áætlaðrar verðlagshækkunar milli áranna 1995 og 1996 (3%). Er tekjuöflun áranna 1996–1998 hækkuð sem því nemur. Sömu verðlagsforsendur gilda fyrir gjaldahlið tillögunnar. Í nóvember sl. ákvað ríkisstjórnin að verja 3.500 millj. kr. til framkvæmdaátaks í vegamálum. Fjárins er aflað á fimm árum en ráðstafað á fjórum árum, þ.e. 1995–1998 og mest á fyrsta ári. Helmingi fjárins er aflað með hækkun markaðra tekjustofna en hinn helmingurinn er framlag úr ríkissjóði. Til að brúa bilið milli fjáröflunar og ráðstöfunar fjárins verður aflað lánsfjár árin 1995, 1996 og 1997, en það lánsfé á síðan að endurgreiðast 1998 og 1999. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar fól það einnig í sér að fjármagni þessu skyldi skipt milli kjördæma eftir íbúatölu og höfuðborgarsvæðið meðhöndlað sem eitt kjördæmi.

Tillögur um fé til stórverkefna byggist á endurskoðaðri skilgreiningu um þann vegflokk sem nefndin hefur fjallað um. Skilgreiningin er svohljóðandi miðað við verðlag 1995:

1. Jarðgöng. Greitt af óskiptu 80%, kjördæmisfé 20%.
2. Stórbrýr og vegir þvert á firði. Greitt af óskiptu 62,5%, kjördæmisfé 37,5%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun 130 millj. kr.
3. Áfangi á hringvegi milli kjördæma. Greitt af óskiptu 70%, kjördæmisfé 30%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun 800 millj. kr.
4. Tenging þéttbýlisstaða í eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Greitt af óskiptu 70%, kjördæmisfé 30%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun 400 millj. kr.
5. Áfangi til að tengja byggðasvæði með meira en 5.000 íbúa við meginvegakerfi landsins. Greitt af óskiptu 70%, kjördæmisfé 30%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun 600 millj. kr.

Fimmti liður þessarar skilgreiningar er nýr og fellur Djúpvegur úr mynni Lágadals út í Hestfjörð undir þá skilgreiningu og er lagt til að veitt verði nokkru fjármagni til framkvæmda á þeirri leið á áætlunartímabilinu. Af þeim mannvirkjum sem unnið er að og undir þennan lið falla eru Vestfjarðagöng langstærst. Áætlað er að gerð þeirra ljúki á árinu 1996. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að fjárveitingar til verksins dreifist á árin 1995–1997 auk lítillar fjárveitingar 1998 og verður því nauðsynlegt að afla lána til verksins á árinu 1996.

Í kjölfar fjárveitingar í fjárlögum 1994 til ferjubygginga við Ísafjarðardjúp samþykkti samgöngunefnd fyrir sitt leyti á sl. vetri að hafinn yrði undirbúningur framkvæmda og stefnt að rekstri bílferju á Djúpinu. Með ákvörðun um að gera Djúpið að stórverkefni falla brott rökin fyrir slíkum rekstri af vegafé. Í samræmi við þetta verður markmið ferjurekstrarins að flytja farþega og frakt til eyja og annarra byggðarlaga sem ekki hafa aðrar samgöngur og er það óbreytt frá gildandi vegáætlun.

Framkvæmdaátaki vegna atvinnumála, sem ákveðið var haustið 1992, lýkur á árinu 1995 eins og áformað var. Þeim verkáföngum, sem þá voru ákveðnir, lýkur þar með á þessu ári.

Nýtt framkvæmdaátak samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í nóvember sl. eykur mikið ráðstöfunarfé til vegaframkvæmda um allt land. Höfuðborgarsvæðið nýtur þess sérstaklega og verður unnt á tímabilinu að ráðast í gerð ýmissa bráðnauðsynlegra samgöngumannvirkja þar. Þessi mannvirki munu auka mjög umferðaröryggi og greiða úr erfiðleikum í umferðinni.

Með samningi frá 1991 við þáverandi ríkisstjórn hefur Spölur hf. rétt til að annast gerð jarðganga undir Hvalfjörð. Nauðsynleg vegagerð í því sambandi sunnan og norðan fjarðar er á hinn bóginn á verksviði Vegagerðarinnar. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvenær framkvæmdir við gangagerð munu hefjast. Í samræmi við það er ekki tekin afstaða til fjármögnunar vegatenginganna í fyrirliggjandi breytingartillögum. Taka verður það mál til skoðunar og afgreiðslu þegar framkvæmdaáform Spalar hf. liggja ljós fyrir.

Eins og áður sagði og fram kemur í athugasemdum með þingsályktunartillögunni er flokkun vega nú endurskoðuð í samræmi við vegalögin sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor. Nefndin hefur fjallað um þessar breytingar og þingmannahópar kjördæmanna hafa einnig yfirfarið þær.

Í framhaldi af þeirri vinnu leggur meiri hluti nefndarinnar til nokkrar breytingar og viðbætur við upptalningu og flokkun vega eins og hún birtist í þingsályktuninni.

Ljóst er að tillaga þessi um vegáætlun 1995–1998 boðar framhald mikils framkvæmdaskeiðs í vegamálum sem hófst að marki 1993. Kemur þetta skýrt fram í meðfylgjandi fylgiskjali. Meiri hlutinn telur að hér náist mjög mikilvægir áfangar í samgöngumálum þjóðarinnar og leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm. | Petrína Baldursdóttir. | Sturla Böðvarsson.

Egill Jónsson. | Árni Johnsen.

Fylgiskjal I.

Vegagerðin:

Athugun á skiptingu fjármagns til vegagerðar samkv. vegáætlun. undanfarinna ára
og tillögu um Vegáætlun fyrir árin 1995-1998
Allar tölur á áætl. verðl. 1995 (v-4990).

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Stjórn og undirb.	261	311	305	317	309	289	302	303	283	258	252	277	277	277
Sumarviðhald	1688	1737	1507	1469	1449	1454	1539	1707	1857	1942	1990	2030	2071	2112
Vetrarviðhald	546	553	459	440	747	718	518	468	556	571	610	610	620	635
Nýir þjóðvegir	2191	2189	1901	2220	2300	2360	2578	2751	3931	3442	3347	3299	3090	2873
Brúagerð	184	173	147	169	140	170	161	176	150	157	154	154	158	158
Fjallvegir	61	67	40	47	44	47	58	62	59	66	77	77	85	85
Sýsluvegir	145	156	169	224	206	176	205	173	168	179	186	186	200	200
Vegir í kaupst.	311	318	278	295	281	264	296	249	243	263	278	288	298	308
Tilraunir	17	20	23	25	22	23	29	31	29	31	62	64	66	67
Vél- og áhaldakaup	26	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	5430	5524	4829	5206	5498	5501	5686	5920	7276	6909	6956	6985	6865	6715
Til ferja og flóabáta	0	0	0	0	0	0	0	0	399	542	469	455	455	455

Tölur eru samkvæmt niðurst. útgjalda í skýrslu ráðherra fyrir árin 1985-1994 en samkvæmt tillögu um Vegáætlun fyrir árin 1995-1998.
Ath.: Gert er ráð fyrir breytingu á útgjaldaliðum í tillögunni. Til þess að unnt sé að bera saman við fyrri ár er hér miðað við eldri útgjaldaliði.

Fylgiskjal II.

Vegagerðin:

Vegáætlun 1995-1998

Skipting fjármagns til stofnvega miðað
við fyrirliggjandi tillögur um skiptiprósentur

	1995			1996			1997			1998		
	Alm.	Átak	Samt.	Alm.	Átak	Samt.	Alm.	Átak	Samt.	Alm.	Átak	Samt.
Suðurland	103	96	199	148	79	227	83	56	139	95	38	133
Reykjanes	56	75	131	77	61	138	54	43	97	61	29	90
Vesturland	117	67	184	160	55	215	129	39	168	148	26	174
Vestfirðir	138	60	198	193	36	229	116	26	142	132	17	149
Norðurl.ve.	69	49	118	95	40	135	67	29	96	76	19	95
Norðurl. ey	116	123	239	158	101	259	118	72	190	134	48	182
Austurland	165	72	237	225	49	274	168	35	203	192	23	215

Innifalið í upphæðum til almennra verkefna eru framlög vegna aukningar atvinnu 1995 og framlög til brúa á stofnvegum.

Fylgiskjal III.

Vegagerðin:

Tengivegir
Skiptihlutfall
á milli kjördæma

Við skiptingu tengivegafjár á milli kjördæma er notuð sama aðferð og undanfarið.

Reiknaðar eru hlutfallstölur kjördæmanna út frá kostnaði við endurbætur tengivega, ástandi þeirra og umferð á þeim.

$$\frac{K + Á + U}{3}$$

Þar sem: K = kostnaður
Á = ástand
U = umferð (akstur)

Notað við vegáætlun 1995-1998

	K%	Á%	U%	Samt.	%
Suðurland	25,5	23,4	29,4	77,3	25,8
Reykjanes	5,6	4,0	13,0	22,6	7,5
Vesturland	18,2	18,4	15,4	52,0	17,3
Vestfirðir	13,4	15,0	3,8	32,2	10,8
Norðurland vestra	10,4	13,9	12,1	36,4	12,1
Norðurland eystra	16,0	13,4	15,7	45,1	15,0
Austurland	11,9	11,9	10,6	34,4	11,5

Fylgiskjal IV.

Vegagerðin:

Skipting vegafjár eftir kjördæmum.
Samantekt.

SKIPTING ÚTGJALDA

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnvegir, 2. Tengivegir og 3. Til brúagerða, brýr > 10m.

Suðurland

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
a2	Um Djúpá		3	41	
a6	Kirkjubæjarklaustur - Skál		31		
b4	Vík - Hvammsá	15	15		
b8	Sandhólmavegur - Dímonarvegur		3		
240	Stórhöfðavegur				
02	Hraunvegur - Stórhöfði	15			21
1	Hringvegur				
d5	Selfoss - Biskupstungnabraut			10	
d6	Vegamót við Hveragerði		19		
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
06	Flúðir - Hvítárdalur	6			
31	Skálholtsvegur				
02	Helgastaðir - Biskupstungnabraut	52	47	25	
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Ölfusárós	2			
35	Biskupstungnabraut				
08	Laugarvatnsv. - Hrunamannavegur		10		
36	Þingvallavegur				
02-03	Heiðará - Þingvellir	36		14	62
37	Laugarvatnsvegur				
04	Reykjavegur - Biskupstungnabraut	27	29	54	
	Samtals	153	157	144	83

Tengivegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur				
02	Hrafntóftir - Ásvegur		5		4
26	Landvegur				
02	Hagabraut - Múli		10	21	18
02	Hagabraut - Galtalækur	13	26		
204	Meðallandsvegur				
01	Hringvegur - Fossar	11			10
208	Búlandsvegur				
01	Hringvegur - Hrífunesvegur		5		
210	Ljótarstaðavegur				
01	Búlandsvegur - Snæbýli	2			
239	Eldfellsvegur				
01	Um Eldfell	7			
248	Markarvegur				
01	Hringvegur - Stóramörk	2			
250	Dímonarvegur				
01	Hringvegur - Fljótshlíðarvegur	7		10	
253	Gunnarshólmavegur				
01	Voðmúlastaðir - Gunnarshólmi	2	14	3	5

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
255	Akureyjarvegur				
01	Strandarhöfuð - Njálsbúð	2	14	3	5
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Ýmsir staðir			2	
262	Vallavegur				
01	Um Efrahvol		1		
264	Rangárvallavegur				
01	Hringvegur - Keldur	2			
266	Oddavegur				
01	Hringvegur - Oddi				16
268	Þingskálavegur				
03	Hólar - Landvegur			3	
275	Ásvegur				
01	Hringvegur - Ásmúli				5
02	Um Háfshverfi			4	
282	Ásmundarstaðavegur				
01	Hringvegur - Ásmundarstaðir		4		
286	Hagabraut				
02	Um Saurbæ	7			
32	Þjórsárdalsvegur				
02	Stóranúpsvegur - Ásólfsstaðir	14	35	21	18
33	Gaulverjabæjarvegur				
01	Hringvegur - Hamarsvegur	11			
35	Biskupstungnabraut				
07	Bræðratunguv. - Laugarvatnsvegur	6	12	12	10
304	Oddgeirshólavegur				
01	Hringvegur - Oddgeirshólar		5		
305	Villingaholtsvegur				
01	Hringvegur - Þjórsárver				3
03	Krókur - Lækjarbakki	11		6	
310	Votmúlavegur				
01	Eyrarbakkav. - Gaulverjabæjarv.				5
316	Kaldaðarnesvegur				
01	Eyrarbakkavegur - Litla-Sandvík		2		
326	Hælsvegur				
01	Ýmsir staðir	2			
329	Mástunguvegur				
01	Skyggnir - Skáldabúðir			3	
345	Kaldbaksvegur				
01	Um Hruna			3	
374	Hvammsvegur				
01	Hringvegur - Hringvegur		4		
	Samtals	99	137	91	99

Til brúagerða. Brýr 10 m og lengri.

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Laxá í Fljótshverfi (1)		7		
Hörgsá (1)				52
Húsá í Mýrdal (1)		13		
Skillandsá (37)	19			
Yfirfall við Hrauneyjafoss (F26, landsv.)	8			
Jökulfall á Kerlingarfjallav. (F347, landsv.)		10		
Öxará hjá Valhöll (363, landsv.)			26	
Samtals	27	30	26	52
Suðurland samtals	**279**	**324**	**261**	**234**

Reykjanes

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
e1	Klifurrein í Lækjarbotnum	15			
f7	Um Laxá í Kjós				52
f8	Búfjárgöng	5			
41	Reykjanesbraut				
14-19	Endurbætur	47	105	96	41
42	Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)				
	Frumhönnun Suðurstrvegar	3	7		
44	Hafnavegur				
01	Lýsing	3			
45	Garðskagavegur				
00	Reykjanesbraut - Leira	42			
	Samtals	115	112	96	93

Tengivegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
48	Kjósarskarðsvegur				
01	Um Laxá	4			
01	Lagfæringar				21
417	Bláfjallavegur				
01	Hringvegur - Bláfjöll	10	31		
425	Nesvegur				
01	Hafnir - Saltverksmiðja	10			
426	Bláalónsvegur				
01	Að Bláalóni	6		4	
431	Hafravatnsvegur				
01	Sólheimar - Úlfarsfellsvegur	7	26	8	
461	Meðalfellsvegur				
01	Um Meðalfellsvatn			19	7
	Samtals	37	57	31	28
Reykjanes samtals		**152**	**169**	**127**	**121**

Vesturland

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
g5	Lýsing Borgarnesi		8		
h3	Hellistungur	24			
50	Borgarfjarðarbraut				
03	Bæjarsveitarvegur - Kleppjárnsreykir		41	72	62
53	Hvítárvallavegur				
01	Tunguá - Hvanneyri	11			
54	Ólafsvíkurvegur				
07-08	Lágafell - Staðará	32	28		
09	Urriðaá - Bjarnarfoss		25	42	23
10	Vegamót Fróðárheiðar			16	33
56	Vatnaheiði				21

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
57	Snæfellsnesvegur				
08	Helgafellssveitarvegur - Berserkseyri	38			
12	Búlandshöfði, (Heimaframlag)	37	74	33	
12	Búlandshöfði, (Stórverkefni)				31
58	Stykkishólmsvegur				
01	Lýsing		5		
574	Útnesvegur				
07	Um Laxá á Breið	3			
60	Vestfjarðavegur				
07	Búðardalur - Klofningsvegur	34	18		
	Samtals	179	199	163	170

Tengivegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
503	Akrafjallsvegur				
03	Ytrihólmur - Akranes		10		
505	Melasveitarvegur				
01	Snjóastaðir		5		
515	Flókadalsvegur				
01	Snjóastaðir	8			
518	Hálsasveitarvegur				
02	Reykholt - Stóriás		31	10	
528	Norðurárdalsvegur				
01	Snjóastaðir				3
540	Hraunhreppsvegur				
01	Snjóastaðir		5		13
574	Útnesvegur				
01	Um Klifhraun, snjóastaðir	10			
01	Um Öxl			18	14
582	Hálsbæjavegur				
01	Snjóastaðir	4			
	Samtals	22	51	28	30

Til brúagerða. Brýr 10 m og lengri.

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Bláfeldará (54)				8
Laxá á Breið (574)	17			
Brimilsgjá (69)	7			
Brákarsund (531, styrkvegur)				46
Samtals	24			54

Vesturland samtals	**225**	**250**	**191**	**254**

Vesturland og Vestfirðir

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
60	Vestfjarðavegur				
10-21	Gilsfjörður (S)	50	101	145	229
10	Gilsfjörður (H)	15	31	43	68
21	Gilsfjörður (H)		30	43	85
	Samtals	**65**	**162**	**231**	**382**

Vestfirðir

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
60	Vestfjarðavegur				
39	Þverá í Brekkudal		7		
47	Jarðgöng, (Stórverkefni)	560	234	258	21
47	Jarðgöng, (Heimaframlag)	111	112	41	5
61	Djúpvegur				
01	Fjarðarhorn - Borðeyri	51			
07-09	Skriðnesenni - Kollafjarðarnes		2		
11	Um Víðidalsá			16	
25-30	Ísafjarðardjúp, (Stórverkefni)	10	72	72	93
25-30	Ísafjarðardjúp, (Heimaframlag)	4	29		50
45	Óshlíð	23	10	7	13
62	Barðastrandarvegur				
02	Brjánslækur - Kross	10	31	23	
	Samtals				

Tengivegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
612	Örlygshafnarvegur				
01	Barðastrandarv. - Flugvallarvegur ..		10	26	
632	Laugardalsvegur				
01	Djúpvegur - Hrafnabjörg			5	
633	Vatnsfjarðarvegur				
01	Djúpvegur - Reykjanes	3			
635	Snæfjallastrandarvegur				
01	Djúpvegur - Nauteyri		16	7	
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur - Hella	27	10		30
643	Strandavegur				
04	Um Bala				10
	Samtals	30	36	38	40

Til brúagerða. Brýr 10 m og lengri.

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Þverá í Brekkudal (60)		14		
Víðidalsá í Steingrímsfirði (61)			16	
Samtals		14	16	

Vestfirðir samtals	**799**	**547**	**471**	**222**

Norðurland vestra

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
k1	Við Staðarskála, lýsing		2		
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	41		5	
75	Sauðárkróksbraut				
05	Skagavegur - Flugvöllur, lýsing		3		
76	Siglufjarðarvegur				
02	Framnes - Sauðárkróksbraut		36		
04	Sleitustaðir - Hofsós	11			
06	Hofsós - Höfði			80	
07	Höfði - Reykjarhóll			14	62
09	Ólafsfjarðarv. - Almenningsnöf	13	65		
10	Almenningsnöf - gangamunni	52			
745	Skagavegur				
09	Um Gönguskarðsá				5
	Samtals	117	106	99	67

Tengivegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
704	Miðfjarðarvegur				
04	Lýsing við Laugarbakka			3	
711	Vatnsnesvegur				
02-03	Skarð - Bergsstaðir				29
722	Vatnsdalsvegur				
01-04	Hringvegur - Hringvegur		27		12
724	Reykjabraut				
01	Um Orrastaðaflóa		13		
752	Skagafjarðarvegur				
02	Héraðsdalsvegur - Svartárdalsvegur	30		30	
03	Um Tunguháls			6	
754	Héraðsdalsvegur				
01	Um Langamel	1			
792	Flugvallarvegur Siglufirði				
	Lýsing	3			
	Skíðavegur í Tindastól		2	4	4
	Samtals	34	42	43	45

Til brúagerða. Brýr 10 m og lengri.

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Húseyjarkvísl (1)		33		
Djúpadalsá (1)				31
Samtals		33		31

Norðurland vestra samtals	**151**	**181**	**142**	**143**

Norðurland eystra

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
p1	Grjótá - Engimýri	15			
p4	Krossastaðir - Ólafsfjarðarvegur				16
p6	Dagverðareyrarvegur - Akureyri		10		
q7	Fosshóll - Aðaldalsvegur		91	82	19
q8	Við Laugar		5		
q9	Mývatnsheiði			9	52
r0	Helluvað - Skútustaðir	41			
r1	Garður - Geiteyjarströnd	41	22		
82	Ólafsfjarðarvegur				
08	Ólafsfjörður - Vatnsendi		25		
09	Lágheiði				5
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík - Héðinshöfði	15	21		
06-09	Tjörnes			10	
10	Vogar - Krossdalur	16	21		
11	Krossdalur - Uppsveitarvegur			33	19
12	Skinnastaðarbrekka - Ærlækur				21
25	Þistilfjörður, flugvöllur	26	10	16	
27	Brekknaheiði				31
87	Kísilvegur				
04	Hvammavegur - Þverá				15
05	Bláhvammur - Þverá	4	23		
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Þverá - Laugaland	40	27		
845	Aðaldalsvegur				
02	Staðarbraut - Syðrafjall	12			
	Samtals				

Tengivegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
83	Grenivíkurvegur				
02	Laufás - Ártún			53	9
807	Skíðadalsvegur				
01	Sakka - Hofsá		31		
833	Illugastaðavegur				
02	Skógar - Hróastaðir	15			
845	Mývatnsvegur				
01	Hringvegur - Vagnbrekka	27			
01	Neslandavík - Kísilvegur		17		43
853	Hvammavegur				
01	Hagi - Yztihvammur		3		
867	Öxarfjarðarheiðarvegur			3	10
	Þingey, göngubrú				3
	Samtals	42	51	56	65

Til brúagerða. Brýr 10 m og lengri.

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Djúpá hjá Krossi (1)		16		
Fnjóská hjá Laufási (83)			62	
Samtals		16	62	

Norðurland eystra samtals	**252**	**322**	**268**	**243**

Norðurland eystra og Austurland

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
	Tenging Norður- og Austurlands, (S)		155	159	155
	Tenging Norður- og Austurl, (S)	84			
r3-r7	Kísiliðja - Biskupsháls, (H)	29		42	
s1-s7	Biskupsháls - Skjöldólfsstaðir, (H)				4
	Samtals	**113**	**155**	**201**	**159**

Austurland

Stofnvegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
t0	Jökulsá á Dal, (S)			31	21
t0	Dimmidalur - Skóghlíð	18	12	2	
t1	Skóghlíð - Urriðavatn			41	36
t2	Við Fellabæ		7		
t3	Egilsstaðanes við Söluskála		7		
u1	Um Breiðdalsá			20	
u3-u4	Krossá - Búðaá		16		
u5	Um Fossá og Fossárvík			10	31
v7	Laxá í Nesjum			10	
x1	Smyrlabjörg - Staðará			26	26
x5	Fjallsár- og Hrútárbrú	62	12		
y2	Skeiðarársandur	5	5	5	5
85	Norðausturvegur				
34	Hölkná - Miðheiðarhryggur				10
35	Sandvíkurheiði - Hvammsgerði	31	39		
40	Hlíðarvegur - Deildarlækur	5	10	7	
92	Norðfjarðarvegur				
00	Egilsstaðir		4		
06	Reyðarfjörður	1	3		
10	Göng - Oddsdalur	19	17		
12	Neskaupstaður				5
93	Seyðisfjarðarvegur				
02	Borgarfjarðarvegur - Langahlíð	14	38	4	
02	Miðhúsaá - Kofi			22	
03	Kofi - Efri Stafur			20	50
03	Fjarðarárbrú			3	
96	Suðurfjarðarvegur				
02	Eyri - Þernunes	21	34		
03	Þernunes - Vattarnes		8	16	55
07	Fáskrúðsfjörður	4		5	
917	Hlíðarvegur				
05	Hellisheiði - Vindfell	11			
06	Um Gljúfursá	20	32		
	Austurlandsgöng (S)		5	5	5
	Samtals	211	249	227	244

Tengivegir

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
94	Borgarfjarðarvegur				
06	Um Selfljót	17	6		
07	Á Vatnsskarði			20	27
08	Skriður - Framnes			7	
919	Sunnudalsvegur				
01	Hlíðarvegur - Refstaður			6	
924	Jökuldalsvegur eystri				
01	Jökulsá hjá Hjarðarhaga				10
925	Hróarstunguvegur				4
931	Upphéraðsvegur				
04	Brekkugerði - Hengifossá		22		
953	Mjóafjarðarvegur	10			
964	Breiðdalsvegur				
02	Utan Randversstaða				2
	Samtals	27	28	33	41

Til brúagerða. Brýr 10 m og lengri.

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Virkisá (1)			26	
Eyvindará (93)	31	51		
Selfljót hjá Unaósi (94)	57			
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924)			8	
Samtals	88	51	34	
Austurland samtals	**326**	**328**	**294**	**287**

Höfuðborgarsvæðið

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
e2	Reiðgöng		22		
e3	Rauðavatn - Nesbraut, (Fát.)	36			
e3	Rauðavatn - Nesbraut	23	31	83	
f3	Í Mosfellsbæ		42	103	
41	Reykjanesbraut				
01	Ánanaust, breikkun		31		
12	Breiðholtsbraut - Fífuhvammsvegur				82
12	Gatnamót við Fífuhvammsveg		10	248	
14	Gatnamót við Ásbraut	34	68		
49	Nesbraut				
01	Hringvegur - Höfðabakki	136			
01	Gatnamót við Höfðabakka	483	34		
01	Gatnamót við Höfðabakka, (Fát.)	54			
02	Höfðabakki - Miklabraut		548	237	
03	Breikkun Miklubrautar		31		
03	Gatnamót við Skeiðarvog			15	361
03	Gatnamót við Kringlumýrarbraut				103
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut - Reykjanesbraut	14	8		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
412	Vífilsstaðavegur				
01	Endurbætur	55			
415	Álftanesvegur				
03	Hringtorg				5
419	Höfðabakki				
02	Nesbraut - Hallsvegur				21
431	Hafravatnsvegur				
02	Í Reykjahverfi	21			
432	Hallsvegur				
01	Hringv. - Höfðabakki (nál. Gufunesi)				21
450	Sundabraut, undirbúningur		2	3	5
	Fífuhvammsvegur		10		
	Undirgöng í Garðabæ			47	
	Göngubrýr og undirgöng	40	31	31	41
	Skiltabrýr		5	5	10
	Greiðsla skulda í Reykjavík	186	193	193	193
	Samtals	**1082**	**1066**	**965**	**842**
	Óráðstafað, 1.1. Alm. verkefni			37	41
	Óráðstafað, 1.2. Hbsv			17	19
	Óráðstafað, 1.3. Stórverkefni			32	75
	Óráðstafað, 1.5. Framkvátak (Alm.)			17	11
	Óráðstafað, 1.5. Framkvátak (Hbsv)	15	16	23	15
	Óráðstafað, 2. Tengivegir			19	20
	Óráðstafað, 3. Til brúa > 10 m			6	7
	Samtals	**15**	**16**	**151**	**188**

Yfirlit

Suðurland samtals	279	324	261	234
Reykjanes samtals	152	169	127	121
Vesturland samtals	225	250	191	254
Vesturland og Vestfirðir samtals	65	162	231	382
Vestfirðir samtals	799	547	471	222
Norðurland vestra samtals	151	181	142	143
Norðurland eystra samtals	252	322	268	243
Norðurland eystra og Austurland samtals113	155	201	159	
Austurland samtals	326	328	294	287
Höfuðborgarsvæðið samtals	1082	1066	965	842
Óráðstafað samtals	15	16	151	188
Samtals	3459	3520	3302	3075

756. Breytingartillögur [308. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1995–1998.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, PBald, SB, EJ, ÁJ).

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1995	1996	1997	1998
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	4370	4613	4706	4779
2. Þungaskattur, árgjald	570	598	609	619
3. Þungaskattur, km-gjald	1410	1476	1507	1527
4. Bætt innheimta þungaskatts	100	103	103	103
1.2. Fært í ríkissjóð	–275	–144	–144	–144
	6175	6646	6781	6884
1.3. Framkvæmdaátak:				
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	310	361	366	372
2. Framlag úr ríkissjóði	350	361	361	361
3. Lánsfé	590	310	47	0
4. Endurgreiðsla lánsfjár í lið 1.3.3.				–217
	1250	1032	774	516
Samtals	7425	7678	7555	7400

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1995	1996	1997	1998
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	127	141	141	141
2. Tæknilegur undirbúningur	125	145	145	145
	252	286	286	286
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	215	224	229	234
2. Vegir og vegyfirborð	335	351	356	361
3. Brýr og önnur vegamannvirki	33	39	43	47
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	220	230	233	235
	803	844	861	877
2. Vetrarþjónusta	610	630	640	655
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	480	506	516	531
2. Endurnýjun malarslitlaga	200	206	212	217
3. Styrkingar og endurbætur	255	268	278	284
4. Viðhald brúa og varnargarða	100	114	114	114
5. Öryggisaðgerðir	60	62	62	62
6. Vatnaskemmdir	90	93	93	93
	1185	1249	1275	1301
4. Þéttbýlisvegir	267	285	295	306
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnvegir				
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	421	957	753	815
2. Höfuðborgarsvæðið	299	484	557	578
3. Stórverkefni	620	567	702	630
4. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	450	0	0	0
5. Framkvæmdaátak	1250	1032	774	516
	3040	3040	2786	2539
2. Tengivegir	280	336	372	392
3. Til brúagerða				
1. Brýr 10 m og lengri	139	144	144	144
2. Smábrýr	15	15	19	19
	154	159	163	163
4. Girðingar	27	28	31	34
2.4. Til safnvega:	176	181	194	194
2.5. Til landsvega:	64	66	73	73
2.6. Til styrkvega:	25	27	29	29
2.7. Til reiðvega:	11	11	12	12
2.8. Til tilrauna:	62	66	68	69
2.9. Til flóabáta:	469	470	470	470
Samtals	7425	7678	7555	7400

3. Aftan við II. SKIPTING ÚTGJALDA bætist:

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn og bundin slitlög.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1		Hringvegur				
	a2	Um Djúpá		3	41	
	a6	Kirkjubæjarklaustur–Skál		31		
240		Stórhöfðavegur				
	02	Hraunvegur–Stórhöfði	15			21
1		Hringvegur				
	d5	Selfoss–Biskupstungnabraut			10	
	d6	Vegamót við Hveragerði		19		
31		Skálholtsvegur				
	02	Helgastaðir–Biskupstungnabraut	32	35	21	
35		Biskupstungnabraut				
	08	Laugarvatnsv.–Hrunamannavegur		10		
36		Þingvallavegur				
	02–03	Heiðará–Þingvellir			14	26
37		Laugarvatnsvegur				
	04	Reykjavegur–Biskupstungnabraut		29		
1		Hringvegur				
	e1	Klifurrein í Lækjarbotnum	15			
	f7	Um Laxá í Kjós				52
	f8	Búfjárgöng	5			
41		Reykjanesbraut				
	14–19	Endurbætur	16	80	56	11
1		Hringvegur				
	g5	Lýsing Borgarnesi		8		
	h3	Hellistungur	24			
54		Ólafsvíkurvegur				
	07–08	Lágafell–Staðará		28		
	09	Urriðaá–Bjarnarfoss		21	41	23
	10	Vegamót Fróðárheiðar			16	33
56		Vatnaheiði				21
57		Snæfellsnesvegur				
	08	Helgafellssveitarvegur–Berserkseyri	28			
	12	Búlandshöfði	4	74	33	
58		Stykkishólmsvegur				
	01	Lýsing		5		
60		Vestfjarðavegur				
	10	Gilsfjörður	2	31	43	68
60		Vestfjarðavegur				
	21	Gilsfjörður		30	43	85
	47	Jarðgöng	88	112	41	5
61		Djúpvegur				
	25–30	Ísafjarðardjúp		29		46
62		Barðastrandarvegur				
	02	Brjánslækur–Kross		13	19	
76		Siglufjarðarvegur				
	06	Hofsós–Höfði			69	
	07	Höfði–Reykjarhóll				47
	09	Ólafsfjarðarv.–Almenningsnöf	13	65		
	10	Almenningsnöf–gangamunni	31			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
p4	Krossastaðir–Ólafsfjarðarvegur				16
p6	Dagverðareyrarvegur–Akureyri		10		
q7	Fosshóll–Aðaldalsvegur		73	41	19
q9	Mývatnsheiði			9	52
r3–r7	Kísiliðja–Biskupsháls	20		42	
82	Ólafsfjarðarvegur				
08	Ólafsfjörður–Vatnsendi		25		
09	Lágheiði				5
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík–Héðinshöfði		21		
06–09	Tjörnes			10	
10	Vogar–Krossdalur	16	21		
12	Skinnastaðarbrekka–Ærlækur				21
25	Þistilfjörður, flugvöllur	26		16	
87	Kísilvegur				
04	Hvammavegur–Þverá				15
845	Aðaldalsvegur				
02	Staðarbraut–Syðrafjall	12			
867	Öxarfjarðarheiðarvegur			3	10
1	Hringvegur				
s1–s7	Biskupsháls–Skjöldólfsstaðir				4
t0	Dimmidalur–Skóghlíð	18	12	2	
t1	Skóghlíð–Urriðavatn			41	36
u1	Um Breiðdalsá			20	
u3–u4	Krossá–Búðaá		16		
u5	Um Fossá og Fossárvík			10	31
x1	Smyrlabjörg–Staðará				2
y2	Skeiðarársandur		5	5	5
85	Norðausturvegur				
34	Hölkná–Miðheiðarhryggur				10
35	Sandvíkurheiði–Hvammsgerði	31	39		
92	Norðfjarðarvegur				
12	Neskaupstaður				5
93	Seyðisfjarðarvegur				
02	Borgarfjarðarvegur–Langahlíð	14	38	4	
02	Miðhúsaá–Kofi			22	
03	Kofi–Efri Stafur			20	50
03	Fjarðarárbrú			3	
96	Suðurfjarðarvegur				
02	Eyri–Þernunes		34		
03	Þernunes–Vattarnes		8	16	55
07	Fáskrúðsfjörður			5	
917	Hlíðarvegur				
05	Hellisheiði–Vindfell	11			
06	Um Gljúfursá		32		
	Óráðstafað			37	41
	Samtals	421	957	753	815

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
e2	Reiðgöng		22		
e3	Rauðavatn–Nesbraut	23	31	83	
f3	Í Mosfellsbæ		42	103	
41	Reykjanesbraut				
12	Breiðholtsbraut–Fífuhvammsvegur				82
12	Gatnamót við Fífuhvammsveg		10	146	
14	Gatnamót við Ásbraut		68		
49	Nesbraut				
02	Höfðabakki–Miklabraut		79		
03	Breikkun Miklubrautar		31		
03	Gatnamót við Skeiðarvog			15	284
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	14	8		
412	Vífilsstaðavegur				
01	Endurbætur	55			
431	Hafravatnsvegur				
02	Í Reykjahverfi	21			
	Greiðsla skulda í Reykjavík	186	193	193	193
	Óráðstafað			17	19
	Samtals	299	484	557	578

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
57	Snæfellsnesvegur				
12	Búlandshöfði				31
60	Vestfjarðavegur				
10	Gilsfjörður	50	101	145	229
47	Jarðgöng	560	234	258	21
61	Djúpvegur				
25–30	Ísafjarðardjúp	10	72	72	93
1	Hringvegur				
	Tenging Norður- og Austurlands		155	159	155
t0	Jökulsá á Dal			31	21
	Austurlandsgöng		5	5	5
	Óráðstafað			32	75
	Samtals	620	567	702	630

1.4. Framkvæmdaátak í atvinnumálum.

Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
36	Þingvallavegur				
02–03	Heiðará–Þingvellir	15			
37	Laugarvatnsvegur				
04	Reykjavegur–Biskupstungnabraut	22			
45	Garðskagavegur				
00	Reykjanesbraut–Leira	20			
54	Ólafsvíkurvegur				
07	Lágafell–Staðará	32			
57	Snæfellsnesvegur				
08	Helgafellssveitarvegur–Berserkseyri	10			
61	Djúpvegur				
01	Fjarðarhorn–Borðeyri	51			
1	Hringvegur				
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	24			
1	Hringvegur				
r0	Helluvað–Skútustaðir	41			
r1	Garður–Geiteyjarströnd	1			
1	Hringvegur				
x5	Fjallsár- og Hrútárbrú	60			
	Samtals	276			

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
e3	Rauðavatn–Nesbraut	36			
49	Nesbraut				
01	Gatnamót við Höfðabakka	54			
	Samtals	90			

Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
	Tenging Norður- og Austurlands	84			
	Samtals	84			
	Framkvæmdaátak í atvinnumálum samtals	**450**			

1.5. Framkvæmdaátak.
Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur				
b4	Vík–Hvammsá	15	15		
b8	Sandhólmavegur–Dímonarvegur		3		
26	Landvegur				
02	Hagabraut–Galtalækur	13	26		
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
06	Flúðir–Hvítárdalur	6			
31	Skálholtsvegur				
02	Helgastaðir–Biskupstungnabraut	20	12	4	
32	Þjórsárdalsvegur				
02	Stóranúpsvegur–Ásólfsstaðir	14	25		
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Ölfusárós	2			
36	Þingvallavegur				
02–03	Heiðará–Þingvellir	21			36
37	Laugarvatnsvegur				
04	Reykjavegur–Biskupstungnabraut	5		54	
305	Villingaholtsvegur				
01	Hringvegur–Þjórsárver				3
41	Reykjanesbraut				
14–19	Endurbætur	31	25	40	30
42	Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)				
	Frumhönnun Suðurstrvegar	3	7		
45	Garðskagavegur				
00	Reykjanesbraut–Leira	22			
44	Hafnarvegur				
01	Lýsing	3			
417	Bláfjallavegur				
01	Hringvegur–Bláfjöll	10	31		
426	Bláalónsvegur				
01	Að Bláalóni	6		4	
50	Borgarfjarðarbraut				
03	Bæjarsveitarvegur–Kleppjárnsreykir		35	39	27
54	Ólafsvíkurvegur				
09	Urriðaá–Bjarnarfoss		4	1	
57	Snæfellsnesvegur				
12	Búlandshöfði	33			
60	Vestfjarðavegur				
07	Búðardalur–Klofningsvegur	34	18		
60	Vestfjarðavegur				
39	Þverá í Brekkudal		7		
47	Jarðgöng	23			
61	Djúpvegur				
07–09	Skriðnesenni–Kollafjarðarnes		2		
11	Um Víðidalsá			16	
25–30	Ísafjarðardjúp	4			4
45	Óshlíð	23	10	7	13
62	Barðastrandarvegur				
02	Brjánslækur–Kross	10	18	4	
1	Hringvegur				
k1	Við Staðarskála, lýsing		2		
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	17		5	
75	Sauðárkróksbraut				
05	Skagavegur–Flugvöllur, lýsing		3		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
76	Siglufjarðarvegur				
02	Framnes–Sauðárkróksbraut		36		
04	Sleitustaðir–Hofsós	11			
06	Hofsós–Höfði			11	
07	Höfði–Reykjarhóll			14	15
10	Almenningsnöf–gangamunni	21			
745	Skagavegur				
09	Um Gönguskarðsá				5
1	Hringvegur				
p1	Grjótá–Engimýri	15			
q7	Fosshóll–Aðaldalsvegur		18	41	
q8	Við Laugar		5		
r1	Garður–Geiteyjarströnd	40	22		
r3–r7	Kísiliðja–Biskupsháls	9			
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík–Héðinshöfði	15			
11	Krossdalur–Uppsveitarvegur			33	19
25	Þistilfjörður, flugvöllur		10		
27	Brekknaheiði				31
87	Kísilvegur				
05	Bláhvammur–Þverá	4	23		
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Þverá–Laugaland	40	27		
1	Hringvegur				
t2	Við Fellabæ		7		
t3	Egilsstaðanes við Söluskála		7		
v7	Laxá í Nesjum			10	
x1	Smyrlabjörg–Staðará			26	24
x5	Fjallsár- og Hrútárbrýr	2	12		
y2	Skeiðarársandur	5			
92	Norðfjarðarvegur				
00	Egilsstaðir		4		
06	Reyðarfjörður	1	3		
10	Göng–Oddsdalur	19	17		
96	Suðurfjarðarvegur				
02	Eyri–Þernunes	21			
07	Fáskrúðsfjörður	4			
917	Hlíðarvegur				
06	Um Gljúfursá	20			
	Óráðstafað			17	11
	Samtals	542	434	326	218

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
41	Reykjanesbraut				
01	Ánanaust, breikkun		31		
12	Gatnamót við Fífuhvammsveg			102	
14	Gatnamót við Ásbraut	34			
49	Nesbraut				
01	Hringvegur–Höfðabakki	136			
01	Gatnamót við Höfðabakka	483	34		
02	Höfðabakki–Miklabraut		469	237	
03	Gatnamót við Skeiðarvog				77
03	Gatnamót við Kringlumýrarbraut				103

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
415	Álftanesvegur				
03	Hringtorg				5
419	Höfðabakki				
02	Nesbraut–Hallsvegur				21
432	Hallsvegur				
01	Hringv.–Höfðabakki (nál. Gufunesi)				21
450	Sundabraut, undirbúningur		2	3	5
	Fífuhvammsvegur		10		
	Undirgöng í Garðabæ			47	
	Göngubrýr og undirgöng	40	31	31	41
	Skiltabrýr		5	5	10
	Óráðstafað	15	16	23	15
	Samtals	708	598	448	298
	Framkvæmdaátak samtals	**1250**	**1032**	**774**	**516**

2. Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur				
02	Hrafntóftir–Ásvegur		5		4
26	Landvegur				
02	Hagavegur–Múli		10	21	18
204	Meðallandsvegur				
01	Hringvegur–Fossar	11			10
208	Búlandsvegur				
01	Hringvegur–Hrífunesvegur		5		
210	Ljótarstaðavegur				
01	Búlandsvegur–Snæbýli	2			
239	Eldfellsvegur				
01	Um Eldfell	7			
248	Markarvegur				
01	Hringvegur–Stóramörk	2			
250	Dímonarvegur				
01	Hringvegur–Fljótshlíðarvegur	7		10	
253	Gunnarshólmavegur				
01	Voðmúlastaðir–Gunnarshólmi	2	14	3	5
255	Akureyjarvegur				
01	Strandarhöfuð–Njálsbúð	2	14	3	5
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Ýmsir staðir			2	
262	Vallavegur				
01	Um Efrahvol		1		
264	Rangárvallavegur				
01	Hringvegur–Keldur	2			
266	Oddavegur				
01	Hringvegur–Oddi				16
268	Þingskálavegur				
03	Hólar–Landvegur			3	
275	Ásvegur				
01	Hringvegur–Ásmúli				5
02	Um Háfshverfi			4	
282	Ásmundarstaðavegur				
01	Hringvegur–Ásmundarstaðir		4		
286	Hagabraut				
02	Um Saurbæ	7			

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
32		Þjórsárdalsvegur				
	02	Stóranúpsvegur–Ásólfsstaðir		10	21	18
33		Gaulverjabæjarvegur				
	01	Hringvegur–Hamarsvegur	11			
35		Biskupstungnabraut				
	07	Bræðratunguv.–Laugarvatnsvegur	6	12	12	10
304		Oddgeirshólavegur				
	01	Hringvegur–Oddgeirshólar		5		
305		Villingaholtsvegur				
	03	Krókur–Lækjarbakki	11		6	
310		Votmúlavegur				
	01	Eyrarbakkav.–Gaulverjabæjarv.				5
316		Kaldaðarnesvegur				
	01	Eyrarbakkavegur–Litla-Sandvík		2		
326		Hælsvegur				
	01	Ýmsir staðir	2			
329		Mástunguvegur				
	01	Skyggnir–Skáldabúðir			3	
345		Kaldbaksvegur				
	01	Um Hruna			3	
374		Hvammsvegur				
	01	Hringvegur–Hringvegur		4		
48		Kjósarskarðsvegur				
	01	Um Laxá	4			
	01	Lagfæringar				21
425		Nesvegur				
	01	Hafnir–Saltverksmiðja	10			
431		Hafravatnsvegur				
	01	Sólheimar–Úlfarsfellsvegur	7	26	8	
461		Meðalfellsvegur				
	01	Um Meðalfellsvatn			19	7
50		Borgarfjarðarbraut				
	03	Bæjarsveitarvegur–Kleppjárnsreykir		6	33	35
53		Hvítárvallavegur				
	01	Tunguá–Hvanneyri	11			
503		Akrafjallsvegur				
	03	Ytrihólmur–Akranes		10		
505		Melasveitarvegur				
	01	Snjóastaðir		5		
515		Flókadalsvegur				
	01	Snjóastaðir	8			
518		Hálsasveitarvegur				
	02	Reykholt–Stóriás		31	10	
528		Norðurárdalsvegur				
	01	Snjóastaðir				3
540		Hraunhreppsvegur				
	01	Snjóastaðir		5		13
574		Útnesvegur				
	01	Um Klifhraun, snjóastaðir	10			
	01	Um Öxl			18	14
	07	Um Laxá á Breið	3			
582		Hálsbæjavegur				
	01	Snjóastaðir	4			
60		Vestfjarðavegur				
	10	Gilsfjörður	13			
612		Örlygshafnarvegur				
	01	Barðastrandarv.–Flugvallarvegur		10	26	
632		Laugardalsvegur				
	01	Djúpvegur–Hrafnabjörg			5	
633		Vatnsfjarðarvegur				
	01	Djúpvegur–Reykjanes	3			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
635	Snæfjallastrandarvegur				
01	Djúpvegur–Nauteyri		16	7	
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur–Hella	27	10		30
643	Strandavegur				
04	Um Bala				10
704	Miðfjarðarvegur				
04	Lýsing við Laugarbakka			3	
711	Vatnsnesvegur				
02–03	Skarð–Bergsstaðir				29
722	Vatnsdalsvegur				
01–04	Hringvegur–Hringvegur		27		12
724	Reykjabraut				
01	Um Orrastaðaflóa		13		
752	Skagafjarðarvegur				
02	Héraðsdalsvegur–Svartárdalsvegur	30		30	
03	Um Tunguháls			6	
754	Héraðsdalsvegur				
01	Um Langamel	1			
792	Flugvallarvegur Siglufirði				
	Lýsing	3			
	Skíðavegur í Tindastól		2	4	4
83	Grenivíkurvegur				
02	Laufás–Ártún			53	9
807	Skíðadalsvegur				
01	Sakka–Hofsá		31		
833	Illugastaðavegur				
02	Skógar–Hróastaðir	15			
845	Mývatnsvegur				
01	Hringvegur–Vagnbrekka	27			
01	Neslandavík–Kísilvegur		17		43
853	Hvammavegur				
01	Hagi–Ystihvammur		3		
	Þingey, göngubrú				3
85	Norðausturvegur				
40	Hlíðarvegur–Deildarlækur	5	10	7	
94	Borgarfjarðarvegur				
06	Um Selfljót	17	6		
07	Á Vatnsskarði			20	27
08	Skriður–Framnes			7	
919	Sunnudalsvegur				
01	Hlíðarvegur–Refstaður			6	
924	Jökuldalsvegur eystri				
01	Jökulsá hjá Hjarðarhaga				10
925	Hróarstunguvegur				4
931	Upphéraðsvegur				
04	Brekkugerði–Hengifossá		22		
953	Mjóafjarðarvegur	10			
964	Breiðdalsvegur				
02	Utan Randversstaða				2
	Óráðstafað			19	20
	Samtals	280	336	372	392

3. Til brúagerða.

Brýr 10 m og lengri.

	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Skillandsá (37)	19			
Yfirfall við Hrauneyjafoss (F26, landsv.)	8			
Laxá á Breið (574)	17			
Brimilsgjá (69)	7			
Selfljót hjá Unaósi (94)	57			
Eyvindará (93)	31	51		
Laxá í Fljótshverfi (1)		7		
Húsá í Mýrdal (1)		13		
Jökulfall á Kerlingarfjallav. (F347, landsv.)		10		
Þverá í Brekkudal (60)		14		
Húseyjarkvísl (1)		33		
Djúpá hjá Krossi (1)		16		
Óxará hjá Valhöll (363, landsv.)			26	
Víðidalsá í Steingrímsfirði (61)			16	
Fnjóská hjá Laufási (83)			62	
Virkisá (1)			26	
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924)			8	
Hörgsá (1)				52
Bláfeldará (54)				8
Brákarsund (531, styrkvegur)				46
Djúpadalsá (1)				31
Óráðstafað			6	7
	139	144	144	144

4. Við III. FLOKKUN VEGA.

49 Nesbraut: Af Hringvegi við Jörfa, um Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda að heilsugæslustöð.

405 Sviðholtsvegur: Af Álftanesvegi gegnt Bessastaðavegi, að Hákotsvör.

414 Flugvallarvegur Reykjavík: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, um Njarðargötu og Þorragötu að flugvelli.

415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Moldahrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Jörfa.

419 Höfðabakki: Af Reykjanesbraut austan Blesugrófar í Reykjavík, yfir Elliðaár nálægt Árbæ, um Ártúnshöfða, yfir Grafarvog á Hallsveg.

429 Sandgerðisvegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, um Miðnesheiði að Sandgerði.

432 Hallsvegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells, á Sundabraut nálægt Gufunesi.

450 Sundabraut: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) nálægt Holtavegi, yfir Elliðavog, um Gunnunes og Álfsnes, á Hringveg í Kollafirði.

452 Faxagata: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að ferjubryggju.

453 Sundagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að Kleppsbakka.

454 Holtagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að Holtagörðum.

4250 Útgarðsvegur: Af Garðskagavegi í Garði, um Útskála, á Garðskagaveg hjá Fitjum.

4319 Blikastaðavegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells að Blikastöðum

4324 Dalsárvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Dalsá.

4326 Reykjahlíðarvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Reykjahlíð.
4336 Æsustaðavegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Röðli.
72 Hvammstangavegur: Af Hringvegi hjá Stóraósi að Hvammstangahöfn.
740 Hafnarvegur Blönduósi: Af Hringvegi um Húnabraut og Hafnarbraut að höfn.
747 Hafnarvegur Hofsósi: Af Hofsósbraut um Norðurbraut og Hafnarbraut að höfn.
7420 Ásholtsvegur: Frá Skagaströnd að Ásholti.
7825 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár, um Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns, á Siglufjarðarvegi norðan Sléttuhlíðarvatns.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá, um Hákonarstaði, að Aðalbóli.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi um Hafnarbraut að höfn.

Við 3.2. FLOKKUN STOFN- OG TENGIVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA.

3.2.1. Stofnvegir

35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.
42 Krýsuvíkurvegur.
Reykjanesbraut–Vatnsskarð og Ísólfsskálavegur–Þorlákshafnarvegur.
427 Ísólfsskálavegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
452 Faxagata.
453 Sundagarðar.
454 Holtagarðar.

757. Frumvarp til laga [442. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson.

1. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað „8 þingsætum“ í upphafi b-liðar fyrri mgr. kemur: 9 þingsætum.
b. 1. tölul. b-liðar fyrri málsgreinar orðast svo: Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu almennu alþingiskosningum á undan með tölunum 10, 13, 16, 19 o.s.frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
c. C-liður fyrri málsgreinar fellur brott.

3. gr.

Í stað „Sameinað Alþingi“ í 8. gr. laganna kemur: Alþingi.

4. gr.

Í stað „sameinuðu Alþingi“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Alþingi.

5. gr.

B-liður 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: hreppstjórar.

6. gr.

Í stað „sjö“ í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: þremur.

7. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna.

a. Í stað „24 dögum“ í 1. mgr. kemur: tíu dögum.
b. Í stað „Áður en kjörskrá er lögð fram skal“ í upphafi 2. mgr. kemur: Nú er kjörskrá ekki lögð fram á skrifstofu sveitarstjórnar og skal þá.

9. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðuneytið skal eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

10. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni, ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá svo sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. eða ef umsókn þess sem fellur undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. 15. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.

11. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 21. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá, svo og oddvita yfirkjörstjórnar.

12. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi jafnlengi og segir í 19. gr. og skal þá kveða á um það efni í auglýsingu ráðherra um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að kveða nánar á um þetta, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, ef gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu sveitarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

13. gr.

24. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Í stað „þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: 15 dögum fyrir kjördag.

15. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnum og hún hefur afgreitt listana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð, stöðu þeirra og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í útvarpi auglýsingu, og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram. Auglýsingar þessar skal birta eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

16. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

17. gr.

Í stað „Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér“ í 1. mgr. 60. gr. laganna kemur: Sýslumenn og hreppstjórar varðveita atkvæðakassana og poka sem þeim fylgja milli kosninga og sjá.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað „bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti)“ í 1. mgr. kemur: sýslumenn.
b. Í stað „bæjarfógeta (borgarfógeta)“ í 2. mgr. kemur: sýslumanni.
c. Í stað „bæjarfógeti (borgarfógeti)“ í 3. mgr. kemur: sýslumaður.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 113. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í fjórum áföngum“ í 3. mgr. kemur: í þremur áföngum.
b. 4. tölul. 3. mgr. fellur brott.

20. gr.

2.–4. málsl. 1. mgr. 114. gr. laganna falla brott.

21. gr.

Orðin „með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr.“ í 1. mgr. 127. gr. laganna falla brott.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal dómsmálaráðuneytið auglýsa á ný í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti skv. a- og b-lið 5. gr. laganna skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum.

II.

Í kosningum, þeim sem fram fara næst eftir gildistöku laga þessara, getur dómsmálaráðherra ákveðið að kosning skuli standa í tvo daga. Ákvörðun þessa efnis skal ráðherra birta í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) í síðasta lagi tveimur dögum fyrir kjördag.

Nú hefur verið ákveðið að kosning skuli standa í tvo daga og getur kjörstjórn þá ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð skv. 82. gr. laganna nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar. Yfirkjörstjórn í Reykjavík og kjörstjórn skv. 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. í öðrum kaupstöðum tekur ákvörðun um lok kosninga í hlutaðeigandi kaupstað.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. mgr. 120. gr.

Hinn fyrri kjördag skal hvarvetna setja kjörfund eigi síðar en kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag eigi síðar en kl. 12 á hádegi.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. mgr. 120. gr. og áður en kosningu lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi er setja skal eigi síðar en kl. 12 á hádegi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. mgr. 120. gr.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur verið starfandi nefnd, sem skipuð var af forsætisráðherra, til að vinna að endurskoðun kosningalaga. Nefndin er enn að störfum en þegar hefur náðst samkomulag innan hennar um að leggja til breytingar á kosningalögum sem tækju gildi við næstu alþingiskosningar sem fara munu fram 8. apríl nk. Felst hún í því að fella brott úr lögunum ákvæði um þingsæti sem er óbundið kjördæmi, svonefnt „flakkarasæti“, og færa það til Reykjavíkurkjördæmis. Í c-lið 2. mgr. 31. stjórnarskrárinnar er heimild til þess að hafa eitt þingsæti óbundið kjördæmum fyrir kosningar og láta það ráðast af kosningaúrslitum í hvaða kjördæmi það fer. Eru nánari ákvæði um þetta í 113. gr. kosningalaga. Með frumvarpi þessu eru þau ákvæði laganna felld brott.

Með stjórnarskrárbreytingunni 1991, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 56 31. maí 1991, var breytt nokkrum ákvæðum stjórnarskrárinnar er varða ákvæði í lögum um kosningar til Alþingis. Er þar um að ræða hin nýju ákvæði um kjördag í 45. gr. og um boðun kosninga við þingrof í 24. gr., svo og ákvæði um kjörgengi dómara í 34. gr. og ákvæðin um afnám deildaskiptingar Alþingis. Frumvarp þetta er því öðrum þræði flutt til að samræma ákvæði kosningalaganna þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Enn fremur eru með frumvarpinu lagðar til nokkrar aðrar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, einkum að því er varðar gerð kjörskráa. Eru tillögur þessar unnar á vegum dómsmálaráðuneytisins.

Með breytingu á kosningalögunum 1991 var viðmiðunardagur kjörskrár færður frá því að vera miðaður við raunverulegt lögheimili í sveitarfélagi 1. desember áður en kjörskrá var lögð fram í það að vera miðaður við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag. Þessi breyting var möguleg vegna breytinga á tölvubúnaði þjóðskrárinnar þar sem allar breytingar á lögheimili eru skráðar jafnóðum en ekki uppfærðar einu sinni á ári svo sem áður var. Á þeim tíma (1991) þótti ekki ráðlegt að færa viðmiðunardaginn nær kjördegi en sjö vikum fyrir kjördag. Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 1994 var viðmiðunardagurinn hins vegar færður í að vera fimm vikum fyrir kjördag, sbr. lög nr. 19 22. mars 1994. Þessi skipulagsbreyting hefur haft í för með sér að tilefnum til að gera athugasemdir við framlagða kjörskrá hefur fækkað verulega þar sem ekki er lengur heimilt að taka tillit til flutnings sem ekki hefur verið til-

kynntur í tæka tíð. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel í tvennum kosningum. Því þykir nú unnt að einfalda kærumeðferð vegna kjörskrárgerðar frá því sem verið hefur. Er þá jafnframt komin forsenda þess að færa viðmiðunardaginn enn nær kjördegi. Með frumvarpinu er því lagt til að kjörskrárgerð verði miðuð við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Vegna breyttra reglna um þingrof og boðun kosninga skv. 45. gr. stjórnarskrárinnar er einnig nauðsynlegt að færa viðmiðunardag kjörskrár nær kjördegi þar sem nú skal boða til kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því gert var kunnugt um þingrof. Jafnframt þessu eru lagðar til breytingar til einföldunar á meðferð athugasemda sem kunna að koma fram við framlagða kjörskrá.

Nánar verður vikið að einstökum breytingartillögum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin er í samræmi við breytt ákvæði 34. gr. stjórnarskrárinnar. Í stað vísunar til umboðsstarfalausra dómara er tekið fram að einungis hæstaréttardómarar hafi ekki kjörgengi.

Um 2. gr.

Í b-lið 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar segir að ráðstafa skuli a.m.k. 8 þingsætum til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum. Fram til þessa (1987 og 1991) hafa þessi sæti farið til þriggja kjördæma: 4 til Reykjavíkur, 3 til Reykjaness og 1 til Norðurlandskjördæmis eystra. Við næstu kosningar fara hins vegar 4 sæti til Reykjavíkur og 4 til Reykjaness. Með frumvarpinu er lagt til að þessum sætum verði fjölgað um eitt, þ.e. um óbundna sætið, og þau verði 9. En til þess að það sæti fari til Reykjavíkur þarf að breyta reiknireglunni í 1. tölul. b-liðar fyrri málsgreinar 5. gr. kosningalaganna. Með því að stytta bilið milli talnanna í rununni fæst sú niðurstaða sem stefnt er að. Samkvæmt kjósendatölu við síðustu kosningar munu samkvæmt þessu frumvarpi fara 5 sæti til Reykjavíkur, verða samtals 19, og 4 sæti til Reykjaness, verða samtals 12.

Um 3. og 4. gr.

Breytingin er vegna afnáms deildaskiptingar Alþingis.

Um 5. gr.

Í b-lið 1. mgr. 13. gr. kosningalaga segir að þegar sýslumaður og hreppstjóri eru búsettir á sama stað skuli sýslumaður vera kjörstjóri utan kjörfundar. Skv. 1. gr. laga um hreppstjóra, eins og greininni var breytt með lögum nr. 50/1989, skal hreppstjóri ekki vera í sveitarfélagi þar sem sýslumaður hefur aðsetur. Ákvæðið eins og það er orðað er því úrelt og er lagt til að niðurlag b-liðar verði fellt brott.

Um 6. gr.

Með breytingu á 15. gr. kosningalaganna 1991 var ákveðið að kjörskrá skuli miðuð við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag. Fram til þess hafði verið miðað við raunverulegt lögheimili í sveitarfélagi 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá var lögð fram. Með breytingu á 24. gr. stjórnarskrárinnar 1991 var ákveðið að við þingrof skuli boða til kosninga áður en 45 dagar eru

liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrof. Nauðsynlegt er því að færa gerð kjörskrárinnar nær kjördegi. Miðað við tölvubúnað þjóðskrárinnar er það ekki annmörkum háð. Er hér lagt til að kjörskrár við alþingiskosningar verði miðaðar við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að ákvæði um aðfinnslur og kærur til sveitarstjórna og meðferð sveitarstjórna, sem nú eru í 18. og 20.–22. gr. kosningalaga, verði einfölduð og komi í 21. og 22. gr. laganna, sbr. 10. og 11. gr. frumvarpsins. Því er lagt til að 18. gr. laganna falli brott.

Um 8. gr.

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að kjörskrá miðist við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Því verður að breyta ákvæði í 19. gr. kosningalaganna um það hvenær kjörskrá skuli lögð fram. Ætla þarf þjóðskrá tíma til að ganga frá gerð kjörskrárstofna til sveitarstjórna, þar með talin prentun stofnanna og dreifing. Er við það miðað að sveitarstjórnir geti lagt kjörskrár fram tíu dögum fyrir kjördag. Gert er ráð fyrir að hver sveitarstjórn auglýsi hvar kjörskrá muni liggja frammi svo sem verið hefur.

Samkvæmt 19. gr. laganna skal leggja kjörskrá fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað. Í 2. mgr. segir að áður en kjörskrá er lögð fram skuli auglýst hvar það verður gert. Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að dómsmálaráðuneytið birti 12 dögum fyrir kjördag auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Er þá óþarft að hver sveitarstjórn birti auglýsingu um framlagningu kjörskrár. Hins vegar er rétt að þar sem kjörskrá er ekki lögð fram á skrifstofu sveitarstjórnar verði birt auglýsing um það hvar hún verður lögð fram svo sem verið hefur.

Um 9. gr.

Vegna þess hve stuttur tími verður til kjördags þegar kjörskrá verður lögð fram er lagt til að dómsmálaráðuneytið birti sérstaka auglýsingu í útvarpi og dagblöðum um framlagningu kjörskráa. Auglýsing þessi verði birt eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag. Verði þar tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við framlagða kjörskrá skuli senda þær til hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Um 10. gr.

Vegna hinna breyttu reglna um gerð kjörskrár, sem tekin var upp 1991, hefur fækkað mjög þeim tilvikum sem geta orðið tilefni athugasemda við kjörskrá. Kjörskráin er nú samin miðað við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár tilteknum tíma fyrir kjördag eða í samræmi við umsóknir sem borist hafa Hagstofu Íslands á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laganna. Álitaefni vegna lögheimilis hafa því nánast horfið og tilefni athugasemda við kjörskrá eru nú nánast eingöngu vegna nýrra ríkisborgara sem fá ríkisborgararétt með lögum í þinglok stuttu fyrir kosningar. Hefur þegar fengist góð reynsla af þessum ákvæðum í tvennum kosningum, alþingiskosningum 1991 og sveitarstjórnarkosningum 1994. Kjörskrárgerðin öll er einnig öruggari og einfaldari en áður og kjörskrárkærum og dómum hefur fækkað til mikilla muna.

Vegna þessa þykir ekki ástæða til að viðhalda sömu reglum um meðferð breytinga á framlagðri kjörskrá og nú eru í lögum og er lagt til að meðferðin verði öll einfölduð. Er við það miðað að sveitarstjórn taki athugasemdir sem berast vegna kjörskrár þegar til meðferðar og að hún geri viðeigandi ráðstafanir til leiðréttingar, ef við á. Þessar leiðréttingar megi gera fram á kjördag. Slíkar athugasemdir geta stafað af mistökum við kjörskrárgerð og er eðlilegt að slík mistök megi leiðrétta á einfaldan hátt. Tekið er þó sérstaklega fram að ekki megi breyta kjörskránni ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá svo sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna eða ef umsókn þess sem fellur undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna (Íslendingur sem búsettur hefur verið meira en átta ár erlendis) um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofunni í samræmi við ákvæði 2. mgr. 15. gr. Verður að treysta því að sveitarstjórnir virði þessar reglur. Eiginleg álitaefni verða þannig nánast eingöngu þau að mistök hafi orðið við samningu kjörskrár þannig að nafn vanti eða hafi fallið niður fyrir vangá. Er eðlilegt að slíkt verði leiðrétt strax og það kemur í ljós. Önnur tilefni leiðréttinga varða einkum andlát og öflun eða missi íslensks ríkisfangs. Er lagt til að sveitarstjórn leiðrétti kjörskrá af sjálfsdáðum þegar henni berst vitneskja um slík atvik.

Ekki þykir ástæða til að setja sérstök ákvæði um meðferð sveitarstjórnar á breytingum sem þannig verða gerðar á framlagðri kjörskrá. Um það efni gilda almenn ákvæði stjórnsýslulaga. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn geti fram á kjördag gert leiðréttingu á kjörskrá. Meðferð á leiðréttingum þarf af eðlilegum ástæðum að hraða og gæta verður þess að gefa aðila er mál varðar færi á að koma að athugasemdum.

Um 11. gr.

Hér eru dregin saman ákvæði sem nú eru í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. og 22. gr. kosningalaga.

Um 12. gr.

Vegna breytinga, sem 7.–11. gr. frumvarpsins fela í sér á 18.–22. gr. kosningalaga, er nauðsynlegt að aðlaga ákvæði 23. gr. laganna hinum nýju ákvæðum.

Um 13. gr.

Með hinum nýju reglum er kjörskrárgerð orðin miklu öruggari og einfaldari en áður. Tilefni breytinga eru einnig færri og úrlausn álitaefna sem leiðrétta þarf augljósari. Sveitarstjórn er ætlað að afgreiða leiðréttingar, svo sem vegna nýrra ríkisborgara, af sjálfsdáðum og fram á kjördag. Tilefni dómsmála hverfa þannig og er lagt til að sérákvæði 24. gr. kosningalaganna um meðferð kjörskrármála fyrir dómi verði felld úr gildi.

Að því leyti sem tilefni yrði til dómsmáls mundu almenn ákvæði laga um meðferð einkamála eiga við og innan þeirra ákvæða vegna eðlis kjörskrármála á að vera unnt að tryggja hraða málsmeðferð. Að því er dómsgjöld varðar, sbr. 2. mgr. 24. gr. laganna, er þess að geta að kjörskrármál eru undanþegin dómsmálagjöldum skv. 5. tölul. 5. mgr. 1. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991.

Um 14. gr.

Með breytingu á kosningalögum 1991 var ákveðið að framboðsfrestur skyldi renna út á hádegi þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags. Við það hafði verið miðað að fresturinn rynni út á föstudegi, en í 38. gr. laganna er kveðið á um að þegar framboðsfrestur er liðinn haldi yfirkjörstjórn fund á næsta virkum degi. Við alþingiskosningarnar 1991 var framboðsfrestur látinn renna út á föstudegi. Við sveitarstjórnarkosningarnar 1994 var sams konar ákvæði í sveitarstjórnarlögum hins vegar túlkað þannig að fresturinn rynni út á laugardegi. Lagt er til að ákvæði 26. gr. um það hvenær framboðsfrestur rennur út verði gert skýrara, miðað við að fresturinn renni út á föstudegi, og að ákveðið verði að fresturinn renni út á hádegi 15 dögum fyrir kjördag. Er þannig gert ráð fyrir að yfirkjörstjórn hafi laugardaginn til að afgreiða framboð til landskjörstjórnar en landskjörstjórn á að hafa afgreitt framboðslista og birt auglýsingu um framboð eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag, þ.e. á miðvikudegi.

Um 15. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. kosningalaga skal landskjörstjórn birta auglýsingu um öll framboð með nöfnum frambjóðenda í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Lagt er til að felld verði niður lagaskylda til að birta auglýsingu þessa í útvarpi, en að hins vegar verði birt auglýsing frá landskjörstjórn þar sem fram komi listabókstafir og heiti stjórnmálasamtaka í hverju kjördæmi. Kostnaður við birtingu auglýsingar landskjörstjórnar í Ríkisútvarpinu með nöfnum allra frambjóðenda fyrir alþingiskosningarnar 1991 nam um 2,5 millj. kr.

Við það er miðað að auglýsing landskjörstjórnar verði birt í dagblöðum sem hafa dreifingu um land allt svo sem tíðkað hefur verið. Jafnframt er við það miðað að hver yfirkjörstjórn annist birtingu auglýsingar frá landskjörstjórn um framboðslista í sínu kjördæmi í landsmálablöðum innan kjördæmisins svo sem verið hefur.

Um 16. gr.

Í 57. gr. kosningalaga segir nú að kjördagur við almennar reglulegar alþingiskosningar skuli vera annar laugardagur í maímánuði. Með stjórnarskrárbreytingunni 1991 var sú regla fest í 45. gr. stjórnarskrárinnar að reglulegar kosningar til Alþingis megi ekki dragast fram yfir lok kjörtímabils og lok kjörtímabils skilgreind nánar í greininni. Stendur umboð alþingismanna nú til kjördags, sbr. 24. gr. stjórnarskrárinnar, jafnvel þótt hann sé einhverjum dögum (allt að viku) innan fjögurra ára markanna, enda er þá kjörtímabilið á enda. Almennur kjördagur verður þá framvegis annaðhvort við lok kjörtímabils eða hann ákveðinn með þingrofi, sbr. 122. gr. kosningalaga.

Með frumvarpsgreininni er lagt til að 57. gr. verði breytt til samræmis við 45. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt er haldið ákvæði um þau tilvik sem upp koma ef kosningu er frestað eða uppkosning fer fram, sbr. 120. og 121. gr. laganna.

Um 17. og 18. gr.

Með 97. gr. laga nr. 92/1991 var breytt nokkrum ákvæðum kosningalaga í tengslum við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Í ljós kemur að 60. og 71. gr. kosningalaga var ekki breytt en í þeim er vikið að embættum bæjarfógeta og borgarfógeta í Reykjavík. Greinarnar miða að því að bæta úr þessum mistökum.

Um 19. og 20. gr.

Greinarnar leiðir af þeirri breytingu sem 2. gr. frumvarpsins felur í sér, þ.e. að fella niður ákvæði laganna um óbundna þingsætið.

Um 21. gr.

Breytinguna leiðir af því að með 13. gr. frumvarpsins er lagt til að 24. gr. kosningalaga falli brott.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Verði frumvarp þetta samþykkt er nauðsynlegt að dómsmálamálaráðuneytið gefi út nýja auglýsingu um skiptingu þingsæta milli kjördæma, sbr. lokamálsgrein 5. gr. laganna og auglýsingu nr. 473/1991.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með ákvæði þessu er lagt til að dómsmálaráðherra geti ákveðið að næstu kosningar til Alþingis, sem áformaðar eru 8. apríl nk., skuli einnig fara fram sunnudaginn eftir auglýstan kjördag. Þykir rétt að hafa heimild til að ákveða slíkt með hliðsjón af því að á þessum árstíma kunna samgöngur að bregðast og tíðarfar að spillast. Ekki þykir þó ástæða til að lögbjóða tvo kjördaga heldur er gert ráð fyrir að ákvörðun um það efni verði tekin og birt í Ríkisútvarpi í síðasta lagi tveimur dögum fyrir kjördag, þ.e. á fimmtudegi.

Ef ráðherra ákveður að kosning skuli fara fram í tvo daga er lagt til að fylgt verði þeim reglum sem að jafnaði hafa tíðkast þegar kjördagar hafa verið ákveðnir fleiri en einn þannig að kjörstjórn geti ákveðið að kjördagur verði einungis einn í kjördeild enda sé öll kjörstjórnin því sammála og allir umboðsmenn sem mættir eru, svo og ef 80% kjósenda í kjördeild hafa greitt atkvæði.

758. Nefndarálit [297. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Frumvarp það, sem hér er til umfjöllunar, á rætur að rekja til ákvörðunar Alþingis á hátíðarfundi á Þingvöllum 17. júní 1994, en þá samþykkti þingið ályktun um að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar. Þá lágu fyrir tillögur stjórnarskrárnefndar og sérfræðinga hennar frá 5. apríl 1994 og sagði í þingsályktuninni að höfð skyldi hliðsjón af þeim. Á síðara stigi var einnig ákveðið að leggja til breytingar á trúfrelsisákvæðum VI. kafla.

Hér er því um að ræða þingmál sem á sér þann óvenjulega aðdraganda að Alþingi sjálft hefur með samhljóða ályktun á hátíðarfundi lagt drög að málinu. Það er m.a. í því ljósi sem þingnefndin hefur lagt áherslu á að ljúka afgreiðslu frumvarpsins á þessu þingi þó að sjálfsögðu séu þær mikilvægu réttarbætur sem í því felast aðalatriðið.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 15. desember sl. og fór 1. umræða fram 19. desember. Nefndinni hafa borist fjölmargar ábendingar um efni þess enda birti hún auglýsingu í dagblöðum þar sem lýst var eftir athugasemdum um frumvarpið hjá þeim sem kynnu að vilja koma slíku á framfæri. Auglýsingin birtist 30. desember og 6. janúar sl. Þetta er nýmæli í meðferð þingmála sem nefndin telur að hafi verið árangursrík leið til að kynna málið og vekja um það umræðu. Auk þessa var leitað formlega eftir umsögnum hjá mörgum aðilum og gefinn frestur til 20. janúar að skila þeim. Í raun voru umsagnir hins vegar að berast nefndinni allt þar til hún afgreiddi málið frá sér.

Nefndin hefur fjallað um málið á mörgum fundum og bárust henni umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, Amnesty International, Barnaheillum, BHMR, biskupi Íslands, Blaðamannafélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Dýraverndunarfélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hjálparstofnun kirkjunnar, Jafnréttisráði, Kvenréttindafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða krossi Íslands, réttarfarsnefnd, ríkissaksóknara, Rithöfundasambandi Íslands, Sambandi ungra jafnaðarmanna, Samtökunum 78, Siðmennt, sjö stéttarfélögum á Akureyri, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sýslumannafélagi Íslands, Verkamannafélaginu Dagsbrún, Verkamannasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Þá bárust sameiginlegar athugasemdir frá lögfræðingunum Atla Gíslasyni, Láru V. Júlíusdóttur, Arnmundi Backman og Bryndísi Hlöðversdóttur. Einnig bárust athugasemdir frá Önnu Bjarkan, Arnljóti Bjarka Bergssyni og Bergi L. Guðmundssyni, Birni Ragnari Björnssyni, Eggerti E. Laxdal, Evu D. Þórðardóttur, Guðmundi Guðmundssyni, Guðna Á. Haraldssyni, Halldóri E. Sigurbjörnssyni, Herði H. Helgasyni, Hirti Torfasyni, Jónasi Haraldssyni, Ómari Sævari Harðarsyni, Pjetri Hafstein Lárussyni og Vilhjálmi Þórhallssyni. Loks fékk nefndin álit á ákveðnum þáttum er lúta að 12. gr. frumvarpsins frá Elínu Blöndal lögfræðingi.

Á fund nefndarinnar komu Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Þorgeir Örlygsson prófessor og Eiríkur Tómasson prófessor, frá Mannréttindaskrifstofunni Ragnar Aðalsteinsson stjórnarformaður, Margrét Heinreksdóttir og Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, frá ASÍ Benedikt Davíðsson forseti, Atli Gíslason hrl. og Bryndís Hlöðversdóttir lögfræðingur og frá Verslunarráði Íslands Jónas Fr. Jónsson lögfræðingur.

I.

Ábendingar og athugasemdir sem borist hafa eru af margvíslegum toga. Ýmsir umsagnaraðilar gera engar athugasemdir og leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eða lítt breytt. Má þar t.d. nefna Sýslumannafélagið, ríkissaksóknara og réttarfarsnefnd. Lögmannafélag Íslands sendi nefndinni tvenns konar gögn, fyrst umsögn, dags. 30. janúar 1995, þar sem safnað hafði verið saman ýmsum sjónarmiðum um málið og fram koma margháttaðar ábendingar en síðar áskorun, dags. 10. febrúar 1995, þar sem hvatt er til þess að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Mannréttindaskrifstofa Íslands og aðilar henni tengdir hafa gert margar athugasemdir og hafa sumir sent nefndinni ítarlegar greinargerðir. Telur nefndin að slík vinnubrögð séu lofsverð í máli sem þessu og að þau gögn, sem safnast hafa fyrir við meðferð málsins, séu mikilvægt framlag við áframhaldandi umfjöllun um stjórnarskrárbreytingar. Það er einnig skoðun nefndarinnar að sú mikla opinbera umræða, sem skapast hefur um þetta mikilvæga mál, hafi verið mjög jákvæð þótt hún hafi verið harkaleg á köflum. Hefur sú umræða beint sjónum

nefndarmanna að ýmsu sem betur mátti fara í frumvarpinu en ekki síður orðið til að efla skilning og áhuga almennings á þessu mikilvæga frumvarpi og þeim réttindum sem það fjallar um.

Gagnrýnt hefur verið að efnahagslegum, menningarlegum og félagslegum réttindum sé ekki gert nægilega hátt undir höfði í frumvarpinu og þau ekki tilgreind með sama hætti og í alþjóðlegum sáttmálum um vernd mannréttinda sem Ísland hefur gerst aðili að. Á síðarnefnd ábending við um fleiri atriði í frumvarpinu og hefur nefndin rætt þessa gagnrýni á fundum sínum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í umræddum sáttmálum felst ekki skuldbinding af hálfu aðildarríkjanna til að stjórnarskrárbinda þau réttindi sem þeir kveða á um. Lögð er áhersla á að við samningu frumvarpsins hefur mest verið tekið mið af stjórnarskrám Vestur-Evrópuríkja sem Íslendingum standa næst. Ekki þykir heppilegt að ákvæði stjórnarskrár séu of ítarleg þar sem sú hætta er fyrir hendi að gagnályktun verði beitt gagnvart öðrum mikilvægum samningsbundnum atriðum sem ekki eru tekin með í stjórnarskrá. Margir draga í efa gildi þess að setja í stjórnarskrár almennar stefnuyfirlýsingar sem iðulega er ekki hægt að byggja beinan lagalegan rétt á.

Hvað varðar þau atriði, sem koma fram í alþjóðasamningum um mannréttindi, þykir ekki með hliðsjón af framangreindu ástæða til að tíunda þau öll enda væri það ógerningur. Samningarnir munu halda óbreyttu gildi fyrir Ísland þótt ákvæði þeirra séu ekki öll í stjórnarskránni. Þeir munu áfram skuldbinda Ísland að þjóðarétti og eftir atvikum landsrétti eftir því sem þeir eru og munu verða lögfestir. Nefndinni þykir fara betur á því að stjórnarskráin geymi aðeins ákveðin mikilvæg grundvallarréttindi sem nánar verði útfærð í lögum. Það er síðan hlutverk dómstóla að túlka ákvæði stjórnarskrár og landsréttar með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands ef svo ber undir.

Ekki er með réttu hægt að halda því fram að efnahagsleg og félagsleg réttindi sé ekki að finna í frumvarpinu. Slík ákvæði eru í 14. gr. frumvarpsins, en þar er í 1. mgr. kveðið á um að allir, sem þess þurfa, eigi rétt á aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis og sambærilegra atvika eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og enn fremur segir í 2. mgr. að allir eigi rétt á almennri menntun og fræðslu við sitt hæfi eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum. Loks er í 3. mgr. 14. gr. kveðið á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í þessu sambandi má einnig vekja athygli á að gerð er tillaga um breytt orðalag 1. og 2. mgr. þessarar greinar til þess að skerpa nokkuð orðalagið um þessi réttindi.

Þess má geta að 1. mgr. 14. gr. er mun ítarlegri en núgildandi 70. gr. stjórnarskrárinnar en hún fjallar um rétt manna um styrk úr almennum sjóði fái þeir eigi séð fyrir sér og sínum. Einnig gengur 2. mgr. 14. gr. mun lengra en 71. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um skyldu til að sjá börnum fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé hafi foreldrar þeirra ekki efni á því sjálf eða ef börnin eru munaðarlaus eða öreigar. Þá geymir stjórnarskráin ekki sambærilegt ákvæði og 3. mgr. 14. gr.

Ákvæði um félagsleg og efnahagsleg réttindi er einnig að finna í 2. mgr. 13. gr. en þar segir að rétti manna varðandi vinnu og orlof skuli skipað með lögum. Þetta ákvæði er nýmæli. Orðalag þess hefur sætt gagnrýni og eru lagðar til breytingar á ákvæðinu eins og skýrt verður hér að neðan.

Í frumvarpinu er þannig gert ráð fyrir að mikilvæg efnahagsleg og félagsleg réttindi séu vernduð í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og ganga ákvæði frumvarpsins mun lengra en núgildandi ákvæði.

Einnig hefur verið gagnrýnt að ekki skuli vera í frumvarpinu almennt ákvæði þess efnis að tiltekin réttindi megi ekki skerða þótt almennt neyðarástand ríki, sbr. 4. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, þar á meðal réttinn til lífs, bann gegn pyndingum og illri meðferð, bann gegn afturvirkri refsingu fyrir afbrot og frelsi hvað varðar hugsun, sannfæringu og trú. Ekki var talið rétt að flokka réttindi með þessum hætti því það gæti skilist sem svo að réttlætanlegra væri að skerða sum grundvallarréttindi fremur en önnur. Einnig má benda á að ef mikilvæg ákvæði stjórnarskrár eru á annað borð brotin á neyðartímum er lítil trygging fyrir því að ákvæði um neyðarástand verði ekki líka brotið. Ákvæðið gæti því reynst næsta haldlítið ef slík upplausn ætti sér stað. Ekki er því lagt til að ákvæði um almennan neyðarrétt verði í stjórnarskránni. Það er skoðun nefndarinnar að öll stjórnarskrárákvæði beri alltaf að hafa í heiðri, jafnt á neyðartímum sem og öðrum tímum, og því verður að treysta.

Þá hafa borist ábendingar, bæði frá einstökum nefndarmönnum og utanaðkomandi aðilum, um að bæta við frumvarpið ákvæðum, m.a. um eignarrétt að náttúruauðlindum landsins, og þá fyrst og fremst um auðlindir hafsins, og ákvæðum er snúa að umhverfisrétti, um náttúruvernd, útivist og dýravernd. Enn fremur að jafnað verði vægi atkvæða allra landsmanna, réttur til útgáfu bráðabirgðalaga afnuminn, þjóðaratkvæðagreiðslur teknar upp í tilteknum tilvikum, takmörk sett við skattlagningarvaldi Alþingis og kveðið verði á um að herskyldu megi aldrei í lög leiða. Um þessi atriði náðist hins vegar ýmist ekki samstaða innan nefndarinnar eða þau voru talin utan verksviðs hennar þar eð um þau væri fjallað í öðrum köflum stjórnarskrárinnar en þeim sem núverandi endurskoðun nær til. Hlutu þau því ekki frekari umfjöllun.

II.

Auk framangreindra atriða hafa verið ræddar þær athugasemdir sem bárust um einstakar greinar frumvarpsins. Verður nú gerð grein fyrir meginefni þeirra.

Um 1. gr. Fram hafa komið ábendingar um að betur færi á því að nota orðið „allir“ í merkingunni allir sem löglega eru búsettir í landinu í stað þess að nota orðið landsmenn. Nefndin fellst á þessa ábendingu og telur að þar með sé allur vafi af tekinn um rétt útlendinga sem búsetu hafa hér á landi til að stofna trúfélög.

Um 2. gr. Bent hefur verið á að orðið „þegnskylda“ í greininni hafi annarlegan blæ en það kemur í stað orðanna „almenn félagsskylda“ í núgildandi stjórnarskrá. Hafa sumir umsagnaraðilar lagt til að inn komi hugtakið „borgaraleg skylda“. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að nota orðalagið „almenn þegnskylda“ en hér er um það að ræða að menn geti ekki sakir trúarbragða sinna færst undan þeim skyldum sem eiga við um þau tilvik sem rakin eru í greinargerð með ákvæðinu.

Um 3. gr. Ákvæðið hefur að geyma almenna jafnræðisreglu þar sem segir að allir skuli jafnir fyrir lögum. Er kveðið á um að það sé án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Gagnrýni hefur borist um 3. gr. sem snýr í fyrsta lagi að því að ákveðnir hópar, svo sem fatlaðir, samkynhneigðir og fleiri sem telja sig ekki njóta jafnréttis í þjóðfélaginu, séu ekki sérstaklega tilgreindir í ákvæðinu. Í öðru lagi komi ekki fram í greininni nægilega skýrt ákvæði um jafnrétti karla og kvenna. Í þriðja lagi vanti ákvæði um að allir skuli njóta mannréttinda, sbr. 2. gr. tillagna stjórnarskárnefndar frá 5. apríl 1994. Loks komi ekki nægilega skýrt fram hvort svonefnd „jákvæð mismunun“ sé heimil þrátt fyrir orðalag ákvæðisins, þ.e. að heimilt sé að veita ákveðnum þjóðfélagshópum, einkum konum, ríkari rétt en öðrum á meðan verið er að útrýma misrétti.

Hvað fyrsta atriðið varðar er bent á að upptalningin í ákvæðinu er ekki tæmandi og endar hún á orðunum „og stöðu að öðru leyti". Í því felst að sjálfsögðu að jafnræðisreglan nær til allra þjóðfélagshópa og sá nefndin ekki ástæðu til að lengja upptalninguna í ákvæðinu.

Í öðru lagi er með breytingartillögu komið til móts við það sjónarmið að í frumvarpið vanti sérstakt ákvæði um jafnrétti karla og kvenna þótt fjallað sé um það í raun með orðum 3. gr. Er sérstöku ákvæði bætt við til þess að leggja frekari áherslu á jafnan rétt kvenna og karla á öllum sviðum þjóðlífs.

Í þriðja lagi er lagt til að bætt verði inn í 1. mgr. að allir skuli „njóta mannréttinda" enda hefur það verið skilningur nefndarinnar að jafnræðisákvæði þetta ætti að sjálfsögðu við um öll þau mannréttindi sem menn njóta hér á landi. Til frekari áréttingar féllst því nefndin á ábendingar um að til bóta væri að orða þetta atriði sérstaklega.

Hvað varðar svonefnda „jákvæða mismunun" telur nefndin að það gæti verið réttlætanlegt að gera ákveðnum hópum hærra undir höfði en öðrum með það að markmiði að rétta skertan hlut þeirra. Er nú þegar dæmi um slíkt í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Nefndin álítur að í jafnræðisreglunni felist þessi heimild ef beiting hennar byggist á málefnalegum forsendum.

Um 4. gr. Komið hefur fram sú skoðun að ákvæðið, sem fjallar m.a. um ríkisborgararétt, veiti útlendingum ekki raunverulega vernd heldur sé ákvörðunarvald um rétt þeirra alfarið í höndum löggjafans. Í ákvæðið vanti reglu um að bannað verði að meina útlendingi landvist ef hann á yfir höfði sér ómannúðlega refsingu eða dauðadóm. Í því sambandi verður að hafa í huga að Ísland er bundið af alþjóðasamningum sem grípa inn í þegar um réttarstöðu útlendinga er að ræða. T.d. er óheimilt að vísa pólitískum flóttamönnum úr landi þegar sú aðstaða er fyrir hendi sem fyrr greinir, sbr. samning um stöðu flóttamanna frá 1951.

Þá hefur verið bent á að sérstakt ákvæði um rétt flóttamanna vanti í frumvarpið. Um það málefni gilda að sjálfsögðu alþjóðlegir samningar og hafa almennt ekki þótt efni til að taka slík ákvæði í stjórnarskrár.

Um 5. gr. Gagnrýnt hefur verið að í 1. mgr. greinarinnar, sem fjallar um frelsissviptingu, séu heimilaðar takmarkanir á banni við frelsissviptingu án þess að tilgreint sé hvers konar atvik heimili slíkt. Nefndin telur að ákvæði um þetta eigi heima í almennum lögum.

Um 6. gr. Bent hefur verið á að nauðsynlegt sé að nefna sérstaklega bann við pyndingum í 6. gr. sem fjallar m.a. um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nefndin telur augljóst að pyndingar teljist til ómannúðlegrar og vanvirðandi meðferðar en getur fallist á að bann við þeim verði nefnt sérstaklega til frekari áherslu.

Enn fremur hefur komið fram ósk um að bætt verði við ákvæði þess efnis að játningar, sem fengnar séu með ólögmætum hætti, hafi ekki gildi fyrir dómi. Hér er um vandmeðfarið mál að ræða en meginreglan hér á landi er sú að slíkar játningar verða ekki lagðar til grundvallar sakfellingu manns. Geta verið hörð viðurlög við því að beita ólögmætum aðferðum í því skyni að knýja fram játningu. Nefndin telur rétt að regla þessi, sem ekki er bundin í íslenskum lögum, verði lögtekin en telur ekki efni til að stjórnarskrárbinda hana.

Um 7. gr. Til frekari skýringar á ákvæðum greinarinnar leggur nefndin til að orðunum „þegar hún átti sér stað" verði bætt við. Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða.

Í 8. gr. koma fram þau atriði sem talin eru grundvöllur réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum. Fram hefur komið að í greinina vanti ákvæði um að allir eigi rétt á réttlátri eða sanngjarnri og tafarlausri málsmeðferð. Í orðalagi fyrri málsliðar fyrri málsgreinar felst að málmeðferðin eigi að vera tafarlaus, sbr. orðin „Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur ... innan hæfilegs tíma“. Auk þessa tryggir ákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar, að dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum, réttláta málsmeðferð. Hins vegar er lagt til, svo að það valdi engum vafa, að ákvæðinu verði breytt og mælt verði fyrir um að öllum beri réttlát málsmeðferð til úrlausnar um réttindi sín og skyldur o.s.frv.

Í ákvæðinu felst einnig að öllum er tryggður jafn aðgangur að dómstólum. Ábending hefur komið um að kveða eigi á um að þeir sem ekki hafa efni á að greiða fyrir lögfræðiaðstoð skuli fá hana ókeypis ef réttarsjónarmið krefjist þess. Ekki þykir heppilegt að kveða á um slíka reglu í stjórnarskránni. Hins vegar er talið að í þessu ákvæði felist sú grundvallarregla að ríkið veiti þeim efnaminni aðstoð til að fá úrlausn réttinda sinna og er þetta nú þegar viðurkennd regla í sakamálum, sbr. og nýtt frumvarp dómsmálaráðherra um opinbera lögfræðiaðstoð.

9. gr. fjallar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í 3. mgr. er kveðið á um að takmarka megi þessa friðhelgi sé það nauðsynlegt vegna réttinda annarra og er það ákvæði ætlað til þess að skapa svigrúm til að koma í veg fyrir að ofbeldi geti þrifist t.d. inni á heimilum í skjóli friðhelgi heimilisins. Komið hafa fram athugasemdir bæði með og á móti þessu ákvæði. Nefndin telur að réttlætanlegt geti verið að takmarka hina mikilvægu friðhelgi sem hér er kveðið á um, t.d. í þágu fórnarlamba heimilisofbeldis. Hins vegar er nefndin þeirrar skoðunar að varlega verði að fara með slíkar heimildir eins og allar heimildir sem skerða grundvallarréttindi. Gerir hún því tillögu um að hert verði á orðalagi ákvæðisins og kveðið á um að *brýna* nauðsyn verði að bera til.

Loks hefur komið fram ábending um að bæta við í upptalningu síðari málsliðar 2. mgr. t.d. símtölum, hljóðupptökum og myndatökum o.s.frv. Þó svo að ekki leiki vafi á því að þessi atriði felast í orðunum „svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns“ fellst nefndin á að rétt sé að bæta símtölum og öðrum fjarskiptum við ákvæðið sökum þess að mikilvægi slíkra samskipta eykst sífellt og nægir að minna á notkun myndsíma og síaukin tölvusamskipti af ýmsu tagi í því sambandi. Rétt er að taka fram að með fjarskiptum er átt við svokölluð lokuð fjarskiptakerfi eða -net en ekki fjarskipti sem eru í eðli sínu opin öðrum en beinum aðilum að fjarskiptunum.

Um 10. gr. Í þessari grein er fjallað um eignarréttinn og er orðalag fyrri málsgreinar um vernd hans óbreytt frá gildandi ákvæði. Í 2. mgr. 10. gr. er kveðið á um að heimilt sé með lögum að takmarka rétt annarra en íslenskra ríkisborgara til að eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Í 2. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar segir að heimildum útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skuli skipað með lögum. Rætt hefur verið um hvort sá merkingarmunur sé á orðunum „að eiga“ og „að eignast“ að réttarlega þýðingu hafi í þessu sambandi. Vafasamt er að svo verði talið en til að taka af allan vafa er lagt til að ákvæðinu verði breytt og núverandi orðalag stjórnarskrárinnar látið halda sér.

Í nefndinni hafa komið fram þau sjónarmið að vafasamt sé að hafa í stjórnarskránni slíka takmörkunarheimild og hvort það samræmist þjóðréttarlegum skuldbindingum. Hafa verður í huga að aðeins er um heimild að ræða og er löggjafanum í sjálfsvald sett hvort hann nýtir hana. Löggjöf verður þó á hverjum tíma að vera í samræmi við samningsskuldbindingar Íslendinga erlendis.

Samkvæmt núgildandi rétti felst slík takmörkunarheimild í 2. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og í lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er kveðið á um eignarrétt útlendinga að fasteignum. Enn fremur gilda lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Loks telur nefndin að orðalagið „annarra en íslenskra ríkisborgara“ í 2. mgr. sé of þröngt því að það kunni hugsanlega að verða skýrt þannig að það nái aðeins til einstaklinga. Lagt er til að í stað þess komi „erlendir aðilar“ sem nær bæði til erlendra einstaklinga og lögaðila.

Í 11. gr. er kveðið á um skoðana- og tjáningarfrelsi. Til samræmis við þróun í fjölmiðlun er þar að finna útvíkkun á hinu eldra prentfrelsisákvæði þannig að það nær nú til alls tjáningarfrelsis. Enn fremur er hert á gildandi banni við ritskoðun með því að bann er jafnframt lagt við „öðrum sambærilegum tálmunum á tjáningarfrelsi“. Í 3. mgr. er að finna skilyrði sem fyrir hendi verða að vera ef takmarka á tjáningarfrelsi og hefur það sætt nokkurri gagnrýni. Ákvæðið þykir of rúmt og takmörkuninni ekki settar nægilega miklar skorður. Í þessu sambandi verður að líta á orðalag greinarinnar í heild en þar segir að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir *megi aldrei í lög leiða* en *með lögum* megi þó setja tjáningarfrelsi skorður í ákveðnum tilvikum. Ekki er unnt að beita heimildunum til að skerða tjáningarfrelsi í 3. mgr. til að réttlæta frávik frá reglunni í 2. mgr. 11. gr. um bann við ritskoðun og öðrum sambærilegum tálmunum, þ.e. að stjórnvöldum sé óheimilt að banna tjáningu fyrir fram.

Hins vegar er aldrei of varlega farið þegar um er að ræða takmörkun á tjáningarfrelsi og til að slá frekari varnagla við að heimildin verði misnotuð er lagt til að kveðið verði á um að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum enda sé það nauðsynlegt og samrýmist lýðræðishefðum.

Með 3. mgr. 11. gr. er verið að setja heimildum löggjafans þrengri skorður en verið hafa í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Löggjafinn hefur haft tiltölulega frjálsar hendur um hvers konar skorður eru settar tjáningarfrelsi, sbr. t.d. ákvæði um kvikmyndaeftirlit í 2. gr. laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983, ákvæði um bann við tóbaksauglýsingum, sbr. 7. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, og bann við áfengisauglýsingum, sbr. 4. mgr. 16. gr. áfengislaga, nr. 82/1969.

Ýmsir aðilar hafa bent á að 3. mgr. sé fullrúm með tilliti til mannréttindasáttmála Evrópu þó svo að hann hafi verið fyrirmynd við samningu frumvarpsins. Lagt hefur verið til að bætt verði við ákvæðið varnagla um að takmarkanir á tjáningarfrelsi verði að vera nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þetta orðalag er tekið úr 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og ber þess merki að það er tekið úr alþjóðlegum sáttmála sem fjallar um afmarkað svið. Gæta verður að því að í stjórnarskránni í heild er lagður grundvöllur að lýðræðislegum stjórnarháttum. Mannréttindakaflinn er hluti af stjórnarskránni og verður ekki lesinn úr samhengi við önnur ákvæði hennar. Þess vegna getur það skotið skökku við að nefna á þessum stað í stjórnarskránni að takmörkun á tjáningarfrelsi sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Ólík sjónarmið hafa komið fram um hvort núverandi takmarkanir á tjáningarfrelsi séu nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi, t.d. fyrrnefnd ákvæði um kvikmyndaeftirlit og bann við tóbaksauglýsingum o.fl. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að á því leiki enginn vafi að löggjafinn hafi ekki heimild til þess að lögbinda skorður við tjáningarfrelsi sem gætu reynst hættulegar lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu. Til þess að rúma þessi sjónarmið leggur nefndin til að farið verði bil beggja og kveðið verði á um að takmörkunin verði að samrýmast lýðræðislegum hefð-

um. Við lagasetningu verður síðan að meta hvort takmarkanir á tjáningarfrelsi séu í samræmi við lýðræðisheföir í þjóðfélaginu og að sjálfsögðu eiga dómstólar lokaorðið um það atriði ef til þeirra kasta kemur.

12. gr. fjallar um félagafrelsi. Í 1. mgr. er kveðið á um réttinn til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og er þar um hið heföbundna félagafrelsisákvæði að ræða. Í 2. mgr. er nýmæli þar sem segir að engan megi skylda til aðildar að félagi. Í lögum megi þó kveða á um slíka skyldu sé það nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Í 3. mgr. er síðan mælt fyrir um fundafrelsi.

Í 2. mgr. 12. gr. segir að heimilt sé að skylda menn með lögum til aðildar að félagi í ákveðnum tilgangi. Í ábendingum hefur komið fram að í greinargerð með frumvarpinu séu hvergi nefnd forgangsréttarákvæði sem finna megi í langflestum kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, né heldur lög og kjarasamningsákvæði um greiðslu iðgjalda til stéttarfélaga og önnur réttindaákvæði varðandi þau. Þannig sé staða þeirra hugsanlega óljós.

Meginregla 12. gr. er sú að menn eiga rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Enn fremur megi engan skylda til aðildar að félagi en þó megi víkja frá því ef það réttlætist af þeim aðstæðum sem greinin kveður á um. Í orðalagi fyrri málsliðar 2. mgr. felst að engan megi skylda til aðildar að félagi með lögum eða hvers kyns stjórnvaldsákvörðunum. Er því ekki verið að kveða á um það sem menn eru skyldaðir til að gera á grundvelli frjálsra samninga, þar á meðal kjarasamninga. Hvað varðar stéttarfélög og aðild að þeim er bent á að í núgildandi löggjöf eru launþegar ekki skyldaðir til þess að vera í stéttarfélagi. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, er þvert á móti beinlínis gert ráð fyrir að launþegar geti verið utan stéttarfélaga. Því er í 2. mgr. 12. gr. ekki vikið að þeim aðstæðum er eiga við um stéttarfélög og þar af leiðandi ekki lagðar til með málsgreininni breytingar á reglum varðandi aðild manna að þeim. Sérstök ástæða er til að nefna að svonefnd forgangsréttarákvæði, þegar í kjarasamningum er samið um að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags skuli hafa forgang til vinnu á félagssvæði þess, leiða ekki af sér félagsskyldu af þeim toga sem fyrri málsliður 2. mgr. tekur til. Þá verður heldur ekki litið svo á umsamin skylda launþega til að greiða gjöld til stéttarfélaga sé félagsskylda af þeim meiði sem ákvæði þetta nær til.

Í ljósi þessa lítur nefndin svo á að með samþykkt frumvarpsins sé í engu verið að hrófla við núverandi réttarstöðu á vinnumarkaði að því er varðar forgangsréttarákvæði, greiðslu félagsgjalda eða önnur réttindaákvæði.

Sú tillaga hefur komið fram að eðlilegt sé að kveða beint á um réttinn til að stofna stéttarfélög í greininni. Hefur nefndin ákveðið að leggja til að stjórnmálafélaga og stéttarfélaga verði getið sérstaklega í henni í ljósi þess að hér er um að ræða einhverja mikilvægustu flokka félaga í sérhverju lýðræðisríki. Er hér átt við stéttarfélög í skilningi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Um 13. gr. Spurningar hafa vaknað um það hvort síðari málsgrein 13. gr. um rétt manna varðandi vinnu og orlof sé nægilega skýr. Nefndin leggur því til að orðalagi þessarar málsgreinar verði breytt á þann veg að í lögum verði kveðið á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Rétti manna varðandi vinnu verði að öðru leyti skipað með lögum. Með þessu orðalagi er ætlunin að festa í stjórnarskrá það samningsfrelsi sem hér hefur ríkt lengi meðal alls þorra launafólks, um kaup, kjör, orlof og önnur mikilvæg réttindi sem tengjast vinnu. Jafnframt er ljóst að ákvæði þetta rúmar einnig þá skipan sem tíðkast hefur t.d. varðandi kjaradóm.

Um 16. gr. Fyrri málsgrein kveður á um að rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með eftirliti ríkisins skuli skipað með lögum. Enn fremur skuli tekjustofnar sveitarfélaga ákveðnir með lögum, sbr. 2. mgr. Rætt var um hvort orðalag greinarinnar um eftirlit ríkisins væri að öllu leyti heppilegt. Niðurstaðan var sú að þetta orðalag yrði fellt niður og væri þá löggjafans að kveða á um eftirlit ríkisins með sveitarfélögum.

Enn fremur var nokkuð fjallað um 2. mgr. 16. gr. um tekjustofna sveitarfélaga og hvort það ákvæði ætti betur heima í 15. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um skipan skattamála. Samkvæmt 15. gr. er stjórnvöldum óheimilt að ákveða fjárhæð skatts þótt innan ákveðinna marka sé. Hins vegar er gert ráð fyrir að 2. mgr. 16. gr. verði túlkuð þannig að veita megi sveitarstjórnum rétt til að ákveða útsvar innan ákveðins ramma svo sem verið hefur. Þess vegna var horfið frá því að fella ákvæðið inn í 15. gr. frumvarpsins og til þess að taka af vafa um rétt sveitarfélaga til að ákveða útsvarshlutfall o.fl. ef löggjafanum sýnist svo leggur nefndin til að við greinina bætist ákvæði um rétt þeirra til að ákveða hvort og hvernig þau nýta lögákveðna tekjustofna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir í nefndaráliti þessu og fram koma í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir átti áheyrnaraðild að nefndinni og sat nokkra fundi hennar.

Alþingi, 22. febr. 1995.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Halldór Ásgrímsson.
Kristín Einarsdóttir.	Matthías Bjarnason.	Páll Pétursson.
Ragnar Arnalds.	Sólveig Pétursdóttir.	Tómas Ingi Olrich.

759. Breytingartillögur [297. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri efnismálsliður orðist svo: Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.
2. Við 2. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
   Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

3. Við 3. gr. Í stað efnismálsgreinar komi tvær nýjar er orðist svo:
   Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.
   Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
4. Við 6. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:
   Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
5. Við 7. gr. Fyrri málsliður fyrri efnismálsgreinar orðist svo: Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi.
6. Við 8. gr. Fyrri málsliður fyrri efnismálsgreinar orðist svo: Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.
7. Við 9. gr.
   a. Síðari málsliður 2. efnismgr. orðist svo: Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.
   b. 3. efnismgr. orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
8. Við 10. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
   Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.
9. Við 11. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
   Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
10. Við 12. gr. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess.
11. Við 13. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
    Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.
12. Við 14. gr.
    a. 1. efnismgr. orðist svo:
       Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.
    b. 2. efnismgr. orðist svo:
       Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

13. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
78. gr. verður svohljóðandi:
Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.
Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

760. Frumvarp til laga [443. mál]

um vísitölu neysluverðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna og birta vísitölu sem sýnir breytingar á verðlagi einkaneyslu. Vísitalan nefnist vísitala neysluverðs. Vísitalan skal reist á grunni sem Hagstofan ákveður samkvæmt niðurstöðum neyslukönnunar.

Nefnd skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Hæstarétti, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands og einum tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands skal vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölunnar og fylgjast með reglubundnum útreikningi hennar. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Hagstofan skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti gera sérstaka athugun á heimilisútgjöldum, neyslukönnun. Könnunin skal spanna heimili fólks án tillits til búsetu, fjölskyldugerðar, starfa og atvinnugreina og taka til hvers kyns heimilisútgjalda. Að lokinni úrvinnslu könnunarinnar skal Hagstofan breyta grunni vísitölu neysluverðs í samræmi við niðurstöður hennar og annarra upplýsinga sem aflað er sérstaklega í þessu skyni. Hagstofan skal gera opinberlega grein fyrir könnun þessari og niðurstöðum hennar og hvernig þeim er beitt til myndunar nýs vísitölugrunns.

3. gr.

Vísitala neysluverðs skal reiknuð í mánuði hverjum miðað við verðlag tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar. Vísitalan skal svo sem kostur er miðast við meðalverðlag í landinu.

4. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1995. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 5 22. mars 1984, um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem gefin var út 20. febrúar 1995 í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, segir að verðtrygging á fjármagnsmarkaði, sem nú miðast við lánskjaravísitölu, verði framvegis miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar. Í framhaldi af því hefur verið flutt frumvarp þess efnis á Alþingi. Af þessu tilefni hefur þótt ástæða til að kanna gildandi lög um vísitölu framfærslukostnaðar með hliðsjón af því hlutverki sem henni er ætlað að gegna framvegis. Hefur sú athugun leitt í ljós að talið er nauðsynlegt að setja ný lög um vísitöluna sem skjóti betri stoðum undir gerð hennar, útreikning og notkun sem almenns verðmælis og til verðtryggingar á fjármagnsmarkaði og færi auk þess lagaákvæði nær raunverulegu verklagi en nú er.

Gildandi lög um gerð og útreikning vísitölu framfærslukostnaðar eru nr. 5 frá 22. mars 1984 og bera yfirskriftina *lög um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.* Í lögum þessum er kveðið á um að Kauplagsnefnd skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Hæstarétti, einum tilnefndum af ASÍ og einum tilnefndum af VSÍ skuli reikna vísitölu framfærslukostnaðar. Í lögunum segir að nefndin starfi í samráði við Hagstofu Íslands og í upphafi skuli miðað við þá neyslukönnun sem Kauplagsnefnd og Hagstofan gerðu árin 1978 og 1979. Nefndin skal síðan eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða vísitölugrundvöllinn, fyrst árið 1985. Séu nefndarmenn á einu máli um að svo skuli gert geti nefndin ákveðið að gerð skuli ný neyslukönnun í því skyni og að henni lokinni að nýr grundvöllur skuli tekinn upp. Auk þessa segir í lögunum að vísitalan skuli reiknuð fjórum sinnum á ári en heimilt sé að reikna hana oftar óski ríkistjórnin, ASÍ eða VSÍ eftir því.

Eins og ljóst er af framansögðu eru gildandi lög úrelt. Kauplagsnefnd, sem er formlega ábyrg fyrir vísitölunni, gerð hennar og útreikningi, hefur um árabil starfað sem ráðgjafarnefnd en ekki sem ákvörðunaraðili. Hagstofan gerir nú neyslukannanir með reglubundnu millibili og er grunni vísitölunnar breytt samkvæmt þeim. Þá hefur vísitalan allt frá árinu 1983 verið reiknuð í mánuði hverjum en ekki á þriggja mánaða fresti eins og lögin gera ráð fyrir sem meginreglu.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpi þessu eru eftirfarandi:

Hlutverk vísitölunnar og heiti.

Í gildandi lögum er ekki kveðið skýrt á um hlutverk vísitölu framfærslukostnaðar. Vísitalan var upphaflega gerð til þess að fylgjast með tilteknum framfærslukostnaði launaþegafjölskyldna og lengi vel þjónaði hún þeim tilgangi fyrst og fremst. Smám saman breyttist þó hlutverk hennar yfir í það að vera almennur mælikvarði á verðbreytingar heimilisútgjalda yfirleitt. Neyslukannanir voru og lengi vel miðaðar við að leiða í ljós útgjöld launþegafjölskyldna á höfuðborgarsvæðinu með börn 15 ára og yngri og skiptingu útgjaldanna. Frá þessu var fyrst vikið að nokkru í neyslukönnuninni 1978–1979 og algerlega í neyslukönnunum tveimur sem gerðar voru árin 1985–1986 og árið 1990. Þannig hafa tvær síðastnefndu kannanirnar tekið til heimila fólks hvar sem er á landinu, allra fjölskyldugerða og ekki verið takmarkaðar við tiltekin störf manna. Neyslukannanirnar hafa eins og áður falist í söfnun upplýsinga um hvers kyns heimilisútgjöld. Þannig má segja að undanfarinn áratug hafi neyslukönnunum og vísitölugrunnunum, sem af þeim hafa verið leiddir, verið beinlínis ætlað að sýna skiptingu meðalheimilisútgjalda í landinu. Söfnun verðupplýsinga og útreikningur vísitölunnar hefur og miðast við hvers kyns vöru og þjónustu sem heimilin neyta.

Vísitalan hefur því um langt skeið ekki verið mælistika á framfærslukostnað, hvað þá lágmarksframfærslukostnað, heldur almennur kvarði fyrir breytingar neysluverðlags. Þess misskilnings gætir hins vegar mjög oft að vísitalan sé eins konar nauðþurftavísitala, hún sýni hvað heimilin þurfi til framfærslu. Hið gamla heiti vísitölunnar er því villandi og nauðsynlegt að því sé breytt.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fram komi á skýran hátt að vísitalan sé almennur mælikvarði fyrir breytingar verðlags. Þetta er eðlilegt ákvæði og sýnist beinlínis nauðsynlegt þegar fyrirhugað er að beita vísitölunni til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Við þær aðstæður þykir nauðsynlegt að í lögum felist yfirlýsing um að vísitalan sé almennur verðmælikvarði en ekki sérgreindur og að þau geymi efnisleg ákvæði þessu að lútandi. Þannig er í 1. gr. einnig kveðið á um að vísitalan sé reist á grunni sem gerður er samkvæmt neyslukönnun. Í 2. gr. eru svo nánari ákvæði um neyslukönnun, að hún skuli gerð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti til þess að tryggt sé að tekið sé mið af neysluvenjum á hverjum tíma, hún spanni öll heimili en sé ekki bundin við tiltekna búsetu, fjölskyldugerð, störf og atvinnugreinar og að hún taki til hvers kyns heimilisútgjalda. Þá er kveðið nánar á um breytingar vísitölugrunnsins í hátt við niðurstöður neyslukönnunarinnar. Með þessu á að vera tryggt að neyslukönnunin og vísitölugrunnurinn samrýmist því hlutverki vísitölunnar að vera almennur verðmælir fyrir heimilisútgjöld.

Nýtt heiti vísitölunnar kemur fram í tillögum 1. gr. frumvarpsins. Er lagt til að vísitalan nefnist vísitala neysluverðs. Hana má einnig nefna neysluverðsvísitölu á sama hátt og vísitala framfærslukostnaðar hefur gjarnan verið nefnd framfærsluvísitala í daglegu tali. Heitið gefur til kynna hvað vísitalan mælir enda þykir miklu skipta, bæði í innlendum og erlendum samskiptum, að heitið sé réttnefni og til þess fallið að koma í veg fyrir misskilning og mistúlkun.

Ábyrgð á gerð vísitölunnar.

Í gildandi lögum segir að Kauplagsnefnd reikni vísitöluna og að nefndin starfi í samráði við Hagstofu Íslands. Í frumvarpinu er lagt til að Hagstofan beri ábyrgð á vísitölunni, reikni hana og birti. Tvær meginástæður liggja að baki þessari tillögu. Annars vegar er nauðsynlegt, ekki síst nú, er beita á vísitölunni til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, að lögin mæli fyrir um að gerð vísitölunnar sé í höndum hinnar opinberu óháðu hagskýrslustofnunar, Hagstofu Íslands. Þannig yrðu tekin af öll tvímæli um og komið í veg fyrir tortryggni um að stærstu hagsmunasamtökin á vinnumarkaði gætu haft óeðlileg áhrif á mælingar verðlags og þar með á verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Hins vegar er með þessu verið að viðurkenna það sem orðið er, að Hagstofan reiknar og birtir vísitöluna og er í raun ábyrg fyrir henni en Kauplagsnefnd gegnir fyrst og fremst ráðgjafar- og eftirlitshlutverki.

Afar mikilvægt er að ekki ríki tortryggni um að vísitalan sé hlutlaus verðmælikvarði og reiknuð eftir föstum reglum og með þeim aðferðum sem bestar þykja og eru viðurkenndar á alþjóðavettvangi. Þetta hefur alltaf skipt miklu en verður enn brýnna framvegis vegna verðtryggingarhlutverks vísitölunnar. Gagnvart erlendum fjárfestum er þetta meginatriði. Gerð vísitölunnar og útreikningur er eðlilegt hlutverk hagstofa hvar sem er í heiminum og í ábyrgð Hagstofu Íslands á neysluverðsvísitölu ætti því að felast trygging þess að staðið sé á svipaðan hátt að útreikningi hennar og í nágrannaríkjunum. Þess má geta að Hagstofan hefur um skeið tekið virkan þátt í Evrópusamstarfi um samræmingu skilgreininga og aðferða við gerð og útreikning neysluverðsvísitalna. Við samanburð aðferða Evrópuríkja hefur komið í ljós að þær aðferðir sem beitt er hér á landi

standast fyllilega samjöfnuð við þær sem skástar þykja og beitt er meðal nágrannaþjóðanna.

Hlutverk Kauplagsnefndar og ábyrgð hennar á vísitölu framfærslukostnaðar má rekja til þess tíma er laun voru verðtryggð miðað við þá vísitölu eða eitthvert afbrigði hennar. Hlutverk nefndarinnar hefur hins vegar breyst mikið og hefur margt lagst á eitt í því efni. Laun hafa ekki verið bundin vísitölu um árabil og verkefni nefndarinnar því fjarað út hvað það snertir. Þá hefur Hagstofan lagt mikla áherslu á að efla og bæta vinnubrögð sín við neyslukannanir og útreikning vísitölunnar. Upplýsingaöflun hefur verið aukin til muna, aðferðum við verðsöfnun verið breytt til hins betra og nokkur undanfarin ár hefur Hagstofan haft sérstakt könnunarfólk í þjónustu sinni til upplýsingasöfnunar. Þetta hefur aukið hlutverk Hagstofunnar í þessu efni en hlutverk Kauplagsnefndar hefur dvínað að sama skapi. Þessi breyting á vinnubrögðum og hlutverkum er af hinu góða og þykir eðlilegt að hún sé staðfest í lögum.

Á hinn bóginn er ekki lagt til að nefndin verði aflögð heldur starfi hún áfram sem ráðgjafarnefnd. Í viðræðum við forustumenn ASÍ og VSÍ hefur komið fram að bæði þeim og Hagstofunni þykir fengur í samstarfinu. Hagstofunni þykir akkur í því að nefndin starfi áfram sem ráðgjafarnefnd og fylgist með vinnubrögðum hennar og verklagi með reglubundnum hætti. Með þessu ynnist tvennt; að Hagstofan hefði áfram skilgreindan hóp viðmælenda til gagnlegra viðræðna um gerð og útreikning vísitölunnar og slíkt samráð eða eftirlit væri til þess fallið að eyða tortryggni og skapa traust á að eðlilegum vinnubrögðum sé beitt á hverjum tíma. Verði frumvarp þetta að lögum er því gert ráð fyrir að nefndin starfi áfram á svipaðan hátt og nú, komi saman í tengslum við útreikning vísitölunnar í hverjum mánuði og oftar ef þurfa þykir, einkum í tengslum við breytingar á grunni eða aðferðum.

Útreikningstími.

Í gildandi lögum er kveðið á um að vísitalan skuli reiknuð fjórum sinnum á ári en heimilt sé að reikna hana aukalega í öðrum mánuðum óski ríkisstjórnin, ASÍ eða VSÍ eftir því. Í reynd hefur vísitalan verið reiknuð í hverjum mánuði frá því á árinu 1983. Nauðsynlegt er að svo verði gert áfram og það lögfest.

Þá er kveðið á um í gildandi lögum að útreikningur vísitölunnar miðist við verðlag í byrjun mánaðar. Lengi vel var yfirleitt miðað við að upplýsingum væri safnað í fyrstu viku hvers mánaðar. Undanfarin ár hefur verið miðað við verð fyrstu tvo virka daga hvers mánaðar og upplýsingum safnað á þeim tíma. Nauðsynlegt er að hafa fulla festu í þessum efnum og er lagt til að kveðið verði á um það í lögum.

Söfnun upplýsinga utan höfuðborgarsvæðisins.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um hvar á landinu skuli safna verðupplýsingum til útreiknings vísitölunnar. Eins og nú háttar er vísitalan byggð á neyslukönnun sem nær til heimila í öllum landshlutum. Mismunandi þungi heimilisútgjalda eftir búsetu kemur því fram í grunni vísitölunnar og sýnir hann því landsmeðaltal. Breytingar vísitölunnar gera það þó ekki að öllu leyti. Verðupplýsingum er aðallega safnað á höfuðborgarsvæðinu. Margir liðir í vísitölunni eða sem nemur um helmingi útgjalda eiga þó við landið allt eða skipta ekki máli gagnvart búsetu fólks. Veikleikinn liggur fyrst og fremst í því að upplýsingum um matvörur, óáfenga drykki og hreinlætisvörur er eingöngu safnað á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdar- og kostnaðarsjónarmið hafa ráðið því.

Rétt þykir að úr þessu verði bætt á þann hátt að farið verði að safna verðupplýsingum utan höfuðborgarsvæðisins. Smæð markaðarins á ýmsum stöðum setur þó slíkri upplýsingaöflun þröngar skorður og kostnaðarástæður valda því að ekki er unnt að velja marga staði í þessu skyni. Það þykir hins vegar nauðsynlegt að aflað sé meiri vitneskju um verðbreytingar utan höfuðborgarsvæðisins, bæði til þess að vísitalan geti talist mælistika á almennar verðbreytingar í landinu og vegna þess að aukin samkeppni að undanförnu kann að hafa leitt til þess að verðlag breytist í ríkari mæli en áður á mismunandi hátt á hinum ýmsum stöðum.

Í frumvarpinu er því lagt til að kveðið verði á um það í lögum að vísitalan skuli svo sem kostur er miðast við meðalverðlag í landinu. Er að því stefnt að á næstunni geti Hagstofan farið að safna verðupplýsingum frá nokkrum stöðum á landinu og nýta við útreikning vísitölunnar.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

761. Frumvarp til laga [444. mál]

um breytingu á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, nr. 54/1992, með síðari breytingu.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (MB, VE, IP, ÁRÁ, GHall, StG, GunnS).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða:

a. 1. málsl. orðast svo: Skipum, sem hafið hafa fullvinnslu botnfiskafla fyrir gildistöku laga þessara og skipum sem veitt hefur verið veiðileyfi í þeirra stað skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1994, skal veittur frestur til að fullnægja kröfum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.
b. 2. málsl. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með reglugerð nr. 44/1981 um stjórn botnfiskveiða 1984 var í fyrsta sinn sett það skilyrði fyrir veitingu veiðileyfis til nýs eða nýkeypts skips að annað af svipaðri stærð væri tekið úr rekstri. Reglurnar um það hvers konar skip skuli hverfa úr rekstri fyrir nýtt eða nýkeypt skip hafa breyst nokkuð og nú gildir sú regla að falli veiðileyfi skips niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi réttinum til endurnýjunar ekki verið afsalað, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Sú regla að í stað skips eða skipa, sem úr rekstri hverfa, megi veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðileyfi hefur alla tíð frá árinu 1984 verið grundvallarregla við stjórn fiskveiða. Þá er samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða unnt að flytja flest réttindi sem fiskiskip hefur til nýs eða nýkeypts skips, svo sem aflahlutdeildir. Með lögum nr. 54/1992 var ekki gert ráð fyrir að unnt væri að flytja leyfi skips til fullvinnslu botnfiskafla um borð til nýs eða nýkeypts skips sem fengi veiðileyfi í þess stað.

Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að sú breyting verði að skip, sem fær veiðileyfi í stað skips sem hefur leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, hafi sama frest til að uppfylla skilyrði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim og það skip sem hverfur varanlega úr rekstri hafði. Rétt þykir að þeir útgerðaraðilar sem höfðu hafið fullvinnslu um borð í veiðiskipi við gildistöku laganna hafi sama frest og þeir höfðu við setningu laganna til að uppfylla skilyrði þeirra þó að þeir endurnýi skip sín með nýjum eða nýkeyptum skipum.

Í frumvarpinu er þannig lögð til sú breyting að til viðbótar þeim skipum sem höfðu hafið fullvinnslu botnfiskafla við gildistöku laga nr. 54/1992 hafi skip sem veitt hefur verið veiðileyfi í þeirra stað skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1990 einnig frest til að uppfylla kröfur laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim. Með 1. gr. laga nr. 87/1994 var 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1990 breytt á þann hátt að heimilt er að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips sem úr flotanum hverfur. Verði fleiri en einu skipi veitt veiðileyfi í stað skips sem hefur leyfi til fullvinnslu skal einungis eitt þeirra skipa sem veiðileyfi hlýtur hafa frest til að fullnægja ákvæðum laga nr. 54/1992 og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Með því að fella 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða brott er heimilað að skip sem áður hafði leyfi til að fullvinna afla um borð samkvæmt einni vinnsluaðferð geti breytt um eða bætt við fullvinnsluaðferð. Þannig getur t.d. skip, sem hefur leyfi til að frysta fullunninn afla um borð, fengið leyfi til að salta aflann um borð og öfugt.

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta sjávarútvegsnefndar. Minni hlutinn mun gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðu málsins. Anna Ólafsdóttir Björnsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk flutningi þess.

762. Frumvarp til laga [445. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Verðtrygging sparifjár og lánsfjár**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (20. gr.)

Ákvæði kafla þessa gilda um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í viðskiptum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem áskilið er að greiðslurnar skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris.

b. (21. gr.)

Það er skilyrði verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 20. gr. að grundvöllur hennar sé annaðhvort:

1. vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði eða

2. vísitala gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum sem Seðlabanki Íslands reiknar og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Viðskiptaráðherra setur að fenginni tillögu Seðlabankans nánari ákvæði um gengisvísitölur í reglugerð.

Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir vegna verðtryggingar sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra heimilað að fleiri opinberlega skráðar vísitölur en tilgreindar eru í 1. mgr. geti verið grundvöllur verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

Seðlabankinn skal að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna eða lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

c. (22. gr.)

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst hjá sýslumönnum skulu þeir gæta þess að ákvæðanna sé getið í veðmálaskrám og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

d. (23. gr.)

Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í þeim skal meðal annars kveðið á um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Seðlabankinn getur beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki sinnt.

e. (24. gr.)

Vísitala neysluverðs, sbr. 21. gr., með grunninn 100 í maí 1988, skal í hverjum mánuði margfölduð með stuðlinum 19,745. Útkoman, án aukastafa, skal gilda sem vísitala fyrir næsta mánuð á eftir, í fyrsta sinn fyrir apríl 1995, gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og eru með ákvæðum um lánskjaravísitölu þá sem Seðlabanki Íslands reiknaði og birti mánaðarlega samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sbr. reglugerð nr. 18/1989.

Verði gerð breyting á grunni vísitölu neysluverðs skal Hagstofan birta í Lögbirtingablaði margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísitölu í stað stuðulsins sem getið er í 1. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um lánskjaravísitölu í lögum og hvers kyns stjórnvaldsfyrirmælum öðrum og samningum sem í gildi eru 1. apríl 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þau koma til framkvæmda 1. apríl 1995 og þá fellur úr gildi VII. kafli laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., með áorðnum breytingum. Þann dag fellur einnig úr gildi 6. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. febrúar 1995, sem gefin var í tengslum við gerð nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, segir m.a.: „Verðtrygging fjárskuldbindinga, sem nú miðast við lánskjaravísitölu, verður framvegis miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar. Ríkisstjórnin undirbýr nú aðgerðir til að hrinda þessari aðgerð í framkvæmd þannig að hún hafi almennt gildi, einnig gagnvart verðtryggingu núverandi fjárskuldbindinga. Jafnframt verður unnið að því að draga úr verðtryggingu í áföngum."

Frumvarp þetta er liður í því að hrinda fyrrgreindri stefnu í framkvæmd. Samhliða því er lagt fram frumvarp til laga um vísitölu neysluverðs er komi í stað gildandi laga um vísitölu framfærslukostnaðar. Eins og fram kemur í athugasemdum við það frumvarp eru gildandi lög um framfærsluvísitölu nr. 5/1984, um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar, að ýmsu leyti úrelt. Nú þegar þeirri vísitölu er ætlað að taka við af lánskjaravísitölu sem grundvöllur verðtryggingar fjárskuldbindinga þykir eðlilegt að skerpa lagaákvæði um hana. Með því er þó ekki verið að breyta eðli vísitölunnar eða reikniaðferðum. Jafnframt þykir eðlilegt að breyta nafni hennar í „vísitala neysluverðs" því heitið vísitala framfærslukostnaðar er villandi. Vísitalan mælir ekki framfærslukostnað eða breytingar hans í þröngum skilningi heldur breytingar neysluverðs. Nafnbreytingin er og til bóta gagnvart erlendum aðila á íslenskum fjármagnsmarkaði. Heitið vísitala neysluverðs (consumer price index) er alþekkt en heitið vísitala framfærslukostnaðar (cost of living index) er það ekki.

Með frumvarpi þessu er felldur úr gildi kafli um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. „Ólafslögum", enda fjölmörg ákvæði þess kafla orðin úrelt vegna framþróunar á fjármagnsmarkaði. Í staðinn er lagt til að nýjum kafla um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár verði bætt við vaxtalög, nr. 25/1987. Þykir heppilegt að kveðið verði á um vexti og verðtryggingu í sömu lögum, enda um náskyld atriði að ræða.

Í janúar 1989 var grundvelli lánskjaravísitölu og þar með grundvelli almennrar verðtryggingar í landinu breytt. Í stað þess að grundvöllur lánskjaravísitölu væri samsettur af framfærsluvísitölu að ⅔ hlutum og byggingarvísitölu að ⅓ hluta var ákveðið að bæta launavísitölu við og að hver þessara vísitalna hefði þriðjungsvægi í grundvelli lánskjaravísitölu. Þessari breytingu var hrint í framkvæmd með því að viðskiptaráðuneytið gaf út reglugerð um samsetningu grundvallarins. Með vísan til heimildar í lögum nr. 13/1979 og fyrrgreindrar reglugerðar auglýsti Seðlabankinn síðan grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Í dómum, sem gengu í kjölfar þessarar breytingar, staðfesti Hæstiréttur að stjórnvöld hefðu haft heimild til að ákveða þessa breytingu og staðið rétt að henni.

Í ljósi þess að hér er um veigamikla breytingu að ræða gagnvart sparnaði og lánsfjármiðlun í landinu er lagt til að hún verði gerð með lögum í stað reglugerðar viðskiptaráðuneytis og auglýsingar Seðlabankans. Auk þess gefst þá tækifæri til framangreindrar lagahreinsunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nýr kafli bætist við vaxtalögin frá 1987. Þykir eðlilegt að kveðið sé á um verðtryggingu í þeim lögum. Þessi nýi kafli kemur í stað VII. kafla í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., „Ólafslaga". Lagt er til að ýmsum ákvæðum úr þeim kafla verði sleppt. Þau helstu eru:

1. Ákvæði er varða endurlán erlends lánsfjár þar sem áskilið er að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns, svo og ákvæði um erlent lánsfé sem endurlánað hefur verið innan lands og er greitt upp fyrr eða á styttri tíma en endurlánið og banna að endurlánið eða vextir af því séu innheimtir miðað við hærra gengi en gilti þegar erlenda lánið var greitt. Með frjálsræði í gjaldeyrismálum og aukinni framþróun á fjármagnsmarkaði hafa ákvæði af þessu tagi misst gildi sitt og að hluta til verið sniðgengin í framkvæmd. Sama máli gegnir um ákvæði þess efnis að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði í aðalatriðum á í báðum samningum.
2. Skilyrði um að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og aðrar skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn. Þykir óeðlilegt að þess sé krafist að verðtryggðar skuldbindingar séu nafnskráðar, enda verður ekki séð að nafnskráning sé brýnni á verðtryggðum skuldbindingum en óverðtryggðum.
3. Ákvæði er varða m.a. annars innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóði og lífeyrissjóði og heimila þeim að nota verðtryggingu. Með því að fella þessi ákvæði brott er þó ekki verið að skerða möguleika þeirra til að nota verðtryggingu þar sem unnt er að stofna til slíkra samninga á grundvelli meginreglunnar um samningafrelsi. Það er hins vegar ljóst að þegar þessir aðilar gera verðtryggða samninga verða þeir að vera í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í frumvarpi þessu.
4. Ákvæði um sérstaka þriggja manna nefnd sem úrskurðar ef ágreiningur rís um grundvöll eða útreikning verðtryggingar. Á liðnum árum hefur nefndin vísað frá sér ágreiningsmálum varðandi útreikning verðtryggingar og talið þau verkefni dómstóla. Engin ástæða er til að fela nefnd af þessu tagi að úrskurða hvernig umreikna skuli milli tveggja vísitölugrundvalla ef grundvelli vísitölu er breytt. Eðlilegt er að Hagstofan sjái alfarið um það.

Um 20. gr.

Hér er gildissvið kaflans afmarkað. Verðtrygging samkvæmt honum nær til peningakrafna en ekki t.d. til verksamninga. Þessi grein á sér samsvörun í 34. og 35. gr. laga nr. 13/1979 en orðalag hefur verið einfaldað í ljósi breyttra aðstæðna. Fellt hefur verið brott það skilyrði að skuldbindingar þurfi að vera skriflegar til að njóta verðtryggingar. Þykir eðlilegt að leggja munnlega og skriflega samninga að jöfnu hvað þetta varðar.

Um 21. gr.

Þessi grein samsvarar 39. gr. laga nr. 13/1979. Úr henni hafa verið felld brott nokkur ákvæði:

1. Fellt hefur verið niður það skilyrði að verðtryggðar skuldbindingar skuli ætíð skráðar á nafn. Þegar hefur verið rakið að ekki þyki eðlilegt að gera ríkari kröfur hvað þetta varðar til verðtryggðra skuldbindinga en til óverðtryggðra skuldbindinga.
2. Fellt hefur verið niður það skilyrði að við endurlán verðtryggðra peningalána skuli verðtryggingarákvæði í aðalatriðum standast á í báðum samningum. Ekki er talið nauðsynlegt að kveða á um þetta í lögum. Verði talin þörf á ákvæði af þessu tagi er unnt setja það fram í reglum Seðlabankans, sbr. d-lið 1. gr. frumvarpsins.

3. Ákvæði um að lágmarkstími verðtryggðra lána skuli vera tvö ár og lágmarkstími verðtryggðra sparifjárinnstæðna sex mánuðir hefur verið fellt niður. Í staðinn er í 3. mgr. kveðið á um að Seðlabankinn skuli að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveða lágmarkstímann. Í raun felst ekki svo mikil breyting í þessu þar sem heimilt er samkvæmt gildandi lagaákvæði að ákveða lengri lágmarkstíma og veita undanþágur til skemmri lágmarkstíma. Samkvæmt gildandi reglum Seðlabankans frá 23. júní 1994 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. er lágmarkslánstími verðtryggðra lána tvö ár en innstæður þurfa að vera bundnar í a.m.k. eitt ár til að njóta verðtryggingar. Verði frumvarp þetta að lögum verða þessar reglur endurútgefnar fyrir 1. apríl 1995.

   Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. febrúar 1995 kemur fram að unnið verði að því að draga úr verðtryggingu í áföngum. Því mun viðskiptaráðherra fara þess á leit við Seðlabankann að hann leggi fram tillögur fyrir 1. maí 1995 um lengingu á lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána.

Samkvæmt 1. mgr. verður meginreglan sú að verðtrygging skuli vera á grundvelli vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu. Hingað til hefur meginreglan verið sú að verðtrygging sé á grundvelli lánskjaravísitölu eða gengisvísitölu. Seðlabankinn hefur reiknað út og birt lánskjaravísitöluna og tvær gengisvísitölur, eina fyrir sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) og eina fyrir evrópsku mynteininguna (ECU). Frá og með 1. apríl 1995 verður sú breyting að bankinn hættir að reikna út og birta lánskjaravísitölu en gert er ráð fyrir að hann muni áfram reikna út og birta gengisvísitölurnar. Í stað lánskjarvísitölu kemur vísitala neysluverðs sem Hagstofan reiknar út og birtir. Frumvarp til laga um hana er flutt samhliða þessu frumvarpi. Eins og rakið er í athugasemdum við frumvarp þetta er vísitala neysluverðs eingöngu nýtt heiti á vísitölu framfærslukostnaðar. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvernig háttað verður verðtryggingu á skuldbindingum sem stofnað er til fyrir 1. apríl 1995.

Í lokamálslið 1. mgr. er kveðið á um gildistíma vísitölu vegna verðtryggingar fjárskuldbindinga. Samkvæmt ákvæðinu gildir t.d. vísitala neysluverðs sem reiknuð er út og birt í júlí vegna verðtryggingar í ágúst.

Um 22. gr.

Þessi grein samsvarar 45. gr. laga nr. 13/1979. Nauðsynlegt er að fram komi á veðbókarvottorðum að um sé að ræða verðtryggð lán.

Um 23. gr.

Á grundvelli ákvæða í VII. kafla laga nr. 13/1979 hefur Seðlabankinn auglýst nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. Gildandi auglýsing bankans um það efni er frá 23. júní 1994. Í henni er m.a. kveðið á um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda innlánsstofnana. Nauðsynlegt þykir að Seðlabankinn hafi áfram heimild til að setja nánari reglur um verðtryggingu sem og reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda. Rétt er að undirstrika að með hugtakinu jöfnuði í þessu ákvæði er ekki verið að gefa til kynna að í reglum Seðlabankans um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda verði að vera ákvæði sem tryggi algeran jöfnuð þessara stærða. Þvert á móti er eðlilegt að slíkar reglur leyfi eitthvert frávik í samræmi við það sem Seðlabankinn telur viðunandi miðað við eðlileg varúðarsjónarmið. Með hliðsjón af hliðstæðu ákvæði um gjaldeyrisjöfnuð í lögum um Seðlabanka Íslands er lagt til að bankinn geti beitt stofnanirnar viðurlögum hlíti þær ekki þessum reglum.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um hvernig farið skuli með fjárskuldbindingar sem verðtryggðar eru með lánskjaravísitölu og samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995. Efnislega verður henni hagað þannig að mánaðarlegar verðbreytingar slíkra fjárskuldbindinga munu eftir þann tíma ráðast af breytingu á vísitölu neysluverðs í stað lánskjaravísitölu. Það er talið auðveldast og ódýrast í framkvæmd fyrir alla aðila í þjóðfélaginu að viðhalda talnaröð lánskjaravísitölunnar vegna verðtryggingar fjárskuldbindinga sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995. Það þýðir að engar breytingar þarf að gera á reikniforritum vegna eldri fjárskuldbindinga. Rétt er þó að undirstrika að mánaðarlegar breytingar á þessari vísitölu eldri fjárskuldbindinga ráðast eingöngu af mánaðarlegum breytingum vísitölu neysluverðs. Verðtrygging eldri fjárskuldbindinga ræðst af vísitölu neysluverðs með þeim hætti að mánaðarlegt gildi vísitölu neysluverðs er margfaldað með stuðlinum 19,745 og útkoman notuð í stað lánskjaravísitölu. Stuðull þessi er hlutfallið milli lánskjaravísitölu í mars 1995 (3402 stig) og framfærsluvísitölu í febrúar 1995 (172,3 stig). Sem dæmi má nefna að ef vísitala neysluverðs, sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði, er 174,0 stig þá á að nota gildið 3436 vegna verðtryggingar eldri fjárskuldbindinga í næsta mánuði á eftir. Þótt það sé ekki tekið fram í greininni er gert ráð fyrir að viðteknar venjur um upphækkun talna gildi við þessa útreikninga. Þetta ákvæði kemur fyrst til framkvæmda í apríl 1995 þannig að í þeim mánuði gildir sem lánskjaravísitala í eldri fjárskuldbindingum vísitala neysluverðs í mars 1995 margfölduð með stuðlinum 19,745.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig með skuli fara ef breyting verður á grunni vísitölu neysluverðs. Hér er lagt til að það verði Hagstofan sem reikni nýjan stuðul og að hann verði birtur opinberlega í Lögbirtingablaði. Ekki þykir ástæða til að ætla sérstakri nefnd þetta hlutverk, eins og nú gildir skv. 44. gr. laga nr. 13/1979.

Víða í lögum, reglugerðum, auglýsingum, reglum og samningum, öðrum en samningum um fjárskuldbindingar, er lánskjaravísitala notuð til verðtryggingar. Með ákvæði 3. mgr. er tryggt að í slíkum tilvikum verði vísitala neysluverðs notuð í staðinn með sama hætti og á við um verðtryggingu eldri fjárskuldbindinga.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lögin komi til framkvæmda 1. apríl 1995. Þegar er búið að birta lánskjaravísitölu fyrir mars 1995 þannig að 1. apríl er fyrsti mögulegi dagur til að ný skipan geti komið til framkvæmda. Jafnframt er lagt til að verðtryggingarkafli laga nr. 13/1979 „Ólafslaga“ falli úr gildi þann dag. Loks er lagt til að sama dag falli úr gildi 6. gr. laga nr. 4/1960. Í þeirri grein er bann við gengistryggingu nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé og ákvæði er lúta að endurgreiðslu á slíku lánsfé. Segja má að grein þessi hafi orðið óvirk þegar lög nr. 13/1979 voru sett og nú er lagt til að hún verði formlega felld brott.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. febrúar 1995 í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði kemur fram að verðtrygging fjárskuldbindinga, sem nú miðast við lánskjaravísitölu, muni framvegis miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar (vísitölu neysluverðs). Þetta á að gilda gagnvart öllum fjárskuldbindingum, nýjum sem eldri.

Ákvæði frumvarpsins hafa ekki sjáanlega í för með sér aukinn rekstrarkostnað í þröngum skilningi fyrir ríkissjóð. Um er að ræða að vísitölu neysluverðs (framfærsluvísitölu) er skipt fyrir núverandi lánskjaravísitölu og þeirri breytingu einni og sér fylgir enginn aukakostnaður. Breytingin hefur hins vegar víðtæk áhrif á fjármagnskostnað ríkissjóðs og samninga um fjárskuldbindingar sem hafa eða hefðu verið bundnir lánskjaravísitölu. Til skemmri tíma litið mun kostnaðurinn verða lægri en ella þar sem vísitala neysluverðs (framfærsluvísitala) hækkar fyrirsjáanlega minna á næstu mánuðum en lánskjaravísitala hefði gert. Þetta er vegna þess að launaliðir vega mun þyngra í lánskjaravísitölu en vísitölu neysluverðs (framfærsluvísitölu). Þegar til langs tíma er litið eru þessi áhrif hins vegar minni þar sem búast má við að launabreytingar komi að lokum að fullu fram í framfærsluvísitölu.

763. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um breytingu á skipan fulltrúa í Rannsóknarráð Íslands. Annars vegar er kveðið á um að fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands tilnefni í ráðið auk þeirra sem lögin gera ráð fyrir. Hins vegar er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli gæta þess við skipan í ráðið að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og að sjálfstæði ráðsins sé tryggt svo að það fái sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu.

Við umfjöllun um málið studdist nefndin við umsagnir frá Skógrækt ríkisins, Seðlabanka Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Veðurstofu Íslands, Iðntæknistofnun, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Samtökum iðnaðarins, Rannsóknarráði Íslands, Hafrannsóknastofnun, Þjóðminjasafni Íslands, læknaráði Landspítalans, læknaráði Borgarspítalans, Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Háskólanum á Akureyri.

Þær breytingar, sem kveðið er á um í frumvarpinu, eru gerðar til að tryggja áhrif atvinnulífsins enn frekar. Menntamálanefnd vill leggja áherslu á að samþykkt frumvarpsins felur ekki að neinu leyti í sér gagnrýni á störf þess Rannsóknarráðs sem nú situr. Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   3. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda þegar starfstími þess Rannsóknarráðs, sem fyrst var skipað árið 1994, rennur út. Menntamálaráðherra skipar þegar tvo fulltrúa í Rannsóknarráð Íslands samkvæmt tilnefningum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og jafnmarga til vara og skal sú skipan gilda uns 3. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag tilnefningar framangreindra samtaka í ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Kristín Ástgeirsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Petrína Baldursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.

764. Frumvarp til laga [446. mál]

um útflutningstryggingaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara, sbr. 3.–6. gr., er að:

1. greiða fyrir útflutningi á vöru og þjónustu,
2. kynna og auka notkun útflutningstrygginga,
3. jafna samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda gagnvart erlendum á sviði útflutningstrygginga og lánsábyrgða.

2. gr.

Stofna skal útflutningstryggingaráð. Lánasýsla ríkisins annast daglega starfsemi ráðsins nema stjórn þess ákveði annað.

3. gr.

Útflutningstryggingaráði er heimilt að:

1. tryggja lán sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum,
2. tryggja aðrar kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu,
3. tryggja samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar og tæki sem framleidd eru innan lands,
4. selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

4. gr.

Útflutningstryggingaráði er enn fremur heimilt að ábyrgjast allt að helmingi útflutningslána sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum á framleiðslutíma, enda skiptist tjón vegna greiðslufalls til helminga á milli þeirra. Ráðið ábyrgist fyrst og fremst lán sem eru veitt litlum útflutningsfyrirtækjum eða fyrirtækjum sem eru að hefja útflutning.

5. gr.

Útflutningstryggingaráð upplýsir og leiðbeinir útflytjendum varðandi útflutningstryggingar, kröfukaup og útflutningslán. Umfang starfseminnar ræðst af fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Ráðinu er heimilt að semja um að fela hana öðrum aðila.

6. gr.

Útflutningstryggingaráð tryggir gegn áhættu sem getur verið stjórnmálalegs eða viðskiptalegs eðlis. Þegar um er að ræða viðskiptalega áhættu tryggir ráðið fyrst og fremst gegn áhættu sem ekki verður tryggð á innlendum markaði vegna smæðar fyrirtækis, lítillar áhættudreifingar, lánstíma eða af öðrum slíkum ástæðum.

Útflutningstryggingaráð gerir samstarfssamninga við útflutningstryggingafyrirtæki eða önnur fyrirtæki til þess að afla upplýsinga um áhættu í viðskiptum við erlend fyrirtæki, innheimta kröfur og endurtryggja áhættu sína eftir atvikum.

7. gr.

Stjórn útflutningstryggingaráðs skipa sjö menn valdir til tveggja ára í senn. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, Útflutningsráð Íslands og Verslunarráð Íslands skulu tilnefna einn mann hver. Utanríkisráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila og formann ráðsins án tilnefningar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

8. gr.

Stjórn útflutningstryggingaráðs ákveður iðgjöld af einstökum tryggingum og lánsábyrgðum. Við ákvörðun þeirra skal miða við að þau standi undir rekstri ráðsins, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs. Taka skal einnig tillit til iðgjalda fyrir sambærilegar tryggingar og ábyrgðir í helstu samkeppnislöndum.

Tekjuafgangur skal lagður í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé ráðsins, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar af fjárlögum. Stjórn ráðsins skal gæta þess að tjón umfram tekjur vegna greiðslufalls á kröfum og lánsábyrgðum verði að meðaltali ekki umfram fjárhæð að jafn-

virði hálfrar milljónar sérstakra dráttarréttinda (SDR) á ári. Ef tjónið fer fram yfir þá upphæð á einu ári skerðist hámarkið á næstu árum á eftir árlega um 25% þar til jöfnuði er náð.

9. gr.

Greiðsluskilmálar lána, sem útflutningstryggingaráð tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis og skal höfð hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar ráðsins mega aldrei nema hærri fjárhæð en að jafnvirði 50 milljóna sérstakra dráttarréttinda (SDR). Í eftirfarandi tilvikum skulu ákvarðanir teknar samhljóða af fulltrúum ráðuneytanna í stjórn ráðsins:

1. veiting trygginga og lánsábyrgða fyrir einstakri kröfu eða einstöku láni sem nema að jafnvirði hálfrar milljónar SDR eða meira,
2. veiting trygginga og lánsábyrgða fyrir kröfum eða láni einstaks útflytjanda sem nema samtals að jafnvirði einnar milljónar SDR eða meira,
3. veiting trygginga fyrir meira en 85% af einstöku tjóni,
4. ákvarðanir um iðgjöld af einstökum tryggingum og lánsábyrgðum.

Stjórn ráðsins skal leitast við að dreifa áhættu vegna trygginga og lánsábyrgða hæfilega milli landa.

10. gr.

Utanríkisráðherra gerir Alþingi árlega grein fyrir starfsemi útflutningstryggingaráðs.

11. gr.

Útflutningstryggingaráði skal heimilt að eiga minnihlutaaðild að hlutafélögum eða öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð í eigu banka, annarra lánastofnana, tryggingafélaga, hagsmunasamtaka eða annarra aðila í þeim tilgangi að stuðla að framgangi markmiða laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, nr. 60/1970, og ákvæði 14.–16. gr. laga um Iðnlánasjóð, nr. 76/1987. Útflutningstryggingaráð tekur við réttindum og skyldum tryggingardeilda útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð og Iðnlánasjóð.

Lög þessi skulu falla út gildi 1. janúar 2001. Ríkisábyrgðasjóður tekur þá við réttindum og skyldum útflutningstryggingaráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Á ríkisstjórnarfundi 14. desember 1993 var ákveðið að láta gera úttekt á því með hvaða hætti ríkisstjórnin geti stuðlað að því að íslenskir útflytjendur og fjárfestar erlendis geti tryggt sig með viðunandi hætti gegn vanefndum kaupenda þeirra erlendis.

Ákveðið var að skipa nefnd fimm ráðuneyta sem skyldi skila tillögum til ríkisstjórnarinnar um framangreint.

Utanríkisráðherra skipaði nefndina 1. mars 1994 að fengnum tillögum viðkomandi ráðherra:

1. Pétur G. Thorsteinsson, sendifulltrúi í utanríkisráðuneytinu, formaður.
2. Agnar Kofoed-Hansen, Verslunarráði Íslands, tilnefndur af landbúnaðarráðherra.
3. Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, tilnefnd af sjávarútvegsráðherra.
4. Finnur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, tilnefndur af viðskiptaráðherra.
5. Skarphéðinn Berg Steinarsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, tilnefndur af fjármálaráðherra.

Helstu ástæðurnar fyrir skipun nefndarinnar voru eftirfarandi: Til þess að tryggja fulla atvinnu á Íslandi í framtíðinni verður í auknum mæli að leggja áherslu á útflutning. Sá útflutningur verður að vera fjölbreyttari en nú er og leggja verður áherslu á aukin tækifæri í iðnaði. Einkum verður að nýta þau tækifæri sem skapast vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar eru mörg íslensk fyrirtæki sem nú starfa (eða koma til með að starfa) of lítil til þess að bera áhættuna af útflutningi án viðunandi trygginga.

Því er haldið fram að ekki sé hægt að byggja upp útflutningshagkerfi án þess að hafa aðgang að útflutningstryggingum. Íslensk fyrirtæki hafa komist af til þessa, enda útflutningurinn að mestu í höndum stórra útflytjenda sem selja á nokkuð örugga markaði. Þessi staða er nú að breytast.

Í nágrannaríkjunum er greiður aðgangur að margs konar útflutningstryggingum, oft niðurgreiddum af ríkisstjórnum. Á Íslandi eru hins vegar takmarkaðir möguleikar á slíkri þjónustu. Því búa íslenskir útflytjendur við verri samkeppnisskilyrði að þessu leyti en erlendir keppinautar.

Rekstur útflutningstryggingafyrirtækis krefst mikillar sérþekkingar og víðtæks aðgangs að upplýsingum um viðsemjendur erlendis. Slíkt kerfi er kostnaðarsamt og er því nauðsynlegt fyrir íslenska aðila sem að slíkri starfsemi standa að eiga samvinnu við aðila með sérþekkingu á þessu sviði.

Útflutningstryggingar.

Með útflutningstryggingum er átt við tryggingu sem bætir seljanda tjón sem verður vegna vanefnda (greiðslufalls) kaupanda. Slíkar greiðslufallstryggingar eru í eðli sínu almennar tryggingar og þekkjast því einnig í innanlandsviðskiptum.

Skipta má útflutningstryggingum í tvo flokka: Trygging gegn viðskiptaáhættu og trygging gegn stjórnmálalegri áhættu. Í fyrra tilvikinu er fyrst og fremst verið að tryggja útflytjanda gegn greiðslufalli sem rekja má beint til kaupandans, svo sem gjaldþrots hans eða vanefnda. Í síðara tilvikinu er fyrst og fremst verið að tryggja útflytjanda gegn greiðslufalli sem rekja má til aðstæðna sem skapast vegna efnahagsaðstæðna eða stjórnmálalegra aðstæðna í heimaríki kaupandans. Svo sem nærri má geta eru skilin á milli þessara tveggja þátta ekki alltaf glögg.

Fjölmörg félög eru starfandi í heiminum sem selja tryggingar gegn viðskiptaáhættu.[1] Þau eru ýmist í einkaeigu eða eigu opinberra aðila. Hins vegar eru það svo til eingöngu félög í eigu opinberra aðila eða félög sem njóta stuðnings opinberra aðila sem selja tryggingar gegn stjórnmálalegri áhættu.

Útflutningstryggingar hafa enn sem komið er ekki náð verulegri útbreiðslu hjá íslenskum útflytjendum. Að einhverju leyti kann það að stafa af því að megnið af vöruútflutningi landsmanna hefur verið á höndum fárra aðila þar til á allra síðustu árum. Stóru sölusamtökin í sjávarútvegi hafa lengst af búið við töluverða áhættudreifingu og hafa þar að auki myndað eigin varasjóði til að mæta greiðslufalli hjá kaupendum. Þá byggist útflutningur stóriðjufyrirtækja að mestu leyti á traustum viðskiptasamböndum og þar af leiðandi hafa þau ekki þörf fyrir útflutningstryggingar. Loks má nefna að fyrir hrun kommúnismans byggðust viðskipti við austantjaldsríkin á viðskiptum við opinberar innkaupastofnanir.

Við Ríkisábyrgðasjóð hefur verið starfrækt tryggingardeild útflutningslána frá 1970. Sams konar deild hefur verið starfandi við Iðnlánasjóð frá 1987. Starfsheimildir deildanna samkvæmt lögum sem um sjóðina gilda[2] eru nánast þær sömu:

1. Að taka að sér að tryggja lán sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskri vöru eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innan lands.

Að auki er tryggingardeild Iðnlánasjóðs heimilt að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

Tryggingardeildir beggja sjóðanna geta tryggt bæði gegn viðskiptaáhættu og stjórnmálalegri áhættu. Í október 1992 skilaði starfshópur á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis áliti um málefni tryggingardeildar útflutningslána við Iðnlánasjóð. Í kjölfar þess ákvað stjórn sjóðsins að takmarka tryggingar deildarinnar við pólitíska áhættu. Starf-

---

[1] Skipta má útflutningstryggingum í nokkra flokka eftir því hversu víðtækar þær eru:

a. Tryggingin tekur til alls útflutnings hlutaðeigandi útflytjanda. Þetta þýðir að allar vörusendingar eru tryggðar og gildir þá einu hvort verið er að selja traustum viðskiptavini eða einhverjum sem lítil reynsla hefur fengist af.
b. Tryggingin tekur til alls útflutnings til tiltekins kaupanda. Þetta getur verið mjög hentugt í upphafi viðskipta áður en reynsla hefur fengist af tilteknum kaupanda, sérstaklega ef markaðsaðstæður eru þannig að aðrar leiðir til að draga úr áhættu af greiðslufalli, svo sem fyrirframgreiðsla, staðgreiðsla eða bankaábyrgð, koma ekki til greina.
c. Tryggingin tekur til einstakra vörusendinga. Í þessu tilviki er valfrelsi útflytjandans mest og áhætta tryggingarsalans að sama skapi mest. Trygging af þessu tagi á vel við ef um einstök, tilfallandi viðskipti er að ræða eða þegar einhverjar breytingar verða á viðskiptum aðila, t.d. skyndileg og mikil aukning.

Útflutningstryggingar bæta yfirleitt 80–85% af hlutaðeigandi útflutningskröfu. Áður en til greiðslu kemur verður útflytjandi að hafa reynt að innheimta kröfuna í samræmi við ákveðið ferli sem tryggingafélagið hefur ákveðið. Komi til greiðslu af hálfu tryggingafélagsins yfirtekur það kröfu útflytjandans og heldur áfram innheimtuaðgerðum.

[2] Lög um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, nr. 60/1970, og lög um Iðnlánasjóð, nr. 76/1987.

semi beggja deildanna hefur verið í lágmarki. Þannig lá t.d. starfsemi tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð niðri frá 1985 til 1992 er hún tryggði útflutningslán vegna sölu á saltsíld til Rússlands. Það var síðan gert á ný síðla árs 1994.

Kunnugt er um starfsemi umboðsmanna tveggja erlendra útflutningstryggingafélaga hér á landi, Namur í Belgíu og TopDanmark í Danmörku. Auk þess hafa íslenskir útflytjendur keypt útflutningstryggingar beint af erlendum félögum. Hér er þó einungis um tryggingar gegn viðskiptaáhættu að ræða en ekki stjórnmálalegri áhættu. Loks má geta þess samkvæmt upplýsingum frá danska fyrirtækinu Midt Factoring AS undirbýr það að bjóða kröfukaupaþjónusta sína hér á landi í samstarfi við innlendar bankastofnanir. Fyrirtækið ráðgerir einnig að bjóða útflutningstryggingar í samstarfi við útflutningstryggingafyrirtæki, m.a. Köbenhavnske Garanti.[3]

Samráð við hagsmunaaðila.

Nefndin leitaði til fjölmarga hagsmunaaðila til þess að afla upplýsinga um útflutningstryggingar á Íslandi, hvaða kjör er boðið upp á, hversu víðtæk notkunin sé, hvort breytingar séu á döfinni hjá einkaaðilum og hvaða möguleika þessir aðilar telji vera fyrir hendi til úrbóta.

Hér fara á eftir nöfn þeirra sem komu til viðræðna ásamt nöfnum fyrirtækja eða stofnana: Árni Reynissson, umboðsmaður tryggingafélagsins Namur, Ásbjörn Jónsson, heildversluninni — Jón Ásbjörnsson hf., Barði Árnason, Landsbanka Íslands, Brynjólfur Helgason, Landsbanka Íslands, Gunnar Örn Kristjánsson, SÍF, Ívar Pálsson, Sævörum hf., Jakob Ármannsson, Búnaðarbanka Íslands, Jón Atli Kristjánsson, umboðsmaður TopDanmark Garanti A/S, Kristinn Lund, Íslenskum sjávarafurðum, Ólafur Ólafsson, Samskipum hf., (áður Álafossi), Sigmar Ármannsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Stefán Melsted, Iðnlánasjóði, og Sveinn Hannesson, Samtökum iðnaðarins.

Meðal þess sem kom fram var:

1. Margir töldu að eftirspurn eftir útflutningstryggingum hefði aukist hér á landi en þekking á þessari þjónustu væri fremur takmörkuð. Erlendu fyrirtækin tvö sem hér eru á markaðnum miða við að velta þess útflutnings sem tryggður er sé yfir 200 milljónir króna. Iðgjöldin eru frá 0,3% til 1,5% af veltu, allt eftir því hversu áhættan er mikil og hversu dreifð viðskiptin eru. Ekki er hægt að tryggja kröfur nema upp að 85% til 90%.
2. Nokkrir töldu algengt meðal útflytjenda að þeir finni sér fasta viðskiptavini og minnki þar með áhættuna af útflutningi. Slíkt geti hins vegar hindrað aukningu viðskipta þegar ákveðnu stigi er náð.

[3] Eftirfarandi erlend vátryggingafélög höfðu fengið viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins í febrúar 1995 til þess að selja greiðsluvátryggingar án starfsstöðvar hér á landi, samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994: Frá Bretlandi: Aetna National Accounts U.K. Ltd., FM Insurance Co. Ltd., Gan Minster Insurance Co. Ltd., Royal Insurance Plc. Frá Belgíu: Namur Assurances du crédit S.A. Frá Sviþjóð: Sirius International Insurance Corp. Frá Frakklandi: Compagnie Française d'Assurance pour le Commerce Extérieur (COFACE).

3. Sum tryggingafélög og bankar hafa kannað rekstrargrundvöllinn fyrir því bjóða útflutningstryggingar, en ekki talið sig samkeppnishæf við erlend félög. Fram kom að mörg tryggingafélög í Evrópu hafa dregið sig út úr þessari starfsemi á undanförnum árum vegna tapreksturs. Til þess að geta sinnt þessum markaði þarf stór félög þar sem áhættudreifingin er mikil. Greiðan aðgang þarf að fjárhagsupplýsingum um fyrirtæki erlendis.
4. Fyrirkomulagið sem nú gildir varðandi útflutningstryggingar Iðnlánasjóðs var ekki talið ná tilgangi sínum. Önnur fyrirtæki en iðnaðarfyrirtæki hefðu verið treg til þess að leita eftir þeirri þjónustu. Betra væri ef viðskiptabankarnir kæmu að þessari þjónustu með einhverjum hætti.
5. Skiptar skoðanir voru um það hvort ríkisvaldið ætti að styrkja útflutningstryggingar sem einkafyrirtæki bjóða þegar upp á. Hins vegar töldu vel flestir eðlilegt að styrkja tryggingar vegna stjórnmálalegrar áhættu eða áhættu sem ekki væri hægt að tryggja á markaðsgrundvelli. Þó var varað við reynslu Dana sem hefðu verið of frjálslegir í að bjóða ríkisstyrktar tryggingar, þannig að yfir 3 milljarðar DKK hefðu tapast á nokkrum árum.
6. Margir töldu að útflutningstryggingar væru lítið kynntar hér á landi. Þjónustan þætti í mörgum tilfellum dýr, seinvirk og krefðist mikillar pappírsvinnu, með tilheyrandi hlaupum á milli staða. Mörg fyrirtæki séu of lítil til þess að eiga kost á slíkum tryggingum.
7. Fram kom það álit að nauðsyn væri á almennri upplýsingaþjónustu hér á landi þar sem hægt er að fá upplýsingar um erlenda viðskiptaaðila, sérstaklega þá sem slæm reynsla væri af.
8. Margir töldu íslenska markaðinn of lítinn til þess að bera útflutningstryggingafyrirtæki án aðstoðar frá stjórnvöldum. Nauðsynlegt væri að eiga samvinnu við sérhæfð erlend fyrirtæki á þessu sviði.

Aðrir valkostir útflytjenda.

Til þess að minnka áhættuna af útflutningi eru ýmis úrræði, auk útflutningstrygginga, sem standa útflytjendum til boða. Skal nú farið yfir helstu valkostina.

a. Eigin áhætta.

Útflytjandinn getur flutt út vöru gegn greiðslu við móttöku án sérstakra trygginga fyrir efndum eins og tíðkast innan lands milli aðila í föstum viðskiptum. Slíkt er hins vegar mjög áhættusamt þegar um útflutning er að ræða. Ástæður þess eru margþættar. Fjarlægðir eru meiri og ýmislegt getur komið fyrir vöruna á leiðinni. Samningsgerðin er öllu flóknari, m.a. vegna opinberra reglna í viðkomandi löndum. Hætta er á misskilningi vegna mismunandi laga, hefða og tungumála. Erfiðara er að afla upplýsinga um áreiðanleika kaupandans milli landa og ef til dómsmáls kemur er niðurstaðan oft óvissuþáttum háð.

i. *Bankaupplýsingar o.fl.*

Til þess að minnka áhættu sína getur útflytjandinn reynt að afla sér upplýsinga um kaupandann, t.d. með því að biðja hann um að láta viðskiptabanka sinn senda meðmæli. Í sumum tilfellum gæti hann leitað til verslunarráðs á staðnum eða til Verslunarráðs Íslands. Til greina kemur að íslensk sendiráð eða ræðisskrifstofur veiti aðstoð á þessu sviði. Þá getur útflytjandinn leitað til síns eigin viðskiptabanka sem gæti leitað áfram til sérhæfðs fyrirtækis sem veitir viðskiptaupplýsingar. Útflytjandinn gæti einnig leitað sjálfur beint til þeirra.

ii. *Sérhæfð fyrirtæki.*

Erlendis hafa um árabil verið starfrækt fyrirtæki sem sérhæfa sig í að selja upplýsingar um einstök fyrirtæki til aðila um allan heim sem hyggjast eiga viðskipti við þau. Þessar upplýsingar varða í flestum tilvikum fjárhagsstöðu eða markaðsstöðu fyrirtækjanna.

Upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækja eru misjafnlega aðgengilegar og er hvað bestur aðgangur að slíkum upplýsingum um bandarísk fyrirtæki. Upplýsingarnar eru settar fram með þeim hætti að þær gefa vísbendingu um þá áhættu sem talin er fylgja viðskiptum við fyrirtækið eða einstaklinginn. Upplýsingaskrifstofa Verslunarráðs Íslands veitir þessa þjónustu hér á landi, en einnig er hægt að leita til upplýsingafyrirtækja erlendis.

Þessi upplýsingamiðlun um fjárhagsstöðu fyrirtækja og einstaklinga er kölluð á ensku „credit report" en til er ítarlegri greining á viðskiptaáhættu fyrirtækja sem kallast lánshæfiflokkun (einkunn um lánshæfi) eða „credit rating" á ensku. Lánshæfiflokkun er ítarleg skýrsla um framtíðarmöguleika, fjárhagslegan styrkleika og stöðugleika fyrirtækja, stofnana og þjóðlanda og er lögð til grundvallar vaxtaákvörðunum í stórum lánssamningum.

Þekktustu fyrirtækin sem stunda lánshæfiflokkun eru bandarísk, Standard & Poor's og Moody's. Moody's er í eigu Dun & Bradstreet Inc., en það er stærsta fyrirtæki heims á sviði miðlunar fjárhagsupplýsinga.

b. Fyrirframgreiðsla.

Til þess að minnka áhættu sína getur útflytjandinn krafist fyrirframgreiðslu. Slíkt stendur þó oft ekki til boða og verður ekki fjallað um hann frekar hér.

c. Bankaábyrgðir.

Algengasta aðferðin sem notuð er í milliríkjaviðskiptum til þess að tryggja greiðslu eru bankaábyrgðir (letter of credit). Kaupandi felur sínum banka að opna ábyrgð í gegnum viðskiptabanka seljanda sem tryggir útflytjandanum greiðslu við efndir samnings. Seljandi leggur yfirleitt fram í sínum banka nauðsynleg skjöl og ef skilyrðum ábyrgðarinnar er fullnægt fær hann greiðslu frá bankanum. Bankinn gerir síðan kröfu á kaupanda í gegnum viðskiptabanka sinn.

Kaupandinn greiðir kostnað vegna bankaábyrgðar. Af þeim sökum er ekki óalgengt að hann krefjist lægra verðs eða lengri gjaldfrests frá útflytjanda.

d. Kröfukaup.

Kröfukaup er það kallað þegar seljandi vöru eða þjónustu sem selt hefur kaupanda í reikningi selur þriðja aðila kröfuna á kaupandann og fær greiðslu fyrir. Þriðji aðili annast upp frá því innheimtu á kröfunni eins og hann hefði verið seljandi vörunnar. Þriðji aðili hefur því með þessum hætti tekið á sig áhættuna af viðskiptunum.

Kröfukaup geta hentað fyrirtækjum sem t.d. eru að byrja rekstur og þurfa fjármagn til að byggja sig upp. Þessi aðferð er hins vegar kostnaðarsöm þar sem afföll eru nokkur af kröfunum.

Á Íslandi bjóða fjármögnunarleigur, verðbréfafyrirtæki og bankar þessa þjónustu. Sumir kaupa kröfuna og greiða hana strax, en aðrir greiða útflytjandanum ef hann fær ekki greiðslu frá kaupanda innan tiltekins frests.

Landsbanki Íslands er í samstarfi við erlent fyrirtæki á þessu sviði, Factors Chain International (FCI).

Í flestum tilvikum gerir kröfukaupafyrirtækið það að skilyrði að fá að kaupa allar kröfur viðkomandi seljanda en ekki einungis þær kröfur sem eru áhættusamar. Þetta er gert til að dreifa áhættunni þannig að iðgjaldið verði viðráðanlegt.

Útflutningslán á Íslandi.

Þar sem útflutningslánakerfi eru nátengd útflutningstryggingum þykir rétt að fara nokkrum orðum um þau hér.

Fjármögnun útflutnings frá Íslandi hefur um nokkuð langt skeið verið í fremur föstum skorðum. Framleiðendum sjávarafurða hafa staðið til boða afurðalán og framleiðendum iðnaðarvöru framleiðslulán. Þessi lán hafa numið allt að 75% af áætluðu útflutningsverðmæti. Lánin hafa verið tryggð með 1. veðrétti í birgðum unninna afurða. Þá hefur framleiðendum iðnaðarvöru staðið til boða rekstrarlán sem veitt eru út á staðfestar pantanir erlendis frá. Þau geta hæst numið 50% af áætluðum framleiðslukostnaði. Þessu til viðbótar má nefna yfirdráttarlán, einkum þegar um smærri fyrirtæki er að ræða, og kröfukaup, sjá d-lið að framan.

Á síðustu missirum hafa komið fram nýjungar á fjármögnun útflutnings. Þar skulu annars vegar nefnd milliganga stórra útflutningssölusamtaka um fjármögnun framleiðslu félagsmanna og hins vegar heildstæðir samningar lánastofnunar og fyrirtækis um fjármögnun þess án þess að þar sé sérstaklega skilið á milli þeirra þátta í starfsemi fyrirtækisins sem fjármagna þarf.

Víða erlendis eru starfandi á vegum opinberra aðila sérstakir útflutningslánasjóðir sem veita útflutningslán á hagstæðum kjörum. Svo er ekki hér á landi. Á tímum óðaverðbólgu og opinberra vaxtaákvarðana má segja að afurðalán og önnur fjármögnun útflutnings hafi notið vaxtaniðurgreiðslu en svo er ekki lengur. Útflutningslánasjóður, sem stofnaður var árið 1970 af Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Iðnlánasjóði[4], hefur einkum veitt svokölluð samkeppnislán, þ.e. lán til innlendra aðila vegna kaupa þeirra á vélum og búnaði sem framleidd eru hér á landi en eru í samkeppni við innflutning, en ekki útflutningslán. Lán úr sjóðnum eru veitt á markaðskjörum.

Útflutningslán og útflutningstryggingar í öðrum ríkjum.

Á vegum Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunarinnar (OECD) hefur verið reynt að stemma stigu við því að aðildarríkin bæti samkeppnisstöðu eigin fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum með því að bjóða niðurgreidd útflutningslán. Náðst hefur sammæli um leiðbeinandi reglur um útflutningslán sem njóta stuðnings opinberra aðila.[5] Öll aðildarríki stofnunarinnar eru aðilar að þessu sammæli að Íslandi og Tyrklandi undanskildum. Reglurnar ná til útflutningslána sem veitt eru í tengslum við sölu á vöru og þjónustu og þegar endurgreiðslutími láns er a.m.k. tvö ár. Auk venjulegra lána ná reglurnar einnig til kaupleigusamninga. Auk almennra reglna gilda sérstakar reglur um útflutningslán í tengslum við sölu á flugvélum, skipum, kjarnorkuverum og öðrum orkuverum. Reglurnar ná ekki til útflutningslána vegna sölu á vopnabúnaði og landbúnaðarvörum.[6]

---

[4] Iðnlánasjóður keypti hlut bankanna tveggja 1993.

[5] Arrangements on Guidelines for Officially Supported Export Credits, OECD/GD (92) 95.

[6] Í stuttu máli er í reglunum gert ráð fyrir því að kaupendur útflutningsvöru og -þjónustu sem fá útflutningslán greiði a.m.k. 15% af útflutningsverðinu með reiðufé eigi síðar en við afhendingu. Lánstími má ekki vera lengri en fimm ár fyrir lán til kaupenda í tiltölulega efnuðum ríkjum (átta og hálft ár er mögulegt en tilkynna verður öðrum aðildarríkjum af sammælinu um slíkt fyrir fram í hvert sinn sem heimildin er notuð), átta og hálft ár í meðalefnuðum ríkjum og tíu ár í fátækum ríkjum (tiltölulega efnuð eru ríki þar sem þjóðarframleiðsla á mann 1979 var yfir 4.000 USD samkvæmt skýrslum Alþjóðabankans. Fátæk eru þau ríki sem eiga að-

Hér á eftir er fjallað um fyrirkomulag útflutningslána og útflutningstrygginga á vegum opinberra aðila í nokkrum viðskiptalöndum Íslendinga: Bandaríkjunum, Danmörku, Englandi, Finnlandi, Frakklandi, Noregi og Svíþjóð. Þegar um er að ræða útflutningslán sem njóta opinbers stuðnings fylgja öll þessi ríki leiðbeinandi reglum OECD.

a. Bandaríkin.

Exim-bankinn (Export-Import Bank) er sjálfstæð ríkisstofnun sem hefur starfað frá 1934. Bankinn starfar náið með tryggingastofnuninni FCIAM (Foreign Credit Insurance Management Association) sem er að mestu leyti í eigu hans. Að einum lánaflokki frátöldum þá nýtur Exim-bankinn ekki framlaga úr ríkissjóði. Bankinn fjármagnar sig ekki á markaði heldur fær hann lán beint úr ríkissjóði eða frá endurlánastofnun ríkissjóðs.

Exim-bankinn endurtryggir útflutningstryggingar sem FCIAM selur. Hann ábyrgist einnig endurgreiðslu lána sem veitt eru af PEFCO-bankanum (Private Export Funding Corporation). Sá banki er í eigu tæplega fimmtíu viðskiptabanka, nokkurra iðnfyrirtækja og fjárfestingarbanka. Saman taka þessir tveir bankar iðulega þátt í að fjármagna útflutning.

FCIAM býður bandarískum seljendum ýmiss konar útflutningstryggingar: Skammtímatryggingar, langtímatryggingar, tryggingar gegn viðskiptaáhættu og tryggingar gegn stjórnmálalegri áhættu. Reynt er að sníða tryggingar að þörfum ólíkra viðskiptavina. Sérstakar tryggingar eru í boði fyrir smáa útflytjendur og þá sem eru að hefja útflutning. Unnt er að tryggja allan útflutning seljanda gegn viðskiptaáhættu (undanskilinn er sá útflutningur þar sem greiðsla telst vera nokkuð örugg, svo sem ef um bankaábyrgð eða fyrirframgreiðslu er að ræða). Einnig er unnt að tryggja eina sendingu til eins kaupanda gegn viðskiptaáhættu eða allan útflutning til eins kaupanda. Sértryggingar eru vegna stjórnmálalegrar áhættu og þjónustuviðskipta. Tryggingar ná til 90–95% af verðmæti þegar um viðskiptaáhættu er að ræða og 90–100% þegar um stjórnmálalega áhættu er að ræða.

Iðgjöld útflutningstrygginga ráðast m.a. af greiðsluskilmálum útflutningsins, reynslu útflytjandans, fjárhagsstöðu og fjölda kaupenda og heimaríki kaupandans.

---

gang að lánum frá Alþjóðaþróunarfélaginu (IDA) eða eru undir viðmiðunarmörkum þess ef þau eru ekki aðilar). Meginreglan er sú að greitt sé hálfsárslega af útflutningslánum og að endurgreiðslur hefjist hálfu ári eftir afhendingu. Vextir af útflutningslánum eru tvenns konar: Annars vegar vextir sem eru 1% hærri en markaðsávöxtun á ríkisskuldabréfum í hlutaðeigandi gjaldmiðli með fimm ár eftir af upphaflegum lánstíma. Þessir vextir útflutningslána eru nefndir markaðsvextir. Hins vegar vextir sem byggjast á vöxtum sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) að viðbættu 0,2–1,55% álagi eftir því frá hvaða ríkjahópi lántakandinn er og hvort lánstíminn er á bilinu tvö til fimm ár eða lengri en fimm ár. Óheimilt er að veita útflutningslán með SDR-vöxtum til kaupenda í tiltölulega efnuðum ríkjum. OECD auglýsir bæði markaðsvextina og SDR-vextina mánaðarlega. Óheimilt er að haga vaxtaákvæðum í samningum um útflutningslán með breytilegum vöxtum þannig að þeir vextir gildi hverju sinni sem lægstir eru af markaðsvöxtum, SDR-vöxtum og vöxtum á millibankamarkaði. Þá gildir sérstök tilkynningarskylda þegar blandað er saman lánum og þróunaraðstoð.

b. Danmörk.

Í Danmörku er það sjálfseignarstofnunin DEF (Dansk Eksportfinancieringsfond) sem veitir útflutningslán og ríkisstofnunin EKR (Eksportkreditrådet) sem veitir útflutningstryggingar. EKR heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Stofnendur DEF árið 1975 voru danski seðlabankinn, samtök danskra viðskiptabanka og samtök danskra sparisjóða.

Hlutverk DEF er að veita lán til tveggja til tíu ára vegna útflutnings á fjárfestingarvöru, þó ekki skipum, og þjónustu og tækniþekkingu danskra aðila. DEF veitir yfirleitt ekki lægri lán en sem svarar til DKK 500.000. Danski seðlabankinn ber allan vaxta- og gengiskostnað af erlendum lántökum DEF sem er umfram það sem DEF mundi greiða á innlendum markaði.

Skammtímaútflutningstryggingar EKR eru af tvennum toga. Annars vegar trygging sem nær til alls útflutnings til eins kaupanda og hins vegar heildartrygging sem nær til alls útflutnings hlutaðeigandi seljanda. Tryggingarnar geta náð bæði til viðskiptaáhættu og stjórnmálalegrar áhættu og bætur nema 80–90% af tjóni. Útflutningstryggingar til lengri tíma en tveggja ára ná til einstakra sendinga og eru veittar samkvæmt samspili lánstíma og samningsfjárhæðar. Tryggingin getur náð til bæði viðskiptaáhættu og stjórnmálalegrar áhættu og bætur nema 85–95% af tjóni.

EKR býður einnig upp á ýmsar aðrar tryggingar, t.d. tryggingu gegn gengisáhættu.

c. England.

Engin opinber eða hálfopinber stofnun veitir útflutningslán. Hins vegar hefur verið skipulögð lánsfjármögnun viðskiptabanka í tengslum við útflutningstryggingar. Útflutningstryggingar standa til boða hjá ríkisstofnuninni ECGD (Export Credits Guarantee Department) sem heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Árið 1991 var sá hluti ECGD sem annaðist skammtímaútflutningstryggingar seldur hollensku tryggingafélagi. Síðan hefur félagið einungis selt útflutningstryggingar í tengslum við sölu á fjárfestingarvöru, verksamninga og annan þjónustuútflutning. Það er gjarnan gert með þeim hætti að annaðhvort ábyrgist stofnunin gagnvart erlendum eða innlendum viðskiptabanka sem fjármagnar kaupin frá Englandi að lán hans verði greitt að fullu. Lán af þessu tagi geta hæst numið 85% af samningsfjárhæð. Auk þess að ábyrgjast lánveitingar banka selur ECGD ýmiss konar sértryggingar fyrir útflytjendur verðmætrar fjárfestingarvöru og verksamninga, bæði gegn viðskiptaáhættu og stjórnmálalegri áhættu. Iðgjald er ákveðið sérstaklega fyrir hverja tryggingu. Einnig er unnt að tryggja beina fjárfestingu erlendis í atvinnurekstri fyrir stjórnmálalegri áhættu, svo sem eignaupptöku, tjóni af völdum stríðs og hömlum á yfirfærslu arðs.

d. Finnland.

Útflutningslán eru veitt af sérstakri lánastofnun í eigu ríkisins (Finnish Export Credit, FEC) og útflutningstryggingar eru veittar af ríkisstofnuninni FGB (Finnish Guarantee Board). FEC var stofnuð 1956 af helstu viðskiptabönkum Finnlands og nokkrum iðnfyrirtækjum. Ríkið eignaðist meiri hluta FEC 1963 og að fullu á árunum 1990–91. Útflutningslánin eru einkum ætluð vegna útflutnings á fjárfestingarvöru og þjónustu þar sem langtímafjármögnunar er krafist. Lánin eru ýmist með markaðskjörum (útflutningur til iðnríkjanna) eða OECD-kjörum. Stofnunin veitir einnig lán til kaupenda í þróunarríkjum með niðurgreiddum vöxtum og kemur niðurgreiðslan af fjárveitingu ríkisins til þróunaraðstoðar. Megnið af fjármagni FEC fæst með lántökum erlendis.

FGB var stofnuð árið 1989 á grunni eldri stofnunar og sjóðs. Stofnunin heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Hún nýtur fullrar ábyrgðar ríkissjóðs en var hins vegar ekki stofnuð með framlagi úr ríkissjóði. Stofnunin reynir að láta enda ná saman þannig

að ekki reyni á ábyrgð ríkissjóðs. Í því skyni hefur hún byggt upp nokkurn varasjóð. Stofnunin tryggir bæði gegn viðskiptaáhættu og stjórnmálalegri áhættu. Í fyrra tilvikinu er tryggingarfjárhæðin takmörkuð við 80% en 85–95% í síðara tilvikinu. Iðgjald fer eftir því hver kaupandinn er, heimaríki kaupandans og tryggingartímabilinu. Þá býður stofnunin upp á ýmsar sértryggingar og ábyrgðir.

e. Frakkland.

Útflutningslán eru ýmist veitt af bönkum eða útflutningslánabankanum BFCE (Banque Française du Commerce Extérieur) sem er í eigu ríkisins. Útflutningstryggingarnar eru veittar af stofnuninni COFACE (Compagnie Française d'Assurance pour le Commerce Extérieur). Félagið er í eigu ríkisins og helstu fjármálastofnana í eigu ríkisins.

Útflutningslán til skemmri tíma en tveggja ára eru algerlega á vegum bankakerfisins og eru veitt á markaðskjörum. Varðandi önnur útflutningslán er miðað við reglur OECD.

Útflutningstryggingar á vegum COFACE skiptast í meginatriðum í þrjá flokka en þeir síðan í ýmsa undirflokka:

1. Tryggingar vegna einstakra vörusendinga. Þessar tryggingar eru einkum notaðar þegar um er að ræða dýra fjárfestingarvöru og verksamninga.
2. Rammatryggingar þar sem seljanda er frjálst innan ákveðinna marka að velja sjálfur hvaða vörusendingar eru tryggðar. Þessar tryggingar eru einkum notaðar þegar um er að ræða almenna fjárfestingarvöru og iðnaðarvöru sem seld er til annarra ríkja en OECD-ríkjanna. Í þessu tilviki er vátryggingartímabilið takmarkað við þrjú ár.
3. Heildartryggingar þar sem allur útflutningur seljanda er tryggður, nema þegar um er að ræða vörusendingar sem njóta bankaábyrgða sem staðfestar hafa verið af frönskum banka.
4. Þá er boðið upp á sérstakar tryggingar fyrir smáa og meðalstóra útflytjendur.
5. Loks skal nefnt að COFACE býður tryggingu gegn því að markaðsátak eða þátttaka á tilteknum vörusýningum utan ESB leiði ekki til aukinnar sölu.

Unnt er að tryggja gegn viðskiptaáhættu og stjórnmálalegri áhættu. Iðgjöld ráðast af ýmsum þáttum, svo sem útflytjandanum, starfsemi hans og veltu, landfræðilegri dreifingu kaupenda, hámarksfjárhæð útistandandi útflutningskrafna og áreiðanleika kaupendanna og þeim greiðslufresti sem útflytjandi veitir. Trygging gegn viðskiptaáhættu bætir allt að 85–90% af tjóni og trygging gegn stjórnmálalegri áhættu allt að 90%.

f. Noregur.

Útflutningslán eru veitt af útflutningslánasjóðnum — Eksportfinans — sem er í eigu allra helstu viðskiptabanka Noregs. Sjóðurinn er án ríkisábyrgðar. Útflutningstryggingar eru veittar af ríkisstofnuninni GIEK (Garanti-Instituttet for Eksportkredit) sem heyrir undir utanríkisráðuneytið.

Viðskiptabankarnir veita skammtímaútflutningslán, iðulega á grundvelli útflutningstrygginga frá GIEK. Lán frá Eksportfinans eru fyrst og fremst ætluð vegna útflutnings á vöru og þjónustu þegar þörf er á lengri lánstíma en tveimur árum og samningsfjárhæð er hærri en sem svarar til 500.000 NKK. Lán er ekki veitt nema fyrir liggi útflutningstrygging frá GIEK eða ábyrgð norsks viðskiptabanka eða vátryggingafélags. Þá veitir Eksportfinans útflutningslán á markaðskjörum, einkum til kaupenda í OECD-ríkjum. Kjörin eru iðulega hagstæð þar sem Eksportfinans nýtur góðra kjara á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

Þegar um er að ræða tryggingu á skammtímakröfum býður GIEK upp á heildartryggingu sem nær til alls útflutnings viðkomandi. Unnt er að tryggja bæði gegn viðskiptaáhættu og stjórnmálalegri áhættu. Trygging gegn viðskiptaáhættu bætir allt að 90% af tjóni og trygging gegn stjórnmálalegri áhættu allt að 95%. Auk þess er unnt að tryggja sölu á einstökum sendingum þegar um er að ræða fjárfestingarvöru.

Iðgjöld tryggginga gegn viðskiptaáhættu ráðast af ýmsum þáttum, svo sem lánstíma, hvort kaupandinn er opinber aðili eða einkaaðili og fjárhagsstöðu. Þegar iðgjöld tryggginga gegn stjórnmálalegri áhættu eru ákveðin er ríkjum raðað í fimm flokka.

g. Svíþjóð.

Útflutningslán eru veitt af SEK (Svensk Exportkredit) sem er hlutafélag að hálfu í eigu ríkisins og að hálfu í eigu stærstu viðskiptabanka Svíþjóðar. Útflutningstryggingar eru seldar af EKN (Exportkreditnämnden) sem er ríkisstofnun.

SEK nýtur ekki ríkisábyrgðar en vegna sterkrar fjárhagsstöðu og þar sem stór hluti útistandandi lána SEK er tryggður af EKN getur félagið tekið lán á innlendum og erlendum fjármagnsmörkuðum á afar góðum kjörum. Þessi góðu kjör endurspeglast í kjörum þeirra lána sem SEK veitir en stærsti hluti af starfsemi SEK byggist alfarið á markaðskjörum. Slík lán eru ýmist veitt til skamms eða langs tíma. Þá veitir SEK einnig útflutningslán sem njóta stuðnings sænska ríkisins. Kjör þeirra eru í samræmi við reglur OECD.

EKN býður tryggingu gegn viðskiptaáhættu, stjórnmálalegri áhættu eða hvort tveggja. Trygging bætir allt að 85–90% af tjóni. Yfirleitt nær trygging til einstakra sendinga. Iðgjöldum er ætlað að standa undir kostnaði þannig að ekki sé um niðurgreidda starfsemi að ræða. Auk afkomu EKN hafa þættir eins og heimaríki kaupanda og eðli tryggingar áhrif á iðgjöld.

Reglur ESB/EES um útflutningstryggingar.

Í Evrópusambandinu hafa ríkisreknar eða ríkisstyrktar útflutningstryggingar löngum verið notaðar til þess að styrkja útflutning þarlendra fyrirtækja. Þótt ríkisstuðningur við útflutning innan ESB sé bannaður hefur framkvæmdastjórnin lítið amast við ríkisstyrktum útflutningstryggingum og útflutningslánum. Þó skekkja slíkir ríkisstyrkir samkeppnisstöðu fyrirtækja innan ESB, enda eru kjörin ekki samræmd.

Tekið skal fram að útflutningstryggingar eru mikið notaðar í ESB-ríkjunum. Áætlað er að á hverju ári tryggi fyrirtækin kröfur (til eins árs eða meira) sem nema 25.000 milljörðum króna. Á sl. 15 árum hafa ríkissjóðirnir þurft að greiða tapaðar kröfur sem nema tæpum 600 milljörðum króna vegna stjórnmálalegrar áhættu, m.a. greiðsluvanda þróunarríkja, Persaflóastríðsins og upplausn Sovétríkjanna.

Innan ESB hefur verið reynt að samræma reglur um útflutningstryggingar frá árinu 1960. Sett var tilskipun um þessi mál árið 1970 en hún var aldrei framkvæmd. Aðrar leiðir hafa verið reyndar en án árangurs. Aðildarríkin hafa verið mjög treg til þess að samræma reglur sínar, m.a. vegna þess að ríkisstyrktar útflutningstryggingar eru álitnar hluti af utanríkisviðskiptapólitík landanna. Fleiri sjónarmið spila inn í, m.a. vilja sum ríki ekki skerða samkeppnisstöðu fyrirtækja sinna gagnvart ríkjum utan ESB en önnur hræðast aukin útgjöld til þessara mála.

Framkvæmdastjórn ESB hefur nú ákveðið að gera enn eina tilraun til þess að samræma reglur um útflutningstryggingar. Talið er brýnt að ganga frá þessum málum af ýmsum ástæðum, m.a. tilkomu innri markaðarins. Einnig hefur árangur náðst í því að draga úr ríkisstyrkjum innan ESB, svo og á vettvangi OECD og GATT.

Evrópusambandið gerir greinarmun á því hvort útflutningsáhætta sé markaðshæf, þ.e. hvort hægt sé að selja útflutningstryggingarnar á markaðsgrundvelli eða ekki. Viðskiptaáhætta er talin markaðshæf ef hún stafar af skammtímakröfu til tveggja ára eða skemmri tíma vegna útflutnings til OECD-ríkja (nema Tyrklands og Mexíkó).[7] Viðskiptaáhætta sem er ekki talin markaðshæf nær til mið- og langtímakrafna, þ.e. til tveggja ára eða meira.[8] Ef tillögur framkvæmdastjórnarinnar ná fram að ganga munu reglurnar að öllum líkindum verða látnar ná til EES-svæðisins.

Regludrögin sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir því að ekki megi ríkisstyrkja útflutningstryggingar fyrir markaðshæfa áhættu, þ.e. skammtímakröfur. Frá þessari meginreglu eru ýmsar undantekningar, t.d. ef ekki eru fáanlegar útflutningstryggingar í viðkomandi landi fyrir skammtímakröfur.

Efni frumvarpsins.

Í kjölfar aðildar Íslands að EES-samningnum og aðgangs landsins að innri markaði Evrópusambandsins hafa fjölmörg ný útflutningstækifæri komið til sögunnar. Gildistaka nýs GATT-samnings og annarra samninga sem tengjast Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO, skapar einnig nýjar forsendur til fjölbreyttari útflutnings frá Íslandi. Samningarnir auðvelda milliríkjaviðskipti, draga úr viðskiptahindrunum og minnka kostnaðinn við milliríkjaverslun. Þar með opnast möguleikar fyrir minni fyrirtæki til þess að stunda útflutning sem ekki voru fyrir áður, en einkennandi fyrir Ísland er hversu mörg fyrirtæki eru smá.

Til þessa hefur útflutningurinn mest verið í höndum stórra útflytjenda eða sölusamtaka, sem hafa geta dreift áhættunni og kostnaðinum sem útflutningi fylgir. Þessi staða er nú að breytast, m.a. vegna efnahagsbreytinganna í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu á undanförnum árum.

Í nágrannaríkjum Íslands og helstu samkeppnislöndum eru útflutningstryggingar mikið notaðar af útflutningsfyrirtækjum, en slíkar tryggingar eru fremur óalgengar hér á landi. Ríkisstjórnir annarra landa greiða niður þessar tryggingar til þess að hvetja fyrirtæki sín til útflutnings, skapa atvinnu o.fl. Að þessu leyti er samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja verri þar sem slíkar tryggingar eru lítt eða ekki styrktar af stjórnvöldum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að til þess að bregðast við framangreindri stöðu sé fyrirkomulag útflutningstrygginga endurskipulagt hér á landi. Stofnað verði útflutningstryggingaráð er komi í stað tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð og hliðstæðrar deildar við Iðnlánasjóð. Hlutverk ráðsins verði þríþætt:

---

[7] Draft Communication of the Commission to the Member States under Article 93(1) of the EC Treaty applying Article 92 and 93 of the EC Treaty to short-term export credit insurance, 26.09.1994.

[8] Proposal for a Council Directive on harmonization of the main provisions concerning export credit insurance for transaction with medium and long-term cover, COM (94) 297 final, 13.07. 1994. Þess skal getið að samband evrópskra iðnrekendasamtaka (UNICE) hefur með bréfi 18. janúar 1995 mælt gegn þessari tillögu á þeim forsendum að hún tryggi ekki evrópskum fyrirtækjum sömu samkeppnisstöðu og annarra fyrirtækja að því er útflutningstryggingar varðar.

1. Að selja útflutningstryggingar sem ekki er hægt að kaupa annars staðar.
2. Að kynna útflutningstryggingar og leiðbeina útflytjendum.
3. Að selja lánsábyrgðir til útflutningsfyrirtækja.

Lánsábyrgðirnar eru nauðsynlegur hlekkur í útflutningskeðjunni. Áður en til útflutningsins kemur er nauðsynlegt fyrir útflutningsfyrirtækin að fjármagna framleiðsluna. Bankar og aðrar lánastofnanir gætu veitt þeim lán á grundvelli fyrri útflutnings eða pantana fyrir vörur sem á eftir að framleiða. Lagt er til að stjórnvöldum verði gert kleift að ábyrgjast allt að helmingi slíkra lána á móti bönkunum og þar með minnka áhættu þeirra til þess að hvetja til slíkrar starfsemi.

Til þess að halda kostnaði niðri er lagt til að útflutningstryggingaráð verði vistað hjá Lánasýslu ríkisins þar sem tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð er nú. Einnig er lagt til að fulltrúar Útflutningsráðs Íslands og Verslunarráðs Íslands fái aðild að ráðinu og þar með stefnumörkun og ákvarðanatöku.

Útflutningstryggingaráð mundi væntanlega gera samstarfssamning við erlendan aðila til þess að fá upplýsingar um erlenda kaupendur, mat á áhættu og aðstoð við innheimtur við greiðslufall.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um markmið laganna sem er nánar útfært í 3.–6. gr. Vísað er til markmiðs laganna í 11. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að Lánasýsla ríkisins annist daglega starfsemi útflutningstryggingaráðs til þess að halda kostnaði niðri. Jafnframt er æskilegt að nýta þá þekkingu og aðstöðu sem fyrir er í tengslum við tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Stjórn ráðsins gæti einnig samið við annan aðila um að annast daglega starfsemi ráðsins, t.d. bankastofnun.

Um 3. gr.

Hlutverk útflutningstryggingaráðs yrði hliðstætt hlutverki tryggingardeilda útflutningslána Ríkisábyrgðasjóðs og Iðnlánasjóðs samkvæmt þessari grein.

Um 4. gr.

Lagt er til að útflutningstryggingaráði verði heimilað að ábyrgjast allt að helming útflutningslána á móti bönkum og öðrum lánastofnunum, svo framarlega sem hugsanlegt tjón skiptist jafnt á milli þeirra. Ábyrgðir á útflutningslánum eru einkum ætlaðar litlum fyrirtækjum og fyrirtækjum sem eru að hefja útflutning.

Um 5. gr.

Útflutningstryggingaráði er ætlað það hlutverk að leiðbeina útflytjendum varðandi útflutningstryggingar almennt, en því er heimilt að fela það verk öðrum aðila. Því er einnig ætlað að veita upplýsingar um skyld efni, svo sem kröfukaup og útflutningslán. Eðlilegt er að þessi þáttur starfseminnar verði fjármagnaður af fjárlögum.

Um 6. gr.

Með þessu ákvæði er kveðið á um að útflutningstryggingaráð eigi fyrst og fremst að sinna tryggingum fyrir áhættu sem önnur fyrirtæki tryggja ekki. Stjórn ráðsins er ætlað að framfylgja því markmiði.

Ekki er raunhæft að ráðið safni sjálft upplýsingum um erlend fyrirtæki til þess að meta áhættuna af viðskiptum við þau og því gert ráð fyrir að það geri samstarfssamning við hliðstæða aðila á þessu sviði. Einnig þarf að semja við aðra aðila um innheimtu krafna sem ekki eru greiddar.

Ekkert mælir á móti því að ráðið geri samninga við banka- eða aðrar lánastofnanir um að bjóða þjónustu sína með atbeina þeirra. Slíkt gæti verið æskilegt til þess að tryggja þjálli framkvæmd fyrir útflytjendur.

Um 7. gr.

Lagt er til að utanríkisráðherra skipi stjórn útflutningstryggingaráðs. Algengt er í nágrannalöndum að þessi málaflokkur fylgi ráðuneyti útflutningsmála, t.d. í Noregi.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt þeim sem eru í gildandi lögum, nema kveðið er á um að tryggingariðgjöld skuli m.a. taka mið af því sem gildir í helstu samkeppnislöndum. Einnig er það nýmæli að sett er hámark á meðaltalsútgjöld fyrir ríkissjóð vegna útflutningstrygginga sem er ½ milljón sérstakra dráttarréttinda, SDR (um 50 milljónir króna á ári). Verði útgjöldin meiri en sú upphæð á ársgrundvelli ber stjórn útflutningstryggingaráðs að haga rekstrinum þannig að þau verði innan við 25% lægri upphæð næstu ár á eftir eða þar til meðalútgjöld undanfarinna ára eru orðin ½ milljón SDR eða lægri upphæð.

Um 9. gr.

1. mgr. þessarar greinar er hliðstæð gildandi ákvæði laga um Iðnlánasjóð. Í þeim lögum er hámark skuldbindinga tryggingardeildar útflutningslána miðað við 100 milljónir sérstakra dráttarréttinda, SDR (um 10 milljarðar króna), en hér er lagt til að hámarkið verði lækkað í SDR 50 milljónir (um 5 milljarðar króna) fyrir útflutningstryggingaráð. Enn fremur eru settar ýmsar takmarkanir á heimildir stjórnar ráðsins til þess að skuldbinda ríkissjóð, þ.e. fulltrúar ráðuneytanna verða að taka samhljóða ákvarðanir undir vissum kringumstæðum. Fulltrúar ráðuneytanna fara með fimm atkvæði af sjö í stjórninni. Fulltrúi fjármálaráðherra hefur því neitunarvald gagnvart ákvörðunum sem fara út fyrir þann ramma sem er skilgreindur í lögunum. Nánar tiltekið:

a. Ákvarðanir í stærri málum skulu teknar með samhljóða ákvörðun ráðuneytisfulltrúanna, þ.e. ef einstakt tjón getur orðið meira en ½ milljón SDR (um 50 milljónir króna).
b. Sama á við ef heildarskuldbindingar vegna eins aðila ná 1 milljón SDR (um 100 milljónum króna).
c. Þá er kveðið á um að tryggingar- og ábyrgðartakar verði að bera a.m.k. 15% áhættunnar sjálfir, nema aukinn meiri hluti stjórnarinnar ákveði annað.
d. Ákvarðanir um iðgjöld af tryggingum og lánsábyrgðum verða ráðuneytisfulltrúar að taka samhljóða.

Loks er ráðinu gert að dreifa áhættu vegna trygginga og lánsábyrgða hæfilega milli landa.

Um 10. gr.

Lagt er til að Alþingi fylgist reglulega með starfsemi útflutningstryggingaráðs. Utanríkisráðherra mundi leggja ársskýrslu ráðsins fyrir Alþingi og gera frekari grein fyrir henni, eftir atvikum, um leið og hann flytur skýrslu sína um utanríkismál.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæðum í lögum um Iðntæknistofnun og fleiri lögum. Ef þróunin hér innan lands leiðir til stofnunar innlends útflutningstryggingafélags gæti Útflutningstryggingaráð átt hlut í því félagi í þeim tilgangi að vinna að markmiðum laganna. Til dæmis gæti það annast starfsemi útflutningstryggingaráðs innan þeirra marka sem lögin setja. Ef eigið fé ráðsins nægir ekki til slíkrar eignaraðildar yrði að sækja það á fjárlögum.

Um 12. gr.

Með ákvæðinu eru gildandi lög um útflutningstryggingar felld úr gildi og útflutningstryggingaráði falið að taka við skuldum tryggingardeilda útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð og Iðnlánasjóð.

Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð leysti til sín kröfu árið 1992 vegna síldarsölu að upphæð 423.000 USD sem er útistandandi. Í nóvember sl. var aftur gefin út ábyrgð vegna síldarsölu að upphæð 2.350.000 USD til eins árs. Ekki hafði komið til greiðslufalls vegna hennar í febrúar 1995.

Hjá tryggingardeild útflutningslána við Iðnlánasjóð var ábyrgðaramminn 53 milljónir kr. 31. desember 1994, þar af höfðu 34 milljónir kr. verið notaðar. Tryggingardeildin átti engar útistandandi kröfur.

Lagt er til að sólarlagsákvæði verði sett í lögin þannig að ráðið starfi í fimm ár til reynslu nema Alþingi ákveði annað.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útflutningstryggingaráð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fyrirkomulag útflutningstrygginga verði endurskoðað hér á landi. Stofnað verði útflutningstryggingaráð er komi í stað tryggingardeildar við Ríkisábyrgðasjóð og hliðstæðrar deildar við Iðnlánasjóð. Hlutverk ráðsins verði þríþætt:

1. Að selja útflutningstryggingar sem ekki er hægt að kaupa annars staðar.
2. Að kynna útflutningstryggingar og leiðbeina útflytjendum.
3. Að selja lánsábyrgðir til útflutningsfyrirtækja.

Ef kynning útflutningstrygginga og leiðbeining útflytjenda leiðir ekki til aukinna skuldbindinga ríkissjóðs eða iðgjöld standi að fullu undir rekstri ráðsins, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs má gera ráð fyrir að frumvarpið feli í sér óverulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Rúm til aukinna skuldbindinga frá því sem er nú er hins vegar

mikið. Eftir því sem þetta rúm fyllist eykst fjárhagsleg áhætta ríkissjóðs þannig að yrði heimiluð skuldbinding nýtt að fullu og skuldin mundi ekki innheimtast yrði kostnaður ríkissjóðs 5 milljarðar kr. að frádregnum varasjóði og iðgjöldum.

Hlutverk (1. og 3.–6. gr.).

Samkvæmt frumvarpinu yrði hlutverk útflutningstryggingaráðs hliðstætt hlutverki tryggingardeildar útflutningslána Ríkisábyrgðasjóðs og Iðnlánasjóðs. Meginmunurinn er sá að í frumvarpinu er lögð sérstök áhersla á leiðbeiningarhlutverk ráðsins gagnvart útflytjendum varðandi útflutningstryggingar almennt og skyld efni. Umfang þessa hlutverks ræðst af fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni en áætlað er að það kosti ráðið um 3–4 m. kr. að sinna þessu hlutverki sínu. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til verkefnisins í fjárlögum ársins 1995.

Tekjur og ábyrgðir (8. og 9. gr.).

Í 8. gr. er kveðið á um að iðgjöld af einstökum tryggingum og lánsábyrgðum verði ákveðin af stjórn útflutningstryggingaráðs og skal við ákvörðun þeirra miða við að þau standi undir rekstri ráðsins, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs. Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í gildandi lögum. Það er hins vegar nýmæli að tryggingariðgjöld skuli m.a. taka mið af því sem gildir í helstu samkeppnislöndum. Tekjumöguleikar ráðsins eru því skertir sem getur komið í veg fyrir að hann nái að standa undir rekstri, greiðslu tjónabóta og myndun varasjóðs. Einnig er það nýmæli að sett er hámark á meðaltalsútgjöld fyrir ríkissjóð vegna útflutningstrygginga sem er ½ milljón sérstakra dráttarréttinda SDR eða 50 m.kr. á ári. Verði útgjöldin meiri en sú upphæð á ársgrundvelli ber stjórn útflutningstryggingaráðs að haga rekstrinum þannig að þau verði innan við 25% lægri upphæð næstu ár á eftir eða þar til meðalútgjöld undanfarinna ára eru orðin ½ milljón SDR eða lægri upphæð.

1. mgr. 9. gr. er hliðstæð gildandi ákvæði laga um Iðnlánasjóð. Í þeim lögum er hámark skuldbindinga tryggingardeildar útflutningslána miðað við 100 milljónir sérstakra dráttarréttinda, SDR, sem er um 10 milljarðar kr. Gildar ábyrgðir tryggingardeildar útflutningslána hjá Iðnlánasjóði námu tæpum 34 m.kr. í árslok 1994 sem er um 0,4% af hámarki skuldbindinga deildarinnar. Á árinu 1994 voru engin töp hjá deildinni. Í frumvarpinu er lagt til að hámarkið verði lækkað niður í 50 milljónir SDR eða í 5 milljarða króna. Einn megintilgangur frumvarpsins er að kynna og auka notkun útflutningstrygginga. Þetta þýðir auknar skuldbindingar ríkissjóðs og aukna fjárhagslega áhættu sem þrátt fyrir ákvæði 8. gr. getur útheimt allt að 5 milljörðum kr. á ári að frádregnum varasjóði og iðgjöldum.

Í 9. gr. er auk áðurnefnds kveðið á um að settar verði ýmsar takmarkanir á heimildir stjórnar ráðsins til þess að skuldbinda ríkissjóð. Fulltrúar ráðuneytanna fara með fimm atkvæði af sjö í stjórninni og hefur fulltrúi fjármálaráðherra því neitunarvald gagnvart ákvörðunum sem fara út fyrir þann ramma sem skilgreindur er í lögum.

Staðsetning rekstrar og önnur ákvæði.

Til að halda rekstrarkostnaði útflutningstryggingaráðs niðri er lagt til að það verði vistað hjá Lánasýslu ríkisins þar sem tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð er nú. Einnig er lagt til að fulltrúar Útflutningsráðs Íslands og Verslunarráðs Íslands fái aðild að ráðinu og þar með stefnumörkun og ákvarðanatöku.

765. Frumvarp til laga [447. mál]

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fiskvinnslufólks, sem nýtur réttar til kauptryggingar samkvæmt almennum kjarasamningum, skulu inntar af hendi til fiskvinnslufyrirtækja eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vinnuveitandi, sem greiðir starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamnings um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði eftir því sem segir í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Með tímabundinni vinnslustöðvun er í lögum þessum átt við að hráefnisskortur eða aðrar sambærilegar orsakir valdi því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis.

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo á hverju almanaksári sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur, sbr. 2. mgr.

Greiðsla samkvæmt þessari grein skal nema fjárhæð hámarksdagpeninga samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, auk lífeyrissjóðsiðgjalds og tryggingagjalds atvinnurekenda, fyrir hvern starfsmann í fullu starfi sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar meðan hún varir, þó ekki lengur en 30 greiðsludaga í senn og aldrei lengur en 60 greiðsludaga á hverju almanaksári. Vegna starfsmanna í hlutastarfi skal greiðslan vera í samræmi við samningsbundið starfshlutfall hlutaðeigandi starfsmanna.

2. gr.

Fyrirtæki, sem hyggst njóta greiðslu skv. 1. gr., skal með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og orsakir hennar til þess aðila sem lögum samkvæmt annast avinnuleysisskráningu á staðnum. Atvinnuleysisskráningaraðili framsendir gögnin skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs, ásamt staðfestingu sinni á því að um vinnslustöðvun sé að ræða af tilgreindum orsökum.

Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs metur hvort skilyrði greiðslu eru fyrir hendi og ákvarðar fjárhæð bóta í samræmi við starfshlutfall starfsmanna samkvæmt kauptryggingarsamningum. Bætur greiðast vikulega til hlutaðeigandi fyrirtækis meðan á vinnslustöðvun stendur, sbr. þó 4. mgr. 1. gr.

Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslu sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr honum.

3. gr.

Skylt er fyrirtæki, sem nýtur greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvæðum þessara laga, að tilkynna skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar í stað ef breyting verður á fjölda starfsmanna sem hafa gildandi kauptryggingarsamninga og eru verkefnalausir af völdum vinnslustöðvunar. Hafi starfsmaður, sem gert hefur kauptryggingarsamning, hafið störf annars staðar meðan vinnslustöðvun varir og launagreiðslur fyrirtækisins fallið niður fellur greiðsla sjóðsins niður frá sama tíma.

Atvinnuleysisskráningaraðili, sbr. 1. mgr. 2. gr., og Atvinnuleysistryggingasjóður skulu hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis, svo og að kauptryggingarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækis og starfsmanna þess.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um þau gögn sem fyrirtæki, sem óskar eftir greiðslum samkvæmt lögum þessum, skal leggja fram.

4. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skylt að hlutast til um að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma sem vinnslustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnustundir hvers starfsmanns sem tapast vegna setu á námskeiðum sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því sem við á. Auk þess er þar greinir skal leggja fram staðfestingu þess aðila er stendur fyrir námskeiði um námskeiðshaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög með sama heiti, nr. 34 18. maí 1988 og lög nr. 42 31. maí 1992, um breytingu á þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í tilefni af ákvæðum kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, Vinnumálasambandsins og Vinnuveitendasambands Íslands, dags. 21. febrúar 1995, um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu og yfirlýsingu samningsaðila, dags. 20. febrúar 1995, um að framkvæmd samningsins sé háð því að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Samkvæmt grein 16.3 í ofangreindum kjarasamningi skal eftir níu mánaða starf í sama fyrirtæki fara um réttindi og skyldur starfsmanns samkvæmt ákvæðum kauptryggingarsamnings. Þetta ákvæði skuldbindur vinnuveitendur, sem bundnir eru af samningnum, til að gera kauptryggingarsamninga. Frumvarpið felur í sér nauðsynlegar breytingar á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 34/1988, vegna fiskvinnslufólks sem nýtur réttinda samkvæmt þessu ákvæði samningsins. Tekið skal fram að fiskvinnslufólk, sem nýtur kauptryggingar, á ekki rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt almennum ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar meðan það er á launum samkvæmt kauptryggingarsamningi og fyrirtæki nýtur greiðslna vegna þeirra í tímabundinni vinnslustöðvun.

Í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar og samningsaðila felur frumvarpið í sér eftirfarandi rýmkun á greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks:

a. Í stað þess að greiðslur miðist við hvern heilan vinnudag umfram tvo í hvert skipti sem vinnslustöðvun verður, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, miðast greiðslur við hvern heilan vinnudag umfram tvo á almanaksári, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. tveir dagar dragast aðeins einu sinni á ári frá greiðslum í stað þess að þeir dragast samkvæmt núgildandi reglum frá við hverja vinnslustöðvun.

b. Í stað þess að greiðslur miðist við hámark fjórar vikur í senn, sbr. 4. mgr. 1. gr. laganna, er lagt til að greiðslur miðist við hámark 30 greiðsludaga, þ.e. sex vikur, og í stað þess að hámarksgreiðslutímabil á ári sé níu vikur er miðað við 60 greiðsludaga á ári, þ.e. tólf vikur, sbr. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

c. Það er enn fremur nýmæli að ofan á atvinnuleysisdagpeninga á sjóðurinn að greiða lífeyrissjóðsiðgjald og tryggingagjald atvinnurekenda. Fyrrnefnda atriðið er í samræmi við almennar reglur í lögum um atvinnuleysistryggingar, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 93/1993, en ekki hið síðarnefnda. Þetta þýðir 9,16% álag ofan á dagpeningagreiðslur.

d. Í stað þess að fyrirtæki þurfi að tilkynna um fyrirhugaða vinnslustöðvun með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara er lagt til að fyrirvarinn verði þrír sólarhringar.

Ofangreindar breytingar eru svo veigamiklar að rétt þótti að semja frumvarp til nýrra laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Ákvæði 1.–3. gr. frumvarpsins fela í sér ofangreindar breytingar vegna nýgerðs kjarasamnings. 2. gr. frumvarpsins felur auk þess í sér leiðréttingar í samræmi við breytingar á greiðslufyrirkomulagi, sbr. nánar athugasemdir við greinina. 4. gr. er óbreytt frá núgildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Af greininni leiðir að Atvinnuleysistryggingasjóður skal greiða fyrirtækjum atvinnuleysisbætur vegna fiskvinnslufólks sem gert hefur kauptryggingarsamninga samkvæmt almennum kjarasamningum. Samkvæmt grein 16.1 í nýgerðum kjarasamningi Verkamannasambands Íslands, Vinnumálasambandsins og Vinnuveitendasambands Íslands taka ákvæði um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu til verkafólks við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafla, þ.e. í frystingu, söltun og skreiðarverkun og rækju- og skelvinnslu.

Greiðslur miðast fyrst og fremst við að vinnslustöðvun verði vegna hráefnisskorts. Með orðalaginu sambærilegar ástæður í 2. mgr. 1. gr. er haft í huga að heimilt verði að greiða vegna vinnslustöðvunar sem verður vegna þess að ekki er talið réttlætanlegt að vinna aflann af rekstrarlegum ástæðum, t.d. vegna ónógs magns eða hráefnisverðs og því verður í reynd um hráefnisskort að ræða.

3. mgr. greinarinnar felur í sér þá breytingu að tveir dagar á almanaksári séu bótalausir í stað þess að skv. 3. mgr. 1. gr. núgildandi laga eru ekki greiddar bætur tvo fyrstu dagana í hverri vinnslustöðvun.

4. mgr. felur í sér þau nýmæli að ofan á dagpeningafjárhæð samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar skuli greiða af bótafjárhæðinni fjárhæð sem svarar lífeyrissjóðsiðgjaldi atvinnurekenda, þ.e. 6%, og tryggingagjaldi atvinnurekenda sem nú er 3,16%. Auk þess er hámarksgreiðslutímabilið lengt úr 20 dögum í 30 daga í hverri vinnslustöðvun. Enn fremur er hámarksgreiðslutímabilið á hverju ári lengt úr 45 dögum í 60 daga.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. gr. núgildandi laga þurfa fyrirtæki að tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að fyrirvarinn verði styttur í þrjá sólarhringa.

Greinin felur enn fremur í sér nauðsynlegar breytingar á orðalagi vegna þess að samkvæmt frumvarpinu miðast greiðslur við að starfsfólk hafi gert kauptryggingarsamninga en samkvæmt gildandi lögum er notað orðalagið „fastráðið fiskvinnslufólk".

Einnig þykir heppilegra að kveða á um að tilkynning um vinnslustöðvun sé send „aðila sem lögum samkvæmt annast atvinnuleysisskráningu á staðnum" fremur en að tilgreina nákvæmlega hverjir þeir aðilar eru samkvæmt núgildandi lögum um vinnumiðlun en breytingar á lögunum hafa verið í undirbúningi. Rétt þykir að það verði áfram aðili á staðnum sem þurfi að staðfesta að um vinnslustöðvun sé að ræða af þeim ástæðum sem vinnuveitandi tilgreinir þar sem hann á vegna nálægðar hægara með að ganga úr skugga um það en skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Framkvæmdin hefur að undanförnu verið að færast í það horf að skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur ákvarðað og afgreitt greiðslur beint til fyrirtækja án milliliða. Þykir rétt að leggja til breytingar á 2. gr. í samræmi við breytta framkvæmd enda hefur það í för með sér að unnt er að hraða afgreiðslu mála. Afgreiðslu skrifstofu er unnt að skjóta til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 3. mgr. greinarinnar.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér nauðsynlegar breytingar á 3. gr. núgildandi laga vegna þess að ekki er lengur rétt að nota orðalagið „fastráðið starfsfólk" heldur starfsfólk sem gert hefur kauptryggingarsamninga. Lokalið 1. mgr. 3. gr. um vikulegar greiðslur og 4. mgr. 3. gr. um málskotsrétt til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs er að finna í 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ákvæðið er samhljóða 4. gr. núgildandi laga.

Um 5.–6. gr.

Greinarnar fela í sér almenna heimild til setningar reglugerðar og gildistökuákvæði sem þarfnast ekki skýringa.

766. Frumvarp til laga [448. mál]

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. kemur: Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipa ellefu menn. Tveir þeirra skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi háskólamanna-BHMR, einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn af Vinnuveitenda-

sambandi Íslands, einn af fjármálaráðuneytinu og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fjórir stjórnarmenn skulu kosnir á Alþingi með hlutfallskosningu.

b. Stjórnin setur sér reglur um störf sín, þar á meðal um það hvort stjórnin skipti með sér verkum þannig að hún geti starfað í tveimur hlutum sem hvor fyrir sig geti verið ályktunarhæfur. Allir aðalmenn í stjórninni skulu þó taka þátt í gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um atvinnuleysistryggingar og meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag sjóðsins. Formaður skal sitja fundi í báðum hlutum stjórnarinnar sem oddamaður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.

b. 2. mgr. orðast svo:

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

c. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Sá sem fullnægir skilyrðum bótaréttar skv. 16. gr., en tekur að stunda nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum, heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér.

4. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Bótaþegi, sem er í atvinnuleit í EES-landi, skal sæta reglum þess lands um eftirlit og skráningu hjá vinnumiðlun.

5. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, sem orðast svo:

Við ákvörðun bóta til manns, sem starfaði sem launamaður áður en hann varð atvinnulaus, er heimilt að taka tillit til starfstímabila sem hann á að baki í EES-landi, enda hafi hann fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis í því landi og leggi fram tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil þar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að njóta réttar skv. 1. mgr.

7. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Úthlutunarnefnd fyrir opinbera starfsmenn skal, eftir því hver á hlut að máli, skipuð þremur mönnum frá viðkomandi bandalagi opinberra starfsmanna, eða stéttarfélagi sem er utan bandalagá, einum fulltrúa frá fjármálaráðuneyti og einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir.

8. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 5. mgr. 27. gr. laganna kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.
c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Umboðsmenn vinnumálaskrifstofunnar skulu mánaðarlega senda skrifstofunni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum.
b. 3. mgr., sem verður 2. mgr., orðast svo:
   Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að fela öðrum aðila en úthlutunarnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. að annast úthlutun atvinnuleysisbóta ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag.

12. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 31. gr. laganna kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

13. gr.

Á eftir 41. gr. a laganna kemur ný grein, 41. gr. b, sem orðast svo:

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra, svo og III. kafla laga nr. 116/1993 og 9.–17. gr. laga nr. 127/1993, inn í lög nr. 93/1993 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Bandalag háskólamanna-BHMR, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu þegar eftir gildistöku þessara laga öðlast rétt til að eiga einn fulltrúa, hver aðili fyrir sig, í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs

sem skulu eiga sæti í stjórninni þar til ný stjórn verður skipuð eftir næstu alþingiskosningar.

II.

Á árunum 1995 og 1996 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í megindráttum í sér þrenns konar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Í fyrsta lagi er um að ræða nauðsynlegar breytingar vegna laga nr. 99/1994, en með þeim var VI. kafli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem fjallaði um atvinnuleysisbætur, felldur brott. Af þessari lagabreytingu leiðir að réttur opinberra starfsmanna til atvinnuleysisbóta fer nú eftir lögum um atvinnuleysistryggingar og er nauðsynlegt að gera breytingar á þeim með hliðsjón af því, sbr. 1., 5. og 7. gr. frumvarpsins og bráðabirgðaákvæði þess. Tekið skal fram að samráð var haft við Bandalag háskólamanna-BHMR, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands við samningu þessara ákvæða frumvarpsins.

Í öðru lagi felur frumvarpið í sér nauðsynlegar breytingar vegna þess að Tryggingastofnun ríkisins annast ekki lengur þjónustu við Atvinnuleysistryggingasjóð, sbr. 2. og 8.–12. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér breytingar, sem taldar eru nauðsynlegar, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Með 30. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópskt efnahagssvæði voru gerðar tvær breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Annars vegar var gerð breyting á 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna til að tryggja þeim sem eru í atvinnuleit í EES-landi rétt til að fá greiddar íslenskar atvinnuleysisbætur í því landi og hins vegar bættist við ný grein, 41. gr. a, sem heimilar Atvinnuleysistryggingasjóði að greiða, fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi, ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur. Við nánari skoðun þykir nauðsynlegt að tvö efnisákvæði til viðbótar verði lögfest vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum. Í fyrsta lagi er um að ræða ákvæði um að bótaþegi, sem er í atvinnuleit í EES-landi, skuli sæta reglum þess lands um eftirlit og skráningu hjá vinnumiðlun, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er um að ræða heimild til að reikna starfstímabil launamanns í öðru EES-landi með við ákvörðun atvinnuleysisbóta til hans hér á landi, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Enn fremur þykir nauðsynlegt að lögfesta sérstaka heimild til að birta reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 99/1994 var VI. kafli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem fjallaði um atvinnuleysisbætur, felldur brott. Af því leiðir að lög um atvinnuleysistryggingar taka nú til opinberra starfsmanna enda á fyrirvarinn í 3. mgr. 1. gr. þeirra, um að lögin taki ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum, ekki lengur við. Með hliðsjón af þessari breytingu þykir rétt að leggja til að bandalög opinberra starfsmanna fái hvort fyrir sig einn fulltrúa í stjórn sjóðsins og að fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga fái á sama hátt einn fulltrúa, hvor aðili fyrir sig, í sjóðstjórnina. Með þessari breytingu eru stjórnarmenn orðnir ellefu. Til að auðvelda störf stjórnarinnar er gert ráð fyrir að stjórnin geti starfað í tveimur hlutum sem hvor fyrir sig geti tekið fullnaðarákvörðun um þau málefni sem undir hann heyra. Gert er ráð fyrir að stjórnin setji sér sjálf reglur um hvort og hvernig verkefnum skuli skipt milli þessara tveggja hópa. Af orðalaginu „oddamaður" í síðasta málsliðnum leiðir að atkvæði formanns ræður úrslitum ef stjórnin skiptist þannig að tala stjórnarmanna er jöfn.

Um 2. gr.

Eins og kunnugt er færðist yfirstjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs um áramótin 1993–94 frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins. Vegna þessarar breytingar lét félagsmálaráðuneytið gera úttekt á starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs og hvernig mætti samþætta starfsemi sjóðsins við aðra vinnumálastarfsemi á vegum ráðuneytisins. Meginniðurstaða úttektarinnar var sú að með því að vista alla vinnumálastarfsemi ráðuneytisins á einum stað og reka hana sem eina heild væri unnt að styrkja vinnumálastarfið faglega og ná fram hagræðingu. Í samræmi við þessa niðurstöðu var starfsemi sjóðsins flutt vorið 1994 frá Tryggingastofnun ríkisins til vinnumálaskrifstofu ráðuneytisins. Þar með voru tengsl sjóðsins við Tryggingastofnun ríkisins rofin og hefur stofnunin ekki lengur afskipti af málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Með hliðsjón af því er nauðsynlegt að gera breytingar á þeim ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar sem kveða á um hlutverk stofnunarinnar og umboðsmanna hennar gagnvart sjóðnum. Í samræmi við breytta framkvæmd felur a-liður 2. gr. það í sér að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins annist þau verkefni sem Tryggingastofnun ríkisins hafði áður með höndum skv. 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna.

Samkvæmt b-lið ákvæðisins er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laganna, sem kveður á um þóknun sjóðsins til Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu hennar, verði felld brott með hliðsjón af því að sjóðurinn nýtur ekki lengur þjónustu stofnunarinnar. Í staðinn komi almennt ákvæði um að kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Í c-lið ákvæðisins er lagt til að 3. mgr. 7. gr., sem kveður á um að handbært fé sjóðsins skuli ávaxta í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til, verði felld brott enda ákvæðið orðið úrelt.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 17. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um að sá sem sé atvinnulaus og fullnægi skilyrðum bótaréttar en taki starfi, sem ekki er tryggingaskylt samkvæmt lögunum og stundi það allt að 24 mánuðum, haldi að loknu því starfi bótarétti sem hann hafði áunnið sér, enda taki ákvæði annarra laga eða samninga um atvinnuleysistryggingar ekki til starfsins. Sama gildi í allt að 24 mánuði um þá sem taka að stunda nám svo og þá sem verða að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum. Í fyrstu lögum um at-

vinnuleysistryggingar var það skilyrði bótaréttar að umsækjandi væri félagsmaður í verkalýðsfélagi og að laun hans hefðu verið goldin samkvæmt kjarasamningi eða kauptaxta verkalýðsfélags. Eingöngu þeir atvinnurekendur sem höfðu í þjónustu sinni menn, sem tóku laun með þessum hætti, voru gjaldskyldir í sjóðinn. Með ákvæðinu í 1. mgr. 17. gr. var því verið að tryggja rétt manna sem réðust í störf sem ekki tíðkaðist að gera kjarasamninga um og voru þar af leiðandi ekki tryggingaskyld. Þetta átti t.d. við um þá sem réðust til starfa í sveitum, en kjarasamningar vegna landbúnaðarstarfa tíðkuðust ekki og þar af leiðandi veittu slík störf ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Núna eru öll störf tryggingaskyld og því á ákvæði þetta ekki lengur við um vinnumarkaðinn. Hins vegar hefur það vakið þann misskilning að menn geti geymt bótarétt sinn þann tíma sem þeir stunda svokallaða „svarta vinnu". Þykir því rétt að leggja til að ákvæði þetta verði fellt brott. Rök þykja hins vegar til þess að viðhalda rétti þeirra sem taka að stunda nám og þeirra sem verða að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum til að geyma bótarétt sinn. Er byggt á því að réttur þeirra sé óbreyttur eins og í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Samkvæmt 20. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er það skilyrði bótaréttar að umsækjandi láti skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun. Reglur Evrópusambandsins, sem gilda á EES-svæðinu, gera ráð fyrir að fari atvinnulaus einstaklingur í atvinnuleit innan svæðisins beri landinu þar sem hann á rétt á atvinnuleysisbótum að greiða honum áfram bætur þann tíma sem honum er atvinnuleitin heimil, þ.e. að hámarki í þrjá mánuði, og að hann eigi þennan tíma að sæta reglum þess lands þar sem hann er í atvinnuleit um skráningu og eftirlit. Það er því auðsætt að skilyrði um vikulega skráningu getur almennt ekki átt við þegar íslenskir bótaþegar fara í atvinnuleit til annars EES-lands og er því lögð til breyting á þessu ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar í samræmi við reglur Evrópusambandsins, sbr. b-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með síðari breytingum.

Um 5. gr.

2. mgr. 24. gr. felur í sér heimild til að meðreikna vinnu, sem unnin er samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna, við ákvörðun bóta til umsækjanda sem nær ekki 425 dagvinnustunda lágmarkinu til að geta átt bótarétt. Ákvæðið á ekki við eftir að sú breyting varð að lög um atvinnuleysistryggingar taka til opinberra starfsmanna og er lagt til að það verði fellt brott úr lögunum.

Um 6. gr.

Samkvæmt 67. gr. reglugerðar Evrópusambandsins (EBE) nr. 1408/71 skal aðildarríki við ákvörðun atvinnuleysisbóta taka tillit til starfs- og tryggingatímabila sem launþegi hefur lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt löggjöf fyrstnefnda ríkisins. Í lögum um atvinnuleysistryggingar er ekki að finna heimild til þess. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna er það skilyrði fyrir bótarétti að hinn atvinnulausi hafi unnið a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum og skv. 24. gr. skal við útreikning á fjárhæð bóta taka mið af fjölda dagvinnustunda í tryggingaskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir fyrsta skráðan atvinnuleysisdag. Enda þótt það sé ekki beinlínis tekið fram verður að telja víst að með orðalaginu „tryggingaskyldri vinnu" sé átt við vinnu hér á landi sem tryggingagjald hefur verið greitt af. Því er nauðsynlegt að inn í lög um atvinnuleysistryggingar

komi heimild til að meðreikna starfstímabil í öðru EES-landi en Íslandi. Það leiðir af 3. mgr. 67. gr. reglugerðar nr. 1408/71 að það er skilyrði fyrir því að meðreikna starfstímabil erlendis frá að hinn atvinnulausi hafi síðast átt að baki starfstímabil í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar sem bótakrafan byggist á. Í samræmi við þetta ákvæði er unnt að setja það skilyrði fyrir að meðreikna starfstímabil í öðru EES-landi að viðkomandi hafi síðast átt að baki starfstímabil hér á landi. Er gert ráð fyrir að nánari reglur um slík skilyrði verði sett í reglugerð. Slík skilyrði eiga samkvæmt áðurnefndri 3. mgr. 67. gr. ekki við um þá sem haldið hafa búsetu sinni í því landi sem greiðir bæturnar enda þótt þeir hafi stundað vinnu í öðru landi. Eðli sínu samkvæmt getur slíkt varla átt sér stað hér á landi, enda mundi það líklegast stangast á við ákvæði lögheimilislaga. Rétt er að árétta að heimildin á aðeins við um launþega. Hinn atvinnulausi verður að hafa starfað sem launþegi bæði hér og í viðkomandi EES-landi. Hann verður að hafa verið tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysisbætur í öðru EES-landi til þess að njóta góðs af ákvæðinu og hann verður að leggja fram tilskilin vottorð, útgefin af viðkomandi yfirvöldum í því landi sem staðfesta áunnin starfs- og tryggingatímabil þar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð, og í samræmi við reglur Evrópusambandsins, nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að fullnægja að öðru leyti til að njóta góðs af heimildinni.

Um 7. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna er kveðið á um að úthlutunarnefnd skuli skipuð þremur mönnum frá því stéttarfélagi eða félagasambandi sem hlut á að málum, einum frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einum frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Það er ljóst að þessi skipan getur ekki átt við um opinbera starfsmenn og að nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um skipun úthlutunarnefndar fyrir þá. Ákvæðið byggir á því að sams konar fyrirkomulag sé á úthlutun atvinnuleysisbóta til opinberra starfsmanna og annarra launþega. Þykir rétt að róttækari breytingar á þessu fyrirkomulagi bíði heildarendurskoðunar laganna. Ákvæðið felur í sér það frávik frá 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna að fjöldi úthlutunarnefnda fyrir opinbera starfsmenn takmarkist við bandalög opinberra starfsmanna, þ.e. annars vegar Bandalag háskólamanna-BHMR og hins vegar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og að eingöngu verði skipaðar sérstakar úthlutunarnefndir fyrir þau stéttarfélög sem standa utan þessara bandalaga en Kennarasamband Íslands er langstærst þeirra. Er þetta gert með hliðsjón af því að æskilegt þykir að fækka úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta. Í stað fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaga komi fulltrúar frá fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í aðildarfélögum bandalaga opinberra starfsmanna og í þeim stéttarfélögum þeirra sem standa utan bandalaga eru ekki eingöngu opinberir starfsmenn. Gert er ráð fyrir að úthlutunarnefnd fyrir þá félaga sem ekki eru opinberir starfsmenn verði skipuð samkvæmt hinu almenna ákvæði í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna.

Tekið skal fram að ákvæðið er samið að höfðu samráði við Bandalag háskólamanna-BHMR, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands.

Í samræmi við 1. mgr. 32. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er kveðið sérstaklega á um skipun varamanna í úthlutunarnefndir.

Um 8.–10. gr.

Greinarnar fela í sér nauðsynlegar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar vegna þess að Tryggingastofnun ríkisins annast ekki lengur þjónustu við sjóðinn. Í samræmi við breytta framkvæmd er lagt til að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins annist þau verkefni sem Tryggingastofnun ríkisins hafði áður með höndum samkvæmt lögunum. Tekið skal fram að sýslumenn, sem eru umboðsmenn Tryggingastofnunar, annast enn nokkur umsýsluverkefni fyrir sjóðinn, þ.e. utan Stór-Reykjavíkursvæðisins, og er byggt á því að þeir annist þessi verkefni sem umboðsmenn vinnumálaskrifstofunnar.

Um 11. gr.

Eina breytingin sem gerð er á 2. mgr. 30. gr. er sú að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins tekur við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins. Í b-lið ákvæðisins er lagt til að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilt að fela öðrum aðila en úthlutunarnefnd að annast úthlutun atvinnuleysisbóta ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag. Með þessu ákvæði er veittur möguleiki til þess að víkja frá úthlutunarnefndafyrirkomulaginu. Hugsanlegt er að einstök stéttarfélög, sérstaklega fámenn stéttarfélög, óski eftir að taka upp einfaldara úthlutunarfyrirkomulag en nú tíðkast. Núgildandi 3. mgr. 30. gr. var samin með opinbera starfsmenn í huga og á hún ekki lengur við eftir að VI. kafli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna var felldur brott með lögum nr. 99/1994.

Um 12. gr.

Samkvæmt 31. gr. skal stjórn sjóðsins fylgjast með störfum úthlutunarnefnda og Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar um allt er atvinnuleysisbætur varðar. 12. gr. felur því í sér sjálfsagða breytingu með hliðsjón af þeim breytingum sem átt hafa sér stað á starfsemi sjóðsins.

Um 13. gr.

Reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur eru í 6. kafla reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með síðari breytingum, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, sbr. 1. tölul. VI. viðauka við EES-samninginn, og í 6. kafla reglugerðar (EBE) nr. 574/72, með síðari breytingum, um framkvæmd reglugerðar nr. 1408/71. Samkvæmt 66. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í þeim lögum. Af fyrirvaranum um að ákvæðin skuli eiga stoð í almannatryggingalögum leiðir að heimildin nær ekki til reglna Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur. Ákvæðum 7. gr. EES-samningsins um að gerð, sem samsvarar reglugerð EBE, skuli sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila hefur því ekki verið fullnægt hvað reglur um atvinnuleysisbætur áhrærir. Ákvæði 13. gr. er ætlað að bæta úr því og er í ákvæðinu notað hliðstætt orðalag og í áðurgreindri 66. gr. almannatryggingalaga.

Um 14. gr.

Með hliðsjón af tíðum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, sbr. breytingalög nr. 116/1993 og nr. 127/1993 og þetta frumvarp, er lagt til að lögin verði gefin út að nýju ef frumvarpið nær fram að ganga.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja að BHMR, BSRB, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga fái hvert fyrir sig einn fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem eigi þar sæti þar til ný stjórn verður skipuð eftir næstu alþingiskosningar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið styðst við 3. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tenglsum við kjarasamninga lands- og svæðasambanda innan ASÍ og vinnuveitenda frá 20. febrúar 1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í megindráttum í sér þrenns konar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þær eru:

- Breytingar vegna þess að réttur opinberra starfsmanna til atvinnuleysisbóta fer nú eftir lögum um atvinnuleysistryggingar.
- Breytingar vegna þess að Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins tekur yfir þá þjónustu sem Tryggingastofnun ríkisins hefur annast fyrir sjóðinn.
- Breytingar vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Rétt er að undirstrika að ekki er hægt að meta alla þætti frumvarpsins til fjár. Þegar á heildina er litið má ætla að frumvarpið feli í sér óverulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð í bráð. Þegar til lengri tíma er litið mun sú hagræðing sem skapast með samþættingu vinnumála eflaust skila sér í hagkvæmara og skilvirkara atvinnuleysistryggingakerfi.

Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna (1. gr.)

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipi ellefu menn en þeir voru sjö áður. Réttur opinberra starfsmanna til atvinnuleysisbóta fer eftir gildistöku laga nr. 99/1994 eftir lögum um atvinnuleysistryggingar. Því þykir rétt að Bandalag háskólamanna (BHMR) og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fái einn fulltrúa hvor í stjórn sjóðsins. Einnig er talið rétt að fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga fái hvor sinn fulltrúa. Ætla má að fjölgun fulltrúa um fjóra hafi í för með 1 til 1,3 m.kr. kostnaðarauka fyrir sjóðinn.

Þjónusta Tryggingastofnunar við Atvinnuleysistryggingasjóð (2. og 8.-12. gr.)

Í frumvarpinu er kveðið á um að Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins skuli annast þau verkefni sem Tryggingastofnun ríkisins hafði áður með höndum samkvæmt lögunum. Þetta er gert vegna þess að um síðustu áramót færðist yfirstjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis og starfsemi sjóðsins var í framhaldi af því flutt frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis.

	1991	1992	1993	1994
Rekstrarkostnaður (m.kr)	11,0	10,0	29,2	38,4
Atvinnuleysi (%) Atvinnuleysistryggingasjóðs	1,4	3,0	4,3	4,8

Ekki er enn ljóst hvaða kostnaðaráhrif flutningarnir hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Þeir miða hins vegar að því að skapa hagræðingu með samþættingu verkefna á sviði vinnumála. Ef það tekst má gera ráð fyrir að í kjölfarið fylgi hagkvæmara og skilvirkara atvinnuleysistryggingakerfi. Á töflunni hér fyrir framan er sýnd þóknun Tryggingastofnunar fyrir þjónustu við Atvinnuleysistryggingasjóð og atvinnuleysi á árunum 1991 til 1994. Sú mikla aukning sem hefur verið í rekstrarkostnaði sjóðsins á þessu fjögura ára tímabili er m.a. vegna aukins atvinnuleysis og nýrra verkefna.

Önnur ákvæði

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins fellir niður skyldur sjóðsins til að ávaxta handbært fé í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til. Þetta ákvæði hefur til þessa ekki heft sjóðinn í að ávaxta fé sitt á hagkvæman hátt og mun því lítil áhrif hafa á vaxtatekjur hans.

Í 3. gr. er sú skilgreining sem er í núgildandi lögum, á þeim sem geta haldið bótarétti sínum í allt að 24 mánuði, þrengd þannig að hún nær eingöngu yfir þá sem stunda nám og þá sem verða að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum. Þessu fylgja í raun engar breytingar í útgjöldum sjóðsins.

Í 4. gr. er kveðið á um að aðili, sem fer í atvinnuleit innan EES svæðisins, eigi að sæta reglum þess lands sem hann er í um skráningu og eftirlit. Þetta ákvæði er til fyllingar 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 30. gr. laga nr. 116/1993, sem heimilar þeim sem eru í atvinnuleit í EES-landi að njóta íslenskra atvinnuleysisbóta. Með þeirri breytingu fengu atvinnulausir aukið tækifæri til þess að nýta sér atvinnuleysisbótakerfið. Á móti kemur að með þessu er verið að hvetja atvinnulausa til atvinnuleitar á stærri markaði sem að öðru jöfnu ætti að auka líkur þeirra á að fá atvinnu, draga úr atvinnuleysi og útgjöldum sjóðsins. Það sem af er árinu 1994 hafa tæplega 42% atvinnulausra, sem leitað hafa að atvinnu á erlendri grundu og innan EES svæðisins, ekki komið heim aftur. Varlega verður að fara í að ályktа út frá þessari tölu, því ekkert er hægt að segja til um hvernig þessu fólki hefði vegnað í atvinnuleit hér á landi hefði það kosið að reyna til þrautar. Engu að síður ætti þessum heimildum að fylgja minna atvinnuleysi og þar með sparnaður í bótagreiðslum.

Í 6. gr. er kveðið á um að heimilt sé að taka tillit til starfa í öðru EES-landi við ákvörðun atvinnuleysisbóta. Atvinnuleysisbætur reiknast sem hlutfall af dagvinnustundafjölda á síðustu 12 mánuðum. Það sem af er þessu ári hefur enginn nýtt sér þetta ákvæði. Engu að síður má ætla að einhverjir nýti sér það í framtíðinni.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstaka skipun úthlutunarnefnda fyrir opinbera starfsmenn. Þetta gæti fjögað úthlutunarnefndum um 3 til 9. Hins vegar hafa sambærilegar nefndir áður starfað fyrir ríkið. Greitt tímakaup til þeirra munu lækka vegna þess að þau verða nú greidd í samræmi við greiðslur til annarra úthlutunarnefnda en þó má vera að heildarlaun þeirra muni hækki vegna aukins atvinnuleysis.

Í 11. gr. er, auk áðurnefnds, kveðið á um að Atvinnuleysistryggingasjóði sé heimilt að fela öðrum að taka að sér störf úthlutunarnefnda í því augnamiði að fækka þeim. Með aukinni tölvuvæðingu sjóðsins hafa skapast forsendur fyrir því að fækka nefndum niður í allt að 30. Þetta ætti að öðru jöfnu að hafa verulegan sparnað í för með sér fyrir sjóðinn.

767. Tillaga til þingsályktunar [449. mál]

um staðfestingu Norðurlandasamnings um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna sem gerður var í Kaupmannahöfn 29. mars 1993.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 29. mars 1993. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 7. maí 1993 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi frá 30. nóvember 1990 um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um. Samningurinn sem hér um ræðir er hins vegar samningur milli Norðurlanda og er ætlað að koma til móts við ákvæði þess samnings um gerð svæðisbundinna samninga um viðbúnað og viðbrögð við olíuóhöppum. Hann gildir fyrir Norðurlönd og felur í sér víðtækari skyldur fyrir aðilana (samningsríkin) en alþjóðasamningurinn kveður á um.

Markmið samningsins er að koma á gagnkvæmu samstarfi aðila um viðbrögð við mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna og veita öðrum aðilum aðstoð óski þeir eftir henni og hinir aðilarnir sjái sér fært að veita hana. Samningurinn leggur aðilum þær skyldur á herðar að þeir beri ábyrgð á eftirliti innan eigin hafsvæðis hvort sem stjórnvöld sinna því sjálf eða fela það öðrum.

Skuldbindingar þær sem aðilar samningsins gangast undir samkvæmt ákvæðum hans er að finna í 1.–8. gr. hans. Þær eru helstar:

— Aðilum ber að sinna virku eftirliti innan eigin hafsvæða og veita öðrum aðilum aðstoð, óski þeir eftir henni og viðkomandi aðilar sjái sér fært að veita hana.
— Aðilum ber að rannsaka öll tilvik sem ætla má að geti valdið mengunaróhöppum sem kunna að ógna eigin hafsvæðum eða kunna að berast til annarra hafsvæða.
— Aðilum ber að tilkynna um atvik sem hafa eða geta haft í för með sér losun olíu í hafið.
— Aðilar skulu koma upp mengunarvarnabúnaði til að bregðast við mengunaróhöppum.
— Loks skulu aðilar gera ráðstafanir til að bregðast við mengun á eigin hafsvæðum, einkum ef mengunin getur borist til hafsvæða annarra aðila.

Samningurinn kveður á um gagnkvæma hjálp við björgunarstörf og hefur 10. gr. að geyma ákvæði um greiðslu kostnaðar sem af hlýst fyrir veitta aðstoð. Meginreglan er sú að þau ríki sem hljóta aðstoð skulu greiða beinan kostnað sem af henni hlýst og skal við útreikning á kostnaði leggja kostnaðarverð til grundvallar.

Ákvæði um greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem verður þegar aðstoð er veitt er að finna í 11. gr. samningsins. Í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. segir að aðili sem óskar aðstoðar skuldbindur sig til að greiða þriðja manni skaðabætur vegna tjóns sem hlýst af aðstoð sem látin er í té samkvæmt ákvæðum samningsins. Hann yrði því að eiga aðild að dómsmáli sem fjalla mundi um slíkar bótakröfur ef ekki næðist að semja um þær utan réttar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. samningsins. Rétt er að taka fram að í ákvæðum samningsins felast ekki nýjar bótareglur. Aðili sem óskaði aðstoðar mundi greiða bætur samkvæmt gildandi reglum um skaðabætur. Með ákvæðum 11. gr. er einvörðungu verið að ákveða hver skuli greiða þær. Vegna ákvæða 11. gr. verður lagt fram frumvarp til laga um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni sem hlýst af aðgerðum starfsmanna þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum þegar þeir eru að sinna störfum samkvæmt ákvæðum hans.

Unnið er að því að auka tækjabúnað og þjálfa mannafla til að mæta mengunaróhöppum í íslenskri lögsögu í samræmi við ákvæði samningsins, og verður því lokið á næstu árum. Átak hefur verið gert til að bregðast við mengunaróhöppum við hafnir landsins þannig að lágmarksbúnaður er fyrir hendi. Reglubundið eftirlit úr lofti með mengun hafsins innan íslenskrar lögsögu er hafið.

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni sem hlýst af aðgerðum starfsmanna ríkja (Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar) sem aðild eiga að samningi um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.

Fylgiskjal.

Samningur
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar
um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða
annarra skaðlegra efna.

Ríkisstjórnir í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð

sem eru sammála um að mengun hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna getur orðið alvarleg ógnun við hafið eða mikilvæga hagsmuni ríkjanna,

sem eru sannfærðar um að verndun hafsins krefst virkrar samvinnu og gagnkvæmrar aðstoðar ríkjanna,

sem meta þann árangur sem þegar hefur náðst milli ríkjanna í sambandi við ráðstafanir gegn olíumengun hafsins,

sem leitast við að bæta enn frekar samvinnu í því skyni að vernda hafið gegn mengun af völdum olíu og annarra skaðlegra efna,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. grein
Almennar skyldur

Aðilar skuldbinda sig til þess að vinna saman að því að vernda hafið gegn mengun af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna sem er alvarleg og yfirvofandi ógnun við mikilvæga hagsmuni eins eða fleiri aðila.

2. grein
Gildissvið

Þessi samningur tekur til mengunar hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna á innsævi aðila, innan landhelgi og á öðrum hafsvæðum innan marka fiskveiðilögsögu aðilanna, landgrunns og efnahagslögsögu. Þessum mörkum er fylgt við afmörkun hafsvæða aðila samkvæmt þessum samningi ef aðilar hafa ekki gert samkomulag um annað.

3. grein
Eftirlit

Hver aðili annast virkt eftirlit á eigin hafsvæðum. Aðilar semja sín á milli um sameiginlegt eða samræmt eftirlit.

4. grein
Rannsóknir

Uppgötvi aðili við eftirlit mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, sem getur valdið alvarlegri ógnun við hafið, eða fái aðili vitneskju um annan hátt um slíka ógnun á hafsvæði sínu, skal hlutaðeigandi þegar í stað láta rannsaka ástand mála til þess að gera megi nauðsynlegar ráðstafanir.

5. grein
Tilkynning

1. Aðili, sem fengið hefur vitneskju um verulega mengun hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, skal þegar í stað tilkynna öðrum aðilum um slíkt og einnig um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða fyrirhugaðar eru.
2. Aðili skal þegar í stað tilkynna öðrum aðila um staðfest brot á reglum um varnir gegn mengun hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna hafi brotið átt sér stað á hafsvæði hins síðarnefnda.

6. grein
Sannanir

Aðilar skulu eftir því sem auðið er, veita hver öðrum aðstoð til þess að tryggja sannanir í dómsmálum vegna mengunar hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, sem orsakast af meintum brotum á reglum, svo og til að leggja fram kröfur um bætur fyrir kostnað og skaða sem hlýst af slíkri mengun.

7. grein
Mengunarvarnir

1. Aðilar skulu koma upp viðhlítandi varnarbúnaði gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.
2. Þegar aðilar eru að koma sér upp mengunarvarnarbúnaði skal einnig höfð hliðsjón af því að unnt sé að veita öðrum aðilum aðstoð.
3. Aðilar skulu gera þær ráðstafanir sem henta til að bregðast við mengun af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna á eigin hafsvæðum, einkum ef mengunin getur borist út til hafsvæða annarra aðila.

8. grein
Aðstoð

1. Aðili, sem þarf aðstoð til að bregðast við mengun af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna á hafsvæði sínu, getur farið fram á aðstoð frá öðrum aðilum. Aðili, sem leitað er aðstoðar hjá, skal gera það sem unnt er til þess að veita slíka aðstoð.
2. Þær stofnanir aðila, sem annast varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, mega leita aðstoðar beint hjá hlutaðeigandi stofnunum annarra aðila. Sú stofnun, sem leitað hefur verið aðstoðar hjá, sker úr um hvort unnt sé að veita umbeðna aðstoð.
3. Stofnanir þess aðila, sem leitar aðstoðar, eru ábyrgar að öllu leyti fyrir stjórn aðgerða á eigin hafsvæði. Starfsmenn aðila, sem veitir aðstoð, eru til reiðu undir eigin stjórn og starfa á svæði aðila, sem leitar aðstoðar, í samræmi við starfsákvæði sem gilda í eigin ríki.

9. grein
Flutningar yfir landamæri

1. Sá sem leitar aðstoðar skal sjá til þess að farartæki, björgunarbúnað og annan búnað, sem fylgir þegar aðstoð er veitt, megi flytja yfir landamæri án inn- og útflutningsformsatriða og án skatta, tolla eða annarra gjalda. Farartæki, björgunarbúnað og annan búnað má nota án sérstaks leyfis samkvæmt gildandi reglum þess ríkis sem aðstoðar. Þegar hjálparstarfi lýkur skal flytja farartæki, björgunarbúnað og annan búnað aftur úr landi svo fljótt sem auðið er. Sama gildir við björgunaræfingar.
2. Sé aðstoð veitt af starfsmönnum hersins, ríkisskipum, ríkisflugvélum og farartækjum í eigu hersins, sem þurfa sérstakt leyfi til að koma inn í landið, skal sú stofnun, sem leitar aðstoðar, útvega leyfi fyrir þau. Áður en leyfi er veitt er þeim óheimilt að fara yfir landamæri eða landhelgismörk.
3. Aðilar skulu að ósk þess sem leitar aðstoðar eða þess sem veitir aðstoð gera ráðstafanir til þess að auðvelda flutning á réttilega boðuðu starfsliði, farartækjum, björgunarbúnaði og öðrum búnaði um yfirráðasvæði sitt til eða frá yfirráðasvæði þess sem leitar aðstoðar.

10. grein
Greiðsla kostnaðar

Kostnaður við aðstoð samkvæmt þessum samningi er greiddur samkvæmt því sem hér fer á eftir, svo fremi ekki er samið um annað í einstökum tilvikum.

a. Aðili, sem veitir aðstoð, á rétt á greiðslu frá þeim, sem leita aðstoðar, fyrir kostnað af ráðstöfunum sínum að því leyti sem kostnað má rekja til veittrar aðstoðar.
b. Aðili, sem leitar aðstoðar, getur hvenær sem er afturkallað beiðni sína um aðstoð. Aðili, sem veitir aðstoð, á í því tilviki rétt á greiðslu fyrir þann kostnað sem hann hefur orðið fyrir.
c. Aðili, sem veitir aðstoð, skal ætíð vera reiðubúinn að veita þeim aðila, sem leitar aðstoðar, upplýsingar um áætlaðan kostnað við aðstoðina.
d. Við útreikning á kostnaði skal leggja til grundvallar meginreglu um kostnaðarverð.
e. Þessi ákvæði skerða ekki rétt aðila til þess að krefjast endurgreiðslu kostnaðar af þriðja aðila eftir öðrum ákvæðum og reglum sem gilda samkvæmt lögum hvers aðila eða þjóðarétti.

11. grein
Skaðabætur

1. Aðili, sem leitar aðstoðar, ber ábyrgð á tjóni sem orsakast af aðstoð sem látin er í té samkvæmt þessum samningi. Aðila, sem leitar aðstoðar, er skylt að koma fyrir dómstóla eða semja um sættir í skaðabótamálum sem þriðji aðili gerir á hendur aðila, sem veitir aðstoð, eða starfsliði hans. Aðili, sem leitar aðstoðar, ber ábyrgð á öllum dómskostnaði og öðrum kostnaði sem rís af slíkum kröfum.
2. Aðili, sem leitar aðstoðar, skal bæta aðila, sem veitir aðstoð, manntjón eða slys á mönnum sem starfa fyrir síðarnefndan aðila, svo og bæta missi eða tjón á búnaði eða eignum sem verður vegna aðstoðarinnar.
3. Aðili, sem veitir aðstoð, ber þó ábyrgð á tjóni sem verður á eigin landssvæði.
4. Aðili, sem leitar aðstoðar, á rétt á að höfða mál til endurkröfu á bótum, sem hann hefur greitt samkvæmt þessari grein gegn þeim úr hjálparliði sem hefur valdið tjóni af ásetningi eða af vítaverðu gáleysi.

12. grein
Almenn skipti á upplýsingum

Aðilar skulu veita hver öðrum upplýsingar um:

a. skipulag sitt og viðbúnað og einnig um þær stofnanir sem annast skulu varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna;
b. reynslu sína af ráðum og aðferðum við varnir gegn mengun sjávar og árangur af eftirliti; og
c. tæknirannsóknir og þróun.

13. grein
Framkvæmd samningsins

1. Aðilar skulu stuðla að þróun samvinnu á þessu sviði með því að gera áætlanir og móta stefnu ásamt því að hafa æfingar.
2. Til þess að framfylgja þessum samningi í reynd er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi stofnanir aðila standi í beinu sambandi sín á milli. Þetta getur einnig orðið milli einstakra svæða og staðbundið samkvæmt áætlunum og stefnumótun aðila gera.
3. Þegar slíkt þykir henta skal halda fundi vegna samningsins.

14. grein
Breyting á samningnum

1. Tillaga aðila um breytingu á þessum samningi skal rædd á fundi aðila. Ef tillagan er samþykkt samhljóða skal danska utanríkisráðuneytið tilkynna aðilum breytinguna.
2. Slík breyting öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hana.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um viðtöku þessara tilkynninga og um það hvenær breyting gengur í gildi.

15. grein
Gildistaka

Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu skriflega að þeir hafi samþykkt hann.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samningurinn gengur í gildi.

Að því er varðar Færeyjar og Grænland öðlast samningurinn þó fyrst gildi 30 dögum eftir að danska utanríkisráðuneytið hefur tilkynnt öðrum aðilum að skilyrðin þar um hafi verið uppfyllt.

16. grein

Niðurfelling samningsins frá 1971

Við gildistöku þessa samnings fellur úr gildi samningur milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 16. september 1971 um samvinnu um ráðstafanir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

17. grein

Uppsögn

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til danska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum aðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila, sem að uppsögninni stendur, og tekur gildi sex mánuðum eftir að danska utanríkisráðuneutinu berst tilkynning um uppsögnina.

18. grein

Varsla samningsins

Frumriti samnings þessa skal komið til vörslu hjá danska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 29. mars 1993 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

Í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari voru auk samningsins á íslensku birtar þýðingar á samningnum á dönsku, finnsku, sænsku og norsku. Um þýðingarnar er vísað til þingskjalsins (lausaskjalsins).

768. Tillaga til þingsályktunar [450. mál]

um fullgildingu á samingsviðauka nr. 11 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi eftirlitskerfi samningsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samningsviðauka nr. 11, sem gerður var í Strassborg 11. maí 1994, við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 varðandi eftirlitskerfi samningsins.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þingsályktunartillaga þessi er borin fram til að afla heimildar fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd samningsviðauka nr. 11 frá 11. maí 1994 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem gerður var 4. nóvember 1950. Ásamt fyrri viðaukum er samningur þessi á Íslandi nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Samningsviðauki nr. 11 varðar endurskipulag á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans.

Fram til þessa hefur eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans verið þannig háttað að mannréttindanefnd fjallar um kærur á frumstigi og Mannréttindadómstóll tekur við þeim málum sem mannréttindanefndin vísar til dómstólsins til dómsálagningar. Þetta kerfi hefur reynst mjög þungt í vöfum. Málafjöldi hefur aukist verulega þannig að skráðar kærur voru árið 1981 404 en urðu 2037 árið 1993. Með auknu álagi er svo komið að tími sá sem tekur að afgreiða kærumál hjá þessu dómskerfi er talinn algjörlega óviðunandi, sérstaklega með tilliti til þess að ákvæði mannréttindasáttmálans kveða á um að borgarar eigi rétt á hraðri meðferð dómsmála og Mannréttindadómstóllinn hefur dæmt ríkjum áfall fyrir langa meðferð mála.

Það hefur verið til umræðu frá því 1985 að sameina mannréttindanefndina og Mannréttindadómstólinn í eina dómsmálastofnun. Tillögur hafa komið fram um hvernig skipulag slíkrar dómsmálastofnunar ætti að vera en það var fyrst á árinu 1993 sem fram kom tillaga sem ráðherranefnd Evrópuráðsins ákvað að leggja fyrir sérfræðinganefnd ráðsins í mannréttindamálum að fullvinna. Tillaga sú byggist á málamiðlun milli ríkjanna og ber þess vissulega nokkur merki. Tillagan var síðan undirrituð sem samningsviðauki nr. 11 hinn 11. maí 1994. Samkvæmt þessum samningsviðauka starfar einn dómstóll að meðferð kærumála varðandi brot ríkja á mannréttindasáttmálanum. Í stað þess að bera fyrst kærur upp við mannréttindanefndina fara þær nú strax til dómstólsins þar sem þær eru frumunnar af starfsmönnum hans. Þær kærur sem augsýnilega uppfylla ekki þær frumkröfur sem gerðar eru til þess að vera tækar verður vísað frá af skrifstofu dómsins.

Þau mál sem eru skráð sem kærur fyrir dóminum ganga fyrst til nefndar sem í eiga sæti þrír dómarar. Þessar nefndir athuga málin á frumstigi og geta vísað þeim frá sem ótækum. Dómstóllinn ákveður hve margar nefndirnar verða. Þau mál sem nefnd telur að þurfi nánari athugunar við er vísað til deildar. Í deild sitja sjö dómarar en fjöldi deilda fer eftir því sem dómstóllinn kann að ákveða miðað við þarfir. Deildir þessar fullvinna málin og er afgreiðsla deildar endanlegur dómur í málinu nema þegar málsaðili óskar eftir að máli sé vísað til svonefndrar yfirdeildar sem í eiga sæti sautján dómarar en mál telst aðeins tækt til meðferðar hjá yfirdeild að um sé að ræða óvenjuleg mál og nefnd fimm dómara sem sæti eiga í yfirdeildinni telji að málið sé þess eðlis að það veki alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum eða um alvarlegt deiluefni sé að ræða sem sé almennt mikilvægt. Í framkvæmd verður það væntanlega þannig að langflest mál hljóta endanlega afgreiðslu hjá deild og aðeins í sérstökum tilvikum verður mál tekið fyrir hjá yfirdeild.

Eftir sem áður mun ráðherranefndin annast um fullnustu dóma, þ.e. taka við dómum frá dómstólnum og fylgjast með að ríki fari eftir því sem fyrir er mælt í dóminum. Hlutverk ráðherranefndarinnar sem úrskurðaraðila fellur hins vegar niður. Það er vonast til þess að þessi breyting leiði til þess að mál gangi hraðar fyrir sig og verði kostnaðarminni.

Samkvæmt ákvæðum þessa samningsviðauka öðlast hann ekki gildi fyrr en liðið er eitt ár frá því að allir aðilar mannréttindasáttmálans hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af samningsviðaukanum með fullgildingu. Nú þegar hafa fjögur ríki fullgilt samninginn og samkvæmt því sem síðast hefur fram komið um undirbúning ríkja að því að fullgilda samninginn má vænta þess að allflest þeirra ljúki þeirri vinnu á árinu 1995 eða árla árs 1996. Aðeins eitt samningsríki, Ítalía, hefur ekki enn undirritað samninginn og ekki er ljóst hvenær tekst að ná fram fullgildingu af hálfu Ítalíu. Það má því búast við að það verði vart fyrr en á miðju ári 1997 sem samningurinn kemur til framkvæmda. Til þess tíma munu núverandi stofnanir, mannréttindanefndin og Mannréttindadómstóllinn, starfa á sama hátt og hingað til.

Að því er íslenska löggjöf varðar þá var mannréttindasáttmáli Evrópu samþykktur sem lög á Íslandi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994. Áður en samningsviðauki þessi kemur til framkvæmda þarf því að breyta þeim lögum þannig að samningsviðauki nr. 11 verði hluti af þeim. Hins vegar er ekki talin ástæða að svo stöddu til að gera breytingu á lögunum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, meðan ekki liggur ljóst fyrir hvenær samningsviðaukinn öðlast gildi. En eins og að framan er rakið má búast við að það verði vart fyrr en eftir tvö til þrjú ár. Nauðsynlegt er hins vegar að fullgilda samningsviðauka þennan af Íslands hálfu sem allra fyrst til þess að láta í ljósi vilja Íslands til þess að breyting verði sem fyrst á dómsmálastofnunum mannréttindasáttmálans.

Samningsviðaukinn fylgir hjálagður á ensku og íslensku.

Fylgiskjal.

Samningsviðauki nr. 11
við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskefi samningsins.

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur samningurinn),

telja að bráð þörf sé að endurskipuleggja eftirlitskerfi það sem stofnað er til samkvæmt samningnum til að viðhalda og bæta skilvirkni þess við verndun mannréttinda og mannfrelsis, einkum með tilliti til fjölgunar kæra og aðildar fleiri ríkja að Evrópuráðinu,

telja að það sé því æskilegt að breyta tilteknum ákvæðum samningins sérstaklega í því skyni nýr dómstóll sem starfi samfellt komi í stað núverandi Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu,

vísa til samþykktar nr. 1 sem gerð var á Evrópsku ráðherraráðstefnunni um mannréttindamál sem haldin var í Vínarborg 19. og 20. mars 1985,

vísa til ályktunar 1194 (1992) sem samþykkt var af þingi Evrópuráðsins 6. október 1992,

vísa til ákvörðunar sem tekin var um endurbætur á eftirlitskerfi samningsins af leiðtogum ríkja Evrópuráðsins í Vínaryfirlýsingunni frá 9 október 1993

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. grein.

Í stað texta II. til IV. kafla samningsins (19. til 56. grein) og samningsviðauka nr. 2 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald Mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit skal koma eftirfarandi II. kafli samningsins (19. til 51. grein):

II. KAFLI
Mannréttindadómstóll Evrópu.

19. gr.

Stofnun dómstólsins.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa og samningsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn Mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn. Hann skal starfa samfellt.

20. gr.

Fjöldi dómara.

Dómstóllinn skal skipaður jafnmörgum dómurum og samningsaðilarnir eru.

21. gr.

Hæfisskilyrði.

1. Dómararnir skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.
2. Dómararnir skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.
3. Meðan kjötímabil þeirra varir skulu dómararnir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Dómstóllinn skal skera úr um öll vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar málsgreinar.

22. gr.

Kosning dómara.

1. Dómararnir skulu kjörnir af þinginu, af hálfu sérhvers samningsaðila, með meirihluta greiddra atkvæða af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.
2. Sami háttur skal hafður á til að fylla tölu dómara við tilkomu nýs samningsaðila eða þegar sæti losnar í dómstólnum.

23. gr.

Kjörtímabil.

1. Dómararnir skulu kosnir til sex ára í senn. Þá má endurkjósa. Kjörtímabili helmings þeirra dómara, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó lokið að þremur árum liðnum.
2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar að kosningu þeirra lokinni.
3. Til að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming dómara þriðja hvert ár er þinginu heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og þingið beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdarstjóri Evrópuráðsins annast þegar að kosningu lokinni.
5. Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.
6. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.
7. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir við.

24. gr.

Brottvikning.

Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveggja þriðju meirihluta að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.

25. gr.

Skrifstofa og löglærðir aðstoðarmenn.

Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins. Dómstólnum til aðstoðar skulu vera löglærðir aðstoðarmenn.

26. gr.

Fullskipaður dómstóll.

Fullskipaður dómstóll skal

a. kjósa forseta sinn og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára; þá má endurkjósa;
b. skipa deildir til ákveðins tíma;
c. kjósa forseta deilda dómstólsins; þá má endurkjósa;
d. samþykkja starfsreglur dómstólsins; og
e. kjósa ritara og einn eða fleiri aðstoðarritara.

27. gr.

Nefndir, deildir og yfirdeild.

1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstólinn skal hann starfa í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.
2. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem kjörinn er af hálfu þess ríkis sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti hann ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir aðildarríkið dómara.
3. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsetar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfirdeildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara sem sæti áttu í þeirri deild sem sem kvað upp dóm í málinu eiga sæti í yfirdeildinni, að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem sæti átti af hálfu þess ríkis sem er málsaðili.

28. gr.

Yfirlýsingar nefnda um að kæra sé ótæk.

Með samhljóða atkvæðum er nefnd heimilt að að lýsa ótæka eða fella af málaskrá sinni kæru einstaklings sem borin er fram samkvæmt 34. gr. þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari könnunar. Ákvörðunin skal vera endanleg.

29. gr.

Ákvarðanir deilda um að kæra sé tæk og um efnishlið hennar.

1. Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 28. gr. skal deild kveða á um hvort kæra sem borin er fram af einstaklingi samkvæmt 34. gr. sé tæk og um efnishlið hennar.
2. Deild skal kveða á um hvort milliríkjakærur samkvæmt 33. gr. séu tækar og um efnishlið þeirra.
3. Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn, í undantekningartilvikum, ákveði að annar háttur skuli hafður á.

30. gr.

Eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.

Ef mál sem deild hefur til meðferðar gefur tilefni til alvarlegs vafa um túlkun á samningnum eða samningsviðaukum við hann eða þegar ályktun um vafamál fyrir deildinni gæti leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins, þá er deildinni heimilt hvenær sem er fyrir dómsuppkvaðningu að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málinu, nema því aðeins að málsaðili mótmæli.

31. gr.

Hlutverk yfirdeildarinnar.

Yfirdeildin skal

a. úrskurða um kærur sem bornar eru fram samkvæmt 33. gr. eða 34. gr. þegar deild hefur eftirlátið lögsögu samkvæmt 30. gr. eða þegar máli hefur verið vísað til hennar samkvæmt 43. gr.; og
b. fjalla um beiðnir um ráðgefandi álit sem bornar eru fram samkvæmt 47. gr.

32. gr.

Lögsaga dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal ná til allra málefna varðandi túlkun og framkvæmd samningsins og samningsviðauka við hann, sem vísað er til hans í samræmi við 33., 34. og 47 gr.
2. Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

33. gr.

Milliríkjamál.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að vísa til dómstólsins meintu broti annars samningsaðila á ákvæðum samningsins og samningsviðauka við hann.

34. gr.

Kærur einstaklinga.

Dómstólnum er heimilt að taka við kærum frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningnum og samningsviðaukum við hann. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

35. gr.

Skilyrði þess að mál sé tækt.

1. Dómstóllinn getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan 6 mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.
2. Dómstóllinn skal eigi taka til meðferðar kæru einstaklings sem lögð er fyrir hann samkvæmt 34. gr. ef hún er
   a. frá ónafngreindum aðila, eða
   b. efnislega sú sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af dómstólnum eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.
3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja þá kæru einstaklings sem borin er fram samkvæmt 34. gr. sem hann telur ósamrýmanlega ákvæðum samningsins, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.
4. Dómstóllinn skal vísa frá hverri þeirri kæru sem hann telur ótæka samkvæmt þessari grein. Honum er heimilt að gera það á hvaða stigi málflutningsins sem er.

36. gr.

Málsaðild þriðja aðila.

1. Nú er ríkisborgari samningsaðila kærandi og hefur samningsaðili þá rétt til að bera fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflutningi í öllum málum fyrir deild og yfirdeildinni.
2. Í því skyni að tryggja rétta dómsniðurstöðu er forseta dómstólsins heimilt að bjóða sérhverjum samningsaðila sem ekki er aðili að málaferlunum eða manni sem málið varðar og ekki er kærandi að leggja fram skriflegar athugasemdir eða taka þátt í munnlegum málflutningi.

37. gr.

Kærur felldar niður.

1. Dómstóllinn getur ákveðið á hvaða stigi málsmeðferðar sem er að fella kæru af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:
   a. kærandi hyggist ekki fylgja kæru sinni eftir, eða
   b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða
   c. af einhverri annarri ástæðu sem dómstóllinn sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um kæruna.

   Dómstóllinn skal þó halda áfram rannsókn kærunnar ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau sem skýrgreind eru samningi þessum eða samningsviðaukum við hann séu virt.
2. Dómstóllinn getur ákveðið að taka kæru að nýju á málaskrá sína ef hann telur að aðstæður réttlæti það.

38. gr.

Rannsókn máls og sáttaumleitanir.

1. Ef dómstóllinn lýsir kæru tæka skal hann
   a. framkvæma athugun á málinu með fulltrúum málsaðila og ef þörf krefur framkvæma rannsókn sem þeim ríkjum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna;
   b. vera málsaðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé við þær að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skilgreind eru í samningnum og samningsviðaukum við hann.
2. Það sem fram fer samkvæmt b. lið 1. mgr. skal vera trúnaðarmál.

39. gr.

Sáttagerð.

Ef sættir takast skal dómstólinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.

40. gr.

Opinber málsmeðferð og aðgangur að málsgögnum.

1. Málsmeðferð skal vera opinber nema dómstóllinn ákveði annað í sérstökum tilvikum.
2. Málskjöl sem lögð eru fram hjá ritara skulu vera aðgengileg almenningi nema forseti dómstólsins ákveði annað.

41. gr.

Sanngjarnar bætur.

Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.

42. gr.

Dómar uppkveðnir í deildum.

Dómar uppkveðnir í deildum skulu vera endanlegir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 44. gr.

43. gr.

Vísun máls til yfirdeildar.

1. Sérhverjum málsaðila er heimilt þegar um óvenjuleg mál er að ræða að óska eftir því innan þriggja mánaða frá dagsetningu dóms deildar að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar.
2. Nefnd fimm dómara yfirdeildarinnar skal verða við beiðninni ef málið vekur alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum og samningsviðaukum við hann eða alvarlegt deiluefni sem er almennt mikilvægt.
3. Samþykki nefndin beiðnina skal yfirdeildin ljúka málinu með dómi.

44. gr.

Endanlegir dómar.

1. Dómur yfirdeildarinnar skal vera endanlegur.
2. Dómur deildar verður endanlegur
   a. þegar málsaðilar lýsa yfir að þeir muni ekki óska þess að málinu verði vísað til yfirdeildarinnar, eða
   b. þrem mánuðum frá dagsetningu dómsins ef ekki hefur verið óskað eftir að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar, eða
   c. þegar nefnd yfirdeildarinnar vísar frá beiðni um málskot samkvæmt 43. gr.
3. Endanlegur dómur skal birtur.

45. gr.

Rökstuðningur dóma og ákvarðana.

1. Rökstyðja skal dóma og ákvarðanir sem lýsa kærur tækar eða ótækar.
2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

46. gr.

Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.

1. Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.
2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.

47. gr.

Ráðgefandi álit.

1. Dómstólnum er heimilt ef ráðherranefndin æskir að láta uppi ráðgefandi álit um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningsviðauka við hann.
2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann né heldur um önnur atriði sem dómstóllinn eða ráðherranefndin kynni að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.
3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndarinnar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf meirihluta atkvæða fulltrúa þeirra er rétt eiga til setu í nefndinni.

48. gr.

Ráðgefandi lögsaga dómstólsins.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit er ráðherranefndin ber fram sé innan verksviðs hans eins og það er skilgreint í 47. gr.

49. gr.

Rökstuðningur ráðgefandi álits.

1. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.
2. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara þá réttur til að setja fram sérálit.
3. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndarinnar.

50. gr.

Kostnaður við dómstólinn.

Evrópuráðið skal standa straum af kostnaði við dómstólinn.

51. gr.

Sérréttindi og friðhelgi dómara.

Dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.

2. grein.

1. V. kafli samningsins verður III. kafli samningsins; 57. gr. samningsins verður 52. gr. samningsins; 58. og 59. gr. samningsins falla niður og 60. til 66. gr. samningsins verða 53. til 59. gr. samningsins.
2. I. kafli samningsins skal nefnast „Réttindi og frelsi“ og nýr III. kafli samningsins „Ýmis ákvæði“. 1. til 18. gr. og ný 52. til 59. gr. samningsins skulu fá fyrirsagnir sem greindar eru í viðauka við þennan samningsviðauka.
3. Í nýrri 56. gr., 1. mgr., skal bæta inn orðunum „þó með fyrirvara samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar“ á eftir orðinu „skuli“; í 4. mgr. skulu í stað orðanna „að nefndin sé bær um að taka við erindum“ og skv. ,25. gr. samnings þessa" koma orðin „dómstóllinn sé bær um að taka við kærum“ og „skv. 34. gr. samnings þessa“ á samsvarandi hátt.

   Í nýrri 58. gr., 4. mgr., skulu orðin „56. gr.“ koma í stað orðanna „63. gr.“.
4. Samningsviðauki nr. 1 skal breytast þannig
   a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan; og
   b. í síðustu setningu 4. greinar skulu orðin 56. gr. koma í stað orðanna 63. gr.
5. Samningsviðauki nr. 4 skal breytast þannig
   a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan;
   b. í 3. mgr. 5. gr. skulu orðin 56. gr. koma í stað orðanna 63. gr.; og bæta skal við nýrri 5. mgr. svohljóðandi:

      Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1. til 4. gr. þessa samningsviðauka, eina eða allar ; og
   c. 2. mgr. 6. gr. skal falla niður.
6. Samningsviðauki nr. 6 skal breytast þannig
   a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan; og
   b. í 4. gr. skulu orðin samkvæmt 57. gr. koma í stað samkvæmt 64. gr. .
7. Samningsviðauki nr. 7 skal breytast þannig
   a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan;
   b. í 4. mgr. 6. gr. skulu orðin 56. gr. koma í stað orðanna 63. gr. og við bætist ný 6. mgr. svohljóðandi:

Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga samkvæmt 34. gr. samningsins varðandi 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka. ; og

c. 2. mgr. 7 gr. skal falla niður.

8. Samningsviðauki nr. 9 skal falla úr gildi.

3. grein.

1. Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildaríkjum Evrópuráðsins sem undirritað hafa samninginn og geta þau lýst samþykki sínu til að vera bundin af honum með
   a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki: eða
   b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki og fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki síðar.
2. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

4. grein.

Samningsviðauki þessi skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar þegar liðið er eitt ár frá þeim degi er allir aðilar samningsins hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af honum í samræmi við ákvæði 3. gr. Frá þeim degi er allir aðilar samningsins hafa lýst samþykka því að vera bundnir af samningsviðaukanum getur farið fram kosning nýrra dómara og frekari ráðstafanir má gera til stofnunar nýja dómstólsins í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.

5. grein.

1. Kjörtímabil dómara, nefndarmanna Mannréttindanefndarinnar, ritara og aðstoðarritara skal ljúka á gildistökudegi þessa samningsviðauka, samanber þó ákvæði 3. og 4. mgr. hér á eftir.
2. Kærur sem til meðferðar eru hjá Mannréttindanefndinni og ekki hafa verið lýstar tækar á gildistöku þessa samningsviðauka skulu teknar til athugunar af dómstólnum í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.
3. Kærur sem hafa verið lýstar tækar á gildistökudegi þessa samningsviðauka skulu í eitt ár þaðan í frá vera áfram til meðferðar hjá nefndarmönnum Mannréttindanefndarinnar. Vísa skal til dómstólsins þeim kærum sem ekki er lokið athugun á innan framgreinds tíma og skal hann taka þær til meðferðar sem tæk mál í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.
4. Að því er varðar kærur sem Mannréttindanefndin hefur samþykkt skýrslu um í samræmi við ákvæði eldri 31. gr. samningsins eftir gildistöku þessa samningsviðauka skal skýrslan send málsaðilum. Þeim er ekki heimilt að birta hana. Vísa má máli til dómstólsins í samræmi við ákvæði þau sem giltu fyrir gildistöku ákvæða þessa samningsviðauka. Nefnd yfirdeildarinnar skal ákvarða hvort einhver deildanna eða yfirdeildin skuli úrskurða í málinu. Ef málið er úrskurðað af deild skal úrskurður deildarinnar vera endanlegur. Mál sem ekki er vísað til dómstólsins skal fjallað um af ráðherranefndinni sem þá starfar í samræmi við ákvæði eldri 32. gr. samningsins.

5. Málum sem til meðferðar eru fyrir dómstólnum og ekki hefur verið úrskurðað í á gildistökudegi þessa samningsviðauka skal vísað til yfirdeildar dómstólsins sem skal taka þau til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.
6. Málum sem til meðferðar eru fyrir ráðherranefndinni og ekki hefur verið úrskurðað um samkvæmt eldri 32. gr. samningsins á gildistökudegi þessa samningsviðauka skal lokið af ráðherranefndinni sem þá starfar í samræmi við fyrrgreinda grein.

6. grein.

Þegar samningsaðili hefur gefið yfirlýsingu um að viðurkenna lögsögu Mannréttindanefndarinnar eða dómstólsins samkvæmt eldri 25. eða 46. gr. samningsins, sem varði einungis mál sem komið hafa upp eða byggjast á atburðum sem gerst hafa eftir að slík yfirlýsing hefur verið gefin, skal sú takmörkun þá halda gildi varðandi lögsögu dómstólsins samkvæmt þessum samningsviðauka.

7. grein.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum um

a. sérhverja undirritun;
b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals;
c. gildistökudag þessa samningsviðauka eða sérhvers ákvæðis hans í samræmi við 4. gr.; og
d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 11. maí 1994, á ensku og frönsku — jafngildir textar báðir — í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

VIÐAUKI.

Fyrirsagnir sem bæta skal við greinar í texta Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka við hann.

1. gr. — Skylda til að virða mannréttindi.
2. gr. — Réttur til lífs.
3. gr. — Bann við pyndingum.
4. gr. — Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.
5. gr. — Réttur til frelsis og mannhelgi.
6. gr. — Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.
7. gr. — Engin refing án laga.
8. gr. — Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.
9. gr. — Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi.

10. gr. — Tjáningarfrelsi.
11. gr. — Funda- og félagafrelsi.
12. gr. — Réttur til að stofna til hjúskapar.
13. gr. — Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.
14. gr. — Bann við mismunun.
15. gr. — Skerðing réttinda á hættutímum.
16. gr. — Skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.
17. gr. — Bann við misnotkun réttinda.
18. gr. — Takmörkun á skerðingu réttinda.

52. gr. — Fyrirspurnir aðalframkvæmdastjóra.
53. gr. — Verndun núverandi mannréttinda.
54. gr. — Vald ráðherranefndarinnar.
55. gr. — Útilokun annarra úrræða til að leysa úr ágreiningi.
56. gr. — Svæðisbundið gildissvið.
57. gr. — Fyrirvarar.
58. gr. — Uppsögn.
59. gr. — Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki nr. 1

1. gr. — Friðhelgi eignarréttar.
2. gr. — Réttur til menntunar.
3. gr. — Réttur til frjálsra kosninga.
4. gr. — Svæðisbundið gildissvið.
5. gr. — Tengsl við samninginn.
6. gr. — Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki nr. 4.

1. gr. — Bann við skuldafangelsi.
2. gr. — Ferðafrelsi.
3. gr. — Bann við brottvísun eigin borgara.
4. gr. — Bann við hópbrottvísun útlendinga.
5. gr. — Svæðisbundið gildissvið.
6. gr. — Tengsl við samninginn.
7. gr. — Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki nr. 6.

1. gr. — Afnám dauðarefsingar.
2. gr. — Dauðarefsing á stríðstímum.
3. gr. — Bann við frávikum.
4. gr. — Bann við fyrirvörum.
5. gr. — Svæðisbundið gildissvið.

6. gr. — Tengsl við samninginn.
7. gr. — Undirritun og fullgilding.
8. gr. — Gildistaka.
9. gr. — Framlagningar.

Samningsviðauki nr. 7.

1. gr. — Réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga.
2. gr. — Réttur til áfrýjunar sakamáls.
3. gr. — Bætur fyrir ranga sakfellingu.
4. gr. — Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.
5. gr. — Jafnrétti hjóna.
6. gr. — Svæðisbundið gildissvið.
7. gr. — Tengsl við samninginn.
8. gr. — Undirritun og fullgilding.
9. gr. — Gildistaka.
10. gr. — Framlagningar.

Í fylgiskjalinu var auk samningsviðauka nr. 11 og viðauka með honum á íslensku birtur texti þessara gagna á ensku. Um ensku þýðinguna er vísað til þingskjalsins (lausaskjalsins).

769. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [451. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

43. gr. orðast svo:

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Umboð þingkjörinna yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fellur úr gildi er þeir hafa lokið skoðun sinni á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 31. og 45. gr. stjórnarskrárinnar skulu næstu reglulegar alþingiskosningar fara fram annan laugardag í maí 1999 nema Alþingi hafi áður verið rofið.

Greinargerð.

Efni frumvarps þessa er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að breytt verði ákvæðum stjórnarskrárinnar um endurskoðun ríkisreikninga og hins vegar bráðabirgðaákvæði um að færa kjördag í lok næsta kjörtímabils til um einn mánuð.

Endurskoðun ríkisreikninga.

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja er framkvæmd af Ríkisendurskoðun sem starfar óháð framkvæmdarvaldinu. Þá eru þrír yfirskoðunarmenn ríkisreiknings kosnir árlega af Alþingi. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til að endurskoðunin fari eingöngu fram á vegum Alþingis og í umboði þess. Með lögum nr. 12/1986 var Ríkisendurskoðun færð frá framkvæmdarvaldinu, en hún var stjórnardeild í fjármálaráðuneytinu, yfir á svið löggjafarvaldsins og telst nú ein af stofnunum Alþingis.

Flutningsmenn telja ekki tilefni til að ákvæði um yfirskoðunarmenn ríkisreiknings séu áfram í stjórnarskrá. Jafnframt er ljóst, ef frumvarp þetta verður samþykkt, að Alþingi þarf að taka ákvörðun um hvort slík ákvæði verði tekin upp með sérstakri löggjöf eða starf yfirskoðunarmanna verði lagt niður. Jafnframt er þörf á að kveða nánar á um meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar til Alþingis. Flutningsmenn telja til greina koma að sérstök þingnefnd fjalli um slík mál fremur en þær fastanefndir sem nú starfa.

Áhersla skal lögð á að í engu verði raskað því sjálfstæði sem Ríkisendurskoðun býr nú við í störfum sínum.

Færsla kjördags.

Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar eru alþingismenn kosnir til fjögurra ára. Í 45. gr. stjórnarskrárinnar segir enn fremur að upphaf og lok kjörtímabils miðist við sama vikudag, talið frá mánaðamótum. Síðan 1983 hafa alþingiskosningar farið fram í aprílmánuði og næstu kosningar eru áformaðar 8. apríl nk. Þykir þessi kosningatími á marga lund óhagstæður, m.a. sökum þess hve veður geta verið misjöfn á þeim tíma árs og samgöngur því oft erfiðar.

Í kosningalögum, 57. gr., er ákvæði um almennan kjördag, annan laugardag í maí. Það ákvæði samrýmist ekki lengur stjórnarskránni eftir breytingar sem urðu á henni 1991, sbr. 45. gr. hennar. Er gerð tillaga um það í öðru frumvarpi, sem lagt verður fram á þessu þingi, að því ákvæði kosningalaganna verði breytt. Ákvæði þetta var sett í lögin að vandlega athuguðu máli vorið 1987 og þótti þá heppilegur kosningatími.

Með bráðabirgðaákvæði þessa frumvarps er lagt til að næstu alþingiskosningar eftir staðfestingu þessa frumvarps, þ.e. reglulegar kosningar á árinu 1999, færist til um einn mánuð og fari því ekki fram svo snemma árs sem ella yrði ef ekki kemur til þingrofs. Með þessum hætti lengdist næsta kjörtímabil til 8. maí 1999. Umboð alþingismanna lengist þá jafnframt sem því nemur, sbr. síðari málslið 24. gr. stjórnarskrárinnar.

Ljóst er að komi til þingrofs á næsta kjörtímabili og alþingiskosningum þannig flýtt mun ekki reyna á þetta ákvæði.

770. Frumvarp til laga [452. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:
   a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
   b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
      i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
      ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé.
      iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

   Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
2. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.

   Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum.
3. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.
4. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
5. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborg-

ara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, og hafa meiri hluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (5. gr.)

Telji stjórnendur fyrirtækis sem starfar hér á landi og rétt hefur til að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands stjórnendur fiskvinnslufyrirtækis eða stjórnendur innlends lögaðila sem á með beinum eða óbeinum hætti hlut í slíku fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að farið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. um hámark erlendrar fjárfestingar og innlend yfirráð í innlendum lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki skal viðkomandi þá þegar senda viðskiptaráðuneytinu tilkynningu þar að lútandi. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga frá hlutaðeigandi lögaðila um það hverjir eigendur hans eru, atkvæðamagn hvers þeirra, stjórnarmenn og önnur atriði sem máli þykja skipta varðandi raunveruleg yfirráð hans. Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu. Ráðuneytinu skal senda þær upplýsingar sem það óskar eftir innan fjögurra vikna frá því að beiðni þess berst. Að þeim tíma liðnum skal ráðuneytið senda þau gögn, sem það hefur um hlutaðeigandi lögaðila, nefnd um erlenda fjárfestingu, sbr. 12. gr., sem metur hvort gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin getur að eigin frumkvæði aflað frekari gagna til skýringar máli. Álit nefndarinnar skal sent viðskiptaráðherra innan fjögurra vikna frá því málefni barst nefndinni.

Telji nefnd um erlenda fjárfestingu að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal viðskiptaráðherra með úrskurði skylda hlutaðeigandi lögaðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegur ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda samkvæmt þessari málsgrein takmarkast við þann eignarhlut eða hluta eignarhlutar sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Við úrlausn þess skal miðað við það hvenær tilkynning um eigandaskipti barst viðkomandi lögaðila. Ef ekki er orðið við slíkri skyldu innan fjögurra vikna skal með eignarhlutinn fara skv. 4. og 5. mgr.

Ef erlendur aðili eignast hlut í fiskveiðifyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki eða fiskiskipi með samningum til lúkningar veðskuldar sem veðhafi við útgáfu uppboðsafsals, með erfðum eða á annan hátt, skal hann selja hlutinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hluturinn komst í eigu hans. Ef ekki hefur orðið af slíkri sölu innan tólf mánaða skal fara með eignarhlutinn skv. 4. og 5. mgr.

Eigi sala á eignarhlut, sem skylt er að selja skv. 2. mgr., sér ekki stað innan fjögurra vikna eða skv. 3. mgr. innan tólf mánaða skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða

skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu, íslensku verðbréfafyrirtæki, sem heimilt væri skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. að eiga slíkan hlut, að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Skal verðbréfafyrirtækið eftir það annast söluna og fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð, þar með talið við ákvörðun um tímasetningu á sölu. Nú selur verðbréfafyrirtækið eignarhlutinn og er eigandi hans þá bundinn við söluna. Þóknun fyrir umsýslu og sölu eignarhlutarins skal greiða af söluandvirði eða arði samkvæmt almennum venjum á verðbréfamarkaði.

Skili eigandi eða umráðaaðili eignarhlutar ekki hlutabréfum eða skilríki fyrir eignarhlut, sbr. 4. mgr., falla öll réttindi samkvæmt eignarhlutnum niður, þar með talin atkvæðisréttur, áskriftarréttur að nýjum hlutum og réttur til greiðslu arðs, þar til skil hafa verið gerð.

Hafi sala skv. 3. mgr. eigi tekist innan sex mánaða frá því verðbréfafyrirtækið tók eignarhlutinn til umsýslu og sölumeðferðar er ráðherra heimilt að fenginni ósk verðbréfafyrirtækisins eða eiganda hans að veita viðbótarfrest í sex mánuði ef líkur eru taldar á frjálsri sölu innan þess frests. Að öðrum kosti er ráðherra rétt að krefjast nauðungarsölu á eignarhlutnum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Ákvæði 1.–6. mgr. eiga með samsvarandi hætti við þegar gengið er gegn ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.

b. (6. gr.)

Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

1. Sé um að ræða einstakling, sem búsettur er erlendis, skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi nema með leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.
2. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
3. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. 2. tölul. þessarar greinar. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins. Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki leyfi viðskiptaráðherra til starfsemi hér á landi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna er verður 7. gr.:

a. Orðið „gjaldeyriseftirliti“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað „gjaldeyriseftirlitinu“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: bankanum.
c. 2. mgr. fellur brott.
d. Í stað orðanna „Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka“ í 3. mgr. kemur: Seðlabanki.

4. gr.

Orðið „gjaldeyriseftirliti“ í 1. málsl. 6. gr. laganna, er verður 8. gr., fellur brott.

5. gr.

10. gr. laganna, er verður 12. gr., orðast svo:

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt, sbr. ákvæði 5. gr. Jafnframt skal hún vera ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Formaður nefndarinnar boðar hana til funda. Viðskiptaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að Seðlabanka Íslands berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 7. gr. Áður en slík ákvörðun er tekin skal ráðherra leita álits nefndar um erlenda fjárfestingu. Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Viðskiptaráðherra skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta þjónar tvíþættum tilgangi, í fyrsta lagi að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og í öðru lagi að heimila óbeina fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu.

Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki á svæðinu. Í XII. viðauka með samningnum er Íslandi veitt heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt er stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að fyrirtæki, sem hafa að hluta til eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi, losi sig við fjárfestingu í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum. Þá er Íslandi veittur frestur til 1. janúar 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í öðrum atvinnugreinum, þar á meðal á orkusviðinu, að ákvæðum samningsins.

Í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, er fortakslaust

bann við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða og gildir þá einu hvort um er að ræða kaup á hlut í fyrirtæki í þessum greinum eða óbeina fjárfestingu sem felst í því að erlendur aðili eignast hlut í félagi sem á hlut í fyrirtæki í þessum greinum. Ýmis dæmi eru um óbeina fjárfestingu af þessu tagi í fiskveiðum og fiskvinnslu en ekki hefur verið amast við henni. Eftir því sem íslenskur fjármagnsmarkaður þróast og verður opnari fyrir erlendri fjárfestingu má búast við að slíkum tilvikum fjölgi. Fortakslaust bann við óbeinni fjárfestingu í fiskveiðum og fiskvinnslu mundi, ef því væri framfylgt, leiða til þess að fyrirtæki í fiskveiðum og fiskvinnslu mundu eiga erfiðara með að afla sér eigin fjár en önnur fyrirtæki í landinu. Er vandséð að slíkt sé skynsamlegt og því er í frumvarpinu lagt til að óbein fjárfesting erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða verði heimiluð innan ákveðinna marka.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á gildandi ákvæðum um fjárfestingu á orkusviðinu. Samkvæmt EES-samningnum skal veita aðilum á EES-svæðinu sama rétt til fjárfestingar hér á landi og íslenskum aðilum á þessu sviði frá og með 1. janúar 1996. Því er ljóst að breyta verður lögunum á ný fyrir þann tíma. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að reglum um fjárfestingu erlendra aðila á sviði orkumála verði breytt lítillega til að taka af öll tvímæli varðandi heimildir erlendra aðila til að nýta jarðhita beint í atvinnurekstri, svo sem í iðnaði og fiskeldi. Í því sambandi skal bent á að dæmi eru um að fiskeldisfyrirtæki með erlendri eignaraðild hér á landi hafi nýtt sér jarðhita. Þá er ákvæðið um erlenda fjárfestingu í flugrekstri óbreytt frá gildandi lögum. Ljóst er að breyta verður þessu ákvæði fyrir 1. janúar 1996.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri var lagt fram á Alþingi á 117. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Hins vegar beitti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sér fyrir því að gerðar voru ákveðnar breytingar á lögunum fyrir gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Þær breytingar miðuðu einkum að því að undanþiggja ríkisborgara frá EES-svæðinu skilyrði laganna um að leyfi viðskiptaráðherra þurfi til að erlendur einstaklingur geti rekið atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og því skilyrði að framkvæmdastjóri og meiri hluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum skuli búsettir hér á landi. Einnig var fellt niður gagnkvæmnisskilyrði 3. gr. laganna. Þessar breytingar er að finna í lögum nr. 121/1993.

Það frumvarp sem nú er lagt fram byggist einungis að litlu leyti á frumvarpinu sem viðskiptaráðherra lagði fram á 117. löggjafarþingi. Helstu breytingar í frumvarpinu frá gildandi lögum eru:

1. Heimiluð er óbein fjárfesting erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og fiskvinnu. Ákveðnar skorður eru þó settar við slíkri fjárfestingu. Jafnframt er lagt til að ákvæði laganna um fiskveiðar annars vegar og fiskvinnslu hins vegar verði sameinuð í eitt ákvæði.
2. Tekin eru af tvímæli um að erlendum aðila sem öðlast eignar- og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna sé heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni.
3. Fellt er niður 25% hámark á eignarhluta erlendra aðila í íslenskum hlutafélagsbanka. Einnig er lagt til að fellt verði niður ákvæði laganna sem heimilar erlendum hlutafélagsbönkum að opna útibú hér á landi frá og með 1. janúar 1992. Ákvæði um útibú erlendra lánastofnana er nú að finna í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og reglugerðum um þetta efni sem gefnar hafa verið út á grundvelli ákvæða í þessum lögum (nr. 307/1994 og 308/1994).

4. Fellt er niður skilyrði um leyfisveitingu viðskiptaráðherra fari erlend fjárfesting fram úr 250 millj. kr. fjárhæðarmarkinu eða sé umfram 25% af heildarfjárfestingu í tilgreindum atvinnugreinum. Í ljósi reynslunnar verður ekki séð að ástæða sé að lögbinda ákvæði af þessu tagi. Fjárfesting erlendra aðila hér á landi hefur yfirleitt verið langt undir þessum mörkum. Þá gegna almennt öryggisákvæði og ákvæði samkeppnislaga svipuðu hlutverki og ákvæði af þessu tagi er ætlað að gegna.
5. Gerð er tillaga um ítarleg úrræði stjórnvalda ef fjárfesting erlends aðila gengur gegn ákvæðum laganna.
6. Orðalagi öryggisákvæðis er breytt til samræmis við hliðstæð ákvæði í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnsflutningum. Jafnframt er frumkvæði að beitingu þess fært frá nefnd um erlenda fjárfestingu til viðskiptaráðherra, þó þannig að ráðherra verður að leita álits nefndarinnar.
7. Í stað þess að Seðlabanka Íslands sé gert að birta opinberlega upplýsingar um erlenda fjárfestingu næstliðins árs er viðskiptaráðherra falið að flytja Alþingi skýrslu þar að lútandi. Þykir það eðlilegt í ljósi þess að hér er í senn um að ræða viðkæman og mikilvægan málaflokk.

Innan viðskiptaráðuneytisins er til umræðu að leggja til á næstu missirum að lögunum verði breytt enn frekar með því að bæta við þau ákvæðum er lúta að því að greiða fyrir fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi, svo sem ákvæðum um sérstök athafnasvæði og heimildir til að bjóða erlendum fjárfestum ívilnanir af einhverju tagi.

Í fylgiskjali með frumvarpinu hafa verið felld saman texti laga nr. 34/1991, laga nr. 121/1993 og ákvæði frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna koma fram takmarkanir sem gilda um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þær eru nú þessar: Bann við fjárfestingu í félögum sem stunda fiskveiðar, frumvinnslu sjávarafurða, orkuvinnslu og orkudreifingu, 49% hámark á eignarhlut erlendra aðila í félagi sem stundar flugrekstur, 25% hámark á eignarhlut erlendra aðila í hlutafélagsbanka, bann við fjárfestingu erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis, 250 millj. kr. hámark á árlegri fjárfestingu eins erlends aðila eða fjárhagslega tengdra erlendra aðila og 25% hámark á heildarfjárfestingu erlendra aðila af áætlaðri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Í 1. tölul. 1. mgr. er lagt til að áfram gildi fortakslaust bann við beinni fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Hins vegar er lagt til að heimiluð verði óbein fjárfesting í þessum greinum innan ákveðinna marka. Samkvæmt ákvæðinu mega þeir stunda fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða skv. a-lið sem uppfylla það skilyrði að vera íslenskir ríkisborgarar eða aðrir íslenskir aðilar. Hugtakið íslenskur aðili er skilgreint í 2. mgr. þessarar greinar sem íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili á hér á landi, opinberir aðilar og lögaðilar sem eru að fullu leyti í eigu þessara aðila. Hér er því um aðila að ræða þar sem engin erlend eignaraðild er heimil. Auk þess mega stunda fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða skv. b-lið lögaðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Eru íslenskir og undir yfirráðum íslenskra aðila. Í þessu felst að lögaðilinn verður að eiga heimili hér á landi og að íslenskur aðili eða aðilar verða að eiga meiri hluta í félaginu eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raun-

veruleg yfirráð yfir viðkomandi félagi. Í því felst að ákvarðanir um stefnu fyrirtækisins og aðrar ákvarðanir, er lúta að daglegri starfsemi þess, eru teknar af íslenskum aðilum en ekki erlendum.
2. Erlendir aðilar mega ekki eiga með beinum hætti meira en 25% hlutafjár eða stofnfjár.
3. Íslenskir lögaðilar, sem eiga hlut í lögaðilanum, verða að vera undir íslenskum yfirráðum, þ.e. þeir verða að eiga heimili hér á landi og íslenskur aðili eða aðilar verða að eiga meiri hluta í lögaðilanum eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir félaginu.

Þessi skilyrði verða best skýrð með dæmi. Sjávarútvegsfyrirtækið A er í eigu tveggja lögaðila, B og C. Bæði B og C verða að uppfylla það skilyrði að vera íslenskir lögaðilar undir íslenskum yfirráðum. Hins vegar mega erlendir aðilar eiga með beinum hætti allt að 25% af hlutafé eða stofnfé í B og C. B og C geta verið hvers konar lögaðilar, t.d. hlutabréfasjóðir. Íslenskir lögaðilar, t.d. D, E, F og G, sem eiga hlutafé eða stofnfé í B og C verða að uppfylla það skilyrði að vera undir íslenskum yfirráðum. Í skilgreiningunni á íslenskum lögaðila undir íslenskum yfirráðum felst að erlendir aðilar mega eiga allt að 49% hlutafjár eða stofnfjár í D, E, F og G. Þessir lögaðilar verða þó jafnframt að uppfylla það skilyrði að íslenskir aðilar fari þar með meiri hluta atkvæðisréttar og hafi þar raunveruleg yfirráð.

Ekki er lagt til að breytt verði ákvæðum laganna um það hvaða greinar fiskvinnslu eru háðar takmörkunum á fjárfestingu erlendra aðila. Um er að ræða frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Um næstkomandi áramót tekur gildi ný atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands sem byggð er á samræmdri flokkun fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Með hliðsjón af ákvæðum gildandi laga og samhljóða ákvæðum frumvarpsins verða í gildi takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í eftirtöldum atvinnugreinaflokkum innan sjávarútvegs:

Öllum greinum fiskveiða innan flokks atvinnugreinaflokks 05.01:
- 05.01.1 Togaraútgerð.
- 05.01.2 Útgerð vinnsluskipa.
- 05.01.3 Útgerð annarra fiskiskipa yfir 10 brl.
- 05.01.4 Smábátaútgerð.
- 05.01.5 Útgerð hvalveiðiskipa.

Öllum greinum fiskvinnslu innan atvinnugreinaflokks 15.20:
- 15.20.1 Frystingu.
- 15.20.2 Saltfiskverkun.
- 15.20.3 Síldarsöltun.
- 15.20.4 Herslu.
- 15.20.5 Harðfiskverkun.
- 15.20.6 Vinnslu á ferskum fiski.
- 15.20.7 Mjöl- og lýsisvinnslu.
- 15.20.8 Niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða.
- 15.20.9 Annarri ótalinni fiskvinnslu.

Hvalvinnslu í atvinnugreinaflokki 15.22.

Þó er umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu ekki talin til fiskvinnslu. Ákvæði gildandi laga hafa verið túlkuð þannig að erlendum aðilum sé óheimilt að fjárfesta í hvers konar

vinnslu á fersku sjávarfangi, þ.e. í frumvinnslu sjávarafurða, en að fjárfestingin sé þeim heimil þegar um er að ræða vinnslu á hráefni sem þegar hefur verið meðhöndlað í því skyni að verja það skemmdum. Þetta gildir áfram þar sem ákvæði frumvarpsins um skilin milli fiskvinnslu, sem erlendir aðilar geta fjárfest í og hinnar, eru samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Í 2. tölul. koma fram hömlur á möguleikum erlendra aðila til að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og hlut í fyrirtækjum á sviði orkuvinnslu og orkudreifingar. Breytingar frá gildandi ákvæðum eru af tvennum toga. Annars vegar er orðalag ákvæðisins einfaldað með því að nota hugtakið íslenskur aðili sem skilgreint er í 2. mgr. greinarinnar. Í gildandi ákvæði er eignarrétturinn takmarkaður við íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis. Í 2. mgr. greinarinnar er íslenskur aðili skilgreindur sem ríkissjóður og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóðir hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.

Hins vegar er lögð til sú breyting að tekin verði af tvímæli um að erlendum aðila sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna sé heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Þetta gæti t.d. átt við um fiskeldi. Að sjálfsögðu verður nýting á jarðhitanum að samræmast ákvæðum orkulaga, sem þýðir m.a. að hömlur eru á því að jarðhitinn sé virkjaður til almennra nota.

Í 3. tölul. kemur fram takmörkun á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur. Þetta ákvæði er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 4. tölul. kemur fram svipað bann við fjárfestingu erlends stjórnvalds hér á landi og í núgildandi lagaákvæði. Þó er lagt til að reglur hér á landi verði samræmdar reglum í flestum öðrum iðnríkjum þannig að ákvæðið taki aðeins til fjárfestingar erlends stjórnvalds en ekki einnig fjárfestingar fyrirtækis í eigu erlends stjórnvalds. Á móti er lagt til að ákvæðið verði víðtækara en nú er að því leyti að það nái ekki aðeins til fjárfestingar erlends ríkis heldur einnig til fjárfestingar erlends sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds.

Síðasti töluliður er nánast óbreyttur frá gildandi lagaákvæði. Lagt er til að orðalagi verði breytt þannig að ekki verði vísað til númers laganna um eignarrétt og afnotarétt fasteigna heldur einungis heitis þeirra. Einnig er fellt brott ákvæði um það hvernig með skuli farið ef erlendur aðili sem veðhafi eignast fasteign hér á landi. Ákvæði þar að lútandi eru í lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

a. (5. gr.)

Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 4. gr. laganna þykir rétt að leggja þá skyldu á stjórnendur fiskveiðifyrirtækja og fiskvinnslufyrirtækja og stjórnendur innlendra lögaðila sem eiga hlut í slíkum fyrirtækjum að tilkynna brot á ákvæðum 1. tölul. 4. gr. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga um eignarhlut og önnur atriði sem máli kunna að skipta varðandi raunveruleg yfirráð yfir fyrirtæki.

Lagt er til að nefnd um erlendar fjárfestingar meti hvort brotið sé gegn ákvæðinu og að nefndin geti óskað frekari upplýsinga. Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að brotið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 4. gr. skal aðili skyldugur að selja hlut sinn innan fjögurra vikna. Sama skal við eiga ef eignaraðild í bága við 1. tölul. 4. gr. kemur til vegna uppboðsafsals, eða samninga til lúkningar veðskuldar, erfða eða á annan hátt en í slíkum tilvikum er lagt til að fresturinn verði tólf mánuðir.

Ef ekki tekst að selja eignarhlut samkvæmt ofansögðu innan gefins frests er lagt til að viðskiptaráðherra skuli fela verðbréfafyrirtæki að selja eignarhlutinn. Það er gert að skilyrði að verðbréfafyrirtækið uppfylli ákvæði frumvarpsins um það hvaða lögaðilar mega eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtæki. Þykir eðlilegt að gæta samræmis þar á milli. Við þetta eru eðlileg viðskiptaleg sjónarmið höfð að leiðarljósi. Ekki er ástæða til að beita beinum lögþvingunum til sölunnar enda er verðbréfafyrirtækjum, sem uppfylla ákvæði laganna um eignarhald að sjávarútvegsfyrirtækjum, jafnframt falin meðferð eignarhlutans sem þá þegar þýðir að ákvæði 1. tölul. 4. gr. eru virt meðan sölutilraunir eiga sér stað. Með hliðsjón af þessu þykir einnig eðlilegt að veita rúma fresti þannig að eðlileg viðskiptaleg sjónarmið ráði varðandi söluna, þar með talið varðandi tímasetningu. Með óháðu verðbréfafyrirtæki er átt við að ekki sé um augljós hagsmunatengsl verðbréfafyrirtækisins við hinn erlenda aðila eða hlutaðeigandi lögaðila að ræða.

Til þrautavara er hins vegar lagt til að um nauðungarsölu geti orðið að ræða ef frekari sölutilraunir sýnast ekki geta skilað árangri. Slíkt þarf ekki að vera að undangengnum dómi, sátt eða aðför.

Í lokamálsgrein greinarinnar er lagt til að sömu úrræðum skuli beitt þegar farið er gegn öðrum ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila en þeim er lúta að fiskveiðum og fiskvinnslu.

b. (6. gr).

Hér er lagt til að núgildandi 8. tölul. 4. gr. laganna verði gerður að sérstakri grein enda er í honum ekki fjallað um takmarkanir á fjárfestingu heldur hvernig með skuli farið þegar erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni. Bent skal sérstaklega á að með orðunum „reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni“ og „starfa hér á landi“ er í greininni átt við starfsemi með fastri starfsstöð hér á landi og skráningu í firmaskrá en ekki það að veita þjónustu hér á landi frá starfsstöð erlendis. Einnig skal tekið fram að orðalag ákvæðisins er nánast óbreytt frá gildandi lögum eins og því var breytt með 2.–4. gr. laga nr. 121/1993. Breytingin á orðalaginu felst í því að í lokamálslið 3. tölul. eru lögaðilar innan EES undanþegnir ákvæðinu um leyfi viðskiptaráðherra en ekki skyldunni að skrá útibúið í firmaskrá eins og felst í gildandi ákvæði.

Um 3. og 4. gr.

Hér er lagt til að tilvísanir til ákveðinnar deildar Seðlabankans, þ.e. gjaldeyriseftirlitsins, verði felldar brott og eftir standi tilvísanir til bankans. Eftir því sem gjaldeyrisreglur eru rýmkaðar fækkar hefðbundnum störfum þessarar deildar. Víða erlendis hefur frjálsræðisþróun í gjaldeyrismálum leitt til þess að hliðstæðar deildir hafa verið lagðar niður eða sameinaðar öðrum. Svo kann einnig að fara hér á landi og því er lagt til að ekki verði vísað til deildarinnar í lögum.

Í lögunum um fjárfestingu erlendra aðila er í 2. mgr. 5. gr. kveðið á um að Seðlabanki Íslands skuli á fyrri hluta árs birta opinberlega upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan ásamt upplýsingum um heildarfjárfestingu erlendra aðila eftir atvinnugreinum. Þessari lagaskyldu hefur verið fullnægt með sérstakri umfjöllun um fjárfestingu erlendra aðila í ársskýrslu Seðlabankans. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila á fyrri hluta hvers árs. Því er hér lagt til að núgildandi ákvæði um að Seðlabankinn birti þessar upplýsingar falli brott.

Um 5. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að orðalagi öryggisákvæðisins verði breytt á þann veg að felld verði brott heimild til að stöðva tiltekna erlenda fjárfestingu ef talið er að hún skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein. Í lögum nr. 8/1993, samkeppnislögum, er að finna almennar lagaheimildir um hvernig skuli bregðast við skertri samkeppni vegna yfirtöku eða samruna fyrirtækja hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila. Orðalag öryggisákvæðisins í frumvarpinu tekur mið af orðalagi í 112. gr. EES-samningsins og samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Þá er í 2. mgr. lagt til að frumkvæði að beitingu öryggisákvæðisins færist frá nefndinni um erlenda fjárfestingu til viðskiptaráðherra. Þykir eðlilegt að fela framkvæmdarvaldinu slíkt frumkvæði. Hins vegar getur ráðherrann ekki beitt öryggisákvæðinu nema leita áður álits nefndarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að viðskiptaráðherra flytji á Alþingi á fyrri hluta hvers árs skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Svo sem fram kemur í athugasemdum við 3. og 4. gr. frumvarpsins er í gildandi lögum kveðið á um að Seðlabankinn sinni þessari upplýsingaskyldu. Það hefur hann gert með því að birta upplýsingarnar í ársskýrslu sinni. Vegna eðlis málsins þykir hins vegar rétt að leggja til að Alþingi verði árlega gerð grein fyrir þessum málaflokki. Auk upplýsinga um fjárfestingu erlendra aðila er lagt til að viðskiptaráðherra geri Alþingi grein fyrir aðgerðum stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, beitingu öryggisákvæðisins og hvort stjórnvöld hafi þurft að grípa til aðgerða vegna þess að fjárfesting erlends aðila fór umfram þau mörk sem heimiluð eru.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 121/1993 og ákvæði frumvarps þessa.

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers konar fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af ákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Erlendur aðili: Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Íslenskt atvinnufyrirtæki: Atvinnufyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum: Íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting: Fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting: Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

3. gr.

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

4. gr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:
   a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
   b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
      i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
      ii. Erlendir aðilar eiga ekki meira en 25% hlutafjár eða stofnfjár.
      iii. Íslenskir lögaðilar sem eiga hlut í lögaðilanum eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

   Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
2. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.

   Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum.
3. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.
4. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.

5. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, og hafa meiri hluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.

5. gr.

Telji stjórnendur fyrirtækis sem starfar hér á landi og rétt hefur til að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands, stjórnendur fiskvinnslufyrirtækis eða stjórnendur innlends lögaðila sem á með beinum eða óbeinum hætti hlut í slíku fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að farið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. um hámark erlendrar fjárfestingar og innlend yfirráð í innlendum lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki skal viðkomandi þá þegar senda viðskiptaráðuneytinu tilkynningu þar að lútandi. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga frá hlutaðeigandi lögaðila um það hverjir eigendur hans eru, atkvæðamagn hvers þeirra, stjórnarmenn og önnur atriði sem máli þykja skipta varðandi raunveruleg yfirráð hans. Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu. Ráðuneytinu skal senda þær upplýsingar sem það óskar eftir innan fjögurra vikna frá því að beiðni þess berst. Að þeim tíma liðnum skal ráðuneytið senda þau gögn, sem það hefur um hlutaðeigandi lögaðila, nefnd um erlenda fjárfestingu, sbr. 12. gr., sem metur hvort gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin getur að eigin frumkvæði aflað frekari gagna til skýringar máli. Álit nefndarinnar skal sent viðskiptaráðherra innan fjögurra vikna frá því málefni barst nefndinni.

Telji nefnd um erlenda fjárfestingu að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal viðskiptaráðherra með úrskurði skylda hlutaðeigandi lögaðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegur ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda samkvæmt þessari málsgrein takmarkast við þann eignarhlut eða hluta eignarhlutar sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Við úrlausn þess skal miðað við það hvenær tilkynning um eigandaskipti barst viðkomandi lögaðila. Ef ekki er orðið við slíkri skyldu innan fjögurra vikna skal með eignarhlutinn fara skv. 4. og 5. mgr.

Ef erlendur aðili eignast hlut í fiskveiðifyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki eða fiskiskipi með samningum til lúkningar veðskuldar sem veðhafi við útgáfu uppboðsafsals, með erfðum eða á annan hátt, skal hann selja hlutinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hluturinn komst í eigu hans. Ef ekki hefur orðið af slíkri sölu innan tólf mánaða skal fara með eignarhlutinn skv. 4. og 5. mgr.

Eigi sala á eignarhlut, sem skylt er að selja skv. 2. mgr., sér ekki stað innan fjögurra vikna eða skv. 3. mgr. innan tólf mánaða skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu, íslensku verðbréfafyrirtæki, sem heimilt væri skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. að eiga slíkan hlut, að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Skal verðbréfafyrirtækið eftir það annast söluna og fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð, þar með talið við ákvörðun um tímasetningu á sölu.

Nú selur verðbréfafyrirtækið eignarhlutinn og er eigandi hans þá bundinn við söluna. Þóknun fyrir umsýslu og sölu eignarhlutarins skal greiða af söluandvirði eða arði samkvæmt almennum venjum á verðbréfamarkaði.

Skili eigandi eða umráðaaðili eignarhlutar ekki hlutabréfum eða skilríki fyrir eiginarhlut, sbr. 4. mgr., falla öll réttindi samkvæmt eignarhlutnum niður, þar með talin atkvæðisréttur, áskriftarréttur að nýjum hlutum og réttur til greiðslu arðs, þar til skil hafa verið gerð.

Hafi sala skv. 3. mgr. eigi tekist innan sex mánaða frá því verðbréfafyrirtækið tók eignarhlutinn til umsýslu og sölumeðferðar er ráðherra heimilt að fenginni ósk verðbréfafyrirtækisins eða eiganda hans að veita viðbótarfrest í sex mánuði ef líkur eru taldar á frjálsri sölu innan þess frests. Að öðrum kosti er ráðherra rétt að krefjast nauðungarsölu á eignarhlutnum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Ákvæði 1.–6. mgr. eiga með samsvarandi hætti við þegar gengið er gegn ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.

6. gr.

Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

1. Sé um að ræða einstakling, sem búsettur er erlendis, skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi nema með leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.
2. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
3. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. 2. tölul. þessarar greinar. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins. Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki leyfi viðskiptaráðherra til starfsemi hér á landi.

7. gr.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum er málið varða og nauðsynleg teljast að mati Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands gerir viðskiptaráðherra jafnharðan grein fyrir þeim tilkynningum um erlenda fjárfestingu sem bankanum berast. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Seðlabanki Íslands hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila.

8. gr.

Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur Seðlabanka Íslands. Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur.

9. gr.

Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar.

10. gr.

Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Þetta gildir þó ekki um ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.

11. gr.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

Viðskiptaráðherra getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki.

12. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt, sbr. ákvæði 5. gr. Jafnframt skal hún vera ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Formaður nefndarinnar boðar hana til funda. Viðskiptaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að Seðlabanka Íslands berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 7. gr. Áður en slík ákvörðun er tekin skal ráðherra leita álits nefndar um erlenda fjárfestingu. Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Viðskiptaráðherra skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.

13. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, sbr. lög nr. 121/1993.

Með frumvarpi þessu eru endurskoðuð nokkur af þeim ákvæðum sem sett voru í upphaflegum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Þau lög gerbyltu fyrri lögum um þessi efni, en þá mátti finna ákvæði í ýmsum lögum er takmörkuðu eða nánast útilokuðu fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi.

Frumvarp þetta er talsvert breytt frá samnefndu frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi. Aðgangur erlendra aðila að fjárfestingu í íslensku atvinnulífi er almennt rýmkaður. Sérstaklega eru það nýmæli að heimiluð verði óbein og takmörkuð fjárfesting erlendra aðila í fiskveiðum og vinnslu.

Kostnaður ríkissjóðs af því að frumvarp þetta verði að lögum verður að teljast óverulegur. Eftirlit með erlendum fjárfestingum verður að hluta til hjá Seðlabanka Íslands þar sem það er nú, en það mun koma í hlut Samkeppnisstofnunar að líta eftir markaðsáhrifum erlendra fjárfesta. Í heild má ætla að samþykkt frumvarpsins muni hafa jákvæð áhrif á ríkissjóð að því marki sem erlend fjárfesting getur aukist og rennt auknum stoðum undir íslenskt atvinnulíf.

771. Breytingartillögur [337. mál]

um frv. til l. um vörugjald af olíu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa skattskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., heimild til að flytja inn olíu og fá afhenta olíu frá öðrum gjaldskyldum aðila án greiðslu olíugjalds.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Þeir sem flytja inn til endursölu, eða kaupa til eigin nota, olíu sem er gjaldskyld skv. 1. gr. enda hafi þeir yfir að ráða birgðageymslum sem samanlagt rúma yfir 1.000 rúmmetra af gjaldskyldri olíu.
   b. 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Enn fremur skulu þeir sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. greina frá birgðageymslum, þar með talið sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð.
   c. Í 4. mgr. falli brott orðin „4. gr.“.
3. 4. gr. falli brott.
4. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðist svo:
      Ráðherra getur ákveðið að olía til gjaldfrjálsra nota, önnur en sú sem afhent er skv. 1. mgr., skuli vera undanþegin olíugjaldi við sölu eða afhendingu til notenda enda fari olían ekki til gjaldskyldra nota.

b. Í stað orðanna „skv. 1. mgr.“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., komi: samkvæmt þessari grein.

5. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „olíugjald“ í 1. mgr. komi: sem þeir hafa staðið skil á.
   b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Aðilar, sem óska eftir endurgreiðslu olíugjalds á uppgjörstímabilinu, skulu skila skýrslu um fjárhæð endurgreiðslu og aðrar upplýsingar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
   c. Við 4. mgr. bætist:, sbr. þó 1. tölul. 1. mgr. 7. gr.
6. Við 7. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ráðherra er í reglugerð heimilt að kveða á um endurgreiðslu olíugjalds, ásamt endurgreiðslu virðisaukaskatts af olíugjaldinu, af olíu til eftirfarandi nota.
7. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „afhendingu frá birgðastöð“ í 2. mgr. komi: sölu eða afhendingu.
   b. Á eftir orðinu „Við“ í 3. mgr. komi: sölu eða.
8. Við 10. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða olíugjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun.

   b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðist svo:

      Ráðherra getur heimilað að aðilar, sem stunda sölu gjaldskyldrar olíu en falla ekki undir ákvæði 1. og 2. tölul. 3. gr., geti keypt olíu af gjaldskyldum aðila án greiðslu olíugjalds enda sé árleg sala meiri en 50 þús. lítrar. Sá sem fær heimild samkvæmt þessari grein skal uppfylla skilyrði um skráningu og viðurkenningu búnaðar skv. 3. og 4. gr. og skal standa skil á greiðslu olíugjalds samkvæmt ákvæðum 1. mgr.
9. Við 11. gr. 4. tölul. falli brott.
10. Við 12. gr. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Ráðherra er þó heimilt að ákveða annan gjalddaga í reglugerð.
11. Við 22. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1995“ tvívegis í greininni komi: 1. janúar 1996.
12. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

    Í stað þess að öðru gjaldatímabili þungaskatts skv. B-lið 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ljúki 10. febrúar 1996 skal því ljúka 31. desember 1995. Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal án sérstakrar tilkynningar láta lesa á og skrá stöðu ökumælis á tímabilinu frá 19. til 31. desember 1995.

    Gjalddagi þungaskatts skv. 1. mgr. er 11. janúar 1996 og eindagi er 29. febrúar 1996.
13. Eftirfarandi breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða II:
    a. Í stað orðanna „1. júlí 1995“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. og 3. málsl. 2. mgr. komi: 1. janúar 1996.
    b. Í stað orðsins „birgðastöðvum“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: birgða- og sölustöðum
    c. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falli brott.
    d. Í stað orðanna „15. ágúst 1995“ í 4. málsl. 2. mgr. komi: 15. febrúar 1996.
14. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

    Fjármálaráðherra skal skipa sérstaka samráðsnefnd til að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna, þar með talið setningu reglugerðar. Enn fremur skal nefndin kanna þær forsendur sem liggja til grundvallar fjárhæð olíugjalds. Í nefnd-

inni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, skattyfirvalda, Vegagerðarinnar, olíufélaganna og annarra hagsmunasamtaka.

772. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytis, og Kristján Ragnarsson, formann Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þá var stuðst við umsagnir er bárust um frumvarp til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 135. mál á þskj. 144, sem rætt var í nefndinni á 115. löggjafarþingi.

Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að takmarka heimildir skv. 1. mgr. þegar um er að ræða veiðar úr nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis og ágreiningur er um stjórnun á nýtingu stofnsins.

Alþingi, 22. febr. 1995.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Árni R. Árnason. Guðmundur Hallvarðsson.

Vilhjálmur Egilsson. Gunnlaugur Stefánsson.

773. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um vörugjald af olíu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá fjármálaráðuneytinu Snorra Olsen deildarstjóra, Jón Guðmundsson viðskiptafræðing og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur lögfræðing. Einnig kom á fund nefndarinnar Jón Steingrímsson, deildarstjóri hjá embætti ríkisskattstjóra. Þá bárust nefndinni einnig umsagnir um málið frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Bílgreinasambandinu, Samtökum landflutningamanna, Landvara, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Félagi sérleyfishafa, Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi vinnuvélaeigenda, Strætisvögnum Reykjavíkur hf., Olíufélaginu hf., Olíuverslun Íslands hf.,

Skeljungi hf., Landsvirkjun, Sambandi íslenskra rafveitna, Samtökum iðnaðarins og Vegagerðinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru helstar:

1. Lagt er til að inn í upptalningu á þeim atriðum, sem þurfa að koma fram í tilkynningu gjaldskyldra aðila skv. 3. mgr. 3. gr., verði bætt sölustöðum gjaldskyldra aðila. Þessa breytingu leiðir af breytingartillögu við 10. gr. frumvarpsins um að olíugjaldið skuli leggjast á við sölu olíunnar en ekki við afhendingu úr birgðastöð. Breyting sú, sem lögð er til á 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., er ekki efnisleg og eftir sem áður verða bæði þeir sem flytja inn olíu til endursölu og þeir sem kaupa til eigin nota gjaldskyldir samkvæmt greininni ef þeir eiga birgðageymslur yfir tiltekinni stærð.
2. Lagt er til að 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um viðurkenningu skattstjóra á búnaði sem notaður er til geymslu gjaldskyldrar olíu, verði felld brott. Eftir sem áður er gjaldskyldum aðilum skylt að greina frá birgða- og sölustöðum þar sem gjaldskyld olía er geymd, staðsetningu þeirra og stærð, sbr. 3. mgr. 3. gr. Vegna þessarar breytingar er nauðsynlegt að lagfæra aðeins orðalag í 2. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins.
3. Lagt er til að inn í 5. gr. verði tekin heimild fyrir ráðherra til að veita undanþágu frá greiðslu olíugjalds við sölu eða afhendingu olíu sem ætluð er til gjaldfrjálsra nota að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þetta er undantekning frá meginreglu 6. gr. sem gerir ráð fyrir að olíugjald verði greitt af allri gas- og dísilolíu en síðan endurgreitt í gegnum virðisaukaskattskerfið til þeirra aðila sem ekki eiga að bera gjaldið. Með því að undanþáguheimildin er bundin við að fella niður gjaldið þegar við sölu olíunnar er stefnt að því að gera olíugjaldskerfið einfaldara og koma í veg fyrir að notandi þurfi að leggja út fyrir gjaldinu og fá það síðar endurgreitt. Til þess að geta notið þessarar undanþágu þarf að vera sýnt fram á að olían sé afhent með þeim hætti að tryggt sé að hún verði ekki notuð til gjaldskyldra nota. Þeir sem gætu notið undanþágu samkvæmt þessari grein eru t.d. eigendur minni báta sem kaupa olíu af svokölluðum lykladælum við hafnir úti um land og einstök fyrirtæki sem kaupa olíu á geyma sem ekki er hægt að dæla henni af yfir á ökutæki.
4. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 6. gr. frumvarpsins. Þar ber fyrst að nefna breytingu á 1. mgr. þannig að olíugjald verði ekki endurgreitt nema fyrir liggi að kaupandi hafi staðið skil á greiðslu. Til grundvallar endurgreiðslu verða því að liggja greiddir reikningar. Þá er lagt til að ríkisskattstjóra verði frjálst að ákveða í hvaða formi skýrslu um fjárhæð endurgreiðslu og aðrar upplýsingar skuli skilað. Loks er tilvísun til undanþáguákvæðis 1. tölul. 7. gr. felld inn í 4. mgr. sem er annars afdráttarlaus um að olíugjald af olíu til notkunar á skráningarskyld ökutæki, önnur en dráttarvélar, sé ekki endurgreitt.
5. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að endurgreiðsluheimildin nái einnig til endurgreiðslu af þeim virðisaukaskatti sem innheimtur er af olíugjaldinu. Þetta er nauðsynlegt þar sem þeir aðilar, sem kunna að eiga rétt á endurgreiðslu skv. 7. gr., eru í ýmsum tilvikum skattskyldir samkvæmt lögum um virðisaukaskatt og sætu því uppi með greiðslu virðisaukaskattsins ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum.
6. Ein meginbreytingin í tillögum nefndarinnar er á 10. gr. Eins og fram kemur í frumvarpinu eru það fyrst og fremst olíufélögin sem eru gjaldskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu. Í því er gert ráð fyrir að þau greiði olíugjald á hverju uppgjörstímabili miðað við það magn sem fer út af viðurkenndum birgðastöðvum þeirra. Til

grundvallar þeirri ákvörðun að miða við afhendingu olíu úr birgðastöð lá það sjónarmið að olíugjald af innfluttri olíu væri í raun aðflutningsgjald sem greiða bæri við tollafgreiðslu olíunnar, nema ákvæði frumvarpsins kvæðu á um annað. Þar sem olía er keypt inn í miklu magni og ljóst er að greiðsla olíugjalds við innflutning mundi hafa í för með sér mikla fjárbindingu fyrir olíufélögin var ákveðið að heimila þessum aðilum innflutning olíu án greiðslu gjaldsins og innheimta það þess í stað þegar olían er flutt úr birgðageymslu. Í þessu sambandi var ekki gert ráð fyrir að útsölustaðir gætu kallast birgðageymsla þótt þar væri geymt talsvert magn olíu. Í umsögnum allra olíufélaganna um málið voru gerðar alvarlegar athugasemdir við þetta fyrirkomulag og því haldið fram að þessi leið væri erfið og þung í vöfum og jafnvel óframkvæmanleg. Því er hér lagt til að horfið verði frá þessari uppgjörsaðferð og þess í stað verði olíugjaldið miðað við selt magn olíu á hverju uppgjörstímabili auk eigin notkunar. Þessi breyting hefur það í för með sér að innflytjendur olíu geta flutt inn gjaldskylda olíu, flutt hana í birgðageymslur, hvort sem það er stærri birgðastöð eða t.d. geymir á útsölustað, án greiðslu olíugjalds og gjaldið fellur í raun ekki á olíuna fyrr en hún er seld eða afhent án endurgjalds eða er tekin til eigin nota. Til viðbótar er lagt til að inn í 10. gr. verði bætt heimild fyrir ráðherra til að ákveða að aðilar, sem selja í smásölu olíu án þess að uppfylla skilyrðið um 1.000 rúmmetra birgðarými, geti fengið undanþágu frá greiðslu olíugjalds við kaup á olíu frá gjaldskyldum aðila. Í einstaka tilvikum eru útsölustaðir olíu ekki í eigu olíufélaganna sjálfra og þyrfti þá eigandi staðarins að greiða olíugjaldið um leið og olían er keypt á meðan olíugjald af olíu sem seld er í smásölu af olíufélögunum sjálfum er ekki gjaldskyld fyrr en við sölu. Með þessu ákvæði er lagt til að heimilt verði að fella niður olíugjald við innkaup þess sem kaupir hana til endursölu og honum heimilað að gera olíugjaldið upp með sama hætti og gjaldskyldir aðilar, sbr. það sem segir um 1. tölul. Lagt er til að 8. gr. verði breytt til samræmis við breytingu á 1. mgr. 10. gr.

7. Lagt er til að 4. tölul. 11. gr. frumvarpsins, sem mælir fyrir um frádrátt frá gjaldskyldu magni vegna rýrnunar, falli brott enda ekki þörf á slíkri heimild ef farið verður að miða greiðslu olíugjalds við selt magn í stað afhents magns úr birgðastöðvum.
8. Lagt er til að gjaldfrestur í 1. mgr. 12. gr. verði lengdur í 30 daga þannig að hann verði alls 45 dagar frá lokum uppgjörstímabils. Í umsögnum olíufélaganna um frumvarpið var stuttur gjaldfrestur í 12. gr. gagnrýndur og bent á að greiðslufrestur kaupenda olíu sé mun lengri og frumvarpið hafi þannig að óbreyttu í för með sér miklar fjárskuldbindingar fyrir olíufélögin. Gjaldfrestur á olíu, sem keypt er út á reikning hjá olíufélögunum, er vanalega tuttugasti dagur næsta mánaðar eftir kaup. Með þessari breytingu verður gjaldfrestur olíugjalds því tuttugu og fimm dögum síðar. Á það er einnig að líta að með því að miða greiðslu olíugjalds við sölu í stað afhendingar frá birgðastöð er einnig verið að færa skil olíugjalds að síðara tímamarki. Hins vegar hafa olíufélögin bent á að mun lengri tíma taki þau að innheimta sölu en almennur greiðslufrestur þeirra gefur til kynna. Því er til viðbótar lagt til að ráðherra fái heimild til að ákveða með reglugerð annan gjalddaga en mælt er fyrir um í lögunum.
9. Lagt er til að gildistöku laganna verði frestað um hálft ár eða til 1. janúar 1996. Til samræmis er ákvæðum til bráðabirgða breytt á sama hátt. Nefndin telur frestun á gildistökunni nauðsynlega svo að nægur tími gefist til að undirbúa framkvæmdina. Í þessu sambandi leggur nefndin einnig til að inn í frumvarpið verði tekið nýtt

ákvæði til bráðabirgða sem mælir fyrir um skipun sérstakrar samráðsnefndar sem hafi það hlutverk að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna, m.a. við setningu reglugerðar. Með orðunum „annarra hagsmunasamtaka“ er m.a. átt við fulltrúa Samtaka landflutningamanna, Bílgreinasambandsins, FÍB, Sameinaðra bændasamtaka, LÍÚ og Samtaka iðnaðarins. Um viðamikla löggjöf er að ræða og eðlilegt að sem best samstaða náist hjá hagsmunaaðilum um framkvæmdina. Í mörgum umsögnum um málið kom fram gagnrýni á það hversu hátt gjaldinu er ætlað að vera. Því tekur nefndin sérstaklega fram í tillögum sínum að samráðsnefndin skuli kanna þær forsendur sem liggja til grundvallar fjárhæð gjaldsins en því er ætlað að skila svipuðum tekjum í ríkissjóð og þungaskattur og ekki íþyngja almennt bifreiðaeigendum eða rekstraraðilum atvinnubifreiða. Ef útkoman úr þeirri könnun verður sú að gjaldið er of hátt vinnst tími fram til næstu áramóta til að breyta lögunum.

10. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða II um fyrsta uppgjörstímabil olíugjalds gagnvart seljendum olíu og öðrum gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr. frumvarpsins þar sem horfið hefur verið frá því að miða uppgjör olíugjalds við afhendingu frá birgðastöð og í stað þess miðað við selt magn á hverju uppgjörstímabili. Því er ekki þörf á að krefjast uppgjörs olíugjalds á þeim birgðum sem seljendur olíu eiga við gildistöku laganna þar sem gjaldið verður greitt þegar birgðirnar verða seldar. Hins vegar þykir rétt að halda inni ákvæðum um skyldu þessara aðila til að upplýsa um það magn olíu sem til er í landinu við gildistöku laganna.

Nefndin vill einnig taka fram að á fundum um málið kom fram hjá fjármálaráðuneytinu að tilvísun 19. gr. frumvarpsins í ákvæði laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, væri m.a. ætlað að tryggja að sömu reglur gildi um olíugjald af töpuðum kröfum og nú gilda um virðisaukaskatt. Samkvæmt ákvæðum þeirra laga og reglna sem mótast hafa í framkvæmd er skattskyldum aðila heimilt að fá endurgreiddan skatt sem þegar hefur verið inntur af hendi þegar sýnt er fram á með fullnægjandi hætti að krafan muni ekki fást greidd. Jafnframt lýsti ráðuneytið því yfir að það væri reiðubúið að taka þessar reglur til endurskoðunar með það fyrir augum að minnka þann tilkostnað sem þarf til að sýna fram á að krafa sé töpuð.

Kristín Ástgeirsdóttir og Sólveig Pétursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðjón Guðmundsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.	Finnur Ingólfsson.

Guðmundur Árni Stefánsson.

774. Svar [352. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hermanns Níelssonar um útboðsstefnu ríkisins.

1. *Er að vænta breytinga á útboðsstefnu ríkisins, t.d. á sviði vegagerðar, viðhalds eigna og nýbygginga?*

Útboðsstefna ríkisins var samþykkt í ríkisstjórn 25. maí 1993. Hún var síðan kynnt ítarlega fyrir stofnunum ríkisins, sveitarfélögum og atvinnulífinu. Útboðum á vegum ríkisins hefur fjölgað verulega frá því útboðsstefnan var kynnt og sífellt bætist við.

Eðlilegt er að framkvæmd útboðsstefnunnar sé sífellt í mótun og taka verður á þeim málum sem upp kunna að koma við framkvæmd hennar í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Starfshópur á vegum fjármálaráðherra hefur að undanförnu farið yfir árangur útboðsstefnunnar og mun skila ráðherra skýrslu sinni fljótlega. Nú er engin sérstök áform um breytingu á stefnunni viðvíkjandi vegagerð, viðhaldi eigna eða nýbyggingum, enda útboð almennt viðhöfð í þeim málaflokkum.

2. *Hver er afstaða ráðherra til „meðaltalsaðferðar" við útreikning tilboða?*

Í útboðsstefnu ríkisins er kveðið á um að hagkvæmasta tilboði með tilliti til verðs og gæða skuli jafnan tekið. Ef lægsta tilboði er ekki tekið skal lögð fram skýring á því.

Að mati fjármálaráðuneytisins er óeðlilegt að hafa ákveðnar reglur um hvaða tilboð teljast vera aðgengileg og hver ekki. Sú aðferð, sem hér um ræðir, er að mati ráðuneytisins andstæð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og því óaðgengileg. Að öðru leyti vísast í svar við þriðja lið fyrirspurnarinnar.

3. *Hvert er mat ráðherrans á afleiðingum útboðsstefnu sem gerir ráð fyrir að taka ávallt lægsta tilboði — jafnvel þótt verktakar segist geta unnið útboðsverk á 50% lægra verði en verkfræðingar í þjónustu ríkisins reikna út að sé kostnaðarverð?*

Ekki fer alltaf saman hagkvæmasta tilboð og lægsta verð. Fjölmargir þættir geta ráðið því, m.a. verkefnastaða verktaka, afhendingarskilmálar, greiðsluskilmálar og gæði. Í útboðsstefnunni er það skýrt að taka skuli tillit til fleira en verðs. Lágt verð hlýtur þó alltaf að vega þungt við ákvörðun um hvaða tilboði er tekið. Kaupandi verður þó að fullvissa sig um hvort bjóðandi geti staðið við tilboð sitt. Slíkt hefur verið gert hjá þeim stofnunum sem fjármálaráðuneytið þekkir til, svo sem hjá Ríkiskaupum, Framkvæmdasýslunni og Vegagerðinni. Það er raunar tilgreint í reglum um innkaup ríkisins að kanna skuli fjárhagsstöðu bjóðenda við yfirferð tilboða.

Sú meginregla gildir ef bjóðandi telur sig geta boðið tiltekið verð og við yfirferð tilboðs kemur í ljós að ekki er ástæða til að ætla annað en að bjóðandi geti staðið við tilboð sitt skuli taka því. Hafa verður í huga að kostnaðaráætlun er ekki annað en áætlun um hvað haldið er að viðkomandi verk muni kosta af fulltrúum verkkaupa miðað við þeirra eigin reynslu og forsendur. Aðstæður hvers bjóðanda eru hins vegar sérstakar og hver hefur sínar forsendur að byggja á við gerð tilboðs.

4. *Ætlar ráðherrann að beita sér fyrir því að kannaðar verði afleiðingar af útboðsstefnu ríkisins með tilliti til gjaldþrots fyrirtækja og einstaklinga, ásamt atvinnumissi starfsmanna og tekjutapi ríkisins í framhaldi af því?*

Eins og kom fram í svari við fyrsta lið er starfshópur á vegum ráðuneytisins að kanna árangur sem orðið hefur í útboðsmálum ríkisins í kjölfar útboðsstefnunnar. Hópurinn hefur jafnframt kynnt sér þá annmarka sem upp hafa komið í útboðum á vegum ríkisins.

Útboðsstefnan hefur aukið samkeppni á útboðsmarkaði. Seljendur geta nú gengið að útboðum á vegum ríkisins vel upplýstir um þær reglur sem í gildi eru um framkvæmd útboða. Gjaldþrot og atvinnumissir verður ekki skrifað á útboðsstefnuna. Ef slíkt hefur aukist samhliða auknum útboðum eru þær reglur, sem í gildi eru á markaðnum, ekki nógu skýrar og þörf úrbóta. Því gæti verið ástæða til að skoða hvort breyta eigi lögum, reglugerðum eða almennum stöðlum til að tryggja betur rétt þeirra sem eiga afkomu sína undir niðurstöðum útboða, t.d. undirverktakar og efnissalar.

775. Frumvarp til laga [453. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði brott ákvæði laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, sem kveður á um að óheimilt sé að flytja inn skip sem er 15 ára eða eldra. Jafnframt er lagt til að skip, sem fyrirhugað er að flytja inn, verði að hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur.

Lagaákvæði um hámarksaldur innfluttra skipa var upphaflega sett að gefnu tilefni í lok kreppunnar. Í greinargerð með þessu ákvæði laga nr. 78/1938 segir:

„Að undanförnu hefur verið keypt nokkuð af gömlum skipum til landsins, og hefir það í flestum tilfellum orðið til efnalegs tjóns. Ekki þótti þó fært að fella niður þær undanþágur, sem fólust í eldri lögum, en hins vegar bætt inn í greinina ákvæði um það, að banna að kaupa til landsins eldri skip en 12 ára. Sams konar ákvæði hafa aðrar þjóðir í sinni löggjöf.“

Mikið hefur breyst síðan þetta lagaákvæði var fyrst lögfest. Á þessum tíma voru skrokkar skipa almennt „hnoðaðir“ en eru nú rafsoðnir, skipastál var ákaflega lélegt í samanburði við skipastál síðustu áratuga og því endingarlítið. Hjúpun og endingargildi skipshluta hefur tekið stórfelldum framförum, enn fremur vélar og búnaður skipa. Samkvæmt upplýsingum frá Lloyd's Register of Shipping er núverandi meðalaldur kaupskipa heims-

ins um það bil 16 ár og er talið fyrirsjáanlegt að hann muni hækka nokkuð enn á næstu árum. Almennar viðmiðanir um líftíma kaupskipa hafa hækkað á sama tíma úr 20 í 25 til 30 ár. Sambærilegar tölur fyrir fiskiskip sýna svipaða þróun.

Í Noregi er hámarksaldur innfluttra skipa 20 ár, en engar reglur gilda um þetta í Danmörku og Svíþjóð. Í fyrirliggjandi tillögum Evrópusambandsins um sameiginlega skráningu kaupskipa allra aðildarríkjanna er miðað við 20 ára hámarksaldur við innflutning skipa.

Með lögum nr. 86/1994 var gerð breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993. Frumvarpið var flutt af samgöngunefnd Alþingis að frumkvæði sjávarútvegsnefndar Alþingis. Sjávarútvegsnefnd lýsti þeirri eindregnu skoðun sinni að endurskoða þyrfti reglu 2. mgr. 8. gr. laga um eftirlit með skipum um að eigi megi flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra. Með lögum nr. 86/1994 voru heimilaðar ákveðnar undanþágur frá skilyrði um hámarksaldur fiskiskipa. Annars vegar var heimilað að taka aftur á skipaskrá skip sem afskráð voru samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða frá og með 1. september 1992 til og með gildistöku nýrra laga um stjórn fiskveiða. Hins vegar var heimilað að skrá fiskiskip sem keypt höfðu verið erlendis frá til veiða utan íslensku efnahagslögsögunnar eftir 1. september 1992 til 30. apríl 1994.

Með lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, var hámarksaldur skipa hækkaður úr 12 árum í 15 ár og ákvæðið einungis bundið við fiskiskip. Í 1. mgr. 8. gr. laga um eftirlit með skipum er kveðið á um að skip, sem keypt er frá útlöndum til skráningar hér á landi, skuli fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skoðun skal fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi eða ekki. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að viðkomandi skip hafi verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkun skipa eða sambærilegar reglur. Með því er verið að tryggja að skipið sé að minnsta kosti smíðað á fullnægjandi hátt, en erfitt getur verið að sannreyna það við skoðun á gömlu skipi. Þetta ákvæði tekur til allra skipa sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi. Er þessi skipan mála í samræmi við tilskipanir ESB um þetta efni, en þær eru enn á undirbúningsstigi. Þetta ákvæði á að tryggja að ekki verði heimilaður innflutningur annarra skipa en þeirra sem eru vel búin og örugg, enda þurfa þau að fá íslenskt haffærisskírteini og þar með uppfylla skilyrði íslenskra laga og reglna um gerð og búnað skipa. Slíkt er mun mikilvægara fyrir öryggi skipsins á sjó en aldur skipsins einn og sér.

776. Svar [389. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um undirbúning að jarðgöngum undir Hvalfjörð.

1. Hvernig er staða undirbúnings að jarðgöngum undir Hvalfjörð?

Samningur um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð var undirritaður 25. febrúar 1991 af samgönguráðherra og stjórn Spalar hf. og staðfestur af fjármálaráðherra. Samningurinn var staðfestur á Alþingi 18. mars 1991 með þingsályktun.

Við framgang málsins töldu ráðgjafar Spalar hf. nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á samningnum, m.a. hvað varðaði rekstrartíma ganganna og að virðisaukaskattur á umferðargjaldi verði í sama skattþrepi og fólksflutningar. Breyttur samningur var undirritaður 23. júní 1993 og staðfestur á Alþingi 20. apríl 1994 með þingsályktun. Enn fremur var samþykkt að veita 50 millj. kr. lán úr ríkissjóði til Spalar hf. til þess að fjármagna jarðlagarannsóknir sem ráðgjafar félagsins lögðu til að yrðu gerðar.

Sumarið 1993 fór fram forval verktaka og í ágúst það ár voru valdir fjórir verktakahópar sem fyrirhugað var að gefa kost á að taka þátt í útboði. Félagið setti strax það skilyrði að reyndur íslenskur verktaki yrði að vera í hverjum hópi, en að öðru leyti var eingöngu leitað til norrænna verktaka, enda meðal þeirra margir með mjög góða reynslu af ámóta framkvæmdum auk þess sem flestir þeirra hafa komið við sögu í sambandi við stórframkvæmdir hér á landi.

Nauðsynlegar jarðlagarannsóknir fóru fram síðari hluta ársins 1993 og lauk í ársbyrjun 1994. Niðurstöðurnar voru í samræmi við fyrri rannsóknir og gáfu til kynna að ekki eiga að vera vandamál í sambandi við gerð bergganga á Hnausaskersleið.

Hafist var handa við gerð útboðsgagna síðla árs 1993 og lauk því verki með útsendingu þeirra um miðjan apríl 1994. Fyrirhugað var að opna tilboð í lok júní, en þar sem tafir urðu á útsendingu síðustu gagna til verktaka og vegna sumarleyfa var opnun tilboða frestað til 30. ágúst 1994. Einn verktakahópurinn dró sig út úr verkefninu í júlí 1994 þannig að tilboð bárust frá þremur aðilum, en ekkert þeirra var að fullu í samræmi við útboðsskilmála.

Ráðgjafar Spalar hf. yfirfóru tilboðin og áttu nokkra fundi með verktökum sl. haust. Í framhaldi af þeim var í október ákveðið að ganga til viðræðna við fyrirtækin Skånska, Phil & Sön og Ístak, en jafnframt voru hinir verktakahóparnir beðnir um að framlengja sín tilboð sem nú ná til febrúarloka 1995. Ráðgjafar og fulltúar Spalar hf. áttu fundi með verktakahópunum og viðskiptabanka þeirra í nóvember, en frekari fundarhöld bíða þar til Spölur hf. hefur fengið formlegt tilboð í erlenda fjármögnun verkefnisins.

2. *Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til undirbúnings og hönnunar af hálfu ríkisins annars vegar og Spalar hf. hins vegar?*

Alls hefur verið varið um 150 millj. kr. til undirbúnings og hönnunar verkefnisins. Þar af hefur Spölur hf. varið um 100 millj. kr. og ríkissjóður veitt Speli 50 millj. kr. lán sem endurgreiðist við verklok.

3. *Hvernig er fyrirhugað að standa að fjármögnun framkvæmda og hvar eru þau mál á vegi stödd?*

Landsbréf hf. tóku að sér að annast innlenda fjármögnun framkvæmdarinnar meðal íslenskra fjárfesta og unnu að þessu verkefni síðari hluta árs 1993 og luku því í janúar 1994. Nomura Bank og Babcock & Brown unnu áfram að erlendri fjármögnun verkefnisins og í nóvember 1993 undirritaði Spölur hf. samning við Union Bank of Switzerland um að bankinn yrði leiðandi aðili varðandi erlenda fjármögnun. Bankinn gerði ráð fyrir að rammi fjármögnunar mundi liggja fyrir í mars 1994.

Þar sem sífelldar frestanir voru á því að Spölur hf. fengi formlegt tilboð í erlenda fjármögnun frá Bank of Switzerland fóru ráðgjafar félagsins í samráði við stjórn þess að athuga með aðra aðila og komust fyrri hluta sumars í samband við bandaríska tryggingafyrirtækið Prudential sem sýndi verkefninu strax mikinn áhuga, m.a. komu fulltrúar fyrir-

tækisins til landsins í júlí sl. og ræddu við marga sem að málinu hafa komið. Í september lagði fyrirtækið fram fyrstu drög að erlendri fjármögnun og helstu skilmálum. Í drögunum er gert ráð fyrir láni til 23 ára og að fyrirtækið ætli að standa eitt að erlendri fjármögnun.

Í framhaldi af móttöku þessara draga frá Prudential var ákveðið að láta Union Bank of Switzerland hætta frekari vinnu við verkefnið en snúa sér að Prudential.

Aflað var fjölmargra upplýsinga fyrir fyrirtækið, bæði heima og erlendis, en þar sem upplýsingar erlendra umferðarráðgjafa vegna hliðstæðra framkvæmda í Noregi reyndust ófullnægjandi að mati fyrirtækisins ákvað það að óska eftir að framkvæmd yrði viðhorfskönnun vegfarenda um Hvalfjörð og þar sem sá verkferill allur, frá undirbúningi til lokaskýrslu, tók mun lengri tíma en áætlað var fór vinna Prudential við þetta verkefni talsvert út af sporinu vegna annarra verkefna en er nú komið á fullan skrið aftur og niðurstöður eiga að liggja fyrir á næstu vikum.

Innan mánaðar frá því formlegt ásættanlegt tilboð í erlenda fjármögnun verkefnisins barst ætti meginrammi væntanlegra samninga að liggja fyrir, en gera má ráð fyrir a.m.k. 5–6 vikum til viðbótar til að ná öllum endum saman svo að hægt verði að undirrita formlega samninga allra hlutaðeigandi aðila.

4. *Er gert ráð fyrir að ríkið kosti einhverju til við framkvæmdina og ef svo er um hversu háa upphæð er þar að ræða?*

Svarið er nei.

5. *Hvaða hugmyndir eru um framkvæmdahraða?*

Reiknað er með að framkvæmdum geti lokið á innan við þremur árum frá því þær hefjast.

777. Lög [325. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 493.

778. Frumvarp til laga [306. mál]

um breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Vitagjald skal greitt af brúttótonnatölu skips.

Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 brúttótonn, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vita-

gjald við hverja komu til landsins sem svarar til ¼ hluta af almenna vitagjaldinu, mest fjórum sinnum á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

779. Lög [323. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 491.

780. Lög [324. mál]

um að fella úr gildi lög nr. 102 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 492.

781. Lög [197. mál]

um breyting á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 713.

782. Lög [257. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 715.

783. Lög [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 716.

784. Lög [326. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 717.

785. Lög [318. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 718.

786. Lög [342. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 720.

787. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

Í stað „11. gr.“ í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
6. Skíðalyftur.

3. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Orðin „og 6. gr.“ í 9. gr. laganna falla brott.

5. gr.

3. tölul. 10. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. tölul. verður svohljóðandi: Af munum sem vátryggðir eru skv. 1.–5. tölul. 2. mgr. 5. gr., 0,20‰.
b. 3. tölul. verður svohljóðandi: Af munum, sem vátryggðir eru skv. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.
c. Orðin „og 6. gr.“ í 4. mgr. falla brott.

7. gr.

Á eftir 1. málsl. 21. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs.

8. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1995 skal stjórn Viðlagatryggingar Íslands greiða Ísafjarðarkaupstað 90 milljónir króna í bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum veturinn 1994.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

788. Frumvarp til laga [354. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akasof, Yutaka, eftirlitsmaður á Þingeyri, f. 17. júlí 1946 í Japan.
2. Allal, Chafika Abdelli, húsmóðir í Reykjavík, f. 26. júlí 1950 í Alsír.

3. Anita Lena Baldvinsdóttir, barn í Kópavogi, f. 31. október 1990 í Reykjavík.
4. Barnwell, David George, golfkennari á Akureyri, f. 2. mars 1961 í Englandi.
5. Bequette, Kent Roger, verkamaður í Njarðvík, f. 28. apríl 1964 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
6. Bihorac, Jusuf, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 25. nóvember 1960 í Júgóslavíu. Fær réttinn 25. ágúst 1995.
7. Boonchang, Chakravut, veitingamaður í Reykjavík, f. 2. mars 1951 í Tælandi. Fær réttinn 21. júní 1995.
8. Coronil Jónsson, Alicia Marina, nemi í Reykjavík, f. 21. desember 1973 á Spáni.
9. Dahroug, Radwan, verkamaður í Reykjavík, f. 14. mars 1955 á Sýrlandi.
10. Davie, Kerry Rosemary, húsmóðir í Reykjavík, f. 26. mars 1969 í Englandi.
11. De Maaker, Hugo, iðnverkamaður í Hveragerði, f. 26. febrúar 1956 í Reykjavík.
12. El Bouazzati, Luiza, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. maí 1967 í Marokkó.
13. Empuerto, Basilisa Raga, verkakona í Reykjavík, f. 15. mars 1947 á Filippseyjum. Fær réttinn 7. mars 1995.
14. Enriquez, Merly Capuyan, saumakona í Reykjavík, f. 30. mars 1967 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. maí 1995.
15. Garovic, Dragan, rafvirki í Kópavogi, f. 28. október 1958 í Júgóslavíu.
16. Geirmundsson Tulinius, Agnes Yolanda, barn í Svíþjóð, f. 7. mars 1993 í Kólombíu.
17. Geirmundsson Tulinius, Anna Nidia, barn í Svíþjóð, f. 7. mars 1993 í Kólombíu.
18. Hannam, Sólveig, húsmóðir í Garðabæ, f. 20. júlí 1947 í Englandi.
19. Hidalgo, Jorge Ricardo Cabrera, atvinnurekandi í Reykjavík, f. 3. september 1968 í Kólombíu. Fær réttinn 10. ágúst 1995.
20. Hong, Gao, verkakona í Reykjavík, f. 14. október 1961 í Kína. Fær réttinn 4. júní 1995.
21. Ivanovic, Darja, starfsstúlka í Kópavogi, f. 6. júlí 1964 í Slóveníu. Fær réttinn 1. júlí 1995.
22. Jacobsen, Tómas Þór, barn í Hafnarfirði, f. 29. september 1992 á Indlandi. Fær réttinn 29. september 1995.
23. Jamora, Luisa Ranollo, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 21. júní 1968 á Filippseyjum.
24. Jóhannesson, Idda Wanjiru, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. október 1950 í Kenía.
25. Kimworn, Pranee, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 1. júní 1960 í Tælandi. Fær réttinn 6. mars 1995.
26. Ligan, Juanita Balani, nemi í Reykjavík, f. 9. júlí 1958 á Filippseyjum. Fær réttinn 23. september 1995.
27. Llanes, Rosario Payla, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. maí 1995.
28. Mendez Guerrero, Carlos Alberto, nemi á Akureyri, f. 6. janúar 1965 í Kólombíu.
29. Okuniewska, Grazyna María, starfsmaður í Bolungarvík, f. 10. júlí 1965 í Póllandi.
30. Óskar Rafael Karlsson, barn á Patreksfirði, f. 25. desember 1992 í Reykjavík.
31. Patilan, Quirina Deparine, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 6. mars 1995.
32. Pin-Ngam, Pranee, fiskvinnslukona í Sandgerði, f. 26. október 1960 í Tælandi. Fær réttinn 16. maí 1995.

33. Pogórski, Jacek, bókbindari í Reykjavík, f. 25. ágúst 1962 í Póllandi.
34. Rodriguez Pinzon, Oscar Arturo, verkamaður í Reykjavík, f. 31. desember 1960 í Kólombíu.
35. Rosauro, Melisa Garciano, húsmóðir á Akureyri, f. 30. maí 1964 á Filippseyjum. Fær réttinn 11. apríl 1995.
36. Shen, Wen Rui, verkamaður í Reykjavík, f. 1. desember 1966 í Kína. Fær réttinn 22. september 1995.
37. Spencer, Theresa Jane, húsmóðir í Neskaupstað, f. 19. september 1952 í Englandi.
38. Srdoc, Gordon, verkamaður í Keflavík, f. 1. ágúst 1954 í Króatíu. Fær réttinn 3. maí 1995.
39. Steinunn Einarsdóttir, húsmóðir á Akureyri, f. 19. júlí 1940 í Vestmannaeyjum. Fær réttinn 13. júní 1995.
40. Szmiedowicz, Morten, nemi í Grindavík, f. 7. október 1980 í Danmörku.
41. Thongsanthia, Jareewan, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 20. júní 1958 í Tælandi. Fær réttinn 4. ágúst 1995.
42. Vartabedian, Jean Adele, framreiðslumaður í Hafnarfirði, f. 4. október 1970 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
43. Yasin, Aladin Abdul Rahman, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 17. ágúst 1955 í Líbanon. Fær réttinn 1. júlí 1995.
44. Þorleifur Geirsson, verslunarmaður í Borgarnesi, f. 20. desember 1956 í Borgarnesi.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

789. Lög [89. mál]

um breyting á lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 647 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Reglur um skyldu lögmanna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu og varðveita fé umbjóðenda sinna á sérstökum vörslufjárreikningi skv. 2. og 3. mgr. 2. gr. laga þessara skulu eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1996. Hafi Lögmannafélag Íslands ekki sett reglur þar að lútandi fyrir 1. nóvember 1995 skal dómsmálaráðherra eigi síðar en 1. desember 1995 setja slíkar reglur, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara.

Ákvæði b-liðar 3. gr. laga þessara skal eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1996.

790. Frumvarp til laga [277. mál]

um listmenntun á háskólastigi.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast menntun á háskólastigi í listum sem fari fram á vegum sjálfstæðrar stofnunar, að fullnægðum þeim kröfum sem gerðar eru af hálfu menntamálaráðuneytisins til slíkrar menntunar.

Listmenntun á háskólastigi skal miðuð við að nemendur öðlist þekkingu og leikni til sjálfstæðrar listsköpunar og listtúlkunar. Sá aðili, sem með samningi skv. 1. mgr. veitir menntun í listum á háskólastigi, ákveður inntökuskilyrði nemenda, enda svari inntökuskilyrði og námskröfur jafnan til þess sem tíðkast í viðurkenndum listaháskólum erlendis.

2. gr.

Í samningi skv. 1. mgr. 1. gr. þessara laga skal m.a. kveðið á um á hvaða sviðum skuli veita háskólamenntun í listum, námskröfur og námsframboð. Enn fremur skal í samningnum kveða á um hvernig framlögum úr ríkissjóði skuli háttað. Fjárframlög skulu háð fjárveitingu í fjárlögum. Samningur um listmenntun á háskólastigi skal í fyrsta sinn gerður til fimm ára.

Fyrir lok fyrsta samningstímabilsins skulu óháðir sérfræðingar fengnir til að gera úttekt á starfsemi viðkomandi stofnunar í heild og skal skýrsla um niðurstöður úttektarinnar lögð fyrir Alþingi.

3. gr.

Nú gerir menntamálaráðherra samning um listmenntun á háskólastigi með heimild í 1. gr. þessara laga og frestast þá framkvæmd reglugerðar um Leiklistarskóla Íslands, nr. 190/1978, og laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38/1965, meðan á samningstíma stendur, enda verði í samningnum ákvæði um áframhald náms og námslok nemenda er þegar hafa innritast í þessa skóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

791. Frumvarp til laga [219. mál]

um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

Bannað er að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir. Enn fremur er bönnuð sýning, dreifing og sala slíkra mynda.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni sem gert er með hvers konar tækni, þar með taldar leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

Ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum.

Ákvæði laga þessara taka ekki til frétta- og fræðsluefnis.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðherra skipar sex manna nefnd til þriggja ára í senn þannig: Þrjá að fengnum tillögum félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, einn að fengnum tillögum Félags kvikmyndagerðarmanna, einn að fengnum tillögum dómsmálaráðherra og einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar einn úr hópi framangreindra forstöðumann og skal kveðið á um verksvið hans í reglugerð. Nefndin starfar undir heitinu Kvikmyndaskoðun.

Á vegum Kvikmyndaskoðunar fer fram skoðun allra kvikmynda sem ætlaðar eru til sýningar eða dreifingar hér á landi, sbr. þó 5. gr. Kvikmyndaskoðun metur hvort kvikmynd teljist vera ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara og hvort kvikmyndin sé við hæfi barna.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skoðunar kvikmynda hjá Kvikmyndaskoðun.

Þóknun Kvikmyndaskoðunar og annar rekstrarkostnaður vegna starfa hennar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum.

3. gr.

Telji Kvikmyndaskoðun kvikmynd vera ofbeldiskvikmynd í skilningi þessara laga úrskurðar hún að dreifing og sýning kvikmyndarinnar skuli vera bönnuð hér á landi.

Teljist kvikmynd geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna, að mati Kvikmyndaskoðunar, ákveður hún hvort banna skuli að sýna eða afhenda kvikmyndina börnum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimilt er Kvikmyndaskoðun að ákveða sérstök aldursmörk fyrir mismunandi myndmiðla.

Bann skv. 1. mgr. 1. gr. tekur ekki til kvikmynda þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar.

Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar skulu vera skriflegir og skal fylgja þeim rökstuðningur. Þeir skulu kynntir aðilum sem hlut eiga að máli og vera almenningi aðgengilegir. Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar um efni kvikmynda eru endanlegir. Þó er Kvikmyndaskoðun heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að meta að nýju án endurgjalds sýningarhæfni kvikmynda sem áður hafa verið metnar.

4. gr.

Þeim aðilum sem framleiða kvikmyndir hér á landi, flytja þær til landsins eða ætla að sýna, dreifa og eða selja kvikmyndir hérlendis er skylt að sjá til þess að Kvikmyndaskoðun fái þær umsvifalaust til skoðunar, sbr. þó 5. gr.

Þeim aðilum sem getið er í 1. mgr. ber að greiða skoðunargjöld sem renna í ríkissjóð. Skoðunargjöldin ákvarðast í reglugerð og skal fjárhæð þeirra taka mið af kostnaði vegna skoðunar kvikmynda.

5. gr.

Sjónvarpsstöðvar sem leyfi hafa til útvarps annast skoðun kvikmynda sem sýna á í dagskrá, að höfðu samráði við Kvikmyndaskoðun. Menntamálaráðherra getur þó ákveðið að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af Kvikmyndaskoðun sem hefur þá úrskurðarvald um það hvort sýning kvikmyndarinnar brjóti gegn ákvæðum laga þessara.

6. gr.

Kvikmyndaskoðun gefur út vottorð um skoðun kvikmyndar sem skal að skoðun lokinni látið skoðunarbeiðanda í té ásamt eintaki kvikmyndar gegn greiðslu skoðunargjalds.

Sala, dreifing eða sýning kvikmyndar er óheimil nema fyrir liggi skoðunarvottorð Kvikmyndaskoðunar, sjá þó 5. gr.

7. gr.

Aðilum skv. 1. mgr. 4. gr. er skylt að sjá til þess að öll eintök hinnar skoðuðu kvikmyndar séu merkt af Kvikmyndaskoðun. Dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda skulu láta niðurstöður Kvikmyndaskoðunar fylgja öllum auglýsingum og kynningu á kvikmyndum með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Kvikmyndaskoðun skal a.m.k. tvisvar á ári gefa út heildaryfirlit yfir skoðaðar kvikmyndir þar sem fram kemur mat á sýningarhæfni þeirra.

8. gr.

Ef kvikmynd, sem sýna á í kvikmyndahúsi, er bönnuð börnum innan tiltekins aldurs ber forstöðumaður kvikmyndahússins ábyrgð á að banninu sé framfylgt. Bannið gildir einnig þó að barn sé í fylgd þess sem heimild hefur til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Óheimilt er að lána, leigja eða selja börnum eintak kvikmyndar ef hún er bönnuð börnum á viðkomandi aldri. Hver sá sem rekur myndbandaleigu ber ábyrgð á að banninu sé framfylgt að því er tekur til kvikmyndaefnis sem þar er á boðstólum.

9. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt og að aðeins séu sýndar kvikmyndir eða þeim dreift sem merktar eru af Kvikmyndaskoðun.

Tollyfirvöld og Kvikmyndaskoðun skulu koma sér saman um verklagsreglur í þeim tilgangi að hamla gegn innflutningi ofbeldiskvikmynda samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögum þessum skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Heimilt er að gera upptækar kvikmyndir ef sýning, dreifing eða sala þeirra fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

11. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglur um skoðun tölvuforrita sem hafa að geyma gagnvirka leiki til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laga þessara, sbr. 1.–3. gr. Skal þá haga slíkri skoðun með áþekkum hætti og skoðun kvikmynda að fengnum tillögum Kvikmyndaskoðunar.

12. gr.

Menntamálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun núverandi skoðunarmanna og ráðning forstöðumanns fellur niður við gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra skipar skoðunarmenn og forstöðumann Kvikmyndaskoðunar frá og með sama tíma.

792. Nefndarálit [339. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund frá félagsmálaráðuneyti Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Önnu Guðrúnu Björnsdóttur deildarstjóra. Enn fremur komu Ólafur Proppé og Björn Hermannsson frá Landsbjörg, Júlíus Sólnes, Árni Jónsson og Guðrún Ólafsdóttir frá neyðarnefnd Verkfræðingafélags Íslands, Sólveig Smith, Ester Unnsteinsdóttir og Ingimundur Magnússon frá Björgunarhundasveit Íslands, Eiríkur Greipsson og Kristján Jóhannesson frá Flateyri og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri. Þá komu umsagnir frá hreppsnefnd Flateyrarhrepps, Verkfræðingafélagi Íslands og Björgunarhundasveit Íslands, svo og álit starfshóps sem skipaður var til að yfirfara frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Einnig var stuðst við umsagnir er bárust á 116. löggjafarþingi um frumvarp til laga um sérstaka fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlutfalli sveitarfélaga, 485. mál á þskj. 833, frá Flateyrarhreppi, Almannavörnum ríkisins, Vestmannaeyjabæ, Viðlagatryggingu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bíldudalshreppi, Ísafjarðarkaupstað, Veðurstofu Íslands, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Tálknafjarðarhreppi og Siglufjarðarkaupstað.

Lagðar eru til eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. þar sem leitast er við að efla tengsl athugunarmanna við Veðurstofu Íslands og tryggja að þeir fái nauðsynlega starfsþjálfun. Ljóst er að athugunarmennirnir koma til með að hafa mikið samband við Veðurstofuna þar sem þeir munu starfa samkvæmt faglegum fyrirmælum hennar. Með hliðsjón af því er lagt til að lögreglustjóri skuli hafa samráð við Veðurstofu við ráðningu athug-

unarmanns. Einnig er lagt til að lögreglustjóri skuli hafa samráð við sveitarfélög í umdæminu. Ekki þóttu rök til að gera ákveðnar menntunarkröfur til athugunarmanna, hins vegar er nauðsynlegt að þeir fái starfsþjálfun sem eðlilegast er að Veðurstofa annist. Enn fremur er lagt til að lokamálsliður 1. gr. falli brott enda ekki þörf á honum þar sem það kemur skýrt fram í 2. gr. frumvarpsins að umræddan kostnað skuli greiða að fullu.

2. Lagt er til að tvær nýjar greinar komi í frumvarpið.

Með breytingum á 7. gr. laganna verði skýrt kveðið á um það að sá valkostur sé fyrir hendi að húseignir verði keyptar í staðinn fyrir að reisa varnarvirki fyrir þær. Heppilegast þykir að málsmeðferð verði með sama hætti og nú er varðandi varnarvirki, sbr. 7. og 8. gr. laganna, þannig að það sé sveitarstjórnar að hafa frumkvæði og gera tillögur um hvora leiðina skuli fara en Almannavarnir ríkisins og félagsmálaráðherra taki endanlega ákvörðun um það. Við þá ákvörðunartöku þarf að huga bæði að öryggis- og kostnaðarsjónarmiðum. Ef kaup á húseignum eiga að geta komið í staðinn fyrir byggingu varnarvirkja þarf að vera fyrir hendi eignarnámsheimild sem unnt er að beita ef ekki næst samkomulag um kaup eða kaupverð. Um framkvæmd eignarnáms færi samkvæmt lögum um það efni, nr. 11/1973.

Sú breyting sem lögð er til að gerð verði á 7. gr. laganna felur í sér að sá möguleiki sem er til að kaupa húseignir, samkvæmt 11. gr. gildandi laga, verði dreginn fram með ótvíræðum hætti. Jafnframt er lögð áhersla á að meta beri alla kosti til að tryggja öryggi íbúanna. Ef niðurstaðan er sú að varnarvirki eða aðrar varnaraðgerðir séu ekki hagkvæmasti kostur heldur sé hagkvæmara að kaupa húseignir er það sveitarfélaga að gera tillögu þar að lútandi til stjórnar ofanflóðasjóðs. Ofanflóðasjóður yrði þá að taka afstöðu til tillagna um hagkvæmni kaupa á húseignum fremur en annarra aðgerða sem og þess verðs sem sveitarfélagið hygðist semja um við húseigendur.

Áhersla er lögð á að sveitarfélagið nái samningum við húseigendur og hljóta þar að vera lagðir til grundvallar heildarhagsmunir sveitarfélagsins. Félagsmálanefnd lítur svo á að sé slíkt lagt til grundvallar sé eðlilegt að sveitarfélagið geri samninga um mismunandi greiðslur eftir því hvort verið sé að greiða fjárhæð vegna þess að viðkomandi hyggist byggja að nýju innan sveitarfélagsins eða hvort viðkomandi ætli sér að kaupa annað húsnæði. Nefndin álítur því sanngjarnt að sveitarfélög geti lagt til grundvallar sem viðmiðun að sé eiganda húseignar, sem keypt er vegna varnaraðgerða, úthlutað lóð undir nýtt hús í sama sveitarfélagi, skal greiða fyrir eignina vátryggingarfjárhæð viðlagatryggingar (brunabótamat) og skal greiða fjárhæðina eftir því sem byggingarframkvæmdum miðar. Að öðrum kosti skal greiða samkvæmt fasteignamati. Enn fremur er eðlilegt að litið verði við slíkt uppgjör til 3. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 150/1994.

Einnig er lögð til á 9. gr. laganna þar sem lögð er áhersla á skyldur og ábyrgð sveitarfélaga í viðhaldi varnarvirkja.

3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. Í fyrsta lagi á samkvæmt frumvarpinu að greiða allan kostnað vegna staðbundinna athugana úr ofanflóðasjóði. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað enda sé um eðlilegan og nauðsynlegan kostnað að ræða. Lagt er til að ráðherra skuli setja nánari reglur um greiðslur á þessum kostnaði. Er gert ráð fyrir að í þessum reglum verði kveðið á um hvernig standa skuli að fjárhagslegri umsýslu í kringum athugunarmennina og störf þeirra. Þannig verði settar samræmdar reglur um greiðslur til þeirra og hvernig verði staðið að ráðn-

ingu þeirra. Einnig þarf að setja samræmdar reglur um greiðslur á öðrum rekstrarkostnaði, t.d. um greiðslur fyrir afnot af tækjum og búnaði. Í þessu sambandi er á það bent að skv. 2. mgr. 11. gr. laganna, eins og hún hljóðar samkvæmt frumvarpinu, ákveður félagsmálaráðherra úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins. Af þessu ákvæði leiðir að lögreglustjórar verða að leggja kostnaðaráætlanir fyrir Almannavarnir og fá samþykki þess og félagsmálaráðherra áður en þeir geta gengið frá samningum um athuganir sem hafa kostnað í för með sér.

Í öðru lagi er í 3. tölul. fyrri efnismgr. 2. gr. kveðið á um kaup á tækjum og búnaði til rannsókna og eftirlits. Samkvæmt frumvarpinu er greint á milli rannsóknartækja, sem nýtast sem eftirlitstæki til að auðvelda snjóflóðaspár og mat á skammtímahættu, sem greiða skal að fullu, og tækja og búnaðar, sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu sem greiða má allt að 90%. Við nánari skoðun þykja ekki rök til þess að greina með þessum hætti þarna á milli heldur sé eðlilegra að heimilt verði að greiða úr ofanflóðasjóði allt að 100% af kostnaði við kaup á hvers konar rannsóknar- og eftirlitstækjum og búnaði sem aflað er sérstaklega til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu, en ekki eingöngu snjóflóðahættu eins og frumvarpið í núverandi mynd og lögin gera ráð fyrir. Það er Almannavarna ríkisins í samráði við ofanflóðanefnd, sbr. 4. gr. laganna, að gera tillögur til félagsmálaráðherra um hvers konar tæki og búnað greitt verði fyrir og að hve miklu leyti. Með búnaði er ekki eingöngu átt við búnað í tengslum við rannsóknartæki heldur einnig nauðsynlegan útbúnað fyrir athugunarmennina, svo sem öryggis- og fjarskiptatæki.

Í þriðja lagi verði breytingar á 4. tölul. sem gera það unnt að greiða fyrir að húseignir séu fluttar af hættusvæði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón Kristjánsson.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Guðjón Guðmundsson.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Jón Helgason.
Eggert Haukdal.		Sigbjörn Gunnarsson.

793. Breytingartillögur [339. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Síðari málsliður fyrri efnismálsgreinar orðist svo: Lögreglustjórar skulu hafa samráð við sveitarstjórnir og almannavarnanefndir í umdæmi sínu, svo og Veðurstofu Íslands, við ráðningu þessara starfsmanna.
   b. Í stað 3. málsl. síðari efnismálsgreinar komi svohljóðandi málsliður: Veðurstofan skal annast þjálfun starfsmannanna.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (2. gr.)
      Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:
      Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum. Um greiðslur til sveitarfélags vegna slíkra kaupa fer skv. 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.
   b. (3. gr.)
      Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
      Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.
3. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á fyrri efnismálsgrein:
   a. Við 1. tölul. bætist: í samræmi við nánari reglur sem félagsmálaráðherra setur.
   b. 3. tölul. orðist svo: Greiða má allt að 100% af kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hönnun og auka nýtingu varnarmannvirkja.
   c. 4. tölul. orðist svo: Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og húseignum auk kostnaðar við flutning þeirra vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
   d. 5. tölul. falli brott.

794. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnabúnað í bifreiðar ríkisins.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem kveður á um að umhverfisráðherra beiti sér fyrir því að eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnabúnaður verði settur í allar bifreiðar ríkisins.

Málið er nú lagt fram öðru sinni og í umfjöllun sinni studdist nefndin einnig við umsagnir og gögn frá 117. löggjafarþingi. Umsagnirnar eru frá eftirtöldum: Hollustuvernd ríkisins, Olíufélaginu hf., Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Ríkiskaupum, Davíð Jóni Péturssyni, Olíuverslun Íslands hf., Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, Vegagerðinni, Tæknifræðingafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands og umhverfisráðuneyti.

Í framangreindum umsögnum komu fram nokkuð skiptar skoðanir um málið. Nefndin telur mikilvægt að markvisst verði unnið að því að minnka útblástur CO_2, m.a. úr bifreiðum og skipum. Í gögnum, sem nefndinni bárust við umfjöllun um málið, kom fram að gerðar hafa verið tilraunir með búnað, hliðstæðan þeim sem kveðið er á um í greinargerð með tillögunni, m.a. bæði hér á landi og í Noregi. Nefndin telur eðlilegt að umhverfisráðuneyti beiti sér fyrir athugunum á því hvort rétt sé að taka í notkun hér á landi búnað af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Með vísan til þess leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. febr. 1995.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

795. Framhaldsnefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur komið saman til fundar um frumvarp til laga um grunnskóla eftir að málið var afgreitt úr nefndinni til 2. umræðu.

Nefndin fékk á sinn fund frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra. Þeir gerðu grein fyrir afstöðu stjórnar sambandsins til breytingartillögu við 57. gr. frumvarpsins sem meiri hluti menntamálanefndar leggur fram á sérstöku þingskjali. Þar eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar er lagt til að lög um grunnskóla komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1996. Hins vegar er kveðið á um að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur samþykkt lög um réttinda- og lífeyrismál kennara og skólastjórnenda við grunnskóla.

Á fundinum var lögð fram umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytingartillöguna. Þar segir orðrétt:

„Samband íslenskra sveitarfélaga telur, að þó að ekki hafi verið komið til móts við allar breytingartillögur þess við frumvarpið, þá séu nýjar breytingartillögur frá meiri hluta menntamálanefndar til verulegra bóta.

Að teknu tilliti til þessara breytingartillagna frá meiri hluta menntamálanefndar Alþingis getur Samband íslenskra sveitarfélaga fallist á að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi, enda beri ríkið kostnaðarauka er leiðir af gildistöku einstakra greina fyrir 1. ágúst 1996 sem ákveðin verður í reglugerð er menntamálaráðherra setur, sbr. 57. gr.“

Meiri hluti nefndarinnar telur að með fyrrgreindri breytingartillögu sé gengið verulega til móts við fyrirvara sem fram hafa komið í umsögnum kennarasamtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Telur meiri hlutinn að ekki verði gengið lengra á þeirri braut að tengja gildistökuákvæði þessara laga við samþykkt annarra væntanlegra lagafrumvarpa er snerta flutning grunnskóla til sveitarfélaga né heldur að unnt sé að mæla fyrir um efnisatriði þeirra.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Petrína Baldursdóttir. Björn Bjarnason.

Tómas Ingi Olrich. Árni R. Árnason.

796. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, PBald, BBj, TIO, ÁRÁ).

Við 57. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:

a. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá samþykkt:
   a. lög um réttinda- og lífeyrismál ríkisráðinna kennara og skólastjórnenda við grunnskóla,
   b. breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

   Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1991 eftir því sem ákvæði þessara laga koma til framkvæmda fram til 1. ágúst 1996 en þá falla lög nr. 49 frá 1991 að fullu úr gildi.
b. Í stað ártalsins „1995“ í 2. mgr. komi: 1996.
c. Í stað ártalsins „1995“ í 3. mgr. komi: 1996.

Greinargerð.

Með breytingum þeim sem hér eru lagðar til er fallið frá breytingartillögum í a-, b- og d-liðum 13. tölul. á þingskjali nr. 667.

797. Svar [286. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um bókmenntakynningarsjóð.

1. *Hve mikið fé var veitt til bókmenntakynningarsjóðs á árunum 1993 og 1994 og hverjar eru áætlanirnar um framlög úr sjóðnum árið 1995?*

Árið 1993 voru samtals veittar til bókmenntakynningarsjóðs 3.063.649 kr. af fjárlagaliðnum 02-982 190. Fjárveitingin skiptist þannig að 2.893.919 kr. voru veittar til starfsemi sjóðsins og 169.730 kr. í þóknun til stjórnarmanna. Árið 1994 voru veittar af sama fjárlagalið til bókmenntakynningarsjóðs 3 millj. kr. auk sérstaks viðbótarframlags 750 þús. kr. af sama fjárlagalið og 750 þús. kr. af ráðstöfunarfé ráðherra til þýðingar á íslenskum útvarpsleikritum til flutnings í aðildarlöndum Evrópusambands útvarpsstöðva (EBU). Í tillögum ársins 1995 er gert ráð fyrir framlagi til sjóðsins að upphæð 3 millj. kr. Þess má geta að framlög til sjóðsins voru á árinu 1990 1.500 þús. kr., árið 1991 1.650 þús. kr., árið 1992 1.800 þús. kr. og árið 1993 3 millj. kr.

2. *Hve mörg verkefni fengu stuðning úr sjóðnum 1993 og 1994?*

Árið 1993 voru veittir 32 styrkir til 30 verkefna og fram til 1. júlí árið 1994 voru veittir 11 styrkir til 11 verkefna.

3. *Hvaða verkefni fengu stuðning úr sjóðnum 1993 og 1994?*

Sjá upplýsingar í fylgiskjali.

4. *Hverjir skipa stjórn sjóðsins?*

Stjórn sjóðsins skipa nú Sigrún Valbergsdóttir og Ingólfur Margeirsson, sem tilnefnd voru af Rithöfundasambandi Íslands, og Ólafur Oddsson sem skipaður hefur verið formaður án tilnefningar.

5. *Eru uppi áform um að breyta reglum um sjóðinn og binda starfsemi hans í lög? Ef svo er, hver eru þau áform? Hvaða áhrif gætu þessi áform haft á fjárhagsstöðu sjóðsins? Hverjir vinna að tillögum um breytingar á stöðu sjóðsins?*

Í ráðuneytinu hefur verið unnið að gerð tillagna að frumvarpi til laga um bókmenntakynningarsjóð þannig að lagaleg staða sjóðsins yrði hin sama og þýðingarsjóðs. Tillögur þessar hafa verið unnar í samráði við fyrrverandi stjórn bókmenntakynningarsjóðs. Á undanförnum vikum hafa farið fram viðræður fulltrúa ráðuneytisins við fulltrúa Rithöfundasambands Íslands um sérstaka skrifstofu til kynningar á íslenskum bókmenntum erlendis. Þessi mál munu verða skoðuð vandlega í samhengi og um leið nauðsynlegur fjárhagsgrundvöllur þessa kynningarstarfs.

Fylgiskjal.

Fjárveitingar bókmenntakynningarsjóðs á árunum 1993 og 1994.

(Upphæðir í þús. kr.)

Styrkir 1993.

1. Kynningarátak á Englandi 23
2. Iðunn, forlag í Noregi, styrkur vegna þýðingar bókar Guðrúnar Helgadóttur „Undan illgresinu“ á norsku 100
3. Forum, forlag í Þýskalandi 40 þús. kr., Oliver Nyul í Freiburg 60 þús. kr., styrkir vegna þýðingar bókar Einars Heimissonar „Götuvísu gyðingsins“ á þýsku . 100
4. Sigurjón B. Sigurðsson (Sjón), styrkur til kynningar og þýðingar á skáldsögunni „Stálnótt“ á sænsku 50
5. Forlagið, styrkur til þýðingar á ítölsku á „Gunnlaðarsögu“ Svövu Jakobsdóttur 120
6. Eichborn Verlag, þýðingarstyrkur vegna útgáfu bókar Einars Kárasonar „Þar sem djöflaeyjan rís“ á þýsku 170
7. Styrkur vegna útgáfu „Gauragangs“ Ólafs Hauks Símonarsonar á dönsku ... 150
8. Norrænt þing rithöfunda í Caen 1992 og 1993 (Steinunn Le Breton), tveir styrkir að upphæð 60 þús kr. 120
9. Brynja Benediktsdóttir, styrkur vegna þýðingar á barnaleikritinu „Skottuleik“ á dönsku og grænlensku 50
10. Áslaug Th. Rögnvaldsdóttir, styrkur til þess að þýða „Undan illgresinu“ eftir Guðrúnu Helgadóttur á dönsku 75
11. Tapio Koivukari, styrkur til þess að þýða „Íslenska drauminn“ eftir Guðmund Andra Thorsson á ensku 75
12. Mál og menning, styrkur til þess að þýða „Heimskra manna ráð“ eftir Einar Kárason á ensku 75
13. Gudrun M.H. Kloes, styrkur til þess að þýða „Klett í hafi“ eftir Einar Má Guðmundsson og „Gauragang“ eftir Ólaf Hauk Símonarson á þýsku, 2 styrkir að upphæð 75 þús. kr. 150
14. Guðmundur Steinsson, styrkur til þess að þýða „Garðveislu“ á rússnesku ... 75
15. Ólafur Gunnarsson, styrkur til þess að þýða hluta af „Tröllakirkju“ á ensku . 75
16. Tides förlag, styrkur til þess að þýða „Svaninn“ eftir Guðberg Bergsson á sænsku 75
17. Oddur Björnsson, styrkur til þess að þýða „Þrettándu krossferðina“ á ensku. Þýðandi Terry Gunnell. 70
18. Styrkur til Baldurs Ragnarssonar, f.h. Sari Ohyama, til þess að láta þýða og kynna „Háskaleik“ eftir Heiði Baldursdóttur á japönsku 75
19. Styrkur til Ragnheiðar Ásgeirsdóttur til þess að láta þýða á frönsku og kynna verkið „Ég er meistarinn“ eftir Hrafnhildi Hagalín 100

20. „National Theater Translation Fund“, tilmæli til íslenskra stjórnvalda um stuðning við sjóðinn vegna framlags sjóðsins til þýðingar á „Djöflaeyju“ Kjartans Ragnarssonar 50
21. Einar Kárason f.h. Jay Ranelli, styrkur vegna kynningar á „Djöflaeyjunni“ í Bandaríkjunum 70
22. Styrkur lettneska skáldsins Uldis Bérzins til að þýða verk nokkurra íslenskra höfunda á móðurmál sitt 50
23. Friðrik Rafnsson f.h. Gerard Lemarquis og Catherine Eyjólfsson til þess að þýða ljóð Lindu Vilhjálmsdóttur og Matthíasar Johannessen á frönsku til upplestrar og útgáfu í tímarit. Tveir styrkir að upphæð 15 þús. kr. og 30 þús. kr. 45
24. Guðmundur Ólafsson, styrkur til þess að þýða bókina „Emil og Skunda“ á ensku 75
25. Ólafur Haukur Símonarson, styrkur til þess að þýða leikritið „Hafið“ á ensku 75
26. Jacqueline Delia í Frakklandi, styrkur til franskrar útgáfu á „Aðventu“ Gunnars Gunnarssonar 75
27. Steidl, forlag, þýðingarstyrkur vegna útgáfu bókar Ólafs Jóhanns Ólafssonar, „Fyrirgefning syndanna“ 170
28. Guðrún Ásmundsdóttir, styrkur til þess að þýða leikritið „Kaj Munk“ á ensku 75

Við þetta bætist skrifstofukostnaður, endurskoðun og þóknun.

Styrkir 1994.

1. Kristín Steinsdóttir, styrkur til þýðingar á bókinni „Draugar drekka ekki dósagos“ á sænsku 60
2. Anna Einarsdóttir, styrkur vegna Bok & Bibliotek í Gautaborg 100
3. Oddur Björnsson, styrkur til þess að þýða „Þrettándu krossferðina“ alla á ensku 50
4. Kristján Kristjánsson og Lars H. Anderssen, styrkur til þess að þýða leikritið „Alltaf má fá önnur skip“ á dönsku 50
5. Leiklistardeild RÚV og Félag íslenskra leikskálda, styrkur til þýðingar á íslenskum leikritum til flutnings í aðildarlöndum EBU í tilefni 50 ára lýðveldisafmælis Íslands 500
6. Forlagið, styrkur til þýðingar á bókunum „Svaninum“ eftir Guðberg Bergsson og „Meðan nóttin líður“ eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur á tékknesku. Þýðandi Nakladatelství Ivo Zelezny. Tveir styrkir að upphæð 75 þús. kr. 150
7. Ólafur Gunnarsson, styrkur til þess að þýða „Tröllakirkju“ alla á ensku 130
8. Vaka Helgafell, styrkur til þess að þýða (og kynna) bókina „Nellikur og dimmar nætur“ eftir Guðrúnu Guðlaugsdóttur á ensku 75
9. Vaka Helgafell, styrkur til þess að þýða (og kynna) bókina „Benjamín dúfu“ eftir Friðrik Erlingsson á ensku 75
10. Einar Heimisson, styrkur til þess að þýða (og kynna) bókina „Götuvísu gyðingsins“ á dönsku 75
11. Þórunn Sigurðardóttir, styrkur til þess að þýða leikritið „Guðrúnu“ á ensku . 75

12. Norrænt þing rithöfunda í Caen 1994 (Steinunn Le Breton) veittur sami styrkur og undanfarin ár 60
13. Þórarinn Eyfjörð, styrkur til þess að þýða leikritið „Býr Íslendingur hér?“ á þýsku 75
14. Unnur Jökulsdóttir og Þorbjörn Magnússon, styrkir til þýðingar á Kríubókunum tveimur á ensku 100
15. Forlagið og Ólafur Haukur Símonarson, styrkur til þýðingar á „Gauragangi“ Ólafs Hauks Símonarsonar á ensku 200
16. Francisco J. Uriz, styrkur vegna útgáfu sýnisbókar norrænna (og íslenskra) ljóða á spænsku 130
17. Kjartan Ragnarsson fyrir hönd pólska leikarans og þýðandans Jaseks Godeks, styrkur til að dveljast hér og vinna að þýðingum íslenskra höfunda á pólsku . 50
18. Félag skólasafnakennara, styrkur til þess að láta þýða „Benjamín dúfu“ eftir Friðrik Erlingsson á dönsku vegna „Nordisk börnebogspris 1995“ 80
19. Ágústa Skúladóttir f.h. Gargoyle Theatre, styrkur til að vinna enska leikgerð „Eftirmála regndropanna“ eftir Einar Má Guðmundsson, en ráðgert er að sýna verkið í maímánuði nk. í Battersea-listamiðstöðinni í London 80

Við þessa 19 styrki bætast loforð um 4 aðra styrki ef fullnægjandi gögn berast, svo og skrifstofukostnaður og endurskoðun.

798. Svar [266. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu.

1. *Hvernig miðar vinnu við stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu?*

Unnið er að stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu í menntamálaráðuneytinu.

2. *Hverjir vinna að stefnumótuninni og hver eru helstu markmið hennar?*

Á síðasta ári hófst í ráðuneytinu undirbúningur að stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu. Var félagsmálaráðuneytinu sent bréf 6. júní 1994 þar sem þess var getið að æskilegt væri að ráðuneytin hefðu samstarf sín á milli um endurskoðun laga um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 17/1992, og að í því starfi yrði hugað að heildarskipulagningu á menntunarframboði fullorðinna sem fjármagnað er af opinberu fé. Var óskað eftir viðræðum ráðuneytanna um það hvernig farsælast væri að standa að verkinu.

Ekkert formlegt svar barst frá félagsmálaráðuneytinu, en í október 1994 skipaði félagsmálaráðherra endurskoðunarnefnd vegna laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Menntamálaráðuneytið átti fulltrúa í þeirri nefnd. Það varð niðurstaða þess hóps að ekki væri að svo komnu máli tímabært að ganga frá endurskoðun þeirra laga. Var talið nauðsynlegt að fá frekari reynslu af lögunum áður en slík endurskoðun yrði gerð.

Síðasta sumar skilaði nefnd um mótun menntastefnu álitsgerð sinni. Í henni er m.a. fjallað um fullorðinsfræðslu í framhaldsskólum. Í ljósi hennar og þeirra ákvæða um fullorðinsfræðslu, sem eru í frumvarpi til laga um framhaldsskóla sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er það mat ráðuneytisins að leggja beri megináherslu á að efla fullorðinsfræðslu innan framhaldsskólanna í stað þess að fara á þessu stigi málsins út í endurskoðun á gildandi lögum um almenna fullorðinsfræðslu.

Helstu áhersluþættir yrðu m.a.:

1. Endurskoðun á námi, kennsluháttum og námsefni í öldungadeildum.
2. Tilraunastarf á sviði fjarkennslu.
3. Skipulagning á hagnýtu starfsnámi fyrir fullorðna.
4. Mat á starfsreynslu inn í starfsnám til styttingar á náminu.
5. Aukinn hlutur framhaldsskóla í endurmenntun.

Ráðuneytið mun í ár halda áfram að styðja tilraunastarf á sviði fjarkennslu þar sem nýjasta upplýsingatækni er notuð. Má þar m.a. nefna hugmyndir um samstarf skóla á Austurlandi um tilraunastarf á þessu sviði, svo og fjarkennslu Verkmenntaskólans á Akureyri þar sem kennsla fer fram í gegnum íslenska menntanetið. Ráðuneytið hefur þegar veitt styrki til að þróa aðferðir við námskeiðahald fyrir atvinnulausa og haldið verður áfram að vinna að málefnum nýbúa og mæta þörfum þeirra fyrir menntun.

Áður en ráðist yrði í frekari stefnumótun telur ráðuneytið rétt að gera einstakar úttektir og tilraunir á útvöldum sviðum. Verður í því skyni leitað eftir samstarfi við skólana.

799. Nefndarálit [429. mál]

um till. til þál. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Sturla Böðvarsson.
Jóhann Ársælsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.	Egill Jónsson.

800. Nefndarálit [426. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Þorkel Helgason og Finn Sveinbjörnsson frá iðnaðarráðuneytinu. Þeir lögðu áherslu á að með frumvarpinu væri verið að framlengja starfsemi Iðnþróunarsjóðs til bráðabirgða meðan verið væri að endurskoða skipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og fjármögnun nýsköpunar í atvinnulífinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. 4. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: að veita áhættulán til vöruþróunar og markaðsstarfsemi og taka þátt í kostnaði við skilgreind þróunarverkefni í samræmi við hlutverk sjóðsins.
   b. Í stað orðanna „samanlagt en 250 milljónum króna“ í lok 3. efnismgr. komi: en nemur allt að 10% af eigin fé í árslok 1994.
2. Við 6. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Lög nr. 9/1970 skulu endurskoðuð fyrir 1. maí 1996.

Pálmi Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Svavar Gestsson, form., með fyrirvara.	Gísli S. Einarsson, frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Guðjón Guðmundsson.	Páll Pétursson, með fyrirvara.
Guðmundur Bjarnason, með fyrirvara.		Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.

801. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um áhafnir íslenskra kaupskipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Svein Snorrason hæstaréttarlögmann, Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti, Einar Hermannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra kaupskipa, Pál Hjartarson frá Siglingamálastofnun, frá Sjómannafélagi Reykjavíkur Jónas Garðarsson, Birgi Björgvinsson og Erling Guðmundsson, Helga Laxdal, formann Vélstjórafélags Íslands, Guðjón Á. Kristjánsson, formann

Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðlaug Gíslason, framkvæmdastjóra Stýrimannafélags Íslands, Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóra Stýrimannaskóla Íslands, og Björgvin Jóhannsson, skólastjóra Vélskóla Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannasambandi Íslands.

Fram kom hjá fulltrúum Sjómannafélags Reykjavíkur að þeir óttuðust að frumvarpið, yrði það að lögum óbreytt, hefði í för með sér skerðingu á gildandi kjarasamningum og mundi leiða til fækkunar í áhöfnum kaupskipa. Þá lögðust þeir gegn 6. gr. frumvarpsins. Sveinn Snorrason hrl., formaður þeirrar nefndar er samdi frumvarpið, lagði áherslu á að alls ekki hefði verið ætlunin að frumvarpið mundi skerða á neinn hátt þá kjarasamninga sem í gildi eru, enda kæmi fram í 1. gr. að það mælti aðeins fyrir um lágmarkskröfur.

Nefndinni er ljóst að brýnt er að mál þetta nái fram að ganga en telur þó rétt að tryggja enn frekar rétt þeirra aðila er frumvarpið nær til enda alls ekki ætlun nefndarinnar að standa að afgreiðslu máls sem gæti haft í för með sér skerðingu á kjarasamningum. Nefndin leggur því til að við 1. gr. frumvarpsins verði bætt nýrri málsgrein þar sem kemur skýrt fram að ákvæði kjarasamninga eða önnur samningsbundin réttindi þeirra aðila sem undir lögin falla gangi framar ákvæðum laganna. Ákvæðið nær þannig ekki einungis til þeirra samninga eða samningsbundnu réttinda sem eru í gildi í dag heldur til allra slíkra samninga er gerðir verða í framtíðinni. Þá leggur nefndin einnig til að 6. gr. frumvarpsins, sem leggur auknar kröfur á undirmenn sem starfa bæði á þilfari og í vél, falli brott.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Lög þessi skulu á engan hátt skerða ákvæði kjarasamninga eða önnur samningsbundin réttindi þeirra er lög þessi taka til.
2. 6. gr. falli brott.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.	Guðni Ágústsson.	Árni Johnsen.
Jóhann Ársælsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

802. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um samræmda neyðarsímsvörun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Viðar Ágústsson, framkvæmdastjóra Vara hf., Árna Guðmundsson,

deildarstjóra í Securitas hf., Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jónas Egilsson, framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Baldvin Ottósson, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni í Reykjavík, Hrólf Jónsson slökkviliðsstjóra og frá Slysavarnafélagi Íslands Þóri Gunnarsson deildarstjóra og Gunnar Tómasson varaformann. Umsagnir bárust frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, lögreglustjóranum í Reykjavík, Slysavarnafélagi Íslands, Landssambandi sjúkraflutningamanna, Securitas hf., Vara hf., Landsbjörg, slökkviliðsstjóra, Landssambandi slökkviliðsmanna, Rauða krossi Íslands, Egilsstaðabæ og Landssambandi lögreglumanna.

Frumvarp þetta felur í sér brýnt hagsmunamál fyrir allan almenning en þar er kveðið á um að komið sé á samræmdu neyðarsímanúmeri fyrir allt landið.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til breyting á 1. gr. þannig að upptalning á þeim sem veita aðstoð sé í betra samræmi við það vægi sem sjúkraflutningar og sérþjálfað sjúkraflutningalið hefur í þessum málaflokki.
2. Sú breyting sem lögð er til á 3. gr. horfir fyrst og fremst til einföldunar. Eftir sem áður getur dómsmálaráðherra komið á fót vaktstöð eða samið við aðra aðila um að veita nauðsynlega þjónustu. Þeir aðilar geta verið opinberar stofnanir, sveitarfélög eða einkaaðilar, en til þeirra teljast m.a. félagasamtök. Dómsmálaráðherra getur enn fremur samið við framangreinda aðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri.

   Nefndin leggur áherslu á að heppilegast er að þeir aðilar, sem þegar starfa á þessu sviði og hafa reynslu og þekkingu, taki höndum saman og geri samstarfssamning sín á milli um það að taka sameiginlega að sér að veita þessa þjónustu samkvæmt samningi við ríkið til ákveðins tíma í senn.

   Enn fremur tekur nefndin fram að hún telur afar brýnt að séu hugsanlegir aðilar að samningi um neyðarsímsvörun opinberir aðilar eða aðilar sem njóta opinberra framlaga verði eftir því gengið að stuðningur eða aðstaða, sem hið opinbera lætur í té, leiði ekki til ójafnvægis milli þeirra aðila sem til álita koma. Þessi sjónarmið kæmu einkum til skoðunar ef svo færi að þeir sem til álita koma næðu ekki samkomulagi um að takast allir sameiginlega á við þetta verkefni, en slíkt samstarf allra aðila er eins og áður sagði sú niðurstaða sem nefndin mælir eindregið með.
3. Lagt er til að 4. gr. verði breytt en í samræmi við ábendingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þótti rétt að gera þá breytingu að hlutur sveitarfélaga í grunnkostnaði væri greiddur af hverju sveitarfélagi um sig í samræmi við íbúatölu en ekki af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Hins vegar þykir rétt að ríki og sveitarfélög skipti með sér þessum kostnaði og að hann sé ekki innheimtur sérstaklega af íbúunum eða símnotendum. Því ætti að geta sparast nokkuð bæði hjá ríki og sveitarfélögum vegna þeirrar starfsemi sem sameiginleg vaktstöð léttir af þeim þótt erfitt sé að áætla það hagræði nákvæmlega fyrir fram.
4. Rétt þykir að taka af öll tvímæli í 6. gr. um að vakstöð beri að skrá og hljóðrita tilkynningar sem þangað berast.
5. Lögð er til breyting á 7. gr. til að árétta að starfsmenn vaktstöðvar skuli hafa hlotið menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila sem neyðarþjónustu sinna með hliðsjón af því að þekking og reynsla starfsmanna er meginatriði varðandi það hvernig til tekst.

6. Lagt er til að ákvæði 9. og 10. gr. verði sameinaðar í eina grein. Einnig þótti orðalag 9. gr. geta gefið tilefni til misskilnings; það gæti gefið vaktstöð óeðlilegt svigrúm til að firra sig ábyrgð eða ýtt undir tafir á afgreiðslu hjálparbeiðna. Því þótti rétt að leggja áherslu á að upplýsingar ættu að vera eins greinargóðar og kostur væri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. | Kristinn H. Gunnarsson. | Ey. Kon. Jónsson.

Anna Ólafsdóttir Björnsson. | Ingi Björn Albertsson. | Jóhann Einvarðsson.

Guðmundur Árni Stefánsson. | Björn Bjarnason.

803. Breytingartillögur [335. mál]

við frv. til l. um samræmda neyðarsímsvörun.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „og um sjúkraflutninga“ í fyrri málslið komi: og sjúkraflutningaliðs.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á fyrri málsgrein:
   a. Orðin „eða stofnun hlutafélags um hann“ í 2. málsl. falli brott.
   b. 3. málsl. falli brott.
3. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á fyrri málsgrein:
   a. Á undan orðinu „sveitarfélögunum“ í fyrri málslið komi: hálfu af.
   b. Síðari málsliður orðist svo: Hlutur sveitarfélaganna skal innheimtur hjá hverju sveitarfélagi um sig í samræmi við íbúatölu.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „er heimilt að“ í fyrri málslið komi: skal.
5. Við 7. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Starfsmenn vaktstöðvar skulu hafa hlotið menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila er neyðarþjónustu sinna.
6. Við 9. gr. Greinin falli brott.
7. Við 10. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, 1. mgr., er orðist svo:

   Þeir sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar skulu, svo sem kostur er, gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni.

804. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Björn Bjarnason.
Jón Helgason.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

805. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem kveður á um þrenns konar breytingar á ákvæðum lyfjalaga, nr. 93/1994. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á refsiákvæðum laganna, í öðru lagi er kveðið á um bann við auglýsingum og í þriðja lagi er um að ræða heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til setningar reglugerðar um framleiðslu og markaðssetningu efna sem gjarnan eru notuð við ólöglega framleiðslu ávana og fíkniefna, sbr. tilskipun 92/109/EBE.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Sólveig Pétursdóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Finnur Ingólfsson.
	Sigríður A. Þórðardóttir.	

806. Nefndarálit [384. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um að á árunum 1995–99 verði innheimt 10% álag á iðgjöld Viðlagatryggingar Íslands og að tekjur af álaginu renni í ofanflóðasjóð, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi lagatæknilegri

BREYTINGU:

Í stað „11. gr.“ í 1. og 3. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. komi: 10. gr.

Sólveig Pétursdóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.
	Sigríður A. Þórðardóttir.	

807. Svar [262. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum.

1. *Hvað á Ísland aðild að mörgum alþjóðlegum og fjölþjóðlegum stofnunum og samtökum?*

Stofnanirnar og samtökin eru 56.

2. *Hverjar eru þær stofnanir eða samtök og hvenær varð Ísland aðili að þeim?*

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra:

Sameinuðu þjóðirnar, aðild 1946.

Alþjóðafjarskiptasambandið (International Telecommunication Union, ITU), aðild 1947.

Alþjóðaflóttamannastofnunin (International Refugees Organization, IRO) aðild 1955.

Alþjóðaflugmálastofnunin (International Civil Aviation Organization, ICAO), aðild 1947.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (International Monetary Fund, IMF), aðild 1945.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (World Health Organization, WHO), aðild 1948.

Alþjóðahugverkastofnunin (World Intellectual Property Organization, WIPO), aðild 1986.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (International Atomic Energy Agency, IAEA), aðild 1957.

Alþjóðapóstsambandið (Universal Postal Union, UPO), 1874.

Alþjóðasiglingamálastofnunin (International Maritime Organization, IMO), aðild 1960.

Alþjóðaveðurfræðistofnunin (World Meteorological Organization, WMO), aðild 1950.

Alþjóðavinnumálastofnunin (International Labour Organization, ILO, aðild 1948.

Efnahagsnefnd Evrópu (Economic Commission for Europe), aðild 1947.

Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (General Agreement on Tariff and Trade, GATT), aðild 1968.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (Food and Acriculture Organization of the United Nations, FAO), aðild 1945.

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, UNESCO), aðild 1969.

Hin alþjóðlega framfarastofnun, International Development Association, aðild 1961.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (United Nations Evironmental Program), aðild 1973.

Alþjóðabankinn og skyldar stofnanir:

Alþjóðabankinn (International Bank for Reconstruction and Development, World Bank), aðild 1945.

Alþjóðaframfarastofnunin (International Development Association, IDA), aðild 1961.

Alþjóðalánastofnunin (Inernational Finance Corporation, IFC), aðild 1956.

Aðrar alþjóðastofnanir:

Almennt:

Evrópuráðið (Council of Europe), aðild 1950.

Efnahags- og viðskiptamál:

Alþjóðalánastofnunin, aðild 1956.

Alþjóðastofnun til að gefa út tollalög/International Union for the Publication of Customs Tariff, aðild 1891.

Alþjóðaviðskiptastofnunin, aðild 1995.

Efnahags- og framfarastofnun (Organisation for Economic Co-operation and Development, OECD), aðild 1961.

Fríverslunarsamtök Evrópu, (European Free Trade Assocation, EFTA), aðild 1970.

EFTA-dómstóllinn, aðild 1994.

Eftirlitsstofnun EFTA, aðild 1994.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, aðild 1991.

Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal, aðild 1977.

Tollasamvinnuráð, Customs Co-operation Council, aðild 1950.

Fjarskipti:

Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl, European Telecommunications Satellite Organization (EUTELSAT), aðild 1987.

Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (International Maritime Satellite Organization INMARSAT), aðild 1991.

Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (Interntional Telecommunication Satellite Organization, INTELSAT), aðild 1975.

Norðurlandaráð og norrænar stofnanir:

Norðurlandaráð, Nordisk råd, aðild 1962.

Ráðherranefnd Norðurlandaráðs, Nordisk ministerråd, aðild 1973.

Iðnþróunarsjóður (Norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland), Industrialseringsfond for Island, aðild 1970.

Norræni fjárfestingarbankinn, Den Nordiske investering bank, aðild 1976.

Norræni tækni- og iðnþróunarsjóðurinn, Den Nordiske fond for teknologi og industriel udvikling, aðild 1974.

Norræni þróunarsjóðurinn, Den Nordiske udviklingsfond, aðild 1989.

Sjávarútvegsmál:

Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization, IHB), aðild 1970.

Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin, (North-East Atlantic Commission, NEFAC), aðild 1967.

Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-West Atlantic Commission, NAFO), aðild 1967.

Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin (North-Atlantic Salmon Conservation Organization, NASCO), aðild 1983.

Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, (North Atlantic Marine Mammal Commission, NAMMCO), aðild 1992.

Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea, ICES), aðild 1968.

Varnar- og öryggismál:

Alþjóðasamband sakamálalögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL), aðild 1971.

Ráðstefna um öryggi og frið í Evrópu (Conference on Security and Co-Operation in Europe, CSCE), aðild 1972.

Atlantshafsbandalagið (North Atlantic Treaty Organisation, NATO), aðild 1949.

Vestur-Evrópusambandið (aukaaðild) (Western European Union, WEU), aðild 1993.

Umhverfismál:

Alþjóðasjóður til að bæta tjón af völdum mengunar/International Fund for Compensation for Pollution Damage, aðild 1980.

Barentshafsráðið, aðild 1991.

Óslóarsamningurinn um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, aðild 1974.
Parísarsamningurinn um varnir gegn mengun frá skipum, aðild 1985.
Rovaniemi-ferlið, aðild 1989.

Vísindi:
Sameindalíffræðiþing Evrópu (European Molecular Biology Oraganization, EMBO), aðild 1978.

3. *Hvað á Ísland aðild að mörgum alþjóðlegum samningum, fjölþjóðlegum samningum eða tvíhliða samningum?*
Fjöldi fjölþjóðlegra samninga er 269 en fjöldi tvíhliða samninga er 348.

4. *Hverjir eru samningarnir skv. 3. lið og hvenær varð Ísland aðili að hverjum samningi fyrir sig?*

Fjölþjóðasamningar.

16.4.1856 Yfirlýsing um nokkur undirstöðuatriði sjóréttar á stríðstímum/Declaration with respect to Certain Fundamental Rules of Maritime Law in Time of War, aðild 25. júní 1856, SÍ[1] 1.

20.3.1883 Samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar/Convention for the Protection of Industrial Property, gekk í gildi 5. maí 1962, SÍ 2.

14.3.1884 Samningur um vernd á hraðfréttaþráðum er lagðir eru neðansævar/Convention on the Protection of Submarine Cables, tók gildi 1. maí 1888, SÍ 3.

5.7.1890 Samningur um alþjóðastofnun til að gefa út tollalög/Convention for the Creation of an International Union for the Publication of Customs Tariffs, staðfestur 7. nóvember 1890, gekk í gildi 1. apríl 1891, SÍ 5.
Bókun/Protocol 16.12.1949, aðild 10. febrúar 1956, gekk í gildi 1. apríl 1956, SÍ 6.

18.5.1904 Samkomulag um ráðstafanir til að koma í veg fyrir svonefnda hvíta þrælasölu/Agreement on the Suppression of the White Slave Traffic, aðild 29. ágúst 1904, gekk í gildi 18. janúar 1905, SÍ 8.

17.7.1905 Samningur um einkamálaréttarfarsákvæði/International/Convention on Civil Procedure, staðfestur 7. apríl 1909, gekk í gildi 24. apríl 1909, SÍ 9.

18.10.1907 Sáttmáli um friðsamlega lausn deilumála milli ríkja/Convention for the Pacific Settlement of International Disputes, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 11.

18.10.1907 Sáttmáli um takmarkanir á valdbeitingu til að innheimta samningsbundnar skuldir/Convention respecting the Limitation of the Employment of Force for the Recovery of Contract Debts, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 12.

18.10.1907 Sáttmáli um upphaf stríðs/Convention relative to the Opening of Hostilities, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 13.

[1] Samningar Íslands við erlend ríki, Helgi P. Briem ritstjóri. Reykjavík 1963.

18.10.1907 Sáttmáli um reglur og venjur stríðs á landi/Convention respecting the Laws and Customs of War on Land, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 14.

18.10.1907 Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja og ríkisborgara þeirra í stríði á landi/Convention respecting the Rights and Duties of Neutral Powers and Persons in Case of War on Land, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 15.

18.10.1907 Sáttmáli um hverja deild skal gera kaupskipum óvinaríkis er stríð hefst/Convention relative to the Conversion of Enemy Merchant Ships at the Outbreak of Hostilities, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 16.

18.10.1907 Sáttmáli varðandi breytingu á kaupskipum í herskip/Convention relative to the Conversion of Merchant Ships into Warships, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 17.

18.10.1907 Sáttmáli um lagningu neðansjávardufla er springa við árekstur/Convention relative to the Laying of Automatic Submarine Contact Mines, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 18.

18.10.1907 Sáttmáli um stórskotaárás frá herskipum í stríði/Convention concerning the Bombardment by Naval Forces in Time of War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 19.

18.10.1907 Sáttmáli um að nota reglur Genfar-sáttmálans í sjóhernaði/Convention for the Adaptation of the Principles of the Geneva Convention to Naval War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 20.

18.10.1907 Sáttmáli um vissar takmarkanir á framkvæmd hertökuréttarins í sjóhernaði/Convention relative to Certain Restrictions with regard to the Exercise of the Right of Capture in Naval War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 21.

18.10.1907 Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja þegar stríð er háð til sjós/Convention concerning the Rights and Duties of Neutral Powers in Naval War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 22.

4.5.1910 Samkomulag um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða/Agreement for the Suppression of the Circulation of Obscene Publications, aðild 28. janúar 1913, tók gildi 28. júlí 1913, SÍ 23.

Bókun/Protocol 4.5.1949, aðild 23. nóvember 1950, tók gildi sama dag, SÍ 24.

23.1.1912 Samningur um ópíum/International Opium Convention, undirritaður 17. desember 1912, gekk í gildi sama dag, SÍ 25.

28.11.1919 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 2 varðandi atvinnuleysi/ILO Convention (No. 2) concerning Unemployment, fullgild 17. febrúar 1958, tók gildi sama dag, SÍ 26.

9.2.1920 Samningur um Svalbarða/Treaty concerning Spitsbergen, fullgiltur 22. júlí 1994, tók gildi sama dag, bíður birtingar.

11.11.1921 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 15, um lágmarksaldur kyndara og kolamokara/ILO Convention (No. 15) Fixing the Minimum Age for the Admission of Young Persons to Employment as Trimmers or Stokers, staðfest 21. ágúst 1956, tók gildi sama dag, SÍ 27.

12.11.1921 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 11, um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks/ILO Convention (No. 11) concerning the Rights of Association and Combination of Agricultural Workers, staðfest 21. ágúst 1956, tók gildi sama dag, SÍ 28.

1.12.1924 Samningur um aðstöðu sjómanna á kaupskipum til að fá læknishjálp við kynsjúkdómum/Agreement concerning Facilities to be given to Merchant Seamen for the Treatment of Venereal Disease, aðild 1. nóvember 1928, tók gildi 1. febrúar 1929, SÍ 29.

17.6.1925 Genfarsamningur um bann við notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði/Geneva Protocol for the Prohibition of the Use in War of Asphyxiating, Poisonous or Other Gases and of Bacteriological Methods of Warfare, fullgiltur 19. desember 1966, tók gildi sama dag, C[2] 19/1966.

28.1.1926 Norðurlandasamningur um haffæri skipa og skipsbúnað/Nordisk konvention angaaende Skibes Södygtighed og Udrustning, staðfestur 15. júní 1928, gekk í gildi sama dag, SÍ 30.

Breyting/Declaration 11.6.1928, gekk í gildi 15. júní 1928, SÍ 31.

24.4.1926 Alþjóðasamningur um bifreiðaumferð/International Convention on Motor Traffic, tók gildi 1. mars 1936, SÍ 32.

2.6.1928 Alþjóðasáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum/Convention for the International Protection of Literary and Artistic Works, tók gildi 7. september 1947, SÍ 33.

27.8.1928 Sáttmáli um að fyrirdæma stríð til að skera úr deilum milli ríkja/Treaty providing for the Renunciation of War as an Instrument of National Policy, staðfestur 14. maí 1929, gekk í gildi 10. júní 1929, SÍ 34.

12.10.1929 Samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa/Convention for the Unification of Certain Rules regarding International Carriage by Air, aðild 21. nóvember 1958, SÍ 35.

Bókun/Protocol 28.9.1955, SÍ 36, fullgild 3. maí 1963, gekk í gildi 1. ágúst 1963, C 9/1963.

28.6.1930 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu/ILO Convention (No. 29) concerning Forced or Compulsory Labour, staðfest 17. febrúar 1958, gekk í gildi 17. febrúar 1959, SÍ 37.

6.2.1931 Samningur Norðurlanda um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð; með lokabókun/Nordisk konvention indeholdende international privatretslige Betingelser om Ægteskab, Adoption og Værgemaal, med tilhörende Slutprotokol, gekk í gildi gildi 1. janúar 1932, SÍ 39.

Breyting/Amendment 26.3.1953, gekk í gildi 4. maí 1954, SÍ 40.

Breyting/Amendment 3.11.1969, gekk í gildi 23. desember 1969, tók gildi 1. janúar 1970, C 22/1969.

Breyting/Amendment 20.11.1973, fullgild 28. desember 1973, C 26/1973 og gekk í gildi 1. janúar 1974, C 3/1974.

---

[2] C-deild Stjórnartíðinda.

16.3.1932 Samningur Norðurlanda um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra/Nordisk Konvention om Anerkendelse af og Fuldbyrdelse af Domme, tók gildi 1. júlí 1933, SÍ 44.

7.11.1933 Samningur Norðurlanda um gjaldþrotaskipti/Nordisk Konvention om konkurs, staðfestur 29. júní 1934, tók gildi 1. janúar 1935, SÍ 45.

19.11.1934 Samningur Norðurlanda um erfðir og skipti á dánarbúum/Nordisk konvention om Arv og Dödsbostifte, staðfestur 14. júní 1935, gekk í gildi 1. janúar 1936, SÍ 46.

Breytingar/Ændring 9.12.1975, undirritaðar 9. desember 1975, tóku gildi 1. júlí 1976, C 13/1976.

24.10.1936 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)/ILO Convention (No. 58) staðfest 21. ágúst 1956, tók gildi 21. ágúst 1957, SÍ 47.

27.5.1938 Yfirlýsing Norðurlanda um samstæð hlutleysisákvæði/Déclaration entre l'Islande, le Danemark, la Finlande, la Norvége et la Sùede concernant les règles, similaires de neutralité, birt 14. júní 1938, SÍ 48.

7.12.1944 Samþykkt um alþjóðaflugmál/Convention on International Civil Aviation, staðfest 21. mars 1947, tók gildi 20. apríl 1947, SÍ 49.

Bókun/Protocol 14.6.1954, staðfest 5. júlí 1955, SÍ 50.

Bókun/Protocol 15.9.1962, fullgild 9. maí 1990, tók gildi sama dag, C 10/1990.

Bókun/Protocol 12.3.1971, fullgild 17. maí 1971, tók gildi 16. janúar 1973, C 1/1988.

Bókun/Protocol 7.7.1971, fullgild 27. september 1971, tók gildi 19. desember 1974, C 1/1988.

Bókun/Protocol 16.10.1974, fullgild 18. ágúst 1975, C 18/1975 og tók gildi 15. febrúar 1980, C 1/1981.

Bókun um gildan texta samþykktarinnar á fjórum tungumálum Protocol on the Authentic Quadrilingual Text of the Convention[3] 30.9.1977, staðfest 7. júní 1979, C 8/1979.

Bókun/Protocol[4] 30.9.1977, fullgild 11. júní 1979, C 8/1979.

Bókun/Protocol[5] 6.10.1980, fullgild 9. maí 1990, C 10/1990.

Bókun/Protocol[6] 6.10.1989, fullgild 9. maí 1990, C 10/1990.

Bókun/Protocol[7] 26.10.1990, fullgild 4. nóvember 1992, C 21/1992.

7.12.1944 Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara/International Air Services Transit Agreement, staðfestur 21. mars 1947, gekk í gildi 4. júní 1945, SÍ 51.

---

[3] Ekki enn í gildi.

[4] Ekki enn í gildi.

[5] Ekki enn í gildi.

[6] Ekki enn í gildi.

[7] Ekki enn í gildi.

26.6.1945 Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða og samþykktir milliríkjadómstólsins/Charter of the United Nations and Statute of the International Court of Justice, aðild 19. nóvember 1946, SÍ 52.
Breytingar/Amendments 17.12.1963, gengu í gildi 31. ágúst 1965, C 9/1965.
Breyting/Amendment 20.12.1965, fullgild 21. júní 1966, C 10/1966.
Breyting/Amendment 20.12.1971, staðfest 6. mars 1973, C 7/1973 og gekk í gildi 24. september 1973, C 22/1973.

16.10.1945 Stofnskrá Matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna Sameinuðu þjóða/Constitution of the Food and Agriculture Organization of the United Nations, undirrituð 16. október 1945, gekk í gildi sama dag, SÍ 53.

16.11.1945 Stofnskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna/Constitution of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, aðild 8. júní 1969, tók gildi sama dag, C 5/1964.

27.12.1945 Samkomulag um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins/Articles of Agreement of the International Monetary Fund, undirritað 21. desember 1945, gekk í gildi 27. desember 1945, SÍ 54.
Breyting/Amendment 31.5.1968, gekk í gildi 28. júlí 1969, C 1/1971.
Önnur breyting/Second Amendment 30.4.1976, staðfest 6. júní, gekk í gildi 1. apríl 1978, C 18/1978.

27.12.1945 Samkomulag um samþykktir Alþjóðabanka til endurbyggingar og nýbyggingar/Articles of Agreement of the International Bank for Reconstruction and Development, undirritað 21. desember 1945, gekk í gildi 27. desember 1945, SÍ 55.

13.2.1946 Samningur um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna/Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations, staðfest 10. mars 1948, gekk í gildi sama dag, SÍ 56.

22.7.1946 Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar/Constitution of the World Health Organization, staðfest 17. júní 1948, gekk í gildi sama dag, SÍ 59.
Breytingar/Amendments 22.5.1973, fullgiltar 5. sepember 1975, C 28/1975 og gengu í gildi 3. febrúar 1979, C 13/1982.
Breytingar/Amendments 17.5.1976, staðfestar 22. júlí 1993, C 8/1983 og gengu í gildi 20. janúar 1984, C 24/1989.
Breytingar/Amendments[8] 18.5.1978, staðfestar 22. júlí 1983, C 8/1983.
Breytingar/Amendments[9] 12.5.1986, staðfestar 2. apríl 1991, C 12/1991.

9.10.1946 Gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar/Instrument for the Amendment of the Constitution of the International Labour Organization, gekk í gildi 20. apríl 1948, SÍ 60.
Breyting/Amendment 25.6.1953, tók gildi 20. maí 1954, SÍ 61.
Gerð um breytingar/Amendment 22.6.1962, samþykkt 17. desember 1962, C 2/1963.

[8] Ekki enn í gildi.

[9] Ekki enn í gildi.

Breyting/Amendment 22.6.1972, samþykkt 29. nóvember 1972, C 21/1972.

Breyting/Amendment[10] 24.6.1986, fullgild 28. júlí 1987, C 12/1987.

2.12.1946 Alþjóðasáttmáli um skipan hvalveiða/International Convention for the Regulation of Whaling, fullgiltur 10. mars 1947, gekk í gildi 10. nóvember 1948, SÍ 62.

Bókun/Protocol 19.11.1956, fullgild 23. nóvember 1956, gekk í gildi 4. maí 1959, SÍ 63.

Uppsögn/Withdrawal, uppsagnarskjal afhent 27. desember 1991, tók gildi 30. júní 1992, C 4/1992.

10.6.1947 Samningur um samræmda aðferð við skipamælingar/Convention on a Uniform System of Tonnage Measurements of Ships, staðfestur 23. september 1948, gekk í gildi 30. desember 1954, SÍ 65.

Breytingar/Amendments 21.5.1965, staðfestar 30. desember 1967, C 18/1967.

11.10.1947 Samningur um Alþjóðaveðurfræðistofnun/Convention of the World Meteorological Organization, staðfestur 16. janúar 1948, gekk í gildi 23. mars 1950, SÍ 66.

30.10.1947 Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT), ásamt Genfarbókun frá 30. júní 1967/General Agreement on Tariffs and Trade (GATT) and Geneva Protocol of 30th June of 1967, staðfest 22. mars 1968, tók gildi 21. apríl 1968, C 8/1968.

Genfarbókunin 1979/Geneva (1979) Protocol 30.6.1979, fullgiltur 15. apríl 1980, tók gildi sama dag, C 7/1980.

6.3.1948 Samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina/Convention on the International Maritime Organization, 8. nóvember 1960, SÍ 67.

Breytingar/Amendments 15.9.1964, staðfestar 10. september 1965, gengu í gildi 6. október 1967, C 20/1969.

Breytingar/Amendments 28.9.1965, staðfestar 8. mars 1967, tóku gildi 3. nóvember 1968, C 20/1969.

Breytingar/Amendments 17.10.1974, staðfestar 3. maí 1976, C 10/1976 og gengu í gildi 1. apríl 1978, C 3/1979.

Breytingar/Amendments 14.11/9.11.1977, staðfestar 17. júlí 1980, C 15/1980 og gengu í gildi 22. maí 1982, C 9/1982.

Breytingar/Amendments 17.11.1977, staðfestar 17. júlí 1980, C 15/1980 og gengu í gildi 10. nóvember 1984, C 2/1988.

Breytingar/Amendments 15.11.1979, staðfestar 17. júlí 1980, C 15/1980 og gengu í gildi 10. nóvember 1984, C 2/1988.

19.6.1948 Samningur um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum/Convention on the International Recognition of Rights in Aircraft, fullgiltur 6. febrúar 1967, tók gildi 7. maí 1967, C 5/1967.

[10] Ekki enn í gildi.

9.7.1948 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess/ILO Convention (No. 87) concerning Freedom of Association and Protection of the Right to Organize, staðfest 4. október 1950, tók gildi 4. október 1951, SÍ 70.

9.12.1948 Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð/Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide, staðfestur 29. ágúst 1949, gekk í gildi 12. janúar 1951, SÍ 72.

4.4.1949 Norður-Atlantshafssamningur/North Atlantic Treaty, aðild 1. ágúst 1949, gekk í gildi 24. ágúst 1949, SÍ 75.

Bókun varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands/Protocol on the Accession of Greece and Turkey 22.10.1951, aðild 29. janúar 1952, gekk í gildi 15. febrúar 1952, SÍ 76.

Bókun um aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands/Protocol on the Accession of the Federal Republic of Germany 23.10.1954, aðild 16. mars 1955, gekk í gildi 5. maí 1955, SÍ 77.

Viðbótarsamningur um aðild Spánar/Protocol on the Accession of Spain 10.12.1981, staðfestur 26. febrúar 1982, gekk í gildi 29. maí 1982, C 10/1982.

5.5.1949 Stofnskrá Evrópuráðsins/Statute of the Council of Europe, aðild 7. mars 1950, gekk í gildi sama dag, SÍ 79.

Breytingar/Amendments 22.5.1951, gengu í gildi 18. desember 1951, SÍ 80.

Breyting/Amendment 4.5.1953, undirrituð 4. maí 1953, gekk í gildi sama dag, SÍ 82.

Breytingar/Amendments 14.10.1970 gengu í gildi 14. október 1970 og 17. febrúar 1971, C 9/1971

Breyting/Amendment 26.11.1991, gekk í gildi 26. nóvember 1991, C 30/1991.

Breyting/Amdendment 7.5. 1992, gekk í gildi sama dag, C 9/1972.

Breyting/Amendment 10.12. 1992, gekk í gildi 1. janúar 1993, C 2/1993.

Breyting/Amendment 14.5. 1993, gekk í gildi sama dag, C 7/1993.

Breyting/Amendment 30.6. 1993, gekk í gildi sama dag, C 18/1993.

18.6.1949 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn/ILO Convention (No. 91) concerning Vacation Holidays with Pay for Seafarers (Revised 1949), A 63/1952.

1.7.1949 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega/ILO Convention (No. 98) concerning the Application of the Principles of the Right to Organise and to Bargain Collectively, aðild 15. júlí 1952, tók gildi 15. júlí 1953, SÍ 86.

12.8.1949 Genfarsamningur um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli/Geneva Convention for the Amelioration of the Condition of the Wounded and Sick in Armed Forces in the Field, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, tók gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

12.8.1949 Genfarsamningur um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreka sjóliða á hafi/Geneva Convention for the Amelioration of the Condition of the Wounded, Sick and Shipwrecked Members of Armed Forces at Sea, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, tók gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

12.8.1949 Genfarsamningur um meðferð stríðsfanga/Geneva Convention relative to the Treatment of Prisoners of War, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, tók gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

12.8.1949 Genfarsamningur um vernd almennra borgara á stríðstímum/Geneva Convention relative to the Protection of Civilian Persons in Time of War, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, tók gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

2.9.1949 Samningur um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins/General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe, aðild 11. mars 1955, tók gildi 11. júlí 1956, SÍ 83.

Bókun/Protocol 6.11.1952, aðild 11. mars 1955, tók gildi 11. júlí 1956, SÍ 84.

Bókun/Second Protocol 15.12.1956, undirrituð 15. desember 1956, tók gildi sama dag, SÍ 85.

Breyting/Third Protocol 6.3.1959, fullgild 16. febrúar 1971, C 8/1971.

19.9.1949 Samningur um umferð á vegum/Convention on Road Traffic, aðild 22. júlí 1983, tók gildi 21. ágúst 1983, C 9/1983.

18.10.1950 Samþykkt um fuglaverndun/International Convention for the Protection of Birds, aðild 28. janúar 1956, tók gildi sama dag, SÍ 87.

4.11.1950 Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis/Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, aðild 29. júní 1953, tók gildi 3. september 1953, SÍ 88.

Viðbótarsamningur/Protocol 20.3.1952, aðild 29. júní 1953, gekk í gildi 18. maí 1954, SÍ 88.

Viðbótarsamningur nr. 2, um rétt Mannréttindadómstóls Evrópu til álitsgerða/Protocol No. 2 conferring upon the European Court of Human Rights competence to give advisory opinions 6.5.1963, fullgiltur 16. nóvember 1967, C 17/1967 og gekk í gildi 21. september 1970, C 39/1991.

Viðbótarsamningur nr. 3, um breytingu á 29., 30. og 34. gr. sáttmálans/Protocol No. 3 amending Articles 29, 30 and 34 of the Convention 6.5.1963, fullgiltur 16. nóvember 1967, C 17/1967 og gekk í gildi 21. september 1970, C 39/1991.

Viðbótarsamningur nr. 4, um tiltekin mannréttindi og mannfrelsi, önnur en þau sem greinir í sáttmálanum og fyrsta viðbótarsamningi við hann/Protocol No. 4 securing Certain Rights and Freedoms other than those already included in the Convention and in the first Protocol thereto 16.9.1963, fullgiltur 14. nóvember 1967, C 17/1967 og gekk í gildi 2. maí 1968, 7/1968.

Viðbótarsamningur nr. 5, um breytingar á 22. og 40. gr. sáttmálans/Protocol No. 5 amending Articles 22 and 40 of the Convention 20.1.1966, fullgiltur 16. nóvember 1967, C 17/1967 og gekk í gildi 20. desember 1971, C 39/1991.

Viðbótarsamningur nr. 6 varðandi afnám dauðarefsingar/Protocol No. 6 concerning the Abolition of the Death penalty 28.4.1983, fullgiltur 22. maí 1987, tók gildi 1. júní 1987, C 6/1987.

Viðbótarsamningur nr. 7/Protocol No. 7 22.11.1984, fullgiltur 22. maí 1987, C 6/1987 og gekk í gildi 1. janúar 1988, C 9/1988.

Viðbótarsamningur nr. 8/Protocol No. 8 19.3.1985, fullgiltur 22. maí 1987 C 6/1987 og gekk í gildi 1. janúar 1990, C 21/1989.

Viðurkenning á lögsögu Mannréttindadómstóls framlengd til 2. september 1994/Recognition of the Jurisdiction of the European Court of Human Rights until 2 September 1994, 28.9.1984, afhending yfirlýsingar, C 11/1989.

15.12.1950 Samningur um tollasamvinnuráð/Convention establishing a Customs Co-operation Council, undirritaður 15. desember 1950, gekk í gildi sama dag, C 2/1971.

20.9.1951 Samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslið þess/Agreement on the Status of the North Atlantic Treaty Organization, National Representatives and International Staff, aðild 11. maí 1953, gekk í gildi 18. maí 1954, SÍ 78.

29.6.1951 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf/ILO Convention (No. 100) concerning Equal Remuneration for Men and Women Workers for Work of Equal Value, aðild 17. febrúar 1958, tók gildi 17. febrúar 1959, SÍ 89.

28.7.1951 Samningur um réttarstöðu flóttamanna/Convention relating to the Status of Refugees, staðfestur 30. nóvember 1955, tók gildi 1. mars 1956, SÍ 90.

Breytingar/Protocol 31.1.1967, fullgiltar 31. janúar 1967, gengu í gildi sama dag, C 5/1968.

28.6.1952 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis/ILO Convention (No. 102) concerning Minimum Standards of Social Security, staðfest 20. febrúar 1961, tók gildi 20. febrúar 1962, SÍ 94.

28.8.1952 Bókun varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum/Protocol on the Status of International Military Headquarters set up pursuant to the North Atlantic Treaty, aðild 11. maí 1953, gekk í gildi 10. apríl 1954, SÍ 97.

6.9.1952 Samningur um höfundarétt/Universal Copyright Convention, aðild 18. september 1956, tók gildi 18. desember 1956, SÍ 98.

7.11.1952 Alþjóðasamningur um auðveldun innflutnings á vörusýnishornum og auglýsingaefni/International Convention to Facilitate the Importation of Commercial Samples and Advertising Material, aðild 28. apríl 1977, tók gildi 28. maí 1977, C 10/1977.

31.3.1953 Samningur um pólitíska réttarstöðu kvenna/Convention on the Political Rights of Women, aðild 30. júní 1954, tók gildi 28. september 1954, SÍ 99.

11.12.1953 Samþykkt Evrópuríkja um framfærslu- og læknishjálp, ásamt viðbótarsamningi/European Convention on Social and Medical Assistance, with Protocol, fullgiltur 4. desember 1964, tók gildi 1. janúar 1965, C 11/1964.

11.12.1953 Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi/European Interim Agreement on Social Security Schemes relating to Old Age, Invalidity and Survivors, with Protocol, fullgiltur 4. desember 1964, tók gildi 1. janúar 1965, C 12/1964.

11.12.1953 Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau er varða elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi/European Interim Agreement on Social Security other than Schemes for Old Age, Invalidity and Survivors, with Protocol, fullgiltur 4. desember, tók gildi 1. janúar 1965, C 13/1964.

11.12.1953 Samningur Evrópuráðsríkja um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum/European Convention on the Equivalence of Diplomas Leading to Admission to Universities, aðild 5. ágúst 1954, tók gildi sama dag, SÍ 100.

11.12.1953 Stofnskrá Evrópunefndar til varnar gin- og klaufaveiki/Constitution of the European Commission for the Control of Foot-and-Mouth Disease, 12. júní 1954, tók gildi sama dag, SÍ 101.

12.5.1954 Alþjóðasamningur um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu/International Convention for the Prevention of Pollution of the Sea by Oil, fullgiltur og tók gildi 23. maí 1962, C 4/1962.

Breytingar/Amendments 13.4.1962, fullgiltar 13. apríl 1963, gengu í gildi 18. maí 1967, C 6/1966.

Breytingar/Amendments 21.10.1969, C 17/1970 og gengu í gildi 20. janúar 1978, C 23/1977.

22.5.1954 Bókun um að leysa ríkisborgara Norðurlanda undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu/Protokol vedrörende fritagelse for Nordiske statsborgere, for at være i besiddelse af pas og opholdstilladelse under ophold i et andet nordisk land end hjemlandet, aðild með erindisskiptum milli Íslands og Danmerkur 11. og 20. október 1955, milli Íslands og Finnlands 3. og 9. nóvember 1955, milli Íslands og Noregs 14. nóvember 1955, milli Íslands og Svíþjóðar 3. nóvember 1955, gekk í gildi 1. desember 1955, SÍ 102.

19.12.1954 Menningarsáttmáli Evrópu/European Cultural Convention, fullgiltur 1. mars 1946, gekk í gildi 1. mars 1956, SÍ 103.

25.5.1955 Samkomulag um Alþjóðalánastofnun/Articles of Agreement of the International Finance Corporation, undirritaður 18. ágúst 1955, gekk í gildi 20. júlí 1956, SÍ 104.

5.8.1955 Gjaldeyrissamningur Evrópu/European Monetary Agreement, undirritaður 5. ágúst 1955, gekk í gildi 27. desember 1958, SÍ 106.

30.4.1956 Samningur um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu/Multilateral Agreement on Commercial Rights of Non-Scheduled Air Services in Europe, fullgiltur 25. sepember 1961, tók gildi 25. desember 1961, SÍ 108.

7.9.1956 Samningur um afnám þrælahalds og þrælasölu/Supplementary Convention on the Abolition of Slavery, the Slave Trade, and Institutions and Practices Similar to Slavery, fullgiltur 17. nóvember 1965, tók gildi 17. nóvember 1965, C 17/1965.

25.9.1956 Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi/Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Iceland, staðfestur 18. febrúar 1957, tók gildi 6. júní 1958, SÍ 109.

Bókun/Protocol 3.11.1982, samþykkt 10. ágúst 1987, tók gildi til bráðabirgða sama dag, C 14/1987 og öðlaðist endanlegt gildi 17. nóvember 1989, C 2/1992.

25.9.1956 Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum/Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Greenland and the Faroe Islands, fullgiltur 18. febrúar 1957, tók gildi 6. júní 1958, SÍ 110.

Bókun/Protocol 3.11.1982, samþykkt 10. ágúst 1987, tók gildi til bráðabirgða sama dag, C 15/1987 og öðlaðist endanlegt gildi 17. nóvember 1989, C 3/1992.

26.10.1956 Stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar/Statute of the International Atomic Energy Agency, staðfestur 6. ágúst 1957, tók gildi sama dag, SÍ 111.

Breyting/Amendment 28.9.1970, staðfest 6. júlí 1972, C 11/1972 og gekk í gildi 1. júní 1973, C 38/1991.

Breyting/Amendment 27.9.1984, staðfest 15. apríl 1987, C 4/1987 og gekk í gildi 28. desember 1989, C 38/1991.

21.11.1956 Samningur um tæknilega aðstoð milli Íslands og Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra/Agreement concerning Technical Assistance between Iceland and the United Nations and its Organizations, undirritaður 21. nóvember, gekk í gildi sama dag, SÍ 112.

15.12.1956 Samningur Evrópuríkja um jafngildi námsdvalar í háskólum/European Convention on the Equivalence of Periods of University Study, fullgiltur 5. apríl 1963, tók gildi sama dag, C 7/1963.

20.2.1957 Samþykkt um ríkisfang giftra kvenna/Convention on the Nationality of Married Women, aðild 18. október 1977, tók gildi 16. janúar 1978, C 17/1977.

15.6.1957 Nice-samningurinn um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja/Nice Agreement concerning the International Classification of Goods and Services for the Purposes of the Registration of Marks, aðild 23. desember 1994, tekur gildi 9. apríl 1995, bíður birtingar.

25.6.1957 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105, um afnám nauðungarvinnu/ILO Convention (No. 105) concerning the Abolition of Forced Labour, staðfestur 29. nóvember 1960, tók gildi 29. nóvember 1961, SÍ 114.

12.7.1957 Samningur Norðurlanda um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna/Nordisk overenskomst om ophævelse af paskontrollen ved de fællesnordiske grænser, gekk í gildi 1. janúar 1966, C 19/1965.

Viðauki/Supplementary Protocol 20.5.1963, aðild 24. september 1965, tók gildi 1. janúar 1966, C 19/1965.

Viðauki/Supplementary Protocol 2.4.1973, fullgiltur 1. janúar 1973, tók gildi sama dag, C 9/1973.

Breytingar/Amendments 27.7.1979, undirritaðar 27. júlí 1979, gengu í gildi 26. ágúst 1979, C 9/1979.

10.10.1957 Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa, sem á sjó sigla/International Convention relating to the Limitation of the Liability of Owners of Seagoing Ships, fullgiltur 16. apríl 1968, tók gildi 16. apríl 1969, C 16/1968.

13.12.1957 Evrópusamningur um framsal sakamanna/European Convention on Extradition, fullgiltur 20. júní 1984, tók gildi 18. september 1984, C 8/1984.

Viðbótarsamningur/Additional Protocol 15.10.1975, fullgiltur 20. júní 1984, tók gildi 18. september 1984, C 8/1984.

Annar viðbótarsamningur/Second Additional Protocol 17.3.1978, fullgiltur 20. júní 1984, tók gildi 18. september 1984, C 8/1984.

13.5.1958 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 108, um persónuskilríki sjómanna/ILO Convention (No. 108) concerning Seafarers National Identity Documents, fullgild 26. október 1970, tók gildi 26. október 1971, C 27/1970.

25.6.1958 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa/ILO Convention (No. 111) concerning Discrimination in respect of Employment and Occupation, fullgild 29. júlí 1963, tók gildi 29. júlí 1964, C 14/1963.

20.4.1959 Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum/European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters, fullgiltur 20. júní 1984, tók gildi 18. september 1984, C 9/1984.

Viðbótarsamningur/Additional Protocol 17.3.1978, fullgiltur 20. júní 1984, tók gildi 18. september 1984, C 9/1984.

20.4.1959 Samningur Evrópuríkja um afnám vegabréfsáritana fyrir flóttamenn/European Agreement on the Abolition of Visas for Refugees, fullgiltur 8. september 1966, tók gildi 8. október 1966, C 15/1966.

14.12.1959 Samningur Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum/European Convention on the Academic Recognition of University Qualifications, fullgiltur 5. apríl 1963, tók gildi 5. maí 1963, C 6/1963, SÍ 121.

4.1.1960 Samningur um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) Convention Establishing the European Free Trade Association, aðild 22. janúar 1970, tók gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Bókun varðandi úrsögn Bretlands og Danmerkur/Protocol relating to the Withdrawal of Denmark and the United Kingdom 21.12.1972, tilkynnt 31. desember 1971, C 23/1971.

Bókun varðandi Liechtenstein/Protocol relating to Liechtenstein 4.1.1960, aðild 22. janúar 1970, tók gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Bókun um löghæfi, sérréttindi og friðhelgi Fríverslunarsamtaka Evrópu/Protocol on Legal Capacity, Privileges and Immunities 28.7.1960, aðild 22. janúar 1970, tók gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Bókun um samkomulag varðandi aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA)/Record of Understandings relating to the Accession of Iceland 27.1.1970, aðild 20. janúar 1970, tók gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 17/1969 um aðild Íslands/Decision of the Council No. 17/1969 relating to the Accession of Iceland 4.12.1969, aðild 20. janúar 1970, tók gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 8/1975 um breytingu á viðauka G/Decision of the Council No. 8/1975 on an Amendment to Annex G 6.11.1975, fullgilt 31. ágúst 1976, gekk í gildi sama dag, C 20/1976.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 4/1976 um stofnun Iðnþróunarsjóðs EFTA fyrir Portúgal/Decision of the Council No. 4/1976 on the Establishment of the EFTA Industrialization Fund for Portugal 7.4.1976, staðfest 2. júní 1976, C 17/1976 og gekk í gildi í febrúar 1977, C 6/1977.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 15/1976 um breytingu á viðauka G/Decision of the Council No. 15/1976 on an Amendment to Annex G 16.12.1976, fullgild 14. október 1977, C 19/1977 og gekk í gildi 2. maí 1978, C 6/1978.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 7/1982 um breytingu á viðauka G/Decision of the Council No. 7/1982 on an Amendment to Annex G 1.7.1982, tók gildi 23. desember 1982, C 22/1982.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 15/1987 um breytingar á samningnum/Decision of the Council No. 15/1987 on Amendments of the Convention 14.12.1987, staðfest 1. júlí 1988, gekk í gildi sama dag, C 7/1988.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 6/1989 um breytingar á samningnum/Decision of the Council No. 6/1989 on Amendments of the Convention 14.6.1989, staðfest 27. júní 1990, gekk í gildi 1. júlí 1990, C 22/1990.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 21/1991 um aðild Liechtenstein/Decision of the Council No. 21/1991 relating to the Accession of Liechtenstein, aðild 30. ágúst 1991, tók gildi 1. september 1991, C 1/1991.

26.1.1960 Samningur um Hina alþjóðlegu framfarastofnun/Articles of Agreement of the International Development Association, aðild 19. maí 1961, tók gildi sama dag, SÍ 122.

Breyting/Amendment 5.11.1971, tók gildi 5. nóvember 1971, C 24/1971.

28.4.1960 Samningur Evrópuríkja um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækningatækja o.fl./Agreement on the Temporary Importation, Free of Duty, of Medical, Surgical and Laboratory Equipment, etc., fullgiltur 26. janúar 1967, tók gildi 7. apríl 1967, C 1/1967.

Viðbótarbókun/Additional Protocol 1.1.1983, gekk í gildi 1. janúar 1985, C 3/1988.

17.6.1960 Samningur um öryggi mannslífa á hafinu/International Convention for the Safety of Life at Sea, fullgiltur 11. desember 1964, tók gildi 26. maí 1965, C 8/1965.

14.12.1960 Samningur um Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunina/Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development, fullgiltur 28. apríl 1961, tók gildi 30. september 1961, SÍ 124.

30.3.1961 Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1961/Single Convention on Narcotic Drugs, 1961, aðild 18. desember 1974, tók gildi 17. janúar 1975, C 22/1974.

Bókun um breytingar/Protocol amending the Single Convention 25.3. 1972, fullgild 18. desember 1974, C 22/1974, gekk í gildi 8. ágúst 1975, C 16/1975.

18.4.1961 Vínarsamningur um stjórnmálasamband/Vienna Convention on Diplomatic Relations, aðild 18. maí 1971, gekk í gildi 17. júní 1971, C 14/1971.

Kjörfrjáls bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar/Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality 18.4.1961, aðild 18. maí 1971, gekk í gildi 17. júní 1971, C 14/1971.

Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála/Optional Protocol concerning the Compulsory Settlement of Disputes 18.4.1961, aðild 18. maí 1971, gekk í gildi 17. júní 1971, C 14/1971.

8.6.1961 Tollasamningur varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum o.fl./Customs Convention concerning Facilities for the Importation of Goods for Display or use at Exhibitions, Fairs, Meetings or Similar Events, aðild 6. desember 1970, tók gildi 6. mars 1971, C 24/1970.

8.6.1961 Tollasamningur varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum/Customs Convention on the Temporary Importation of Professional Equipment, aðild 6. desember 1970, tók gildi 6. mars 1971, C 25/1970.

18.10.1961 Félagsmálasáttmáli Evrópu/European Social Charter, fullgiltur 15. janúar 1976, tók gildi 14. febrúar 1976, C 3/1976.

26.10.1961 Samningur um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana/Convention for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organization, aðild 15. mars, 1994, tók gildi 15. júní 1994, bíður birtingar.

6.12.1961 Tollasamningur um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir/Customs Convention on the A.T.A. Carnet for the Temporary Admission of Goods (A.T.A. Convention), aðild 16. júní 1970, tók gildi 16. september 1970, C 23/1970.

16.12.1961 Evrópusamningur um ferðalög æskufólks á sameiginlegum vegabréfum/European Agreement on Travel by Young Persons on Collective Passports between the Member Countries of the Council of Europe, fullgiltur 13. janúar 1969, tók gildi 13. febrúar 1969, C 1/1969.

23.3.1962 Samstarfssamningur Norðurlanda/Nordisk samarbejdsoverenskomst, staðfestur 11. apríl 1962, gekk í gildi 1. júlí 1962, C 7/1962.

Breyting/Amendment 13.2.1971, fullgild 1. júní 1971, gekk í gildi 1. júlí 1971, C 16/1971.

Breyting/Amendment 1.3.1974, fullgild 16. ágúst 1976, gekk í gildi 5. september 1976, C 17/1975.

Breyting/Amendment 15.6.1983, fullgild 23. desember 1983, gekk í gildi 28. janúar 1984, C 13/1983.

Breyting/Amendment 6.5.1985, staðfestur 30. nóvember 1985, C 16/1985 og gekk í gildi 12. febrúar 1986, C 4/1986.

Breyting/Amendment 21.8.1991, staðfestur 23. desember 1991, gekk í gildi 29. janúar 1992, C 33/1991.

Breyting 18.3.1993, staðfest 7. október 1993, tók gildi 7. nóvember 1993, C 27/1993.

23.3.1962 Norðurlandasamningur um innheimtu meðlaga/Nordisk konvention om inndriving av underholdsbidrag, fullgiltur 6. febrúar 1963, gekk í gildi 1. júlí 1963, C 1/1963.

10.12.1962 Samningur um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda/Convention on Consent to Marriage, Minimum Age for Marriage and Registration of Marriages, aðild 18. október 1977, tók gildi 16. janúar 1978, C 18/1977.

24.4.1963 Vínarsamningur um ræðissamband/Vienna Convention on Consular Relations, aðild 1. júní 1978, tók gildi 1. júlí 1978, C 8/1978.

Kjörfrjáls bókun varðandi ríkisborgararétt/Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality 24.4.1963, aðild 1. júní 1978, tók gildi 1. júlí 1978, C 8/1978.

Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála/Optional Protocol concerning the Compulsory Settlement of Disputes 24.4.1963, aðild 1. júní 1978, tók gildi 1. júlí 1978, C 8/1978.

5.8.1963 Samningur um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðan sjávar/Treaty Banning Nuclear Weapon Tests in the Atmosphere, in Outer Space and Under Water, fullgiltur 29. apríl 1964, gekk í gildi 29. apríl 1964, C 3/1964.

14.9.1963 Samningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum/Convention on Offences and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft, aðild 16. mars 1970, tók gildi 14. júní 1970, C 11/1970.

18.6.1964 Samningur milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins um kjarnorkuupplýsingar/Agreement between the Parties to the North Atlantic Treaty for Co-operation regarding Atomic Information, tók gildi 12. mars 1965, C 3/1965.

9.7.1964 Samþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum/Convention No. 122 Concerning Employment Policy, fullgild 22. júní 1990, tók gildi 22. júní 1991, C 20/1990.

22.7.1964 Samningur um lyfjaskrá Evrópu/Convention on the Elaboration of a European Pharmacopoeia, aðild 10. júní 1975, tók gildi 11. september 1975, C 15/1975.

12.9.1964 Samningur um Alþjóðahafrannsóknaráðið/Convention for the International Council for the Exploration of the Sea, fullgiltur 4. desember 1964, C 2/1965 og tók gildi 22. júlí 1968, C 10/1968.

Bókun/Protocol 13.8.1970, undirrituð 28. september 1970, C 26/1970 og gekk í gildi 12. nóvember 1975, C 2/1976.

18.3.1965 Samningur um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja/Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of Other States, fullgiltur 25. júlí 1966, tók gildi 14. október 1966, C 13/1966.

9.4.1965 Alþjóðasamningur um auðveldun flutninga á sjó/Convention on Facilitation of International Maritime Traffic, fullgiltur 24. janúar 1967, tók gildi 5. mars 1967, C 2/1967.

Breyting/Amendment 26.4.1965, samþykkt 29. nóvember 1972, C 20/1972.

12.11.1965 Alþjóðafjarskiptasamningur/International Telecommunications Convention, fullgiltur 8. mars 1967, tók gildi sama dag, C 7/1967.

19.10./30.11.1965 Samkomulag við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum/Agreement with the Benelux Countries on the Abolition of Customs Duties on Aviation Equipment, gekk í gildi með orðsendingum 19. október 1965 og 30. nóvember 1965, C 23/1965.

3.12.1965 Samningur Norðurlanda um gegnumflutning manna, sem vísað hefur verið úr landi/Nordisk overenskomst om transistering af udviste personer, undirritaður 3. desember 1965, C 21/1965 og gekk í gildi 21. apríl 1966, C 8/1966.

7.3.1966 Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis/International Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination, fullgiltur 13. mars 1967, C 14/1968, gekk í gildi 4. janúar 1969, C 17/1969, 10. ágúst 1991 afhent yfirlýsing Íslands um viðurkenningu á valdi nefndar um afnám kynþáttamisréttis, C 20/1981 og gildistaka yfirlýsingar Íslands 3. desember 1982, C 24/1982.

5.4.1966 Alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa/International Load Line Convention, aðild 24. júní 1970, tók gildi 24. september 1970, C 19/1970.

19.12.1966 Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi/International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, fullgiltur 22. ágúst 1979, tók gildi 22. nóvember 1980, C 10/1979, sbr. og auglýsingu C 28/1993.

19.12.1966 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi/International Covenant on Civil and Political Rights, fullgiltur 22. ágúst 1979, tók gildi 22. nóvember 1980, C 10/1979.

Valfrjáls bókun/Optional Protocol 19.12.1966, aðild 22. ágúst 1979, tók gildi 22. nóvember 1980, C 10/1979.

Önnur valfrjáls bókun um afnám dauðarefsingar/Second Optional Protocol, Aiming at the Abolition of the Death Penalty 15.12.1989, fullgild 2. apríl 1991, tók gildi 11. júlí 1991, C 11/1991.

Afturköllun á fyrirvara/Withdrawn of a reservation 18. október 1993, bíður birtingar.

27.1.1967 Samningur um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum/Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, including the Moon and other Celestial Bodies, fullgiltur 5. febrúar 1968, gekk í gildi 10. október 1968, C 1/1968.

3.5.1967 Samningur um Alþjóðasjómælingastofnunina/Convention on the International Hydrographic Organization, fullgiltur 6. maí 1968, C 6/1968 og gekk í gildi 22. september 1970, C 16/1970.

Breyting/Amendment[11] 6.5.1987, samþykkt 28. júní 1989, C 4/1989.

[11] Ekki enn í gildi.

1.6.1967 Samningur um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi/Convention on Conduct of Fishing Operations in the North Atlantic, fullgiltur 12. maí 1969, C 6/1969 og tók gildi 26. september 1976, C 1/1977.

14.7.1967 Samningur um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar/Convention Establishing the World Intellectual Property Organisation, fullgiltur 13. júní 1986, tók gildi 13. september 1986, C 11/1986.

14.7.1967 Samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, 13.–30. gr./Convention for the Protection of Industrial Property, art. 13–30, fullgiltur 28. september 1984, tók gildi 28. desember 1984, C 17/1984.

1.–12. gr./art. 1–12, fullgildar 23. desember 1994, taka gildi 9. apríl 1995, bíða birtingar.

22.4.1968 Samningur um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum sem skotið hefur verið út í himingeiminn/Agreement on the Rescue of Astronauts, the Return of Astronauts and the Return of Objects Launched into Outer Space, fullgiltur 4. desember 1969, tók gildi sama dag, C 21/1969.

7.6.1968 Evrópusamningur um upplýsingar um erlenda löggjöf/European Convention on Information on Foreign Law, fullgiltur 2. október 1969, C 16/1969, tók gildi 3. janúar 1970, undirritaður 10. október 1989, C 16/1989.

Viðbótarsamningur/Additional Protocol 15.3.1978, fullgiltur 19. september 1989, tók gildi 20. desember 1989, C 16/1989.

1.7.1968 Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum/Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons, fullgiltur 18. júlí 1969, C 15/1969 og gekk í gildi 5. mars 1970, C 5/1970.

8.10.1968 Locarno-sáttmálinn um alþjóðlega flokkun hönnunar/Locarno Agreement establishing an International Classification for Industrial Designs, fullgiltur 23. desember 1994, tekur gildi 9. apríl 1995, bíður birtingar.

13.12.1968 Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningum/European Convention for the Protection of Animals during International Transport, fullgiltur 1. maí 1969, C 8/1969 og gekk í gildi 20. febrúar 1971, C 28/1992.

Viðbótarbókun/Additional Protocol 10.5.1979, undirritað án fyrirvara um fullgildingu, C 8/1986 og tók gildi 7. nóvember 1989, C 36/1991.

13.2.1969 Samningur um stofnun Sameindalíffræðiþings Evrópu/Agreement Establishing the European Molecular Biology Conference, aðild 20. febrúar 1978, tók gildi sama dag, C 4/1978.

6.5.1969 Evrópusamningur um vernd fornleifaarfsins/European Convention on the Protection of the Archeological Heritage, fullgiltur 19. september 1989, tók gildi 20. desember 1989, C 15/1989.

23.6.1969 Alþjóðasamningur um mælingar skipa/International Convention on Tonnage Measurement of Ships, aðild 17. júní 1970, C 18/1970.

29.11.1969 Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun/International Convention relating to Intervention on the High Seas in Cases of Oil Pollution Casualties, staðfestur 17. júlí 1980, tók gildi 15 október 1980, C 10/1980.

29.11.1969 Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar/International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, staðfestur 17. júlí 1980, tók gildi 15. október 1980, C 10/1980.

12.12.1969 Evrópusamningur um greiðslu námsstyrkja til námsmanna erlendis/European Agreement on continued Payment of Scholarships to Students studying abroad, fullgiltur 16. febrúar 1971, tók gildi 17. mars 1971, C 12/1971.

12.12.1969 Samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland/Aftale om en Industrialiseringsfond for Island, undirritaður 12. desember 1969, gekk í gildi 9. mars 1970, C 8/1970.

Viðbótarsamningur/Supplementary Agreement 29.4.1980, undirritaður 29. apríl 1980, tók gildi 14. júlí 1980, C 13/1980.

Viðbótarsamningur/Supplementary Agreement 21.3.1986, undirritaður 12. desember 1986, gekk í gildi 30. maí 1986, C 7/1986.

28.5.1970 Evrópusamningur um alþjóðlegt gildi refsidóma/European Convention on the Internatinal Walidity of Criminal Judgements, fullgiltur 6. ágúst, tók gildi 7. nóvember 1993, C 22/1993.

19.6.1970 Samstarfssáttmáli um einkaleyfi/Patent Corporation Treaty (PCI), fullgiltur 23. desember 1994, tekur gildi 23. mars 1995, bíður birtingar.

8.10.1970 Samningur um gagnkvæma viðurkenningu á eftirliti með framleiðslu lyfja/Convention for the Mutual Recognition of Inspections in respect of the Manufacture of Pharmaceutical Products, undirritaður 8. október 1970, tók gildi 25. maí 1971, C 6/1971.

16.12.1970 Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (Haag-samningur)/Convention for the Unlawful Seizure of Aircraft (Hague), aðild 29. júní 1973, tók gildi 30. júlí 1973, C 12/1973.

2.2.1971 Samþykkt um votlendi, sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf/Convention on Wetlands of International Importance, especially as Waterfowl Habitat, aðild 2. desember 1977, tók gildi 2. apríl 1978, C 1/1978.

Bókun/Protocol 3.12.1982, undirrituð með fyrirvara um fullgildingu 11. júní 1986, gekk í gildi 1. október 1986, C 10/1986 og staðfest 18. júní 1993, C 19/1993.

11.2.1971 Samningur um bann við staðsetningu gjöreyðingarvopna á hafsbotni/Treaty on the Prohibition of the Emplacement of Nuclear Weapons and other Weapons of Mass Destruction on the Sea-Bed and the Ocean Floor and in the Subsoil Thereof, undirritaður 11. febrúar 1971, C 11/1971, fullgiltur 30. maí 1972, tók gildi sama dag, C 6/1972.

21.2.1971 Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1971/Convention on Psychotropic Substances, 1971, aðild 18. desember 1974, C 23/1974 og tók gildi 16. ágúst 1976, C 19/1976.

15.3.1971 Norðurlandasamningur um samstarf á sviði menningarmála/Nordisk Aftale om kulturelt samarbejde, fullgiltur 8. desember 1971, gekk í gildi 1. janúar 1972, C 2/1972.

Breyting/Amendment 13.6.1983, fullgild 23. desember 1983, C 18/1983 og gekk í gildi 1. febrúar 1984, C 2/1984.

Breyting/Amendment 6.5.1985, staðfest 30. nóvember 1985, C 15/1985 og tók gildi 12. febrúar 1986, C 5/1986.

Breyting/Amendment 15.9.1989 staðfest 2. maí 1990, gekk í gildi 1. júní 1990, C 12/1990.

24.7.1971 Sáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum/Convention for the International Protection of Literary and Artistic Works, aðild 28, september 1984, tók gildi 28. desember 1984, C 18/1984.

20.8.1971 Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti „INTELSAT", ásamt rekstrarsamkomulagi/Agreement relating to the International Telcommunications Satellite Organization „INTELSAT", with Operating Agreement, fullgiltur 7. febrúar 1975, tók gildi sama dag, C 3/1975.

23.9.1971 Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna (Montreal-samningur)/Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation (Montreal), aðild 29. júní 1973, tók gildi 30. júlí 1973, C 13/1973.

Bókun til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð/Protocol for the Suppression of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation 23.2.1988, fullgild 9. maí 1990, tók gildi 8. júní 1990, C 9/1990.

18.12.1971 Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar/International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, staðfestur 17. júlí 1980, gekk í gildi 15. október 1980, C 10/1980.

15.2.1972 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningur)/Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft (Oslo), staðfestur 27. júní 1973, C 16/1973 og gekk í gildi 7. apríl 1974, C 5/1974.

Bókun/Protocol 2.3.1983, fullgild 16. júlí 1987, C 10/1987 og tók gildi 1. september 1989, C 22/1989.

Breyting/Amendment 13.6.1985, samþykkt 30. maí 1989, tók gildi 11. maí 1990, C 35/1991.

7.4.1972 Samningur um gæslumenn á hvalveiðistöðvum á Norður-Atlantshafssvæðinu (Ísland, Noregur og Kanada)/Agreement concerning an International Observer Scheme for Land-based Whaling Stations in the North Atlantic Area, C 4/1972, féll úr gildi 15. apríl 1983, C 20/1982.

10.4.1972 Samningur um bann við sýkla- og eiturvopnum/Convention on the Prohibition and Stockpiling of Bacteriological (Biological) and Toxin Weapons and on their Destruction, undirritaður 10. apríl 1972 C 8/1972, fullgiltur 15. febrúar 1973, C 5/1973 og gekk í gildi 26. mars 1975, C 8/1975.

20.10.1972 Samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972/Convention on the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, fullgiltur 21. apríl 1975, C 6/1975 og gekk í gildi 15. júlí 1977 4/1977.

Breytingar/Amendment 19.11.1981, C 4/1983.

Breytingar/Amendment 19.11.1987.

Breytingar/Amendment 19.10.1989.

6.11.1972 Norðurlandasamningur um samstarf á sviði flutninga og samgangna/Nordisk overenskomst om samarbejde på transport- og kommunikationsområdet, undirritaður 6. nóvember 1972, C 23/1972 og gekk í gildi 1. mars 1973, C 4/1973.

Breyting/Amendment 15.6.1983, fullgilt 21. desember 1983, C 16/1983 og gekk í gildi 15. júní 1983, C 1/1984.

2.12.1972 Samningur um gáma/Convention for Safe Containers, aðild 25. október 1994, tekur gildi 25. október 1995, bíður birtingar.

29.12.1972 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningur)/Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Wastes and Other Matter (London), staðfestur 24. maí, C 17/1973 og gekk í gildi 30. ágúst 1975, C 1/1976.

20.2.1973 Norðurlandasamningur um tækni- og iðnþróunarsjóð/Nordisk overenskomst om en nordisk fond for teknologi og industriel udvikling, undirritaður 20. febrúar 1973, C 18/1973 og gekk í gildi 17. apríl 1974, C 7/1974.

25.10.1973 Alþjóðafjarskiptasamningur (Malaga-Torremolinos, 1973)/International Telecommunications Convention (Malaga-Torremolinos, 1973), fullgiltur 6. janúar 1977, tók gildi sama dag, C 5/1977.

26.10.1973 Samningur um flutning líka/Agreement on the Transfer of Corpses, undirritaður án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu 10. október 1975, tók gildi 11. nóvember 1975, C 20/1975.

2.11.1973 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973/International Convention for the Prevention of Pollution from Ships, 1973, aðild 25. júní 1985, C 9/1985 og tók gildi 25. september 1985, C 5/1989.

Bókun/Protocol 17.2.1978, aðild 25. júní 1985, tók gildi 25. september 1985, C 9/1985.

Bókun/Protocol 17.2. 1978, gekk í gildi 1. júlí 1992, C 13.

14.12.1973 Samningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum/Convention on the Prevention and Punishment of Crimes against Internationally Protected Persons, including Diplomatic Agents, fullgiltur 2. ágúst 1977, tók gildi 1. september 1977, C 15/1977.

26.4.1974 Norðurlandasamningur um gagnkvæma dómsmálaaðstoð/Nordisk overenskomst om gensidig retshjälp, fullgiltur 22. maí 1975, tók gildi 22. júlí 1975, C 11/1975.

4.6.1974 Samningur um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum/Convention for the Prevention of Marine Pollution from Land-Based Sources fullgiltur 19. júní 1981, tók gildi 19. júlí 1981, C 13/1981.

Bókun/Protocol 26.3.1986, fullgilt 26. ágúst 1987, C 16/1987 og tók gildi 1. september 1989, C 23/1989.

24.6.1974 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini/ILO Convention No. 139, concerning Prevention and Control of Occupational Hazards caused by Carcinogenic Substances and Agents, fullgild 21. júní 1991, tók gildi 21. júní 1992, C 20/1991.

5.7.1974 Alþjóðapóstsamningar (Lausanne)/Universal Postal Convention and Related Agreements (Lausanne), fullgiltir 8. október 1975, tóku gildi þann dag, C 21/1975.

1.11.1974 Alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu, 1974/International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974, fullgiltur 16. júlí 1983, tók gildi 16. október 1983, C 7/1983.

Bókun 1978/Protocol of 1978 17.2.1978, fullgild 16. júlí 1983, tók gildi 16. október 1983, C 7/1983.

15.11.1974 Samkomulag um rekstur veðurathuganastöðva á Norður-Atlantshafi/Agreement for Joint Financing of North Atlantic Ocean Stations, fullgiltur 21. maí 1975, C 12/1975 og gekk í gildi 1. desember 1976, C 24/1976.

Breytingar/Amendments 13.–16.12.1976, samþykktar 13.–16. desember 1976, C 8/1977.

12.6.1975 Samningur um Menningarsjóð Norðurlanda/Overenskomst om nordisk kulturfond, fullgiltur 28. júní 1976, C 16 og gekk í gildi 1. desember 1976, C 23/1976.

Breyting/Amendment 3.12.1990, staðfestur 4. apríl 1991, C 9 og gekk í gildi 3. maí 1991, C 15/1991.

4.12.1975 Samningur um stofnun Norræna fjárfestingarbankans/Aftale om etablering af Den Nordiske investering bank, fullgiltur 31. maí 1976, tók gildi 1. júní 1976, C 12/1976.

10.3.1976 Evrópusamningur um vernd dýra í landbúnaði/European Convention for the Protection of Animals Kept for Farming Purposes, fullgiltur 19. september 1989, tók gildi 20. mars 1990, C 17/1989.

21.6.1976 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála/ILO Convention (No. 144) concerning Tripartite Consultations to Promote the Implementation of International Labour Standards, staðfest 30. júní 1981, tók gildi 30. júní 1982, C 14/1981.

28.6.1976 Norðurlandasamningur um reglur varðandi viðurkenningu á rétthæfingarskeiði o.fl., vegna réttar til dagpeninga fyrir þá, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi/Nordisk overenskomst om regler for godskrivning af kvalifikationsperioder m.m. i forbindelse med ret til dagpenge for arbejdslöshedsforsikrede, gerður 28. júní 1976, gekk í gildi 1. júlí 1976, C 15/1976.

3.9.1976 Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT)/Convention on the International Maritime Satellite Organization (INMARSAT), aðild 26. mars 1991, gekk í gildi 26. mars 1991, C 8/1991.

27.1.1977 Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum/European Agreement on the Suppression of Terrorism, fullgiltur 11. júlí 1980, tók gildi 12. október 1980, C 14/1980.

2.4.1977 Torremolinos-alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, 1977/Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977,[12] fullgiltur 12. júní 1986, C 9/1986.

[12] Ekki enn í gildi.

28.4.1977 Búdapestsáttmálinn um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfa/Budapest Treaty on the International Recognition of the Deposit of Microorganisms for the Purposes of Patent Procedure, fullgiltur 23. desember 1994, tekur gildi 23. mars 1995, bíður birtingar.

8.6.1977 Viðbótarbókun I við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd stríðshrjáðra aðila að alþjóðlegum vopnaviðskiptum/Additional Protocol I to the Geneva Conventions of 12 August 1949, and relating to the Protection of Victims of International Armed Conflicts, fullgild 10. apríl 1987, tók gildi 10. október 1987, C 3/1987.

8.6.1977 Viðbótarbókun II við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd stríðshrjáðra aðila að vopnaviðskiptum sem ekki eru alþjóðleg/Additional Protocol II to the Geneva Conventions of 12 August 1949, and relating to the Protection of Victims of Non-International Armed Conflicts, fullgild 10. apríl 1987, tók gildi 10. október 1987, C 3/1987.

28.6.1978 Evrópusamningur um eftirlit með umráðum einstaklinga á skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra/European Convention on the Control of the Acquisition and Possession of Firearms by Individuals, fullgiltur 20. júní 1984, tók gildi 1. október 1984, C 10/1984.

24.10.1978 Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi/Convention on Future Multilateral Cooperation in the Northwest Atlantic Fisheries, fullgiltur 29. desember 1978, tók gildi 1. janúar 1979, C 17/1978.

26.6.1979 Samningur milli EFTA-landanna og Spánar/Agreement between the EFTA Countries and Spain, fullgiltur 28. desember 1979, C 13/1979.

26.6.1979 Samningur um gildi samningsins milli EFTA-landanna og Spánar gagnvart furstadæminu Liechtenstein/Agreement on the Validity of the Agreement between the EFTA Countries and Spain for the Principality of Liechtenstein, fullgiltur 28. desember 1979, C 13/1979.

26.10.1979 Alþjóðapóstsamningar (Rio de Janeiro)/Universal Postal Convention and Related Agreements (Rio de Janeiro), fullgiltur 9. júlí 1985, tók gildi sama dag, C 6/1985.

3.11.1979 Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa/Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution, fullgiltur 5. maí 1983, tók gildi 3. ágúst 1983, C 1/1983.

19.11.1979 Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu/Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habits, fullgiltur 17. júní 1993, tók gildi 1. október 1993, C 17/1993.

18.12.1979 Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum/Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, fullgiltur 18. júní 1985, tók gildi 18. júlí 1985, C 5/1985.

18.12.1979 Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla/International Convention against the Taking of Hostages, aðild 6. júlí 1981, C 17/1981 og gekk í gildi 3. júní 1983, C 3/1983.

18.11.1980 Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi/Convention on Future Multilateral Co-operation in North-East Atlantic Fisheries, fullgiltur 6. júlí 1981, C 15/1981 og gekk í gildi 17. mars 1982, C 14/1982.

28.1.1981 Samningur um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga/Convention for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data, fullgiltur 25. mars 1991, tók gildi 1. júlí 1991, C 5/1991.

5.3.1981 Samningur um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar/Convention on Nordic Co-operation in Development Assistance, undirritaður 5. mars 1981 og gekk þá í gildi til bráðabirgða, C 5/1981 en fékk endanlegt gildi 1. júní 1982, C 15/1982.

Bókun/Protocol 13.5. 1951, staðfest 20. febrúar 1992, gekk í gildi 21. mars 1992, C 6/1992.

5.3.1981 Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi/Nordisk konvention om social tryghed, fullgiltur 7. júlí 1981, C 16 og tók í gildi 1. janúar 1982, C 23/1981, sjá og auglýsingu C 29/1993.

Breyting/Ændring 29.8./28.9.1984, gekk í gildi 28. október 1984, C 19/1984.

Breyting/Amendment 7.2.1989/24.1.1990, gekk í gildi 24. febrúar 1990, C 2/1990.

17.6.1981 Norðurlandasamningur um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi/Nordisk konvention on nordiske statsborgeres ret til at anvende deres eget sprog i et andet nordisk land, fullgiltur 21. maí 1987, tók gildi 25. júlí 1987, C 5/1987.

22.6.1981 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi/ILO Convention No. 155 concerning Occupational Safety and Health and the Working Environment, fullgild 21. júní 1991, tók gildi 21. júní 1992, C 19/1991.

25.8.1981 Norðurlandasamningur um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar/Nordisk overenskomst om godkendelse af erhvervsudövelse for visse personalegrupper uden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet, fullgiltur 22. júní 1982, C 7/1982, tók gildi 3. ágúst 1983, C 11/1983.

Breyting/Amendment 27.8.1987, aðild 18. september 1989, C 13/1989 og gekk í gildi 2. nóvember 1990, C 31/1990.

Viðbótarbókun/Additional Protocol 27.8.1987, staðfest 2. nóvember 1990, tók gildi 2. desember 1990, C 4/1990.

Breyting/Amendment 28.2.1990, undirrituð 28. febrúar 1990, tók gildi sama dag, C 4/1990.

Breyting/Amendment 28.2.1990, C 31/1990.

Féll úr gildi 31. desember 1993, C 36/1993.

11.9.1981 Norðurlandasamningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum/Nordisk aftale om gjensidig bistand i toldsager, fullgiltur 29. september 1982, C 19/1981 og gekk í gildi 26. ágúst 1982, C 12/1982.

Breyting/Amendment 3.8.1989, gerð 3. ágúst 1989, gekk í gildi sama dag, C 6/1989.

2.3.1982 Samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi/Convention for the Conservation of Salmon in the North Atlantic Ocean, fullgiltur 21. júní 1982, C 5/1982 og gekk í gildi 1. október 1983, C 12/1983.

3.3.1982 Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum/Nordisk overenskomst om et fælles nordisk arbejdsmarked for lærere i folkeskolen, fullgiltur 22. júní 1982, C 11/1982 og gekk í gildi 29. maí 1984, C 5/1984.

6.3.1982 Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað/Overenskomst om fælles nordisk arbejdsmarked, fullgiltur 22. júní 1982, C 6/1982 og gekk í gildi 1. ágúst 1983, C 5/1983.

6.3.1982 Norðurlandasamningur um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar/Nordisk overenskomst om samarbejde mellem mindigheder og institutioner inden for erhversmæssig revaldering og arbejdsmarkedsuddannelsene, fullgiltur 22. júní 1982, C 8/1982 og tók gildi 1. júní 1983, C 2/1983.

15.7.1982 Stofnsamningur Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl (EUTELSAT)/Convention establishing the European Telecommunications Satellite Organization „EUTELSAT", fullgiltur 12. júní 1987, tók gildi sama dag, C 7/1987.

6.11.1982 Alþjóðafjarskiptasamningurinn (Nairobi)/International Telecommunications Convention (Nairobi), fullgiltur 3. júlí, tók gildi sama dag, C 13/1986.

10.12.1982 Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna/United Nations Convention on the Law of the Sea, fullgiltur 21. júní 1985, C 7/1985 og gekk í gildi 16. nóvember 1994, C 40/1993.

21.3.1983 Samningur um flutning dæmdra manna/Convention on the Transfer of Sentenced Persons, fullgiltur 6. ágúst 1993, tók gildi 1. desember 1993, C 21/1993.

14.6.1983 Alþjóðlegur samningur um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrár/International Convention on the Harmonized Commodity Description and Coding System, aðild 28. október 1987, tók gildi 1. janúar, C 25/1987.

Bókun um breytingu/Protocol of Amendment 24.6.1986, aðild 28. október 1987, tók gildi 1. janúar 1988, C 25/1987.

20.6.1983 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra/ILO Convention No. 159 concerning Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons), fullgild 22. júní 1990, tók gildi 22. júní 1991, C 21/1990.

27.7.1984 Alþjóðapóstsamningar (Hamborg)/Universal Postal Convention and Related Agreements (Hamburg), fullgiltir 1. júlí 1986, tóku gildi sama dag, C 12/1986.

22.3.1985 Vínarsamningur um vernd ósónlagsins/Vienna Convention for the Protection of the Ozone Layer, aðild 29. ágúst 1989, tók gildi 27. nóvember 1989, C 9/1989.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósónlagsins/Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer 16.9.1987, aðild 29. ágúst 1989, tók gildi 27. nóvember 1989, C 9/1989.

Breyting/Amendment 19.6.1990, fullgild 16. júní 1993, tók gildi 14. september 1993, C 15/1993.

19.8.1985 Evrópusamningur um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnuleikjum/European Convention on Spectator Violence and Misbehavior at Sports Events and in particular at Football Matches, fullgiltur 23. janúar 1986, tók gildi 1. mars 1986, C 3/1986.

15.10.1985 Evrópusáttmáli um sjálfsstjórn sveitarfélaga/European Charter of Local Self-Government, fullgiltur 25. mars 1991, tók gildi 1. júlí 1991, C 7/1991.

12.11.1985 Norðurlandasamningur um atvinnuleysisbætur/Nordisk overenskomst om ydelser for arbejdslöshed, fullgiltur 15. september 1987, tók gildi 1. desember 1987, C 20/1987.

21.11.1985 Samningur um að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva (COST 43)/Agreement on the Setting up of an Experimental European Network of Ocean Stations (COST 43), fullgiltur 21. mars 1985, tók gildi sama dag, C 2/1985.

19.8.1986 Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd/Overenskomst om oprettelse af den nordiske udviklingsfond for Vestnorden, staðfestur 31. mars 1987, C 2/1987 og tók gildi 17. september 1987, C 17/1987.

26.9.1986 Samningur um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys/Convention on Early Notification of a Nuclear Accident, fullgiltur 29. september 1989, tók gildi 28. október 1989, C 14/1989.

29.9.1986 Norðurlandasamningur um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum/Nordisk overenskomst om fælles arbejdsmarked for faglærere, lærere i praktisk-æstetisk fag og speciallærere i grundskolen, gerður 29. september 1988 og tók gildi 30. janúar 1989, C 13/1988.

29.9.1986 Norðurlandasamningur um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum/Nordisk overenskomst om fælles arbejdsmarked for faglærere og lærere i praktisk-æstetisk fag i gymnasieskolen (gymnasiet og erhversskolene, gerður 29. september 1986, gekk í gildi 30. janúar 1989, C 14/1988.

13.5.1987 Samningur um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs/Aftale om den retlige stilling for Nordisk Ministerråds Sekretariat og Nordisk Råds Præsidieskretariat, staðfestur 13. september 1989, gekk í gildi 13. október 1989, C 12/1989.

20.5.1987 Samningur um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum/Convention on the Simplification of Formalities in Trade in Goods, samþykktur 28. október 1987, tók gildi 1. janúar 1988, C 23/1987.

20.5.1987 Samningur um sameiginlegar umflutningsreglur/Convention on a Common Transit Procedure, samþykktur 28. október 1987, tók gildi 1. janúar 1988, C 24/1987.

26.11.1987 Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu/European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, fullgiltur 19. júní 1990, tók gildi 1. október 1990, C 19/1990.

15.6.1988 Samningur um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi/Convention on the Mututal Recognition of Test Results and Proofs of Conformity, staðfestur 8. júní 1990, C 14 og tók gildi 1. október 1990, C 27/1990.

Bókun um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein/Protocol relating to the Application of the Convention to the Principality of Liechtenstein 15.6.1988, fullgild 8. júní 1990, C 14/1990 og tók gildi 1. október 1990, C 27/1990.

3.11.1988 Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs/Overenskomst om opprettelse af Nordisk Udviklingsfond, staðfestur 31. desember 1988, tók gildi 30. janúar 1989, C 15/1988.

9.12.1988 Norðurlandasamningur um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra/Nordisk aftale om retslige stilling af nordiske instututioner og deres ansatte, staðfestur 10. ágúst 1989, C 7/1989 og tók gildi 21. desember 1989, C 20/1989.

8.5.1989 Norðurlandasamningur um almannaskráningu/Nordisk overenskomst om Folkeregistrering, staðfestur 19. maí 1990 og gekk í gildi 1. október 1990, C 13/1990.

12.6.1989 Samningur milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, gerður 12. júní 1989, tók gildi sama dag, C 2/1989.

29.6.1989 Norðurlandasamningur um vinnuvernd/Nordisk overenskomst om arbejdsmiljö, staðfestur 22. febrúar, gekk í gildi 24. mars 1990, C 3/1990.

12.9.1989 Norðurlandasamningur til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár/Nordisk overenskomst til undgåelse af dobbelbeskatning for så vidt angår skatter af arv og gaver, staðfestur 2. maí 1990, C 11/1990 og tók gildi 19. ágúst 1992, C 14/1992.

Breyting, gekk í gildi 19. ágúst 1992, C 30/1993.

12.9.1989 Norðurlandasamningur til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir/Nordisk overenskomst til undgåelse af dobbelbeskatning for så angår Indkomst- og Formueskatter, staðfestur 24. nóvember 1989, gekk í gildi 31. desember 1989, C 19/1989.

Breyting/Amendment 17.4./9.7.1990, orðsendingar á tímabilinu 17. apríl til 19. júlí 1990 um gildistöku, C 33/1990.

16.11.1989 Evrópusamningur gegn misnotkun lyfja í íþróttum/Anti-Doping Convention, undirritaður án fyrirvara um fullgildingu 25. mars 1991, tók gildi 1. maí 1991, C 6/1991.

20.11.1989 Samningur um réttindi barnsins/Convention on the Rights of the Child, fullgiltur 28. október, tók gildi 27. nóvember 1992, C 18.

7.12.1989 Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum/Aftale mellom de nordiske lande om bistand í skattesager, staðfestur 11. júní 1990, C 16/1990 og gekk í gildi 8. maí 1991, C 10/1991.

19.12.1989 Samningur milli EFTA-ríkjanna, annars vegar, og Efnahagsbandalags Evrópu, hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða/Agreement between the EFTA Countries, on the one hand, and the European Economic Community, on the other hand, laying down a Procedure for the Exchange of Information in the Field of Technical Regulations, staðfestur

20. júní 1990, C 18/1990 og gekk í gildi 1. nóvember 1990, C 30/1990.

2.3.1990 Samningur um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar/Overenskomst om opprettelse af det nordiske miljöfinanseringsselskab, staðfestur 1. ágúst 1990, C 26/1990 og gekk í gildi 27. október 1990, C 29/1990.

29.5.1990 Stofnsamningur Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu/Agreement Establishing the European Bank for Reconstruction and Development, fullgiltur 6. febrúar 1991, C 2/1991 og gekk í gildi 15. apríl 1991, C 4/1991.

19.11.1990 Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu/Treaty on Conventional Armed Forces in Europe, fullgiltur 24. desember 1991, C 34/1991 og gekk í gildi 9. nóvember 1992, C 19/1992.

30.11.1990 Alþjóðasamningur um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, fullgiltur 21. júní 1993, C 16/1993.

10.12.1991 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands/Agreement between EFTA States and Turkey, fullgiltur 13. júlí 1992, tók gildi sama dag, C 15/1992.

19.2.1992 Samningur um gagnkvæma viðurkenningu prófana/Instruments of Acceptance for the Sectional Agreement concerning Measuring Instruments, staðfestur 22. apríl 1994, gekk í gildi 1. júní 1994, bíður birtingar.

4.3.1992 Norðurlandasamningur um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi, staðfest 17. desember 1992, gekk í gildi 16. janúar 1993, C 24/1992.

20.3.1992 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins/Agreement between the EFTA States and the Czech and Slovak Federal Republic, fullgilt 27. nóvember 1992, gekk í gildi 1. janúar 1993, C 22/1992.

Samþykkt/Decision 8.12.1992, gekk í gildi 1. janúar 1993.

Bókun/Protocol 19. apríl 1993, gekk í gildi sama dag, C 5/1993.

Bókun/Protocol 19. apríl 1993, gekk í gildi sama dag, C 6/1993.

2.5.1992 Samningur um Evrópskt efnahagssvæði/Agreement on European Economic Area, fullgiltur 4. febrúar 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 31/1993.

Bókun 17.3.1993, fullgilt 28. maí 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 31/1993.

2.5.1992 Samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og bókun um breytingu á samningnum/Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, fullgiltur 2. febrúar 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 32/1994.

Bókun/Protocol 17.3.1993, fullgild 9. júní 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 32/1994.

Bókun/Protocol 2.5.1993, fullgild 27. desember 1993, C 38/1993.

2.5.1992 Samningur um fastanefnd EFTA-ríkjanna og bókun um breytingu á samningnum/Agreement on a Standing Committee of the EFTA States, fullgiltur 2. febrúar 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994.

Bókun/Protocol 17.3.1993, fullgild 9. júní 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 33/1994.

9.5.1992 Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar/United Nations Framework Conventin on Climate Change, fullgiltur 16. júní 1993, C 14/1993 og gekk í gildi 21. mars 1994 C 39/1993.

18.5.1992 Samningur milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, undirritaður 25. júní 1992, gekk í gildi sama dag, C 27/1992.

20.5.1992 Samningur um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna, fullgiltur 27. desember 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994.

Bókun/Protocol 17.3.1993, fullgild 27. desember 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 37/1994.

5.6.1992 Samningur um líffræðilega fjölbreytni/Convention on Biological Diversity, fullgiltur 4. nóvember 1994, tók gildi 11. desember 1994.

15.6.1992 Norðurlandasamningur um almannatryggingar, samþykktur 2. júní 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 29/1993.

10.12.1992 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands/Agreement between the EFTA States and Polland, fullgiltur 16. júní 1993, C 8/1993, tók gildi til bráðabirgða 15. nóvember 1994, C 25/1993.

10.12.1992 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu/Agreement between the EFTA States and Romenia, staðfestur 16. maí 1994, tók gildi 1. júlí 1994.

29.3.1993 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu/Agreement between the EFTA States and Bulgaria, staðfestur 16. maí 1994, tók gildi 1. júlí 1994.

29.3.1993 Samningur á milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands/Agreement between the EFTA States and Hungary, staðfestur 16. maí 1994, tók gildi 1. júlí 1994.

14.6.1993 Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, staðfestur 23. desember 1993, gekk í gildi 1. janúar 1994, C 36/1994.

15.4.1994 Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, fullgiltur 30. desember 1994, tók gildi 1. janúar 1995.

Samningar við einstök ríki og stofnanir.

Nr.	Dagsetn.	
		Alþjóðakjarnorkumálastofnunin.
12/1972	12.7.1972	Samningur um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, gildistaka 12. júlí 1972.
		Ástralía.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.

5/1988	22.5.1988	Uppsögn 23. nóvember 1988.
181	25.11.1937	Samkomulag um að samningurinn skuli ná til vissra nýlendna og landsvæða, gildistaka 25. nóvember 1937.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
5/1988	22.5.1988	Uppsögn 23. nóvember 1988.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
126	13.11.1952	Samningur um bestu kjör, gildistaka 13. nóvember 1952.
5/1969	29.4.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. maí 1969.
		Austurríki.
127	6.4.1928	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 15. mars 1929.
128	30.4/2.6.1830	Yfirlýsingar um afnám frádráttarréttar, gildistaka 2. júní 1830.
129	1.5.1954	Yfirlýsingar um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 23. mars 1959.
		Bahamaeyjar.
9/1974	16./1973 4.4.1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 4. apríl 1974.
17/1980	7.3.1978 22.7.1980	Samningur um áframhaldandi gildi samnings um framsal sakamanna, gildistaka 22. júlí 1980.
		Bandaríki Norður-Ameríku.
130	6.1.1902	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 16. maí 1902.
131	6.11.1905	Viðbótarsamningur, gildistaka 9. febrúar 1906.
132	17.4.1914	Samningur um friðsamlega lausn deilumála, gildistaka 19. janúar 1915.
134	19./21.6.1926	Samkomulag um ókeypis áritanir á vegabréf ferðamanna, gildistaka 6. ágúst 1925.
135	23.6./5.7.1928	Samningur um póstávísanaviðskipti, gildistaka 1. október 1928.
136	15.5.1930	Gerðardómssamningur, gildistaka 2. október 1930.
137	11.10./31.10.1938	Samningur um póstbögglaviðskipti, gildistaka 4. mars 1939.
138	21.11.1941	Samningur um láns- og leiguhjálp, vegna varna Íslands, gildistaka 21. nóvember 1941.
139	17.8.1942	Samningur um skipti á opinberum ritum, gildistaka 17. ágúst 1941.
142	27.1.1945	Loftflutningasamningur, gildistaka 27. janúar 1945.
10/1978	17.8.1978	Breyting, gildistaka 17. ágúst 1978.

143	27.1./11.4.1945	Samningur um flutninga á íslenskum farþegum og pósti með flugvélum, gildistaka 11. apríl 1945.
144	3.7.1948	Samningur um efnahagssamvinnu, gildistaka 11. apríl 1945.
145	7.2.1950	Breytingar, gildistaka 7. febrúar 1950.
146	23.2.1951	Breytingar, gildistaka 23. febrúar 1951.
147	9.10.1952/ 1.10.1953	Breytingar, gildistaka 1. október 1953.
148	5.5.1951	Varnarsamningur á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, gildistaka 5. maí 1951.
149	8.5.1951	Viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, gildistaka 24. maí 1951.
156	6.12.1956	Samningur um dvöl varnarliðs á Íslandi, um að umræður um endurskoðun á varnarsamningnum frá 1951 verði látnar niður falla o.fl., gildistaka 6. desember 1956.
2/1974	22.10.1974	Orðsendingaskipti og samkomulag ásamt bókun varðandi varnarsamninginn frá 1951, gildistaka 22. október 1974.
150	7./8.1.1952	Erindaskipti um gagnkvæmt öryggi, gildistaka 8. janúar 1952.
151	5./18.3.1952	Samningur um undanþágu frá opinberum gjöldum á greiðslur Bandaríkjanna vegna sameiginlegra varna, gildistaka 18. mars 1952.
152	4.10./10.12.1954	Samningur um að Ísland kaupi vissan herbúnað, tæki og þjónustu, gildistaka 10. desember 1954.
153	11./20.7.1955	Samningur um skráningu öldutíðna fyrir útvarp vegna varnarliðsins á Íslandi, gildistaka 20. júlí 1955.
154	4.6.1956	Samkomulag um að gildistími áritana á vegabréf vissra ferðamanna, sem ekki teljast útflytjendur, skuli verða framlengdur, gildistaka 4. júní 1956.
155	23.11.1956	Samningur um greiðslu á kröfum íslenskra vátryggingafélaga, gildistaka 23. nóvember 1956.
159	23.6.1959	Samningur um sérstaka efnahagsaðstoð, gildistaka 23. júní 1959.
160	30.12.1960	Samningur um fjárveitingu til styrktar verðfestingaráætlun Íslands, gildistaka 30. desember 1960.
162	3.5./14.9.1961	Samningur um að loka reikningi vegna samnings um kaup á umframbirgðum af landbúnaðarafurðum, dags. 11. apríl 1957, gildistaka 14. september 1961.
11/1962	21./27.12.1962	Samningur um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af rekstri flugvéla og skipa, gildistaka 27. desember 1962.
1/1964	13.2.1964	Samningur um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum, gildistaka 13. febrúar 1964.

12/1985	22./27.8.1985	Breyting, gildistaka 1. september 1985.
16/1967 2/1968	7.7./16.10.1967	Samningur um gagnkvæma niðurfellingu á gjöldum & af flugvélaeldsneyti, afgreiðslutækjum flugvéla o.fl., gildistaka 16. október 1967.
9/1968	29.5.1968	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarvörum, gildistaka 29. maí 1968.
7/1969	23.5.1969	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 23. maí 1969.
20/1970	24.6.1970	Samkomulag varðandi flug Loftleiða, gildistaka 24. júní 1979.
22/1970	4.8.1970	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 4. ágúst 1970.
21/1971	28.10.1971	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 28. október 1971.
22/1972	4.12.1972	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 4. desember 1972.
22/1975	7.5.1975	Samningur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, gildistaka 1. janúar 1970.
5/1978	26.4.1978	Samkomulag varðandi útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 5. júlí 1983.
10/1983	5.7.1983	Erindaskipti um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, gildistaka 5. júlí 1983.
16/1984	21.9.1984	Samningur um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna, gildistaka 16. nóvember 1984.
8/1989	23.11.1988 17.1.1989	Breyting, gildistaka 25. júlí 1989.
26/1991	11.2./5.4. 1991	Breyting, gildistaka 21. október 1991.
15/1986	24.9.1986	Samningur til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna, gildistaka 31. október 1986.
19/1987	14.9/15.9. 1987	Samningur um hvalamálefni, gildistaka 15. september 1987.
6/1988	22.6.1988	Samningur um hvalamálefni, gildistaka 22. júní 1988.
5/1992	29.11.1991	Samningur um framkvæmd eftirlits vegna samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu, gildistaka 9. nóvember 1992, C 20/1992.
		Barbados.
17/1968	28.11./9.12.1968	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. janúar 1969.
		Belgía.
168	26.1./21.3.1834	Yfirlýsingar um afnám frádráttarréttar, gildistaka 21. mars 1834.
163	25.3.1876	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 25. mars 1876.

164	18.6.1895	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 26. júní 1895.
165	26.4.1905	Samningur um gerð, gildistaka 2. maí 1906.
166	26.8.1909	Samningur um ræðismenn, gildistaka 27. júní 1910.
167	21.12.1928	Samningur til að forðast tvísköttun á tekjum siglingafyrirtækja landanna, gildistaka 12. ágúst 1930.
169	20.11./5.12.1947	Samkomulag um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 5. desember 1947.
23/1965	19.10./30.11.1965	Samkomulag við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum, gildistaka 30. nóvember 1965.
21/1970	9.7.1970	Samningur til að komast hjá tvísköttun á tekjur loftferðafyrirtækja, gildistaka 9. júlí 1970.
24/1975	28.11.1975	Erindaskipti um fyrirkomulag varðandi fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, gildistaka 28. nóvember 1975.
12/1981	11.6.1981	Breytingar, gildistaka 11. júní 1981.
		Botswana.
8/1974	15.12.1972/1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. maí 1974.
		Bólivía.
170	9.11.1931	Verslunarsamningur, gildistaka 29. mars 1934.
		Brasilía.
171	27.11.1911	Samningur um gerðardóm, gildistaka 12. janúar 1916.
172	30.7.1936	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 30. júlí 1936.
173	10.5.1956	Viðskiptasamkomulag, gildistaka 10. maí 1956.
174	5.2.1839	Samningur um afnám frádráttarréttar, gildistaka 5. febrúar 1839.
10/1969	28.8.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 28. nóvember 1969.
		Bretland.
175	13.2.1660/61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1661.
176	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
177	9.5.1912	Bókun varðandi breytingar á samningunum frá 13. febr. 1660–61 og 11. júlí 1670, gildistaka 9. maí 1912.
178	7.2.1810	Yfirlýsing í ríkisráði um grið og réttarstöðu Íslendinga o.fl., gildistaka 7. febrúar 1810.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.

180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
181	25.11.1937	Samkomulag um að samningurinn skuli ná til vissra nýlendna og landsvæða, gildistaka 25. nóvember 1937.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
183	11.4.1877	Samkomulag um meðferð á eignum látinna sjómanna, gildistaka 11. apríl 1877.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
185	13.10./30.9.1921	Samningur um póstávísanaviðskipti, gildistaka 30. september 1921.
186	27.4.1928	Samningur um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af hagnaði af skipaútgerð, gildistaka 27. apríl 1928.
187	19.5.1933	Viðskiptasamkomulag, gildistaka 19. maí 1933.
18/1989	23.10.1989	Breyting, gildistaka 23. október 1989.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
190	12.10.1944	Samkomulag um afhendingu Reykjavíkurflugvallar til Íslendinga, gildistaka 12. október 1944.
195	20.6.1947	Samkomulag um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 20. júní 1947.
193	9.2.1961	Samkomulag um að viðurkenna bresk ferðamannaskilríki, gildistaka 9. febrúar 1961.
7/1972	14.6.1972	Samningur um flugþjónustu, gildistaka 14. júní 1972.
11/1974	11./13.6.1974	Erindaskipti um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 13. júní 1974.
12/1974	27.6.1974	Samkomulag um greiðslur vegna flugþjónustu, gildistaka 27. júní 1974.
26/1992	31.12.1992	Breyting, gildistaka 31. desember 1992.
19/1982	22.9.1982	Samningur um heilbrigðisþjónustu, gildistaka 29. september 1982.
21/1982	1.12.1982	Samkomulag um greiðslur vegna flugþjónustu, gildistaka 1. janúar 1983.
11/1985	25.8.1983	Samningur um félagslegt öryggi, gildistaka 1. ágúst 1983.
32/1991	30.9.1991	Tvísköttunarsamningur, gildistaka 19. desember 1991.
		Búlgaría.
17/1963	29.10.1963	Viðskiptasamningur, gildistaka 29. október 1963.
4/1968	10.4.1968	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. júlí 1968.
7/1990	24.4.1990	Uppsögn 24. apríl 1990.
		Cabo Verde.
22/1981	27.11.1981	Samningur um þróun fiskveiða, gildistaka 27. nóvember 1981.

6/1986	12./19.3.1986	Erindaskipti um framlengingu samningsins.
28/1990	3.10.1990	Samningur um þróunarsamvinnu, gildistaka 3. október 1990.
		Chile.
196	4.2.1899	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 9. apríl 1907.
197	30.11.1905	Viðbótargreinar, gildistaka 9. apríl 1907.
10/1967	17.5.1967	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 17. maí 1967.
		Danmörk.
198	15.10.1927	Samningur um gagnkvæma afhendingu úr söfnum á bókum og skjölum, gildistaka 15. október 1927.
199	27.6.1930	Samningur um aðferðina við úrlausn deilumála, gildistaka 24. mars 1931.
200	18.5.1934	Samkomulag um hversu vissar ræðismannagerðir, er varða siglingar ríkjanna, skuli framkvæmdar, gildistaka 18. maí 1934.
202	9.9.1946	Bókun um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, gildistaka 9. sepember 1946.
203	4.6.1948	Viðskiptasamningur, gildistaka 1. maí 1948.
22/1987	8.10./12.10.1987	Uppsögn 22. október 1987.
204	22.3.1950	Loftferðasamningur, gildistaka 22. mars 1950.
24/1965	1.7.1965	Sáttmáli um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands, gildistaka 1. apríl 1971.
20/1986	1.8.1986	Bókun, gildistaka 1. ágúst 1986.
19/1975	10.9.1975	Erindaskipti um flugumferðarþjónustu í hluta af loftrými Grænlands, gildistaka 1. janúar 1976.
1/1985	31.1.1985	Samningur um viðskipti Íslands og Grænlands, gildistaka 1. febrúar 1985.
9/1976	20.3.1976	Færeyjar: Aðstaða Færeyinga til fiskveiða við Ísland, gildistaka 20. mars 1976.
2/1979	10.1.1979	Bókun, gildistaka 10. janúar 1979.
3/1981	13.1.1981	Bókun, gildistaka 13. janúar 1981.
4/1984	9.3.1984	Bókun, gildistaka 9. mars 1984.
		Dominica.
15/1978	23.10./11.12.	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 11. nóvember 1978.
		Efnahagsbandalag Evrópu.
2/1973	22.8.1972	Viðskiptasamningur, gildistaka 1. apríl 1973.
14/1975	29.5.1975	Viðbótarbókun, gildistaka 29. maí 1975.

22/1976	29.6.1976	Erindaskipti um breytingar á bókun nr. 6, gildistaka 1. júlí 1976.
2/1981	6.11.1980	Viðbótarbókun vegna aðildar Grikklands að bandalaginu, gildistaka 1. janúar 1981.
10/1985	28.8.1985	Samningur um sameiningu og breytingar á texta bókunar nr. 3, gildistaka 1. janúar 1985.
16/1986	14.7.1986	Viðbótarbókun vegna aðildar Spánar og Portúgals að bandalaginu, gildistaka 1. janúar 1987.
18/1986	14.7.1986	Samkomulag varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningurinn nær ekki til, gildistaka 14. júlí 1986.
10/1981	15.5.1981	Samningur um innflutning á kindakjöti, gildistaka 1. febrúar 1981.
28/1991	24.10.1991	Samningur til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar, gildistaka 1. nóvember 1991.
29/1991	24.10.1991	Samstarfssamningur um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE), gildistaka 28. október 1991.
10/1992	16.3.1992	Samstarfssamningur um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála: Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá, staðfestur 18. maí 1992, gildistaka 18. maí 1992.
34/1993	2.5.1992	Samningur um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði, gildistaka 1. janúar 1994.
35/1993	15.12.1993	Samningur um fiskveiðimál og lífríki hafsins, gildistaka 15. desember 1993.
		Eistland.
24/1991	26.8.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 26. ágúst 1991. Tvísköttunarsamningur, bíður staðfestingar.
		Evrópumiðstöð fyrir meðallangdrægar veðurspár.
21/1981	15.5.1981	Samstarfssamningur, gildistaka 1. desember 1980.
		Filippseyjar.
18/1981	16.9./30.10.1981	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana gagnvart handhöfum diplómatískra og sérstakra vegabréfa og um niðurfellingu gjalda fyrir vissar áritanir, gildistaka 9. nóvember 1981.
		Finnland.
207	21.12.1923	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 4. júlí 1924.

208	27.6.1930	Samningur um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gildistaka 5. febrúar 1932.
209	10.3.1960	Loftferðasamningur, gildistaka 10. mars 1960.
7/1970	20.10.1970	Samkomulag um innflutning á kindakjöti til Finnlands, gildistaka 1. mars 1970.
		Frakkland.
211	23.8.1742	Samningur um verslun, siglingar og búsetu, gildistaka 23. ágúst 1742.
212	28.3.1877	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 3. apríl 1878.
213	1.4.1886	Samningur um framsöl á eftirlátnum fjármunum og ógoldnu kaupi sjómanna, gildistaka 1. maí 1886.
214	9.8.1911	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 9. ágúst 1911.
215	14.4.1926	Samkomulag snertandi upprunaskírteini, gildistaka 1. júní 1926.
218	5./7.6.1947	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 7. júní 1947.
216	6.12.1951	Samningur um viðskipti og greiðslur, gildistaka 6. desember 1951.
4/1966	24.5.1966	Erindaskipti um framlengingu samningsins, gildistaka 24. maí 1966.
4/1988	16.6.1988	Uppsögn 1. janúar 1988.
9/1972	10./17.5.1972	Samkomulag um vörumerkjavernd, gildistaka 17. maí 1972.
18/1982	8.5.1981	Samningur til þess að komast hjá tvísköttun á sviði loftflutninga, gildistaka 27. júlí 1982.
20/1984	12.4.1983	Samkomulag um menningar- og vísindasamvinnu, gildistaka 16. október 1984.
14/1991	29.8.1990	Samstarfssamningur um samstarfsverkefni á sviði kvikmyndagerðar, gildistaka 1. júní 1991.
7/1992	30.1.1992	Samningur um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk, gildistaka 29. apríl 1992.
8/1992	29.9.1990	Tvísköttunarsamningur, gildistaka 1. júní 1992.
		Færeyjar.
12/1993	6.8.1992	Samningur um fríverslun, staðfestur 2. júní 1993, gildistaka 1. september 1992.
13/1993	28.8./31.8. 1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. september 1992.
		Gambía.
13/1965	13.10./17.11.1965	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 17, nóvember 1965.

Grenada.

20/1974	6./25.11.1947	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 25. nóvember 1947.

Grikkland.

219	28.1.1930	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 29. maí 1931.
220	14.5.1955	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 14. maí 1955.

Haítí.

221	21.10.1937	Verslunarsamningur, gildistaka 12. október 1938.

Holland.

222	15.6.1701	Samningur um vináttu, gott samlyndi og verslun, gildistaka 15. júní 1701.
223	10.7.1817	Yfirlýsing um að samningurinn haldist í gildi og nái nú einnig til suðurfylkja Hollands, gildistaka 10. júlí 1817.
229	11.4.1825	Afnám frádráttarréttar, gildistaka 11. apríl 1825.
224	24./27.12.1861	Samningur um undanþágu frá herþjónustu, gildistaka 27. desember 1861.
225	18.1.1894	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 18. janúar 1894.
226	2.7.1895	Viðaukasamningur um að samningurinn skuli einnig ná til hinna dönsku og hollensku nýlendna, gildistaka 2. júlí 1895.
227	12.2.1904	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 8. mars 1906.
228	22.3.1950	Loftflutningasamningur, gildistaka 22. mars 1950.
23/1965	19.10./30.11.1965	Samkomulag við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum, gildistaka 30. nóvember 1965.

Indland.

175	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1600–61.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
184	21.6.1881	Samningur um framsal sakamanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
14/1974	15.5./25.6.1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana.

Íran.

231	15.7.1950	Vináttusamningur, gildistaka 12. desember 1950.

Írland.

232	2.12.1950	Viðskiptasamningur, gildistaka 2. desember 1950.
233	19./20.5.1949	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 20. maí 1949.

Ísrael.

25/1976	15.6.1960	Orðsendingaskipti um samkomulag um gagnkvæma skráningu og vernd vörumerkja, gildistaka 15. júní 1960.
234	19.10.1960	Viðskiptasamningur og greiðslusamningur, gildistaka 1. janúar 1960.
235	29.12.1955	Afnám gjalds fyrir vegabréfsáritanir, gildistaka 29. desember 1955.
1/1966	23.2.1966	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. apríl 1966.
19/1980	10.10.1980	Erindaskipti um menningar- og vísindasamstarf, gildistaka 10. október 1980.
11/1993	16.9.1992	Samningur um landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. ágúst 1983.

Ítalía.

236	1.5.1864	Orðsendingaskipti um samkomulag um gagnkvæma skráningu og vernd vörumerkja, gildistaka 1. maí 1864.
237	17.9.1902	Viðaukagrein, gildistaka 17. september 1902.
238	19.7.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 9. júlí 1873.
239	25.6.1883	Samningur um að veita fátækum þegnum gjafsókn í málum, gildistaka 25. júní 1883.
240	20.6.1889	Samningur um afhendingu dánarvottorða, gildistaka 20. júní 1889.
241	7.11.1891	Samningur um gagnkvæmt afnám frádráttarréttarins, gildistaka 7. nóvember 1891.
242	16.12.1905	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 16. desember 1905.
243	18.7.1907	Yfirlýsing um gagnkvæma skráningu vörumerkja, gildistaka 18. júlí 1907.
244	8./10.8.1950	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 10. ágúst 1950.
4/1976	30.1./6.2.1976	Erindaskipti um gagnkvæma skráningu vörumerkja, gildistaka 6. febrúar 1976.

Jamaíka.

9/1969	10.4./2.7.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. ágúst 1969.

Japan.

17/1966	15.11.1966	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 20. nóvember 1966.

Júgóslavía.

4/1964	6.5.1964	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. júlí 1964.
11/1992	26.5.1992	Uppsögn 27. maí 1992.
5/1965	9.6.1965	Viðskiptasamningur, gildistaka 9. júní 1965.

Kanada.

175	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1660–61.
176	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
245	18.6./2.8.1928	Samningur um póstávísanaviðskipti, gildistaka 2. ágúst 1928.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
8/1962	17.10.1962	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 17. október 1962.
14/1973	22.5.& 13.6.1975	Erindaskipti um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 13. júní 1975.
10/1989	25.6.1988	Samningur um félagslegt öryggi, gildistaka 1. október 1988.

Kenýa.

11/1981	29.5.1981	Samningur um þróunarsamstarf á sviði samvinnumála (öll Norðurlönd aðilar), gildistaka 1. júlí 1980.
15/1984	24.7./1.8.1984	Erindaskipti um framlengingu samningsins, gildistaka 1. ágúst 1984.

Kiribati.

11/1980	10.7.1979 24.1.1980	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 24. janúar 1980.

Kína.

21/1987	17.10.1987	Viðskiptasamningur, gildistaka 17. október 1987.
	31.3.1994	Fjárfestingasamningur, bíður staðfestingar.
	2.12.1994	Samningur um menningarsamstarf, bíður staðfestingar.

		Kola- og stálbandalag Evrópu.
3/1973	22.7.1972	Viðskiptasamningur við aðildarríki þess, gildistaka 1. apríl 1973.
17/1986	14.7.1986	Viðbótarbókun vegna aðilar Spánar og Portúgals að bandalaginu, gildistaka 4. júlí 1986.
		Kóreulýðveldið.
10/1970	3./19.3.1970	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. apríl 1970.
		Kúba.
27/1975	24.11.1975	Viðskiptasamningur, gildistaka 24. nóvember 1975.
		Lesóto.
3/1970	29.1.1970	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. febrúar 1970.
		Lettland.
25/1991	26.8.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 26. ágúst 1991.
	19.101994	Tvísköttunarsamningur, bíður staðfestingar.
		Líbería.
247	21.5.1860	Vináttu-, verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 21. maí 1860.
		Litáen.
21/1991	5.8.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 5. ágúst 1991.
		Lúxemborg.
248	8.4.1879	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 8. apríl 1879.
249	23.10.1952	Loftflutningasamningur, gildistaka 23. október 1952.
250	1.3.1951	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. mars 1951.
23/1965	19.10./30.11.1965	Samkomulag við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum, gildistaka 30. nóvember 1965.
27/1991	11.12.1989	Samningur um félagslegt öryggi, gildistaka 1. janúar
1992.		
		Malasía.
251	15./16.4.1959	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 16. apríl 1959.
		Malawi.
9/1967	6.3./2.5.1967	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 2. maí 1967.

		Malta.
15/1967	1.9.1967	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. október 1967.
1/1991	8.1./11.1. 1991	Samningur um friðhelgi og forréttindi á fundi á vegum ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, gildistaka 11. janúar 1991.
		Máritíus.
3/1969	15.2.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. mars 1969.
		Marokkó.
3/1967	16.9./22.12.1966	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 22. desember 1966.
18/1991	28.6.1991	Uppsögn frá 1. júní 1991.
		Mexíkó.
22/1965	21.12.1965	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. mars 1966.
		Mónakó.
252	26.3.1952	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 26. mars 1952.
		Mósambík.
14/1986	19.7.1986	Samningur um þróunaraðstoð á sviði landbúnaðar (MONAP 86–87) (öll Norðurlöndin aðilar), gildistaka 1. janúar 1986.
		Noregur.
253	2.11.1826	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 1. janúar 1827.
254	13.6.1856	Yfirlýsing um gagnkvæm réttindi skipa, gildistaka 13. júní 1856.
255	16.4.1858	Yfirlýsing varðandi strandferðir, gildistaka 16. apríl 1858.
256	23.5./24.6.1903	Erindaskipti um orðuveitingar, gildistaka 24. júní 1903.
258	30.11.1928	Samkomulag um að taka sjóferðaskýrslur og senda þær áfram, gildistaka 30. nóvember 1928.
259	27.6.1930	Samningur um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gildistaka 6. febrúar 1932.
260	14.7.1951	Loftferðasamningur, gildistaka 14. júlí 1951.
7/1970	28.10.1969	Samkomulag um innflutning á kindakjöti til Noregs, gildistaka 1. mars 1970.

3/1971	15.2.1971	Samkomulag um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 15. febrúar 1971.
6/1976	10.3.1976	Orðsendingaskipti um raunhæfa tilhögun í sambandi við útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur, gildistaka 10. mars 1976.
9/1980	28.5.1980	Samkomulag um fiskveiði- og landgrunnsmál, gildistaka 13. júní 1980.
3/1982	22.10.1981	Samkomulag um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Noregs, gildistaka 2. júní 1982.
7/1984	8.,6.1984	Fiskveiðisamningur, gildistaka 8. júní 1984.
19/1986	15./16.12.1986	Samningur um loðnuveiðar, gildistaka 20. febrúar 1987, C 1/1987.
28/1987	15.12./16.12. 1987	Samningar um loðnuveiðar, gildistaka 16. september 1988, C 8/1988.
12/1988	1.12.1988	Samningar um loðnuveiðar, gildistaka 1. desember 1988.
		Nýja-Sjáland.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu. gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1878	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
27/1973	12.12.1973	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. febrúar 1974.
		Pakistan.
15/1974	9./22.7.1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana.
7/1977	4.1./3.2.1977	Erindaskipti um afnám áritanaskyldu í diplómatísk og sérstök vegabréf og niðurfellingu gjalda fyrir vegabréfsáritanir, gildistaka 3. febrúar 1977.
		Pólland.
262	22.3.1924	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 28. ágúst 1924.
13/1968	13.9.1968	Bókun um viðskipti, gildistaka 13. september 1968.
15/1970	23.5.1970	Erindaskipti um menningar-, vísinda- og tæknitengsl, gildistaka 23. maí 1970.
7/1975	30.4.1975	Viðskipta- og greiðslusamningur, gildistaka 30. apríl 1975.
16/1977	9.9.1977	Samningur um vísinda- og tæknisamvinnu á sviði sjávarútvegs, gildistaka 9. september 1977.

20/1980	24.10.1979	Samningur um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum, gildistaka 29. september 1980.
12/1992	18.6./19.6.1992	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. júlí 1992.
9/1994	10.12.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, gildistaka 10. desember 1992.
		Portúgal.
266	14.3.1896	Yfirlýsing um verslunar- og siglingamál, gildistaka 14. mars 1896.
267	20.3.1907	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 20. mars 1907.
268	9.4./9.5.1923	Erindaskipti um verslunarviðskipti, gildistaka 9. maí 1923.
16/1963	15.10.1963	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 15. desember 1963.
9/1966	14.7.1966	Samningur um afnám aukatolla, gildistaka 14. júlí 1964.
		Rúmenía.
269	8.5.1931	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 28. október 1931.
4/1969	1.4.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. maí 1969.
37/1991	25.5.1990	Niðurfelling 25. maí 1990.
10 & 9/1972	16.6.1972	Viðskiptasamningur, gildistaka 6. september 1972.
		Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldið.
31/1991	9.12.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 9. desember 1991.
4/1993	24.3.1993	Bókun, gildistaka 24. mars 1993.
		St. Lucia.
1/1979	21./27.2.1979	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 27. febrúar 1979.
		St. Vincent og Grenadine-eyjar.
12/1980	25.9.1979	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 24. janúar 1979.
		San Marínó.
273	17./23.12.1953	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 23. desember 1953.
		Seychelles.
12/1978	14.6.1976/ 3.2.1977	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 3. febrúar 1977.

Slóvakía.

3/1993	8.12./13.12. 1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarvörur, gildistaka 1. janúar 1993.
20/1993	5.8./12.8.1993	Samningur um viðskipti með landbúnaðarvörur, gildistaka 12. ágúst 1993.

Salómonseyjar.

14/1978	5.10./11.12.1978	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 11. desember 1978.

Sovétríkin.

274	25.5.1927	Samkomulag snertandi verslunar- og siglingaviðskipti, gildistaka 25. maí 1927.
275	1.8.1953	Viðskipta- og greiðslusamningur, gildistaka 1. ágúst 1953.
25/1975	31.10.1975	Bókun, gildistaka 31. október 1975.
8/1985	25.6.1985	Bókun um gagnkvæmar vöruafgreiðslur á árunum 1986–1990, gildistaka 1. janúar 1986.
277	14.3.1960	Samkomulag um gagnkvæma niðurfellingu gjalda fyrir ræðismannsstörf, gildistaka 14. mars 1960.
278	25.4.1961	Samningur um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu, gildistaka 25. apríl 1961.
9/1977	25.4.1977	Samningur um vísinda- og tæknisamvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lifandi auðæfum hafsins, gildistaka 25. apríl 1977.
16/1982	2.7.1982	Samningur um efnahagssamvinnu, gildistaka 2. júlí 1982.
23/1991	8.8.1991	Bókun um gagnkvæmar vöruafgreiðslur, gildistaka 8. ágúst 1991.

Spánn.

279	12.10.1889	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 10. september 1889.
280	23.7.1923	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 23. júlí 1923.
281	26.8.1929	Samningur um sátt, dóms- og gerðarskipan, gildistaka 9. júlí 1930.
282	29.6/16.7.1934	Viðskiptasamningur, gildistaka 16. júlí 1934.
283	29.11.1960	Viðskiptasamkomulag, gildistaka 29. nóvember 1960.
284	30.6.1959	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 30. júní 1954.
18/1965	1.12.1965	Loftferðasamningur, gildistaka 1. desember 1965.
16/1980	17.8.1980	Samningur um forréttindi og friðhelgi fulltrúa á Madrid-fundi um öryggi og samvinnu í Evrópu, gildistaka 17. ágúst 1980.
9/1981	7.5.1981	Samningur um gæslumenn á hvalveiðistöðvum á Norður-Atlantshafssvæðinu, gildistaka 7. maí 1981.

Sri Lanka.

175	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1661.
176	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.

Suður-Afríka.

176	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
175	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. janúar 1661.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.

Svasíland.

1/1970	8./29.12.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. janúar 1970.

Sviss.

285	10.2.1875	Vináttu-, verslunar- og búsetusamningur, gildistaka 10. júlí 1875.
286	22.5.1875	Viðaukagrein, gildistaka 10. júlí 1875.
287	10.12.1827	Afnám frádráttarréttar, gildistaka 10. desmber 1877.
288	23./25.2.1948	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 25. febrúar 1948.
15/1971	26.5.1971	Samkomulag um niðurfellingu tolls og söluskatts af flugvélaeldsneyti, gildistaka 26. maí 1971.
17/1982	26.11.1981	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, fisk og aðrar sjávarafurðir, gildistaka 21. júlí 1982.
3/1988	20.6.1989	Tvísköttunarsamningur, gildistaka 20. júní 1989.

Svíþjóð.

253	2.11.1826	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 1. janúar 1827.
254	13.6.1856	Yfirlýsing um gagnkvæm réttindi skipa, gildistaka 13. júní 1856.

255	16.4.1858	Yfirlýsing varðandi strandferðir, gildistaka 16. apríl 1856.
256	23.5./24.6.1903	Erindaskipti um orðuveitingar, gildistaka 24. júní 1903.
289	24.2./26.7.1904	Erindaskipti um sendingu dánarvottorða og annarra vottorða, gildistaka 26. júlí 1904.
291	27.6.1930	Samningur um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gildistaka 10. febrúar 1932.
293	19.6.1947	Samkomulag um viðskipti, gildistaka 19. júní 1947.
295	12.5.1960	Loftferðasamningur, gildistaka 12. maí 1960.
4/1963	11.,3.1963	Bókun um viðskipti, gildistaka 1. apríl 1962.
7/1970	22.12.1969	Samkomulag um innflutning á kindakjöti, gildistaka 1. mars 1970.
5/1972	10./26.4.1972	Samkomulag um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, 26. apríl 1972.
		Tansanía.
19/1971	23.7.1971	Samkomulag um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. september 1971.
17/1983	5.8.1983	Samningur um aðstoð við Uyole-landbúnaðarstöðina í Mbeye (öll Norðurlönd aðilar), gildistaka 5. ágúst 1983.
14/1984	25.4.1984	Samningur um þróunaraðstoð á sviði samvinnumála (öll Norðurlönd aðilar), gildistaka 1. janúar 1983.
		Tékkland.
3/1993	8.12.1992 12.2.1993	Samningur um viðskipti með landbúnaðarvörur, gildistaka 1. janúar 1993.
		Tékkneska og slóvenska sambandslýðveldið.
23/1992	1.6.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarvörur, gildistaka 1. janúar 1993.
		Tékkóslóvakía.
297	8.5.1924	Samkomulag um afstöðu landanna í verslunar- og siglingamálum, gildistaka 8. maí 1924.
13/1985	22.8.1985	Viðskiptasamningur, gildistaka 7. nóvember 1985.
11/1979	17.9.1979	Erindaskipti um menningar- og vísindasamstarf, gildistaka 17. september 1979.
23/1990	12.6./13.6.1990	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 15. júlí 1990.
		Tæland.
301	22.1.1957	Loftferðasamningur, gildistaka 22. janúar 1957.
		Trinidad og Tobago.
15/1968	4.10.1968	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 15. október 1968.

		Túnis.
302	20.6./19.7.1957	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 19. júlí 1957.
17/1992	28.6.1991	Niðurfelling 1. júní 1991.
		Tuvalu.
13/1978	22.8./11.12.1978	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 11. desember 1978.
		Tyrkland.
303	28.6.1955	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana.
16/1992	4.12.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. september 1992.
		Ungverjaland.
304	14.3.1887	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 14. mars 1887.
14/1970	19.5.1970	Viðskipta- og greiðslusamningur, gildistaka 19. maí 1970.
25/1990	12.7./3.8.1990	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 24. ágúst 1990.
		Úrúgvæ.
22/1991	8.8.1991	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 8. ágúst 1991.
		Þýska alþýðulýðveldið.
8/1973	6.2.1973	Viðskiptasamningur, gildistaka 6. febrúar 1973.
13/1987	8.6./30.6.1987	Breyting, gildistaka 30. júlí 1987.
7/1978	1.6.1978	Samningur um vísinda- og tæknisamvinnu á sviði sjávarútvegs, gildistaka 17. maí 1979.
5/1979	17.5.1979	Erindaskipti um menningar- og vísindasamstarf.
24/1990	19.7.1990	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. ágúst 1990.
		Þýskaland, Sambandslýðveldið.
307	14.6.1881	Samningur viðvíkjandi framsali strokumanna af kaupskipum, gildistaka 1. sepember 1881.
308	5.2.1891	Samningur um afnám frádráttarréttar, gildistaka 5. febrúar 1891.
309	18.8./18.91./ 2.11.1891	Erindaskipti um kostnað við framsal sakamanna, gildistaka 2. nóvember 1891.
310	2./7.11.1912	Samkomulag um framsal manna sem viljandi hafa valdið meiðslum, gildistaka 7. nóvember 1912.
311	19.,12.1950	Bráðabirgðaverslunar- og siglingasamningur, gildistaka 19. desember 1950.

23/1993	17.5.1993 3.9.1994	Uppsögn, gildistaka 3. september 1993.
312	14.9.1951/ 25.4.1952	Erindaskipti um dánartilkynningar, gildistaka 25. apríl 1952.
314	12.8.1959	Loftferðasamningur, gildistaka 5. janúar 1961.
25/1992	5.11.1991 31.12.1992	Breyting, gildistaka 31. desember 1992.
316	29.5./14.9.1956	Samkomulag um að falla frá kröfu um að flugmenn hafi vegabréf, gildistaka 14. september 1956.
317	21.6./14.9.1956	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 14. september 1956.
13/1971 21/1973	18.3.1971	Samningur til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir, gildistaka 2. nóvember 1973.
9/1978	11.10.1977	Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, gildistaka 11. október 1978.
21/1984	27.11.1984	Samkomulag um viðskiptamál, gildistaka 27. nóvember 1984.

5. *Hve margir slíkir samningar hafa verið staðfestir og hver margir hafa verið undirritaðir?*

Samningarnir eru 25.

Um staðfesta samninga, sjá svar við 3. og 4. lið hér að framan.

Eftirtalda samninga hefur Ísland undirritað en ekki staðfest:

12. 4. 1930	Convention on Certain Questions relating to the Conflict of Nationality Laws.
13. 12. 1955	European Convention on Establishment, undirritaður 13. desember 1955.
29. 4. 1957	European Convention for the Peaceful Settlement of Disputes, undirritaður 29. apríl 1957.
29. 4. 1958	Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone, undritaður 29. apríl 1958.
29. 4. 1958	Convention on the High Seas, undirritaður 29. apríl 1958.
29. 4. 1958	Convention on Fishing and Conservation of the Living Resources of the High Seas, undirritaður 29. apríl 1958.
29. 4. 1958	Convention on the Continental Shelf, undirritaður 29. apríl 1958.
26. 10. 1961	International Convention for the Protection of Performers, Producers or Phonograms and Broadcasting Oraganization, undirritaður 26. október 1961.
24. 4. 1967	European Convention on the Adoption of Children, undirritaður 27. september 1982.
11. 12. 1967	European Convention on Consular Functions, undirritaður 11. desember 1967.
15. 5. 1972	European Convention on the Transfer of Proceedings in Criminal Matters, undirritaður 19. september 1989.

15. 10. 1975 Europan Convention on the legal Status of Children born out of Wedlock, undirritaður 27. janúar 1977.

10. 12. 1976 Convention on the Prohibition of Military or any other Hostile Use of Environmental Modification Technique, undirritaður 18. maí 1977.

10. 10. 1980 Convention or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be excessively injurious or to have Indiscrimination Effects (Protocols), undirritaður 10. apríl 1981.

10. 12. 1984 Convention against Torture and other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, undirritaður 4. febrúar 1985.

5. 5. 1988 Additional Protocol to the European Charter, undirritaður 5. maí 1988.

29. 6. 1990 Amendment to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer, undiritaður 16. júní 1993.

8. 11. 1990 Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds from Crime, undirritaður 8. nóvember 1990.

25. 2. 1991 Convention on Environmental Impact Assessment in a Transboundary Context, undirritaður 26. febrúar 1991.

13. 1. 1993 Convention on the Prohibition of the Development Production, Stockpiling and Use of Chemical Weapons and on their Production, undirritaður 13. janúar 1993.

21. 6. 1993 Convention on Civil Liability for Damage resulting from Activities Dangerous to the Environment, undirritaður 21. júní 1993.

4. 11. 1993 Protocol no 1 to the European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, undiritaður 8. september 1994. Verður brátt fullgiltur.

4. 11. 1993 Protocol no 2 to the European Convention for the prevention of Torture and Inhuman Degrading Treatment or Punishment, undirritaður 8. september 1994. Verður brátt fullgiltur.

11. 5. 1994 Protocol No 11 to the Convention for the Protection of Human rights and Fundamental Freedoms, Restructuring the Control Machinery established thereby, undirritaður 11. maí 1994. Þingsályktunartillaga um heimild til fullgildingar hefur verið lögð fram.

Á næstu dögum verða eftirtaldir samningar fullgiltir eða staðfestir:

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi. / Overenskomst mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om nordisk arbejdsmarked for personer, som har gennemgået en erhvervskompetencegivende, højere uddannelse af mindst 3 års varighed.

Samningsviðauki nr. 1 við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. / Protocol No. 1 to the European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment.

Samningsviðauki nr. 2 við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. / Protocol No. 2 to the European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöðu sjómanna./ International Convention on Standards of Training Certificate and Watchkeeping for Seafarers.

Alþjóðasamningur um leit og björgun á sjó. / International Convention on Maritime Search and Rescue, 1979.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Austurríkis á sviði almannatrygginga. / Abkommen zwischen der Republik Island und der Republik Österreich über Soziale Sicherheit.

Samningsviðauki 4 við almennan samning um sérréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins (Ákvæði er varða mannréttindadómstól Evrópu). / Fourth Protocol to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe (Provisions Concerning the European Court of Human Rights).

Samningsviðauki nr. 5 við almennan samning um sérréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins. / Fifth Protocol to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe.

Evrópusamningur um málefni þátttakenda í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og mannréttindadómstól Evrópu. / European Agreement Relating to Persons Participating in Proceedings of the European Commission and Court of Human Rights.

Breytingar á viðaukum við EES-samninginn (ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1–10/95).

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun. / Overenskomst mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om adgang til videre uddannelse.

808. Svar [377. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um kostnað ríkissjóðs við Ár fjölskyldunnar.

1. *Hvenær hófst undirbúningur undir Ár fjölskyldunnar hér á landi?*

Sumarið 1991 samþykkti ríkisstjórnin að koma á fót landsnefnd sem falið yrði að undirbúa Ár fjölskyldunnar 1994 á Íslandi. Undirbúningur að Ári fjölskyldunnar hófst því með formlegum hætti með skipun landsnefndar í október 1991.

2. *Hve miklu fé var varið:*
   a. *til nefndastarfa,*
   b. *til ferða á ráðstefnur erlendis,*
   c. *til annarra verka?*

Kostnaður ríkissjóðs vegna Árs fjölskyldunnar nemur samtals 14.603.000 kr. sem sundurliðast þannig (fjárhæðir í þús. kr.):

	1992	1993	1994	1995	Samtals
Nefndarlaun, launatengd gjöld og annar fundarkostnaður	1.559	1.920	1.850		5.329
Ferðir á ráðstefnur erlendis	120	284	1.189		1.593
Önnur verkefni	1.186	1.405	4.224	866	7.681
Samtals	**2.865**	**3.609**	**7.263**	**866**	**14.603**

Stærstu kostnaðarliðirnir, sem falla undir önnur verkefni, voru könnun á högum foreldra og barna á Íslandi, bókaútgáfa og annar útgáfukostnaður, svo og kostnaður vegna málþings og hátíðardagskrár.

Í lokaskýrslu landsnefndar um Ár fjölskyldunnar er að finna allítarlegar upplýsingar um störf nefndarinnar og þar er enn fremur gerð grein fyrir þátttöku annarra aðila í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Skýrslan er fylgiskjal með þingsályktunartillögu um mótun fjölskyldustefnu sem dreift hefur verið til þingmanna.

3. Hver varð sýnilegur árangur?

Sýnilegur árangur af Ári fjölskyldunnar 1994 er tvímælalaust nokkur og kemur líklega skýrast fram í þátttöku sveitarfélaganna og ýmissa samtaka í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Enn fremur má nefna fjölmörg verkefni sem landsnefndin hefur tekið sér fyrir hendur og gerð verður grein fyrir hér á eftir. Hafa ber þó eftirfarandi í huga: Í fyrsta lagi mun margt af því sem landsnefndin vann að bera árangur þegar fram líða stundir og er hér einkum átt við rannsóknarverkefnið, útgáfumál og upplýsingamiðlun til samfélagsins. Í öðru lagi er erfitt að meta hér og nú sýnilegan árangur af því starfi sem fram fór í samfélaginu að frumkvæði landsnefndarinnar. Fjölmörg sveitarfélög og ýmis samtök tóku sér fyrir hendur afmörkuð verkefni og gerðu ýmislegt til hátíðabrigða af þessu tilefni. Í þriðja lagi er ljóst að ef tillaga til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar verður samþykkt á Alþingi mun hún hafa í för með sér, ef vel er að verki staðið, að tekið verður á markvissari og heildstæðari hátt á málefnum fjölskyldunnar í framtíðinni.

Rétt er að benda á að í störfum sínum hafði nefndin meginatriði þau sem lágu að baki yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um Ár fjölskyldunnar að leiðarljósi að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna. Meðal annars var lögð á það áhersla af hálfu Sameinuðu þjóðanna að fjölskyldan sé grunneining samfélagsins og því nauðsynlegt að gefa henni sérstakan gaum, að fjölskyldur séu með ýmsum hætti og skyldi Ár fjölskyldunnar höfða til allra fjölskyldna, stefnumótun skyldi stuðla að jafnrétti karla og kvenna, aðgerðir skyldu vera á öllum stigum, en megináherslan yrði á aðgerðir í einstökum byggðarlögum og einstökum löndum og að lokum að aðgerðir á Ári fjölskyldunnar yrðu hluti af samfelldri þróun og framkvæmdum til styrktar fjölskyldunni á komandi árum.

Hér á eftir eru dregin fram helstu verkefni landsnefndarinnar sem vert er að geta þegar hugað er að sýnilegum árangri Árs fjölskyldunnar.

Mótun fjölskyldustefnu.

Eitt af meginverkefnum landsnefndarinnar var að leggja grunn að stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar og hefur þingsályktunartillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar verið dreift á Alþingi. Tillagan var unnin á vegum landsnefndarinnar og er markmiðið með framlagningu hennar að stuðla

að því að stjórnvöld á báðum stjórnsýslustigum marki opinbera fjölskyldustefnu sem taki á heildstæðan hátt til þeirra atriða sem hafa öðrum fremur þýðingu fyrir hagi og aðstæður íslenskra fjölskyldna. Hér er í fyrsta sinn lögð fram á Alþingi tillaga um stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar og mundi jákvæð afgreiðsla hennar á Alþingi marka tímamót í sögu velferðarmála á Íslandi.

Rannsókn á högum foreldra og barna.

Snemma á starfstíma sínum tók landsnefndin ákvörðun um það að verja hluta af því fjármagni sem hún hafði til umráða til rannsóknarverkefnis á högum foreldra og barna á Íslandi. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og bárust svör frá 846 fjölskyldum. Könnunin var viðamikil og náði til giftra foreldra, fráskilinna foreldra, með og án forsjár barna, ekkna og ekkla og einhleypra foreldra. Niðurstöður liggja nú fyrir í megindráttum og verða þær birtar í heild innan skamms. Ekki leikur nokkur vafi á að þær geta orðið ráðamönnum leiðarljós við ýmsar stefnumótandi ákvarðanir í nútíð og framtíð.

Málþing og fjölskylduhátíð.

Landsnefndin stóð fyrir einu fjölsóttasta málþingi um fjölskyldumál sem haldið hefur verið hér á landi og sóttu það hátt í 600 manns, starfsmenn stofnana, námsmenn, fræðimenn og ýmsir aðrir sem áhuga hafa á málefnum fjölskyldunnar. Á málþinginu voru flutt 22 erindi sem síðar voru gefin út í bókinni *Fjölskyldan – uppspretta lífsgilda.* Sveitarfélögum var síðan boðið að fá fyrirlesara af málþinginu til að flytja erindin á landsbyggðinni (sjá nánar í lokaskýrslu landsnefndar).

Þá hélt landsnefndin vandaða fjölskylduhátíð í Háskólabíói þar sem leitast var við að bjóða upp á dagskrá við hæfi fólks á öllum aldri. Hátíðina sóttu á annað þúsund manns. Á sama tíma og hátíðin var haldin fór fram kynning í anddyri bíósins. Kynntu þar fulltrúar frá á fimmta tug stofnana og samtaka starfsemi og þjónustu sem tengist fjölskyldum og heimilum á einn eða annan hátt.

Bókaútgáfa og söfnun gagna um aðstæður íslenskra fjölskyldna.

Bókin *Fjölskyldan – uppspretta lífsgilda* hefur að geyma fjölbreyttan fróðleik um íslenskar fjölskyldur. Meginkosturinn við þessa bókaútgáfu er sá að þar gefst tækifæri til að fá góða yfirsýn yfir íslensk fjölskyldumál á einum stað. Bókin er þegar notuð við kennslu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, auk þess sem hún er þegar komin í hillur fjölmargra bókasafna. Bókin veitir námsmönnum, fræðimönnum og síðast en ekki síst stjórnmálamönnum, sem og öðrum sem vilja kynna sér aðstæður íslenskra fjölskyldna, góðan grunn við störf sín.

Snemma á starfstíma nefndarinnar kom í ljós að furðu litlar upplýsingar lágu fyrir um aðstæður íslenskra fjölskyldna. Þótti nauðsynlegt að safna saman fróðleik um íslenskar fjölskyldur og í framhaldi var unnin skýrsla sem ber nafnið *Umhverfi fjölskyldunnar.* Skýrslan var síðar birt í bók landsnefndar, *Fjölskyldan – uppspretta lífsgilda.* Skýrslan geymir ýmsar upplýsingar sem nýst geta öllum þeim sem láta sig þessi mál skipta og enn fremur er þar að finna heimildalista sem gefur ítarlegt yfirlit yfir það sem gefið hefur verið út á síðari árum um fjölskyldumál á Íslandi. Hafa ýmsir aðilar þegar nýtt sér þessa skýrslu við störf sín.

Breyting á lögum um vernd barna og ungmenna.

Að frumkvæði landsnefndarinnar var ráðist í að gera breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna. Þessar breytingartillögur eru nú til meðferðar á Alþingi. Tillögurnar í heild sinni munu styrkja og efla barnaverndarstarf í landinu og gera barnaverndarnefndum betur kleift að annast þau vandasömu verkefni sem þeim eru falin.

Tilraunaverkefni — fjölskylduráðgjöf á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni.

Í tilefni af Ári fjölskyldunnar var ákveðið í félagsmálaráðuneyti að veita sérstakt fé til uppbyggingar fjölskyldubjónustu og eru ætlaðar 18 millj. kr. til þessa tilraunaverkefnis sem er til tveggja ára. Ástæðan fyrir þessu var einkum sú að nefndin hafði áhyggjur af því að fjölskyldubjónusta á vegum sveitarfélaganna væri víða af skornum skammti. Þessi verkefni eru í undirbúningi á Eyjafjarðarsvæði og höfuðborgarsvæði og er þess vænst að framhald verði á þessum stuðningi til annarra landsvæða.

Þáttur sveitarfélaganna og ýmissa samtaka.

Landsnefndin beitti sér fyrir því að sveitarfélög, ýmis samtök og fagfélög gæfu málefnum fjölskyldunnar meiri gaum. Þessi þáttur verður seint metinn en hér var um afar fjölbreytt verkefni að ræða bæði í byggðarlögum landsins og ekki síður hjá hinum ýmsu samtökum. Í skýrslu nefndarinnar er greint ítarlega frá aðgerðum sveitarfélaganna sem og annarra af þessu tilefni og vísast til hennar hvað þennan þátt varðar.

Að lokum er rétt að geta þess að aðgerðir landsnefndar um Ár fjölskyldunnar voru ekki hugsaðar sem einstakir atburðir án samhengis við fortíð og framtíð. Nefndin lagði sérstaka áherslu á það í störfum sínum að aðgerðirnar fælu í sér framhald og á það ekki síst við um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Einnig má í þessu samhengi benda á að ýmislegt sem undirbúningur hófst að á Ári fjölskyldunnar lítur dagsins ljós á þessu ári og má sem dæmi nefna sjónvarpsþáttaröð um fjölskyldumál sem unnin er af Sálfræðingafélagi Íslands með stuðningi landsnefndar um Ár fjölskyldunnar og Reykjavíkurborgar og málþing um fjölskylduna og réttlætið sem haldið verður á næstunni að frumkvæði Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands með styrk frá landsnefndinni. Reyndar má segja að allar aðgerðir nefndarinnar beri þess merki að hugsað var til framtíðar og eins og sjá má var hér um að ræða talsverða vinnu við rannsóknir og útgáfumál í þeim tilgangi að leggja grunn að bættri velferð heimilanna.

809. Svar [168. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um laun og önnur starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru laun og önnur starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana (þ.e. A- og B-hlutastofnanir), sundurliðað eftir ráðuneytum?*
   Óskað er svofelldrar sundurliðunar:
   a. *umsamin mánaðarlaun,*
   b. *yfirvinna, unnin eða óunnin,*
   c. *aðrar umsamdar greiðslur, sundurliðaðar, svo sem bílastyrkur, risna og símakostnaður.*
2. *Hver eru uppsagnar- og starfslokaákvæði?*

Við undirbúning svars þessa var leitað upplýsinga frá öllum ráðuneytum. Upplýsingar bárust ekki frá forsætisráðuneyti, Hagstofu Íslands og utanríkisráðuneyti.

Launaupplýsingar um einstaka starfsmenn eru aldrei birtar enda er þess jafnan gætt í allri vinnslu opinberra launagagna að þær tengist ekki ákveðnum einstaklingum. Gögn ráðuneytanna eru því sett fram sem meðaltal eins árs, þ.e. 1993, sem er að fullu frágengið bókhaldslega. Þar koma fram allar greiðslur sundurliðaðar að nokkru umfram það sem greinir í 1. lið fyrirspurnarinnar. Yfirvinnan er ekki greinanleg í mælda og metna (unna eða óunna). Svar við þessum lið kemur fram í fylgiskjali.

Um uppsögn og uppgjör við starfslok gilda ákvæði laga og/eða ráðningarsamnings. Forstöðumenn eru ýmist skipaðir, settir eða ráðnir. Um starfslok hinna skipuðu og settu gilda ákvæði laga nr. 38/1954, en um hina ráðnu fer eftir ákvæðum ráðningarsamnings. Ráðningarsamningar ríkisstarfsmanna eru gerðir á stöðluð eyðublöð, útgefin af fjármálaráðuneyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1974.

Skrá um skiptingu forstöðumanna á einstök ráðningarform er birt í fylgiskjali.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
starfsmannaskrifstofa:

Laun forstöðumanna ríkisstofnana árið 1993.

Ráðuneyti		Bálk	Lte		Stöðugildi í dagv	Meðal-árslaun
02	Menntamálaráðuneyti	511		mánaðarlaun	34,98	1.568.609
02	Menntamálaráðuneyti	513	544	orlofslaun	0,00	316
02	Menntamálaráðuneyti	514	411	aukast fast	0,00	2.654
02	Menntamálaráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	45.266
02	Menntamálaráðuneyti	514	422	nefndarl tb	0,00	3.713
02	Menntamálaráðuneyti	514	437	prófdæm/gæsla	0,00	2.429
02	Menntamálaráðuneyti	514	438	skólastjórn	0,00	330
02	Menntamálaráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	86.216
02	Menntamálaráðuneyti	514	545	orlofsframlag	0,00	189
02	Menntamálaráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	615.830
02	Menntamálaráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	10.836
02	Menntamálaráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	8.655
02	Menntamálaráðuneyti	542	828	dvalarkostnaður	0,00	680
02	Menntamálaráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	3.620
02	Menntamálaráðuneyti	543	831	akstur lok sa	0,00	19.983
02	Menntamálaráðuneyti	543	833	km-gj án samn	0,00	10.995
02	Menntamálaráðuneyti	543	835	km-gj op samn	0,00	17.723
02	Menntamálaráðuneyti	551	843	símakostnaður	0,00	474
02	Menntamálaráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	25.932
02	**Menntamálaráðuneyti**	**samtals**			**34,98**	**2.424.450**
04	Landbúnaðarráðuneyti	511		mánaðarlaun	8,00	1.603.507
04	Landbúnaðarráðuneyti	513	513	óþægðl 45 %	0,00	6.001
04	Landbúnaðarráðuneyti	513	544	orlofslaun	0,00	833
04	Landbúnaðarráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	31.542
04	Landbúnaðarráðuneyti	514	422	nefndarl tb	0,00	206
04	Landbúnaðarráðuneyti	514	437	prófdæm/gæsla	0,00	494
04	Landbúnaðarráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	22.678
04	Landbúnaðarráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	849.483
04	Landbúnaðarráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	80.831
04	Landbúnaðarráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	89.625
04	Landbúnaðarráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	102.088
04	Landbúnaðarráðuneyti	543	835	km-gj op samn	0,00	29.294
04	Landbúnaðarráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	28.346
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**samtals**			**8,00**	**2.844.926**
05	Sjávarútvegsráðuneyti	511		mánaðarlaun	4,37	2.051.519
05	Sjávarútvegsráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	35.102
05	Sjávarútvegsráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	4.529
05	Sjávarútvegsráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	976.792
05	Sjávarútvegsráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	8.114
05	Sjávarútvegsráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	12.243
05	Sjávarútvegsráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	123.140
05	Sjávarútvegsráðuneyti	543	831	akstur lok sa	0,00	36.218
05	Sjávarútvegsráðuneyti	543	835	km-gj op samn	0,00	13.800
05	Sjávarútvegsráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	24.732

Ráðuneyti		Bálk	Lið		Stöðugildi í dagv	Meðal-árslaun
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**samtals**			**4,37**	**3.286.188**
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	511		mánaðarlaun	44,09	2.102.495
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	513	474	gæsluv 33 %	0,00	6.569
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	513	475	gæsluv 45 %	0,00	69.481
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	513	476	gæsluv 90 %	0,00	5.025
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	513	544	orlofslaun	0,00	9.705
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	50.280
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	514	422	nefndarl tb	0,00	10.624
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	514	437	prófdæm/gæsla	0,00	1.004
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	41.433
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	1.529.786
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	519	860	fæðishlunnindi	0,00	2.459
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	12.653
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	4.101
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	31.256
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	543	831	akstur lok sa	0,00	117.680
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	543	833	km-gj án samn	0,00	6.235
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	543	835	km-gj op samn	0,00	5.381
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	551	843	símakostnaður	0,00	2.133
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	25.073
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**samtals**			**44,09**	**4.033.372**
07	Félagsmálaráðuneyti	511		mánaðarlaun	18,29	1.447.019
07	Félagsmálaráðuneyti	513	474	gæsluv 33 %	0,00	355
07	Félagsmálaráðuneyti	513	475	gæsluv 45 %	0,00	548
07	Félagsmálaráðuneyti	513	501	vaktál 33 %	0,00	2.182
07	Félagsmálaráðuneyti	513	502	vaktál 45 %	0,00	3.366
07	Félagsmálaráðuneyti	513	511	vaktál 33 %	0,00	6.219
07	Félagsmálaráðuneyti	513	515	vaktál 45 %	0,00	10.075
07	Félagsmálaráðuneyti	513	544	orlofslaun	0,00	841
07	Félagsmálaráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	26.796
07	Félagsmálaráðuneyti	514	422	nefndarl tb	0,00	9.355
07	Félagsmálaráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	10.160
07	Félagsmálaráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	807.060
07	Félagsmálaráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	15.425
07	Félagsmálaráðuneyti	529	891	útlagð kostn	0,00	878
07	Félagsmálaráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	49.090
07	Félagsmálaráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	57.975
07	Félagsmálaráðuneyti	543	831	akstur lok sa	0,00	10.384
07	Félagsmálaráðuneyti	543	833	km-gj án samn	0,00	16.215
07	Félagsmálaráðuneyti	543	835	km-gj op samn	0,00	100.500
07	Félagsmálaráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	26.539
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**samtals**			**18,29**	**2.600.983**
08	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuney	511		mánaðarlaun	34,00	1.789.284

Ráðuneyti		Bálk	Lte		Stöðugildi í dagv	Meðal-árslaun
08	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuney	515		Yfirvinna	0,00	864.350
08	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuney	543		akstur	0,00	194.280
08	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuney	551	843	símakostnaður	0,00	3.651
08	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti			annað	0,00	96.871
08	**Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti**	**samtals**			**34,00**	**2.948.437**
09	Fjármálaráðuneyti	511		mánaðarlaun	17,38	2.142.254
09	Fjármálaráðuneyti	513	544	orlofslaun	0,00	221
09	Fjármálaráðuneyti	514	411	aukast fast	0,00	30.519
09	Fjármálaráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	11.641
09	Fjármálaráðuneyti	514	422	nefndarl tb	0,00	10.913
09	Fjármálaráðuneyti	514	437	prófdæm/gæsla	0,00	2.178
09	Fjármálaráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	298.900
09	Fjármálaráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	949.586
09	Fjármálaráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	8.842
09	Fjármálaráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	20.058
09	Fjármálaráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	9.107
09	Fjármálaráðuneyti	543	831	akstur lok sa	0,00	111.180
09	Fjármálaráðuneyti	543	833	km-gj án samn	0,00	569
09	Fjármálaráðuneyti	551	843	símakostnaður	0,00	1.273
09	Fjármálaráðuneyti	572	852	mistalningsfé	0,00	10
09	Fjármálaráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	22.678
09	**Fjármálaráðuneyti**	**samtals**			**17,38**	**3.619.929**
10	Samgönguráðuneyti	511		mánaðarlaun	3,92	2.022.091
10	Samgönguráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	185.703
10	Samgönguráðuneyti	514	422	nefndarl tb	0,00	30.319
10	Samgönguráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	17.793
10	Samgönguráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	773.989
10	Samgönguráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	7.484
10	Samgönguráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	6.281
10	Samgönguráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	174.483
10	Samgönguráðuneyti	543	835	km-gj op samn	0,00	12.543
10	Samgönguráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	26.540
10	**Samgönguráðuneyti**	**samtals**			**3,92**	**3.257.227**
11	Iðnaðarráðuneyti	511		mánaðarlaun	5,09	2.003.050
11	Iðnaðarráðuneyti	514	411	aukast. fast	0,00	13.776
11	Iðnaðarráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	23.508
11	Iðnaðarráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	59.019
11	Iðnaðarráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	928.000
11	Iðnaðarráðuneyti	542	811	dagpen innanl 1	0,00	1.374
11	Iðnaðarráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	99.437
11	Iðnaðarráðuneyti	543	835	km-gj op samn	0,00	12.922
11	Iðnaðarráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	26.278
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**samtals**			**5,09**	**3.167.365**

Ráðuneyti		Bárt	Lte		Stöðugildi í dagv	Meðal-árslaun
12	Viðskiptaráðuneyti	511		mánaðarlaun	2,00	1.836.822
12	Viðskiptaráðuneyti	514	421	nefndarl föst	0,00	503.480
12	Viðskiptaráðuneyti	514	439	þóknun	0,00	121.224
12	Viðskiptaráðuneyti	515		Yfirvinna	0,00	1.160.269
12	Viðskiptaráðuneyti	528	815	fæðispeningar	0,00	19.210
12	Viðskiptaráðuneyti	543	830	akstur bl sam	0,00	79.137
12	Viðskiptaráðuneyti	599		des.uppb. o.fl.	0,00	24.775
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**samtals**			**2,00**	**3.744.916**
14	Umhverfisráðuneytið	511		mánaðarlaun	6,00	1.631.255
14	Umhverfisráðuneytið	514		nefndarl föst	0,00	14.019
14	Umhverfisráðuneytið	514		þóknun	0,00	171.618
14	Umhverfisráðuneytið	515		Yfirvinna	0,00	1.042.432
14	Umhverfisráðuneytið	528		fæðispeningar	0,00	12.806
14	Umhverfisráðuneytið	542		dagpen innanl 1	0,00	4.183
14	Umhverfisráðuneytið	543		akstur	0,00	92.156
14	Umhverfisráðuneytið	599		des.uppb. o.fl.	0,00	16.595
14	**Umhverfisráðuneytið**	**samtals**			**6,00**	**2.985.064**
22	Menntamálaráðuneytið	511		mánaðarlaun	4,00	1.921.761
22	Menntamálaráðuneytið	513	544	orlofslaun	0,00	2.428
22	Menntamálaráðuneytið	514	421	nefndarl föst	0,00	81.639
22	Menntamálaráðuneytið	514	422	nefndarl tb	0,00	31.543
22	Menntamálaráðuneytið	514	439	þóknun	0,00	112.224
22	Menntamálaráðuneytið	514	494	leiksýning	0,00	12.910
22	Menntamálaráðuneytið	515		Yfirvinna	0,00	2.009.329
22	Menntamálaráðuneytið	528	815	fæðispeningar	0,00	9.605
22	Menntamálaráðuneytið	543	830	akstur bl sam	0,00	23.742
22	Menntamálaráðuneytið	543	831	akstur lok sa	0,00	79.136
22	Menntamálaráðuneytið	551	843	símakostnaður	0,00	1.383
22	Menntamálaráðuneytið	599		des.uppb. o.fl.	0,00	24.775
22	**Menntamálaráðuneytið**	**samtals**			**4,00**	**4.310.474**
24	Landbúnaðarráðuneytið	511		mánaðarlaun	1,00	1.354.756
24	Landbúnaðarráðuneytið	514	545	orlofsframlag	0,00	6.604
24	Landbúnaðarráðuneytið	599		des.uppb. o.fl.	0,00	24.775
24	**Landbúnaðarráðuneytið**	**samtals**			**1,00**	**1.386.135**
27	Félagsmálaráðuneytið	511		mánaðarlaun	1,00	2.310.132
27	Félagsmálaráðuneytið	514	421	nefndarl föst	0,00	300.036
27	Félagsmálaráðuneytið	514	422	nefndarl tb	0,00	32.161
27	Félagsmálaráðuneytið	515		Yfirvinna	0,00	1.898.340
27	Félagsmálaráðuneytið	543	831	akstur lok sa	0,00	158.273
27	Félagsmálaráðuneytið	599		des.uppb. o.fl.	0,00	24.775
27	**Félagsmálaráðuneytið**	**samtals**			**1,00**	**4.723.717**

Ráðuneyti		Bálk	Lte		Stöðugildi í dagv	Meðal-árslaun
29	Fjármálaráðuneytið	511		mánaðarlaun	2,92	2.252.931
29	Fjármálaráðuneytið	514	411	aukast. fast	0,00	282.857
29	Fjármálaráðuneytið	514	421	nefndarl föst	0,00	25.447
29	Fjármálaráðuneytið	514	422	nefndarl tb	0,00	28.273
29	Fjármálaráðuneytið	514	439	þóknun	0,00	485.173
29	Fjármálaráðuneytið	515		Yfirvinna	0,00	868.305
29	Fjármálaráðuneytið	542	811	dagpen innanl 1	0,00	2.400
29	Fjármálaráðuneytið	528	815	fæðispeningar	0,00	13.172
29	Fjármálaráðuneytið	543	831	akstur lok sa	0,00	155.354
29	Fjármálaráðuneytið	551	843	símakostnaður	0,00	3.635
29	Fjármálaráðuneytið	599		des.uppb. o.fl.	0,00	25.483
29	**Fjármálaráðuneytið**				**2,92**	**4.143.031**
30	Samgönguráðuneytið	511		mánaðarlaun	2,00	2.068.614
30	Samgönguráðuneytið	514	421	nefndarl föst	0,00	59.376
30	Samgönguráðuneytið	514	439	þóknun	0,00	128.974
30	Samgönguráðuneytið	515		Yfirvinna	0,00	1.205.375
30	Samgönguráðuneytið	528	815	fæðispeningar	0,00	19.210
30	Samgönguráðuneytið	543	830	akstur bl sam	0,00	94.963
30	Samgönguráðuneytið	543	831	akstur lok sa	0,00	79.137
30	Samgönguráðuneytið	543	835	km-gj op samn	0,00	6.864
30	Samgönguráðuneytið	599		des.uppb. o.fl.	0,00	29.271
30	**Samgönguráðuneytið**	**samtals**			**2,00**	**3.691.782**
31	Iðnaðarráðuneytið	511		mánaðarlaun	1,00	2.389.896
31	Iðnaðarráðuneytið	514	421	nefndarl föst	0,00	120.132
31	Iðnaðarráðuneytið	515		Yfirvinna	0,00	23.380
31	Iðnaðarráðuneytið	543	830	akstur bl sam	0,00	189.925
31	Iðnaðarráðuneytið	599		des.uppb. o.fl.	0,00	24.775
31	**Iðnaðarráðuneytið**	**samtals**			**1,00**	**2.748.108**
	Öll ráðuneyti	**samtals**			**190,04**	**3.211.763**

Meðallaun forstöðumanna ríkisstofnana árið 1993.

Ráðuneyti		Stöðugildi í dagv	Mánaðarlaun	Yfirvinna	Nefndarl föst / tb	Akstur	Símakostn	Annað	Meðalárslaun samtals
02	Menntamálaráðuneyti	34,98	1.568.609	615.830	140.797	52.321	474	46.419	**2.424.450**
04	Landbúnaðarráðuneyti	8,00	1.603.507	849.483	54.920	131.382		205.636	**2.844.926**
05	Sjávarútvegsráðuneyti	4,37	2.051.519	976.792	39.631	173.158		45.089	**3.286.188**
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	44,09	2.102.495	1.529.786	103.341	160.552	2.133	135.066	**4.033.372**
07	Félagsmálaráðuneyti	18,29	1.447.019	807.060	46.311	185.074		115.518	**2.600.983**
08	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuney	34,00	1.789.284	864.350		194.280	3.651	96.871	**2.948.437**
09	Fjármálaráðuneyti	17,38	2.142.254	949.586	354.151	120.856	1.273	51.809	**3.619.929**
10	Samgönguráðuneyti	3,92	2.022.091	773.989	233.815	187.026		40.305	**3.257.227**
11	Iðnaðarráðuneyti	5,09	2.003.050	928.000	96.303	112.359		27.652	**3.167.365**
12	Viðskiptaráðuneyti	2,00	1.836.822	1.160.269	624.704	79.137		43.985	**3.744.916**
14	Umhverfisráðuneytið	6,00	1.631.255	1.042.432	185.637	92.156		33.584	**2.985.064**
22	Menntamálaráðuneytið	4,00	1.921.761	2.009.329	238.316	102.878	1.383	36.808	**4.310.474**
24	Landbúnaðarráðuneytið	1,00	1.354.756		6.604			24.775	**1.386.135**
27	Félagsmálaráðuneytið	1,00	2.310.132	1.898.340	332.197	158.273		24.775	**4.723.717**
29	Fjármálaráðuneytið	2,92	2.252.931	868.305	821.750	155.354	3.635	41.055	**4.143.031**

Ráðuneyti		Stöðugildi í dagv	Mánaðarlaun	Yfirvinna	Nefndarl föst / tb	Akstur	Símakostn	Annað	Meðalárslaun samtals
30	Samgönguráðuneytið	2,00	2.068.614	1.205.375	188.350	180.964		48.481	**3.691.782**
31	Iðnaðarráðuneytið	1,00	2.389.896	23.380	120.132	189.925		24.775	**2.748.108**
		190,04	**1.841.386**	**1.010.025**	**131.838**	**138.914**	**1.437**	**88.163**	**3.211.763**

Uppsagnar- og starfslokaákvæði forstöðumanna ríkisstofnana árið 1993.

Ráðuneyti	Ráðning	Fjöldi	Stöðugildi í dagv
02	ÓTÍMAB.SKIPUN	24	24,56
02	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	4	5,00
02	TÍMAB.SETNING/SKIPUN	5	5,42
02	**samtals**	**33**	**34,98**
04	ÓTÍMAB.SKIPUN	7	7,00
04	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00
04	**samtals**	**8**	**8,00**
05	ÓTÍMAB.SKIPUN	3	3,37
05	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00
05	**samtals**	**4**	**4,37**
06	ÓTÍMAB.SKIPUN	40	38,90
06	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	4	4,19
06	TÍMAB.SETNING/SKIPUN	1	1,00
06	**samtals**	**45**	**44,09**
07	ÓTÍMAB.SKIPUN	4	4,69
07	RÁÐNING-TÍMABUNDIN	1	1,00
07	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	12	12,61
07	**samtals**	**17**	**18,29**
08	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	16	16,00
08	ÓTÍMAB.SKIPUN	4	4,00
08	RÁÐNING-TÍMABUNDIN	1	1,00
08	vantar upplýsingar	13	13,00
08	**samtals**	**34**	**34,00**
09	ÓTÍMAB.SKIPUN	11	11,42
09	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	2	2,04
09	TÍMAB.SETNING/SKIPUN	4	3,92
09	**samtals**	**17**	**17,38**
10	ÓTÍMAB.SKIPUN	2	1,92
10	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00
10	TÍMAB.SETNING/SKIPUN	1	1,00
10	**samtals**	**4**	**3,92**
11	ÓTÍMAB.SKIPUN	4	4,09
11	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00
11	**samtals**	**5**	**5,09**
12	ÓTÍMAB.SKIPUN	2	2,00
12	**samtals**	**2**	**2,00**
14	ÓTÍMAB.SKIPUN	1	1,00
14	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00

Ráðuneyti	Ráðning	Fjöldi	Stöðugildi í dagv
14	vantar upplýsingar	4	4,00
14	**samtals**	**6**	**6,00**
22	ÓTÍMAB.SKIPUN	1	1,00
22	RÁÐNING-TÍMABUNDIN	1	1,00
22	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	2	2,00
22	**samtals**	**4**	**4,00**
24	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00
24	**samtals**	**1**	**1,00**
27	ÓTÍMAB.SKIPUN	1	1,00
27	**samtals**	**1**	**1,00**
29	ÓTÍMAB.SKIPUN	2	1,92
29	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00
29	**samtals**	**3**	**2,92**
30	ÓTÍMAB.SKIPUN	1	1,00
30	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	1	1,00
30	**samtals**	**2**	**2,00**
31	vantar upplýsingar	1	1,00
31	**samtals**	**1**	**1,00**
Allir	**samtals**	**187**	**190,03**
samtals	ÓTÍMAB.SKIPUN	107	107,87
samtals	RÁÐNING-TÍMABUNDIN	3	3,00
samtals	RÁÐNING-UPPSAGNARFRE	48	49,83
samtals	TÍMAB.SETNING/SKIPUN	11	11,33
samtals	vantar upplýsingar	18	18,00
samtals		**187**	**190,03**

810. Svar [300. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Jónssonar um launaflokka og yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

1. *Hver var dreifing í launaflokka hjá starfsmönnum ríkisins innan BSRB og BHMR 1. janúar 1994?*
   Upplýsingar um þetta atriði koma fram í fylgiskjali.

2. *Hvernig var þessi dreifing hjá helstu stofnunum ríkisins (með 30 starfsmenn eða fleiri), hverri fyrir sig?*
   Svar við þessum lið kemur fram í fylgiskjali. Tekið skal fram að svarið er nokkuð einfaldara en spurningin gefur tilefni til því að t.d. eru allir skólar flokkaðir undir heitinu framhaldsskóli og grunnskóli þótt ýmsir einstakir skólar hafi 30 starfsmenn eða fleiri. Sama gildir um sýslumenn, málefni fatlaðra o.fl.

3. *Hvert var hlutfall yfirvinnu starfsmanna innan BSRB og BHMR hjá hverri stofnun á grundvelli tímamælingar?*
   Sjá svar við þessum lið er að finna í fylgiskjali.

4. *Hver var föst, ómæld yfirvinna (í klst.) hjá hverri stofnun, skipt eftir aðild að BSRB og BHMR?*
   Skráning yfirvinnu í launakerfi ríkisins fer í flestum tilvikum fram í hverri stofnun fyrir sig. Starfsmannaskrifstofur fjármálaráðuneytis skrá yfirvinnu allnokkurra smærri stofnana samkvæmt upplýsingum sem frá þeim berast. Þessi yfirvinna er öll skráð sem tilfallandi og tímamæld. Í gagnasafni launakerfisins er einungis skráð metin yfirvinna (í fyrirspurn kölluð föst, ómæld yfirvinna) hjá nokkrum hundruðum einstaklinga. Þessi yfirvinna er ýmist tilkomin vegna kjarasamningsákvæða við kennara og lögreglumenn eða þá um er að ræða forsvarsmenn hjá ríkisstofnunum sem eðli málsins samkvæmt vinna nokkra yfirvinnu en annmarkar eru á mælingu.
   Athugun á því hvort og þá í hve miklum mæli stofnanir greiða „fasta, ómælda“ yfirvinnu hefði kallað á kostnaðarsama og tímafreka könnun hjá hverri stofnun fyrir sig og væri þó örugglega ekki á vísar upplýsingar að róa og því er ekki hægt að svara þessum lið fyrirspurnarinnar.

Fylgiskjal.


Fjármálaráðuneytið,
starfsmannaskrifstofa:

Dreifing í launaflokka innan BSRB og BHMR.
(Í janúar 1994.)

Bandalag		Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
BSRB		227	10	4,02
BSRB		228	237	86,46
BSRB		229	369	201,97
BSRB		230	564	336,51
BSRB		231	395	211,23
BSRB		232	401	249,92
BSRB		233	372	269,79
BSRB		234	511	365,86
BSRB		235	837	619,38
BSRB		236	492	383,46
BSRB		237	643	468,51
BSRB		238	678	505,54
BSRB		239	412	348,18
BSRB		240	566	490,54
BSRB		241	299	251,00
BSRB		242	447	372,81
BSRB		243	417	362,33
BSRB		244	310	280,29
BSRB		245	333	291,90
BSRB		246	308	270,33
BSRB		247	217	205,78
BSRB		248	141	128,60
BSRB		249	162	157,38
BSRB		250	56	53,01
BSRB		251	48	45,85
BSRB		252	33	33,00
BSRB		253	21	19,34
BSRB		254	13	12,97
BSRB		255	10	9,48
BSRB		256	4	4,00
BSRB		257	1	1,00
BSRB		258	1	1,00
BSRB	**samtals**		**9.308**	**7.041,44**
BHMR		138	14	8,07
BHMR		139	9	4,37
BHMR		140	79	51,32
BHMR		141	184	96,31
BHMR		142	258	205,59
BHMR		143	228	184,51
BHMR		144	404	300,34
BHMR		145	441	293,99
BHMR		146	620	463,55
BHMR		147	478	378,64
BHMR		148	360	265,82
BHMR		149	356	279,62
BHMR		150	300	205,27
BHMR		151	308	234,74
BHMR		152	259	178,66
BHMR		153	240	185,05

Banalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
BHMR	154	75	68,80
BHMR	155	102	95,43
BHMR	156	112	111,65
BHMR	157	45	39,04
BHMR	158	50	51,25
BHMR	159	14	16,00
BHMR samtals		**4.936**	**3.718,02**
BSRB og BHMR samtals		**14.244**	**10.759,46**

Dreifing í launaflokka innan BSRB og BHMR. Fjöldi stöðugilda.
(Í janúar 1994.)



Dreifing í launaflokka hjá stofnunum með fleiri en 30 starfsmenn.
(Í janúar 1994.)

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	236	3	2,46
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	238	3	2,25
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	240	4	3,10
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	241	2	1,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	242	3	3,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	243	3	2,75
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	244	2	1,50
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	246	6	4,50
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	248	1	0,80
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	249	1	1,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	251	4	4,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	256	1	1,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	144	2	1,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	145	1	1,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	146	1	0,70
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	149	6	6,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	150	1	1,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	151	6	5,50
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	153	2	2,00
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	155	2	2,00
02-101	**Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa**	**samtals**		**54**	**46,56**
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	228	1	0,40
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	230	3	2,34
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	231	4	2,03
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	232	4	3,00
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	233	7	5,25
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	234	11	7,19
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	235	5	3,43
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	236	12	8,49
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	237	26	21,04
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	238	4	3,75
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	239	11	6,74
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	240	7	4,35
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	241	2	1,50
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	242	4	3,00
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	243	4	3,50
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	245	2	2,00
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	246	1	1,00
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	247	1	1,00
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	248	1	1,00
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	249	4	3,88
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	251	1	0,00
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	252	1	1,00
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	139	2	0,09
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	141	12	10,16
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	142	18	12,71

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	143	12	10,54
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	144	21	15,10
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	145	46	27,85
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	146	32	23,80
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	147	54	38,36
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	148	44	29,39
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	149	11	5,17
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	150	87	49,80
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	151	12	8,00
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	152	83	60,68
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	153	25	19,04
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	154	2	1,50
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	155	3	2,47
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	156	71	73,70
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	157	13	10,57
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	158	45	48,25
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	159	14	16,00
02-201	**Háskóli Íslands**	**samtals**		**725**	**548,15**
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BSRB	234	1	1,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BSRB	235	3	2,50
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BSRB	237	2	2,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BSRB	238	3	3,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BSRB	240	2	2,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	144	3	2,50
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	145	2	0,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	146	6	2,90
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	147	2	1,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	148	5	4,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	149	1	1,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	150	3	3,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	151	4	2,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	152	6	4,25
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	153	1	0,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	154	1	1,00
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	155	3	2,94
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	156	1	1,00
02-202	**Tilraunastöð háskólans að Keldum**	**samtals**		**49**	**36,09**
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	231	1	0,55
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	233	3	1,81
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	234	4	2,16
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	236	3	2,51
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	237	1	0,00
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	239	6	4,99
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	252	1	1,00
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	142	2	0,78
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	143	3	0,75

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	144	5	4,72
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	145	2	0,75
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	146	1	1,00
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	147	2	1,72
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	148	4	2,00
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	149	11	9,30
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	150	11	9,30
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	151	4	3,00
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	152	8	5,00
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	153	2	2,00
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	155	3	3,00
02-203	**Raunvísindastofnun háskólans**	**samtals**		**77**	**56,34**
02-210	Háskólinn á Akureyri	BSRB	232	2	2,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BSRB	235	1	1,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BSRB	237	5	4,50
02-210	Háskólinn á Akureyri	BSRB	240	1	1,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	142	3	3,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	143	1	1,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	144	5	3,33
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	145	3	1,50
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	146	12	9,03
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	147	2	1,28
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	148	5	4,52
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	149	3	1,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	150	4	4,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	153	1	1,00
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	156	3	3,00
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**samtals**		**51**	**41,16**
02-211	Tækniskóli Íslands	BSRB	235	1	1,00
02-211	Tækniskóli Íslands	BSRB	236	2	2,00
02-211	Tækniskóli Íslands	BSRB	239	1	1,00
02-211	Tækniskóli Íslands	BSRB	242	1	1,00
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	144	6	2,69
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	145	3	1,67
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	146	13	12,39
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	147	2	1,41
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	148	5	4,51
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	149	2	1,55
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	150	1	1,00
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	151	1	1,00
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	152	8	7,83
02-211	**Tækniskóli Íslands**	**samtals**		**46**	**39,05**
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	229	6	1,98
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	230	4	1,73
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	231	3	1,66

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	232	3	1,88
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	235	1	1,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	236	2	2,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	237	2	2,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	240	3	1,75
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	248	1	1,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	144	6	3,75
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	145	2	1,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	146	20	14,51
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	147	12	10,37
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	148	10	9,64
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	149	4	4,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	150	5	5,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	152	13	13,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	153	1	1,00
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	156	7	7,00
02-221	**Kennaraháskóli Íslands**	**samtals**		**105**	**84,27**
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	229	13	2,10
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	230	10	3,47
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	232	4	2,50
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	233	11	5,27
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	234	12	9,08
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	235	38	19,46
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	236	9	8,85
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	237	10	8,48
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	238	13	9,00
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	239	20	15,65
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	240	5	3,70
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	241	1	0,50
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	242	7	4,85
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	243	2	1,65
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	244	9	6,90
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	246	1	1,00
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	253	1	0,34
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	138	12	6,07
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	139	5	3,28
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	140	7	5,01
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	141	44	38,23
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	142	55	41,86
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	143	97	85,40
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	144	144	120,59
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	145	136	109,38
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	146	142	116,93
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	147	128	111,82
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	148	76	62,38
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	149	39	31,85
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	150	22	18,23

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	151	8	6,00
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	152	8	7,03
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	153	13	12,56
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	154	10	10,00
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	155	6	5,00
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	156	9	9,00
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	157	14	14,00
02-300	**Framhaldsskólar**	**samtals**		**1.141**	**917,42**
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	231	1	0,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	232	3	2,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	233	1	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	234	6	6,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	235	3	3,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	239	6	5,50
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	240	2	2,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	242	1	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	243	2	2,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	244	1	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	251	1	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	252	1	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	141	1	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	142	1	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	146	1	0,50
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	148	7	3,60
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	149	4	3,50
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	151	2	1,00
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	152	1	1,00
02-422	**Námsgagnastofnun**	**samtals**		**45**	**37,10**
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	229	1	0,44
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	230	3	1,52
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	232	1	1,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	233	9	5,06
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	234	3	2,50
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	235	9	6,56
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	236	9	7,92
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	237	4	2,45
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	238	5	2,85
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	239	6	4,25
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	240	2	2,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	242	1	1,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	244	2	2,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	138	1	1,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	139	1	0,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	141	5	3,65
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	142	3	2,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	143	9	7,97

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	144	27	17,89
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	145	27	22,22
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	146	21	16,36
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	147	17	11,69
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	148	13	12,70
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	149	4	4,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	150	3	2,94
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	151	2	2,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	152	3	3,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	153	2	2,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	154	2	1,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	155	2	2,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	156	2	2,00
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	157	1	1,00
02-500	**Iðnnám og verkmennt**	**samtals**		**200**	**154,97**
02-700	Grunnskólar	BSRB	232	17	6,33
02-700	Grunnskólar	BSRB	233	1	0,35
02-700	Grunnskólar	BSRB	234	4	1,85
02-700	Grunnskólar	BSRB	235	40	19,88
02-700	Grunnskólar	BSRB	236	2	1,90
02-700	Grunnskólar	BSRB	237	29	1,43
02-700	Grunnskólar	BSRB	238	1	0,56
02-700	Grunnskólar	BSRB	243	4	2,97
02-700	Grunnskólar	BHMR	140	7	4,49
02-700	Grunnskólar	BHMR	141	15	11,16
02-700	Grunnskólar	BHMR	142	30	25,67
02-700	Grunnskólar	BHMR	143	34	28,16
02-700	Grunnskólar	BHMR	144	28	19,49
02-700	Grunnskólar	BHMR	145	31	28,06
02-700	Grunnskólar	BHMR	146	22	16,41
02-700	Grunnskólar	BHMR	147	10	10,00
02-700	Grunnskólar	BHMR	148	2	2,00
02-700	Grunnskólar	BHMR	149	3	3,00
02-700	Grunnskólar	BHMR	150	1	1,00
02-700	Grunnskólar	BHMR	151	4	3,00
02-700	Grunnskólar	BHMR	152	4	3,00
02-700	Grunnskólar	BHMR	154	4	4,00
02-700	Grunnskólar	BHMR	155	2	2,00
02-700	**Grunnskólar**	**samtals**		**295**	**196,71**
02-710	Fræðsluskrifstofur	BSRB	236	6	4,20
02-710	Fræðsluskrifstofur	BSRB	238	4	2,33
02-710	Fræðsluskrifstofur	BSRB	240	3	2,25
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	146	2	2,00
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	147	4	3,50
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	148	5	3,97
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	149	3	2,00
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	150	2	2,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	151	1	1,00
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	152	8	7,50
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	153	1	1,00
02-710	**Fræðsluskrifstofur**	**samtals**		**39**	**31,75**
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	229	2	0,23
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	230	1	0,50
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	231	1	0,75
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	233	2	2,00
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	235	24	15,93
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	237	4	2,55
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	238	1	0,80
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	239	3	1,60
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	241	1	1,00
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	242	1	0,80
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	243	12	11,50
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	141	2	2,00
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	142	4	2,75
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	143	4	3,15
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	144	1	0,84
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	145	4	3,70
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	146	2	0,50
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	147	3	1,80
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	148	2	1,20
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	149	2	1,60
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	150	2	1,17
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	152	1	0,00
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	155	1	0,25
02-750	**Skólar fyrir fatlaða**	**samtals**		**80**	**56,62**
02-900	Söfn	BSRB	230	2	0,75
02-900	Söfn	BSRB	231	26	8,94
02-900	Söfn	BSRB	232	6	3,46
02-900	Söfn	BSRB	233	4	2,34
02-900	Söfn	BSRB	234	3	2,50
02-900	Söfn	BSRB	235	1	1,00
02-900	Söfn	BSRB	236	5	4,25
02-900	Söfn	BSRB	237	1	1,00
02-900	Söfn	BSRB	238	6	5,50
02-900	Söfn	BSRB	239	3	3,00
02-900	Söfn	BSRB	240	4	4,00
02-900	Söfn	BSRB	243	1	1,00
02-900	Söfn	BSRB	244	2	2,00
02-900	Söfn	BSRB	249	1	1,00
02-900	Söfn	BHMR	139	1	1,00
02-900	Söfn	BHMR	140	2	1,50
02-900	Söfn	BHMR	141	2	1,00
02-900	Söfn	BHMR	143	7	6,25

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
02-900	Söfn	BHMR	144	6	5,70
02-900	Söfn	BHMR	145	5	2,50
02-900	Söfn	BHMR	146	17	12,25
02-900	Söfn	BHMR	147	5	4,25
02-900	Söfn	BHMR	148	9	6,50
02-900	Söfn	BHMR	149	7	4,00
02-900	Söfn	BHMR	150	7	7,00
02-900	Söfn	BHMR	151	5	5,00
02-900	Söfn	BHMR	152	1	1,00
02-900	Söfn	BHMR	153	1	1,00
02-900	**Söfn**	**samtals**		**140**	**99,69**
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	231	1	0,60
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	238	4	3,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	240	4	4,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	242	3	3,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	244	1	1,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	245	3	3,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	246	1	1,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	145	6	5,25
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	146	2	2,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	147	1	1,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	149	6	5,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	150	2	2,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	151	7	7,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	152	1	1,00
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	155	3	3,00
03-101	**Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa**	**samtals**		**45**	**41,85**
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	235	1	1,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	238	1	0,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	239	2	2,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	240	1	1,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	241	3	3,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	242	10	9,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	243	9	9,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	244	6	3,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	245	14	13,50
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	246	9	9,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	247	1	1,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	249	2	2,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	250	6	6,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	251	1	1,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	252	2	2,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	253	1	1,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	254	1	1,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	255	1	1,00
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BHMR	151	1	1,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
03-201	**Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli**	**samtals**		**72**	**66,50**
03-300	Sendiráð	BSRB	236	4	4,00
03-300	Sendiráð	BSRB	238	6	5,00
03-300	Sendiráð	BSRB	240	4	4,00
03-300	Sendiráð	BSRB	244	2	2,00
03-300	Sendiráð	BSRB	246	4	4,00
03-300	Sendiráð	BHMR	144	1	1,00
03-300	Sendiráð	BHMR	149	9	9,00
03-300	Sendiráð	BHMR	151	3	3,00
03-300	Sendiráð	BHMR	155	1	1,00
03-300	**Sendiráð**	**samtals**		**34**	**33,00**
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	227	1	1,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	231	1	1,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	234	5	3,92
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	235	2	1,60
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	236	2	1,50
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	237	2	2,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	238	4	3,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	239	2	2,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	240	3	3,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	242	1	0,16
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	245	1	1,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	253	1	1,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	141	1	0,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	143	1	1,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	144	1	0,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	145	2	2,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	146	7	5,95
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	147	4	4,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	148	7	7,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	149	3	3,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	150	5	4,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	151	8	2,24
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	152	11	2,50
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	153	8	5,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	154	8	6,80
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	155	3	3,00
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	**samtals**		**94**	**67,67**
04-233	Yfirdýralæknir	BSRB	238	1	1,00
04-233	Yfirdýralæknir	BSRB	240	2	2,00
04-233	Yfirdýralæknir	BSRB	242	1	1,00
04-233	Yfirdýralæknir	BSRB	249	1	1,00
04-233	Yfirdýralæknir	BHMR	141	1	1,00
04-233	Yfirdýralæknir	BHMR	142	23	22,50
04-233	Yfirdýralæknir	BHMR	144	4	4,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
04-233	Yfirdýralæknir	BHMR	147	2	2,00
04-233	Yfirdýralæknir	BHMR	150	3	2,25
04-233	Yfirdýralæknir	BHMR	152	5	5,00
04-233	**Yfirdýralæknir**	**samtals**		**43**	**41,75**
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	233	1	1,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	235	8	4,69
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	236	5	3,25
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	237	3	1,02
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	238	2	1,75
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	239	2	2,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	242	3	1,50
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	243	2	1,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	244	1	1,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	250	1	1,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	143	1	1,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	144	1	1,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	147	7	7,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	149	2	2,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	151	4	1,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	152	1	0,00
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	153	6	3,85
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	155	1	1,00
04-261	**Bændaskólinn á Hvanneyri**	**samtals**		**51**	**35,06**
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	233	3	1,80
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	234	1	0,50
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	235	1	1,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	237	3	2,90
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	239	3	2,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	242	1	1,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	243	1	1,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	244	2	2,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	141	1	0,44
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	145	2	0,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	146	2	2,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	147	5	4,40
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	149	1	0,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	150	1	1,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	152	1	1,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	153	1	0,00
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	155	1	1,00
04-271	**Bændaskólinn á Hólum**	**samtals**		**30**	**22,04**
04-321	Skógrækt ríkisins	BSRB	238	4	0,65
04-321	Skógrækt ríkisins	BSRB	240	2	2,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BSRB	241	1	1,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BSRB	242	9	9,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
04-321	Skógrækt ríkisins	BSRB	244	1	0,80
04-321	Skógrækt ríkisins	BSRB	245	1	1,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	143	1	0,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	144	2	1,75
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	147	2	1,50
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	148	2	2,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	149	2	0,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	150	4	3,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	151	4	2,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	152	4	2,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	153	1	1,00
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	154	1	1,00
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**samtals**		**41**	**28,70**
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	233	3	3,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	234	2	1,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	235	1	0,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	236	7	4,63
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	237	4	3,80
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	238	3	2,60
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	239	4	4,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	240	1	1,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	243	1	0,75
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	246	1	1,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	140	4	2,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	141	4	3,65
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	143	1	1,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	144	10	10,50
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	145	1	1,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	146	6	5,50
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	147	3	3,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	148	7	7,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	149	3	2,50
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	150	7	3,26
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	151	8	3,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	152	16	4,50
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	153	10	6,46
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	154	9	8,00
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	155	4	4,00
05-202	**Hafrannsóknastofnun**	**samtals**		**120**	**87,15**
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	229	1	0,58
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	231	1	0,75
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	232	2	1,50
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	234	2	1,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	236	5	2,76
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	237	1	0,82
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	238	2	0,90
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	239	2	2,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	241	1	1,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	242	1	1,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	245	1	1,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	140	1	0,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	141	1	0,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	144	6	5,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	146	4	3,50
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	148	8	7,75
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	149	5	4,50
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	150	2	1,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	151	1	0,75
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	152	2	0,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	153	8	3,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	154	1	1,00
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	155	4	4,00
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**samtals**		**62**	**43,81**
05-204	Fiskistofa	BSRB	236	2	2,00
05-204	Fiskistofa	BSRB	239	21	21,65
05-204	Fiskistofa	BSRB	241	5	4,51
05-204	Fiskistofa	BSRB	242	7	7,00
05-204	Fiskistofa	BSRB	243	2	2,00
05-204	Fiskistofa	BSRB	244	1	1,00
05-204	Fiskistofa	BSRB	245	1	1,00
05-204	Fiskistofa	BSRB	246	1	1,00
05-204	Fiskistofa	BSRB	249	3	3,00
05-204	Fiskistofa	BHMR	145	2	2,00
05-204	Fiskistofa	BHMR	146	1	1,00
05-204	Fiskistofa	BHMR	149	1	1,00
05-204	Fiskistofa	BHMR	150	1	1,00
05-204	Fiskistofa	BHMR	152	1	1,00
05-204	**Fiskistofa**	**samtals**		**49**	**49,16**
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	238	1	1,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	241	4	4,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	242	1	1,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	245	1	1,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	250	1	1,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	251	1	1,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	256	1	1,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	146	1	1,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	149	4	2,00
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	151	6	2,85
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	153	6	4,75
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	155	4	4,00
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa**	**samtals**		**31**	**24,60**
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	232	2	2,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	233	1	1,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	234	1	1,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	236	2	1,33
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	237	2	2,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	238	10	9,50
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	239	1	1,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	240	13	10,63
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	245	2	2,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BHMR	143	2	1,49
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BHMR	144	1	0,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BHMR	146	1	1,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BHMR	147	2	2,00
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BHMR	151	8	6,24
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BHMR	153	3	2,00
06-211	**Héraðsdómur Reykjavíkur**	**samtals**		**51**	**43,19**
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	229	3	2,54
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	236	4	4,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	245	5	4,50
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	246	4	4,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	247	16	16,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	248	3	3,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	249	6	6,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	252	5	5,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	253	3	3,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	255	1	1,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	256	1	1,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BHMR	147	2	2,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BHMR	149	1	1,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BHMR	151	1	0,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BHMR	153	1	1,00
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BHMR	156	1	1,00
06-302	**Rannsóknarlögregla ríkisins**	**samtals**		**57**	**55,04**
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	233	5	7,68
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	234	6	4,73
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	236	6	5,50
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	237	6	4,25
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	238	9	8,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	239	2	1,50
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	240	20	18,80
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	241	18	14,09
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	242	20	17,80
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	243	55	47,83
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	244	2	2,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	245	77	63,10
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	246	46	41,45
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	247	37	34,58
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	248	3	3,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	249	13	11,83
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	250	4	3,46
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	252	5	5,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	253	2	2,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	255	1	1,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	256	1	1,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	257	1	1,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BHMR	146	1	1,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BHMR	149	3	3,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BHMR	151	1	1,00
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BHMR	153	3	3,00
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**samtals**		**347**	**307,60**
06-400	Sýslumenn	BSRB	230	1	0,09
06-400	Sýslumenn	BSRB	231	2	0,35
06-400	Sýslumenn	BSRB	232	3	1,66
06-400	Sýslumenn	BSRB	233	8	2,77
06-400	Sýslumenn	BSRB	234	15	9,39
06-400	Sýslumenn	BSRB	235	1	1,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	236	28	19,91
06-400	Sýslumenn	BSRB	237	61	48,92
06-400	Sýslumenn	BSRB	238	25	21,94
06-400	Sýslumenn	BSRB	239	44	41,40
06-400	Sýslumenn	BSRB	240	58	51,15
06-400	Sýslumenn	BSRB	241	5	5,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	242	51	45,97
06-400	Sýslumenn	BSRB	243	50	44,37
06-400	Sýslumenn	BSRB	244	23	22,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	245	71	63,41
06-400	Sýslumenn	BSRB	246	69	66,45
06-400	Sýslumenn	BSRB	247	26	25,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	248	21	18,50
06-400	Sýslumenn	BSRB	249	11	11,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	250	4	4,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	251	5	5,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	252	3	3,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	253	6	6,00
06-400	Sýslumenn	BSRB	254	8	8,00
06-400	Sýslumenn	BHMR	143	8	6,32
06-400	Sýslumenn	BHMR	144	14	12,91
06-400	Sýslumenn	BHMR	145	1	1,00
06-400	Sýslumenn	BHMR	146	1	1,00
06-400	Sýslumenn	BHMR	147	9	8,20
06-400	Sýslumenn	BHMR	148	1	0,00
06-400	Sýslumenn	BHMR	149	9	8,80
06-400	Sýslumenn	BHMR	151	25	21,51
06-400	Sýslumenn	BHMR	153	12	10,00
06-400	Sýslumenn	BHMR	155	2	1,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
06-400	**Sýslumenn**	**samtals**		**681**	**597,02**
06-500	Fangelsismál	BSRB	234	3	1,53
06-500	Fangelsismál	BSRB	236	5	5,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	238	12	12,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	240	1	1,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	241	21	16,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	243	27	26,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	244	11	10,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	245	2	1,50
06-500	Fangelsismál	BSRB	247	5	5,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	248	2	2,00
06-500	Fangelsismál	BSRB	252	1	1,00
06-500	Fangelsismál	BHMR	142	1	0,50
06-500	Fangelsismál	BHMR	148	1	1,00
06-500	Fangelsismál	BHMR	149	1	0,75
06-500	Fangelsismál	BHMR	153	2	2,00
06-500	Fangelsismál	BHMR	154	1	1,00
06-500	**Fangelsismál**	**samtals**		**96**	**86,28**
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	230	3	1,50
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	232	7	6,50
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	233	3	3,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	234	1	0,70
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	235	1	1,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	236	7	7,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	237	2	1,25
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	238	7	5,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	239	1	1,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	240	13	11,54
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	242	2	2,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	247	1	0,75
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	143	1	1,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	146	2	2,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	147	2	0,80
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	148	5	4,60
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	149	2	1,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	150	2	1,80
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	151	1	1,00
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	155	1	1,00
07-402	**Unglingaheimili ríkisins**	**samtals**		**64**	**54,44**
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	230	224	146,22
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	231	5	3,63
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	232	13	7,97
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	233	23	15,25
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	234	5	2,35
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	235	10	6,95

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	236	10	7,68
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	237	6	3,87
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	238	102	65,05
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	239	5	2,57
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	240	18	13,05
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	241	2	1,52
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	242	4	3,85
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	243	50	44,08
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	244	9	8,12
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	245	10	7,75
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	246	1	1,00
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	248	2	2,00
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	252	6	6,00
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	143	1	1,00
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	145	5	4,00
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	146	4	3,30
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	147	2	1,80
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	148	2	0,00
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	149	11	6,99
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	150	7	6,00
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	151	2	2,00
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	152	2	2,00
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	153	1	1,00
07-700	**Málefni fatlaðra**	**samtals**		**542**	**377,00**
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BSRB	230	17	11,89
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BSRB	231	2	1,31
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BSRB	232	9	7,05
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BSRB	233	2	1,53
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BSRB	238	5	3,82
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BSRB	242	5	4,59
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BHMR	151	2	1,00
07-710	**Meðferðarheimili og sambýli einhverfra**	**samtals**		**42**	**31,19**
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BSRB	231	2	1,28
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BSRB	237	2	1,30
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BSRB	241	5	4,00
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BSRB	242	3	2,25
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BSRB	244	2	2,00
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BSRB	246	1	1,00
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	145	2	1,80
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	147	7	4,10
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	148	2	0,00
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	149	6	3,80
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	150	2	0,00
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	151	2	1,70
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	152	2	1,00
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	153	2	1,90

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	155	1	1,00
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	156	1	1,00
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**samtals**		**42**	**28,13**
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	229	1	0,19
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	237	11	6,72
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	240	1	1,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	241	13	13,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	242	1	1,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	243	8	8,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	244	2	2,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	245	2	2,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	144	1	0,25
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	149	2	1,50
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	150	1	0,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	151	2	1,80
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	152	1	0,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	153	1	1,00
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	156	1	1,00
07-954	**Vinnueftirlit ríkisins**	**samtals**		**48**	**39,46**
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	231	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	232	9	5,59
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	233	15	10,49
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	234	20	19,37
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	235	8	7,50
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	236	32	26,52
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	237	2	2,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	238	20	17,80
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	239	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	240	14	13,75
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	241	3	2,49
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	242	13	11,43
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	244	12	11,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	245	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	249	6	6,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	140	2	1,74
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	141	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	144	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	146	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	147	4	3,03
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	149	5	4,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	150	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	151	9	9,42
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	152	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	154	1	1,00
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	157	1	1,00
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**samtals**		**184**	**162,13**

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	235	4	2,50
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	236	2	2,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	237	2	2,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	238	3	1,50
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	241	1	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	244	1	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	246	1	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	248	1	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	145	1	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	146	1	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	147	3	1,25
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	148	2	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	149	1	1,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	150	5	2,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	151	5	3,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	152	3	2,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	153	2	0,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	154	4	3,00
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	155	2	2,00
08-325	**Hollustuvernd ríkisins**	**samtals**		**44**	**29,25**
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	230	12	7,31
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	232	45	32,75
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	233	19	11,14
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	235	46	26,06
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	236	21	13,04
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	237	57	37,04
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	238	29	16,51
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	239	31	19,57
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	240	21	13,33
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	241	15	7,53
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	242	44	22,63
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	243	2	1,50
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	244	1	0,50
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	246	4	1,56
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	247	4	3,50
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	249	2	2,00
08-500	Hellugæslustöðvar	BSRB	258	1	1,00
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	140	36	26,06
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	141	9	1,53
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	142	69	63,40
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	143	13	8,79
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	144	2	1,00
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	145	11	1,86
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	146	24	16,40
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	147	6	3,66
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	148	9	3,65

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	149	3	2,00
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	150	2	1,00
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	151	5	3,19
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	153	7	2,40
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	155	1	1,00
08-500	Hellugæslustöðvar	BHMR	156	3	1,70
08-500	**Hellugæslustöðvar**	**samtals**		**554**	**354,61**
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	237	2	2,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	238	1	1,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	240	2	1,93
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	241	1	1,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	242	5	5,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	243	2	2,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	244	1	1,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	245	5	4,35
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	246	7	6,24
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	247	1	1,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	248	1	1,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	249	3	3,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	251	2	2,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	145	1	0,93
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	146	1	0,26
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	147	4	3,67
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	148	2	2,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	149	1	1,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	151	9	9,00
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	153	7	5,50
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	157	2	2,00
09-101	**Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa**	**samtals**		**60**	**55,88**
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	236	2	2,00
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	238	1	1,00
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	240	3	3,00
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	242	4	3,25
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	244	6	4,16
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	245	1	1,00
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	246	3	2,50
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	248	2	2,00
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	251	2	2,00
09-103	Ríkisbókhald	BHMR	146	1	0,50
09-103	Ríkisbókhald	BHMR	149	2	2,00
09-103	Ríkisbókhald	BHMR	151	5	5,00
09-103	Ríkisbókhald	BHMR	154	2	2,00
09-103	Ríkisbókhald	BHMR	156	1	1,00
09-103	**Ríkisbókhald**	**samtals**		**35**	**31,41**
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	227	2	1,99

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	230	1	1,00
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	232	7	3,45
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	233	1	1,00
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	234	12	8,33
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	235	2	1,00
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	236	10	8,18
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	237	8	7,00
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	238	27	18,97
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	239	35	30,83
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	240	29	25,22
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	241	18	15,93
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	242	21	16,50
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	243	10	9,73
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	244	17	16,22
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	245	22	19,95
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	246	30	27,49
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	247	18	16,70
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	248	22	20,75
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	249	15	15,17
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	250	11	11,00
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	251	9	8,85
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	252	1	1,00
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	255	2	1,48
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	141	1	1,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	142	9	9,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	143	4	1,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	144	9	8,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	145	6	6,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	146	2	2,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	147	8	7,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	148	6	6,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	149	22	21,10
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	151	21	20,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	152	1	0,92
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	153	17	15,00
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	155	3	3,00
09-200	**Skattstofur og tollur**	**samtals**		**439**	**387,76**
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	229	2	0,10
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	231	1	0,11
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	234	9	7,45
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	236	6	4,55
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	237	1	1,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	238	16	11,23
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	239	5	5,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	240	6	5,05
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	241	18	17,42
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	242	13	10,55

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	243	1	0,30
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	244	23	23,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	245	3	0,25
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	248	3	3,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	250	1	1,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BHMR	145	2	2,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BHMR	148	1	1,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BHMR	149	2	1,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BHMR	151	3	2,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BHMR	152	1	1,00
10-211	Vegagerð ríkisins	BHMR	155	2	2,00
10-211	**Vegagerð ríkisins**	**samtals**		**119**	**99,01**
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	230	6	5,75
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	231	1	0,75
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	233	2	2,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	234	11	10,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	235	2	2,26
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	236	6	4,59
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	237	1	1,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	238	1	0,50
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	239	1	0,75
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	240	12	12,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	241	4	3,75
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	242	8	8,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	243	3	3,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	245	2	2,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	249	2	2,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	253	1	1,00
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	255	1	1,00
10-300	Vita- og siglingamál	BHMR	150	1	1,00
10-300	Vita- og siglingamál	BHMR	153	1	1,00
10-300	**Vita- og siglingamál**	**samtals**		**66**	**62,35**
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	230	4	3,15
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	231	1	0,46
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	232	12	7,64
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	234	31	29,97
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	235	13	12,14
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	237	4	3,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	238	8	5,76
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	239	6	6,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	240	15	13,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	241	8	8,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	243	2	2,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	245	6	6,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	246	2	2,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	248	2	2,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	249	3	3,00
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	251	1	1,00
10-471	Flugmálastjórn	BHMR	144	1	1,00
10-471	Flugmálastjórn	BHMR	151	1	0,00
10-471	Flugmálastjórn	BHMR	153	1	1,00
10-471	**Flugmálastjórn**	**samtals**		**121**	**107,12**
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	231	1	0,57
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	234	2	2,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	235	4	3,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	236	5	4,75
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	237	1	0,75
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	238	1	1,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	240	3	2,50
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	241	1	1,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	244	1	1,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	245	3	3,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	143	1	0,78
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	144	2	1,50
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	146	4	3,33
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	148	3	3,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	149	1	1,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	150	5	2,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	151	5	3,80
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	152	3	0,80
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	153	4	4,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	154	1	0,00
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	155	2	1,80
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**samtals**		**53**	**41,58**
11-301	Orkustofnun	BSRB	230	1	0,23
11-301	Orkustofnun	BSRB	234	4	3,00
11-301	Orkustofnun	BSRB	236	2	1,50
11-301	Orkustofnun	BSRB	237	3	2,45
11-301	Orkustofnun	BSRB	239	1	0,60
11-301	Orkustofnun	BSRB	240	3	2,00
11-301	Orkustofnun	BSRB	241	2	1,75
11-301	Orkustofnun	BSRB	243	4	4,00
11-301	Orkustofnun	BSRB	245	1	1,00
11-301	Orkustofnun	BSRB	246	4	3,60
11-301	Orkustofnun	BSRB	248	1	1,00
11-301	Orkustofnun	BSRB	249	2	1,00
11-301	Orkustofnun	BSRB	255	1	1,00
11-301	Orkustofnun	BHMR	142	1	0,75
11-301	Orkustofnun	BHMR	146	2	2,00
11-301	Orkustofnun	BHMR	147	1	1,00
11-301	Orkustofnun	BHMR	148	3	2,43
11-301	Orkustofnun	BHMR	149	14	11,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
11-301	Orkustofnun	BHMR	150	14	2,00
11-301	Orkustofnun	BHMR	151	13	10,11
11-301	Orkustofnun	BHMR	152	6	2,00
11-301	Orkustofnun	BHMR	153	2	2,00
11-301	Orkustofnun	BHMR	154	5	5,00
11-301	Orkustofnun	BHMR	155	2	2,00
11-301	**Orkustofnun**	**samtals**		**92**	**63,42**
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	233	4	3,50
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	234	1	0,12
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	235	3	2,14
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	237	2	1,50
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	238	6	6,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	240	1	1,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	241	1	1,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	242	1	1,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	244	2	2,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	245	1	1,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	246	1	0,83
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	247	1	1,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	252	1	1,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	145	1	0,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	146	3	3,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	147	2	2,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	149	4	4,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	150	1	1,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	151	2	2,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	153	4	3,80
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	155	3	3,00
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	157	1	1,00
12-000	**Viðskiptaráðuneytið**	**samtals**		**46**	**41,89**
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	236	4	1,42
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	237	1	0,10
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	238	3	0,41
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	239	2	1,50
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	240	7	5,25
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	241	1	1,00
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	242	6	4,50
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	243	5	4,47
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	244	4	3,25
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	245	3	3,00
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	246	2	2,00
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	248	1	1,00
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	251	1	1,00
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	141	1	1,00
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	145	1	0,66
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	146	4	2,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	147	2	1,29
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	148	1	1,00
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	149	3	3,00
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	151	3	1,70
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	152	1	1,00
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	153	9	9,00
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	155	2	2,00
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	157	1	1,00
13-000	**Hagstofa Íslands**	**samtals**		**68**	**52,55**
14-100	Þjóðskráin	BSRB	233	2	2,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	234	5	2,27
14-100	Þjóðskráin	BSRB	235	3	2,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	236	4	2,20
14-100	Þjóðskráin	BSRB	237	5	5,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	238	2	2,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	240	3	2,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	241	2	1,16
14-100	Þjóðskráin	BSRB	242	1	1,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	244	1	1,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	245	1	1,00
14-100	Þjóðskráin	BSRB	246	1	1,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	141	1	1,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	143	2	1,40
14-100	Þjóðskráin	BHMR	144	2	2,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	145	5	2,50
14-100	Þjóðskráin	BHMR	146	2	1,67
14-100	Þjóðskráin	BHMR	147	3	1,05
14-100	Þjóðskráin	BHMR	148	5	3,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	149	9	7,60
14-100	Þjóðskráin	BHMR	150	5	5,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	151	8	6,75
14-100	Þjóðskráin	BHMR	152	4	4,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	153	3	3,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	154	1	1,00
14-100	Þjóðskráin	BHMR	155	3	3,42
14-100	Þjóðskráin	BHMR	157	1	1,00
14-100	**Þjóðskráin**	**samtals**		**84**	**67,02**
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BSRB	231	2	0,70
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BSRB	233	1	0,52
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BSRB	234	3	2,04
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BSRB	238	2	1,00
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BSRB	239	1	1,00
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	143	1	0,25
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	147	2	1,75
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	149	1	0,40
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	150	3	3,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	151	6	2,00
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	152	5	4,00
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	153	2	0,00
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	154	2	2,00
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	155	2	2,00
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**samtals**		**33**	**20,66**
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	229	1	0,18
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	235	4	3,08
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	236	5	2,75
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	238	28	23,22
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	243	3	1,50
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	244	1	1,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	245	2	1,56
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	249	1	1,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	253	1	0,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	255	1	1,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	143	1	0,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	145	1	0,50
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	147	7	6,25
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	148	2	0,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	149	6	2,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	150	8	5,47
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	151	7	3,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	152	9	1,00
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	153	6	4,93
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	154	7	7,00
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**samtals**		**101**	**65,44**
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	229	2	2,00
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	231	2	2,00
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	234	3	3,00
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	235	28	14,66
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	236	7	3,53
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	237	22	11,52
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	238	14	11,05
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	239	14	9,64
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	240	5	5,00
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	241	11	10,06
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	242	25	21,84
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	243	19	14,22
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	244	16	12,10
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	245	16	12,18
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	246	35	19,27
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	247	28	26,40
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	248	4	2,46
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	249	6	5,52
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	250	5	5,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	251	1	0,00
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	140	1	1,00
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	141	11	9,80
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	142	9	7,16
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	143	1	1,00
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	144	11	7,71
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	145	19	16,00
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	146	7	6,50
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	147	20	19,03
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	148	9	7,00
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	149	14	12,80
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	150	1	1,00
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	151	12	10,00
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	152	2	2,00
22-970	**Ríkisútvarp**	**samtals**		**380**	**292,45**
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	229	1	0,67
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	230	1	1,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	233	6	3,09
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	234	27	14,97
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	235	10	7,45
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	237	1	0,37
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	238	7	7,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	239	5	4,80
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	240	8	6,73
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	241	5	3,11
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	242	1	1,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	243	8	8,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	244	5	5,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	245	1	1,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	246	5	4,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	248	6	6,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	249	2	2,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	250	8	8,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BHMR	141	1	0,50
22-973	Þjóðleikhúsið	BHMR	146	4	2,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BHMR	147	2	2,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BHMR	149	2	1,23
22-973	Þjóðleikhúsið	BHMR	153	1	1,00
22-973	Þjóðleikhúsið	BHMR	155	1	1,00
22-973	**Þjóðleikhúsið**	**samtals**		**118**	**91,92**
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	231	5	4,05
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	232	17	9,50
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	234	40	27,50
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	235	8	6,54
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	237	9	9,00
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	240	2	1,75

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	244	3	3,00
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	245	1	1,00
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BHMR	155	1	1,00
23-101	**Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli**	**samtals**		**86**	**63,34**
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	232	2	1,50
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	233	3	2,26
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	234	9	8,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	236	4	3,20
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	238	9	8,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	242	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	244	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	246	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	141	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	144	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	146	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	147	4	3,50
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	149	4	4,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	150	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	151	2	1,50
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	152	1	1,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	153	3	3,00
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	155	1	1,00
27-271	**Byggingasjóður ríkisins**	**samtals**		**49**	**43,96**
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	227	2	0,34
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	229	1	1,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	230	3	1,68
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	231	77	42,02
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	232	15	12,64
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	233	2	1,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	234	39	35,02
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	235	4	3,28
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	236	2	2,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	237	21	19,36
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	238	3	3,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	239	1	1,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	240	6	6,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	242	2	1,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	243	11	9,70
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	244	18	18,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	246	1	1,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	247	2	2,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BHMR	145	1	0,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BHMR	147	1	1,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BHMR	148	1	1,00
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BHMR	151	1	1,00
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**	**samtals**		**214**	**163,04**

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
30-101	Póstur og sími	BSRB	228	222	79,46
30-101	Póstur og sími	BSRB	229	328	186,71
30-101	Póstur og sími	BSRB	230	132	39,49
30-101	Póstur og sími	BSRB	231	171	73,67
30-101	Póstur og sími	BSRB	232	147	78,67
30-101	Póstur og sími	BSRB	233	94	62,88
30-101	Póstur og sími	BSRB	234	103	56,33
30-101	Póstur og sími	BSRB	235	236	199,17
30-101	Póstur og sími	BSRB	236	100	84,26
30-101	Póstur og sími	BSRB	237	156	117,45
30-101	Póstur og sími	BSRB	238	91	74,35
30-101	Póstur og sími	BSRB	239	62	56,99
30-101	Póstur og sími	BSRB	240	139	122,11
30-101	Póstur og sími	BSRB	241	65	58,37
30-101	Póstur og sími	BSRB	242	59	52,56
30-101	Póstur og sími	BSRB	243	74	63,09
30-101	Póstur og sími	BSRB	244	54	50,54
30-101	Póstur og sími	BSRB	245	31	30,00
30-101	Póstur og sími	BSRB	246	24	23,30
30-101	Póstur og sími	BSRB	247	33	30,46
30-101	Póstur og sími	BSRB	248	24	21,00
30-101	Póstur og sími	BSRB	249	44	43,10
30-101	Póstur og sími	BSRB	250	7	6,23
30-101	Póstur og sími	BSRB	251	13	13,00
30-101	Póstur og sími	BSRB	252	2	2,00
30-101	Póstur og sími	BSRB	253	2	2,00
30-101	Póstur og sími	BSRB	254	1	1,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	141	2	0,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	142	1	0,60
30-101	Póstur og sími	BHMR	143	1	1,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	144	1	1,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	145	1	1,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	146	2	2,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	147	2	2,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	148	1	0,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	149	3	3,00
30-101	Póstur og sími	BHMR	151	3	2,90
30-101	Póstur og sími	BHMR	153	4	3,67
30-101	Póstur og sími	BHMR	155	4	4,00
30-101	**Póstur og sími**	**samtals**		**2.439**	**1.649,36**
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	234	5	3,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	236	21	16,50
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	237	1	0,97
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	238	1	0,50
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	239	6	6,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	240	3	3,00

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	242	8	7,50
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	243	2	2,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	244	5	5,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	245	4	4,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	246	10	10,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	247	2	4,30
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	248	5	5,92
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	249	1	1,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	250	1	1,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	254	3	2,97
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BHMR	144	1	1,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BHMR	145	1	0,75
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BHMR	152	1	1,00
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BHMR	155	4	3,00
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**	**samtals**		**85**	**79,41**
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	227	2	0,08
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	228	6	1,94
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	229	5	2,02
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	230	50	42,96
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	231	52	35,95
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	232	58	39,83
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	233	104	85,22
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	234	82	58,86
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	235	278	208,08
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	236	72	51,50
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	237	117	83,84
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	238	63	43,33
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	239	64	50,39
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	240	53	44,13
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	241	38	27,24
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	242	61	49,56
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	243	21	14,02
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	244	28	22,74
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	245	18	14,35
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	246	20	15,64
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	247	34	30,09
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	248	28	24,17
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	249	21	19,88
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	250	3	1,82
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	251	3	3,00
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	252	3	3,00
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	253	1	1,00
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	255	1	1,00
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	140	12	7,39
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	141	59	3,22
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	142	24	8,41
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	143	15	10,51

Stofnun	Heiti	Bandalag	Launaflokkur	Fjöldi	Stöðugildi
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	144	60	24,62
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	145	88	28,11
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	146	210	140,71
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	147	93	62,51
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	148	74	45,73
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	149	51	34,83
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	150	37	24,56
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	151	26	19,75
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	152	13	9,49
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	153	15	9,80
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	154	9	8,50
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	155	9	7,55
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	156	8	6,75
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	157	9	5,97
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	158	2	1,00
88-000	**Ríkisspítalar**	**samtals**		**2.108**	**1.441,16**
Allar stofnanir með fleiri en 30 starfsmenn		**samtals**		**13.263**	**9.966,33**

Hlutfall yfirvinnu starfsmanna innan BSRB og BHMR í ríkisstofnunum.
(Í janúar 1994.)

Rásto	Stofnun	Bandalag	Fjöldi stöðuglida í dagv	Dagv. laun kr/stg	Yfirv laun kr/stg	Heildar laun kr/stg	Hlutfall yfirv af dagv í %
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	27,37	86.468	35.386	121.855	40,92
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	19,20	106.486	45.443	151.929	42,68
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa		46,57	94.721	39.533	134.254	41,74
02-201	Háskóli Íslands	BSRB	85,88	72.742	23.104	95.848	31,76
02-201	Háskóli Íslands	BHMR	462,25	111.344	35.102	146.446	31,53
02-201	Háskóli Íslands		548,13	105.296	33.222	138.518	31,55
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BSRB	10,50	67.151	22.435	89.586	33,41
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	BHMR	25,60	105.701	32.423	138.125	30,67
02-202	Tilraunastöð háskólans að Keldum		36,10	94.488	29.518	124.007	31,24
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BSRB	13,03	74.474	17.033	91.507	22,87
02-203	Raunvísindastofnun háskólans	BHMR	43,33	101.852	41.076	142.928	40,33
02-203	Raunvísindastofnun háskólans		56,36	95.522	35.518	131.040	37,18
02-210	Háskólinn á Akureyri	BSRB	8,50	68.270	22.302	90.571	32,67
02-210	Háskólinn á Akureyri	BHMR	32,66	97.544	50.432	147.976	51,70
02-210	Háskólinn á Akureyri		41,16	91.498	44.623	136.121	48,77
02-211	Tækniskóli Íslands	BSRB	5,00	72.313	26.859	99.188	37,14
02-211	Tækniskóli Íslands	BHMR	34,06	100.479	73.354	173.833	73,00
02-211	Tækniskóli Íslands		39,06	96.874	67.402	164.278	69,58
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BSRB	15,00	66.940	24.422	91.362	36,48
02-221	Kennaraháskóli Íslands	BHMR	69,27	104.902	39.845	144.747	37,98
02-221	Kennaraháskóli Íslands		84,27	98.145	37.099	135.245	37,80
02-300	Framhaldsskólar	BSRB	102,76	70.827	24.620	95.449	34,76
02-300	Framhaldsskólar	BHMR	814,17	94.506	48.142	142.649	50,94
02-300	Framhaldsskólar		916,93	91.853	45.506	137.359	49,54
02-422	Námsgagnastofnun	BSRB	25,50	74.693	22.510	97.203	30,14
02-422	Námsgagnastofnun	BHMR	11,60	102.613	25.988	128.602	25,33
02-422	Námsgagnastofnun		37,10	83.423	23.598	107.020	28,29
02-500	Iðnnám og verkmennt	BSRB	39,54	69.229	26.519	95.750	38,31
02-500	Iðnnám og verkmennt	BHMR	115,40	95.684	61.658	157.343	64,44
02-500	Iðnnám og verkmennt		154,94	88.933	52.691	141.624	59,25
02-700	Grunnskólar	BSRB	35,30	65.583	506	66.090	0,77
02-700	Grunnskólar	BHMR	161,36	90.012	31.547	121.558	35,05
02-700	Grunnskólar		196,66	85.627	25.975	111.602	30,34
02-710	Fræðsluskrifstofur	BSRB	8,78	71.171	10.682	81.853	15,01
02-710	Fræðsluskrifstofur	BHMR	22,97	104.756	29.464	134.219	28,13
02-710	Fræðsluskrifstofur		31,75	95.468	24.270	119.738	25,42
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BSRB	37,44	72.512	12.996	85.510	17,92
02-750	Skólar fyrir fatlaða	BHMR	18,95	91.280	23.422	114.702	25,66
02-750	Skólar fyrir fatlaða		56,39	78.819	16.500	95.320	20,93
02-900	Söfn	BSRB	40,74	69.315	21.872	91.188	31,55
02-900	Söfn	BHMR	58,95	95.423	20.847	116.271	21,85
02-900	Söfn		99,69	84.754	21.266	106.020	25,09
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	15,60	81.079	55.002	136.081	67,84
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	26,25	102.047	50.450	152.497	49,44
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa		41,85	94.231	52.147	146.378	55,34
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BSRB	65,50	88.208	67.862	156.071	76,93

Rásto	Stofnun	Bandalag	Fjöldi stöðugilda í dagv	Dagv. laun kr/stg	Yfirv laun kr/stg	Heildar laun kr/stg	Hlutfall yfirv af dagv í %
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	BHMR	1,00	113.151	55.228	168.379	48,81
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli		66,50	88.583	67.672	156.256	76,39
03-300	Sendiráð	BSRB	19,00	75.912		75.912	0,00
03-300	Sendiráð	BHMR	14,00	100.974		100.974	0,00
03-300	Sendiráð		33,00	86.545		86.545	0,00
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BSRB	21,18	69.449	20.508	89.956	29,53
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	BHMR	46,49	106.491	32.528	139.018	30,55
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins		67,67	94.897	28.766	123.663	30,31
04-233	Yfirdýralæknir	BSRB	5,00	77.741	27.692	105.437	35,62
04-233	Yfirdýralæknir	BHMR	36,75	90.136	6.804	96.940	7,55
04-233	Yfirdýralæknir		41,75	88.651	9.306	97.957	10,50
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BSRB	18,22	70.103	25.245	95.348	36,01
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	BHMR	16,85	101.393	28.765	130.159	28,37
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri		35,07	85.137	26.936	112.073	31,64
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BSRB	12,20	71.094	24.112	95.206	33,92
04-271	Bændaskólinn á Hólum	BHMR	9,84	95.268	36.724	131.992	38,55
04-271	Bændaskólinn á Hólum		22,04	81.887	29.743	111.629	36,32
04-321	Skógrækt ríkisins	BSRB	14,45	79.518	32.342	111.860	40,67
04-321	Skógrækt ríkisins	BHMR	14,25	103.300	32.314	135.615	31,28
04-321	Skógrækt ríkisins		28,70	91.326	32.328	123.655	35,40
05-202	Hafrannsóknastofnun	BSRB	21,78	70.380	45.985	116.366	65,34
05-202	Hafrannsóknastofnun	BHMR	65,37	100.490	65.631	166.121	65,31
05-202	Hafrannsóknastofnun		87,15	92.965	60.722	153.687	65,32
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BSRB	13,32	70.878	28.452	99.330	40,14
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	BHMR	30,50	99.300	44.572	143.872	44,89
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		43,82	90.660	39.672	130.332	43,76
05-204	Fiskistofa	BSRB	43,16	76.648	44.853	121.501	58,52
05-204	Fiskistofa	BHMR	6,00	93.594	48.565	142.159	51,89
05-204	Fiskistofa		49,16	78.717	45.306	124.022	57,56
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	10,00	87.919	22.200	110.124	25,25
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	14,60	109.884	69.258	179.148	63,03
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa		24,60	100.955	50.129	151.090	49,65
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BSRB	30,46	71.899	22.260	94.159	30,96
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	BHMR	12,74	100.053	61.881	161.934	61,85
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur		43,20	80.202	33.945	114.146	42,32
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BSRB	50,04	93.708	52.544	146.261	56,07
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	BHMR	5,00	104.748	76.498	181.246	73,03
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins		55,04	94.711	54.720	149.439	57,78
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BSRB	299,60	84.211	53.528	137.741	63,56
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	BHMR	8,00	105.946	79.846	185.792	75,36
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík		307,60	84.776	54.213	138.991	63,95
06-400	Sýslumenn	BSRB	526,28	81.165	44.857	126.023	55,27
06-400	Sýslumenn	BHMR	70,74	96.484	59.009	155.493	61,16
06-400	Sýslumenn		597,02	82.980	46.533	129.515	56,08
06-500	Fangelsismál	BSRB	81,03	79.032	57.254	136.287	72,44
06-500	Fangelsismál	BHMR	5,25	108.471	43.132	151.610	39,76

Rásto	Stofnun	Bandalag	Fjöldi stöðugilda í dagv	Dagv. laun kr/stg	Yfirv laun kr/stg	Heildar laun kr/stg	Hlutfall yfirv af dagv í %
06-500	Fangelsismál		86,28	80.824	56.395	137.220	69,78
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BSRB	41,24	67.155	39.513	106.668	58,84
07-402	Unglingaheimili ríkisins	BHMR	13,20	100.020	47.050	147.072	47,04
07-402	Unglingaheimili ríkisins		54,44	75.124	41.340	116.465	55,03
07-700	Málefni fatlaðra	BSRB	348,87	67.378	29.863	97.242	44,32
07-700	Málefni fatlaðra	BHMR	28,09	98.364	45.069	143.438	45,82
07-700	Málefni fatlaðra		376,96	69.687	30.996	100.684	44,48
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BSRB	30,17	62.098	30.179	92.277	48,60
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	BHMR	1,00	104.615		104.645	0,00
07-710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra		31,17	63.462	29.211	92.674	46,03
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BSRB	11,83	78.652	20.540	99.191	26,12
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	BHMR	16,30	105.034	32.811	137.848	31,24
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins		28,13	93.939	27.650	121.591	29,43
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BSRB	33,91	78.991	37.477	116.468	47,44
07-954	Vinnueftirlit ríkisins	BHMR	5,55	110.710	51.088	161.807	46,15
07-954	Vinnueftirlit ríkisins		39,46	83.452	39.391	122.844	47,20
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BSRB	136,95	72.901	29.941	102.842	41,07
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	BHMR	25,18	103.113	55.508	158.627	53,83
08-201	Tryggingastofnun ríkisins		162,13	77.593	33.912	111.506	43,70
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BSRB	12,00	77.457	22.258	99.715	28,74
08-325	Hollustuvernd ríkisins	BHMR	17,25	106.333	43.376	149.708	40,79
08-325	Hollustuvernd ríkisins		29,25	94.486	34.712	129.198	36,74
08-500	Heilsugæslustöðvar	BSRB	216,98	71.956	10.471	82.427	14,55
08-500	Heilsugæslustöðvar	BHMR	137,63	87.358	8.100	95.460	9,27
08-500	Heilsugæslustöðvar		354,61	77.934	9.551	87.485	12,26
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BSRB	31,52	85.551	18.847	104.399	22,03
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	BHMR	24,36	103.947	30.708	134.657	29,54
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa		55,88	93.571	24.018	117.590	25,67
09-103	Ríkisbókhald	BSRB	20,91	84.054	37.015	121.069	44,04
09-103	Ríkisbókhald	BHMR	10,50	106.302	62.024	168.326	58,35
09-103	Ríkisbókhald		31,41	91.491	45.375	136.867	49,60
09-200	Skattstofur og tollur	BSRB	287,73	82.355	23.627	105.983	28,69
09-200	Skattstofur og tollur	BHMR	100,02	97.349	52.141	149.492	53,56
09-200	Skattstofur og tollur		387,75	86.223	30.983	117.206	35,93
10-211	Vegagerð ríkisins	BSRB	90,00	80.128	53.282	133.410	66,50
10-211	Vegagerð ríkisins	BHMR	9,00	104.112	77.654	181.766	74,59
10-211	Vegagerð ríkisins		99,00	82.308	55.498	137.806	67,43
10-300	Vita- og siglingamál	BSRB	60,35	74.685	22.484	97.169	30,11
10-300	Vita- og siglingamál	BHMR	2,00	106.174	67.486	173.660	63,56
10-300	Vita- og siglingamál		62,35	75.695	23.927	99.622	31,61
10-471	Flugmálastjórn	BSRB	105,12	72.676	48.128	120.813	66,22
10-471	Flugmálastjórn	BHMR	2,00	100.916	74.059	174.975	73,39
10-471	Flugmálastjórn		107,12	73.203	48.612	121.824	66,41
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BSRB	19,57	72.559	35.914	108.473	49,50
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	BHMR	22,01	103.315	61.669	164.984	59,69
11-201	Iðntæknistofnun Íslands		41,58	88.839	49.547	138.386	55,77

Rásto	Stofnun	Bandalag	Fjöldi stöðugilda í dagv	Dagv. laun kr/stg	Yfirv laun kr/stg	Heildar laun kr/stg	Hlutfall yfirv af dagv í %
11-301	Orkustofnun	BSRB	23,13	83.165	35.355	118.521	42,51
11-301	Orkustofnun	BHMR	40,29	109.841	54.176	164.018	49,32
11-301	Orkustofnun		63,42	100.112	47.312	147.424	47,26
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BSRB	22,09	78.499	24.498	102.998	31,21
12-000	Viðskiptaráðuneytið	BHMR	19,80	107.657	66.614	174.271	61,88
12-000	Viðskiptaráðuneytið		41,89	92.281	44.404	136.686	48,12
13-000	Hagstofa Íslands	BSRB	28,90	80.720	20.406	101.126	25,28
13-000	Hagstofa Íslands	BHMR	23,65	108.050	45.667	153.717	42,26
13-000	Hagstofa Íslands		52,55	93.020	31.775	124.794	34,16
14-100	Þjóðskrá ln	BSRB	22,63	71.054	22.953	94.007	32,30
14-100	Þjóðskrá ln	BHMR	44,39	102.679	50.318	152.998	49,01
14-100	Þjóðskrá ln		67,02	92.000	41.078	133.079	44,65
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BSRB	5,27	65.098	21.082	86.180	32,39
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	BHMR	15,40	112.397	38.807	151.204	34,53
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands		20,67	100.337	34.288	134.625	34,17
14-410	Veðurstofa Íslands	BSRB	35,29	75.265	22.492	97.757	29,88
14-410	Veðurstofa Íslands	BHMR	30,15	108.908	35.248	144.155	32,36
14-410	Veðurstofa Íslands		65,44	90.765	28.369	119.134	31,26
22-970	Ríkisútvarp	BSRB	191,44	80.543	40.106	120.649	49,79
22-970	Ríkisútvarp	BHMR	101,00	92.786	59.800	152.597	64,45
22-970	Ríkisútvarp		292,44	84.771	46.908	131.683	55,33
22-973	Þjóðleikhúsið	BSRB	84,20	78.636	25.427	104.063	32,34
22-973	Þjóðleikhúsið	BHMR	7,73	100.843	36.512	137.359	36,21
22-973	Þjóðleikhúsið		91,93	80.503	26.359	106.862	32,74
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BSRB	62,33	67.000	95.281	162.281	142,21
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli	BHMR	1,00	127.353	113.740	241.093	89,31
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli		63,33	67.953	95.572	163.525	140,64
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BSRB	25,96	69.654	34.117	103.771	48,98
27-271	Byggingasjóður ríkisins	BHMR	18,00	101.896	78.637	180.533	77,17
27-271	Byggingasjóður ríkisins		43,96	82.856	52.346	135.202	63,18
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BSRB	160,00	69.183	31.449	100.649	45,46
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	BHMR	3,00	97.726	36.845	134.571	37,70
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins		163,00	69.708	31.549	101.273	45,26
30-101	Póstur og sími	BSRB	1.628,60	71.888	36.154	108.044	50,29
30-101	Póstur og sími	BHMR	21,17	101.415	58.128	159.543	57,32
30-101	Póstur og sími		1.649,77	72.267	36.436	108.705	50,42
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BSRB	73,66	84.495	48.362	132.858	57,24
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	BHMR	5,75	110.090	105.078	215.167	95,45
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		79,41	86.348	52.469	138.818	60,76
88-000	Ríkisspítalar	BSRB	975,41	72.207	15.052	87.261	20,85
88-000	Ríkisspítalar	BHMR	459,29	95.785	23.171	118.969	24,19
88-000	Ríkisspítalar		1.434,70	79.755	17.651	97.412	22,13
	Samtals stofnanir með fleiri en 30 starfsmenn		9.966,33	83.180	35.464	118.646	42,64

Stofnun	Bandalag	Fjöldi stöðugilda í dagv	Dagv. laun kr/stg	Yfirv laun kr/stg	Heildar laun kr/stg	Hlutfall yfirv af dagv í %
Allar stofnanir	BSRB	7.041,26	74.545	32.418	106.964	43,49
	BHMR	3.717,35	99.127	41.790	140.920	42,16
		10.758,61	83.039	35.656	118.697	42,94

811. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til tóbaksvarnalaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem hefur það meginmarkmið að draga úr tóbaksneyslu. Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli varðandi takmarkanir á reykingum á tilteknum stöðum, takmarkanir á innflutningi og dreifingu tóbaks, merkingu þess og auglýsingum.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun um málið Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og Halldóru Bjarnadóttur, formann tóbaksvarnanefndar, og Þorvarð Örnólfsson og Guðmund Þorgeirsson meðstjórnendur. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Krabbameinsfélaginu, Verslunarráði Íslands, Íslenskri verslun, Kennarasambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, Hollustuvernd ríkisins, Flugmálastjórn, Heilsugæslustöðinni á Akureyri og Vinnueftirliti ríkisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 7. gr. verði einungis gert ráð fyrir samráði við fjármálaráðuneyti. Óeðlilegt þykir að tiltaka Áfengis- og tóbaksverslun sérstaklega í ákvæðinu, ekki síst í ljósi þess að gera má ráð fyrir að í náinni framtíð verði gerðar breytingar á einkasölu verslunarinnar, með hliðsjón af ákvæðum EES-samningsins.
2. Lagt er til að í 8. gr. verði kveðið á um bann við innflutningi, framleiðslu og sölu á fínkornuðu neftóbaki, auk munntóbaks eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að þess væru dæmi að neysla fínkornaðs neftóbaks hefði valdið alvarlegum skaða á unglingum sem neyttu þess í óhófi. Þá kom fram að hlutfall nikótíns í hinu fínkornaða neftóbaki væri margfalt hærra en í grófkornuðu neftóbaki af þeirri tegund sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur framleitt og selt um áratuga skeið. Því er ekki lagt til að takmarkanir þær, sem kveðið er á um í ákvæðinu, taki til þeirrar tegundar neftóbaks. Þá er lagt til að takmarkanir þær, sem tilgreindar eru í síðari málsgrein, taki ekki til þeirra tegunda tóbaks sem fela í sér minni skaðsemi en þær sem fyrir eru.
3. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 11. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði á brott sú takmörkun í 1. mgr. sem kveður á um að ekki megi auglýsa varning sem beri heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu. Nefndin telur að of langt sé gengið með slíkri takmörkun. Breytingar, sem lagðar eru til á b-, c-, og e-liðum, eru af sama toga, en í e-lið er lagt til að fellt verði brott ákvæði sem kveður á um að tóbaki skuli þannig komið fyrir á útsölustöðum að það beri ekki fyrir augu viðskiptavina. Þá er lagt til að í 2. mgr. 11. gr. verði sérstaklega kveðið á um að bannað sé að sýna tóbaksneyslu í tónlistarmyndböndum. Við umfjöllun um málið í heilbrigðis- og tryggingarnefnd kom fram að í auknum mæli hefði borið á neyslu tóbaks í slíkum myndböndum og að hætta væri á að það hefði hvetjandi áhrif á tóbaksneyslu unglinga. Loks er lögð til breyting á 3. mgr. þannig að umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir verði einungis bönnuð ef hún er skaðleg. Með því vill nefndin leggja áherslu á að ekki sé ætlunin að koma í veg fyrir umfjöllun um skaðsemi tiltekinna tegunda tóbaks.

4. Lagt er til að 3. mgr. 12. gr. verði felld brott þar sem hún er talin óframkvæmanleg. Því til stuðnings má nefna að fjölmargir unglingar starfa að sumarlagi á sölustöðum þar sem höndlað er með tóbak og telur nefndin útilokað að lögfesta þá takmörkun sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
5. Lagt er til að 13. gr. falli brott þar sem ákvæðið er talið fela í sér óeðlilega miklar hömlur á atvinnufrelsi manna. Í því sambandi má nefna að ákvæðið gæti t.d. komið í veg fyrir sölu tóbaks á bensínstöðvum og myndbandaleigum. Þá er algengt í fámennum byggðarlögum að í sama húsnæði sé rekin smásala og þjónusta af ýmsu tagi og útilokað þykir að leggja höft á slíka starfsemi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
6. Lagt er til að í 3. tölul. fyrri málsgreinar 15. gr. verði tekið fram að bann við tóbaksreykingum taki ekki til hjúkrunar- og dvalarheimila þar sem fólk dvelur langtímum saman, enda þótt þar sé veitt heilbrigðisþjónusta af einhverju tagi. Í því sambandi má nefna hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra og sambýli fyrir fatlaða einstaklinga. Ekki mun hafa verið ætlunin að ákvæðið næði til slíkra stofnana, en nefndin telur nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um þetta atriði í ákvæðinu.
7. Lagt er til að sú takmörkun, sem gert er ráð fyrir varðandi reykingar í flugi í fyrri málsgrein 17. gr., taki einungis til innanlandsflugs. Enda þótt Flugleiðir hafi nýlega tekið ákvörðun um að banna reykingar í millilandaflugi þykir ótækt að takmarka rétt flugfélaga um ókomna tíð að þessu leyti. Í því sambandi má benda á að slíkt bann næði einnig til erlendra flugfélaga sem fljúga hingað til lands.
8. Lagt er til að fræðsla sú, sem kveðið er á um í 2. tölul. 20. gr. fyrri málsgreinar, verði ekki takmörkuð við ríkisfjölmiðla. Nefndin telur eðlilegt að yfirvöld beiti sér fyrir fræðslu í öllum fjölmiðlum.
9. Lagt er til að felld verði brott úr 26. gr. heimild til að beita varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað. Nefndin telur nægilegt að gera ráð fyrir að refsingar verði í formi sekta.
10. Lagt er til að gildistöku í 29. gr. verði frestað til 1. janúar 1996. Nauðsynlegt þykir að gefa þeim sem lögin varða með einum eða öðrum hætti aðlögunartíma. Á það ekki síst við tóbaksinnflytjendur. Í samræmi við breyttan gildistökutíma er lagt til að ákvæði til bráðabirgða III, sem kveður á um aðlögunartíma fyrir tiltekna staði, verði fellt brott.
11. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða II verði fellt brott þar sem það er óþarft í ljósi þeirrar breytingar sem lögð er til á 8. gr. frumvarpsins.
12. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða III verði fellt brott þar sem lagt er til að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996.
13. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða IV falli brott þar sem það er talið óþarft, m.a. í ljósi þess að Flugleiðir hafa þegar bannað allar reykingar í flugi félagsins til Bandaríkjanna.

14. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða V verði fellt brott þar sem fjármálaráðherra hefur þegar lögum samkvæmt fullt svigrúm til að ákvarða verðhækkanir á tóbaki, sbr. 3. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1995.

Gunnlaugur Stefánsson, form.	Tómas Ingi Olrich, frsm.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.
Sigríður A. Þórðardóttir.		Guðrún J. Halldórsdóttir.

812. Breytingartillögur [312. mál]

við frv. til tóbaksvarnalaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 7. gr. Í stað orðanna „og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skulu“ komi: skal.
2. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við 1. mgr. bætist: og fínkornað neftóbak.
   b. Við 2. mgr. bætist: nema sýnt sé fram á að nýjar eða endurbættar vörur feli í sér minni skaðsemi.
3. Við 11. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi, svo og tóbaksauglýsingar á öðrum varningi.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum, tónlistarmyndböndum eða upplýsingum um vöru og þjónustu.
   c. Orðin „þar á meðal útstillingar, skilti og svipaðan búnað“ í 1. tölul. 3. mgr. falli brott.
   d. Á undan orðinu „Umfjöllun“ í 2. tölul. 3. mgr. komi: Söluhvetjandi.
   e. 4. mgr. falli brott.
4. Við 12. gr. 3. mgr. falli brott.
5. Við 13. gr. Greinin falli brott.
6. Við 15. gr. Við 3. tölul. bætist: þó ekki á hjúkrunar- og dvalarheimilum.
7. Við 17. gr. Við fyrri málsgrein bætist: í innanlandsflugi.
8. Við 20. gr. Í stað orðsins „ríkisfjölmiðlum“ í 2. tölul. fyrri málsgreinar komi: fjölmiðlum.
9. Við 26. gr. Orðin „en varðhaldi séu sakir miklar og brot ítrekað“ í fyrri málsgrein falli brott.

10. Við 29. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1995“ komi: 1. janúar 1996.
11. Við ákvæði til bráðabirgða II. Ákvæðið falli brott.
12. Við ákvæði til bráðabirgða III. Ákvæðið falli brott.
13. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Ákvæðið falli brott.
14. Við ákvæði til bráðabirgða V. Ákvæðið falli brott.

813. Nefndarálit [203. mál]

um till. til þál. um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk umsagnir frá samgönguráðuneyti, Ökukennarafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Slysavarnafélagi Íslands, Vegagerðinni, dómsmálaráðuneyti og Umferðarráði. Umsagnir voru yfirleitt jákvæðar í garð þess að slík áætlun yrði unnin.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra verði falið að gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í umferðaröryggismálum. 25. nóvember sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu um stefnumörkun um bætt umferðaröryggi og í framhaldi af því skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögu að umferðaröryggisáætlun. Skiladi nefndin skýrslu 27. janúar sl. og hefur nú verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, 425. mál. Í ljósi þess að verið er að vinna að málinu leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. | Anna Ólafsdóttir Björnsson. | Jón Helgason.

Guðmundur Árni Stefánsson. | Ólafur Þ. Þórðarson. | Björn Bjarnason.

Ey. Kon. Jónsson. | Ingi Björn Albertsson.

814. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um nýtingu landkosta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Vinnumálasambandinu, Verslunarráði Íslands og Búnaðarfélagi Íslands.

Í tillögunni er kveðið á um að skipuð verði nefnd til að gera úttekt á þeim möguleikum sem lega landsins og aðrir landkostir í víðtækum skilningi gefa. Nefndin er sammála um að huga skuli að þeim atriðum sem fram koma í tillögugreininni, þ.e. tækifærunum

sem lega landsins gefur til aukinna viðskipta og þjónustu og að hreint og ómengað land geti orðið undirstaða öflugs atvinnulífs, m.a. framleiðslu gæðaafurða og þjónustu. Á þessum grundvelli og í trausti þess að málið verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar leggur nefndin til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Jón Helgason.	Ingi Björn Albertsson.	Ey. Kon. Jónsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðmundur Árni Stefánsson.	

815. Nefndarálit [34. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um ráðherraábyrgð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið en þar er lagt til að kosin verði fimm manna nefnd til að endurskoða lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963. Í trausti þess að metið verði hvort þörf sé á þessari endurskoðun leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ey. Kon. Jónsson.
Jón Helgason.	Ingi Björn Albertsson.	Björn Bjarnason.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

816. Nefndarálit [183. mál]

um till. til þál. um leiðtogafund á Þingvöllum árið 2000.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk umsagnir frá Íþróttasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Búnaðarfélagi Íslands, biskupi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Iðntæknistofnun, borgarstóranum í Reykjavík, Þingvallanefnd og Guðmundi Rafni Geirdal.

Í málinu er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að athuga ítarlega hvort raunhæfir möguleikar séu á að halda leiðtogafund á Þingvöllum árið 2000 og halda m.a. ráðstefnu um þessa hugmynd í samvinnu við þá sem hafa sett hana fram. Nefndin er sammála því að hugmyndin verði könnuð og hvort hún sé framkvæmanleg. Með hliðsjón af þessu er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Jón Helgason.

Ingi Björn Albertsson. Ólafur Þ. Þórðarson. Ey. Kon. Jónsson.

Björn Bjarnason. Anna Ólafsdóttir Björnsson.

817. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [297. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

63. gr. verður svohljóðandi:

Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.

2. gr.

64. gr. verður svohljóðandi:

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.

3. gr.

65. gr., sem verður upphafsgrein VII. kafla, verður svohljóðandi:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

4. gr.

66. gr. verður svohljóðandi:

Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

5. gr.

67. gr. verður svohljóðandi:

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.

6. gr.

68. gr. verður svohljóðandi:

Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

7. gr.

69. gr. verður svohljóðandi:

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

8. gr.

70. gr. verður svohljóðandi:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

9. gr.

71. gr. verður svohljóðandi:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

10. gr.

72. gr. verður svohljóðandi:

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.

11. gr.

73. gr. verður svohljóðandi:

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðisheföum.

12. gr.

74. gr. verður svohljóðandi:

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

13. gr.

75. gr. verður svohljóðandi:

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.

14. gr.

76. gr. verður svohljóðandi:

Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

15. gr.

77. gr. verður svohljóðandi:

Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

16. gr.

78. gr. verður svohljóðandi:

Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

818. Skýrsla [454. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. INNGANGUR

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skal félagsmálaráðherra á tveggja ára fresti leggja fyrir Alþingi skýrslu um stöðu og þróun í jafnréttismálum. Á vorþingi 1993 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um nýja framkvæmdaáætlun um aðgerðir til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í umræðum á Alþingi kom fram að æskilegt væri að fjallað yrði um gildi framkvæmdaáætlana í jafnréttismálum samhliða skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Hér er því fjallað nokkuð ítarlega um þær áætlanir. Einnig þykir rétt að benda á að í fyrri skýrslum um stöðu og þróun jafnréttismála er m.a. fjallað um framgang ákvæða framkvæmdaáætlana sem í gildi hafa verið. Að öðru leyti er efnisskipan skýrslunnar svipuð og í fyrri skýrslum um þetta efni. Hér er fjallað um helstu svið jafnréttismála auk þess sem gerð er grein fyrir því sem gerst hefur á sviði kvennarannsókna.

Fylgiskjal með skýrslunni er úttekt frá árinu 1994 á hlut kvenna í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum.

Skrifstofa jafnréttismála hefur tekið saman þessa skýrslu sem hér með er lögð fyrir Alþingi. Sérstök ástæða er til að þakka Stefaníu Traustadóttur félagsfræðingi og Elsu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála, fyrir þeirra vinnu við samningu skýrslunnar.

2. FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Í þessum kafla er fjallað um þau ákvæði jafnréttislaga er varða framkvæmdaáætlanir. Einnig er stuttlega fjallað um hvernig staðið er að slíkum áætlunum í Noregi og Finnlandi.

2.1. Þróun ákvæða um framkvæmdaáætlanir.

Fyrstu lög um launajöfnuð kvenna og karla voru sett árið 1961 og árið 1973 voru samþykkt lög um jafnlaunaráð sem voru undanfari laga nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla. Á árunum 1981–1984 fór fram endurskoðun á jafnréttislögum frá 1976 sem lauk með samþykkt laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þau lög mörkuðu ákveðin þáttaskil þar sem m.a. er komist skýrar að orði en áður og tilgreint að tilgangur laganna sé að koma á jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á öllum sviðum. Í lögunum fólst viðurkenning á að það hallaði á konur í íslensku samfélagi og því væru heimilaðar tímabundnar séraðgerðir sem ætlað væri að bæta stöðu þeirra sérstaklega (sbr. 3. gr.). Meðal nýmæla í lögunum var ákvæði um framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum. Með ákvæðinu var reynt að tryggja að lögin næðu þeim tilgangi sem að var stefnt. Í framkvæmdaáætlunum skyldi greina frá aðgerðum sem fyrirhugaðar væru til að ná fram jafnrétti og var m.a. vísað til svokallaðs 3. gr. ákvæðis í því sambandi. Í frumvarpinu og breytingartillögum við það var ýmist ríkisstjórnin öll eða félagsmálaráðherra gerður ábyrgur fyrir gerð áætlananna en endanleg niðurstaða varð að félagsmálaráðherra skyldi leggja fyrir ríkisstjórnina til samþykktar framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn auk þess sem hann skyldi leggja hana fyrir Alþingi til kynningar.

Fyrsta framkvæmdaáætlunin var lögð fyrir Alþingi haustið 1986 og náði til ársins 1990. Í skýrslu félagsmálaráðherra frá desember 1986 um stöðu og þróun jafnréttismála er í fyrsta sinn gerð grein fyrir aðgerðum stjórnvalda á sviði jafnréttismála. Með henni er undirstrikuð ábyrgð framkvæmdarvaldsins, einstakra ráðuneyta og opinberra stofnana á þessum málaflokki.

Árið 1988 var skipuð nefnd til að endurskoða jafnréttislögin frá árinu 1985. Nefndin skilaði tillögum í formi lagafrumvarps sem fyrst var lagt fyrir Alþingi til kynningar árið 1989. Framvarpið náði fram að ganga árið 1991 eftir að hafa verið lagt þrívegis fyrir Alþingi. Breytingarnar frá fyrri lögum voru töluverðar. Eitt markverðasta nýmælið felst í aðskilnaði kærumála frá öðrum verkefnum Jafnréttisráðs. Samkvæmt 19. gr. laganna skal félagsmálaráðherra skipa þriggja manna kærunefnd jafnréttismála. Nánar er fjallað um breytingarnar á lögunum og hlutverk kærunefndar jafnréttismála í kafla 3.1.1 í þessari skýrslu.

Benda má á fleiri nýmæli. Til dæmis er kveðið á um það að öllum sveitarfélögum með yfir 500 íbúa er skylt að skipa jafnréttisnefndir. Verkefni nefndanna koma fram í lögunum. Þær skulu m.a. fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum sem ætlað er að bæta stöðu kvenna, taka við ábendingum vegna brota og vera tengiliðir við ráðuneyti og Jafnréttisráð. Þær eiga jafnframt að vera ráðgefandi gagnvart sveitarstjórnum í jafnréttismálum. Í kjölfar þessarar nýju lagaskyldu hefur Jafnréttisráð lagt mikla áherslu á að styðja starf jafnréttisnefnda sveitarfélaga og er grein gerð fyrir þeim stuðningi í kafla 3.1.2.1.

Í lögunum frá 1991 er kveðið skýrar en áður á um gerð framkvæmdaáætlana. Samkvæmt 17. gr. skal félagsmálaráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Þingsályktunartillaga samkvæmt ákvæðum 17. gr. var í fyrsta sinn lögð fram árið 1992 en ekki samþykkt fyrr en ári seinna. Í kafla 2.4–2.7 í þessari skýrslu er fjallað ítarlega um framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum, aðdraganda að samþykkt þeirra og helstu efnisatriði.

2.2. Framkvæmdaáætlanir á Norðurlöndum.

Á Norðurlöndum hefur verið unnið eftir jafnréttisáætlunum um nokkurt skeið, þ.e. áætlunum þar sem bæði markmið sem stjórnvöld hafa sett sér í jafnréttismálum og leiðir sem þau velja að fara til að ná þeim eru skilgreind. Hér er gerð stuttlega grein fyrir norskum og finnskum framkvæmdaáætlunum á sviði jafnréttismála.

2.2.1. Norskar framkvæmdaáætlanir.

Í Noregi var fyrsta framkvæmdaáætlun norsku ríkisstjórnarinnar samþykkt árið 1981 og náði hún til ársins 1991 en var endurskoðuð árið 1986. Í þeirri endurskoðun var m.a. tekið upp það nýmæli að hvert einstakt ráðuneyti skyldi setja sér eigin jafnréttisáætlun sem tæki mið annars vegar af þörfum og aðstæðum þeirra sem störfuðu á vegum ráðuneytanna og hins vegar af þörfum og sérstöðu þeirra málaflokka sem ráðuneytin sinntu. Rökin fyrir þessari ákvörðun voru m.a. að mikilvægt væri að flétta jafnréttissjónarmiðið inn í daglegt starf ráðuneytann.

Árið 1991 samþykkti norska ríkisstjórnin nýja framkvæmdaáætlun til 10 ára í jafnréttismálum. Þar var m.a. ákveðið að öll ráðuneyti skyldu gera nýjar jafnréttisáætlanir fyrir tímabilið 1991–1995. Reynsla af þessu starfi árin á undan reyndist það góð að full ástæða þótti til að halda áfram á þeim grundvelli. Markmiðið var sem áður að jafnréttissjónarmiðið yrði haft í huga við alla stefnumótun og framkvæmdir á vegum hvers ráðuneytis. Ráðuneytin áttu sjálf að ákveða einstök verkefni og á hvaða hátt þau tækju tillit til mismunandi þarfa kvenna og karla á sínu verksviði. Þannig yrði starfið bæði markvissara og skilvirkara. Vegna reynslu áranna á undan var ákveðið að fela barna- og fjölskylduráðuneytinu að hafa eftirlit með framkvæmdunum.

Markmið norskra stjórnvalda með jafnréttisáætlunum er skýrt: Konur og karlar eiga að njóta sömu réttinda og hafa sömu möguleika á öllum sviðum samfélagsins. Formlegt

jafnrétti er ekki nægjanlegt. Það verður að skapa báðum kynjum raunverulega möguleika til að skapa sér og sínum sem bestar aðstæður á hverjum tíma.

Til að ná þessu markmiði eru farnar þrjár meginleiðir: a) Jafnréttissjónarmiða verði gætt í öllu er varðar réttindi og skyldur. b) Sérstökum aðgerðum verði beitt til stuðnings báðum kynjum á sviðum þar sem hægt er að flýta þróuninni. c) Ríkjandi kerfi verði endurskoðað og metið hvernig gæðum þess er skipt. (St.meld. nr. 70 (1991–1992.)

Nýja framkvæmdaáætlunin er ólík þeim fyrri að því leyti að hún byggir ekki í sama mæli og áður á ákveðnum afmörkuðum verkefnum, sbr. b-lið málsgreinarinnar hér að framan). Með gerð nýju áætlunarinnar er ráðuneytunum falin meiri ábyrgð og útfærsla á afmarkaðri verkefnum en áður. Að þessu sinni er lögð meiri áhersla á endurskoðun á ríkjandi skipulagi og hvernig gæðum þess er skipt. Í samræmi við þessa stefnu lagði ríkisstjórnin til að kastljósinu yrði beint að tveimur stórum málaflokkum, þ.e. umönnun barna í jafnréttissamfélagi og jafnlaunamálum. Í framkvæmdaáætluninni eru þessir tveir málaflokkar greindir, stöðunni lýst eins og hún er og hvernig ríkisstjórnin hyggst vinna að breytingum.

2.2.2. Finnskar framkvæmdaáætlanir.

Árið 1990 samþykkti finnska ríkisstjórnin reglugerð er varðar jafnréttisáætlanir hjá hinu opinbera. Reglugerðin var gerð með tilvísun í finnsku jafnréttislögin en þar er skýrt tekið fram að hlutverk stjórnvalda sé að breyta þeim aðstæðum sem hindra að raunverulegt jafnrétti náist.

Í skýrslu finnska félags- og heilbrigðisráðuneytisins frá 1991 eru leiðbeiningar til opinberra stofnana og fyrirtækja um hvernig þau eigi að vinna jafnréttisáætlanir (Planera för jämställhed, 3/1991). Þar segir m.a. að jafnréttisáætlanir séu tæki til að auðvelda stjórnvöldum að takast á við verkefni sem þau hafi verið kosin til að sinna. Þær séu tæki til að ná markmiðum jafnréttislaga. Í skýrslunni eru lagaskyldur stjórnvalda til að vinna að jafnrétti kynjanna undirstrikaðar bæði hvað varðar rétt og stöðu almennra borgara og einnig hvað varðar starfsmenn hins opinbera. Ákvæði reglugerðarinnar um jafnréttisáætlanir ná þó einungis til hins opinbera. Í reglugerðinni er tekið fram hvernig staðið skuli að gerð jafnréttisáætlunar og hvaða þættir skuli koma þar fram. Þar er ítrekað að ekki sé nóg að setja sér markmið. Einnig verði að koma fram hvernig eigi að ná þeim, hversu miklu fjármagni eða starfskröftum skuli varið til verksins, hver sé ábyrgur fyrir framgangi málsins og hvenær ákveðnum verkefnum eigi að vera lokið. Í þeim eru ákvæði um mat á árangri og tillögum til úrbóta ef þörf krefur.

Enn sem komið er hefur ekkert mat á árangri farið fram.

2.3. Ákvæði um jafnréttismál í stefnuyfirlýsingum ríkisstjórna.

Frá setningu laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla árið 1985 hafa íslenskar ríkisstjórnir á einn eða annan hátt sett ákvæði um aðgerðir, sem lúta að jafnrétti kynjanna, í stefnuyfirlýsingar sínar. Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, sem tók við völdum sumarið 1987, er víða fjallað um jafnrétti kvenna og karla og jafnframt lögð sérstök áhersla á að unnið verði samkvæmt framkvæmdaáætluninni frá 1986.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá haustinu 1988 er sérstakur kafli um jafnréttis- og fjölskyldumál og þar er lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að ná fram meira jafnrétti í launamálum. Þar er einnig tekið fram að endurskoða eigi lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla frá 1985 og semja nýja framkvæmdaáætlun.

Í málefnasamningi ríkistjórnarinnar sem tók við árið 1991 er sérstakur kafli um

jafnréttis- og fjölskyldumál þar sem mikil áhersla er lögð á að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

2.4. Fyrsta framkvæmdaáætlunin.

Fyrstu framkvæmdaáætluninni var skipt upp í fjóra meginefnisflokka, þ.e. atvinnu- og launamál, menntun og fræðslu, trúnaðarstöður og ábyrgð og að lokum félagsleg atriði. Í hverjum efnisflokki eru síðan tilgreind nánar einstök verkefni og þau falin ýmist einstöku ráðuneyti og/eða opinberri stofnun. Þegar litið er til áranna 1986–1990 og kannað hvað gert hefur verið af hálfu framkvæmdarvaldsins í þessum málaflokki sem rekja má til einstakra atriða, sem ákveðið var að vinna að samkvæmt þessari fyrstu framkvæmdaáætlun, má með rökum halda fram að margt hafi náð fram að ganga.

Sem dæmi má nefna að ríkisstjórnin einsetti sér að kanna launamun kynjanna og var Þjóðhagsstofnun falið það verkefni. Árið 1989 kom út skýrslan Tekjur kvenna og karla. Í skýrslu félagsmálaráðherra frá því í mars 1991 er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar. Þá skyldi Byggðastofnun sjá um úrvinnslu upplýsingu um konur og karla á vinnumarkaði. Árið 1987 skipaði þáverandi forsætisráðherra, framkvæmdanefnd til að annast samanburðarkönnun á launum kvenna og karla. Framkvæmdanefndin taldi rétt að breyta upphaflegri hugmynd um könnun á kjörum kynjanna og gera fjölþætta lífskjarakönnun. Hún taldi að slík könnun myndi rúma öll markmið hinnar upphaflegu könnunar. Forsætisráðherra samþykkti þessar tillögur framkvæmdanefndarinnar og var könnuninni Lífskjör og lífshættir á Íslandi hrundið í framkvæmd í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar árið 1990.

Iðntæknistofnun tók að sér að skipuleggja námskeið fyrir konur sem vildu stofna fyrirtæki og verður gerð nánari grein fyrir því verkefni hér á eftir í kafla um atvinnumál. Samþykkt var að ráðuneyti og opinberar stofnanir beittu sér fyrir því að starfsfólk skyldi eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma og stuðla þannig að jafnari þátttöku kvenna og karla í heimilisstörfum og atvinnulífi. Hér á eftir er fjallað sérstaklega um jafnréttisáætlanir ríkisstofnana frá árinu 1988 en í þeim var m.a. hvatt til sveigjanlegs vinnutíma.

Í fyrstu framkvæmdaáætluninni er kveðið á um aðgerðir er varða menntun og fræðslu og er þar lögð sérstök áhersla á jafnréttisfræðslu í skólum landsins, menntun kennara og endurskoðun námsefnis. Haustið 1987 var skipaður starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins um jafna stöðu kynja í skólum. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar Jafnréttisráðs, Fósturskólans, Háskóla Íslands, HÍK, KÍ og Kennaraháskóla Íslands auk ráðuneytisins. Í erindisbréfi segir að verkefni starfshópsins skuli m.a. vera að skipuleggja fræðslu í skólum og öðrum menntastofnunum og gera tillögur um útgáfu námsefnis og fræðsluefnis fyrir foreldar og kennara. Skýrsla starfshópsins kom út árið 1990 og er gerð grein fyrir helstu atriðum hennar og þeim verkefnum, sem hópurinn beitti sér fyrir, í skýrslu félagsmálaráðherra árið 1991 (Jöfn staða kynja í skólum, menntamálaráðuneytið 1990). Nokkur þeirra verkefna áttu sér stoð í einstökum samþykktum framkvæmdaáætlunarinnar og má þar m.a. nefna útgáfu fræðsluritsins Upp úr hjólförunum. Önnur ákvæði komust ekki í framkvæmd, t.d. skyldunámskeið fyrir kennara bæði í Kennaraháskólanum og Fósturskólanum og að ráðinn yrði umsjónarkennari í jafnréttisfræðslu.

Í samvinnu við þá sem unnu að verkefninu Brjótum múrana var unnið tilraunastarf í ráðgjöf og fræðslu um náms- og starfsval. Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1991 er gerð grein fyrir framgangi og árangri Brjótum múrana verkefnisins sem var þá stærsta norræna verkefnið á sviði jafnréttismála sem Ísland hafði tekið þátt í. Á því skal vakin athygli að eintak af lokaskýrsla verkefnisins er m.a. varðveitt í bókasafni Skrifstofu jafnréttismála.

Allar nánari upplýsingar um árangur einstakra aðgerða, sem byggðar voru á fram-

kvæmdaáætluninni, má sjá í skýrslum félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1988 og 1991.

2.5. Önnur framkvæmdaáætlunin.

Framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1990–1994 var lögð fyrir Alþingi veturinn 1990-1991. Í kjölfar þeirra breytinga, sem urðu á jafnréttislögum vorið 1991, og ríkisstjórnarskipta á vordögum 1991 var áætlunin endurskoðuð og ný samþykkt á vorþingi 1993. Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum áætlunarinnar sem var í gildi árin 1991 og 1992. Það urðu töluverðar breytingar á þessari nýju framkvæmdaáætlun frá því sú fyrsta var samþykkt árið 1986. Hún einkenndist að mörgu leyti af almennt orðuðum markmiðslýsingum án þess að tilgreint væri nánar hvernig ætti að ná þeim eða hver bæri ábyrgð á að þau væru unnin. Framkvæmdaáætlunin frá 1991 kveður mun fastar að orði og þar eru tilgreind ákveðin verkefni sem hverju ráðuneyti er ætlað að vinna að á tímabilinu. Við samningu þessarar áætlunar var höfð hliðsjón af framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985. Í áætluninni var lögð enn meiri skylda á ráðherra og ráðuneyti en áður og þeim gert að sýna fordæmi og hafa frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði. Áætlunin var tvíþætt, annars vegar var þar kafli um meginmarkmið hennar og hins vegar tillögur að einstökum verkefnum ráðuneyta og/eða stofnana á þeirra vegum. Það nýmæli var tekið upp að leggja til í þriðja hluta áætlunarinnar að Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði fengin til að reikna út kostnað sem þessum verkefnum fylgja fyrir hvert ráðuneyti.

Meginmarkmið áætlunarinnar voru:

1. Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólasviðum.
2. Launamál kvenna og karla.
3. Aðgerðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði.
4. Aðgerðir til að bæta sérstaklega stöðu kvenna í dreifbýli.
5. Ýmis félagsleg réttindi.

Eins og áður hefur komið fram voru í seinni hluta áætlunarinnar tillögur að verkefnum sem byggðu á þessum markmiðum. Hér verður ekki getið nema örfárra þar sem mörg, ef ekki flest þeirra, voru tekin upp í gildandi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára til að koma á jafnrétti kynjanna. Vinna við gerð þeirrar áætlunar hófst stuttu eftir að sú áætlun, sem er til umfjöllunar hér, var samþykkt með tilvísun til breytinga á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt sem tóku gildi vorið 1991.

Í fyrsta lagi er lagt til að tillögur nauðgunarmálanefndar, sem dómsmálaráðherra skipaði þegar árið 1984 og skilaði af sér viðamikilli skýrslu um tillögur til úrbóta árið 1989, komi til framkvæmda á gildistíma áætlunarinnar (sjá kafla 3.3.3). Einnig er tekið undir tillögur umræddrar nefndar þess efnis að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stofni neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þessum áföngum var náð á gildistíma áætlunarinnar. Að frumkvæði félagsmálaráðherra var skipaður starfshópur sem skyldi fjalla um breytta stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð. Sérstaklega er gerð grein fyrir starfi þess hóps síðar í þessari skýrslu. Nefna má setningu laga um starfsmenntun og úttekt á launum karla og kvenna í opinberri þjónustu. Niðurstöður þeirrar úttektar birtust m.a. í greinargerð með þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Norræna jafnlaunaverkefnið hóf undirbúning að könnun á launakjörum karla og kvenna hjá nokkrum opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Í verkefnislýsingu var lögð áhersla á að kanna kjör en ekki einungis laun. Niðurstöður þeirrar könnunar eru væntanlegar á árinu 1994. Á árinu 1991 var stofnaður sérstakur sjóður sem hefur það að markmiði að bæta stöðu

kvenna í dreifbýli og verður gerð grein fyrir honum síðar. Að lokum skal minnt á tillögu um að menntamálaráðherra skipi framkvæmdanefnd sem hafi það verkefni að fylgja eftir tillögum starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum.

2.6. Þriðja framkvæmdaáætlunin.

Eins og áður hefur komið fram kölluðu breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla vorið 1991 á nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Vegna reynslu annarra þjóða og ekki síður þeirrar sem fékkst hér á landi þótti nauðsynlegt að kalla fleiri til ábyrgðar, bæði við gerð slíkrar áætlunar og ekki síður eftirlit með framkvæmdum. M.a. þess vegna var samþykkt að framkvæmdaáætlunin yrði í formi þingsályktunar og kemur það fram í 17. gr. laganna en þar segir:

„Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það leggur félagsmálaráðherra fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála."

Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni er m.a. ítrekuð skylda stjórnvalda að vinna að bættri stöðu kvenna í samfélaginu og að þeim beri að sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði.

Ein helsta breytingin frá fyrri áætlunum er að fyrsti hluti áætlunarinnar fjallar um starfsmannamál ríkisins og er honum ætlað að vera rammi að starfsreglum sem hvert ráðuneyti og ríkisstofnun útfærir nánar í sérstökum jafnréttisáætlunum. Fjármálaráðuneytið fór sérstaklega yfir þær tillögur. Endurskoðun áætlunarinnar frá 1991 fór þannig fram að ráðuneytunum, Hagstofunni og Jafnréttisráði var gefinn kostur á að gera tillögur um breytingar eða bæta við nýjum atriðum ef þörf væri talin á. Það voru því ráðuneytin sjálf sem ákváðu hvað þau vildu gera. Með þessu verklagi má ætla að öll vinna samkvæmt áætluninni verði markvissari. Ekki má heldur vanmeta þá breytingu að nú ber löggjafarvaldið ákveðna ábyrgð og getur innt framkvæmdarvaldið eftir framgangi einstakra mála ef vilji og áhugi er fyrir hendi.

Þingsályktunartillögunni var vísað til félagsmálanefndar Alþingis sem fjallaði um hana og lagði til nokkrar breytingar, m.a. þær að á gildistíma áætlunarinnar verði unnin könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og að haldin verði sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera þar sem áhersla verði lögð á jafnrétti og samskipti kynjanna. Gildandi áætlun var samþykkt á vorþingi 1993.

2.7. Fjórða framkvæmdaáætlunin.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var samþykkt sem þingsályktun á Alþingi þann 7. maí 1993 og gildir til 31. desember 1997. Áætlunin er samin og samþykkt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laganna og þar er skýrt tekið fram að hún skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti og í tengslum við þá endurskoðun leggi félagsmálaráðherra fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Í umræðum þingmanna um framkvæmdaáætlunina kom fram það sjónarmið að Jafnréttisráð bæri að sinna þessari endurskoðun.

Með bréfi dagsettu 13. maí 1993 fól félagsmálráðherra Jafnréttisráði að hafa umsjón með því að þeim markmiðum sem sett eru fram í framkvæmdaáætluninni yrði náð á gildistíma hennar. Ráðuneytið kynni framkvæmdaáætlunina öðrum ráðuneytum, sveitar-

félögum og heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins og hvatti þesssa aðila til að gera eigin verkáætlanir með hliðsjón af þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Samtímis var óskað eftir tilnefningum tengiliða til að annast samskipti við Skrifstofu jafnréttismála.

Skrifstofa jafnréttismála sendi bréf til allra ráðuneyta og ítrekaði tilmæli félagsmálráðuneytisins. Í bréfinu var óskað eftir verkefnislýsingu, kostnaðaráætlun og tímaáætlunum vegna fyrirhugaðrar verkáætlunar. Fjögur ráðuneyti tilnefndu tengiliði, þ.e. samgönguráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og forsætisráðuneytið. Aðeins forsætisráðuneytið skilaði umbeðnum upplýsingum vegna verkáætlunar.

Fullrúar Skrifstofu jafnréttismála og félagsmálaráðuneytisins áttu fund með forsvarsmönnum Hagsýslu ríkisins, BSRB og starfsmannaskrifstofu ríkisins vegna ákvæða í framkvæmdaáætluninni þar sem m.a. er fjallað um að gera skuli reglulega athuganir á starfskjörum kvenna og karla í þjónustu ríkisins til að fá sem gleggsta mynd af þróun þessara mála hjá hinu opinbera. Fram kom hugmynd um að fela Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna þetta verkefni. Stjórn nefndarinnar var áhugasöm en taldi sig ekki færa um að takast á við verkefnið nema til kæmi aukafjárveiting. Tillögunni var beint til félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í tengslum við fjárlagagerð ársins 1994, án árangurs.

Hvað varðar framkvæmd einstakra aðgerða, sem kveðið er á um í framkvæmdaáætluninni, er mikilvægt að hafa í huga tvískiptinguna í uppbyggingu hennar. Fyrri kafli hennar fjallar um starfsmannamál og er að mestu leyti byggður á ákvæðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Seinni hlutinn tekur til verkefna einstakar ráðuneyta og byggir á þeirri hugmyndafræði að flétta þurfi jafnréttissjónarmiðin inn í starfsemi opinberra stofnana. Hvert einstakt ráðuneyti er ábyrgt fyrir framkvæmd sinna verkefna. Hlutverk Skrifstofu jafnréttismála er að fylgjast með og reka á eftir.

2.8. Jafnréttisáætlanir ríkisstofnana.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í mars 1991 er gerð grein fyrir samþykkt ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar um jafnréttisáætlanir opinberra stofnana. Þessar áætlanir skyldu ná til tímabilsins 1989 til ársloka 1992 og fjalla fyrst og fremst um starfsmannamál hlutaðeigandi ráðuneytis eða stofnunar. Jafnréttisráði var falið að meta framgang áætlananna eftir tvö ár, þ.e. í ársbyrjun 1991. Jafnréttisráð skilaði skýrslu og er hér gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar.

Viðbrögð talsmanna ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins við tilmælum ríkistjórnarinnar um gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára voru á ýmsa vegu. Forráðamenn nokkrar stofnana og fyrirtækja kváðu samningu slíkra áætlana illmögulega. Um var að ræða: Íslenska járnblendifélagið, embætti ríkissáttasemjara, skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, Ferðamálaráð Íslands, skrifstofu forseta Íslands, Landsbókasafn Íslands, Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Fiskifélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins, Orkustofnun, svæðisstjórn Vestfjarða, forsætisráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Þó svo að ástæður þess að forráðamenn þessara stofnana treystu sér ekki til að semja slíkar áætlanir hafi verið margvíslegar má skipta þeim upp í tvo meginhópa. Annars vegar var um að ræða smæð stofnunarinnar og um leið mat forráðamanna á að staða kvenna þar væri það góð að það þyrfti ekki að bæta þar um og hins vegar sérstöðu hvað varðaði viðfangsefni sem krefðist menntunar og starfsreynslu sem hlutaðeigandi stofnun hefði ekki vald yfir.

Í fyrri hópnum eru embætti ríkissáttsemjara, Ferðamálaráð Íslands, skrifstofa forseta

Íslands, forsætisráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Landsbókasafn Íslands.

Landsbókasafnið er nokkuð fjölmennur vinnustaður miðað við hina og þar er krafist sérþekkingar á sviði háskólanáms sem hefur á undanförnum árum þróast upp í að verða að miklum meiri hluta sótt af konum. Má geta þess að á árunum 1987 til 1989 útskrifuðust 27 bókasafnsfræðingar frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands, þar af einn karlmaður.

Í seinni hópnum eru Íslenska járnblendifélagið, skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna, Siglingamálastofnun ríkisins, Fiskifélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins og svæðisstjórn fatlaðra. Hjá þessum stofnunum eru karlar mikill meiri hluti starfsmanna (nema hjá svæðisstjórn fatlaðra) og verkaskiptingin er mjög skýr. Karlar vinna störf sem krefjast sérfræðiþekkingar eða sértækrar starfsreynslu og konur almenn skrifstofu- og þjónustustörf nema hjá svæðistjórn fatlaðra en þar eru konur sjúkraþjálfarar, meðferðarfulltrúar og forstöðumenn. Það eru auðvitað einstaka undantekningar á þessari almennu reglu.

Forráðamenn þessara stofnana telja það ekki á sínu færi að hafa áhrif á þessa stöðu þar sem náms- og starfsval kynjanna hafi úrslitaáhrif á þróun mála en undirstrika að þeir sjái ekkert því til fyrirstöðu að ráða konur eða karla til starfa svo fremi einstaklingurinn uppfylli þau menntunar- og reynsluskilyrði sem krefjast verður.

Í svari flugmálastjóra er bent á að jafnréttismál séu í ágætu lagi á skrifstofu Flugmálastjórnar og vitnað í samþykkt „starfskvennafundar" og að mati ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins er heldur ekki þörf á að gera áætlun um öllu meiri jöfnuð í ráðuneyti forsætisráðherra.

Þessar stofnanir eru mjög ólíkar: Þetta eru ýmist fámennar stofnanir eins og embætti ríkissáttasemjara er ágætt dæmi um eða starfssvið þeirra nær fyrst og fremst inn á starfsvettvang sem hingað til hefur mátt skilgreina sem starfsvettvang karla.

Nokkrar stofnanir tóku sér langan umhugsunartíma ýmissa hluta vegna en skiluðu inn áætlunum, misjafnlega vel unnum, upp úr áramótunum 1990–91. Mat á árangri fer ekki fram fyrr en að ári. Þessar stofnanir eru: Póst- og símamálastofnun, Veðurstofa Íslands, Ríkisskip og fjármálaráðuneytið.

Áætlanirnar eru mjög misjafnar og í einstaka tilfellum er jafnvel hæpið að hægt sé að tala um markvissa áætlun. Póst- og símamálastofnunin hefur sett sér ákveðin vel skilgreind markmið og er eina stofnunin sem setur sér langtímamarkmið og ætlar að beita ráðningarstefnu og starfsmannastjórn markvisst í því augnamiði. Þess má geta að stofnunin eyddi miklum tíma í að kynna sér sambærilegar áætlanir sem póst- og símamálastofnanir annars staðar á Norðurlöndum hafa gert á undanförnum árum. Veðurstofa Íslands viðurkennir að nauðsynlegt geti verið að beita tímabundnum aðgerðum eins og að það kynið, sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein, gangi fyrir þegar um er að ræða stöðuveitingar og verður fróðlegt að fylgjast með því að ári hvort slíkt hafi verið gert.

Samtals 42 ríkisstofnanir svöruðu tilmælum ríkisstjórnarinnar um gerð jafnréttisáætlana. Í stuttu máli má segja að flestir forráðamenn opinberra stofnana og fyrirtækja hafi tekið jákvætt undir tilmæli ríkisstjórnarinnar frá því í maí 1988 en að ytri aðstæður sem þeir eða þeirra stofnanir ráða ekki við hindri að raunverulegt jafnrétti kynjanna geti orðið að veruleika. Þessar hindranir eru hefðbundið menntunar- og starfsval kvenna og karla, launakjör í almennum skrifstofustörfum og í þriðja lagi hefðbundin verkaskipting kvenna og karla hvað varðar umönnun barna og ábyrgð á heimilishaldi.

Þegar farið er yfir þessi svör kemur í ljós að nokkur þeirra geta varla talist vera eiginleg jafnréttisáætlun, heldur miklu frekar viljayfirlýsing viðkomandi forráðamanna þess efnis að þeir muni ekki nú frekar en áður mismuna starfsmönnum sínum eftir

kynferði. Sem dæmi um slík viðbrögð má nefna svör Brunamálastofnunar ríkisins, Kísiliðjunnar, Verðlagsstofnunar og Menntaskólans í Reykjavík. Þessar stofnanir hafa flestallar gert grein fyrir stöðu mála eins og hún var á árunum 1988–1989. Með því er átt við að gerð var grein fyrir hvernig starfsmenn viðkomandi stofnunar skiptust eftir kyni og starfsheitum, yfirmanna- og ábyrgðarstöðum o.s.frv.

Þó svo að endanlegar upplýsingar liggi ekki fyrir er ljóst að þau ráðuneyti, sem settu sér það markmið að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum og tilgreindu leiðir til að ná því markmiði, hafa náð árangri umfram önnur. Þær leiðir, sem einkum urðu fyrir valinu, voru tvær, annars vegar svokölluð tilnefningarleið og hins vegar að minna tilnefningaraðila á ákvæði 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sem dæmi um slíkan árangur má nefna nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins en þar hefur hlutur kvenna aukist töluvert eða úr 3,8% í 10,2%.

Allt bendir til þess að konum í störfum, sem krefjast sérfræðiþekkingar og eru jafnframt stjórnunar- eða ábyrgðarstöður, hafi fjölgað. Erfitt er að meta hvort þennan árangur megi þakka jafnréttisáætlunum eða um sé að ræða eðlilega þróun. Úttekt, sem Jafnréttisráð gerði fyrir tveimur árum, sýndi aukinn hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum í ráðuneytum og nokkrum opinberum stofnunum. Sú þróun var skýrð með aukinni menntun kvenna.

Berlega kom í ljós við lestur jafnréttisáætlana hinna ýmsu stofnana að það eru fyrst og fremst konur sem starfa við almenn þjónustustörf, hvort sem um er að ræða almenn eða sérhæfð skrifstofustörf eða þá önnur þjónustustörf. Flestir forstöðumenn benda á launakjör þessa starfsfólks og telja að þau hindri raunhæfar breytingar. Þó benda þeir á þann möguleika sem aukin tæknivæðing og kröfur um sérþekkingu á afmörkuðum sviðum bjóða upp á hvað varðar breytingar á launamati.

Óhætt er að fullyrða að þær stofnanir, sem fólu sérstökum vinnuhópi að vinna tillögur að jafnréttisáætlunum og sem síðan höfðu samband við skrifstofu Jafnréttisráðs og báðu um samstarfsfund eða leiðbeiningar, hafa unnið raunhæfar áætlanir sem ætti að vera auðvelt að fara eftir. Sem dæmi má nefna Ríkismat sjávarafurða, Vinnueftirlitið og Póst- og símamálastofnun.

Svo virðist sem forráðamenn flestra stofnananna hafi samþykkt að gera jafnréttisáætlun en ekki séð sér fært að fylgja þeim eftir með markvissum hætti. Þetta má greina á viðbrögðum við beiðni Jafnréttisráðs um mat á stöðu mála tveimur árum eftir að áætlanirnar voru gerðar. Ekki skipti máli hvort jafnréttisáætlunin var vel og skipulega unnin eða hvort hún var frekar almenn viljayfirlýsing. Samtals 17 aðilar svöruðu ekki ítrekuðum óskum Jafnréttisráðs um upplýsingar um framkvæmd áætlananna. Það er umhugsunarefni á hvern hátt hægt er að tryggja að eftir slíkum áætlunum verði farið og hvaða stöðu áætlanir sem þessar hafa og hver eigi að fylgja þeim eftir. Reynslan virðist leiða í ljós að erfitt sé að hrinda í framkvæmd jafnréttisáætlunum á fámennum vinnustöðum.

Eftirtaldar stofnanir svöruðu tilmælum ríkisstjórnarinnar: Félagsmálaráðuneytið, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Skipulag ríkisins, Húsnæðisstofnun ríkisins, iðnaðarráðuneytið, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Iðntæknistofnun, Kísiliðjan, viðskiptaráðuneytið, Verðlagsstofnun, menntamálaráðuneytið, LÍN, Samvinnuháskólinn Bifröst, Þroskaþjálfaskóli Íslands, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn við Sund, Tækniskóli Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Fræðsluskrifstofa Austurlands, Fræðsluskrifstofa Vesturlands, Kirkjubæjarskóli, Hvammshlíðarskóli, Oddeyrarskóli á Akureyri, sjávarútvegsráðuneytið, Hafrannsóknastofnun, Ríkismat sjávarafurða, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, samgönguráðuneytið, Vita- og hafnamálastofnun, Landmælingar Íslands, landbúnaðar-

ráðuneytið, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins, Veiðimálastofnun, Búnaðarfélag Íslands, Garðyrkjuskóli ríkisins, utanríkisráðuneytið, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Hagstofa Íslands.

Í gildandi framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er ekki kveðið á um að opinberar stofnanir eða ráðuneyti geri sínar eigin framkvæmdaáætlanir. Í greinargerð með tillögunni kemur aftur á móti fram að eitt meginmarkmið áætlunarinnar sé að „bæta stöðu kvenna innan ráðuneyta og undirstofnana þeirra, jafnframt því að hafa áhrif á stöðu kvenna almennt á vinnumarkaðinum". Þessu markmiði er m.a. náð með sérstökum kafla um starfsmannamál ríkisins og er honum ætlað að vera „rammi að starfsreglum, sem hvert ráðuneyti eða ríkisstofnun útfærir nánar og hafi að leiðarljósi við gerð sérstakra jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn". (Sjá greinargerð með tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára sem var lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992.)

3. LÖGGJÖF

3.1. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Eins og áður hefur komið fram voru samþykkt ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla árið 1991. Í skýrslu félagsmálaráðherra frá því í mars 1991 er sagt frá tillögum nefndarinnar sem endurskoðaði lögin frá 1985. Helstu nýmælin, sem hún lagði til, voru annars vegar að aðgreina kærumál frá öðrum málum og hins vegar að breyta skipan Jafnréttisráðs. M.a. var lagt til að skipun í ráðið yrði bundin alþingiskosningum og að fulltrúar þingflokka ættu þar sæti ásamt fulltrúum kvennahreyfinga. Fyrra atriðið var samþykkt en hið síðara ekki. Skipan Jafnréttisráðs er því óbreytt frá því sem kveðið er á um í lögunum frá 1985 að öðru leyti en því að félagsmálaráðherra skipar formann ráðsins, áður var það Hæstiréttur Íslands. Hér verður gerð grein fyrir helstu nýmælum laganna og hvernig þau hafa haft áhrif á starfsemi Jafnréttisráðs og skrifstofu þess. Nánari upplýsingar má finna í ársskýrslum Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála fyrir árin 1991 til 1993.

3.1.1. Kærunefnd jafnréttismála.

Eitt markverðasta nýmælið í nýju lögunum felst í aðskilnaði kærumála frá öðrum verkefnum Jafnréttisráðs. Samkvæmt 19. gr. laganna skal félagsmálaráðherra skipa þriggja manna kærunefnd jafnréttismála. Allir nefndarmenn skulu vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar og tvo samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og skal annar þeirra vera formaður. Kærunefnd er skylt að leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjenda þeirra þegar mál eru til meðferðar sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild. 18. júní 1991 skipaði félagsmálaráðherra kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára. Í nefndinni eiga sæti: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri, formaður kærunefndar, tilnefnd af Hæstarétti. Varamaður: Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari. Sigurður Helgi Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Hæstarétti. Varamaður: Sigurður Tómas Magnússon skrifstofustjóri. Margrét Heinreksdóttir sýslufulltrúi, skipuð án tilnefningar. Varamaður: Þorsteinn Eggertsson héraðsdómslögmaður.


Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs er starfsmaður kærunefndar jafnréttismála og situr fundi nefndarinnar. Skrifstofa Jafnréttisráðs er jafnframt skrifstofa kærunefndar. Verkefni kærunefndar jafnréttismála eru nánar tilgreind í 19. gr. laga nr. 28/1991 en þar segir:

„Verkefni kærunefndar eru að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir. Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim er upplýst geta málið er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi. Kærunefnd skal enn fremur í sérstökum tilvikum hafa frumkvæði um ábendingar varðandi framkvæmd ákvæða 2.–13. gr., sbr. þó 1. tölul. 16. gr. um hlutverk Jafnréttisráðs."

Í ársskýrslu kærunefndar jafnréttismála fyrir árið 1992 segir: „Álitsgerðir kærunefndar eru ekki bindandi fyrir aðila. Í þeim tilvikum, þar sem ákvæði laganna eru að mati nefndarinnar brotin, skal hún beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Kærunefnd jafnréttismála er heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila og í samráði við hann, ef ekki er fallist á tilmæli nefndarinnar. Nefndin getur í þeim tilvikum krafist viðurkenningar dómstóla á því að jafnréttislög hafi verið brotin. Enn fremur getur hún gert kröfu um skaðabætur og/eða miskabætur fyrir hönd kæranda. Sjaldgæft er að mál gangi svo langt að til dómstóla sé leitað enda er áður reynt að semja um viðunandi lausn málsins. Eitt mál er fyrir Hæstarétti og varðar stöðuveitingu í Háskóla Íslands og er frá þeim tíma er Jafnréttisráð fjallaði um meint brot á lögunum."

Á árinu 1992 bárust nefndinni 21 kæra sem er mikil aukning frá árinu áður en þá bárust fjórar kærur á því hálfa ári sem nefndin starfaði. Eftirfarandi mynd sýnir hvernig kærur skiptast eftir efni kærumálanna.

Mynd 3.1.1.



Fjórum kærum lauk með álitsgerð, 12 málum var ólokið um áramót, en fimm voru afturkölluð. Rétt er að taka fram að oft hefur veruleg gagnasöfnun farið fram áður en mál er afturkallað og dæmi eru um að aðilar nái sáttum á meðan mál er til umfjöllunar.

Slíkt er að sjálfsögðu æskilegasta lausnin. Kærunefnd bárust 11 mál á árinu 1993 og lauk afgreiðslu þriggja þeirra en eitt var afturkallað. Frá árinu 1992 fluttust 12 mál yfir á nýtt ár. Nefndin lauk afgreiðslu níu þeirra mála, tvö voru afturkölluð í byrjun ársins 1993 en einu frestað að beiðni kæranda. Kærunefnd lauk því afgreiðslu 12 mála á árinu. Í einu þessara mála töldu allir nefndarmenn sig vanhæfa til meðferðar þess og var því skipuð sérstök kærunefnd til að fjalla um það mál.

Karlar voru kærendur í fjórum af þessum 12 málum, konur í átta mála. Nefndin taldi að réttur hefði verið brotinn á kæranda að hluta eða öllu leyti í sex þessara mála. Þegar kæruefni eru skoðuð kemur í ljós að fjögur mál vörðuðu launajafnrétti kynja, þar af fjölluðu tvö þeirra um rétt feðra til launa í fæðingarorlofi, fimm um stöðuveitingu, tvö mál fjölluðu um vinnuaðstæður, tvö um uppsagnir og eitt mál um rétt til félagsaðildar og var það jafnframt eina málið sem ekki var vinnumarkaðsmál.

Við flokkun málanna ber að hafa í huga að oft eru kæruefni fleiri en eitt. Kærandi í einu málinu var stéttarfélag fyrir hönd félagsmanns og hefur því máli verið fylgt eftir af félaginu. Tveimur málum var vísað til lögmanns til frekari meðferðar og náðist samkomulag um annað en hinu hefur verið stefnt fyrir dómstóla. Í lok ársins 1993 var ólokið einu máli frá 1992 og sjö málum frá 1993. Sjá nánar um hlutverk kærunefndar jafnréttismála í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun frá því mars 1991 og í ársskýrslum Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála frá árunum 1991, 1992 og 1993.

3.1.2. Starfsemi Jafnréttisráðs.


Þann 4. júlí 1991 skipaði félagsmálaráðherra í Jafnréttisráð en samkvæmt lögum frá 1991 skal það gert eftir hverjar kosningar til Alþingis. Fulltrúar í ráðinu eru: Lára V. Júlíusdóttir, formaður, skipuð af félagamálaráðherra. Varamaður: Magnús Jónsson. Gylfi Arnbjörnsson, tilnefndur af ASÍ. Varamaður: Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Hrafnhildur Stefánsdóttir, tilnefnd af VSÍ. Varamaður: Guðrún Lárusdóttir. Margrét Ríkarðsdóttir, tilnefnd af BSRB. Varamaður: Þórveig Þormóðsdóttir. Guðrún Árnadóttir, tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands.Varamaður: Ragnhildur Hjaltadóttir. Drífa Hjartardóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands. Varamaður: Ingibjörg Magnúsdóttir. Ragnhildur Benediktsdóttir, skipuð í ráðið sem formaður kærunefndar jafnréttismála. Varamaður: Sigurður Helgi Guðjónsson.

Í 15 gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um að Jafnréttisráð skuli hafa skrifstofu og ráða þangað framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Í sömu lögum er tekið fram að sú skrifstofa sé jafnframt skrifstofa kærunefndar jafnréttismála. Skrifstofan er að Laugavegi 13, Reykjavík. Á skrifstofu Jafnréttisráðs starfa framkvæmdastjóri, tveir félagsfræðingar og ritari. Þá hefur skrifstofa Jafnréttisráðs hýst verkefnisstjóra norræna jafnlaunaverkefnisins og starfsmann Vestnorræna kvennaþingsins

Auk þeirra verkefna, sem Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála og félagsmálaráðherra fela þeim, þjóna þessir starfsmenn þeim stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum sem leita til skrifstofunnar auk þess sem þeir að eigin frumkvæði vinna að gagnasöfnun, upplýsingastarfi og fræðslu er varðar þennan málaflokk.

Árið 1992 var fyrsta heila árið sem Jafnréttisráð starfaði eftir nýju lögunum og starfið þar er enn í mótun. Á árinu var gerð úttekt á starfsemi og skipulagi Jafnréttisráðs og var tilgangurinn m.a. að leita leiða til að gera starf ráðsins og skrifstofunnar markvissara. Ein af mörgum tillögum Hagsýslu ríkisins, sem var falið að vinna þessa úttekt, var að nauðsynlegt væri greina daglega starfsemi skrifstofunnar frá störfum ráðsins. Í framhaldi af þeirri tillögu var ákveðið að frá og með áramótunum 1992–1993 yrði sett á stofn Skrifstofa jafnréttismála. Skipuritið hér á eftir sýnir hvernig starfsemi þessa málaflokks er háttað frá og með ársbyrjun 1993.

Mynd 3.1.2.



Nú þegar kærur vegna meintra brota á lögum eru ekki lengur á borði ráðsins hefur það haft meiri tíma til að sinna öðrum málum, m.a. ýmsum stefnumótandi verkefnum og sérstökum aðgerðum sem ætlað er að bæta stöðu kvenna. Rétt þykir að fjalla í örfáum orðum um nokkur helstu verkefni sem Jafnréttisráðs stóð að á árunum 1991 og 1992.

3.1.2.1. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Skipun jafnréttisnefnda í sveitarfélögum með yfir 500 íbúa er eitt af nýmælum laganna frá 1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk þeirra er að fjalla um jafnréttismál, fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu. Þær skulu taka við ábendingum um brot á lögunum og vera tengiliðir við ráðuneyti og Jafnréttisráð auk þess að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla. Í árslok 1991 höfðu tuttugu sveitarstjórnir skipað jafnréttisnefnd eða falið félagsmálanefnd að fara með þennan málaflokk. Akureyrarbær, eitt sveitarfélaga á landinu, hefur skipað sérstakan jafnréttisfulltrúa til að vinna að jafnréttismálum.

Mörg sveitarfélög höfðu skipað jafnréttisnefndir þótt það hafi ekki orðið lagaskylda fyrr en árið 1991. Með nýjum lögum hefur orðið breyting á þessum málum. Lagaskyldan er fyrir hendi og verksviðið skilgreint. Fram kemur í ársskýrslum Jafnréttisráðs að það lítur á það sem eitt af brýnustu verkefnum sínum á komandi árum að styrkja jafnréttisnefndir sveitarfélaga í starfi sínu og skapa þeim tryggan sess innan stjórnsýslu

sveitarfélaganna. Jafnréttisráð beindi þeim tilmælum til þeirra sveitarstjórna, sem höfðu ekki kosið jafnréttisnefnd, að gera það sem allra fyrst og tilkynna skrifstofu ráðsins um kosninguna. Í framhaldi af því var boðið til landsfundar með fulltrúum jafnréttisnefnda sveitarfélaga 8. maí 1992.

Þetta átak leiddi til verulegrar fjölgunar jafnréttisnefnda sveitarfélaga og í lok ársins 1992 voru 37 jafnréttisnefndir skráðar hjá Skrifstofu jafnréttismála. Samskipti skrifstofunnar og jafnréttisnefndanna hafa verið lífleg. Þetta sýna m.a. fjölgun sameiginlegra funda þessara aðila. Enn fremur var höfð náin samvinna við fulltrúa jafnréttisnefndanna við samningu handbókar fyrir jafnréttisnefndirnar sem kom út í apríl 1993.

3.1.2.2. „Gróska" – handbók jafnréttisnefnda.

Eins og áður sagði kom út í apríl 1993 handbók jafnréttisnefndar. Henni var valið nafnið „Gróska", sem þýðir vaxtarmagn eða gróandi. Handbókin var gefin út í möppu með lausum blöðum, bæði til að auðvelda endurskoðun einstakra kafla í henni, til að hægt yrði að bæta síðar inn í hana nýjum köflum, og til að nefndarmenn gætu geymt í henni ýmis gögn sem snerta starf þeirra í nefndinni.

Bókin skiptist í sex kafla. Í fyrstu þremur köflunum eru einkum tekin fyrir ýmis hagnýt atriði er varða umhverfi jafnréttisnefndarinnar, innra starf hennar og starfið út á við. Í seinni köflunum er fjallað um þrjú svið samfélagsins, þ.e. um vinnumarkaðinn, menntun og stjórnmál. Þó að þessi tilteknu svið hafi orðið fyrir valinu er ekki þar með sagt að jafnréttisstarf komi ekki inn á aðra þætti daglegs lífs. Í lok hvers kafla eru tillögur um verkefni.

Í stað þess að senda handbókina til fulltrúa í jafnréttisnefndum ákvað Jafnréttisráð að afhenda hana á sérstökum kynningarfundum með nefndarmönnum heima í héraði. Nokkrir slíkir fundir voru haldnir á árinu og var þá leitast við að boða til fundanna allar nefndir á tilteknum svæðum. Markmið þessa var ekki hvað síst að efla innbyrðis tengsl jafnréttisnefnda sem starfa í sama landsfjórðungi. Kynningarfundir voru haldnir með jafnréttisnefndum á Selfossi, Stokkseyri. Hellu, Þorlákshöfn, Hveragerði, Eyrarbakka, Reykjavík, Kópavogi, Akureyri, Ólafsfirði, Dalvík, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Eskifirði og í Neskaupstað.

3.1.2.3. Viðurkenning vegna átaks í jafnréttismálum.

Á árinu 1992 ákvað Jafnréttisráð að veita einstaklingi, fyrirtæki eða stofnun viðurkenningu fyrir framtak í þjóðfélaginu sem stuðlaði að framgangi jafnréttis kynjanna og væri öðrum til eftirbreytni. Jafnframt var ákveðið að afhenda viðurkenninguna 24. október sem er sérstakur dagur í hugum íslenskra kvenna. Einstaklingum, sem höfðu ekki haft nein formleg tengsl við Jafnréttisráð, var falið að velja aðila sem þóttu verðskulda viðurkenningu. Hópurinn, sem fékk þetta verkefni, var sammála um að mæla með að Akureyrarbæ yrði veitt viðurkenningin. Afhendingin fór fram í ráðherrabústaðnum í boði félagsmálaráðherra 24. október 1992. Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, afhenti forseta bæjarstjórnar Akureyrar, Sigríði Stefánsdóttur, viðurkenninguna.

3.1.2.4. Kynferðisleg áreitni á vinnustað.

Í upphafi ársins 1992 ákvað Jafnréttisráð að lögð skyldi áhersla á að kynna og hrinda af stað umræðu í þjóðfélaginu um kynferðislega áreitni á vinnustað. Skrifstofa Jafnréttisráðs hefur aflað sér gagna og upplýsinga erlendis frá og er greinilegt að víða er tekið alvarlega á þessu vandamáli, m.a. hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) og hjá Evrópubandalaginu. Auk þessara aðila má nefna verkalýðshreyfinguna, t.d. í Danmörku, og samtök opinberra starfsmanna í Kanada.

Ákveðið var að boða til kynningarfundar um kynferðislega áreitni á vinnustað. Til fundarins var boðið fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Einnig var starfsmannastjórum stórra fyrirtækja boðin þátttaka. Í kjölfar fundarins ákvað Jafnréttisráð að beina þeim tilmælum til Menningar- og fræðslusambands alþýðu (MFA) að tekin skyldi upp fræðsla fyrir trúnaðarmenn stéttarfélaga um þetta mál. Þá var ákveðið að huga að útgáfu kynningarrits. Í framhaldi af ítarlegri athugun á gildandi lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla frá 1991 var það mat ráðsins að túlka bæri ákvæði 6. gr. þannig að það nái til kynferðislegrar áreitni á vinnustað en greinin er svohljóðandi:

„Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um:

1. Laun., launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun eða stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og vísar máli sínu til kærunefndar jafnrettismála sbr. 19. gr., skal atvinnurekandi sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans."

Í þessu sambandi kom til álita að lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað tækju til kynferðislegrar áreitni á vinnustað en um það atriði voru skiptar skoðanir. Í framhaldi af fundinum var ákveðið að senda erindi til Vinnueftirlits ríkisins og kanna afstöðu þess til málsins.

3.1.2.5. Jafnréttisþing.

Samkvæmt nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 1991 skal haldið jafnréttisþing þriðja hvert ár. Slíkt þing skal vera Jafnréttisráði og stjórnvöldum til leiðbeiningar um hvert skuli stefna í framtíðinni. Jafnréttisráð ákvað að halda þingið á árinu 1993. Jafnframt var ákveðið að hefja undirbúning með góðum fyrirvara. Í samræmi við þá ákvörðun var ákveðið að bjóða fulltrúum ýmissa félagasamtaka til samráðsfundar. Markmiðið var að fá ábendingar um hvað væri brýnt að taka fyrir á þessu fyrsta jafnréttisþingi og hvernig ætti að standa að því. Nánar er fjallað um jafnréttisþing í 7. kafla.

3.2. Íslensk jafnréttislöggjöf og tilskipanir Evrópubandalagsins er varða jafnréttismál.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tók gildi 1. janúar 1994. Hann getur haft mikil áhrif á þróun jafnréttismála hér á landi á komandi árum. Í 69. gr. samningsins er kveðið á um skyldu aðildarríkjanna að framfylgja grundvallarreglunni um jöfn laun kynjanna. Evrópudómstóllinn hefur beitt mjög rúmri lögskýringu við túlkun á ákvæði greinarinnar. Samkvæmt 6. gr. EES-samningsins eru dómar dómstólsins meðal lögskýringargagna við túlkun á ákvæðum hans og við túlkun á skuldbindandi tilskipunum sem eru fimm. Þessu til viðbótar má benda á ákvæði í bókun 31 með samningnum en þar segir að samningsaðilar skuli leitast við að styrkja samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins, m.a. í tengslum við þriðju framkvæmdaáætlun bandalagsins um jöfn tækifæri fyrir konur og karla (1991–1995). Samvinna á milli EFTA og ESB á þessu sviði er ekki nánar útfærð. Haustið 1992 heldu fulltrúar EFTA-þjóðanna fund þar sem þessi mál voru rædd. Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs sótti fundinn. Á honum kom m.a. fram að mikill einhugur ríkti um að leggja til að EFTA-þjóðirnar tækju að fullu þátt í sérfræðinganefndum

ESB sem fjalla um jafnrétti kvenna og karla. Einnig kom fram það viðhorf að mikilvægt væri að EFTA-þjóðirnar ættu fulltrúa í ráðgjafarnefnd um jafnréttismál.

Þessi afstaða EFTA-þjóðanna var síðan kynnt á fundi með fulltrúum ESB-landanna. Engin niðurstaða fékkst um tilhögun slíks samstarfs ef af yrði og er málið í biðstöðu.

Á árinu 1991 óskaði félgsmálaráðherra eftir umsögn Jafnréttisráðs varðandi þær tilskipanir Evrópusambandsins er varða jafnréttismál og gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnréttisráð kannaði þá tvær tilskipanir Evrópusambandsins um jafnréttismál, nr. 75/117, um jöfn laun, og nr. 76/207, um jöfn atvinnutækifæri. Ráðið samþykkti tvær tillögur sem verða að teljast róttækar breytingar á íslenskum lögum gangi þær eftir. Annars vegar var lagt til að í samræmi við tilskipun ESB um jöfn atvinnutækifæri verði tekið upp í íslenskum jafnréttislögum ákvæði um vernd launþega sem kært hafa meint misrétti gegn brottvikningu úr starfi. Samkvæmt sömu tilskipun ESB er heimilt að úrskurða ákvæði kjarasamninga eða ráðningarsamninga ógild ef þau brjóta í bága við tilskipunina. Einnig samþykkti Jafnréttisráð að vekja athygli á mismunandi orðalagi 4. gr. íslensku jafnréttislaganna og ákvæðis tilskipunarinnar um jöfn laun. Í íslenskum lögum er talað um jafnverðmæt og sambærileg störf en í tilskipun ESB er einungis notað orðið „jafnverðmæt". Þar er enn fremur talað um að greiða skuli sömu laun fyrir alla þætti launa og launakjara fyrir jafnverðmæt störf. Þetta ákvæði getur skipt sköpum við mat á því hvort um launamun vegna kynferðis sé að ræða eða ekki.

Á árinu 1992 óskaði utanríkismálanefnd Alþingis eftir áliti Jafnréttisráðs á þessum sömu þáttum og var fyrri samþykkt ráðsins ítrekuð að viðbættri tilvísun til ILO-samþykktar nr. 100 en í 1. gr. er talað um „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf". Jafnframt er ítrekað að eðlilegt sé að íslensk lög verði samræmd þessum reglum, en þó að því athuguðu að ekki verði um þrengingu á túlkun að ræða. Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur þegar gert athugasemd við framkvæmd Íslendinga á ákvæðum félagsmálasáttmálans hvað varðar framkvæmd 3. mgr. 4. gr. sáttmálans en þar skuldbinda aðilar sig til að viðurkenna rétt kvenna og karla til sömu launa fyrir jafnverðmæt störf. Félagsmálaráðherra óskaði umsagnar Jafnréttisráðs um þessa athugasemd sérfræðinganefndarinnar og í umsögn ráðsins var tekið undir hana að fullu.

3.3. Önnur lög er varða jafnstöðu kynjana.

Á því tímabili, sem þessi skýrsla tekur til, voru samþykkt á Alþingi ýmis lög er varða jafnstöðu kynjanna og má þar t.d. nefna ný barnalög og hjúskaparlög. Sifjalaganefnd fór fram á umsögn Jafnréttisráðs varðandi bæði þessi mál og voru umsagnir ráðsins mjög jákvæðar. (Sjá ársskýrslu Jafnréttisráðs frá 1992.)

3.3.1. Ný hjúskaparlög.

Í nýjum hjúskaparlögunum (lögum nr. 20/1992) er leitast við að laga ákvæði laganna að þeim breytingum sem hafa orðið í samfélaginu. Ákvæði eldri laga, sem ekki eru í samræmi við hugmyndir um jafnrétti kvenna og karla, hafa verið felld brott eða þeim breytt. Í fyrsta kaflanum má m.a. finna ákvæði um að hjón skuli skipta með sér verkefnum á heimilum eftir föngum, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar og framfærslu. Í 2. gr. laganna er kveðið á um að hjón séu hvívetna jafnrétthá í hjúskapnum og beri jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Með þessu ákvæði er afnuminn sá munur sem kann að hafa verið í sifjalögum að því er varðar lagastöðu karls og konu í hjúskap.

3.3.2. Ný barnalög/sameiginleg forsjá.

Á árinu 1992 voru samþykkt ný barnalög (nr. 20/1992). Í þeim er ákvæði um sameiginlega forsjá foreldra fyrir börnum sínum. Með því er opnuð sú leið að báðir

foreldrar geti farið með forsjá og borið ábyrgð á uppeldi barna sinna ef þeir einhverra hluta vegna búa ekki saman, hvort heldur það er vegna skilnaðar/sambúðarslita eða af öðrum ástæðum. Þessi breyting frá fyrri lögum er mikil réttarbót fyrir feður. Það er eitt skref af mörgum sem þarf að taka til að jafna ábyrgð kvenna og karla á málefnum fjölskyldunnar. Í lögunum eru fleiri ákvæði er styrkja stöðu feðra.

3.3.3. Breytingar á hegningarlögum og skýrsla nauðgunarmálanefndar.

Meðferð og rannsókn kynferðisafbrota hafa sætt gagnrýni. Þar af leiðandi er ástæða er til að gera stutta grein fyrir störfum og tillögum nefndar sem var falið að kanna meðferð þessara mála hér á landi og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum. Dómsmálaráðherra skipaði nefndina árið 1984 og hún skilaði skýrslu árið 1989 (Skýrsla nauðgunarmálanefndar, Reykjavík 1989). Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir einstaklingar: Jónatan Þórmundsson prófessor sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ásdís J. Rafnar lögfræðingur, Guðrún Agnarsdóttir, læknir og alþingismaður, Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur og Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi. Eins og áður sagði skilaði nefndin áliti og tillögum þegar árið 1989 og hafa þær flestar verið samþykktar.

Nefndin kannaði réttarreglur, gerði könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála og einnig könnun á tíðni, einkennum og afleiðingum brotanna.

Tillögur nefndarinnar beindust að breytingum á hegningarlögum frá 1940 og breytingum á lögum varðandi meðferð opinberra mála. Í tillögum nefndarinnar varðandi hegningarlög var lögð áhersla á að gera lögin ókynbundin, samræma þau breyttum viðhorfum, auka refsivernd með því að leggja ýmsar kynferðisathafnir að jöfnu við samræði og styrkja refsivernd barna og unglinga.

Könnun nefndarinnar á rannsókn á meðferð nauðgunarmála á tímabilinu 1977–1983 leiddi í ljós að umfang slíkra brota hér á landi er 8,6% miðað við hverja 100.000 íbúa og er það sambærilegt miðað við önnur Norðurlönd. Ríkissaksóknari kærði í 48 málum. Af þeim var 38 lokið með áfellisdómi.

Það er óhætt að fullyrða að vinna nefndarinnar hefur aukið þekkingu á þessum afmarkaða þætti ofbeldis gagnvart konum, þ.e. nauðgunarmálum. Könnun nefndarinnar leiddi enn fremur í ljós að hér á landi eru kærur á brotum á kynfrelsi kvenna innan við 1% þeirra mála sem Rannsóknarlögregla ríkisins fær til meðferðar. Í framhaldi af tillögum nefndarinnar um breytingar á lögum er varða kynlífsbrot var lögð áhersla á neyðarmóttöku þar sem boðið er upp á aðstoð við fórnarlömb kynferðisbrota og annara ofbeldisbrota. Einnig var gerð tillaga um námskeið fyrir lögreglu og starfsfólk heilbrigðisþjónustu. Neyðarmóttökunni hefur þegar verið komið á og hefur á þeim stutta tíma sem hún hefur starfað margsannað þörfina á slíkri þjónustu fyrir þolendur. Fyrr í þessari skýrslu kemur fram að tekið er undir tillögur nefndarinnar í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði jafnréttismála sem samþykkt var árið 1991.

4. ATVINNU- OG KJARAMÁL

4.1. Vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands.

Frá því í apríl 1991 hefur Hagstofa Íslands staðið fyrir reglubundnum vinnumarkaðskönnunum. Þær eru byggðar á úrtaki 3.000 einstaklinga á aldrinum 16–74 ára. Við undirbúning þessara kannana var m.a. stuðst við framkvæmd samræmdra vinnumarkaðskannana hagstofu Evrópusambandsins sem mun gera allan samanburð við önnur lönd raunhæfan. Upplýsingar um atvinnuþátttöku kvenna og karla og breytingar þar á hafa oft verið takmarkaðar vegna þess að gögn og/eða kannanir hafa ekki verið sambærileg. Á grundvelli þeirra hefur þó verið hægt að fullyrða að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist hröðum skrefum og að æ fleiri konur vinna fullt starf.

Í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1991 kemur t.d. fram að atvinnuþátttaka kvenna árið 1986 hafi verið 81,8%. Þessi tala er miðuð við allar konur 15 ára og eldri. Ef aðeins er tekinn aldurshópurinn 16–74 ára var atvinnuþátttakan mun meiri eða 90,1%. Þessar tölur eru úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar um tekjur kvenna og karla (útg. í janúar 1989) og byggja á skattaframtölum einstaklinga fyrir árið 1986.

Tölur Hagstofunnar eru byggðar á úrtaki og þeir sem í því lentu voru spurðir hvort þeir væru í vinnu og ef ekki hvort þeir hefðu verið í launaðari vinnu næstu viku á undan. Þeir sem voru í vinnu í nóvember 1991 voru 81,1%, konur 75,1% og karlar 87,0%. Þetta eru mun lægri tölur en komu fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Það verður að varast að bera saman þessar upplýsingar þar sem þær byggja á ólíkum talnagrundvelli.

Tafla 4.1.1. Atvinnuþátttaka kvenna og karla í nóv. 1991 og nóv. 1992.

	Karlar		Konur	
	1991	1992	1991	1992
Á vinnumarkaði	87,0	88,2	75,1	77,0
Ekki á vinnumarkaði	13,0	11,8	24,9	23,0
Í vinnu	97,5	95,8	97,3	95,3
Atvinnulausir	2,5	4,2	2,7	4,7

Þessar tölur benda til að atvinnuþátttaka bæði karla og kvenna hafi aukist á milli þessara ára en um leið hefur atvinnuleysi aukist og er samkvæmt þessum tölum meira meðal kvenna.

Í erindi Ástu M. Urbanic, starfsmanns Hagstofu Íslands, Kvinder på arbeidsmarkedet i Island ifölge Islands Statistik Centralbureaus arbeidskraftsundersökelser, sem hún flutti og dreifði á Vestnorræna kvennaþinginu á Egilsstöðum sumarið 1992, er gerð nákvæmari grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar frá því í apríl 1992 og þá sérstaklega hvað varðar konur. Þar eru m.a. töflur sem sýna atvinnuþátttöku eftir kyni og aldri. Þar kemur fram að atvinnuþátttaka karla er meiri en meðal kvenna í öllum aldurshópum nema í þeim yngsta, þ.e. 16–19 ára. Atvinnuþátttaka kvenna í þeim aldurshópi er 56,0% og karla 48,4%. Þetta má m.a. annars útskýra með að fleiri ungar konur vinna launaða vinnu með náminu.

Tafla 4.1.2. Hlutfallsleg atvinnuþátttaka kvenna eftir aldri í apríl 1992.

	Aldurshópar						
	16-19	20-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-74
Í vinnu	56,0	65,8	77,1	89,0	85,1	62,9	15,8
Atvinnulaus	3,7	4,5	2,9	2,7	2,0	0,9	0,0
Ekki á vinnumarkaði	40,3	29,7	20,0	8,3	12,9	36,2	84,2

Þessar tölur staðfesta enn að stærstur hluti ungra kvenna, þ.e. á aldrinum 20–29 sem er sá aldur þar sem konur eru líklegastar til að eiga ung börn, er á vinnumarkaðnum. Aðeins rétt 30% þeirra eru ekki á vinnumarkaðnum.

Í þessum vinnumarkaðskönnunum hafa þátttakendur verið spurðir um hvaða starf þeir stundi, við hvaða atvinnugrein og hjá hvaða fyrirtæki eða stofnun. Atvinnugreinaflokkun hagstofu Evrópusambandsins er notuð til að flokka atvinnugreinar og starfsflokkunarkerfi ILO, sem lagað hefur verið að íslenskum aðstæðum, beitt til að flokka starfsstéttir. Töflurnar hér á eftir sýna annars vegar atvinnuskiptingu eftir kyni og búsetu kvenna og hins vegar starfsstéttir eftir kyni og búsetu kvenna.

Tafla 4.1.3. Atvinnugreinaskipting eftir kyni og búsetu kvenna í apríl 1992 (hlutfall).

		Kyn		Búseta kvenna		
	Alls	Karlar	Konur	Höfuð-borgarsv.	Kaup-staðir	Önnur sveitarf.
Landbúnaður	5,5	6,7	4,1	0,5	0,0	29,0
Fiskveiðar	5,3	8,9	1,1	0,1	2,2	2,7
Iðnaður (fiskiðnaður)	17,0	19,4	14,3	9,0	22,3	20,4
Veitur	1,0	1,5	0,4	0,4	0,5	0,5
Mannvirkjagerð	7,4	12,9	0,8	0,7	1,0	1,1
Verslun og viðgerðir	16,0	16,5	15,3	16,8	14,9	9,7
Hótel og veitingahús	2,6	2,2	3,0	3,0	3,0	2,7
Samgöngur, fjarskipti	6,1	7,1	4,9	4,8	5,7	3,2
Fjármálaþjónusta	3,6	1,9	5,6	6,7	4,7	2,7
Ýmis viðsk./sérhæfð þj.	4,8	5,5	3,9	5,9	1,0	1,1
Opinber stjórnsýsla	5,6	5,7	5,4	5,3	6,2	3,8
Menntun	6,2	4,2	8,5	9,0	7,2	9,1
Heilbr.mál/fél. þjónusta	13,9	3,1	26,4	29,6	26,8	11,3
Önnur samfél. þjónusta/ menningarstarfsemi	5,3	4,4	6,4	8,1	4,5	2,7
Fjöldi	3.061	1.647	1.414	825	403	186

(Heimild: Ásta Urbanic, Hagstofu Íslands, erindi flutt á Vestnorræna kvennaþinginu, 1992.)

Eins og sjá má er mikill munur á skiptingu kvenna og karla eftir atvinnugreinum. Rúmlega 26% kvennanna starfa við heilbrigðismál og félagslega þjónustu en liðlega 3% karla. Það er einna helst við fiskveiðar og mannvirkjagerð sem sjá má álíka einlita kynbundna skiptingu. Konur eru mun fjölmennari en karlar (hlutfallslega) í störfum sem tengjast menntamálum. Einnig er áhugavert að bera saman atvinnuþátttöku kvenna á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Um 29% kvennanna í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins vinna við landbúnað og önnur 20% við iðnað (þar með talinn fiskiðnaður). Því má segja að um helmingur kvenna í minni sveitarfélögunum vinni við framleiðslustörf. Þá vinna 22,3% kvenna í kaupstöðum landsins við iðnað. Helstu starfsgreinar aðrar eru verslun og viðgerðir og svo heilbrigðismál og félagsleg þjónusta. Starfsstéttaskiptingin segir kannski meira um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum en starfsgreinaskiptingin.

Tafla 4.1.4. Starfsstéttir eftir kyni og búsetu kvenna í apríl 1992 (%).

	Alls	Kyn		Búseta kvenna	
		Karlar	Konur	Höfuðborgarsv.	Kaupstaðir	Önnur sveitarf.
Stjórnendur/embættism.	14,9	21,1	7,7	7,4	8,0	8,1
Sérfræðingar	10,9	10,6	11,2	14,9	5,5	7,0
Tæknar og aðstoðarf.	10,2	8,7	11,9	13,2	12,9	3,8
Skrifstofufólk	9,6	2,9	17,5	20,1	16,2	8,6
Afgreiðsla og þjónusta	16,1	9,6	23,8	25,5	23,6	16,8
Bændur og fiskimenn	6,4	8,3	4,1	0,5	0,5	28,1
Iðnaðarmenn/ sérh. fiskvinnslufólk	10,2	17,2	2,0	1,8	1,5	3,8
Vélgæslu- og verksm.f.	4,8	8,0	1,0	0,6	1,7	1,1
Ófaglærðir	16,9	13,5	20,8	15,9	30,1	22,7
Samtals	3.064	1.653	1.411	824	402	185

(Heimild: Ásta Urbanic, Hagstofu Íslands, erindi flutt á Vestnorræna kvennaþinginu, 1992).

Það sem vekur mesta athygli í þessari töflu er lágt hlutfall kvenna í hópi stjórnenda eða embættismanna en hátt hlutfall þeirra í hópi ófaglærðra. Hlutfall kvenna í hópi sérfræðinga er mun lægra á landsbyggðinni en á höfðuðborgarsvæðinu. Aftur á móti eru 30% kvenna á landsbyggðinni ófaglærð.

Vinnutími og starfshlutfall.

Eldri rannsóknir hafa sýnt að meiri hluti íslenskra kvenna hefur verið í hlutastarfi en jafnframt að konum í fullu starfi fjölgað ár frá ári. Á árinu 1985 skiluðu 43% kvenna 40–52 vinnuvikum en Þjóðhagsstofnun skilgreindi slíkt vinnuframlag sem fullt starf. Eftirfarandi tafla er unnin upp úr könnunum Hagstofunnar.

Tafla 4.1.5. Starfshlutfall eftir kyni í nóv. 1991 og nóv. 1992.

	Karlar		Konur	
	1991	1992	1991	1992
Í fullu starfi	89,3	89,7	46,9	48,2
Í hlutastarfi	6,6	5,6	45,4	44,3
Óskilgr. vinnutími	1,4	2,5	2,1	4,8
Íhlaupavinna	2,8	2,2	5,5	2,7

(Heimild: Vinnumarkaðskannanir Hagstofunnar frá nóvember 1991 og 1992.)

Eins og áður eru mun fleiri karlar en konur í fullu starfi en þó vinna aðeins fleiri konur fullt starf í nóvember 1992 en árið áður.

4.2. Launasamanburður kvenna og karla hjá ríkinu á árunum 1987, 1989 og 1991.

Árið 1988 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem kannaði launamun kvenna og karla hjá hinu opinbera. Niðurstaða hennar var að launamun mætti fyrst og fremst skýra með mismikilli yfirvinnu og öðrum launatengdum fríðindum (sjá skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1988, bls. 13). Í kjölfar þeirrar athugunar var ákveðið

að kanna þennan þátt launagreiðslna nánar. Í greinargerð með þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er m.a. gerð grein fyrir launakönnun sem félagsmálaráðherra lét gera árið 1992. Þar eru borin saman laun kvenna og karla hjá hinu opinbera. Þessar launagreiðslur skiptast í yfirvinnu, álag, nefndarlaun og greiddan kostnað. Í töflu 4.2.1. má sjá vægi aukagreiðslna hjá konum og körlum.

Tafla 4.2.1. Hlutfallslegt vægi aukageiðslna hjá konum og körlum.

	1987	1989	1991
Yfirvinnulaun	84,44	74,75	77,61
Álagslaun	50,43	30,22	31,25
Nefndarlaun	366,67	307,32	334,78
Kostnaðargreiðslur	488,89	417,31	239,74
Heildaraukagreiðslur	85,75	77,01	77,62

Þessar tölur sýna m.a. að yfirvinnuhlutfall karla hefur verið um 78% hærra en kvenna árið 1991, þ.e. að þær greiðslur sem karlar fá fyrir yfirvinnu eru 78% hærri en þær sem konurnar fá. Að vísu hefur munurinn minnkað frá árinu 1987 og á það við um alla þessa launaþætti. Mismunurinn hefur samt aukist aftur frá árinu 1989. Þessar tölur sýna aðeins mun á magni en ekki mun á greiðslum fyrir sömu einingu eins og yfirvinnustundir eða vaktaálag. Í könnun félagsmálaráðherra var reiknaður út hlutfallslegur tekjumunur karla og kvenna hjá hinu opinbera og kemur fram að heildaraukagreiðslur eru um 114% hærri hjá körlum en konum en dagvinnulaun aðeins 21% hærri.

4.3. Laun karla og kvenna.

Á árinu 1992 kom út á vegum Kjararannsóknarnefndar skýrsla, Laun karla og kvenna, þar sem birtar eru niðurstöður rannsóknar á launakjörum kynjanna. Á bls. 1 í inngangi að skýrslunni segir orðrétt: „Í Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar hefur komið fram að nokkur munur er á launum kynjanna. Á undanförnum árum hefur vikukaup kvenna verið um 40% lægra en vikukaup karla. Meðaltalsmunur tímakaups er hins vegar nokkuð minni. Eigi að síður er hann umtalsverður, sérstaklega í afgreiðslu- og skrifstofustörfum."

Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum eldri kannana þar sem launamunur kvenna og karla hefur verið staðfestur og á það líka við þegar tekið er tillit til starfshlutfalls. Fjórar nýlegar rannsóknir (Þjóðhagsstofnun 1989, Eiríkur Hilmarsson 1989, Stefán Ólafsson 1990 og Félagsvísindastofnun 1989) gefa allar til kynna að þótt miðað sé við fullt starfshlutfall kvenna séu meðaltekjur þeirra tæpum 40% lægri en meðaltekjur karla.

Meginmarkmið rannsóknar Kjararannsóknarnefndar er að leita skýringa á því af hverju tekjur kvenna eru að jafnaði lægri en tekjur karla og er reynt að varpa ljósi á þá þætti sem hafa áhrif á launamyndunina. Það er tekið fram að í gögnum Kjararannsóknarnefndar séu ekki upplýsingar um viðamikla þætti sem óhjákvæmilega hafa áhrif á launamyndun. Þetta eru þættir eins og menntun, áhugi og metnaður í starfi auk þess sem þar eru engar upplýsingar um fjölskylduaðstæður. Þá er mikilvægt að hafa í huga að rannsóknin nær eingöngu til landverkafólks innan Alþýðusambands Íslands sem starfar á almenna vinnumarkaðinum og er í föstu starfi.

Helstu niðurstöður: Meðal ófaglærðs verkafólks eru verkakonur með 39% lægra vikukaup en verkakarlar. Þennan mun má skýra svo til eingöngu með lengri vinnutíma karlanna. Þá er hreint tímakaup verkakvenna 15% lægra en karla en hærri bónusgreiðslur þeirra jafna greitt tímakaup kynjanna. Í fiskvinnslu eru konur með 1% hærra tímakaup

en karlar enda eru bónusgreiðslur hærri þar en annars staðar. Afgreiðslukonur eru að jafnaði með 42% lægra vikukaup en karlar. Að teknu tilliti til allra þeirra þátta, sem hafa áhrif á launamyndun, mælist 27% meðaltalsmunur á greiddu tímakaupi kynjanna á höfuðborgarsvæðinu en 17% munur á landsbyggðinni. Munur á greiddu tímakaupi skrifstofukvenna og skrifstofukarla – að teknu tilliti til aldurs, búsetu og stjórnunar – er 20% körlunum í hag.

Í lokakafla skýrslu Kjararannsóknarnefndar kemur fram að tekist hafi að skýra hluta launabils karla og kvenna í afgreiðslu- og skrifstofustörfum. „Þó stendur eftir umtalsverður munur á launum kynjanna sem ekki verður skýrður með hjálp ofangreindra skýringabreyta“ (þ.e. vinnutíma, aldurs, starfsgreina, yfirmannastöðu og búsetu).

4.4. Konur og karlar í störfum hjá hinu opinbera.

Í júlí 1993 kom út fréttarit KOS (kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna). Þar er að finna upplýsingar um kaup og kjör opinberra starfsmanna á árunum 1990–1992. Þar má m.a. sjá fjölda opinberra starfsmanna og samsetningu hópa og bandalaga ásamt starfsaldursdreifingu eftir kyni. Þar eru einnig tölulegar upplýsingar um dreifingu launa kvenna og karla eftir starfsaldri eins og þau voru á fjórða ársfjórðungi 1992. Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum, þó án samanburðar við eldri rannsóknir frá KOS.

Í gagnasafni KOS er að finna 24,846 einstaklinga sem svarar til 18% af fjölda vinnandi manna í landinu. Af þeim voru konur 14,665 eða 59%, þ.e. rúmlega helmingur opinberra starfsmanna. Í töflu 2.1.1 á bls. 8 má sjá skiptingu opinberra starfsmanna eftir bandalögum, kyni og hlutfalli starfs. Þar eru hlutfallstölur reiknaðar af heildarfjölda einstaklinga innan hvers bandalags og kemur skýrt í ljós að mun fleiri konur en karlar eru í hlutastarfi hvar sem borið er niður. Alls eru 56,2% kvennanna í hlutastarfi. Þetta er töluvert hærra hlutfall en í niðurstöðum Vinnumarkaðskönnunar Hagstofu Íslands frá því í nóvember 1992 en þar eru 44,3% kvennanna í hlutastarfi. Taflan hér á eftir er unnin upp úr töflu 2.1.1 í skýrslu KOS og sýnir eingöngu hvernig konur innan bandalaga og hópa skiptast eftir starfshlutfalli.

Tafla. 4.4.1. Fjöldi og hlutfall kvenna eftir aðild að stéttarfélögum og starfshlutfalli.


	Hlutastarf		Fullt starf		Meira en f. starf	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
BSRB	3.302	56,7	2.464	42,3	62	1,1
BHMR	849	44,2	956	49,7	117	6,1
KÍ	1.337	49,0	1.358	49,8	31	1,1
SFR	2.190	68,4	985	30,8	27	0,8
Ýmsir	562	56,9	403	40,8	22	2,2
Samtals	8.240	56,2	6.166	42,0	259	17,8

(Heimild: Fréttarit KOS, júlí 1993, tafla 2.1.1.)

Þessar tölur gefa tilefni til að draga þá ályktun að háskóla- og kennaramenntaðar konur séu í hærra starfshlutfall en aðrar konur hjá ríkinu. Í könnun jafnréttisnefndar BHM frá 1989 kemur fram að 68% háskólamenntaðra kvenna eru í fullu starfi. Þar kemur einnig fram að tæp 85% kvennanna í könnuninni störfuðu hjá ríki og sveitarfélögum á móti tæpum 69% karlanna. Í grafi 2.2.1 á bls. 9 í skýrslu KOS má sjá fjölda stöðugilda

kvenna og karla skipt eftir starfsaldri. Eftirfarandi graf er unnið úr tölum sem þar koma fram og sýnir dreifingu kvenna og karla eftir starfsaldri.

Mynd 4.4.1.



Eins og sjá má er starfsaldur kvenna hjá hinu opinbera mun lægri en starfsaldur karla og mun fleiri konur en karlar eru í lægri starfsaldurshópunum. Það er ekki fyrr en 21 árs starfsaldrinum er náð að það fer að verða jafnt með kynjunum og eftir því sem starfsaldurinn eykst fjölgar körlunum. Þessi þróun er í samræmi við þær skýringar sem hafa verið á aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum, þ.e. að aukin umsvif hins opinbera á sviði velferðar og þjónustu á síðustu áratugum hafi skapað störf fyrir konur.

Launamunur kvenna og karla hefur m.a. verið skýrður með mismunandi starfsaldri, þ.e. að hærri starfsaldur karla og meiri reynsla í kjölfar hans kalli á hærri laun. Í skýrslu KOS eru upplýsingar um dreifingu launa kvenna og karla eftir starfsaldri á 4. ársfjórðungi 1992. Graf 2.2.1 á bls. 9 í skýrslunni sýnir meðaltal dagvinnu- og heildarlauna allra opinberra starfsmann skipt upp í fimm ára starfsaldursbil. Gröfin frá 2.2.2 til 2.2.5 (bls.10–11) sýna sömu skiptingu eftir bandalögum og hópum. Eftirfarandi tölur eru unnar upp úr grafi 2.2.1 en þar eru sýnd meðaltöl dagvinnu- og heildarlauna allra opinberra starfsmanna. Eins og tekið er fram í skýringum KOS er fjöldi stöðugilda lagður til grundvallar útreikningum og starfsmönnum, sem ekki voru með skráðan starfsaldur og starfshlutfall minna en 10%, var sleppt. Í þessari skýrslu eru aðeins sýndir þrír starfsaldurshópar, þ.e. þeir sem eru með minni en fimm ára starfsaldur, ásamt þeim sem eru með 11–15 og 21–25 ára starfsaldur.

Tafla 4.4.2. Meðaltal dagvinnu- og heildarlauna opinberra starfsmanna, skipt eftir starfsaldri og kyni.

	Starfsaldur		
	< 5 ár	11–15 ár	21–25 ár
Dagv.laun kvenna	66.238	79.184	87.348
Dagv.laun karla	69.122	87.554	102.511
% dl. kvenna af dl. karla	96%	90%	85%
Heildarl. kvenna	95.962	115.614	125.594
Heildarl. karla	119.549	154.653	177.741
% hl. kvenna af hl. karla	80%	75%	71%

(Ath. dl. = dagvinnulaun og hl. = heildarlaun.)

Eins og sjá má eru bæði meðaltal dagvinnu- og heildarlauna töluvert lægri hjá konum en körlum og munurinn fer vaxandi með auknum starfsaldri. Þessar tölur gefa takmarkaðar upplýsingur þar sem þær segja ekkert um hvaða störf konur og karlar vinna. Þó er athyglisvert að sjá að munurinn er minnstur hjá yngsta hópnum og hugsanlega má skýra það með meira jafnræði kynjanna hvað varðar menntun.

Næstu tvær töflur sýna sams konar útreikninga hjá starfsmönnum í BSRB og í BHMR. Þær tölur ættu að gefa einhverjar upplýsingar um hvort menntun starfsmanna BSRB skipti einhverju máli í þessu samhengi.

Tafla 4.4.3. Meðaltal dagvinnu- og heildarlauna BSRB-starfsmanna, skipt eftir starfsaldri og kyni.

	Starfsaldur		
	< 5 ár	11–15 ár	21–25 ár
Dagv.laun kvenna	62.384	71.531	77.048
Dagv.laun karla	63.843	76.897	86.527
% dl. kvenna af dl. karla	98%	93%	89%
Heildarl. kvenna	91.892	105.817	112.549
Heildarl. karla	112.849	142.477	158.430
% hl. kvenna af hl. karla	81%	74%	71%

Tafla 4.4.4. Meðaltal dagvinnu- og heildarlauna starfsmanna í BHMR, skipt eftir starfsaldri og kyni.

	Starfsaldur		
	5 ár	11–15 ár	21–25 ár
Dagv.laun kvenna	76.211	91.390	101.560
Dagv.laun karla	77.170	94.458	106.540
% dl. kvenna af hl. karla	99%	97%	95%
Heildarl. kvenna	106.449	135.846	145.042
Heildarl. karla	118.353	161.448	180.795
% hl. kvenna af hl. karla	89%	84%	80%

Þegar tölur úr þessum tveimur töflum eru bornar saman styrkist tilgátan um að menntun stuðli að jafnræði með kynjunum hvað varðar laun – en aðeins að hluta til. Það er varla hægt að tala um mun á dagvinnulaunum kvenna og karla í yngsta starfsaldurshópi

BHMR-starfsmanna og það sama á við um sama hóp BSRB-starfsmanna. Heildartekjurnar eru samt sem áður töluvert hærri hjá BHMR-körlum en konum og sá munur eykst í takt við aukinn starfsaldur. Það sama á við um BSRB-karla og er munurinn þar enn meiri.

Árið 1988 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem fékk það hlutverk að kanna hvernig launamálum hjá hinu opinbera væri háttað og var lögð sérstök áhersla að kannað yrði hvort þar mætti sjá launamun sem rekja mætti til kynferðis. Niðurstöður þeirrar athugunar, sem nefndin lét gera, sýndi að launamunur kynjanna í dagvinnu var meðal starfsmanna BSRB um 5–7% og hjá BHMR um 17%. Það sem vakti sérstaka athygli nefndarinnar var tvöföld yfirvinna karla á við konur. Hjá almennum félagsmönnum í BSRB fengu karlar í mars/apríl 1987 um 68% ofan á dagvinnutekjur vegna yfirvinnu en konur 35%. (Sjá skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1988.)

Þó svo að ekki megi setja samasemmerki á milli þessarar úttektar félagsmálaráðherra og gagnasöfnunar KOS er athyglisvert að skoða hvernig hlutfall yfirvinnu eða annarra aukatekna hefur verið á fjórða ársfjórðungi ársins 1992. Það verður að undirstrika að hér er ekki hægt að bera saman tölur.

Miðað við tölurnar sem eru í töflum 4.4.3 og 4.4.4 hér að framan er hlutfall yfirvinnutekna af heildartekjum þó nokkuð hærra hjá bæði BSRB- og BHMR-körlum en konum og á það við alla starfsaldurshópana. (Ath: Það sem hér er kallað yfirvinnutekjur er mismunur heildarlauna og dagvinnulauna.)

Tafla 4.4.5. Hlutfall „yfirvinnutekna“ af heildarlaunum, skipt eftir kyni og starfsaldri.

	Starfsaldur		
	< 5 ár	11–15 ár	21–25 ár
BSRB-konur	32,0	32,4	31,5
BSRB-karlar	43,4	46,0	45,4
BHMR-konur	28,4	32,7	29,9
BHMR-karlar	34,8	41,5	41,1

Þessar tölur eru töluvert umhugsunarefni. Þær gefa til kynna að hvorki starfsaldur eða menntun hafi áhrif sem neinu nemur á möguleika kvenna og karla til að auka tekjur sínar með yfirvinnu eða öðrum þóknunum. Hlutfall aukatekna af heildarlaunum hjá konum er um 30% í öllum þremur starfsaldurshópunum og er lítill sem enginn munur á BHMR- og BSRB-konunum. BSRB-karlar virðast eiga auðveldast með að bæta við dagvinnulaun sín og er athyglisvert að BSRB-karlar, sem hafa minni en fimm ára starfsaldur, virðast þegar frá upphafi ná að auka dagvinnulaun sín um tæp 44%. Eftir 25 ára starfsreynslu er enn töluverður munur á BHMR-körlum og BSRB-körlum hinum síðarnefndu í hag.

4.5. Aðrar atvinnu- og kjarakannanir.

Á þessu tímabili hafa nokkrir aðrir aðilar staðið fyrir könnunum á launum einstakra starfshópa. Þykir full ástæða til að gera grein fyrir nokkrum þeirra.

4.5.1. Kjarakönnun Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.

Fulltrúaráð starfsgreina Verzlunarmannafélags Reykjavíkur (VR) stóð fyrir umfangsmikilli könnun á kjörum VR-fólks í fimm starfsgreinum veturinn 1991–92. Helstu niðurstöður birtust m.a. í VR-blaðinu, 2. tbl. 14. árg., mars 1992. Af hálfu VR er varað við

að draga of miklar ályktanir af þessum upplýsingum þar sem þær eru fengnar á mismunandi hátt og í umræddri grein eru aðeins birtar meðaltalstölur launa. Starfshlutfall og starfsaldur kemur ekki fram í þessum tölum. Þó vill VR nota þessar upplýsingar sem grófa viðmiðun, m.a. við samningsgerð í framtíðinni.

Eins og áður sagði eru birtar meðaltalstölur grunn- og heildarlauna í starfsgreinum, þ.e. hjá starfsfólki lyfjaverslana, í ferðaþjónustu, í stórmörkuðum og byggingarþjónustu og hjá tryggingafélögum. Í lyfjaverslunum starfa eingöngu konur en aðrir starfshópar eru blandaðir báðum kynjum. Það kemur ekki fram hversu hátt hlutfall kynjanna er í þessum starfshópum.

Ef skoðaðar eru töflur sem sýna meðalgrunnlaun eftir kyni kemur í ljós að konur eru undantekningarlaust með lægri laun en karlarnir. Það sama á við hvað varðar meðaltal heildarlauna. Karlar auka tekjur sínar í mun meira mæli en konur með alls kyns aukagreiðslum. Karlar, sem vinna hjá stórmörkuðum, eru með mjög svipuð grunnlaun og konurnar, þar munar ekki nema rétt um 2.000 kr. á mánuði, en þegar litið er til heildarlaunanna kemur í ljós mikill munur. Þá er munurinn orðinn um 40.000 kr. Þeir auka tekjur sínar að meðaltali um 47% með alls kyns aukagreiðslum og ná að meðaltali 121.001 kr. heildarlaunum. Konurnar fara úr 61.670 kr. grunnlaunum upp í 78.538 kr. með aukagreiðslunum. Eins og áður sagði liggur starfshlutfall ekki fyrir og takmarkar það gildi þessara upplýsinga.


Þá er athyglisvert að bera saman bæði meðaltal grunnlauna og heildarlauna hjá annars vegar starfskonum í lyfjaverslunum og hins vegar í byggingarþjónustu. Meðalgrunnlaun karla í byggingarþjónustu eru samkvæmt tölum VR 101.898 kr. og heildarlaun 146.149 kr. Meðalgrunnlaun kvenna í lyfjaverslunum eru 71.170 kr. og meðalheildarlaunin 76.873 kr.

4.5.2. Tekjuhæstu ríkisstarfsmennirnir.

Snemma árs 1993 kom fram fyrirspurn á Alþingi til fjármálaráðherra. Þar var beðið um upplýsingar varðandi launagreiðslur ríkisins til einstaklinga sem fengu meira en 3 milljónir króna á árinu 1992. Spurt var um hver væru heildarlaun þessara einstaklinga, þ.e. samanlögð grunnlaun, öll yfirvinna, þóknunareiningar, aðrar þóknanir, nefndarlaun og önnur laun. Þá var beðið um að gerð yrði sérstaklega grein fyrir meðaltali grunnlauna annars vegar og heildarlauna hins vegar. Að lokum var farið fram á að það kæmi fram hversu margir karlar væru í þessum hópi og hversu margar konur og hjá hvaða stofnunum þau störfuðu.

Í svari fjármálaráðherra (þskj. 843) kemur fram að samtals fengu 744 einstaklingar greitt meira en 3 milljónir í laun á árinu 1992. Karlarnir voru 685 eða 92,1% en konurnar 59 eða 7,9%. Það má gera ráð fyrir að hér sé um að ræða helstu embættismenn ríkisins. Hlutur kvenna þar á meðal er hverfandi lítill en því miður kemur það ekki á óvart.

Mynd 4.5.2. Hlutfall kvenna og karla sem fengu greiddar yfir 3 millj. kr. í laun á árinu 1992



Launamunur kvenna og karla í þessum hópi er hverfandi. Áhugavert er að sjá að hlutfall aukatekna af heildarlaunum er mjög svipað hjá bæði konum og körlum, þ.e. hjá konum er það 45,6% og hjá körlunum 46,7%. Launamunur kvenna og karla hjá ríkinu hefur verið skýrður með meiri yfirvinnu karla og auðveldari aðgangi að ýmsum aukasporslum sem gefa dágóðar tekjur. Tölurnar sem birtust í svari fjármálaráðherra benda til að konurnar í þessum hópi standi jafnfætis körlunum hvað varðar þennan möguleika og nái þar af leiðandi sambærilegum launum og þeir.

4.5.3. Kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Snemma árs 1991 stóð Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) fyrir kjarakönnun meðal félagsmanna sinna. Þetta er í annað skipti sem félagið stendur fyrir slíkri könnun. Sú fyrri fór fram árið 1989. Sagt er frá niðurstöðum könnunarinnar í blaði félagsins Hagur, 4. tbl. 13. árg., sem kom út í júní 1991. Raktar verða helstu niðurstöður könnunarinnar og þá fyrst og fremst þær er varða laun kvenna og karla.

Það kemur fram að 1.557 félagsmönnum voru send spurningaeyðublöð en þátttaka var aðeins 31%. Karlar voru 77% svarenda og konur 23%. Tekið er fram að hlutfall kvenna í svarendahópi hafi hækkað frá könnuninni sem gerð var 1989 og eru þær nú 23% svarenda. Þessa fjölgun má trúlega rekja til aukins fjölda kvenna sem ljúka námi frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Þessi aukning sést m.a. vel í töflu sem sýnir tegundasundurliðun launa eftir kyni og starfsaldri. (Heimild: Hagur, 4. tbl., 13. árg., júní 1991, bls. 6.) Tæplega 70% kvennanna hafa aðeins 0–4 ára starfsaldur á móti tæplega 30% karlanna. Hér á eftir fer tafla sem er unnin upp úr áðurgreindri töflu og aðeins teknir tveir lægstu aldurshópar kvenna og karla.

Tafla 4.5.3. Tegundasundurliðun launa eftir kyni og starfsaldri (fjárhæðir í þús. kr.).

	Starfsaldur 0–1 ár		Starfsaldur 2–4 ár	
	Karlar fj. 42	Konur fj. 36	Karlar fj. 68	Konur fj. 41
Fastar greiðslur	115.1	120.1	161.1	138.8
Yfirvinna	35.3	11.4	30.8	24.6
Hlunnindi	3.5	6.3	8.9	4.0
Heildargreiðslur	154.2	140.0	201.2	169.5
Staðalfrávik	43.7	35.4	46.1	45.79
Fj. dagvinnustunda	157	160	165	158
Fj. yfirvinnustunda	39	22	39	26

(Heimild: Hagur, 4. tbl. 13. árg., 1991.)

Á þessum tölum má sjá að þegar konur og karlar með viðskipta- og hagfræðimenntun koma út á vinnumarkaðinn eru konurnar með hærri grunnlaun en karlarnir (tæplega 5%) en þegar upp er staðið eru heildargreiðslur karlanna hærri. Þetta má skýra með fleiri yfirvinnustundum karla og er hlutfall yfirvinnutekna af heildarlaunum þeirra 25%. Hjá konunum í þessum aldursflokki er hlutfall yfirvinnutekna aðeins rétt 8% af heildarlaunum. Eftir tveggja ára starfsreynslu eru karlarnir komnir þó nokkuð fram úr konunum í föstum launum (14% hærri) og áfram eru heildartekjurnar hærri þó svo að konurnar hafi unnið á hvað varðar greidd laun fyrir yfirvinnu án þess að tímafjöldinn hafi aukist svo mikið. Hlutfall yfirvinnutekna af heildartekjum hjá konum og körlum með 2–4 ára starfsreynslu er nú orðið nokkuð sambærilegt, eða rétt um 15% hjá báðum hópum. Þá kemur fram að

í hópnum með 2–4 ára starfsaldur eru 30,9% karla með heildartekjur hærri en 221,9 þús. kr. og 15,4% kvennanna.

Þá kemur fram í umræddri könnun að hækkun heildarlauna frá 1989 er meiri meðal karla en kvenna, eða 26,7% hjá körlum og 14,0% hjá konum. Í greinargerð Davíðs Björnssonar, þar sem hann fjallar um niðurstöður könnunarinnar, kemur fram að það er ákveðið misræmi milli þessarar könnunar og þeirrar sem gerð var 1989. Þetta misræmi felst aðallega í að í nýju könnuninni kemur fram töluvert meiri launamunur kvenna og karla en áður. Þetta má að mati höfundar m.a. skýra með því að töluvert fleiri „stjórar" hafa svarað nú en áður. Þar telur hann upp sveitarstjóra, bæjarstjóra, forstjóra og framkvæmdastjóra en í þeim hópi eru engar konur. Í töflu, sem sýnir tegundasundurliðun launa eftir starfsheitum, er hvorki flokkað eftir starfsaldurshópum eða kyni og því ekki hægt að sjá hversu margir karlar með 2–4 ára starfsreynslu eru í hópi fyrrgreindra „stjóra". Tæplega skýrir það þá hækkun á föstum launum sem karlar fá – en ekki konur – eftir tveggja ára starfsreynslu.

4.6. Atvinnuleysi.

Vaxandi atvinnuþátttaka íslenskra kvenna á undanförnum árum hefur m.a. verið skýrð með mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Á því tímabili, sem skýrsla þessi nær til, varð vart vaxandi atvinnuleysis hér á landi og miðað við reynslu annara þjóða er ástæða til að ætla að það hafi mismunandi áhrif á atvinnuþátttöku kvenna og karla. Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins birtir reglulega yfirlit um atvinnuástand og eru þær tölur sem hér birtast fengnar þaðan. Að öðru leyti er vísað til þeirra skýrslna en þar eru tölur ætíð sundurliðaðar eftir kyni og búsetu.

Tafla 4.6. Skráð atvinnuleysi flokkað eftir kyni árin 1991 til 1993.

	Konur	Karlar
1991	1,7%	1,5%
1992	3,6%	2,6%
1993	5,4%	3,6%

Samkvæmt þessum tölum er skráð atvinnuleysi meira meðal kvenna en karla og er það í samræmi við reynslu annarra þjóða, bæði annars staðar á Norðurlöndum og í aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

4.6.1. Könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra.

Félagsmálaráðuneytið gekkst, í samráði við Samtök atvinnulausra og ASÍ, fyrir könnun á högum atvinnulausra. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að gera könnunina og var hún framkvæmd á fyrstu mánuðum ársins 1993. Úrtakið var úr hópi skráðra atvinnuleysingja um áramótin 1992–1993, þ.e. einstaklinga sem voru atvinnulausir á því tímabili sem þessi skýrsla nær til.

Í könnuninni Atvinnulausir á Íslandi 1993, könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra (félagsmálaráðuneytið og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, apríl 1993) var ekki tekið sérstaklega á mismunandi aðstæðum og högum atvinnulausra kvenna og karla en þó kemur fram að karlar voru 50,9% þeirra sem svöruðu og konur 49,1%. Þó var athyglisvert að sjá að bæði konur og karlar voru ósammála þeirri fullyrðingu að þegar vinnuframboð væri takmarkað ættu konur frekar en karlar að sitja heima. Þá kom einnig fram að bæði skammtímaatvinnuleysi (þ.e. í minna en mánuð) og langtímaatvinnuleysi (þ.e. í 6 mánuði eða meira) er algengara hjá konum en körlum.

Í því sem höfundar skýrslunnar kalla bakgrunnstöflur má sjá mismunandi svör

kvenna og karla við öllum þeim spurningum sem fyrir þau voru lagðar. Þar sem þær upplýsingar eru ekki útfærðar í öðrum töflum er ekki ráðlegt að draga of miklar ályktanir út frá þeim. Þó má benda á að í bakgrunnstöflu 17, þar sem svör eru flokkuð eftir því hvort þeir sem svara eru aðalfyrirvinnur og framfærendur, kemur fram að jafnhátt hlutfall atvinnulausra kvenna og karla eru einu fyrirvinnur fjölskyldu sinnar, þ.e. 13,9% karla og 13,3% kvenna. Á móti kemur að mun hærra hlutfall kvenna en karla á maka sem er í vinnu (24,4% kvenna á móti 12,2% karla).

Í þessari könnun var leitað upplýsinga um líkamlega og andlega heilsu atvinnulausra. Í bakgrunnstöflum varðandi þann málaflokk koma fram nokkrar athyglisverðar upplýsingar um mismunandi líðan kvenna og karla. T.d. er ekki mikill munur á svörum karla og kvenna hvað varðar álag. Ef eitthvað er virðast konurnar upplifa meira álag en karlar (bakgrunnstafla 106). Þetta er staðfest í næstu töflu þar sem spurt er um andvökunætur. Enn fremur virðist atvinnuleysi hafa neikvæðari áhrif á sjálfstraust kvenna en karla. Þessar upplýsingar eru athyglisverðar, m.a. með tilliti til þess hve stutt er síðan konur voru almennt á framfæri eiginmanna sinna og fjárhagslegt framlag þeirra til heimilanna var talið „viðbót" en ekki nauðsynlegt framlag til reksturs heimilisins. Þessar upplýsingar benda til að atvinnuþátttaka kvenna sé orðin hluti af sjálfsmynd þeirra.

4.7. Atvinnuþátttaka kvenna á landsbyggðinni.

Í nóvember 1989 kom út á vegum félagsmálaráðuneytisins skýrslan Atvinnumál kvenna í dreifbýli. Markmið þeirrar vinnu var að fá heildarsýn yfir hvernig atvinnumálum kvenna í dreifbýli væri háttað. Þar voru settar fram tillögur til úrbóta og var m.a. lagt til að konur, sem hefðu verið atvinnulausar um tíma, yrðu aðstoðaðar með námskeiðahaldi, að settir yrðu á laggirnar kvennahópar og aðstoðaðir hópar sem þegar eru starfandi og í síðasta lagi yrðu konur aðstoðaðar við að hefja rekstur lítilla framleiðslu- og þjónustufyrirtækja. (Sjá skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, mars 1991.)

Að frumkvæði félagsmálaráðherra var stofnaður sérstakur sjóður sem sérstaklega var ætlað að styðja við og styrkja aðgerðir sem hafa að markmiði að efla atvinnutækifæri kvenna í dreifbýli. Fjárveiting til sjóðsins kom beint úr ríkissjóði og voru veittar til hans 15 millj. kr. árið 1991 og aftur árið 1992. Við ráðstöfun fjárins hefur einkum verið tekið mið af þróunarverkefnum sem þykja líkleg til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á viðkomandi atvinnusvæðum. Leitast hefur verið við að dreifa fjármagninu um landið allt þannig að í alla landshluta komi nokkuð svipuð upphæð. Einnig hefur verið horft til atvinnuleysis, einkum meðal kvenna.

Á þessum tveimur árum voru veittir styrkir til 27 verkefna. Styrkupphæðirnar eru misháar en 1 millj. kr. eða meira fór til sex verkefna. Stærstu upphæðirnar fóru til atvinnuuppbyggingar meðal kvenna á Suðurnesjum, til áhugahóps vestfirskra kvenna um atvinnumál kvenna á Vestfjörðum, til sérstaks átaksverkefnis á vegum Iðnþróunarsjóðs Eyjafjarðar, til „kvennaráðgjafar" Atvinnuþróunarfélags Austurlands og til þróunarverkefnisins Þingborgar í Hraungerðishreppi í Árnessýslu. Til verkefnisins „Átak í smáiðnaði", sem hefur aðsetur sitt í Borgarnesi, var varið 1 millj. kr.

Ekki hefur farið fram markvisst mat á því hvernig styrkirnir nýtist konum á landsbyggðinni. Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn um atvinnuþátttöku kvenna á landsbyggðinni (þskj. 973 á 116. löggjafarþingi, 462. mál) er m.a. bent á að ráðning kvennaráðgjafa fyrir Eyjafjarðarsvæðið hafi skilað árangri og að styrkir til námskeiðahalds hafi að öllum líkindum komið mörgum konum til góða. Enn fremur er bent á að sjóðurinn hefur styrkt ráðstefnur um atvinnumál kvenna, bæði á Akureyri og á

Ísafirði, og í kjölfar þeirra hefur verið hrint af stað sérstöku átaki í atvinnumálum kvenna á þessum svæðum og einnig á landsvísu.

Af þeim styrkjum, sem munu nýtast konum um allt land, má nefna styrk til að taka saman gagnabanka um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni og upplýsingabækling um konur í atvinnurekstri á Íslandi.

4.8. Konur og stofnun fyrirtækja.

Lítið er vitað um konur í fyrirtækjarekstri á Íslandi. Kandídatsritgerð Margrétar S. Richter, nemanda við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands árið 1992, fjallar um konur sem atvinnurekendur á Íslandi. Þar kemur m.a. fram að konur eru tæplega fjórðungur atvinnurekenda á Íslandi og flest fyrirtæki þeirra hafa tvo eða færri starfsmenn. Þá kemur einnig fram að um helmingur fyrirtækja kvenna er sjö ára eða yngra og er það svipuð þróun og hefur orðið erlendis, t.d. í Bandaríkjunum. Þá kemur einnig fram að yfirgnæfandi meiri hluti kvenna í fyrirtækjarekstri býr á höfuðborgarsvæðinu. Algengasta ástæðan fyrir því að konur völdu að fara út í eigin rekstur er að þær vildu vera sinn eigin herra. Um 20% kvennanna töldu sig hafa orðið fyrir andstöðu vegna kynferðis síns og voru þær flestar í óhefðbundnum kvennagreinum.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 1986 er ákvæði um samvinnu félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, Iðntæknistofnunar og iðnþróunarfélaga varðandi sérstök námskeið fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Iðntæknistofnun tók að sér að skipuleggja og halda þessi námskeið og var farið af stað haustið 1986. Árið 1988 veitti iðnaðarráðuneytið fjárstyrk til að gera nýtt námsefni fyrir námskeiðin og gerði það aðstandendum þeirra kleift að halda námskeiðin úti á landi.

Markmiðið með námskeiðunum var að gera konum kleift að kynnast þeim atriðum sem skipta máli við stofnun og rekstur fyrirtækja auk þess sem lögð var áhersla á sérstöðu þeirra kvenna sem reka fyrirtæki og leitast við að koma reynslu þeirra á framfæri.

4.8.1. Átak Iðntæknistofnunar.

Vorið 1989 ákvað Iðntæknistofnun að gera könnun meðal þeirra sem sótt höfðu námskeiðin og var markmið hennar tvíþætt, annars vegar að fá fram óskir þátttakenda um frekara framhald og hins vegar að meta árangur af námskeiðinu. (Heimild: Stofnun og rekstur fyrirtækja. Könnun meðal kvenna sem sótt hafa námskeiðin, með tilliti til árangurs og áframhalds. Iðntæknistofnun Íslands 1989.) Öllum konum, sem sótt höfðu kvennanámskeiðin, var sendur spurningalisti en þær voru 379.

Í skýrslu Iðntæknistofnunar segir m.a.: „Árangur námskeiðanna má meta á tvo vegu. Í fyrsta lagi eru fleiri konur starfandi í rekstri eftir námskeiðin en voru fyrr, þ.e. 38% fyrir og 48% eftir. Með allnokkurri einföldun má segja að ein kona af hverjum fimm sem hefur viðskiptahugmynd og áhuga á stofnun og rekstri fyrirtækis, gangi til verks og framkvæmi áform sín. Í öðru lagi er ljóst að námskeiðið er notað sem tæki við ákvörðunartöku. Konur með ákveðna viðskiptahugmynd nýta það gleggst, þeim fækkar úr 21% í 4%. Um helmingur þeirra hættir við og hinar framkvæma."

Enn fremur segir um áhrif námskeiðanna: „Ef áhrif námskeiðanna eru skoðuð sérstaklega þá nefndu 40% kvennanna að það hafi ýtt undir áhuga, 25% kváðust hafa endurskoðað áform sín, 6% nefndu aukið sjálfstraust og 5% að námskeiðið hafi dregið úr sér kjark."

Í framhaldi af niðurstöðum könnunarinnar voru námskeiðin endurskoðuð og haustið 1992 var ýtt úr vör nýju námskeiði sem kallast „Athafnakonur" og hefur það m.a. verið haldið úti á landi.

4.9. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í framkvæmdaáætluninni, sem tók við af þeirri frá 1986 og var kynnt Alþingi á 113. löggjafarþingi veturinn 1990–1991, er ákvæði um setningu laga um starfsmenntun (2.7.). Það var mat félagsmálaráðherra að slík löggjöf mundi gagnast konum sérstaklega vegna þess að stór hluti kvenna á vinnumarkaðinum hefur enga starfsmenntun. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu voru síðan samþykkt á Alþingi árið 1991.

Á árinu 1992 voru kynntar niðurstöður könnunar þeirra dr. Stefáns Baldurssonar og dr. Barkar Hansen um starfsmenntun í atvinnulífinu. Niðurstöður þeirra eru um margt athyglisverðar og gefa ákveðna mynd af mismunandi stöðu kvenna og karla hvað varðar starfsmenntun. Samkvæmt könnuninni sóttu álíka margar konur og karlar starfsmenntunarnámskeið á tímabilinu sem rannsóknin náði til en karlarnir sóttu þó ívið fleiri námskeið. Fram kom greinilegur munur á milli kynja eftir efni námskeiðanna. Algengara var að karlar væru á námskeiðum á vinnutíma og námskeiðin sem þeir sóttu voru einnig lengri. Fleiri karlar en konur töldu sig þurfa á námskeiðum að halda vegna starfans en algengara var að konurnar sóttu námskeiðin vegna ákvæða í kjarasamningum um kauphækkanir. Að lokum má geta þess að námskeiðasókn karla leiddi oftar til nýrra starfa innan fyrirtækis en kvenna.

4.10. Sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Um og eftir 1960 fullgiltu stjórnvöld á Norðurlöndum, þar á meðal þau íslensku, samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf, og skuldbundu sig þar með til að framfylgja ákvæði um launajafnrétti kynjanna. Ísland var fyrst Norðurlanda til að setja sérstök jafnlaunalög (1973) og voru þau undanfari jafnréttislaganna frá 1976. Þau lög hafa síðan verið endurskoðuð tvisvar, árið 1985 og árið 1991, og heita lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Lögin eiga ekki aðeins að tryggja að konur og karlar fái sömu laun fyrir sama starf heldur einnig að þau fái sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Mismunun á vinnumarkaði á grundvelli kynferðis er ólögleg í hvaða mynd sem er. Fyrsta málsgrein 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1991 hljóðar svo: „Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.“ Þetta ákvæði hefur verið í lögum frá 1985. Ákvæði jafnréttislaga eru skýr. Sú skylda hvílir á atvinnurekendum að taka ákvarðanir um launagreiðslur og önnur hlunnindi starfsmönnum til handa án tillits til kynferðis.

Þrátt fyrir þetta er ójöfnuður milli kvenna og karla í launum staðreynd – nú sem fyrr. Hann er mælanlegur á milli starfsgreina sem eru annars vegar hefðbundnar karlagreinar og hins vegar hefðbundnar kvennagreinar, hann er mælanlegur innan einstakra starfsgreina og einnig í aðgangi kvenna að hærra launuðum störfum og stöðum og ýmiss konar fríðindum. Í fyrstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var sérstaklega tekið fram að launamunur kynjanna skyldi kannaður. Einnig var þar ákvæði um nýtt starfsmat og tekið fram að sérstaklega skuli endurskoða mat á hefðbundnum kvennastörfum. Því miður var ekki unnið markvisst að þessu verkefni á gildistíma áætlunarinnar. Það má segja að kröftunum hafi fyrst og fremst verið beint að gagnasöfnun um launamun kynjanna.

Kynbundinn launamunur er ekki sérstakt fyrirbrigði sem er bundið við Ísland. Hann er einnig að finna á öðrum Norðurlöndum – þótt í mismiklum mæli sé. Því samþykkti Norðurlandaráð að fela norrænu ráðherranefndinni framkvæmd verkefnis sem hefði það að markmiði að leita leiða til að draga úr launamun kynja.

4.11. Norræna jafnlaunaverkefnið.

Vinna við verkefnið hér á landi hófst á miðju ári 1990 og er áætlað að því ljúki haustið 1994. Fram til ársins 1993 var umsjón með framkvæmd verkefnisins í höndum sérstakrar verkefnisstjórnar sem skipuð var af ráðherra. Þar áttu sæti fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaga, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisráði og félagsmálaráðherra. Í byrjun árs 1993 var verkefnið falið stjórn Jafnréttisráðs. Þó svo að hér sé um að ræða norrænt verkefni, styrkt af norrænu fé, er hverju landi falið að vinna að markmiðum verkefnisins út frá eigin forsendum. Í íslensku verkefnislýsingunni eru markmið verkefnisins hér á landi skilgreind á eftirfarandi hátt:

Heildarmarkmið norræna samstarfsverkefnisins um laun kvenna og karla er að vinna að launajafnrétti milli kynjanna í breiðum skilningi.

Verkefnisstjórnin túlkar þetta markmið sem svo að leita skuli frekari leiða til að koma í veg fyrir launamisrétti og draga úr hvers konar launamun milli kynja sem á rætur að rekja til kynbundins aðstöðumunar til að afla tekna. Í þessu skyni skal sjónum beint sérstaklega að því að efla virðingu fyrir jafnréttislögunum, þannig að hvers konar samningsgerð á vinnumarkaði sem tekur til launa, hlunninda og annarra kjara lúti markmiðum þeirra.

Verkefnisstjórnin telur tvenns konar ástæður liggja að baki launamun milli kynja og falla undir markmið jafnlaunaverkefnisins en gerir greinarmun þar á milli. Annars vegar er launamunur milli fólks af gagnstæðu kyni sem vinnur jafnverðmæt og sambærileg störf hjá sama atvinnurekanda og þar sem launamunur er ekki skýrður af öðrum breytum en kynferði. Þessi launamunur telst launamisrétti í skilningi jafnréttislaganna. Hins vegar er sá munur á tekjum kvenna og karla sem ræðst af kynbundnum aðstöðumun, svo sem til starfsþjálfunar, menntunar, frama í starfi og fleiri slíkra þátta. Verkefnisstjórn lítur svo á að launamunur milli kynja af báðum þessum orsökum sé viðfangsefni jafnlaunaverkefnisins.

Á vegum verkefnisins hefur verið unnið mikið fræðslu-, útgáfu- og kynningarstarf. Þessi útgáfa er ýmist á vegum íslenska verkefnisins eða sameiginleg útgáfa norrænu verkefnisstjóranna. Fyrsta útgáfa á vegum íslenska verkefnisins var kynningarritið Jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þar er fjallað um meðferð kærumála vegna meints launamisréttis kynja. Vegna undirbúnings ritsins var farið ítarlega yfir ýmis túlkunaratriði jafnréttislaga, einkum túlkun fjórðu greinar laganna sem kveður á um að konum og körlum skuli greiða jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Markmiðið með útgáfu kynningarritsins var að kynna nýstofnaða kærunefnd jafnréttismála og auðvelda konum að nota sér þá leið í jafnlaunabaráttunni. Verkefnið hefur staðið fyrir fjölda funda og fyrirlestra þar sem m.a. hefur verið lögð sérstök áhersla á starfsmat sem mögulega leið í jafnlaunabaráttunni.

4.11.1. Starfsmat sem tæki í jafnlaunabaráttunni?

„Orðalag laganna um jafnverðmæt störf hefur reynst afar erfitt viðfangs. Það veldur að sjálfsögðu engum vandkvæðum í þeim tilfellum þar sem störf kvenna og karla eru algerlega hin sömu. Þá skal greiða sömu laun. Raunveruleikinn á hinum kynskipta vinnumarkaði er sjaldnast svona einfaldur. Í mörgum fyrirtækjum þar sem bæði konur og karlar starfa er oft um afdráttarlausa skiptingu í karla- og kvennastörf að ræða, þar sem viðfangsefni vinnunnar er ólíkt. Jafnvel þar sem konur og karlar starfa hlið við hlið og sinna sömu störfum lungann úr deginum getur það oft gerst að karlarnir sinna öðru – ekki endilega verðmætara – starfi einhverja stund. Því ólíkari sem viðfangsefnin eru, því flóknari getur samanburðurinn orðið. Hvernig á að meta hvort tvenns konar vinnuferli

er jafnverðmætt? Það er þörf á mun ítarlegri skilgreiningu á eiginleikum mismunandi starfa sem æskilegt og nauðsynlegt er að leggja til grundvallar hæfni og starfsmati."

Þessar vangaveltur um starfsmat er að að finna í fyrsta sameiginlega kynningarriti norræna jafnlaunaverkefnisins Makleg málagjöld? – matsatriði (Løn efter fortjeneste?). Þar er í fyrsta sinn hér á landi fjallað um starfsmat sem mögulega leið til jafnra launa. Kerfisbundið starfsmat er í sjálfu sér ekkert nýmæli, en að beita því til að minnka launagjá milli kvenna og karla er nýtt. Því þarf, að mati norræna jafnlaunaverkefnisins, að endurskoða þau starfsmatskerfi sem eru notuð núna þar sem vafi leikur á að þau séu í raun kynhlutlaus. Í ritinu Makleg málagjöld? – matsatriði er að finna yfirlit yfir fleiri þætti starfsmatsumræðunnar og segir þar m.a. frá starfsmati sem gert hefur verið annars staðar. Verkefnisstjóri íslenska verkefnisins, Hildur Jónsdóttir, fjallar þar um starfsmat á Íslandi í grein sem hún kallar Arbeijdsvurdering i Island – en upløjet mark. Þar gerir hún m.a. grein fyrir framkvæmdum á starfsmati meðal starfsmanna ríkis og sveitarfélaga frá árunum 1968–70 sem leiddi til þess að launamunur milli nokkurra hefðbundinna karlahópa og kvennahópa minnkaði og laun hækkuðu að meðaltali um 47%. Þar kemur einnig fram að á árinu 1987 ákváðu 42 af 45 sveitarfélögum að láta fara fram samræmt starfsmat. Í árslok 1991 var því lokið í u.þ.b. helmingi sveitarfélaga, en áhrif þess á launamun hjá þeim konum og körlum sem starfa hjá sveitarfélögum eru órannsökuð. Í annarri grein fjallar íslenski verkefnisstjórinn um reynslu Breta af aðferðum til að meta störf í því skyni að jafna laun kvenna og karla. Þess má geta að jafnréttisráð Bretlands hefur lagt áherslu á þessa leið í átt til launajafnréttis.

Mikið af þeirri vinnu, sem unnin hefur verið að á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins hér á landi, hefur falist í því að kynna starfsmat sem leið í jafnlaunabaráttunni. Má í því sambandi nefna sjónvarpsþáttinn Til færri fiska metnar sem unninn var í samvinnu Ríkisútvarpsins/Sjónvarps og jafnlaunaverkefnisins. Þátturinn var sýndur í nóvember 1992. Þar var fjallað um launamun kynjanna og þær aðferðir sem hægt er að beita til að draga úr launamisréttinu. Þar var jafnframt fjallað um jafnréttislögin og hvernig hægt er að kæra launamisrétti.

Eitt af markmiðum norræna jafnlaunaverkefnisins er að vekja athygli á launamun kvenna og karla og hvetja til umræðu um þá staðreynd. Í því skyni var efnt til auglýsingaherferðar þar sem launamun kynjanna var gefið langt nef. Birtar voru heilsíðuauglýsingar í öllum dagblöðum og á sama tíma heyrðu útvarpshlustendur tvo þekkta grínista flytja ýmsar algengar útgáfur af bulli og vitleysu um launamun kynja og launamál kvenna. Þetta var í lok ársins 1991 og er óhætt að segja að herferðin hafi tekist vel, ekki síst vegna þess að þeir einstaklingar, sem lánuðu andlit sitt í auglýsingarnar, komu stuðningi sínum við málstað jafnlaunabaráttunnar á framfæri og margir fjölmiðlar notuðu tækifærið til að kynna og segja frá norræna jafnlaunaverkefninu.

5. KONUR OG STJÓRNMÁL

Fjöldi kvenna, sem kosnar hafa verið til trúnaðarstarfa, hvort heldur það hefur verið til Alþingis eða sveitarstjórna, hefur oft á tíðum verðið notaður sem mælikvarði á árangurinn af bráttunni fyrir jafnrétti. Hvar standa íslenskar konur að þessu leyti miðað við kynsystur sínar á Norðurlöndum? Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall þeirra í sveitarstjórnum, á þjóðþingum, í ríkisstjórnum og opinberum nefndum og ráðum. Það er sama hvar borið er niður – íslenskar konur reka alls staðar lestina. Reyndar er hlutfall þeirra svipað og Finna hvað varðar nefndir. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá finnska jafnréttisráðinu vinna stjórnvöld markvisst að því að auka hlut kvenna í nefndum. Náðst hefur umtalsverður árangur af þessum aðgerðum. Nefna má að hlutfall kvenna í nefndum, sem skipaðar voru á árinu 1990 í Finnlandi, var orðið 22%.

Tafla 5. Hlutfall norænna kvenna í stjórnmálum.

	Sveitarstjórnir	Þing '93	Ríkisstjórnir	Nefndir á vegum ríkisins
Danmörk	26,4% ('89)	34,0% ('92)	36,8% ('93)	38,0% ('90)
Finnland	30,0% ('92)	38,5% ('91)	41,2% ('91)	16,0% ('89)
Ísland	22,0% ('90)	24,0% ('91)	10.0% ('91)	16,6% ('90)
Noregur	28,5% ('91)	39,0% ('92)	47,4% ('91)	37.0% ('91)
Svíþjóð	34,0% ('91)	41,0% ('94)	50,0% ('94)	33,0% ('92)

5.1. Alþingiskosningarnar 1991.

Eftir Alþingiskosningarnar vorið 1991 voru konur á Alþingi orðnar 15, þ.e. 24% kjörinna þingmanna, þar af eru fimm kvennalistakonur. Í töflu 5.1.1 hér á eftir má sjá hvernig þróunin hefur verið og er miðað við árið 1971. Það ártal er valið m.a. vegna þess að upphaf hinnar nýju kvennabaráttu hér á Íslandi er oft tengt byrjun áttunda áratugarins.

Tafla 5.1.1. Fjöldi og hlutfall kjörinna kvenna á Alþingi 1971–1991.

Ár	Fjöldi	Hlutfall
1971	3 af 60	5%
1974	3 af 60	5%
1978	3 af 60	5%
1979	3 af 60	5%
1983	9 af 60	15%
1987	13 af 63	21%
1991	15 af 63	24%

Eins og sjá má fjölgaði kjörnum konum úr þremur í níu í kosningunum 1983 en það ár bauð Kvennalistinn fram í fyrsta skipti og náðu þrír frambjóðendur hans kjöri. Af lista Bandalags jafnaðarmanna, sem bauð þá fram í fyrsta skipti, náðu tvær konur kjöri. Alls náðu þau samtök fjórum kjörnum þingmönnum. Því má segja að „nýir" stjórnmálaflokkar hafi fyrst og fremst staðið fyrir þeirri aukningu sem varð á hlut kvenna í þessum kosningum. Í kosningunum 1987 náðu 13 konur kjöri, þar af voru sex frambjóðendur Kvennalistans. Í þeim sömu kosningum eignaðist Framsóknarflokkurinn sína fyrstu þingkonu frá 1949 og konum í þingflokki Alþýðubandalagsins fjölgaði úr einni í tvær.

Fram að kosningunum 1987 höfðu aðeins tvær konur gegnt ráðherraembættum og voru þær báðar í Sjálfstæðisflokknum. Auður Auðuns gegndi embætti dómsmálaráðherra í rúmlega hálft ár í ráðuneyti Jóhanns Hafsteins á árunum 1970–1971. Ragnhildur Helgadóttir gegndi embætti menntamálaráðherra og síðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í ráðuneyti Steingríms Hermannssonar kjörtímabilið 1983–1987. Eftir kosningarnar 1987 varð Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Alþýðuflokksins, félagsmálaráðherra í ráðuneyti Þorsteins Pálssonar. Hún gegndi því embætti bæði í ráðuneytum Steingríms Hermannssonar á árunum 1988 til 1991 og síðan eftir kosningarnar 1991 í ráðuneyti Davíðs Oddssonar þar til hún sagði af sér sem félagsmálaráðherra í júní 1994.

Eins og áður hefur komið fram urðu úrslit kosninganna 1991 þau að 15 konur náðu

kjöri til Alþingis og eru þær því 24% þingmanna. Fulltrúar Kvennalistans eru fimm og nú er svo komið að það eru fleiri en ein kona í öllum þingflokkum. Í þingflokkum Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Framsóknarflokks eru tvær konur og í þingflokki Sjálfstæðisflokksins eru nú fjórar konur og hafa þær aldrei verið fleiri. Það má segja að í öllum flokkunum (að undanskildum Kvennalista og Alþýðubandalagi) hafi konum fjölgað um helming frá því í síðustu kosningum.

Í kjölfar Alþingiskosninganna 1991 gaf Jafnréttisráð út skýrslu þar sem fjallað var um hlut kvenna á framboðslistum og möguleika þeirra til að ná kjöri. Þar kom m.a. í ljós að kynferði einstaklinga virðist ekki hafa áhrif á vilja þeirra til að taka þátt í stjórnmálum og axla þá ábyrgð sem stjórnun og ákvörðunartöku fylgir. Þar kemur í ljós að u.þ.b. helmingur allra frambjóðenda var konur.

Möguleikar frambjóðanda til að ná kjöri fara hins vegar eftir því hvar á listanum hann er. Tafla 5.1.2 hér á eftir sýnir fjölda og hlutfall kven- og karlframbjóðenda, fjölda kjörinna þingmanna eftir kyni og möguleika kynjanna á að ná kjöri. Hér er aðeins litið til þeirra flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi og frambjóðendur Kvennalistans eru ekki taldir með.

Tafla 5.1.2. Möguleikar kvenna og karla á að ná kjöri.

	Konur				Karlar			
	Kvenframbj.		Kj. þingm.		Karlframbj.		Kj. þingm.	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
Alþýðuflokkur	47	38	2	4	77	62	8	10
Framsóknarflokkur	52	42	2	4	72	58	11	15
Sjálfstæðisflokkur	44	35	4	9	80	65	22	2
Alþýðubandalag	55	44	2	4	69	56	7	10

(Heimild: Alþingiskosningar 1991. Jafnréttisráð.)

Þessi tafla sýnir t.d. að kvenframbjóðendur Sjálfstæðisflokksins eru 35% af öllum frambjóðendum flokksins og að 9% þeirra náðu kjöri á meðan 27% karlframbjóðenda Sjálfstæðisflokksins náðu kjöri. Konur í Sjálfstæðisflokknum eiga mesta möguleika kvenna á að ná kjöri sem þingmenn og má skýra það að einhverju leyti með þeirri staðreynd að þingflokkur flokksins hefur verið og er langstærstur þingflokka og hefur mesta möguleika á að ná fleiri en einum kjörnum fulltrúa í hverju kjördæmi.

5.2. Eru konur dæmdar til setu á varamannabekknum?

Haustið 1992 stóðu óformleg samtök ungra kvenna úr stjórnmálaflokkunum fyrir ráðstefnu sem þær kölluðu Konur á barmi jafnréttis. Eitt af umræðuefnunum var spurningin hvort konur væru dæmdar til setu á varamannabekknum. Til fróðleiks má geta þess að samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis hefur 81 kona setið á Alþingi Íslendinga, 26 aðalmenn og 55 varamenn sem komið hafa inn til lengri eða skemmri tíma. Af þeim 26 konum, sem kjörnar hafa verið til þingsetu sem aðalmenn, höfðu níu (35%) komið inn á Alþingi sem varamenn. Ekki eru til sambærilegar tölur fyrir karla en það væri áhugavert að sjá slíkan samanburð.

Í skýrslu Jafnréttisráðs um úrslit kosninganna 1991 kemur fram að árið 1987 voru konur 36% varamanna á þingi. Eftir kosningarnar eru þær 48% þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir hlut kvenna meðal varaþingmanna eftir þingflokkum.

Tafla 5.2. Fjöldi kvenna og karla sem varaþingmenn eftir þingflokkum.

	1. varamaður		2. varamaður	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Alþýðuflokkur	0	6	3	3
Framsóknarflokkur	4	4	5	3
Sjálfstæðisflokkur	5	3	2	6
Alþýðubandalag	4	4	4	4
	13	17	14	16

(Heimild: Alþingiskosningar 1991. Jafnréttisráð.)

Þessar tölur sýna að fleiri karlar en konur eru fyrstir í röðinni enda þótt munurinn sé ekki mikill. Ljóst er að alþýðuflokkskonur hafa ekki verið valdar í hin svokölluðu baráttusæti. Fleiri sjálfstæðiskonur en karlar eru fyrstu varamenn og hjá Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi skipta kynin sætunum jafnt. Það er óhætt að fullyrða að fyrsta varamannssæti skiptir máli. Sem dæmi má nefna að á síðasta þingi tóku tvær konur sæti á Alþingi sem aðalmenn þegar tveir karlar létu af þingmennsku og hurfu til annara starfa. Eftir kosningarnar 1991 eru þær báðar orðnar alþingismenn.

5.3. Verkaskipting kvenna og karla í sveitarstjórnum.

Eftir kosningarnar 1986 var hlutur kvenna í stjórnum borgar og bæja 28,9% og er núna 31,5%. Í kauptúnum var hann 23,7%, er núna 24,4%, og í minnstu hreppunum var hann 15% en er núna 17%. Yfir allt landið er hlutur kvenna í sveitarstjórnum 22%, var rétt 19% árið 1986. Eftir kosningarnar 1986 var engin kona í stjórn 81 sveitarfélags af 222, eða í 36,5% sveitarfélaga. Sveitarstjórnum án kvenna hefur fækkað lítillega eða úr 36,5% í 28,4%. En betur má ef duga skal. Sveitarstjórnir án kvenna þurfa að hverfa.

Á vegum Jafnréttisráðs hefur verið unnin skýrsla sem sýnir verkaskiptingu kvenna og karla í sveitarstjórnum eftir kosningarnar 1990. Þar kemur m.a. fram fjöldi og hlutfall kvenna sem gegna ákveðnum virðingarstöðum í sínum sveitarfélögum.

Tafla 5.3.1. Fjöldi kvenna í æðstu embættum sveitarstjórna.

	Fjöldi	Þar af konur	Hlutfall
Forsetar bæjarstjórna	31	9	29,0%
Oddvitar kauptúna	44	6	13,6%
Oddvitar minni hreppa	126	9	7,1%

(Heimild: Verkaskipting í sveitarstjórnum. Jafnréttisráð 1992.)

Eins og þessar tölur bera með sér er þessum trúnaðar- og virðingarstörfum ekki skipt jafnt milli kvenna og karla. Rétt tæp 10% kvenna, sem náð hafa kjöri í sveitarstjórnir, hafa verið valdar í þessi störf á móti tæplega 21% karla. Miðað við tölur frá 1986 hefur konum sem forsetum bæjarstjórna fjölgað lítillega. Þá voru sex af 23 forsetum bæjarstjórna konur eða 21,6% en eru nú níu af 31 eða 29%. Kona tók við embætti borgarstjóra í Reykjavík í júní 1994. Það var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Samkvæmt Sveitarstjórnarmannatali hafa 39 kauptún af 44 ráðið sér sveitarstjóra, þar af eru fjórar konur. Í Sveitarstjórnarmannatali 1990–1994 er oddvita litlu hreppanna getið. Þar kemur fram að í 115 af 135 hreppum eru oddvitar karlar.

Konur í nefndum og stjórnum borgar- og bæjarstjórna.

Á kjörtímabilinu 1986–1990 voru nefndir og ráð borgar- og bæjarstjórna skipuð 2.536 einstaklingum. Af þessum fjölda voru 695 konur eða 27,4%. Þetta hlutfall var minna en hlutfall kjörinna kvenna í sjálfum borgar- og bæjarstjórnunum. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur fulltrúum í nefndum, stjórnum og ráðum stóru sveitarfélaganna fjölgað og eru þeir nú 3.404 miðað við 2.536 síðasta kjörtímabili. Þar af eru konur 1.026 eða 30,0%.

Tafla 5.3.2. Fjöldi og hlutfall kjörinna fulltrúa ásamt fjölda nefndarmanna eftir kyni.

	Karlar		Konur		Samtals	
Kjörnir fulltrúar	176	68,5	81	31,5	257	100
Í nefndum og ráðum	2.378	70,0	1.026	30,0	3.404	100

(Heimild: Verkaskipting í sveitarstjórnum. Jafnréttisráð 1992.)

Í ljós kom að oft er munur á hlut kvenna í sjálfum bæjarstjórnunum og í nefndunum. Sem dæmi má nefna Garðabæ, en þar eru konur í meiri hluta í bæjarstjórn eða 57,1% en aðeins 28,3% nefndarfulltrúa. Hæsta hlutfall kvenna í nefndum er í Reykjavík eða 39,1% og lægst á Blönduósi eða 15,2%. Það virðist almenn tilhneiging til að „bæta" konum upp lélegan hlut í bæjarstjórnum með nefndarstörfum. Sem dæmi má nefna Sandgerði þar sem engin kona er kjörinn bæjarfulltrúi en hlutur þeirra í nefndum og ráðum er rúm 35%. Í Ólafsvík er aðeins einn bæjarfulltrúi af sjö kona. Hlutur þeirra í nefndum er aftur á móti tæp 38%. Á sama hátt má segja að gott hlutfall kvenna í bæjarstjórnum hafi öfug áhrif á möguleika þeirra til nefndarstarfa eins og Garðabær er kannski skýrasta dæmið um. Í þessu sambandi má líka benda á Ísafjörð en þar eru konur 44,4% bæjarfulltrúa en aðeins 25,7% nefndarmanna.

Einkynja nefndir. Alls voru 393 nefndir án kvenna eða tæplega 43%. Á síðasta kjörtímabili var sambærileg tala 48,2%. Til samanburðar skal tekið fram að aðeins 60 nefndir af þessum 920 eru án karla eða 6,5%. Þá kemur fram að í 231 nefnd eru konur í meiri hluta eða 25% nefndanna. Sambærileg tala frá síðasta kjörtímabili er rétt 20%. Það eru 1.026 konur starfandi í nefndum. Þar af eru 664 eða 65% í þeim 25% nefnda þar sem þær eru í meiri hluta.

Verkaskipting kynjanna. Það er áhugavert að athuga nánar í hvaða nefndum og ráðum konur sitja. Í könnun Jafnréttisráðs frá 1990 á viðhorfum og reynslu kvenna í sveitarstjórnum tímabilið 1986–1990 kom fram að langflestar störfuðu annars vegar í skóla- eða fræðslunefndum og hins vegar í félagsmálanefndum og ráðum. Næst komu nefndir sem snertu umhverfis- og skipulagsmál. Í úttekt Jafnréttisráðs frá 1987 kom fram að konur voru í meiri hluta í 17 af 23 félagsmálaráðum og í 18 af 23 grunnskólaráðum.

Samstarf sveitarstjórna á afmörkuðum svæðum hefur orðið æ umfangsmeira og eru starfandi nefndir á þeirra vegum. Í flestar þeirra er skipað eftir tveimur meginleiðum. Annars vegar kjósa sveitarstjórnirnar sína fulltrúa og hins vegar eru þeir kosnir t.d. á aðalfundi viðkomandi svæðissambands. Í samantekt Jafnréttisráðs var reynt að greina frá þeim fulltrúum sem sveitarstjórnir skipa í slíkar nefndir og eru þeir 103, þar af eru konur aðeins 15 eða 7%. Því miður virðist það svo að þegar sveitarstjórn á að tilnefna aðeins einn fulltrúa til einhverra starfa verður það oftast karl. Mikilvægt er að konur taki þátt í þeirri umræðu, sem er að fara af stað um sameiningu sveitarfélaga og aukið samstarf þeirra á milli, af fullum krafti og að viðhorf þeirra komi fram.

Þessi takmarkaða upptalning sýnir að enn skipta kynin með sér verkum, konurnar fjalla frekar um „mjúku" málefnin og karlarnir þau „hörðu". Skýringarnar eru margar,

t.d. hefðbundin verkaskipting kvenna og karla og í kjölfar þess reynsla og þekking á ákveðnum sviðum samfélagsins. Niðurstöður erlendra kannana og könnun Jafnréttisráðs á viðhorfum og reynslu kvenna í sveitarstjórnum frá 1990 benda til að konur vilji gjarnan vera í nefndum þar sem eru fleiri konur. Að mati kvennanna skapast þar betri vinnuandi og oftar næst samstaða í mikilvægum málum, þvert á flokkspólitískar línur. Þetta skýrir kannski að einhverju leyti þá verkaskiptingu sem við sjáum í íslenskum sveitarstjórnum.

5.4. Opinberar nefndir og ráð.

Það var ekki fyrr en árið 1985 að ákvæði um hlut kvenna og karla í opinberum nefndum og ráðum sá dagsins ljós. Það gerðist við endurskoðun jafnréttislaga frá 1976. Slíkt ákvæði þótti mjög mikilvægt, m.a. í ljósi þeirrar staðreyndar að árið 1983 var hlutur kvenna í opinberum nefndum aðeins 6%. Samanburður við t.d. Norðurlönd var íslenskum konum mjög í óhag. Árið 1985 var hlutur kvenna í nefndum og ráðum norska ríkisins orðinn 30%. Í Svíþjóð var hann 23%, í Finnlandi 13% og Danmörku 16%

Árið 1986 tók Jafnréttisráð saman yfirlit sem sýndi fjölda og skiptingu kvenna og karla í nefndum hins opinbera fyrir árið 1985. Hlutur kvenna var þá rétt um 11%. Hefðbundin verkaskipting kynjanna var skýr, konurnar störfuðu í málaflokkum sem sneru að uppeldis- og félagsmálum, karlarnir sinntu atvinnu- og efnahagsmálum. Árið 1988 lágu fyrir sambærilegar upplýsingar fyrir árið 1987 og var þá gerð önnur sambærileg athugun. Þá voru liðin tvö ár frá því að ný og endurskoðuð lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla öðluðust gildi og þá um leið ákvæði 12. gr. laganna sem hljóðaði svo:

„Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið."

Því er ekki að leyna að margir bundu vonir við þetta ákvæði laganna og áttu von á að sjá einhvern árangur. En því miður – tölur frá 1987 sýndu að ekki höfðu orðið neinar breytingar – þvert á móti, hlutur kvenna var enn rétt um 11%.

Þegar í byrjun áttunda áratugarins höfðu komið fram háværar kröfur kvenna á Norðurlöndum um úrbætur. Í norsku jafnréttislögunum frá 1982 voru þá þegar ákvæði um að bæði kynin skuli vera til staðar í öllum nefndum og að í þeim nefndum þar sem eru fjórir fulltrúar eða fleiri skuli hlutur hvors kynsins vera a.m.k. tveir fulltrúar. Þetta ákvæði var svo hert enn frekar árið 1988 og nú er þess krafist að hlutur hvors kyns skuli vera a.m.k. 40%. Það eru reyndar gerðar undantekningar frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður.

Íslensku lögin voru endurskoðuð og ný lög samþykkt vorið 1991. Þar var aðeins hert á ákvæðum 12. gr. og er nú tekið fram að á það ákvæði skuli minnt þegar óskað er tilnefninga í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð. Í tillögum nefndar, sem vann að endurskoðun laganna, var lagt til að þegar tilnefnt væri í nefndir og ráð skyldu tilnefningaraðilar tilnefna tvo, karl og konu, og að við skipan í nefndir skuli þess gætt að skipting milli kynjanna verði sem jöfnust. Nefndin rökstuddi tillögu sína með nauðsyn þess að lögfest yrði formleg leið til að ná markmiðinu um sem jafnastan hlut kvenna og karla í opinberum nefndum og ráðum. Þessu hafnaði Alþingi.

Þessi leið – svokölluð tilnefningarleið – hefur m.a. verið farin í Danmörku og hefur skilað góðum árangri þegar litið er til kynjaskiptingarinnar í þeim nefndum sem skipaðar hafa verið eftir að þetta ákvæði var sett inn.


Árið 1986 tók Jafnréttisráð saman yfirlit sem sýndi fjölda og skiptingu kvenna og karla í nefndum hins opinbera árið 1985. Hlutur kvenna var þá rétt um 11%. Hefðbundin verkaskipting kynjanna var skýr. Konurnar störfuðu í málaflokkum sem sneru að uppeldis- og félagsmálum, karlarnir sinntu atvinnu- og efnahagsmálum. Árið 1988 lágu

fyrir sambærilegar upplýsingar fyrir árið 1987 og var þá gerð önnur sambærileg athugun. Ekki höfðu orðið neinar marktækar breytingar – hlutur kvenna var enn rétt um 11%.

Jafnréttisráð tók á ný saman yfirlit yfir fjölda einstaklinga í opinberum nefndum og ráðum eins og hann var í apríl 1990. Þar kemur fram að hlutur kvenna er orðinn 16,6%.

Nefndum er skipt í tvo flokka, annars vegar nefndir, stjórnir og ráð sem eru kosnar beinni hlutfallskosningu af Alþingi en þar var hlutur kvenna í apríl 1990 orðinn 15% en var 9% árið 1987 og hins vegar verkefnanefndir ráðuneyta en þar var hlutur kvenna 11% árið 1987 en var orðinn 17% vorið 1990. Verkaskiptingin er enn frekar hefðbundin. Konurnar sinna heilbrigðis-, menningar- og félagsmálunum en karlarnir efnahags- og atvinnumálum. Þó má benda á ánægjulega þróun sem hefur átt sér stað í fjármálaráðuneytinu og Hagsýslustofnun. Þar var hlutur kvenna aðeins 6% árið 1987 en er orðinn 16%. Í sjávarútvegsráðuneytinu er hlutur kvenna í nefndum orðinn 6%, en var enginn fyrir örfáum árum. Myndritið hér á eftir sýnir breytinguna á þessu tímabili í hverju ráðuneyti fyrir sig. Aðeins í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefur konum hlutfallslega fækkað.

Mynd 5.4. Hlutfall kvenna í verkefnanefndum ráðuneyta árin 1987 og 1990.



Ekki hægt að sjá á upplýsingum, sem þessar tölur eru byggðar á, í hvaða nefndir er skipað samkvæmt tilnefningum sem eru bundnar í lögum og reglugerðum um viðkomandi nefnd og hvaða nefndir eru skipaðar af ráðherra eingöngu. Ýmislegt bendir til þess að konum hafi fjölgað sérstaklega í nefndum sem ráðherra skipar sjálfur, þ.e. að ekki hafi

orðið neinar marktækar breytingar á tilnefningum hefðbundinna tilnefningaraðila eins og aðila vinnumarkaðarins, félagasamtaka og samtaka sveitarstjórna. Þess vegna er mikilvægt að allir ráðherrar minni slíka aðila á 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þegar þeir leita eftir tilnefningum í nefndir.

Í því sambandi þykir rétt að minna á 4. gr. þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á vorþingi 1993 en þar er skýrt tekið fram að fyrir árslok 1997 skuli hlutur kvenna í opinberum nefndum og ráðum vera orðinn 30%. Til að ná því markmiði verði ávallt beðið um nöfn bæði konu og karls þegar leitað verður eftir tilnefningu í nefndir.

6. MENNTUN

Á því tímabili, sem skýrsla þessi nær til, hafa ekki verið unnar neinar kannanir eða samantektir sem hafa fjallað um menntun kvenna og karla. Á þessum árum hefur farið fram mikil umræða um nýjar áherslur í menntastefnu Íslendinga og þá sérstaklega með tilliti til aukins mikilvægis starfsmenntunar og símenntunar af ýmsu tagi. Þessi umræða hefur orðið meira áberandi með auknu atvinnuleysi, bæði meðal kvenna og karla. Hér fyrr í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir stöðu mála hvað varðar starfsmenntun og námskeið.

6.1. Framkvæmdanefnd um jafna stöðu kynja í skólum.

Í kaflanum um fyrstu framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum er gerð grein fyrir aðgerðum sem þar voru áætlaðar í menntamálum. Ein af tillögum starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum, sem var skipaður með tilvísun til framkvæmdaáætlunarinnar, var að skipuð yrði framkvæmdanefnd um jafna stöðu kynja í skólum. Þessi nefnd var skipuð síðari hluta árs 1990 og starfaði til ársloka 1993. Hlutverk hennar var að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem fram kemur í skýrslu starfshópsins til menntamálaráðherra sem ber heitið „Jöfn staða kynja í skólum. Stefna – markmið – leiðir". Hún kom út árið 1990. Í nefndina voru skipaðar þær Sigríður Jónsdóttir námstjóri og er hún formaður nefndarinnar, Elín Ólafsdóttir aðstoðarskólastjóri og Guðný Guðbjörnsdóttir dósent.

Í störfum sínum hefur nefndin lagt mikla áherslu á kynningu og fræðslu bæði fyrir kennara og foreldra. Það hefur fyrst og fremst verið gert með fundum og námskeiðum í fræðsluumdæmum út um allt land og stuðningi við ýmis þróunarverkefni í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Þegar haustið 1990 hófst, að tilhlutan nefndarinnar, tilraunastarf í þremur skólum á Reykjanesi, þ.e. Álftanesskóla, Hvaleyrarskóla og Myllubakkaskóla. Þrír skólar hafa fengið styrk úr þróunarsjóði grunnskóla vegna jafnréttisverkefna: Gagnfræðaskóli Akureyrar vegna verkefnisins Kynjaskiptar deildir í 8. bekk 1990–1991, Myllubakkaskóli í Keflavík vegna verkefnisins Stelpur og strákar í takt við tímann 1991–1992 og Grandaskóli í Reykjavík vegna verkefnisins Breyttir tímar 1992–1993. Framkvæmdanefndin hefur fylgst með þessum verkefnum og formaður hennar verið tengiliður ráðuneytisins við þau.

Samkvæmt 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ber menntamálaráðuneytið ábyrgð á framkvæmd þeirrar greinar í samráði við Jafnréttisráð. Samstarf framkvæmdanefndarinanr og Jafnréttisráðs hefur því verið töluvert. Haustið 1992 átti Jafnréttisráð frumkvæði að því að umræða hófst um nýtt samstarfsverkefni ráðsins og ráðuneytisins (framkvæmdanefndarinnar). Þar hefur helst verið rætt um nauðsyn þess að gefa út fræðsluefni fyrir efstu bekki grunnskóla, framhaldsskóla og atvinnurekendur um náms- og starfsval með tilliti til kynferðis.

Vorið 1992 stóð framkvæmdanefndin ásamt tengiliðum úr Nord-lilia-verkefninu fyrir ráðstefnum þar sem verkefnið sjálft var kynnt (sjá hér á eftir).

6.1.1. Nord-lilia-verkefnið.

Í byrjun árs 1992 var norræna verkefninu Nord-lilia ýtt úr vör. Þetta verkefni er á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og fjallar um jafnréttissjónarmið í kennaramenntun og starfsaðferðum kennara. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að þróa nýjar aðferðir þar sem jafnréttissjónarmiða er gætt og sem nýta má í kennslu á öllum skólastigum.

Ísland tekur fullan þátt í verkefninu og formaður framkvæmdanefndar menntamálaráðuneytisins um jafna stöðu kynja í skólum er fulltrúi Íslands í norrænni verkefnisstjórn og samhæfir þau verkefni sem unnin eru hér á landi undir merkjum Nord-lilia. Þá er vert að taka fram að eitt af mörgum hlutverkum norrænu verkefnisstjórnarinnar er að kynna norræna framkvæmdaáætlun í skólamálum fyrir árin 1993–1995. Þessi áætlun er unnin af norrænni samstarfsnefnd um skólamál og er hluti af framkvæmdaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar á sviði menningarmála. Þar er lögð mikil áhersla á annars vegar þróun og möguleika stráka og stelpna í skólanum og hins vegar hlutverk skólans í jafnréttissamfélagi.

Á árinu 1992 var fimm íslenskum tilraunaverkefnum ýtt úr vör, einu við Háskóla Íslands, öðru sem tengdist Kennaraháskóla Íslands, en tvö þeirra tengdust grunnskólum í Reykjavík og eitt Fósturskóla Íslands.

6.2. Kvennarannsóknir á Íslandi.

Kvennafræði eru ört vaxandi vísindastarfsemi innan flestra fræðigreina sem stundaðar eru í háskólum og á rannsóknastofnunum víða um heim. Þau má í stuttu máli skilgreina á þann veg að annars vegar sé verið að rannsaka líf, stöðu og aðstæður kvenna á ýmsum tímaskeiðum og áhrif kynferðis á ýmis fyrirbæri sögunnar og mannslegs líf og að hins vegar sé rannsóknarefnið skoðað út frá sjónarhorni kvenna. Í flestum nágrannalöndum okkar hefur verið byggt upp sérstakt kvennafræðanám og einnig rannsókna- og kennslustofnanir á sama sviði innan háskólanna. Annars staðar á Norðurlöndum hafa stjórnvöld verið með sérstakt átak undanfarinn áratug til að efla bæði kennslu og rannsóknir á sviði kvennafræða.

Ein af tillögum starfshópsins um jafna stöðu kynja í skólum varðaði Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Sú stofnun er ný og hafa henni ekki verið gerð skil áður í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Í greinargerð Þórunnar Sigurðardóttur um rannsóknastofuna kemur fram að á Íslandi hafi umræða um eflingu kvennafræða varla farið af stað nema á mjög óformlegan hátt og fjárveiting háskólans til þeirra er varla nokkur að heitið geti.

Rannsóknir og kennsla á sviði kvennafræða hafi þó þróast í ákveðnum fræðigreinum innan Háskóla Íslands. Þess er þó hvergi krafist innan háskólans að kvennafræði þurfi að vera hluti af námi stúdenta eða að sérfræðingur á sviði kvennafræða sé hluti af kennaraliði deildanna. Tilviljanir hafa valdið því að einstaka námskeið á sviði kvennafræða standa til boða í ákveðnum fögum. Þannig eru fræðimenn, sem vinna út frá kvennasjónarhorni, ekki ráðnir vegna þess að þörf sé talin á kvennafræðum innan viðkomandi greina, heldur fá þeir stöðurnar þrátt fyrir að þeir noti femíniskar kenningar í fræðastarfsemi sinni og kennslu.

Í greinargerð Þórunnar kemur fram að kvennarannsóknir á Íslandi fást svo til eingöngu við íslenskan veruleika, íslenska sögu og íslenskar bókmenntir. Þær hafi verið mest áberandi í sagnfræði, bókmenntafræði, félagsfræði, uppeldis- og menntunarfræði, stjórnmálafræði, mannfræði, landafræði og hjúkrunarfræði. Mikil gróska sé í rannsóknum og sífellt algengara er að nemendur skrifi prófritgerðir sínar á sviði kvennafræða. Hún nefnir sem dæmi um þennan áhuga nemenda tímarit sagnfræðinema, Sagnir, sem kom

út árið 1993 og inniheldur ritgerðir eftir nemendur og kennara. Í ritinu eru 15 ritgerðir eftir nemendur og þar af sjö á sviði kvennafræða. Enn fremur hafa komið út þrjár bækur á sviði kvennafræða: Fjarri hlýju hjónasængur, Öðruvísi Íslandssaga eftir Ingu Huld Hákonardóttur, Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992 eftir Sigríði Th. Erlendsdóttur og Máttugar meyjar. Íslensk fornbókmenntasaga eftir Helgu Kress.

Þverfaglegt samstarf til að efla kvennafræði á Íslandi má rekja til ráðstefnu um íslenskar kvennarannsóknir sem var haldin haustið 1985. Þar komu í fyrsta skipti saman fræðikonur úr ýmsum áttum og kynntu rannsóknir sínar. Í framhaldi af þessari ráðstefnu var áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir stofnaður. Áhugahópurinn kom því í kring, ásamt nokkrum þingkonum, að Alþingi veitti eina milljón króna til styrktar kvennarannsóknum. Fyrir þetta fé var stofnaður sjóður sem fræðikonur á sviði kvennafræða innan og utan háskólans gátu sótt um styrk til. Síðar var sama fjárhæð látin renna í hít háskólans. Þegar Rannsóknastofa í kvennafræðum var stofnuð árið 1990 ákvað háskólinn að láta sömu upphæð renna til hennar. Þessi upphæð hefur verið óbreytt síðan og er eina beina fjárveitingin til kvennarannsókna á Íslandi.

Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands var stofnuð samkvæmt reglugerð frá menntamálaráðuneytinu árið 1990. Samkvæmt reglugerðinni á stofan að fást við rannsóknir og miðla þekkingu á sviði kvennafræða. Hlutverk hennar er:

a) að efla og samhæfa rannsóknir í kvennafræðum,
b) hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði kvennafræða,
c) koma á fót gagnabanka um kvennarannsóknir,
d) vinna að og kynna niðurstöður rannsókna í kvennafræðum,
e) veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi rannsóknir í kvennafræðum,
f) leita samstarfs við deildir háskólans um að auka þátt kvennafræða í kennslu fræðigreina,
g) gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um kvennafræði og kvennarannsóknir.

Í stjórn stofunnar eru sex konur skipaðar til tveggja ára. Fjórar eru skipaðar af deildum háskólans til skiptis og tvær af háskólaráði. Tvær stjórnir hafa nú starfað við stefnumótun og áætlanagerð, launalaust. Þegar farið er fram á að háskólinn greiði stjórnarkonum fyrir nefndastörf og stjórnunarstörf þeirra fyrir kvennafræðin er þeim sagt að taka launin af hinni naumu fjárveitingu til stofunnar. Það hafa þær ekki getað gert vegna þess að hún nægir ekki fyrir starfseminni.

Fyrir u.þ.b. ári var ráðinn framkvæmdastjóri að stofunni í hálft starf. Fer lunginn af fjárveitingunni í laun hans og daglegan rekstur og skrifstofukostnað. Því hafa styrkir þeir, sem stofan hefur veitt samkvæmt hefð, lækkað allverulega.

Stofan hefur fengið styrk frá Vísindaráði Íslands, samtals 11 mánaða launastyrk, til að láta gera gagnagrunn um íslenskar kvennarannsóknir. Honum miðar ágætlega en til að ganga frá honum eins og áætlað hafði verið í upphafi þarf meira til.

Þar sem sérstök fjárveiting til kvennarannsókna er svo takmörkuð hefur stofan ekki getað hrundið af stað rannsóknarverkefnum eða öðrum verkefnum sem kosta peninga. Starfsemin hefur hingað til kannski fyrst og fremst miðað að því að gera kvennafræði sýnileg. Stofan gefur út fréttabréf þrisvar á ári, veitir stúdentum og öðrum ýmsar upplýsingar (stofan er opin flesta morgna), heldur uppi tengslum við erlendar rannsóknastofnanir í kvennafræðum, safnar upplýsingum um ráðstefnur, fundi og samstarfsverkefni erlendis og stendur fyrir auglýstum rabbfundum þar sem fræðimenn koma og kynna rannsóknir sínar fyrir bæði háskólafólki og almenningi. Þessir rabbfundir hafa verið mjög vel sóttir og sýna hversu mikill áhugi er á kvennarannsóknum. Um leið eru þeir góð aðferð fyrir fræðikonur til að kynna viðfangsefni sín og fá viðbrögð og athugasemdir frá

fjölmennum og fjölbreyttum hópi lærðra og leikra. Einnig hefur stofan reynt að fylgjast með þegar konur, sem hafa lokið prófgráðum á sviði kvennafræða erlendis, koma heim til þess að fá þær til að flytja opinbera fyrirlestra.

Í bígerð er á vegum stofunnar að gefa út bók með 10 greinum eftir jafnmargar fræðikonur á sviði kvennafræða. Markmið útgáfunnar er að gefa út safn ritgerða sem gæfi mynd af stöðu kvennarannsókna á Íslandi í dag og mundi einnig nýtast við kennslu í námskeiðum í hinum ýmsu deildum heimspeki- og félagsvísindadeildar. Höfundar greinanna hafa nær allir kennt við Háskóla Íslands, fjórir þeirra eru fastir kennarar við háskólann, en hinir hafa kennt sem stundakennarar í sínu fagi, utan einn sem hefur verið við doktorsnám erlendis. Ritgerðirnar hafa allar borist frá höfundum og farið í gegnum ritrýni og nú vantar ekkert nema fé til útgáfunnar.

Í greinargerðinni kemur fram að Rannsóknastofa í kvennafræðum hafi sótti um styrk til að ráða Fulbright-kennara frá Bandaríkjunum haustið 1993. Fékkst sá styrkur og mun kennarinn, sem að öllum líkindum mun starfa á sviði kenninga- og aðferðafræði, koma á haustmissiri 1994. Í undirbúningi hjá stofunni er að skipuleggja hvernig kennarinn komi til með að nýtast best í sambandi við kvennafræðinám við háskólann. Með Fulbright-kennaranum og hugsanlega öðrum erlendum fræðimönnum, t.d. frá NorFA eða ERASMUS, sem gætu komið og haldið stutt námskeið, skapast grundvöllur fyrir að háskólinn geti nýtt sér þetta nám í samningum um stúdentaskipti erlendis.

Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur einnig hafið umræður um ERASMUS-net við kvennarannsóknastofnanir erlendis. Óljóst er enn þá hvernig það mundi virka þar sem enn þá er ekki upp á neitt að bjóða hér fyrir erlenda nemendur.

Eins og fram kemur hér að framan er starfsemi Rannsóknastofu í kvennafræðum blómleg miðað við nauma fjárveitingu, enda er hér unnin mikil sjálfboðavinna. Fjöldamörg verkefni hafa komið til umræðu og verður vonandi veitt nægilegt fjármagn til stofunnar í framtíðinni til að gera starf hennar öflugt og háskólanum til sóma.

6.3. Um leikskóla.

Árið 1991 voru samþykkt lög um leikskóla. Aðdragandi þeirrar lagasetningar var orðinn nokkuð langur. Þegar í fyrstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna frá 1986 er lögð áhersla á að aukin atvinnuþátttaka mæðra kalli á aukna gæslu fyrir börn utan heimilisins. Þar var samþykkt að kanna þörf fyrir dagvistarstofnanir (sbr. lið 5.4). Árið 1989 skipaði menntamálaráðherra nefnd sem skyldi endurskoða lög nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, og undirbúa lög um forskólastig fyrir börn undir skólaskyldualdri. Nefndin fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að vinna úr gögnum lífskjarakönnunarinnar frá 1988 nánari upplýsingar um dagvistarþörf og lífskjör foreldra. Niðurstöður þeirrar vinnu birtust í skýrslunni Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra.

Í skýrslunni kemur fram að liðlega fjórða hver fjölskylda í landinu er með börn á forskólaaldri og er það hlutfall hærra en víðast annars staðar. Enn fremur kemur fram að íslenskar mæður, sem eru að eignast sín fyrstu börn, eru oftast yngri en kynsystur þeirra t.d. annars staðar á Norðurlöndunum. Sú staðreynd bendir til þess að íslenskir foreldrar ungra barna séu oft tiltölulega skammt komnir hvað varðar öflun menntunar, atvinnu og húsnæðis.

Í skýrslunni er fjallað um framboð og eftirspurn eftir opinberri dagvistun. Þar kemur m.a. fram að hlutfallslega fleiri börn í kaupstöðum en á höfuðborgarsvæðinu eru á dagvistarstofnunum á vegum hins opinbera.

Í könnun Félagsvísindastofnunar eru margar athyglisverðar upplýsingar, m.a. eru á

bls. 33 tölur sem sýna þróun atvinnuþátttöku mæðra ungra barna frá 1964. Upplýsingarnar eru fengnar úr ýmsum könnunum og gefa ekki einhlíta mynd en ákveðna vísbendingu.

1964: 12,8% mæðra 5–15 ára barna unnu úti.
1981: 70,8% mæðra forskólabarna unnu út, en 68,7% mæðra 1–12 ára barna.
1986: 75,2% mæðra reykvíkra forskólabarna stunduðu launavinnu.
1988: 64,7% mæðra forskólabarna á landinu eru útivinnandi, 81,3% mæðra eldri barna.
1989: 72,0% mæðra 4–5 ára barna í Reykjavík og minni kaupstaða eru í einhverri launavinnu.

Helstu nýmæli nýju leikskólalaganna koma fram í sjálfu heiti laganna. Frá og með 1991 skal nota heitið leikskóli yfir alla þá starfsemi sem þar til þá hafði verið nefnd dagheimili ef um heilsdagsdvöl barna var að ræða en leikskóli ef um hálfsdagsdvöl var að ræða. Leikskólinn er uppeldisstofnun þar sem fer fram uppeldisstarf, gæsla og menntun. Með nýju lögunum er leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastig barnsins og hluti af menntakerfinu í landinu.

Taflan hér á eftir er unnin upp úr tölum Hagstofu Íslands eins og þær birtast í Hagtíðindum frá því í október 1992. Þær sýna fjölda barna á dagvistarstofnunum í hlutfalli af aldursflokkum tímabilið 1987–1991. Á árinu 1991 breyttu nokkur sveitarfélög skipulagi leikskóla og tóku upp það sem kallað hefur verið sveigjanlegur viðverutími, þ.e. ákveðinn hópur barna gat verið í fimm tíma á leikskólanum í stað fjögurra. Þessi nýmæli koma fram í töflunni.

Tafla 6.3.1. Fjöldi barna á dagvistarstofnunum sem hlutfall af aldursflokkum 1987–1991 árganga og hlutfallsleg breyting milli ára.

	Fj. barna á leiksk. í 4–5 klst. % af aldursflokkum			Fj. b. á leiksk. í 5–6 klst. % af aldursflokki			Fj. b. á leiksk. í 7–8 klst. % af aldursflokki		
	0–2 ára	3–5 ára	0–5 ára	0–2 ára	3–5 ára	0–5 ára	0–2 ára	3–5 ára	0–5 ára
1987	6,7	53,6	30,9	-	-	-	6,0	14,4	10,3
1988	5,9	54,2	29,6	-	-	-	5,8	15,2	10,4
1989	6,6	56,2	29,9	-	-	-	6,1	16,3	10.9
1990	7,6	56,8	30,3	-	-	-	6,8	16,5	11,3
1991	6,5	45,6	25,2	1,5	11,6	6,3	5,7	16,0	10,6

(Heimild: Hagtíðindi, okt. 1992, bls. 410.)

Tafla 6.3.2. Heildarfjöldi barna á dagvistarstofnunum í hlutfalli af aldursflokkum barna.

	0–2 ára	3–5 ára	0–5 ára
1987	12,7	68,0	41,2
1988	11,7	69,4	40,1
1989	12,7	72,5	40,8
1990	14,3	73,4	41,5
1991	13,7	73,2	42,1

(Heimild: Hagtíðindi, okt. 1992, bls. 410.)

Eins og sjá má á þessum tölum er langstærstur hluti 3–5 ára barna í einhverri dagvistun á vegum hins opinbera. Langstærsti hópurinn er í fjögurra tíma vistun (sbr. fyrri töfluna). Eftir stendur að tæplega 60% íslenskra barna á forskólaaldri eru fyrir utan hið opinbera dagvistarkerfi. Það er erfitt að áætla þörf fyrir dagvistun á vegum hins opinbera en ljóst er að hún er mikil. Í fyrrgreindri skýrslu kemur fram að 90% foreldra 4–5 ára barna í Reykjavík óska eftir dagvistun á vegum hins opinbera. Í árskýrslu dagvistar barna í Reykjavík fyrir árið 1992 kemur fram að 42,79% barna á aldrinum 0–5 ára eru í 4–6 stunda vistun á leikskólum borgarinnar.

6.3.1. Hjallaskólinn.

Það er varla hægt að skilja við leikskólann í þessari skýrslu án þess að geta þess tilrauna- og þróunarstarfs sem unnið er á leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði.

Á Hjalla fer fram nýsköpun í leikskólastarfi þar sem nýjar leiðir eru reyndar á þeim sviðum þar sem helst hefur horft til vandkvæða á síðustu árum. Má þar m.a. nefna misrétti kynjanna, spennu og streitu umhverfisins sem börn gjalda háu verði, ögunarskort og hegðunarvandkvæði, umbúðahyggju og hlutadýrkun. Í staðinn er lögð áhersla á góð samskipti, sköpunargleði og eflingu ímyndunaraflsins.

Lausn þeirra sem starfa á Hjalla er kynjaskipting. Barnahópnum er skipt eftir kyni meiri hluta dagsins til að styrkja hvort kyn fyrir sig. Að mati þeirra sem að Hjallastefnunni standa er kynjaskipting einföld leið til að bregðast við þeim staðreyndum sem eru nefndar hér að framan. Skipting eftir kynjum geti fært bæði stelpum og strákum sjálfkrafa athygli, leiðsögn og svigrúm án tillits til kynferðis og komið sjálfkrafa í veg fyrir einokun verkefna og gefið báðum kynjum þjálfunarmöguleika án tillits til kynferðis.

Leikskólinn Hjalli við Hjallabraut hefur frá upphafi starfað eftir nýrri uppeldishugmynd Margrétar Pálu Ólafsdóttur leikskólastjóra og hefur hún hlotið nafnið Hjallastefnan og hafa einstakir hlutar hennar vakið mikla athygli bæði innan lands og utan. Mikil kynning hefur farið fram á Hjallastefnunni. Bók um starfsemi skólans, Æfing skapar meistarann – leikskóli fyrir stelpur og stráka, eftir Margréti Pálu, kom út árið 1992. Að tilhlutan danskra aðila var gert myndband og gefinn út bæklingur um Hjallastefnuna og var verkefnið m.a. stutt af skólanefnd norrænu ráðherranefndarinnar og fleiri samnorrænum aðilum.

6.4. Samfelldur skóladagur.

Í framkvæmdaáætluninni frá 1985 segir í lið 5.3: „Komið verði á samfelldum skóladegi fyrir öll börn í grunnskóla og máltíðir verði hægt að fá í skólanum. Jafnframt verði grunnskólanum gert kleift að hafa samfellt skólahald til þess að ekki þurfi að úthýsa nemendum ef fella þarf niður kennslu..“

Því miður hefur ekki miðað sem skyldi í þessum efnum. Í skýrslu menntamálaráðuneytisins Til nýrrar aldar, sem kom út árið 1991, er fjallað um einsetinn, samfelldan skóla, lengri skóladag yngstu nemendanna og skólamáltíðir. Þar er m.a. vísað til samþykkta kennarasamtaka og stjórnmálaflokka og tillögu samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál frá 1988 sem allar leggja áherslu á nauðsyn samfellds skóladags yngstu barnanna. Í skýrslunni segir orðrétt: „Með lengri skóladegi yngstu nemenda grunnskólans er átt við að skóladagur þeirra verði frá morgni fram á miðjan dag, t.d. frá kl. 8.30 eða 9.00 og fram til kl. 15.00. Bæta þarf alls um 55 stundum á viku við skólatíma 6–12 ára barna svo að vikustundir allra árganga verði jafnmargar eða 35 alls. Hér yrði um skylduviðveru að ræða. Starfsdagurinn skiptist í skipulagt nám, frjálst starf, matarhlé og önnur hlé á milli kennslustunda.“ Í skýrslunni er samfelldur skóladagur skilgreindur á eftirfarandi hátt: „Með samfelldum skóladegi er hér átt við samfellda skipulagða viðveru

barna í skólum, þ.e að nemendur fari aðeins tvisvar á dag milli skóla og heimilis og ljúki allri venjulegri skólavinnu í skólanum."

Þrátt fyrir víðtæka samstöðu um mikilvægi lengri skóladags og samfellds skóla hefur lítið sem ekkert áunnist. Þetta verkefni hefur því miður verið látið víkja fyrir öðrum sem hafa verið talin mikilvægari eða hefur verið frestað vegna samdráttar í þjóðartekjum. Ákvæði um aðgerðir á þessu sviði eru í gildandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Rétt er að geta þess að haustið 1992 hófu nokkur sveitarfélög tilraun sem var ýmist kölluð „heilsdagsskóli" , t.d. í Reykjavík, eða „einsetinn samfelldur skóladagur" eins og á Seltjarnarnesi. Í Reykjavík tóku sex grunnskólar þátt í tilraunaverkefninu og á Seltjarnarnesi Mýrarhúsaskóli. Þarna er gerð tilraun til að koma til móts við kröfuna um lengri skóladag og samfelldan skóla. Kostnaður við þetta er greiddur af sveitarfélögunum en foreldrar greiddu ákveðna upphæð fyrir gæslu barna sinna. Þetta framtak er á tilraunastigi og þarf að þróast áfram.

7. RÁÐSTEFNUR OG ÞING

7.1. Málþing um stöðu karla í breyttu samfélagi.

Árið 1991 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem fékk það hlutverk að vinna úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, sem lögð var fram á Alþingi árið 1990 samkvæmt jafnréttislögum frá 1985, var m.a. lagt til að skipaður yrði slíkur starfshópur. Þess má geta að hliðstæðar nefndir störfuðu bæði í Noregi og Svíþjóð á árunum 1985–1991 og höfðu þær töluverð áhrif bæði í almennri umræðu og í tillögum sínum til þarlendra stjórvalda. Íslensku nefndina skipuðu þau Margrét S. Björnsdóttir, formaður, Ari Skúlason, Guðmundur Ólafsson, Ragnheiður Harðardóttir, Sigurður Snævarr og Sigurður Svavarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Ingibjörg Broddadóttir. Nefndin skilaði skýrslu í júlí árið 1993.

Á árinu 1992 beitti nefndin sér fyrir opinberri umræðu um breytta stöðu karla. Fulltrúar úr nefndinni tóku þátt í umræðum, m.a. í fjölmiðlum. Helsta verkefnið nefndarinnar á árinu 1992 var málþing um stöðu karla í breyttu samfélagi sem haldið var vorið 1992. Málþingið vakti mikla athygli og sóttu það um 300 einstaklingar, bæði karlar og konur. Þar voru flutt mörg mjög áhugaverð erindi sem verða gefin út með skýrslu nefndarinnar sem er væntanleg árið 1993.

Félagsmálaráðherra setti ráðstefnuna og í ávarpi sínu sagði hún m.a.: „Margir segja að jafnréttisbaráttan sé stöðnuð og í ákveðinni tilvistarkreppu. Á margan hátt er hægt að taka undir það og í raun stöndum við konurnar á þeim tímapunkti að við þurfum að endurmeta baráttuaðferðir okkar. Við þurfum að fá karlamennina til liðs við okkur í baráttunni sem samherja en ekki sem andstæðinga. Ekki síður þurfum við að gera jafnréttisbaráttuna áhugaverða fyrir unga fókið af báðum kynjum."

7.2. Vestnorrænt kvennaþing.

Dagana 20.–23. ágúst 1992 var haldið vestnorrænt kvennaþing á Egilsstöðum. Þingið sóttu rúmlega 330 konur; 48 frá Grænlandi, 63 frá Færeyjum og íslensku konurnar urðu 220 talsins. Þingið var haldið í samræmi við þingsályktunartillögu frá Vestnorræna þingmannaráðinu sem Alþingi samþykkti árið 1990, þess efnis að árið 1992 yrði sérstakt vestnorrænt ár. Þess skyldi m.a. minnst með því að halda jafnréttisþing á Íslandi.

Í mars 1991 skipaði félgsmálaráðherra nefnd til að undirbúa þinghaldið. Jafnréttisráð tilnefndi Ragnheiði Harðardóttur og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar. Aðrar í nefndinni voru Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af ASÍ, Þórveig Þormóðsdóttir,

tilnefnd af BSRB, Guðrún Árnadóttir, tilnefnd af KRFÍ, og Lísa Thomsen, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands, en hún tók við af Stefaníu M. Pétursdóttur sem vikið hafði úr nefndinni um áramótin 1991/1992. Hulda Karen Ólafsdóttir starfaði einnig mikið með nefndinni. Guðrún Ágústsdóttir var framkvæmdastjóri þingsins og hafði hún aðsetur á skrifstofu Jafnréttisráðs en starfsmaður á Egilsstöðum var Anna Ingólfsdóttir. Tengiliðir nefndarinnar á Grænlandi og í Færeyjum voru þær Agga Lund og Karin Kjølbro.

Dagskrá vestnorræna kvennaþingsins var afar fjölbreytt en markmiðið var að vestnorrænar konur kynntust hver annarri og stofnuðu til varanlegs samstarfs. Hver þingdagur hafði sína yfrirskrift: Á föstudeginum var fjallað um vinnumarkaðinn, menntun og félagslegar aðstæður, laugardagurinn var helgaður möguleikum kvenna til að hafa áhrif í samfélaginu og á sunnudeginum var rætt um hafið og umhverfismál. Höfuðstöðvar þingsins voru í íþróttahúsinu á Egilsstöðum. Auk þess sem aðalfyrirlestrar hvers dags voru haldnir þar voru þar kynningarbásar þar sem kynnt var starfsemi ýmissa kvennasamtaka. Smærri málþing og umræðufundir voru í menntaskólanum. Í grunnskólanum var til sýnis og sölu framleiðsla kvenna frá löndunum þremur og var fjölbreytnin mikil.

Á Vestnorræna kvennaþinginu náðu konur frá löndunum þremur að skiptast á skoðunum og ræða framtíðina, þær náðu að kynnast hver annarri, menningu þjóðanna og listsköpun og þær urðu margs vísari um áhyggjur og gleðiefni nánustu grannkvenna sinna. Því má fullyrða að markmið þingsins hafi náðst og að aðstandendur þess hafi haft erindi sem erfiði.

Undirbúningsnefndin skilaði ítarlegri skýrslu um undirbúning og framkvæmd þingsins og er hún fáanleg á skrifstofu Jafnréttisráðs.

7.3. Ráðstefna æskulýðssamtaka stjórnmálaflokkanna.

Konur í ungliðahreyfingum stjórnmálaflokkanna gengust fyrir ráðstefnu um jafnréttismál í nóvember 1992. Jafnréttisráð ásamt félagsmálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg voru styrktaraðilar ráðstefnunnar. Þar fluttu m.a. erindi ráðherrarnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sem fengu það hlutverk að leggja út af spurningunni: Jafnréttislög – er þau aðeins orðin tóm? Í máli fjármálráðherra kom m.a. fram að jafnréttislög væru frábrugðin mörgum öðrum lögum þar sem þau ættu fyrst og fremst að breyta viðhorfum. Hann taldi þó að lögin gætu verið eitt af mörgum tækjum til að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði. Félagsmálaráðherra taldi að slagkraftur laganna færi fyrst og fremst eftir framkvæmd þeirra og væri m.a. háður aðgerðum ríkisvaldsins. Þá hvatti hún ráðstefnugesti til að huga vel að þriðju greinar ákvæðinu sem veitir heimild til aðgerða sem eru sérstaklega konum til hagsbóta. Halldór Ásgrímsson, varaformaður Framsóknarflokksins, og Stefanía Traustadóttir, varaþingmaður Alþýðubandalagsins, lögðu út af þessari spurningu: Eru konur dæmdar til setu á varamannabekk stjórnmálanna? Halldór taldi að tímabært væri að huga að öðrum aðgerðum en kynjakvóta og velti fyrir sér breyttri kjördæmaskipan hér á landi og þeim möguleikum sem slíkar breytingar gæru skapað konum. Stefanía vakti m.a. athygli á þeirri tilhneigingu að skipta sífellt um konur á framboðslistum, að konur væru miklu frekar það sem hún kallaði „einnotaframbjóðendur“ en karlar.

7.4. Nordisk forum 1994.

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð samþykktu á árinu 1991 að gangast fyrir norrænu kvennaþingi, Nordisk Forum, árið 1994.

Að athuguðu máli varð Åbo (Turku) í Finnlandi fyrir valinu sem mótsstaður, en þingið skyldi standa yfir dagana 1.–6. ágúst 1994. Yfirskrift þingsins var „Líf og störf

kvenna – hamingja og frelsi", en ætlunin var að leggja sérstaka áherslu á velferðarþjóðfélagið og hvernig það snýr að konum.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins var skipuð nefnd til að undirbúa þátttöku Íslands í Nordisk Forum, en í henni áttu sæti eftirtaldir aðilar: Drífa Hjartardóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands. Guðrún Árnadóttir, fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands. Hansína Á. Stefánsdóttir, fulltrúi Alþýðusambands Íslands. Jóhanna Magnúsdóttir, fulltrúi Æskulýðssambands Íslands. Ragnhildur Guðmundsdóttir, fulltrúi framkvæmdanefndar um launamál kvenna. Formaður nefndarinnar er Valgerður Gunnarsdóttir, skipuð af félagsmálaráðherra. Nefndin hafði starfsaðstöðu á Skrifstofu jafnréttismála.

Valgerður Gunnarsdóttir, formaður íslensku nefndarinnar og fulltrúi Íslands í norrænu verkefnisstjórninni, gerði grein fyrir Nordisk forum 1994 í „Voginni", fréttabréfi Jafnréttisráðs. Þar kemur m.a. fram að NF '94 er stærsta verkefnið sem norræna ráðherranefndin hefur staðið fyrir síðan Nordsk forum var haldið í Ósló 1988 og að búist var við um tíu þúsund þátttakendum. Þá segir Valgerður: „Mikill áhugi er meðal skipuleggjenda Nordisk Forum á því að glæða áhuga kvenna á jafnréttisumræðunni og fá þær til þátttöku. Því eiga fulltrúar æskulýðssambanda sæti í undirbúningsnefndum allra landanna en markmiðin með Nordisk Forum eru að öðru leyti:

* Að gera grein fyrir því sem áunnist hefur í jafnréttimsálum frá því að Nordisk Forum var haldið í Ósló 1988.
* Að glæða áhuga á jafnréttismálum.
* Að hvetja til nýrra aðgerða.
* Að halda á lofti hugsjónum karla og kvenna um jafnréttisþjóðfélag fyrir árið 2000 með því að taka fyrir ákveðin efni.
* Að auka tengsl milli kvenna og kvennahreyfinga á Norðurlöndum og við nágrana þeirra í Austur-Evrópu."

Fyrsti fundur íslensku undirbúningsnefndarinnar var haldinn 7. maí 1992, en alls voru haldnir ellefu fundir á árinu. Á vegum undirbúningsnefndarinnar var upplýsingabás um Nordisk Forum 1994 á Vestnorræna kvennaþinginu á Egilsstöðum. Framkvæmdanefnd Nordisk Forum stóð fyrir vinnufundi í Åbo í Finnlandi dagana 23.–25. október og sóttu það af Íslands hálfu fulltrúar í undirbúningsnefnd NF '94, fulltrúi karlasamtaka, fulltrúi jafnréttisnefnda sveitarfélaga og fulltrúi Öryrkjabandalagsins. Auk þess mættu fulltrúar í undirbúningsnefnd á ýmsa kynningarfundi á árinu. Undirbúningur vegna Nordisk forum komst á fullt skrið árið 1993 og var einn starfsmaður Skrifstofu jafnréttismála ráðinn framkvæmdastjóri Nordisk Forum. Auk hans sinnti ritari stofnunarinnar störfum vegna undirbúningsins og greiddi undirbúningsnefndin 30% af launakostnaði hans. Á árinu var lögð mikil áhersla á kynningu ýmiss konar og var m.a. fréttabréf undirbúningsnefndarinnar gefið út í 2.000 eintökum. Auk þess hélt nefndin fjölda kynningarfunda vítt og breitt um landið og skrifaði fjölda greina í blöð og tímarit. Vorið 1993 var undirbúinn og haldinn fundur undirbúningsnefndar Nordisk Forum á Norðurlöndum og mættu til hans um 50 gestir. Þann 24. október var haldinn opinn kynningarfundur að Hótel Borg og þar gafst u.þ.b. 500 gestum kostur á að sjá sýnishorn af dagskrá íslenskra kvenna á Nordisk Forum. Á þeim fundi var tilkynnt um stofnun ferðasjóðs og afhenti félagsmálaráðherra framlag ríkisstjórnarinnar til hans.

Kvennaráðstefnan, Nordisk Forum, var haldin dagana 1. til 6. ágúst 1994. Talið er að á milli 12 og 15 þúsund konur hafi tekið þátt í ráðstefnunni, þar af um 1.300 íslenskar konur. Dagskrá ráðstefnunnar var mjög fjölbreytt og úr mörgu að velja. Boðið var upp á fyrirlestra um margvísleg málefni. Svonefnd opinber ráðstefna var haldin í tengslum

við Nordisk Forum dagana 4. og 5. ágúst. Fulltrúar Íslands sáu um dagskrá á ráðstefnunni sem fjallaði um efnahagsleg og stjórnmálaleg áhrif kvenna. Erindi fluttu Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur.

7.5. Landsfundur Kvenréttindafélags Íslands.

Kvenréttindafélag Íslands boðaði til veglegs landsfundar í tilefni 85 ára afmælis félagsins í september 1992. Meginumfjöllunarefni landsfundarins voru: „Staða kvenna í nýrri Evrópu“ og „Jafnréttisbarátta kvenna á tímamótum“. Umfjöllun fundarins um stöðu kvenna í nýrri Evrópu hlaut mikla athygli fjölmiðla enda í fyrsta sinn sem fjallað var á skipulagðan hátt um kosti og galla aukins Evrópusamstarfs hvað varðar jafnréttismál og stöðu kvenna.

Á landsfundinum var lögð fram ný stefnuskrá Kvenréttindafélagsins og þar kemur m.a. fram krafa um að feður fái að njóta fæðingarorlofs, þ.e. í viðbót við fæðingarorlof mæðra. Einnig kemur fram í stefnuskránni að leggja þurfi sérstaka áherslu á að hvetja konur til að stofna eigin fyrirtæki og veita þeim aðstoð í því skyni.

Í lok fundarins var flutt erindi um sögu Kvenréttindafélagsins í 85 ár og boðuð útgáfa á sögu félagsins og er áætlað að hún komi út fyrir árslok 1993.

7.6. Jafnréttisþing.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1991 er Jafnréttisráði gert að halda jafnréttisþing þriðja hvert ár og skal það vera stjórnvöldum og Jafnréttisráði til ráðgjafar og umsagnar um jafnréttismál. Samtímis á þingið vera vettvangur almennrar umræðu og farvegur nýrra hugmynda um jafnréttismál. Alþingi lagði áherslu á að aðild að þinginu skyldu eiga fulltrúar jafnréttisnefnda, stjórnmálaflokka, félagasamtaka og fleiri aðila. Þingið var haldið dagana 14.–15. október 1993 að Hótel Sögu, Reykjavík.

Í undirbúningi fyrir þingið var lögð áhersla á samráð við þá er málið varðar. Fulltrúar ýmissa félagasamtaka voru boðaðir til funda og umræðuhópar voru starfandi. Á þinginu var fjallað um fjögur helstu svið jafnréttismála, þ.e. vinnumarkaðinn, stjórnmálin, aðstæður fjölskyldunnar og nýjar og gamlar leiðir jafnréttisbaráttunnar. Þar voru fluttir fyrirlestrar sem var ætlað að varpa nýju ljósi á þau viðfangsefni sem kastljósinu var beint að hverju sinni. Auk fyrirlesara ávörpuðu þingið fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Boðið var á þingið fulltrúum úr ýmsum áttum, frá kvennasamtökum, aðilum vinnumarkaðarins, stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum og einnig var þingið opið almenningi. Með því að bjóða fulltrúum þessara hópa vildi Jafnréttisráð fá fram skoðanir sem flestra og breikka sjónarhornið. Jafnréttisþingið samþykkti nokkrar ályktanir og tilmæli sem það beindi til stjórnvalda, stjórnmálaflokka, aðila vinnumarkaðarins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jafnréttisráðs. Öll erindin ásamt erindum þingsins og skrá yfir þátttakendur voru gefin út í sérstakri skýrslu sem má fá á Skrifstofu jafnréttismála.

7.7. Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga

Dagana 6. og 7. maí 1993 var fyrsti landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga haldinn á Akureyri. Jafnréttisnefnd Akureyrar og Jafnréttisráð boðuðu til fundarins. Forseti bæjarstjórnar Akureyrar setti fundinn og bauð fulltrúa og aðra gesti velkomna. Í máli hennar kom m.a. fram að samkvæmt lögum ættu jafnréttisnefndir að vera starfandi í 52 sveitarfélögum. Samkvæmt skráningu Skrifstofu jafnréttismála hafa 37 sveitarfélög tilkynnt um skipan jafnréttisnefnda eða samþykkt að félagsmálanefndir fari með mál

þeirra. Til Akureyrar komu aðeins fulltrúar frá 10 nefndum. Þessi staðreynd varð mörgum umfjöllunarefni og landsfundarfulltrúar veltu fyrir sér hvaða hindranir væru í vegi jafnréttisnefnda.

Í ávarpi formanns Jafnréttisráðs kom skýrt fram vilji ráðsins til að leggja sitt af mörkum til að efla og styðja jafnréttisnefndir. Benti hún á það starf sem unnið hefur verið á Skrifstofu jafnréttismála sem m.a. lýsir sér í útgáfu handbókarinnar Grósku. Formaðurinn gerði grein fyrir helstu verkefnum ráðsins sem kalla á samstarf við aðila eins og jafnréttisnefndir og nefndi væntanlegt jafnréttisþing og norræna jafnlaunaverkefnið. Hún hvatti fulltrúa í nefndunum til að hafa náið samstarf við skrifstofnuna og leita til hennar eftir aðsoð og upplýsingum. Formaður Jafnréttisráðs þakkaði jafnréttisnefnd Akureyrar fyrir að hafa gengist fyrir þessum landsfundi og hrósaði nefndinni og bæjaryfirvöldum á Akureyri fyrir gott fordæmi í þessum málaflokki.

Á landsfundinum voru flutt erindi um sjálfsbjörg kvenna á krepputímum og um konur í sjávarbyggðum landsins auk þess sem lögð var áhersla á fræðslu og upplýsingamiðlun um stöðu og verkefni jafnréttisnefnda. Þá gerðu nefndarfulltrúar grein fyrir þeim störfum sem þeir hafa verið að vinna að og vakti virkt starf jafnréttisnefndar Akureyrar og metnaðarfull jafnréttisáætlun mikla athygli.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarstjórna, ávarpaði landsfundinn seinni dag landsfundarins. Hann spáði því að jafnréttismál og um leið jafnréttisnefndir ættu eftir að fá mun meira vægi í málefnastarfi sveitarstjórna og annarra stjórnsýslustiga á næstu árum. Þetta merkti hann af því sem hann hefur séð og reynt bæði hér heima og erlendis. Hann viðurkenndi að hér á landi værum við skammt á veg komin hvað varðar markvisst og skipulagt starf sveitarstjórna í jafnréttismálum. Jafnrétti kvenna og karla væri forsenda raunverulegs lýðræðis og það væri nauðsynlegt að viðurkenna og horfast í augu við þá staðreynd að jafnréttismál væru pólitísk viðfangsefni. Þau væru ekki lengur alfarið einkamál kvenna. Jafnréttissjónarmiðin yrði að flétta inn í allt kerfið og sérstakar aðgerðir og sérstakar nefndir eða ráð yrðu að vera til staðar til að fylgja þessum málum eftir. Slíkt eftirlit yrði að eiga sér stað á öllum stjórnsýslustigum kerfisins.

Vilhjálmur fjallaði um vanda starfandi jafnréttisnefnda íslenskra sveitarstjórna. Hann taldi upp nokkur atriði sem gætu skýrt hann en undirstrikaði að alla þessa þætti mætti færa til betri vegar og lofaði stuðningi stjórnar Sambands íslenskra sveitarstjórna hvað það varðar. Þessi þættir eru: Markmið og valdsvið eru óljós, engar eða litlar fjárveitingar, starfsmenn vantar, óreglulegir fundir, lítil tengsl við bæjaryfirvöld, sjaldan kjörnir sveitarstjórnarmenn í nefndunum. Hann bauð fram stuðning stjórnar sambandsins til átaks í þessum málum, m.a. með efnisúrvinnslu, hugsanalega væri hægt að halda ráðstefnur um málið, hvatningu og eða kynningu meðal sveitarstjórnarmanna. Fram kom að samstarf og/eða samráð við Skrifstofu jafnréttismála kæmi vel til greina og í því sambandi nefndi hann möguleika á að taka starf jafnréttisnefnda sveitarfélaga fyrir á fulltrúaráðsfundi sambandsins næsta vetur. Þá hvatti hann til þess að skrifað yrði í Sveitarstjórnartíðindi og sagt frá þessum landsfundi.

Það er óhætt að segja að umræða um almennt áhugaleysi bæði sveitarstjórnarmanna og annarra um störf jafnréttisnefnda setti svip sinn á starf landsfundarins og fulltrúar veltu fyrir sér hvernig mætti bæta úr þeim vanda. Það var aðalatriði – ekki „gamla“ fullyrðingin að nefndirnar hefðu engin verkefni. Þeir fulltrúar, sem þarna voru kvörtuðu ekki undan verkefnaleysi. Landsfundarfulltrúar klöppuðu formanni jafnréttisnefndar Reykjavíkur lof í lófa þegar hann í lok fundarins tilkynnti að jafnréttisnefnd Reykjavíkur og borgarstjórinn í Reykjavík byðu til næsta landsfundar sem var ákveðið að halda 1994, þ.e. að afloknum kosningum og gætu nýir jafnréttisnefndafulltrúar þá áttað sig á stöðu sinni og verkefnum.

Fundinum lauk með samþykkt eftirfarandi ályktunar:

„Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga sem haldinn var á Akureyri 6.–7. maí 1993 vekur athygli á að samkvæmt lögum eiga að vera starfandi jafnréttisnefndir í 52 sveitarfélögum. Í reynd hafa aðeins 37 sveitarfélög skipað slíka nefnd. Meginþorri nefndanna er óvirkur, aðrar starfa við lítinn skilning sveitarstjórna en örfáum eru sköpuð þokkaleg starfsskilyrði. Landsfundurinn telur brýnt að öllum jafnréttisnefndum sveitarfélaga verði sköpuð viðunandi starfsskilyrði sem fyrst og að sveitarstjórnir kalli nú þegar saman þær nefndir sem eru óvirkar til starfa. Jafnframt telur fundurinn brýnt að eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1994 komi sveitarstjórnir að þessum málaflokki með sama hugarfari og einurð og að öðrum lögbundnum verkefnum. Landsfundurinn skorar á alla stjórnmálaflokka, félagsmálaráðherra, Skrifstofu jafnréttismála og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að vinna markvisst að því að jafnréttisnefndir sveitarfélaga verði virkt afl í sérhverju sveitarfélagi.

Á meðan á landsfundinum stóð afgreiddi Alþingi þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála. Landsfundurinn fagnaði afgreiðslu Alþingis og skoraði á félagsmálaráðherra að láta ákvæði áætlunarinnar um jafnréttisráðsgjafa koma til framkvæmda sem fyrst.

8. ERLEND SAMSKIPTI Á SVIÐI JAFNRÉTTISMÁLA

8.1. Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál.

Ísland hefur tekið virkan þátt í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttimála. Fulltrúi Íslands á sæti í embættismannanefnd norrænu ráðherranefndarinnar sem fjallar um jafnréttismál. Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs hefur setið í nefndinni. Hlutverk embættismannanefndarinnnar er að skipuleggja og samræma aðgerðir sem unnar eru í nafni ráðherranefndarinnar. Hún hefur starfað samkvæmt sérstakri framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1989 til og með 1993. Áætlunin skiptist í tvo meginkafla, hlutverk kvenna í efnahagsþróuninni og samspil atvinnu- og fjölskyldulífs. Alls hafa 22 norræn verkefni verið unnin eða eru í vinnslu samkvæmt áætluninni. Þau eru misjafnlega viðamikil og er norræna jafnlaunaverkefnið stærsta verkefnið. Það er einnig það eina sem Íslendingar taka fullan þátt í. Fulltrúar Íslands hafa sótt ráðstefnur sem haldnar hafa verið í tengslum við einstök verkefni sem eiga rætur í norrænu framkvæmdaáætluninni. Má þar m.a. nefna ráðstefnu um konur í einhæfum störfum. Enn fremur voru fulltrúar Íslands í verkefnisstjórnum tveggja minni verkefna um öflun upplýsinga og samningu tillagna um aðgerðir á afmörkuðum sviðum. Þessi verkefni fjölluðu um menntun og framtíðarmöguleika kvenna í tölvuiðnaði og um karla og fæðingarorlof. Norræna embættismannanefndin tók einnig þátt í fundi fulltrúa EFTA-ríkja og EB um jafnréttismál. Þar var m.a. fjallað um samvinnu EB- og EFTA-ríkja á sviði jafnréttismála.

Á árinu 1992 hófst undirbúningur að gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar á sviði jafnréttismála fyrir tímabilið 1995 til ársins 2000. Gert var ráð fyrir að nýja áætlunin yrði kynnt og samþykkt á Nordisk Forum '94.

8.2. Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.

Formaður Jafnréttisráðs er fulltrúi Íslands í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins. Hlutverk jafnréttisnefndarinnar hefur verið að veita öðrum nefndum og stofnunum innan Evrópuráðsins ráðgjöf í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla og hafa frumkvæði að aðgerðum á því sviði. Jafnréttisnefndin er ein af stjórnarnefndum Evrópuráðsins og heyrir frá áramótum 1991–1992 undir mannréttindadeild ráðsins. Fundir nefndarinnar eru að jafnaði haldnir í Strassborg. Eitt helsta viðfangsefni nefndarinnar er undirbúningur

funda evrópskra jafnréttisráðherra. Nefndin skipulagði evrópskan ráðherrafund sem haldinn var árið 1993. Aðalmálefni þess fundar var ofbeldi gegn konum.

Eftir að jafnréttismál voru sett undir mannréttindadeild ráðsins hefur nefndin lagt áherslu á samstarf við nokkrar nefndir Evrópuráðsins þar sem unnið er að rannsóknum og gerð framkvæmdaáætlunar varðandi mannréttindi og raunverulegt lýðræði. Auk þess hefur verið fjallað um samvinnu nefndarinnar og sænskra yfirvalda um ráðstefnu um konur og skipulagsmál sveitarfélaga.

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins vinnur að mörgum öðrum áhugaverðum verkefnum um þessar mundir, svo sem tengslaneti í kvennafræðum og gagnabanka um jafnréttismál.

Fylgiskjal.

Skrifstofa jafnréttismála 1994,
Stefanía Traustadóttir:

Hlutur kvenna í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum árið 1994.
(Nóvember 1994.)

Úttekt á framkvæmd ákvæðis í 12. gr. laga nr. 28/1991, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla og 4. tölul. framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Við endurskoðun jafnréttislaganna frá 1976 var talið brýnt að setja í lög ákvæði sem hefði að markmiði að jafna hlutfall kvenna og karla í opinberum nefndum og ráðum. Slíkt ákvæði þótti nauðsynlegt m.a. í ljósi þeirrar staðreyndar að árið 1983 var hlutfall kvenna í opinberum nefndum aðeins 6%. Samanburður við t.d. Norðurlönd var íslenskum konum mjög í óhag.

Árið 1986 tók Jafnréttisráð saman yfirlit sem sýndi fjölda og skiptingu kvenna og karla í nefndum hins opinbera fyrir árið 1985. Hlutfall kvenna var rétt um 11%. Hefðbundin verkaskipting kynjanna var skýr, konurnar fjölluðu um málaflokka á uppeldis- og félagsmálasviði, karlarnir sinntu atvinnu- og efnahagsmálum. Árið 1988 var gerð önnur sambærileg athugun á upplýsingum fyrir árið 1987. Á þeim tíma voru liðin tvö ár frá gildistöku 12. gr. jafnréttislaganna sem hljóðaði svo:

„Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið."

Niðurstöður athugunarinnar á stöðu mála á árinu 1987 sýndu að hlutfall kvenna var óbreytt, þ.e. 11%.

Árið 1990 gerði Jafnréttisráð enn eina úttekt á hlut kvenna og karla í opinberum nefndum og ráðum. Niðurstöður hennar sýndu að konum í nefndum og ráðum hafði fjölgað og voru þær orðnar 16,6%. Hefðbundin verkaskipting var en ríkjandi, þ.e. konurnar fjölluðu enn um „mjúku" málaflokkana – karlarnir sinntu þeim „hörðu". Það vakti athygli að hlutfall kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hafði hækkað í 16%. Þar var það hæst á eftir hlutfalli í nefndum á vegum ráðuneyta félags-, heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála. Hlutfall kvenna í nefndum á vegum annarra ráðuneyta var innan við 9%.[1]

Íslensku jafnréttislögin voru endurskoðuð og ný samþykkt vorið 1991. Í nýju lögunum var aðeins hert á ákvæði 12. gr. Nú er tekið fram að minna skuli á það ákvæði greinarinnar þegar óskað er eftir tilnefningum í opinberar stjórnir, nefndir og ráð. Í tillögum nefndar, sem vann að endurskoðun laganna, var lagt til að þegar tilnefnt yrði í nefndir og ráð skyldu tilnefningaraðilar tilnefna tvo, karl og konu, og að við skipan skyldi þess gætt að hlutfall kynjanna yrði sem jafnast. Nefndin rökstuddi tillögu sína, um nauðsyn þess að lögfest yrði formleg leið til að ná markmiðinu um sem jafnast hlutfall

---

[1] Skýrslur Jafnréttisráðs um hlut kvenna í opinberum nefndum og ráðum rá 1985, 1987 og 1990 má fá á Skrifstofu jafnréttismála.

kvenna og karla í opinberum nefndum, með því benda á góðan árangur af sambærilegu ákvæði í dönsku jafnréttislögunum. Alþingi hafnaði tillögunni.

Markmið framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar er 30%.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi sem þingsályktun í maí 1993 segir í 4. tölul.:

„Ríkisstjórninni er falið að ná því markmiði að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins verði 30% í lok gildistíma áætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum hvers ráðuneytis, en ekki miðað við 30% í hverri nefnd. Þegar leitað er eftir tilnefningu við skipan í opinbera nefnd verði framvegis óskað eftir nafni karls og konu þannig að markmiði þessu verði náð. Jafnréttisráð taki árlega saman tölfræðilegt yfirlit um hlutfall kynjanna í nefndum stjórnum og ráðum“

Í athugasemdum félagsmálaráðherra með þessu ákvæði þingsályktunartillögunnar er tekið fram að reynsla annarra Norðurlanda og mat Jafnréttisráðs af árangri einstakra ráðuneyta af markvissri vinnu samkvæmt jafnréttisáætlunum sýni mikilvægi þess að ákveða hvernig ákveðnum markmiðum skuli náð. Þess vegna sé nú lagt til að fara þá leið að biðja tilnefningaraðila um nöfn karls og konu þegar óskað er tilnefninga í nefndir. Í nefndaráliti félagsmálanefndar Alþingis er að fullu tekið undir að þessi leið verði farin.

Í september 1994 skrifaði Skrifstofa jafnréttismála öllum ráðuneytum og fór fram á upplýsingar um nefndir á þeirra vegum þar sem fram komi: a. fjöldi nefnda og ráða sem Alþingi kýs, b. fjöldi nefnda sem skipaðar eru samkvæmt lögum og c. fjöldi tímabundinna verkefnanefnda sem ráðherra skipar. Einnig var óskað eftir upplýsingum um fjölda karla og kvenna í hverri nefnd. Í öðru lagi var óskað eftir upplýsingum um tilnefningaraðilana. Ekki hefur áður verið óskað upplýsinga um þá en til að geta fylgt eftir ákvæðum framkvæmdaáætlunarinnar þarf, að mati Skrifstofu jafnréttismála, að liggja fyrir vitneskja um hvaða aðilar það eru sem tilnefna fulltrúa í opinber ráð og nefndir.

Að forsætisráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti undaskildum bárust svör ráðuneytanna bæði seint og illa. Þegar hafist var handa við lokavinnu þessarar greinargerðar höfðu engar upplýsingar borist frá tveimur ráðuneytum, þ.e. fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Frá fjármálaráðuneyti komu munnleg skilaboð þess efnis að þar væri ekki til mannskapur til að safna saman umbeðnum upplýsingum en það yrði gert þegar tími gæfist til. Með samþykki Jafnréttisráðs var ákveðið að bíða ekki eftir þeim tíma. Í samanburði milli ára er tekið tillit til þess að upplýsingar vantar frá þessum ráðuneytum.


Hlutfall kvenna í nefndum og ráðum 1994.

Fjöldi kvenna og karla í opinberum nefndum og ráðum á vegum þeirra ráðuneyta sem svöruðu var 2.842[2]. Hér eru aðeins taldir aðalmenn. Hlutfall kvenna í þessum hópi 20,8% eða 592. Miðað við árið 1990 – að frádregnum þeim sem voru í nefndum fjármála- og utanríkisráðuneytisins – var hlutfall kvenna 15,4%. (Hlutfallið var að öllum ráðuneytum meðtöldum 16,6% eins og hefur komið fram hér að framan.) Súluritið sýnir þróunina frá árinu 1987.

---

2 Í viðauka er að finna samantekt sem sýnir heildarfjölda einstaklinga í nefndum hvers ráðuneytis og samanburður við árið 1990.

Mynd 1. Hlutfall kvenna og karla í nefndum og ráðum árin 1987, 1990 og 1994.




Hér má sjá að hlutfall kvenna þokast upp á við – en hraðinn er ekki meiri en svo að það þarf að grípa til róttækra aðgerða ef á að ná markmiði framkvæmdaáætlunarinnar fyrir lok gildistíma hennar. Fresturinn er til 31. desember 1996. Ef þróunin verður með svipuðum hætti má búast við að 30% markmiðinu verði ekki náð fyrr en eftir 8 ár, þ.e. árið 2002.

Hlutfall kvenna og karla í nefndum á vegum ráðuneyta.

Samkvæmt ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar er stefnt að því að heildarhlutfall kvenna í nefndum á vegum hvers ráðuneytis verði 30% á tímabilinu. Því er mikilvægt að sjá hvernig einstök ráðuneyti standa sig. Í súluritinu á mynd 2 er staðan árið 1994 borin saman við stöðuna árið 1990 að undanskildum fjármála- og utanríkisráðuneytum.

Mynd 2. Hlutfall kvenna í nefndum árin 1990 og 1994 skipt eftir ráðuneytum.




Eins og sjá má hefur hlutfall kvenna hækkað töluvert í þremur ráðuneytanna. Í dómsmálaráðuneytinu hefur það farið úr 6,5% í 16,5%. Í félagsmálaráðuneytinu, sem eitt ráðuneyta hefur farið fram úr markmiði áætlunarinnar, hefur hlutfall kvenna hækkað úr 22,2% í 39,9%. Í þriðja lagi má nefna forsætisráðuneytið en þar hefur hlutfall kvenna hækkað úr 6% í 23,4%. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki bætt við sig sem neinu nemur og menntamálaráðuneytið, sem náði 30% markinu fyrir fjórum árum, stendur í stað.

Hvaða nefndir?

Eins og áður hefur komið fram er hér um þrjá ólíka flokka nefnda að ræða. Í fyrsta lagi er um að ræða nefndir sem kosið er til á Alþingi. Til þeirra er oftast kosið pólitískum hlutfallskosningum. Í öðru lagi eru það nefndir sem skipaðar eru af ráðherra samkvæmt fyrirmælum í lögum og reglugerðum. Í slíkum nefndum sitja einstaklingar oft í krafti embætta sinna eða starfa á vegum hagsmuna- og félagasamtaka og svigrúm ráðherra er ekki mikið. Þó er það langt í frá að vera algilt. Ráðherra hefur t.d. oft heimild til að tilnefna einn fulltrúa án nokkurra kvaða um stöðu eða störf auk þess sem hann getur haft töluverð áhrif með því að minna á ákvæði 12. gr. jafnréttislaga og framkvæmdaáætlunina þegar hann óskar eftir tilnefningum í viðkomandi nefnd. Í þriðja lagi er hér hópur nefnda sem kallast tímabundnar verkefnanefndir. Hér er um að ræða nefndir eða starfshópa sem ráðherra skipar til að sinna ákveðnum tímabundnum verkefnum. Ráðherra hefur hér töluvert vald þar sem hann getur ákveðið hvort heldur hann leitar beint til einstaklinga eða snýr sér til samtaka og æskir tilnefninga. Því hefur verið haldið fram að þar ættu konur að hafa meiri möguleika ef ráðherra á annað borð vinnur markvisst að því að auka hlut þeirra.[3]

Mynd 3. Hlutfall kvenna í nefndum skipt eftir tegundum nefnda og ráðuneytum.



[3] Í viðauka eru súlurit sem sýna bæði fjölda og hlutfall kvenna og karla í hverjum flokki nefnda, skipt eftir ráðuneytum.

Það skal tekið fram að fjöldi einstaklinga í nefndum kosnum á Alþingi er ekki mikill og því varla marktækt að hafa þann hóp hérna. Sem dæmi má nefna að í slíkum nefndum sem heyra undir menntamálaráðuneytið eru aðeins níu einstaklingar, þar eru konur fjórar eða 45%.

Eins og sjá má á mynd 3 er ekki að sjá neitt greinilegt „munstur“ í dreifingu kvenna í hina ólíku hópa nefnda. Hlutfall þeirra er að meðaltali í hverjum hópi fyrir sig sem hér segir:

1) Stjórnir og ráð sem Alþingi kýs	14,4%
2) Nefndir skipaðar skv. fyrirmælum í lögum	22,5%
3) Tímabundnar verkefnanefndir	20,1%

Hér er ekki um neinn marktækan mun að ræða hvað varðar hlutfall kvenna í annars vegar nefndum skipuðum samkvæmt ákvæðum laga og hins vegar í tímabundnum verkefnanefndum. Það segir sína sögu um verkaskiptingu kvenna og karla að hlutur kvenna er góður í nefndum skipuðum samkvæmt lögum og sem heyra undir „mjúku“ ráðuneytin, þ.e. ráðuneyti félags-, mennta- og heilbrigðismála. Þær sitja þar í nefndum margar hverjar vegna starfa sinna á sama hátt og karlar sitja svo til einir í nefndum sjávarútvegsráðuneytisins. Það er athyglisvert að í þeim tveimur ráðuneytum þar sem hlutur kvenna hefur aukist hlutfallslega mest, þ.e. í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og í forsætisráðuneytinu, er konurnar fyrst og fremst að finna í tímabundnum verkefnanefndum þó svo að karlarnir séu þar enn í miklum meiri hluta.

Þrátt fyrir að sjá megi ljós í myrkrinu eins og það að hlutur kvenna hefur þrátt fyrir allt aukist úr tæpum 16% í tæp 21% og að einstaka ráðuneyti hefur tekið stór skref fram á við er ekki að sjá að ráðherrar almennt eða höfðbundnir tilnefningaraðilar hafi unnið markvisst að því að auka hlut kvenna í opinberum nefndum – þrátt fyrir ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt þeim upplýsingum sem Skrifstofa jafnréttismála hefur aflað sér er það aðeins í félagsmálaráðuneyti sem reglulega er minnt á ákvæði 12. gr. jafnréttislaga og framkvæmdaáætlunina þegar óskað er tilnefninga í nefndir og ráð. Hvort þar að auki megi skýra 44,3% hlut kvenna í nefndum félagsmálaráðuneytisins skipuðum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða með staðreyndum eins og þeim að þar ráði eini kvenráðherra ríkisstjórnarinnar eða að þar sé ráðuneytisstjórinn kona er ekki gott að fullyrða neitt um. Tölulega sker þetta ráðuneyti sig hins vegar það mikið úr að þar geta engar tilviljanir ráðið ferð.

Um tilnefningaraðila

Í beiðni Skrifstofu jafnréttismála til ráðuneytanna var óskað eftir upplýsingum um tilnefningaraðilana, þ.e. hverjir það eru sem tilnefna einstaklinga í opinberar nefndir og ráð. Slíkar upplýsingar geta auðveldað ráðherrum og Skrifstofu jafnréttismála að fylgja eftir ákvæðum jafnréttislaga og framkvæmdaáætlunarinnar. Þó svo að í flestum svörum sé greint frá hver það er sem tilnefnir viðkomandi einstakling eru undantekningar það margar að erfitt er að fá nákvæma heildarmynd af stöðunni. Oft er einungis getið stöðu viðkomandi einstaklings. Trúlega situr slíkur nefndarmaður í krafti stöðu sinnar en þetta gerir flokkun og talningu erfiðari. Í einu tilviki eru upplýsingarnar þannig flokkaðar að það er erfitt að raða saman tilnefningum og hópi nefnda. Þrátt fyrir þessa og aðra vankanta má lesa ákveðnar upplýsingar úr þessum gögnum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir stöðunni í einstökum ráðuneytum án þess að bera saman tölulegar niðurstöður. Það skal tekið fram að í allri þessari samantekt er talin hver einstök nefndarseta. Þannig getur einstaklingur verið margtalinn ef hann situr í fleiri en einni nefnd.

Hlutfall kvenna í nefndum dómsmálaráðuneytisins hefur hækkað mikið frá árinu 1990 eða frá því að vera 6,5% í 16,4%. Þær eru 40 af 244 fulltrúum. Stærsti hluti þeirra, samtals 27 eða 61%, situr í tímabundnum verkefnanefndum. Í upplýsingum ráðuneytisins er aðeins getið starfsheita þeirra nefndarmanna. Af starfsheitum kvennanna má ráða að langstærsti hluti þeirra er úr hópi háskólamenntaðra embættismanna hins opinbera. Af 10 konum í nefndum skipuðum samkvæmt ákvæðum í lögum eru fjórar í Umferðarráði og tilnefndar þangað af ýmsum hagsmunasamtökum. Það skal tekið fram að í Umferðarráði eru 22 fulltrúar. Hinar sex eru í viðkomandi nefndum vegna stöðu sinnar og menntunar sem í flestum tilfellum er lagapróf.

Í félagsmálaráðuneytinu er hlutur kvenna í nefndum og ráðum kominn upp í 39,9%. Konur eru 81 af 203 fulltrúum. Hlutfallslega eru þær flestar í nefndum skipuðum samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða eða 44,3% nefndarmanna. Aftur á móti er tölulegur fjöldi þeirra í tímabundnum starfsnefndum og lögskipuðum nefndum álíka.

Í nefndum skipuðum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eru samtals 39 konur. Af þeim eru aðeins sex konur úr embættismannahópi stjórnsýslunnar og þá eingöngu úr félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytisstjórinn er kona og situr sem slík í nokkrum lögskipuðum nefndum og ráðum. Þá eru samtals 10 konur sem kalla má fulltrúa annars vegar launþegahreyfingarinnar og hins vegar frá samtökum atvinnurekenda. Karlar í þessum hópi eru 17 og hlutur kvenna þar af er því 37% sem verður að teljast gott. Annar hópur kvennanna í þessum nefndum kemur frá ýmsum hagsmunasamtökum fatlaðra.

Í tímabundnum verkefnanefndum ráðuneytisins eru 39 konur. Þar munar mest um landsnefnd um málefni fjölskyldunnar sem skipuð var vegna fjölskylduárs Sameinuðu þjóðanna. Í þeirri nefnd einni eru 28 einstaklingar, þar af 17 konur. Að öðru leyti eru konurnar fjölmennastar í starfsnefndum sem eru að endurskoða lög og reglur um málefni fatlaðra og lög um málefni barna og koma úr þeim starfsstéttum og/eða hagsmunasamtökum. Þá munar um fimm kvenna starfshóp sem hafði það hlutverk að endurskoða rekstrargrundvöll samtaka sem aðstoða þolendur ofbeldis og sifjaspella. Félagsmálaráðuneytið er ráðuneyti sveitarstjórna. Hlutur kvenna sem fulltrúar þeirra í nefndum ráðuneytisins er fremur rýr og í engu hlutfalli við hlut þeirra sem kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum landsins. Eins og áður hefur komið fram hefur félagsmálaráðuneytið eitt ráðuneyta markvisst minnt á ákvæði jafnréttislaga og framkvæmdaáætlunar þegar það æskir tilnefninga í nefndir og ráð.

Í forsætisráðuneytinu hefur hlutur kvenna aukist mikið frá árinu 1990. Af 111 nefndarfulltrúum eru 26 konur eða 23,4%. Miðað við árið 1990 þegar hlutfall kvenna var aðeins 6% er þetta góður árangur. Það er mikilvægt að forsætisráðuneytið og ráðuneyti jafnréttismála sýni að þar eru ákvæði laga og framkvæmdaáætlunarinnar tekin alvarlega. Stærsta hluta kvennanna má finna í tímabundnum verkefnanefndum ráðuneytisins eða 14. Þá skal bent á að átta þessara kvenna sitja í viðkomandi nefndum að hluta til í krafti starfa sinna í stjórnsýslu ríkisins. Þessa staðreynd má sjá hjá flestöllum ráðuneytunum og er merki um sókn kvenna í háskólamenntun og í sérfræðingastörf hjá hinu opinbera.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eru konur 77 af 324 nefndarmönnum eða 23,8%. Langstærsti hluti þeirra eða 56 eru í tímabundnum verkefnanefndum. Af þessum stóra hópi eru a.m.k. 21 kona úr opinberri stjórnsýslu heilbrigðisgeirans og flestar úr sjálfu ráðuneytinu. Annar stór hópur kvenna kemur úr röðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra eða samtals 14. Það er athyglisvert að af þessum upplýsingum er ekki að sjá að nein kona úr læknastétt sé tilnefnd í verkefnanefndir ráðuneytisins en þar má sjá fjölda lækna og sérfræðinga af karlkyni. Konur eru að öðru leyti fulltrúar hagsmunasamtaka sjúkra og/eða líknarsamtaka ýmiss konar í þessum verkefnanefndum. Konur eru 18 eða rétt 24% fulltrúa í nefndum og ráðum skipuðum samkvæmt lögum og reglugerðum. Þar

af eru sex í annars vegar ljósmæðra- og hins vegar hjúkrunarráði. Í þessum nefndaflokki er að finna undanþágu sem sannar regluna hvað varðar læknastéttina. Þar ber ein nefndarkonan starfsheitið læknir.

Í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er hlutfall kvenna í nefndum 8,5%. Þær eru aðeins 12 af 142 nefndarmönnum á vegum ráðuneytisins. Í nefndum skipuðum samkvæmt lögum og reglugerðum eru sex konur, þar af eru fjórar skipaðar „án tilnefningar“ eins og segir í bréfi ráðuneytisins. Af þessu má ráða að hefðbundnir tilnefningaraðilar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins skipi svo til aldrei konur í nefndir. Þessir aðilar eru fyrst og fremst bankarnir og samtök iðnaðarins. Í tímabundnum verkefnanefndum eru fimm konur, þar af þrjár frá félags- eða hagsmunasamtökum og tvær frá Seðlabanka Íslands.

Á vegum menntamálaráðuneytisins eru langflestir nefndarfulltrúar eða 993, þar af eru konur 278 eða 29,3%. Stærsti hluti kvennanna er í nefndum skipuðum samkvæmt ákvæðum í lögum og reglugerðum eða 184 sem er 32,6%. Í tímabundnum verkefnanefndum er fjöldi kvenna 56 eða 23,8%. Nú er frágangur gagna frá menntamálaráðuneytinu þannig að það er erfitt að flokka tilnefningaraðilana eftir tegundum nefnda. Þar eru taldir upp allir einstaklingar sem t.d. kennarasamtökin tilnefna og þeir flokkaðir eftir kyni en þeim er ekki raðað eftir nefndum.

Þá kemur í ljós að 85 karlar og 33 konur eru í nefndum án tilnefningar, og að ráðherra hefur tilnefnt 139 einstaklinga til nefndarsetu, þar af eru konur 36 eða 25,9%. Nemendur framhaldsskóla landsins skipa sína fulltrúa í skólanefndir, þeir eru samtals 31 og eru stúlkur 35,5%. Þá eru sveitarfélög „þungur“ tilnefningaraðili. Samkvæmt gögnum menntamálaráðuneytisins eru fulltrúar þaðan samtals 81 og þar af eru konur 32%.

Þá er hlutur kvenna óþarflega lítill í nefndum á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Af 228 nefndarmönnum eru aðeins 19 konur eða 8,3%. Af þessum 19 konum eru 12 í nefndum skipuðum samkvæmt ákvæðum í lögum og reglugerðum. Af þeim eru átta í jarðanefndum og ýmist tilnefndar af héraðsnefndum eða svæðafélögum Búnaðarsambandsins. Í jarðanefndunum eru 69 einstaklingar, þar af eru konur átta eða 11%. Eftir standa fjórar konur sem sitja sem fulltrúar í lögskipuðum nefndum landbúnaðarráðuneytisins. Af þeim eru tvær frá annars vegar ASÍ og hins vegar BSRB. Sú þriðja er formaður án tilnefningar í tveimur nefndum sem fjalla um ull og gærur. Nafn þessarar sömu konu má sjá í tveimur tímabundnum verkefnanefndum, en þar eru samtals sjö konur. Í einum fjögurra manna starfshópi sem hefur það verkefni að fjalla um atvinnu í sveitum eru þrjár konur og þar er að finna eina kvenfulltrúa hagsmunasamtaka bænda.

Í nefndum á vegum samgönguráðuneytisins eru 245 einstaklingar, þar af eru konur aðeins 18 eða 7,4%. Stærsti hópurinn eða 11 er í nefndum skipuðum samkvæmt ákvæðum í lögum eða reglugerðum. Af þessum 11 konum situr ein í þremur nefndum í krafti stöðu sinnar í ráðuneytinu, tvær eru tilnefndar af félagi flugfreyja og þrjár konur eru tilefndar í 23 manna ferðamálaráð. Hefðbundnir tilnefningaraðilar eins og hagsmunasamtök sjómanna og annarra launþegasamtaka, bílstjórar eða flugmálayfirvöld virðast ekki tilnefna konur.

Í tímabundnum verkefnanefndum ráðuneytisins eru sjö konur, þar af er einn embættismaður ráðuneytisins í þremur nefndum. Því miður er ekki að sjá að ráðherra né heldur hefðbundnir samstarfsaðilar samgönguráðuneytisins hafi lagt sig fram um að tilnefna konur til nefndarstarfa. Það skal tekið fram að skýrsla samgönguráðuneytisins er mjög greinargóð og uppsetning hennar skýr.

Í nefndum á vegum sjávarútvegsráðuneytisins eru aðeins átta konur eða 5,4% nefndarfulltrúa. Að hlutur kvenna sé lægstur í þessu ráðuneyti kemur í sjálfu sér ekki á óvart svo lengi sem íslenskur vinnumarkaður helst óbreyttur hvað varðar verkaskiptingu kynjanna. En þó ættu yfirvöld sjávarútvegsmála hér á landi að hafa í huga þá einföldu

staðreynd að konur bera uppi störf fiskvinnslunnar í landi auk þess sem flest allir sjómenn eiga fjölskyldur í landi. Af þessum átta konum eru sex í tímabundnum verkefnanefndum og af þeim eru fjórar fulltrúar stjórnmálaflokka og tvær fulltrúar hagsmunasamtaka, þ.e. VMSÍ og Félags síldarsaltenda.

Í svari umhverfisráðuneytisins kemur fram að þar eru allar nefndir nema ein tímabundnar verkefnanefndir sem ráðherra skipar. Þar eru konur 33 af 167 fulltrúum eða 16,1%. Samanburður við árið 1990 segir ekki mikið þar sem ráðuneytið hafði varla tekið til starfa. En miðað við niðurstöður kannana, sem fullyrða að konur séu almennt áhugasamari um umhverfismál en karlar, mætti ætla að hlutur kvenna í nefndum ráðuneytisins væri meira en í meðallagi. Því miður reyndist það ekki vera svo - að þessu sinni. Það að Kvenfélagasamband Íslands hefur verið beðið um að tilnefna fulltrúa í stóru starfshópa ráðuneytisins má kannski túlka sem viljayfirlýsingu í þá átt að farið verði eftir niðurstöðum kannana, en Kvenfélagasambandið á sjö fulltrúa af þessum 33. Stærsti hluti kvennanna í nefndum umhverfisráðuneytisins kemur frá hinni opinberu stjórnsýslu. Þar næst koma fulltrúar frjálsra félagasamtaka.

Að lokum.


Hér hefur verið gerð grein fyrir nokkrum þeim atriðum sem markverðir þykja hvað varðar tilnefningaraðilana. Hefðbundin verkaskipting kvenna og karla verður enn greinilegri en um leið kemur í ljós að konur eru ekki í sama mæli og karlar fulltrúar sinna starfsstétta eða vinnustaða þar sem þær hafa náð langt hvað varðar jafnstöðu á við karla.

Viðauki I.


Samantekt á heildarfjölda einstaklinga í nefndum og ráðum og samanburður við árið 1990

	Karlar	Konur	samtals
Dómsmálaráðuneytið	204	40	244
Hlutfall	83,6	16,4	100
Samanburður við 1990	93,5	6,5	100
Félagsmálaráðuneytið	122	81	203
Hlutfall	60,1	39.9	100
Samanburður við 1990	77,5	22,5	100
Forsætisráðuneytið	85	26	111
Hlutfall	76,6	23,4	100
Samanburður við 1990	94,0	6,0	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	247	77	324
Hlutfall	76,2	23,8	100
Samanburður við 1990	78,9	21,1	100
Iðnaðarráðuneytið	130	12	142
Hlutfall	91,5	8,5	100
Samanburður við 1990	95,9	4,1	100
Landbúnaðarráðuneytið	209	19	228
Hlutfall	91,7	8,3	100
Samanburður við 1990	94,4	5,6	100
Menntamálaráðuneytið	715	278	993
Hlutfall	70,7	29,3	100
Samanburður við 1990	70,7	29,3	100
Samgönguráðuneytið	227	18	245
Hlutfall	92,6	7,4	100
Samanburður 1990	91,7	8,3	100
Sjávarútvegsráðuneytið	139	8	147
Hlutfall	94,6	5,4	100
Samanburður við 1990	93,6	6,4	100
Umhverfisráðuneytið	172	33	205
Hlutfall	83,9	16,1	100
Samanburður við 1990	95,5	5,0	100
Samtals	2250	592	2842
Hlutfall	79,2	20,8	100


Hlutfall kvenna og karla í nefndum kosnum á Alþingi




Hlutfall kvenna og karla í nefndum kosnum skv. lögum




Hlutfall kvenna og karla í tímabundnum verkefnanefndum




Fjöldi kvenna og karla í nefndum kosnum á Alþingi



Fjöldi kvenna og karla í nefndum skipuðum skv. lögum



Fjöldi kvenna og karla í tímabundnum verkefnanefndum



819. Svar [341. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um tollstofn hjá OECD-löndum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað myndar tollstofn við innflutning hjá OECD-löndum, hverju fyrir sig?

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu OECD er tollverð við innflutning í flestum aðildarríkjum samtakanna miðað við cif-verð vara. Undantekning frá þessu er þó tollverð við innflutning til Bandaríkjanna, Kanada, Mexíkó og Ástralíu, en í þessum ríkjum er miðað við fob-verð vara.

Þegar tollverð er miðað við cif-verð vöru leggst ofan á það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber, flutningskostnaður og ýmis kostnaður tengdur flutningi vörunnar til kaupanda, svo sem vátryggingar, umboðs- og miðlaralaun, gjöld fyrir fermingu og affermingu og gámakostnaður. Má í þessu sambandi vísa til 9. gr. tollalaga, nr. 55/1987, þar sem þessir þættir eru taldir upp en þeir eru í höfuðatriðum eins í öllum löndum þar sem tollverð er miðað við cif-verð vöru.

Í þeim löndum, þar sem fob-verð vöru er lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs, eru framantaldir þættir ekki taldir til tollverðs vöru. Er þá miðað við verð vöru frá framleiðanda erlendis að viðbættum kostnaði við flutning vörunnar í útflutningslandinu ef sá kostnaður er ekki innifalinn í kaupverðinu sjálfu.

820. Frumvarp til laga [455. mál]

um brottfall laga um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, nr. 35/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, falla úr gildi 31. desember 1995.

2. gr.

Starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands skal flutt til Sjúkrahúss Reykjavíkur 1. janúar 1996.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands skulu hafa rétt til að starfa hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og skal þeim boðin sambærileg staða þar og þeir gegndu áður eftir því sem kostur er. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eiga því ekki við um þá starfsmenn sem boðin er sambærileg staða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Fram til ársins 1962 var meðhöndlun og endurhæfing heyrnarskertra og málhaltra hjá starfandi háls, nef- og eyrnalæknum, félaginu Heyrnarhjálp og Heyrnleysingjaskólanum sem kenndi og annaðist heyrnarlaus börn á aldrinum fjögurra til sextán ára. Á árinu 1962 var komið á fót vísi að heyrnarstöð við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Á árinu 1966 var svo stofnuð heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar að fyrirmynd nágrannaþjóða okkar og ráðnir til starfa fyrstu sérmenntuðu starfsmennirnir á sviði heyrnar- og talmeinafræði. Fyrst í stað þjónaði hún einungis Reykvíkingum enda borgarstofnun, en 1. janúar 1979 tók Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ) til starfa og náði þjónusta hennar til allra landsmanna.

Í upphafi var stofnuninni ætluð framtíðarstaðsetning hjá háls-, nef og eyrnadeild Borgarspítalans. Af ýmsum ástæðum hefur ekki orðið af því og nú virðist vera lítil samvinna á milli þessara tveggja stofnana.

Þann 19. maí 1993 skipaði Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nefnd til að endurskoða gildandi lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og til þess að útbúa starfsreglur fyrir daglega starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Í nefndina voru skipaðir Birgir Ás Guðmundsson skrifstofustjóri, Einar Sindrason yfirlæknir, Friðrik Rúnar Guðmundsson yfirdeildarstjóri, Gylfi Baldursson yfirdeildarstjóri, Óttar Yngvason lögfræðingur, Þórir Bergmundsson læknir og Hrafn Pálsson deildarstjóri sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Nefndin ákvað að biðja Ríkisendurskoðun að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands áður en ný lög yrðu samin um stofnunina. Ríkisendurskoðun varð við þeirri beiðni nefndarinnar og sendi frá sér skýrslu um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands í júlí 1994.

Stjórn HTÍ og þau hagsmunasamtök sem fulltrúa eiga í stjórn stöðvarinnar fjölluðu sl. haust um skýrslu Ríkisendurskoðunar og skiluðu frá sér greinargerð í desember sl.

Nefndinni, sem skipuð var 19. maí 1993, hefur ekki tekist að skila tillögum til ráðherra vegna þess hve skiptar skoðanir eru um málið.

2. Ágrip gildandi laga um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 35/1980. Þar segir m.a. í 1. gr.: „Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.“ Í 2. gr. er kveðið á um að ráðherra skipi yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar og yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar. Þar segir enn fremur að aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

Í 3. gr. segir: „Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra einn, Félagið Heyrnarhjálp einn, Talkennarafélag Íslands einn, Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn og Heyrnleysingjaskóli Íslands einn."

Um markmið stofnunarinnar segir í 4. gr.: „Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t.d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t.d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja." Í sömu grein segir síðar að stofnunin skuli hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum, í samráði við aðra aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

Í 5. gr. segir: „Stofnunin skal annast útvegun á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg."

Í 7. gr. segir enn fremur: „Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a.m.k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar HNE í Borgarspítalanum."

Í 8. gr. er fjallað um að stofnunin hafi í samráði við skólastjóra og kennara Heyrnleysingjaskólans sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemenda skólans og í 9. gr. er sagt að heilsugæslustöðvar skuli hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa og málhalta sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

Að lokum segir í 10. gr. að ráðherra setji stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

Í skýrslunni gerir Ríkisendurskoðun ýmsar athugasemdir við starfsemi HTÍ. Þar segir m.a.: „Mætti þar fyrst nefna að stjórn félagsins virðist ekki vera mjög virk. Hefur stjórnin haldið 5 stjórnarfundi á sl. tveimur árum. Þá má ráða af fundargerðum og viðtölum að stjórnin virðist vera að sinna málum sem mætti flokka undir daglega afgreiðslu sem ætti að vera í höndum stjórnenda stöðvarinnar. Þá virðist stjórnin ekki hafa myndað sér neina heildarstefnu í málefnum stöðvarinnar heldur tala menn gjarnan út frá hagsmunum þeirra samtaka sem þeir eru fulltrúar fyrir. Einnig virtist túlkun manna vera mismunandi á lögum stofnunarinnar hvað eigi að vera verkefni stofnunarinnar og skyldur. Einnig ber á því að lög um Heyrnar- og talmeinastöðina, Heyrnleysingjaskólann og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sköruðust að sumu leyti. Hér eiga ráðuneytin (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti) nokkra sök því ekki hafa verið sett nánari ákvæði um hlutverk og verkefni þessara stofnana í reglugerðum þrátt fyrir ákvæði þar um í lögum. T.d. má benda á að sams konar greining á málþroska barns á sér stað á HTÍ og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og barn í Heyrnleysingjaskólanum gæti hugsanlega eins átt að vera í þjálfun hjá Greiningarstöðinni eða vera í Öskuhlíðarskóla."

„Yfirlæknar og yfirheyrnar- og talmeinafræðingur eru skipaðir af ráðherra en í lögunum er ekkert minnst á þann aðila sem ætti að veita stofnuninni forstöðu. Mál hafa því þróast þannig að yfirheyrnar- og talmeinafræðingurinn hefur orðið forsvarsmaður stofnunarinnar í öðrum málum en þeim er lúta að læknisfræðilega þættinum. Nú nýlega var svo yfirheyrnar- og talmeinafræðingurinn settur forstjóri til eins árs þrátt fyrir að ekkert segi til um það í lögum. Helstu mál sem hann hefur umsjón með eru fjármál og aðrir rekstrarlegir þættir. Pöntun og útvegun heyrnartækja og annarra hjálpartækja. Undir hann telja tveir deildarstjórar, annar deildarstjóri heyrnardeildar en hinn yfirmaður talmeinadeildar. Þá starfa á stöðinni fjórir heyrnarlæknar og tæknimaður er hefur umsjón með tölvukerfi stöðvarinnar og annar er sér um viðgerðir á heyrnartækjum. Þá starfa tveir tannsmiðir við að steypa mót í eyru. Læknaritarar eru tveir, einn fulltrúi og gjaldkeri. Alls starfa hjá stöðinni 20 manns þar af flestir í fullu starfi."

„Það fyrirkomulag í lögum stofnunarinnar að hafa engan einn ábyrgan fyrir fjármálum og stjórnun stofnunarinnar má líklega rekja til þess að stofnuninni var í upphafi ætluð framtíðarstaðsetning hjá háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans. Af ýmsum orsökum hefur ekki orðið af því og nú virðist vera lítil samvinna á milli þessara tveggja stofnana."

„Yfirlæknir stöðvarinnar er ráðinn í fullt starf. Í raun virðist hann vinna nokkru minna eða um 75% af fullum starfsdegi. Tveir aðrir læknar starfa við stöðina annar í 25% starfi og hinn í 40% starfi. Samt sem áður kemur það fyrir að læknir er ekki til staðar á venjulegum opnunartíma stöðvarinnar og verður þá viðkomandi sjúklingur að koma aftur til læknisskoðunar."

„Í stuttu máli er vinnugangur á HTÍ með eftirfarandi hætti: Sjúklingar koma annað hvort með tilvísun frá lækni eða þeir koma að eigin frumkvæði. Yfirleitt eiga þeir pantaðan tíma sem koma í fyrsta sinn. Þá koma menn í heyrnarmælingu og fara síðan í læknisskoðun en niðurstöður heyrnarmælingar koma fram á skjá hjá viðkomandi lækni. Séu niðurstöður læknisskoðunar og heyrnarmælingar að heyrnartækis sé þörf, þá liggur leið sjúklingsins til heyrnartæknis og að lokinni þeirri skoðun er heyrnartæki valið. Ef sjúklingur þarfnast aftur á móti læknisfræðilegrar meðferðar er sjúklingi afhentur listi yfir starfandi háls-, nef- og eyrnalækna. Hér er komið að rót nokkurrar togstreitu sem virðist vera milli lækna stöðvarinnar og annarra háls-, nef- og eyrnalækna. Læknar utan stöðvarinnar telja að læknar stöðvarinnar hafi í raun forgang til þeirra sjúklinga sem til stöðvarinnar leita. Þetta er að sumu leyti skiljanleg afstaða því læknar stöðvarinnar eru líka sjálfstætt starfandi háls-, nef- og eyrnalæknar. Á móti finnst forstöðumönnum stöðvarinnar að ýmsir læknar heilsugæslustöðva sendi sjúklinga sína frekar til háls-, nef- og eyrnalækna og þeir haldi þeim of lengi hjá sér í stað þess að senda þá beint til HTÍ."

„Þarfnist sjúklingur hins vegar heyrnartækis og það hefur verið valið, þá er tekið mót af eyra viðkomandi sjúklings og síðan smíða hlustarstykkjasmiðir stöðvarinnar hlustarstykki sem hæfir eyra og eyrnatæki sjúklingsins. Sjúklingi er síðan tilkynnt bréfleiðis þegar tækið er tilbúið og þá ber honum að greiða 40% af verði tækisins en afgangurinn er greiddur af fjárframlögum stöðvarinnar. Gagnrýnt hefur verið að engin eftirmeðferð í notkun heyrnartækja og hjálpartækja fari fram á vegum stöðvarinnar en slík þjálfun er talin mikilvæg til að tækið verði notað og það gagnist viðkomandi sjúklingi. Ekki er vitað með vissu hve mörg tæki fara raunverulega aldrei í notkun og endi ofan í skúffu hjá sjúklingnum. Þetta er brýnt verkefni því hvert tæki kostar að meðaltali um 30 þúsund krónur. Sjúklingur borgar 40% af kostnaði við svokallað almennt tæki, 30% ef hann þarfnast heyrnartækis í bæði eyru og 20% af kostnaði við sérstaklega kraftmikil tæki."

„Flestir sjúklingar sem koma til greiningar á talmeinadeild eru börn en þó eru fullorðnir líka í þeim hópi. Fólki með talmein má í grófum dráttum skipta upp í eftirfarandi hópa: Sjúklinga með málstol, raddveilur, fólk með stam eða framburðargalla, sjúklingar með gómklofa og börn með seinkaðan málþroska. Á stöðinni eru þessir sjúklingar greindir og þeim síðan bent á viðeigandi meðferð. Engin meðferð fer beinlínis fram á stöðinni en þó koma sjúklingar með ákveðna talgalla á stöðina í nokkur skipti áður en ákvörðun er tekin um framhaldið. Þar sem engin talörvunardeild er fyrir hendi í landinu er fólki bent á að leita talmeinafræðinga, þarfnist sjúklingurinn slíkrar meðferðar. Í þeim tilvikum útbýr talmeinafræðingur HTÍ vottorð til Tryggingastofnunar en læknar stöðvarinnar skrifa síðan undir vottorðið. Fær læknirinn 900 krónur fyrir vottorðið en stöðin fær enga greiðslu. Yfirlæknir stöðvarinnar vinnur jafnframt sem ráðgjafi hjá Tryggingastofnun og tekur því sem starfsmaður hennar afstöðu til umsókna sem hann hefur sjálfur undirritað."

3. Tillögur Ríkisendurskoðunar til endurskipulagningar og úrbóta.

Í skýrslunni setur Ríkisendurskoðun fram eftirfarandi greinargerð: „Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ber þess nokkur merki hvernig að uppbyggingu stöðvarinnar var staðið í upphafi. Sjö manna stjórn stöðvarinnar er skipuð fulltrúum hagsmunahópa er tengjast á einn eða annan hátt starfsemi stöðvarinnar. Skipun þessarar stjórnar í upphafi var eins konar málamiðlun hinna ýmsu hagsmunahópa og átti hún aðeins að sitja til bráðabirgða. Stjórnin hefur nú setið í sextán ár."

„Eins og segir í lögum frá 1980 er stöðinni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar HNE í Borgarspítalanum. Af ýmsum ástæðum hefur stjórn stöðvarinnar ekki verið endurskipulögð eða stöðin orðið þáttur í starfsemi göngudeildar HNE í Borgarspítalanum en víðast hvar á hinum Norðurlöndunum hefur þessi starfsemi verið samtvinnuð."

„Það er álit Ríkisendurskoðunar að það sé bæði hagkvæmt og eðlilegt að Heyrnar- og talmeinastöðin verði undir sama þaki og rekin í samvinnu við göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans. Stjórn stofnunarinnar verði lögð niður og stöðin verði hluti af stjórnsýslu og skipuriti Borgarspítalans, rekin í samstarfi við háls-, nef- og eyrnadeild spítalans."

„Fyrir þessari skoðun liggja ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi myndu sparast fjárfestingar í dýrum tækjabúnaði og nýting þess búnaðar yrði betri. Í dag eru tveir heyrnarmælingaklefar á HNE-deild Borgarspítalans og tveir á Heyrnar- og talmeinastöðinni. Lætur nærri að hver klefi ásamt tækjabúnaði kosti um 5 milljónir króna. Viðhald á tækjum og tölvum verður minna og nýting á tæknimönnum verður væntanlega betri. Í öðru lagi mun ýmis stjórnunarkostnaður sparast þar sem skrifstofuhald og fjármál væru í umsjón skrifstofu Borgarspítalans og betri nýting ætti að nást í mannahaldi. Ríkisendurskoðun sér ekki ástæðu til að það yrðu sérstakir læknar á Heyrnar- og talmeinastöðinni eins og nú er, stöður lækna eða þau læknisverk sem vinna þarf á stöðinni verða unnin af læknum HNE-deildar og undir stjórn yfirlæknis. Í þriðja lagi ætti skipulegt fræðslu- og vísindastarf á þessum sviðum einnig að reynast auðveldara í stærri hópi sérmenntaðra starfsmanna svo og menntun læknanema. Í fjórða lagi ætti þetta fyrirkomulag einnig að henta vel stórum hópi sjúklinga stöðvarinnar þ.e. eldra fólki sem þyrfti þá ekki að sækja þjónustu nema á einn stað. Þá mun og þjónustan batna því nú væri hægt að tryggja það að læknir væri ætíð til staðar."

„Einnig þyrfti að skilgreina mun betur hvað eigi að vera starf- og verksvið stöðvarinnar. Heyrnar- og talmeinastöðin vinnur í rauninni með eða samtímis með fjölda þjónustuaðila og stofnana. Hér þyrfti að skilgreina nokkuð ítarlega hvað er á verksviði hvers og eins svo að sem minnstur tvíverknaður eigi sér stað.“

„Erfitt er að segja nákvæmlega í tölum hve mikið fé gæti sparast við samnýtingu á starfsfólki og tækjum en til að átta sig betur á kostnaðar- og tekjutölum þessara stofnana þá er hér birt tafla yfir helstu tölur úr rekstri á árinu 1993 (m.kr.). Rétt er þó að undirstrika að þessar tölur eru ekki samanburðarhæfar því sumt í rekstri göngudeildar á ekkert skylt við starfsemi HTÍ.

	HTÍ	H.N.E. (60%)
Gjöld:		
Heyrnartæki	*39,8*	*0,0*
Launagjöld	*30,6*	*23,3*
Annar kostnaður	*24,8*	*5,0*
Eignakaup	*10,0*	*0,1*
Samtals:	*105,2*	*28,4*
Tekjur:		
Heyrnartæki	*14,4*	*0,0*
Göngudeildargjöld (100%)	*2,0*	*8,0*
Aðrar tekjur (ekki framlög)	*0,0*	*2,5*
Samtals:	*16,4*	*10,5*
Gjöld umfram tekjur	*88,8*	*17,9*
Komur á stofnun	*8.617*	*12.641*

Eins og segir hér að ofan er erfitt að segja nákvæmlega hvað muni sparast við samvinnu þessara tveggja stofnana. Þó er nokkuð ljóst að nokkur sparnaður mun þegar eiga sér stað í stjórnunarkostnaði þ.e. við yfirstjórn, bókhald, gjaldkerastörf og við móttöku sjúklinga. Þá mun kostnaður við læknisverk væntanlega lækka en á stöðinni er nú 1,65 stöðugildi lækna. Þennan sparnað má varlega áætla að geti verið nálægt 4 til 5 milljónum króna. Samkvæmt eignaskrá HTÍ frá árinu 1993 er fjárfesting í tækjum rúmar 10 milljónir króna, þá á eftir að bæta við heyrnarklefunum sjálfum en endurnýjunarverð þeirra gæti verið um 7 milljónir króna. Samkvæmt upplýsingum frá HNE-deild Borgarspítala gæti fjárfesting í tækjum er snerta heyrnar- og talmein verið nálægt 12 milljónum króna. Sameiginleg fjárfesting er því áætluð um 29 milljónir króna. Samkvæmt mati forsvarsmanna mætti auka nýtingu tækja á báðum stöðum. Væri þessi upphæð afskrifuð á sjö árum nemur kostnaðurinn rúmlega 4 milljónum króna á ári. Náist hér einnig betri nýting á tækjum og þeim mannskap sem við þau vinna gæti verið um verulegan sparnað að ræða. Í þessu sambandi má benda á að tæki HNE-deildar eru aðeins nýtt frá kl. 8

til 14 en tæki HTÍ eru í notkun frá 8 til 16. Náist fram sparnaður í áhöldum og tækjum sem nemur 10 milljónum króna þá sparast í afskrift 1,4 milljónir króna á ári. Náist fram betri nýting á tæknifólki sem við þennan búnað starfar sem næmi einu starfi mætti gera ráð fyrir rúmlega 2 milljóna króna sparnaði.“

„Því má áætla að hægt verði að spara allt að 8 til 9 milljónir króna árlega við sameiningu þessara stofnana en alla vega er ljóst að við samvinnu eða sameiningu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og göngudeildar háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans má ná fram umtalsverðum sparnaði jafnframt bættri þjónustu við sjúklinga.“

4. Tillaga heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Gert er ráð fyrir að sú starfsemi sem fram fer á HTÍ haldi áfram á núverandi stað, Háaleitisbraut 1, en falli inn í stjórnsýslu Sjúkrahúss Reykjavíkur sem stofnað verður með sameiningu Borgarspítalans og St. Jósefsspítala, Landakoti 1. janúar 1996.

Stöðin verður hluti af HNE-deild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að þau stöðugildi lækna sem nú eru á HTÍ færist sjálfkrafa til HNE-deildarinnar og að einungis verði eitt starf yfirlæknis.

Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands verði felld niður og verkefni hennar færð til stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur. Fjármál og starfsmannahald stöðvarinnar verði undir stjórnsýslu Sjúkrahúss Reykjavíkur og yfirlæknir háls-, nef- og eyrnadeildar verði jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Miðað við áform um flutning starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til Sjúkrahúss Reykjavíkur frá 1. janúar 1996 þarf að fella úr gildi frá sama tíma lög sem um stofnunina gilda. Starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar verði með óbreyttu fyrirkomulagi til ársloka 1995.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að starfsemi stöðvarinnar verði að mestu óbreytt eftir sameiningu nema hvað stjórnsýsla hennar verði felld inn í stjórnsýslu Sjúkrahúss Reykjavíkur og að læknisþjónustan falli undir skipulag háls-, nef- og eyrnadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þó er gert ráð fyrir því að læknisþjónusta verði í einhverjum mæli veitt áfram á stöðinni. Ekki er áætlað að stöðin flytji úr núverandi húsnæði næstu árin.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

821. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á úrbætur í fráveitumálum og fjárhagslegan stuðning ríkisins til sveitarfélaga vegna slíkra framkvæmda.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun um málið Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti, Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneyti, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra og frá fjármálaráðuneyti Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra og Skarphéðin Berg Steinarsson deildarstjóra. Þá barst nefndinni umsögn frá borgarstjórn Reykjavíkur.

Umhverfisnefnd leggur áherslu á að styrkveitingar til sveitarfélaga samkvæmt frumvarpinu taki til allra framkvæmda sem eru styrkhæfar skv. 3. gr. þótt þær séu að hluta til greiddar af öðrum en sveitarfélögum, enda séu þær áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélaga, sbr. 7. gr.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

822. Skýrsla [456. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmd verkefnisins um reynslusveitarfélög.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Í 6. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, segir að félagsmálaráðherra skuli hlutast til um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan verði lögð fram vorið 1995 en sú síðasta vorið 2001. Hér að neðan birtist fyrsta skýrsla verkefnisstjórnarinnar.

Skýrsla verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins á árinu 1994.

Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með verkefninu um reynslusveitarfélög. Hún er skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í henni eiga sæti Sigfús Jónsson landfræðingur, formaður, Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ og Sigríður Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri. Anna G. Björnsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, er starfsmaður nefndarinnar. Hlutverk verkefnisstjórnar er að leiðbeina og aðstoða reynslusveitarfélög við undirbúning tilrauna og vera tengiliður þeirra við einstök ráðuneyti. Enn fremur að veita viðkomandi ráðuneytum umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga um tilraunir.

Aðdragandi verkefnisins.

Aðdragandi tilraunaverkefnisins um reynslusveitarfélög var sá að sveitarfélaganefnd setti fram tillögu í áfangaskýrslu sinni í október 1992 um að stofnað yrði til reynslusveitarfélaga sem lið í undirbúningi breytinga á fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála hér á landi, en slík tilraunastarfsemi hafði gefist vel meðal sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndum. Á fundi fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var í febrúar 1993, var samþykkt ályktun um stofnun reynslusveitarfélaga. Sveitarfélaganefnd lagði það enn fremur til í lokaskýrslu sinni í mars 1993.

Þann 8. maí 1993 samþykkti Alþingi ályktun sem heimilaði félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga. Ályktunin gerði einnig ráð fyrir að frumvarp til laga um reynslusveitarfélög yrði lagt fyrir Alþingi vorið 1994 að undangengnum viðræðum milli verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga, félagsmálaráðuneytis og annarra fagráðuneyta um hvernig standa skyldi að framkvæmd verkefnisins.

Auglýst var eftir sveitarfélögum til þátttöku í verkefninu haustið 1993. Gífurlegur áhugi reyndist á þátttöku og bárust alls 38 umsóknir frá yfir 50 sveitarfélögum en nokkrar umsóknir voru sameiginlegar frá sveitarfélögum sem voru í viðræðum um sameiningu. Verkefnisstjórnin samþykkti í janúar 1994 að velja 15 umsækjendur úr þessum hópi til áframhaldandi samstarfs um málið. Hún ákvað jafnframt í samráði við félagsmálaráðherra að endanlegt val færi fram eftir að frumvarp um reynslusveitarfélög hefði verið samþykkt á Alþingi vorið 1994. Jafnframt ítrekaði verkefnisstjórnin fyrri yfirlýsingar sínar um að þau sveitarfélög, sem sæktu um þátttöku í verkefninu í tengslum við sameiningu, hefðu forgang.

Eftirfarandi umsækjendur voru valdir til áframhaldandi samstarfs í janúar 1994:

1. Keflavík, Njarðvík og Hafnir (með fyrirvara um sameiningu).
2. Hafnarfjörður.
3. Garðabær.
4. Reykjavík
5. Mosfellsbær.
6. Akranes.
7. Borgarnes, Hraunhreppur, Álftaneshreppur, Borgarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur (með fyrirvara um sameiningu).
8. Ólafsvík, Neshreppur utan Ennis, Breiðuvíkurhreppur og Staðarsveit (með fyrirvara um sameiningu).
9. Laxárdalshreppur, Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Hvammshreppur og Fellsstrandarhreppur (með fyrirvara um sameiningu).
10. Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur og Bíldudalshreppur (með fyrirvara um sameiningu).
11. Akureyri.
12. Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur (með fyrirvara um sameiningu).
13. Höfn, Nesjahreppur og Mýrahreppur (með fyrirvara um sameiningu).
14. Skaftárhreppur.
15. Vestmannaeyjar.

Lög um reynslusveitarfélög.

Lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, voru samþykkt á Alþingi í maí 1994. Samkvæmt lögunum geta einstakir ráðherrar, á grundvelli umsókna, veitt reynslusveitarfélögum heimildir í tiltekinn tíma (1994–1999) og í tilraunaskyni til:

— að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna;
— að vera undanþegin tilteknum ákvæðum laga og reglugerða;
— að reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum;
— að þróa nýjungar í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Auk þess að vera þáttur í undirbúningi áðurgreindra breytinga á stjórnsýslu sveitarfélaga og fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála kemur fram í lögunum að með tilraununum skuli að því stefnt að:

— auka sjálfsstjórn sveitarfélaga;
— laga stjórnsýslu sveitarfélaga betur að staðbundnum aðstæðum;
— bæta þjónustu við íbúana;
— nýta betur fjármagn hins opinbera.

Tilraunirnar mega ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá. Ráðherrum er ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi þeirra haldist óskert.

Í júní 1994 gerði verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga tillögu til félagsmálaráðherra um val á tólf sveitarfélögum til þátttöku í verkefninu. Ráðherra féllst á tillögu verkefnisstjórnar og voru eftirtalin sveitarfélög valin:

Hafnarfjörður	Garðabær	Reykjavík
Borgarbyggð	Snæfellsbær	Dalabyggð
Vesturbyggð	Akureyri	Neskaupstaður
Hornafjarðarbær	Vestmannaeyjar	Keflavík, Njarðvík og Hafnir

Þau ráðuneyti, sem verkefnið snertir, hafa tilnefnt fulltrúa til að vinna að málinu í samstarfi við verkefnisstjórnina.

Verkefnisstjórnin lagði til að hjá einstökum reynslusveitarfélögum yrði verkefnið unnið undir stjórn sérstakrar framkvæmdanefndar og að verkefnið yrði skipulagt sem samvinnuverkefni kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsfólks og íbúanna. Lögð hefur verið áhersla á að reynslusveitarfélögin tengi verkefnið öðru umbótastarfi hjá sveitarfélaginu eftir því sem kostur er. Einnig að umfang tilraunastarfsins í hverju sveitarfélagi sé takmarkað við tiltölulega fá verkefni.

Undirbúningur tilrauna.

Eftir að reynslusveitarfélög höfðu verið valin var samin handbók með upplýsingum fyrir framkvæmdanefndir reynslusveitarfélaga og auk þess handbók með lögum og reglugerðum sem tengjast verkefninu fyrir formenn og starfsmenn nefndanna.

Í september og október1994 voru haldnir kynningarfundir með framkvæmdanefndum í reynslusveitarfélögunum og þar með hófst undirbúningur tilraunastarfsins.

Ráðgert var að í nóvember 1994 yrðu allir formenn framkvæmdanefnda boðaðir til sameiginlegs fundar til að samræma undirbúningsvinnuna og að umsóknir lægju fyrir 1. desember. Um svipað leiti kom upp deila milli ríkis og sveitarfélaga um greiðslur sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð. Formenn framkvæmdanefnda ákváðu að mæta ekki á samráðsfund á meðan sú deila stæði yfir. Af þessum sökum frestaðist fundurinn og var

hann haldinn 9. janúar s.l. Jafnframt var umsóknarfrestur framlengdur til 1. febrúar 1995.

Umsóknir um tilraunaverkefni.

Umsóknir bárust frá öllum reynslusveitarfélögunum. Þau sóttu samtals um 56 verkefni, sjá mynd. Hér að neðan er gefið yfirlit yfir þau.

Sameinað sveitarfélag Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna.

1. Vinnumiðlun og þjónusta við fólk í atvinnuleit, m.a. með því að koma á fót einni öflugri samskipta- og þjónustumiðstöð þar sem öll þjónusta við atvinnulífið er veitt og boðið er upp á persónulega meðferðaráætlun.
2. Félagsleg húsnæðismál þar sem bæjarstjórn myndi m.a. ákvarða fjölda, stærðir og byggingarflokka félagslegra íbúða fyrir hvert ár á grundvelli rammafjárveitingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Auk þess lýsti bæjarstjórn vilja sínum til að ný lög um málefni sveitarfélaga, gildi, að hluta til eða öllu leyti, til reynslu í sveitarfélaginu áður en þau öðlast gildi gagnvart öðrum sveitarfélögum.

Hafnarfjarðarbær.

1. Gagngerar stjórnsýslubreytingar, m.a. með endurskipulagningu nefndakerfis, með það að markmiði að einfalda boðleiðir og gera stjórnkerfið skilvirkara.
2. Félagsleg húsnæðismál þar sem starfsfólki bæjarins verði falið eftirlit og úttektir og dregið verði úr beinum samskiptum umsækjenda við Húsnæðisstofnun ríkisins.
3. Byggingarmál. Breytt meðferð umsókna um byggingarleyfi þannig að byggingarnefnd verði fyrst og fremst áfrýjunarnefnd en ekki afgreiðslunefnd eins og nú er.
4. Bætt þjónusta við atvinnulausa, m.a. með þeim hætti að sú starfsemi verði samþætt starfsemi félagsmálastofnunar í ríkara mæli en nú er og undanþága verði veitt frá reglum um skipan í stjórnarnefnd vinnumiðlunar.
5. Öldrunarmál. Unnið verði að samþættingu allrar öldrunarþjónustu í bænum.
6. Bærinn taki yfir rekstur staðbundinnar löggæslu og hafi eftirlit með vínveitingahúsum í Hafnarfirði.
7. Byggingarfulltrúa verði veitt heimild til afgreiðslu ákveðinna mála en unnt verði að skjóta úrlausnum hans til byggingarnefndar.

Garðabær.

1. Bærinn yfirtaki rekstur heilsugæslu í Garðabæ.
2. Félagsleg húsnæðismál, m.a. með breytingum á lánstíma, að dregið verði úr eftirliti Húsnæðisstofnunar ríkisins með húsnæðisnefnd og reglum um greiðslumat verði breytt.
3. Bærinn yfirtaki ýmsa þætti í þjónustu við aldraða.
4. Bætt þjónusta við atvinnulausa, t.d. þannig að félagsmálastofnun annist greiðslu atvinnuleysisbóta.
5. Sálfræðiþjónusta í skólum (ef ekki verður af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga að fullu).
6. Bærinn fari með ákvörðunarvald um friðun náttúruminja innan lögsagnarumdæmis bæjarins.
7. Byggingarfulltrúa verði veitt heimild til afgreiðslu ákveðinna mála en unnt verði að skjóta úrlausnum hans til byggingarnefndar.

Reykjavíkurborg.

1. Félagsleg húsnæðismál. Óskað er eftir breytingu á fyrirkomulagi framkvæmdalána, að dregið verði úr eftirlitshlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins með húsnæðisnefnd, fyrirkomulagi greiðslumats verði breytt og kannaðir möguleikar á að samræma á einum stað mat á húsnæðisumsóknum til húsnæðisnefndar og Félagsmálastofnunar.
2. Sótt er um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna tiltekinna verkefna á vegum Vinnumiðlunar Reykjavíkurborgar, svo sem vegna sérstakra úrræða í þágu ýmissa hópa atvinnulausra. Jafnframt er óskað eftir viðræðum við félagsmálaráðuneyti um samræmda skráningu atvinnulausra og um fyrirkomulag á greiðslu atvinnuleysisbóta.
3. Málefni fatlaðra, þannig að verkefni Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík flytjist til borgarinnar og heyri undir Félagsmálastofnun.
4. Borgin yfirtaki rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík.
5. Byggingarmál, þannig að heimilt verði að flytja tiltekin afgreiðsluverkefni frá byggingarnefnd til byggingarfulltrúa.
6. Borgin yfirtaki staðbundna löggæslu.
7. Sérstakt tilraunaverkefni í einu hverfi borgarinnar, þ.e. Grafarvogi, í því skyni að samræma alla opinbera þjónustu sem yrði veitt á einni hverfisskrifstofu.

Borgarbyggð.

1. Félagsleg húsnæðismál með flutningi verkefna frá Húsnæðisstofnun ríkisins til sveitarfélagsins.
2. Atvinnuleysisskráning, vinnumiðlun o.fl. verði hluti af félagsþjónustu sveitarfélagsins.
3. Sameining rekstrardeildar Vegagerðarinnar í Borgarnesi og áhaldahúss Borgarbyggðar undir stjórn sveitarfélagsins.

Snæfellsbær.

Yfirtaka á rekstri heilsugæslu og öldrunarþjónustu.

Dalabyggð.

1. Stjórnsýslutilraunir, m.a. endurskipulagning nefndakerfis.
2. Öldrunarmál, m.a. bygging og rekstur á dvalar- og hjúkrunarrými fyrir aldraða og yfirtaka á heimahjúkrun.
3. Sveitarfélagið reki atvinnuráðgjöf þar sem á einum stað verði sameinuð öll ráðgjöf og aðstoð við atvinnulífið og upplýsingamiðlun.
4. Sveitarfélagið taki að sér hlutverk Skógræktar ríkisins innan marka sveitarfélagsins og skyld verkefni á sviði skógræktar og gróðurverndar.

Vesturbyggð.

1. Málefni fatlaðra.
2. Öldrunarmál.

Akureyrarbær.

1. Meðferð félagslegra húsnæðismála færist frá Húsnæðisstofnun ríkisins til bæjarins.
2. Verkefni á sviði menningarmála færist frá menntamálaráðuneyti til bæjarins. Ráðagerðir eru um atvinnuátaksverkefni á sviði menningarmála og samvinnu við ríkið um minjavörslu.
3. Málefni aldraðra, þ.e. nýtt greiðslufyrirkomulag vegna reksturs öldrunarstofnana og yfirtaka á heimahjúkrun.
4. Bærinn yfirtaki sem mest af þjónustu við fatlaða.
5. Skipulagsmál, þannig að bærinn eigi frumkvæði að og annist gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana.
6. Byggingarfulltrúi fái heimild til fullnaðarafgreiðslu byggingarleyfisumsókna og framkvæmdaleyfa, en umsækjendur geti skotið úrlausn hans til byggingarnefndar.
7. Undanþágur frá lögum um atvinnuleysistryggingar, samvinna við ríkisstofnanir um sameiginleg átaksverkefni gegn atvinnuleysi og endurskoðun atvinnuleysisskrár, ásamt stjórnsýslutilraunum á þessu sviði.
8. Margvíslegar stjórnsýslutilraunir innan bæjarkerfisins.

Neskaupstaður.

1. Félagsleg húsnæðismál, þ.e. undanþágur frá ákvæðum um skyldur og verksvið húsnæðisnefnda.
2. Snjómokstur á Norðfjarðarvegi um Oddsskarð.
3. Sameining sálfræðiþjónustu sem heilsugæslustöð, fræðsluskrifstofa Austurlands, svæðisskrifstofa málefna fatlaðra og félagsþjónusta bæjarins eiga að veita íbúum.
4. Heimild byggingarfulltrúa til að afgreiða vissa tegund mála án þess að þau séu lögð fyrir byggingarnefnd.
5. Breytingar á stjórnsýslu bæjarins.

Hornafjarðarbær.

1. Yfirtaka á heilbrigðis- og öldrunarmálum í sýslunni gegn rammafjárveitingu frá ríkinu.
2. Stofnun atvinnumálaskrifstofu í samstarfi bæjarfélagsins, verkalýðsfélagsins og Búnaðarsambandsins, sem auk þess myndi tengjast Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Byggðastofnun og atvinnulífinu.
3. Átak í gæðastjórnun sem lyki með vottun á allri þjónustu bæjarfélagsins eða einhverra stofnana þess skv. ISO 9000 staðli.
4. Yfirtaka á rekstri Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu gegn rammafjárveitingu frá ríkinu.
5. Breytt fyrirkomulag félagslegra húsnæðismála.

Vestmannaeyjabær.

1. Yfirtaka bæjarins á eftirtöldum rekstrarþáttum í málefnum fatlaðra: Meðferðarheimilið Búhamri, leikfangasafn, verndaður vinnustaður, sambýli og hlutdeild í rekstri svæðisskrifstofu Suðurlands.
2. Rammasamningur við ríkið um alla öldrunarþjónustu í Vestmannaeyjum aðra en sjúkrahúsþjónustu.

3. Yfirtaka bæjarins á félagslegum húsnæðismálum með rammasamningi við Húsnæðisstofnun ríkisins.
4. Heimild byggingarfulltrúa til að afgreiða vissa tegund mála án þess að þau séu lögð fyrir byggingarnefnd.
5. Yfirtaka á þjónustu Fræðsluskrifstofu Suðurlands í Vestmannaeyjum.
6. Yfirtaka bæjarins á allri starfsemi ríkissjóðs í Vestmannaeyjum.

Í umsóknum sveitarfélaganna er áberandi hve mörg þeirra sækja um verkefni á sviði félagslegra húsnæðismála, eða níu alls. Þá óska átta sveitarfélög eftir verkefnum á sviði atvinnumála, svo sem vinnumiðlun, þjónustu við atvinnulausa, samþættingu atvinnuráðgjafar o.fl. Einnig sækjast fimm eftir að gera tilraunir með verkefni og verkaskiptingu byggingarnefnda og byggingarfulltrúa. Sjö sveitarfélög hafa áhuga á verkefnum í öldrunarmálum. Fjögur hafa áhuga á að taka að sér heilsugæslu en ekkert sækir um að taka að sér rekstur sjúkrahúss.

Alls sækja fjögur sveitarfélög um að taka að sér þjónustu við fatlaða og sex vilja ráðast í stjórnsýslutilraunir. Stjórnsýslutilraunir geta verið umbótaverkefni sem sveitarstjórnum er heimilt að ráðast í, án þess að þurfa undanþágur frá lögum nema e.t.v. fyrir afmarkaðan hluta þeirra, en jafnframt er þeim styrkur af því að vinna að þeim sem þátt í verkefninu.

Næstu skref.

Á næstunni verða umsóknir reynslusveitarfélaga teknar til umfjöllunar í viðkomandi ráðuneytum. Eftir einn til tvo mánuði munu væntanlega hefjast samningaviðræður milli viðkomandi fagráðuneyta og reynslusveitarfélaga, með milligöngu verkefnisstjórnarinnar, um framkvæmd þeirra verkefna sem sótt hefur verið um.

Gert er ráð fyrir að samningum verði lokið fyrir haustið og að tilraunaverkefni fari af stað á haustmánuðum en verkefni, sem fela í sér verkefnaflutning frá ríki til reynslusveitarfélaga, hefjist 1. janúar 1996.

Í 6. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, segir að verkefnisstjórn skuli, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, fela óháðum aðila eða aðilum, að taka út tilraunir og meta hvernig til hafi tekist. Um leið og ljóst er í hvaða tilraunaverkefni verður ráðist mun slíkur aðili verða fenginn til starfa.

Umsóknir reynslusveitarfélaga

	Keflavík, Njarðvík og Hafnir	Hafnarfjörður	Garðabær	Reykjavík	Borgarbyggð	Snæfellsbær	Dalabyggð	Vesturbyggð	Akureyri	Neskaupstaður	Höfn	Vestmannaeyjar
Félagsleg húsnæðismál	▨	▨	▨	▨	▨				▨	▨	▨	▨
Atvinnumál	▨	▨	▨	▨	▨		▨		▨		▨	
Byggingarmál		▨	▨	▨					▨	▨		▨
Heilsugæsla			▨	▨		▨					▨	
Öldrunarmál		▨	▨				▨	▨	▨		▨	▨
Stjórnsýslutilraunir		▨		▨			▨		▨	▨	▨	
Málefni fatlaðra				▨				▨	▨			▨
Löggæsla		▨		▨								
Menningarmál									▨			
Náttúruvernd			▨									
Sálfræðiþjónusta										▨		
Skipulagsmál									▨			
Skógrækt							▨					
Skólamál			▨								▨	▨
Starfsemi ríkisins												▨
Veghald					▨					▨		

823. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem kveður á um að sett verði á fót á Akureyri stofnun um heimskautamálefni, kennd við Vilhjálm Stefánsson landkönnuð. Stofnuninni er ætlað að stuðla að rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautasvæðið.

Málið var til umfjöllunar hjá umhverfisnefnd öðru sinni þar eð á 117. löggjafarþingi var lögð fram samhljóða tillaga að öðru leyti en því að heiti stofnunarinnar var breytt. Nefndin studdist við umsagnir frá 117. löggjafarþingi frá Hafrannsóknastofnun, Háskólanum á Akureyri, Veðurstofu Íslands, Akureyrarbæ, Vísindaráði, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins – tilraunastöð á Möðruvöllum, Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands, raunvísindadeild og Sjávarútvegsstofnun, og umhverfisráðuneyti.

Umsagnir framangreindra aðila voru flestar jákvæðar enda þótt fram hafi komið vangaveltur um nauðsyn þess að setja á fót nýja stofnun í stað þess að nýta þær sem fyrir eru.

Nefndin telur að efni tillögunnar geti verið mikilvægt framlag til að efla og samræma heimskautarannsóknir hérlendis og tengja þær við fjölþjóðlegar rannsóknir á norðurslóðum. Umhverfisnefnd álítur að slíkar rannsóknir geti haft mikið framtíðargildi fyrir Íslendinga og aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf. Rétt er að við undirbúning málsins á vegum stjórnvalda verði haft samráð við þá sem láta sig varða rannsóknir á norðurslóðum og athugað með hugsanlegan stuðning erlendis frá við þessa stofnun eða miðstöð. Með vísan til þessa leggur umhverfisnefnd til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri stofnun eða miðstöð um heimskautamálefni sem kennd verði við Vilhjálm Stefánsson og hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautssvæðið.

Stofnunin eða miðstöðin, sem heyri undir umhverfisráðuneytið, verði að stofni til kostuð af íslenska ríkinu en leiti sem víðast fjárhagsstuðnings við einstök verkefni. Hún skal m.a. annast ráðgjöf um norðurmálefni og eiga samstarf við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Sett verði á fót undir forustu umhverfisráðuneytis föst samvinnunefnd um norðurmálefni, skipuð fulltrúum þeirra innlendu stofnana sem hafa með höndum verkefni er tengjast heimskautarannsóknum. Samvinnunefndin velji auk formanns nefndarinnar, sem umhverfisráðherra skipar án tilnefningar, tvo úr sínum hópi í stjórn þessarar stofnunar eða miðstöðvar.

Miðað verði við að starfsemin hefjist í ársbyrjun 1997.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

824. Lög [236. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 714 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1995 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá þeim tíma og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1996 á gjaldstofn ársins 1995. Þó skal 2. gr. gilda um skil launaframtala frá og með árinu 1995.

825. Lög [319. mál]

um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 719 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

826. Frumvarp til laga [398. mál]

um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.
Efnt skal til átaksverkefnis um vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í stjórn átaksverkefnisins og skal einn tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, einn af umhverfisráðuneyti, einn af bændasamtökunum og einn samkvæmt tilnefningu VOR, landssamtaka bænda í lífrænum búskap.

Landbúnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Ef atkvæði falla jafnt við ákvarðanatöku hjá stjórninni ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.

Með lífrænni framleiðslu í lögum þessum er átt við þá framleiðslu er fellur undir 6. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

4. gr.

Ríkissjóður leggur átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári á fjárlögum árin 1996–99.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

827. Þingsályktun [53. mál]

um nýtingu og markaðssetningu rekaviðar.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót starfshóp á vegum landbúnaðarráðuneytis til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu. Starfshópurinn skili niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1995.

828. Frumvarp til laga [106. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

I. KAFLI

Jarðalög nr. 65/1976, sbr. breytingar með lögum nr. 71/1978, lögum nr. 37/1982, lögum nr. 90/1984, lögum nr. 108/1988 og lögum nr. 34/1992.

1. gr.

2. og 5. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna verða svohljóðandi:

2. Þegar ríkissjóður eða ríkisstofnanir kaupa eða selja.

5. Þegar leigð eru eða heimiluð með öðrum hætti afnot af slægjum, beit, námum, veiðiréttindum, vatnsréttindum, einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarbústöðum, og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri.

2. gr.

Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., sem verða svohljóðandi:

6. Þegar landið (fasteign) hefur verið tekin úr landbúnaðarnotum með leyfi skv. 1. mgr. 12. gr., enda hafi slíku leyfi verið þinglýst.
7. Þegar aðilaskipti verða að sumarbústað í sumarbústaðahverfi, enda sé bústaðurinn reistur í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn og jarðanefnd er heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt þessari grein því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að tveimur árum fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Með sama hætti er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina.

Nú fullnægir aðili ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið skv. 6. mgr. og getur sveitarstjórn þá með samþykki ráðherra sett honum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengnu samþykki jarðanefndar og ráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústað á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði.

Sumarbústaður samkvæmt lögum þessum er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði greinar þessarar taka einnig til veiðihúsa.

5. gr.

11. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. að nýta hana til landbúnaðar skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar skv. 1. mgr., til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðili/aðilar þurfa að uppfylla skilyrði 1. mgr. þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign.

6. gr.

Aftan við 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Með notkun til landbúnaðar í merkingu þessa ákvæðis er einnig átt við land sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976, þar með taldar eyðijarðir og einstakar landspildur ef því hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota.

7. gr.

17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan sex vikna frá því er kæra barst.

8. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem á forkaupsrétt skv. 1. mgr., er heimilt að framselja rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins, enda sé það gert innan 30 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal þegar senda tilkynningu um slíka ákvörðun til landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins og kaupanda og seljanda þeirrar eignar sem forkaupsrétturinn tekur til. Jarðasjóður hefur þá 60 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn til að svara forkaupsréttartilboði skriflega. Hafi Jarðasjóður ekki svarað innan þess tíma hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa eignina. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins.

9. gr.

Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. málsl. 32. gr. laganna kemur: innan 30 daga.

10. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Þegar ráðstafað er eignum sem falla undir 6. og 7. tölul. 6. gr.

11. gr.

Við 3. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þá er heimilt að veita ábúanda jarðar í ríkiseign leyfi til að taka lán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins til búvélakaupa með veði í jörðinni, að því marki að heildarskuldir ábúanda með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í fasteignum á jörðinni að mati jarðadeildar.

12. gr.

Niður fellur 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna og 3. tölul. verður 2. tölul. og 4. tölul. verður 3. tölul.

13. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Með sama hætti er eiganda ættaróðals heimilt að stofna til félagsbús með erfingja sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið, enda séu uppfyllt skilyrði 25.–28. gr.

14. gr.

61. gr. laganna verður svohljóðandi:

Óðalsbóndi getur með leyfi landbúnaðarráðherra fengið óðalið leyst frá óðalsákvæðum, enda mæli jarðanefnd með því og þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, hafa lýst því yfir skriflega að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda er hann kýs, enda hafi þeir sem forkaupsrétt eiga að lögum hafnað honum.

II. KAFLI

Lög nr. 34/1992, um Jarðasjóð.

15. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Jarðasjóði er jafnframt heimilt að kaupa eignir þegar sveitarstjórn hefur framselt sjóðnum forkaupsrétt sinn skv. 3. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. gilda ekki um kaup sjóðsins á slíkum eignum.

III. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

829. Þingsályktun [172. mál]

um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 186.

830. Þingsályktun [40. mál]

um varðveislu arfs og eigna húsmæðraskólanna.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 40.

831. Þingsályktun [132. mál]

um skipan nefndar er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Sérstaklega verði athugað:

1. hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð og Lánasjóður íslenskra námsmanna taki sérstakt tillit til slíkra aðstæðna,
2. hvaða kostnaður hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa í heimavistum eða leiguhúsnæði fjarri heimabyggð.

832. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar ellefu einstaklinga í Rannsóknarráð Íslands til þriggja ára:

a. Þrjá samkvæmt tillögum skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar og stofnana á sviði þjóðlegra fræða og Vísindafélags Íslendinga.
b. Þrjá samkvæmt tillögum rannsóknastofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknastofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis.
c. Þrjá samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.
d. Tvo án tilnefningar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Aðilar, sem tilnefna menn til setu í Rannsóknarráði Íslands skv. a-, b- og c-liðum hér að framan, skulu hver tilnefna tiltekinn fjölda einstaklinga samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Menntamálaráðherra skipar þrjá úr hverjum hópi og tvo sem tilnefndir eru að höfðu samráði við ríkisstjórn eða alls ellefu einstaklinga. Við skipun í ráðið skal menntamálaráðherra gæta þess að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og tryggja sjálfstæði ráðsins þannig að það geti sinnt eftirlitshlutverki skv. 7. tölul. 2. gr. Þá skipar menntamálaráðherra jafnmarga varamenn úr hópi þeirra sem tilnefndir eru með sama hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

3. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda þegar starfstími þess Rannsóknarráðs, sem fyrst var skipað árið 1994, rennur út. Menntamálaráðherra skipar þegar tvo fulltrúa í Rannsóknarráð Íslands samkvæmt tilnefningum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og jafnmarga til vara og skal sú skipan gilda uns 3. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag tilnefningar framangreindra samtaka í ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

833. Frumvarp til laga [337. mál]

um vörugjald af olíu.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

Gjaldskylda og upphæð gjalds.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.0060 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olíu nefnt olíugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu.

Fjárhæð olíugjalds skal vera 38,50 kr. á hvern lítra af olíu.

Heimilt er að breyta fjárhæð í 3. mgr. í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 42/1987. Grunnfjárhæð er miðuð við vísitölu 1. desember 1994, 199,1 stig.

2. gr.

Olíugjald af innfluttri olíu skal greitt við tollafgreiðslu. Olíugjald af innlendri framleiðslu eða aðvinnslu skal greitt við afhendingu olíu frá framleiðanda eða vinnsluaðila.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa skattskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., heimild til að flytja inn olíu og fá afhenta olíu frá öðrum gjaldskyldum aðila án greiðslu olíugjalds.

Gjaldskyldir aðilar.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.
2. Þeir sem flytja inn til endursölu, eða kaupa til eigin nota, olíu sem er gjaldskyld skv. 1. gr. enda hafi þeir yfir að ráða birgðageymslum sem samanlagt rúma yfir 1.000 rúmmetra af gjaldskyldri olíu.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr. skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til þess skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til skattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningunni skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu eða innflutning sé um að ræða. Enn fremur skulu þeir sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. greina frá birgðageymslum, þar með talið sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð.

Skattstjóri rannsakar tilkynningar aðila og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Skattstjóri skal halda skrá yfir þá sem eru gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Undanþágur og endurgreiðslur.

4. gr.

Olía, sem seld er til nota fyrir skip og báta í atvinnurekstri, er undanþegin olíugjaldi þegar gjaldskyldur aðili afhendir olíu beint í eldsneytisgeymi skips eða báts.

Ráðherra getur ákveðið að olía til gjaldfrjálsra nota, önnur en sú sem afhent er skv. 1. mgr., skuli vera undanþegin olíugjaldi við sölu eða afhendingu til notenda enda fari olían ekki til gjaldskyldra nota.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein, þar á meðal reglur um gerð og búnað eldsneytisgeyma.

5. gr.

Skattskyldir aðilar, samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, fá olíugjald, sem þeir hafa staðið skil á, endurgreitt af olíu í sama mæli og heimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af olíunni, sbr. þó ákvæði 4. mgr.

Uppgjör endurgreiðslu skv. 1. mgr. fer fram um leið og uppgjör virðisaukaskatts og skulu ákvæði um innskatt í lögum nr. 50/1988 gilda eftir því sem við á. Aðilar, sem óska eftir endurgreiðslu olíugjalds á uppgjörstímabilinu, skulu skila skýrslu um fjárhæð endurgreiðslu og aðrar upplýsingar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Endurgreiðslufjárhæð skal byggja á sölureikningum og bókhaldi skv. 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur ráðherra ákveðið í reglugerð að endurgreiðsla olíugjalds til aðila í búrekstri verði samkvæmt stöðluðum reglum. Jafnframt er ráðherra heimilt að víkja frá ákvæðum 8. gr. um skrá yfir olíunotkun aðila ef ákvæðum þessarar málsgreinar er beitt.

Olíugjald af olíu til notkunar á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar, er ekki endurgreitt, sbr. þó 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.

6. gr.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að kveða á um endurgreiðslu olíugjalds, ásamt endurgreiðslu virðisaukaskatts af olíugjaldinu, af olíu til eftirfarandi nota:

1. olíu sem sérleyfishafar og þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópferðabifreiða; reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessum tölulið skulu settar í samráði við samgönguráðherra,
2. olíu sem notuð er til húshitunar og olíugjald er ekki endurgreitt af skv. 5. gr.; reglur um endurgreiðslur samkvæmt þessum tölulið skulu settar í samráði við iðnaðarráðherra og skulu taka mið af raunverulegri olíunotkun, af stærð húsnæðis eða áætlaðri meðalnotkun olíu,

3. olíu sem notuð er til hitunar almenningssundlauga,
4. olíu til nota á skip og báta sem ekki eru undanþegin olíugjaldi skv. 4. gr. eða endurgreitt olíugjald af skv. 5. gr.

Bókhald.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar, sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna gjaldskylda olíu, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar.

Aðrir gjaldskyldir aðilar skulu halda bókhald yfir aðfengna gjaldskylda olíu, eigin notkun þeirrar olíu og sölu eða afhendingu.

Við sölu eða afhendingu olíu milli gjaldskyldra aðila eða til aðila sem um ræðir í 4., 5. eða 6. gr. skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinga sem greinir í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olíugjald er lagt á og hver fjárhæð olíugjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga.

8. gr.

Aðilar, sem fá afhenta olíu sem undanþegin er olíugjaldi skv. 4. gr. eða fá endurgreiðslu olíugjalds skv. 5. gr., sbr. þó ákvæði 3. mgr. 5. gr., skulu halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir varðandi sönnun á réttmæti undanþágu eða endurgreiðslu olíugjalds. Enn fremur er heimilt að skylda aðila til að gera grein fyrir notkun gjaldskyldrar olíu á ökutæki.

Vanræki aðili að færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu eða undanþágu fyrir það tímabil sem bókhald er ekki fullnægjandi.

Uppgjör og innheimta.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða olíugjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun.

Ráðherra getur heimilað að aðilar, sem stunda sölu gjaldskyldrar olíu en falla ekki undir ákvæði 1. og 2. tölul. 3. gr., geti keypt olíu af gjaldskyldum aðila án greiðslu olíugjalds enda sé árleg sala meiri en 50 þús. lítrar. Sá sem fær heimild samkvæmt þessari grein skal uppfylla skilyrði um skráningu og viðurkenningu búnaðar skv. 3. gr. og skal standa skil á greiðslu olíugjalds samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

Gjaldskyldir aðilar, sem selja ekkert eða óverulegt magn olíu, skulu greiða olíugjald af því magni sem þeir fá afhent á uppgjörstímabilinu að viðbættri minnkun eða frádreginni aukningu birgða á tímabilinu miðað við birgðastöðu í lok næstliðins uppgjörstímabils. Enn fremur er þessum aðilum heimilt að draga frá þá olíu sem olíugjald fengist endurgreitt af samkvæmt ákvæðum 5. gr.

10. gr.

Frá gjaldskyldu magni skv. 9. gr. má draga:

1. olíu sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr.,
2. olíu sem undanþegin er olíugjaldi skv. 4. gr.,
3. olíu sem flutt er úr landi.

11. gr.

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Ráðherra er þó heimilt að ákveða annan gjalddaga í reglugerð. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi yfir á næsta virkan dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, olíugjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu olíugjaldsins.

Skattstjóri skal rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

Sé olíugjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olíugjald ekki greitt skal skattstjóri enn fremur afturkalla skráningu aðila skv. 3. gr. þar til úr því hefur verið bætt.

12. gr.

Sé olíugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar gjaldi samkvæmt olíugjaldsskýrslu eða til viðbótar því gjaldi sem honum bar að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Sama gildir ef olíugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og olíugjald því áætlað.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en 10%.

Við útreikning álags á áætlað olíugjald telst gjalddagi sá sami og gjalddagi olíugjalds þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreitt olíugjald eldri tímabila.

13. gr.

Sé olíugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga og eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

Eftirlit, kæruheimildir, upplýsingaskylda og refsiábyrgð.

14. gr.

Skattstjóri getur hafnað endurgreiðslu eða frádrætti olíugjalds á virðisaukaskattsskýrslu séu skilyrði endurgreiðslu ekki fyrir hendi eða framlögð gögn ófullnægjandi eða röng. Hafni skattstjóri endurgreiðslu olíugjalds sem þegar hefur verið endurgreitt eða dregið frá greiðslu virðisaukaskatts skal aðili greiða olíugjaldið ásamt álagi skv. 2. mgr. 12. gr. og dráttarvöxtum frá þeim degi er greiðsla fór fram eða olíugjaldið var dregið frá greiðslu virðisaukaskatts.

Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um breytingar sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein. Gjaldanda ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

15. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra skv. 14. gr. eða öðrum ákvæðum þessara laga um atriði sem lúta að greiðslu olíugjalds, heimild til undanþágu eða endurgreiðslu geta kært ákvörðun hans innan 30 daga frá því að ákvörðun var tekin. Um kæru og málskot gilda að öðru leyti ákvæði 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

16. gr.

Aðilum, sem flytja inn, selja, afhenda, stunda framleiðslu eða aðvinnslu af einhverju tagi eða kaupa gjaldskylda olíu, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða viðskipti milli hans og annarra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um og varða gjaldskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni.

Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

17. gr.

Skýri aðili af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds eða undanþágu skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemi allt að tífaldri, og aldrei lægri en fjórfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan, vanrækt var að greiða eða ofgreidd var endurgreiðsla á.

Vanræki aðili að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi, eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum eða ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim skal hann sæta sektum, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, kærur og úrskurði um olíugjald, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, rannsókn, skuldajöfnun, stöðvun atvinnurekstar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi olíugjald skulu gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, að svo miklu leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum eða lögum nr. 50/1988.

19. gr.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnu 1% sem rennur í ríkissjóð til að standa straum af framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um bókhald, uppgjör olíugjalds og greiðslufyrirkomulag.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. janúar 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Í stað þess að öðru gjaldatímabili þungaskatts skv. B-lið 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ljúki 10. febrúar 1996 skal því ljúka 31. desember 1995. Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal án sérstakrar tilkynningar láta lesa á og skrá stöðu ökumælis á tímabilinu frá 19. til 31. desember 1995.

Gjalddagi þungaskatts skv. 1. mgr. er 11. janúar 1996 og eindagi er 29. febrúar 1996.

II.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir gjaldskyldrar olíu í þeirra eigu 1. janúar 1996. Í þeim upplýsingum skal koma fram hve mikið af birgðum er í innlendum birgða- og sölustöðum. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skulu berast skattstjóra eigi síðar en 1. ágúst 1995.

Aðilar, sem ekki eru gjaldskyldir skv. 3. gr. og njóta ekki undanþágu skv. 1. mgr. 4. gr., skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir sínar af gjaldskyldri olíu ef þær eru yfir 1.500 lítra 1. janúar 1996. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski skattstjóri slíkrar aðstoðar. Skattstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1996. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns eigi síðar en 15. febrúar 1996.

III.

Fjármálaráðherra skal skipa sérstaka samráðsnefnd til að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna, þar með talið setningu reglugerðar. Enn fremur skal nefndin kanna þær forsendur sem liggja til grundvallar fjárhæð olíugjalds. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, skattyfirvalda, Vegagerðarinnar, olíufélaganna og annarra hagsmunasamtaka.

834. Þingsályktun [429. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 700.

835. Frumvarp til laga [426. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Iðnþróunarsjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hann lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Iðnþróunarsjóðs.

Heimili og varnarþing Iðnþróunarsjóðs er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands veitir sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Iðnþróunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi.

Iðnþróunarsjóður gegnir hlutverki sínu með því:

1. að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
2. að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,

3. að kaupa hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,
4. að veita áhættulán til vöruþróunar og markaðstarfsemi og taka þátt í kostnaði við skilgreind þróunarverkefni í samræmi við hlutverk sjóðsins.

Til verkefna skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. má Iðnþróunarsjóður ekki verja hærri fjárhæð en nemur allt að 10% af eigin fé í árslok 1994.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Iðnþróunarsjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Skammtímalán þessi má sjóðurinn ekki taka með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra skipar þrjá menn í stjórn Iðnþróunarsjóðs og skal einn þeirra skipaður formaður stjórnar.

Stjórn Iðnþróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og fer með allt vald í málefnum hans sem ekki er öðrum falið samkvæmt lögum. Til ákvörðunar stjórnar þarf meiri hluta atkvæða.

Stjórn Iðnþróunarsjóðs ákveður áherslur í starfi sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. gr. og setur reglur um skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins í verkefnum, um umsóknir þar að lútandi og um meðferð þeirra. Þess skal gætt að reglur um meðferð umsókna tryggi sem best óháða og faglega umfjöllun um þær.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Iðnþróunarsjóðs ræður honum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn sjóðsins í umboði stjórnar hans og ræður starfsfólk sjóðsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 9. mars 1995. Jafnframt fellur brott fylgiskjal með lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

Lög nr. 9/1970 skulu endurskoðuð fyrir 1. maí 1996.

836. Frumvarp til laga [317. mál]

um áhafnir íslenskra kaupskipa.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

I. KAFLI
Inngangur og orðskýringar.

1. gr.

Hvert íslenskt kaupskip sem notað er til siglinga í atvinnuskyni skal uppfylla ákvæði laga þessara um lágmarkskröfur um atvinnuskírteini einstakra skipverja og fjölda manna í áhöfn.

Ákvæði laga þessara um atvinnuskírteini einstakra skipverja og fjölda manna í áhöfn skipa eru lágmarkskröfur og skulu ekki túlkuð til að hindra að fleiri séu í áhöfn skips en getið er um í lögum þessum, né að skipverjar ráði yfir atvinnuskírteinum sem séu umfram lágmarkskröfur laga þessara.

Lög þessi skulu á engan hátt skerða ákvæði kjarasamninga eða önnur samningsbundin réttindi þeirra er lög þessi taka til.

2. gr.

a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi tekið fram, kaupskip.
b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirvélstjóri er æðsti yfirmaður í vélarrúmi skips.
d. 1. vélstjóri táknar þann vélstjóra sem gengur yfirvélstjóra næst að völdum og mun bera ábyrgð á vélum þeim sem knýja skipið ef yfirvélstjóri verður ófær um það.
e. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.
f. Undirvélstjóri er hver sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri.
g. Undirstýrimaður er hver sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður/1. stýrimaður.
h. Loftskeytamaður er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera loftskeytamaður á skipi.
i. Talstöðvarvörður er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera talstöðvarvörður á skipi.
j. Vélavörður er hver sá sem hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
k. Matsveinn eða bryti er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera matsveinn eða bryti á skipi.
l. Fullgildur undirmaður er sá sem uppfyllt hefur þær kröfur sem gerðar eru til stöðunnar. Til þess að mega gegna vaktstöðu á siglingavakt í brú, í vélarrúmi og hafa á hendi stjórnun björgunarfara þarf viðkomandi að hafa tilskilin réttindi frá Siglingamálastofnun ríkisins eða sambærileg réttindi frá öðru viðurkenndu yfirvaldi, eða frá öðru ríki sem er aðili að STCW-samþykktinni.
m. Undirmenn eru allir undirmenn skips aðrir en fullgildir undirmenn.
n. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd eða lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.

o. Kaupskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip.
p. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
q. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
r. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
s. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.
t. GMDSS-kerfi er alþjóðlegt neyðarfjarskiptakerfi (Global Maritime Distress Safety System).
u. Mánuður telst 30 dagar.

II. KAFLI
Mönnun kaupskipa.

3. gr.

Fyrir íslensk kaupskip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af mönnunarnefnd kaupskipa, sbr. 10. gr. laga þessara. Fjöldi skipverja skal ákveðinn með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi skipverja og skips. Slík skilyrði skulu m.a. ná til eftirfarandi þátta:

1. að ávallt verði hægt að sinna öruggri siglingavakt í brú og í vélarrúmi, en þó með fullu tilliti til sjálfvirkni, svo sem viðurkennds viðvörunarbúnaðar vaktfrírra vélarrúma, og fyrirkomulags stjórn- og siglingatækja,
2. að ávallt verði hægt að sinna viðhaldi björgunar-, öryggis-, eldvarna- og fjarskiptabúnaðar,
3. að ávallt verði hægt að sinna viðhaldi annars öryggisbúnaðar,
4. að ávallt verði unnt að festa og leysa landfestar tryggilega,
5. að ávallt verði unnt að sinna heilbrigðis- og hollustuþörfum skipverja.

4. gr.

Við ákvörðun um fjölda skipverja og samsetningu áhafnar skal tekið tillit til skipulags vakta um borð, nauðsynlegs hvíldartíma og vinnusviðs skipverja.

5. gr.

Þeir skipverjar sem falla undir ákvæði STCW-alþjóðasamþykktarinnar skulu uppfylla lágmarkskröfur hennar og laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um menntun, reynslu, aldur og heilbrigði.

6. gr.

Á hverju skipi skal vera skipstjóri. Skipstjórnarmenn og vélstjórar skulu hafa yfir að ráða eftirfarandi atvinnuskírteinum:

SKIP UNDIR 200 BRL. Í STRANDSIGLINGUM

STÆRÐ	SKIPSTJÓRI	STÝRIMAÐUR
0 - 30 brl.	30 tonna réttindi STCW regla II/3	30 tonna réttindi STCW regla II/3
0 - 200 brl.	2. stig + siglingatími STCW regla II/3	2. stig + siglingatími STCW regla II/3

SKIP AF ÓTAKMARKAÐRI STÆRÐ. FARSVIÐ ÓTAKMARKAÐ.

STÆRÐ	SKIPSTJÓRI	YFIRSTÝRIMAÐUR	UNDIRSTÝRIMENN
ótakmörkuð	3. stig + siglingatími STCW regla II/2	3. stig + siglingatími STCW regla II/2	2. stig + siglingatími STCW regla II/4

VÉLFRÆÐINGAR OG VÉLSTJÓRAR

STÆRÐ AÐALVÉLAR	YFIRVÉLSTJÓRI	1. VÉLSTJÓRI	AÐRIR UNDIRVÉLSTJÓRAR
750-2999 KW	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/3	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/3	3. stig + siglingatími STCW regla III/4 vaktstjóri í vél
> 3000 KW	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/2	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/2	

7. gr.

Kaupskip, önnur en farþegaskip, þar sem krafist er loftskeytamanna samkvæmt alþjóðareglum, mega sigla án loftskeytamanns enda séu þau búin samkvæmt GMDSS-fjarskiptakerfinu og tveir skipstjórnarmenn séu handhafar gilds talstöðvarskírteinis.

8. gr.

Öll kaupskip skulu hljóta skírteini til staðfestingar lágmarksfjölda skipverja, samsetningu áhafnarinnar og atvinnuskírteinakröfur fyrir hinar ýmsu stöður. Slík mönnunarskírteini skulu gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins í samræmi við ákvarðanir mönnunarnefndar kaupskipa.

III. KAFLI

Um hlutverk mönnunarnefndar kaupskipa.

9. gr.

Samgönguráðherra setur í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 47/1987 reglur um heildarmönnun íslenskra kaupskipa og felur mönnunarnefnd kaupskipa að sjá um framkvæmd þeirra, þar á meðal að ákveða mönnun kaupskipa skv. II. kafla laga þessara.

10. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd kaupskipa. Í mönnunarnefnd skulu eiga sæti sjö menn og jafnmargir varamenn. Skal einn aðalfulltrúi og varafulltrúi hans skipaður eftir tilnefningu hvers eftirtalinna hagsmunasamtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga. Samgönguráðherra skipar, að höfðu samráði við framgreind hagsmunasamtök, formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

11. gr.

Við ákvarðanir sínar um áhafnir skipa getur mönnunarnefnd mælt svo fyrir að skipverji, sem ráðinn er til annarra starfa en þeirra er atvinnuréttindalög taka til, skuli hafa lokið námskeiði Slysavarnafélags Íslands eða jafngildu námskeiði um öryggis- og björgunarmál áður en hann er skráður í skiprúm.

12. gr.

Nú veldur sjúkdómur, dauði, strok eða önnur atvik sem skipstjóri eða útgerð máttu eigi sjá fyrir og eiga ekki sök á fækkun í áhöfn þannig að í bága fari við það sem fyrir er mælt í lögum þessum og skal skipstjóra þá heimilt að halda áfram ferð, enda telji hann ekki hættu á að sjóhæfni skips hafi svo raskast vegna þess að öryggisástæður banni. Skal hann þá skrá um það athugasemdir sína í leiðarbók, en gera jafnframt ráðstafanir til að kveðja til starfans nýjan mann svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Mönnunarnefnd er heimilt, með hliðsjón af ákvæðum 3. gr., að herða á eða draga úr skilyrðum og kröfum um fjölda í áhöfn svo og að kveða á um sérstakar menntunar- eða þjálfunarkröfur varðandi skip, þar sem sérstakar aðstæður gera þess þörf fyrir einstök skip, sérstaklega hönnuð skip og skip sem annast staðbundin verkefni á takmörkuðu farsviði.

Einnig getur mönnunarnefnd þegar sérstaklega stendur á og að teknu tilliti til viðurkenndra alþjóðlegra samþykkta heimilað að maður, sem ekki er handhafi skírteinis sem krafist er, þó ekki skv. 6. og 7. gr. laga þessara, megi gegna slíkri stöðu, en þó aðeins til að ljúka einni ferð skips eða um takmarkaðan tíma sem eigi má lengri vera en 6 mánuðir.

14. gr.

Mönnunarnefnd tekur í samræmi við umsókn ákvörðun til bráðabirgða um fjölda í áhöfn skips sem er í smíðum svo og erlends skips sem fyrirhugað er að færa undir íslenskan fána.

Bráðabirgðaákvörðun er bindandi og verður þeirri ákvörðun ekki breytt nema þær forsendur hafi breyst sem úrslitum réðu um ákvörðunina.

15. gr.

Ákvarðanir sem mönnunarnefnd hefur tekið samkvæmt heimildum í lögum þessum eru endanlegar á sviði stjórnsýslunnar.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

16. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

837. Lög [315. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 648.

838. Lög [316. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 703.

839. Frumvarp til laga [335. mál]

um samræmda neyðarsímsvörun.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal eigi síðar en 31. desember 1995 koma upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir Ísland til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsímsvörun þessi skal jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Samræmt neyðarsímanúmer fyrir Ísland skal vera 112 og er óheimilt að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi fyrir aðra starfsemi.

Póst- og símamálastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem leyfi hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að allir notendur síma geti jafnan náð sambandi við símanúmerið 112.

Óheimilt er að nota orðin neyðarnúmer og neyðarsímanúmer ein sér eða í samsetningum fyrir aðra starfsemi hér á landi en samræmt neyðarnúmer samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Til að sinna viðtöku og úrvinnslu tilkynninga sem berast um samræmt neyðarsímanúmer skal koma upp vaktstöð eða vaktstöðvum. Dómsmálaráðherra er heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri.

Rekstraraðila vaktstöðvar er heimilt að semja við þá aðila, sem sinna neyðarþjónustu, um að vaktstöðin sinni boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þágu neyðarþjónustuaðila. Sama gildir um vöktun aðvörunarkerfa. Samningar um slíka þjónustu eru háðir samþykki dómsmálaráðherra.

4. gr.

Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar eða vaktstöðva að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir selda þjónustu skv. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. þessarar greinar, greiðist að hálfu af ríkissjóði og hálfu af sveitarfélögunum. Hlutur sveitarfélaganna skal innheimtur hjá hverju sveitarfélagi um sig í samræmi við íbúatölu.

Óski aðili sem sinnir neyðarþjónustu eftir að vaktstöð sinni boðun eða annarri þjónustu í hans þágu skal greitt fyrir þá þjónustu samkvæmt sérstökum samningi.

5. gr.

Þeim aðilum, opinberum og einkaaðilum, sem sinna neyðarþjónustu á Íslandi skal skylt að gefa vaktstöð neyðarsímsvörunar hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og nánar um fyrirkomulag á upplýsingagjöfinni.

6. gr.

Vaktstöð samkvæmt lögum þessum skal skrá og hljóðrita tilkynningar sem þangað berast. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um geymslu og notkun skránna.

7. gr.

Starfsmenn vaktstöðvar skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þó að látið sé af starfi. Starfsmenn vaktstöðvar skulu hafa hlotið menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila er neyðarþjónustu sinna.

8. gr.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Dómsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er lög þessi taka til, landssamtökum björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglur um starfssvið nefndarinnar.

9. gr.

Þeir sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar skulu, svo sem kostur er, gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni.

Verði maður uppvís að því að senda vísvitandi ranga tilkynningu til vaktstöðvar samkvæmt lögum þessum eða misnota að öðru leyti þjónustu vaktstöðvar við boðun hjálparliðs skal það varða refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

840. Frumvarp til laga [384. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Á árunum 1995–99 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 10. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð, sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Um innheimtu þessa gjalds fer skv. 10. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

841. Lög [306. mál]

um breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 778.

842. Lög [314. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 454.

843. Lög [239. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 787.

844. Lög [418. mál]

um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 680.

845. Lög [354. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 788.

846. Lög [277. mál]

um listmenntun á háskólastigi.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 790.

847. Lög [219. mál]

um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 791.

848. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Í nefndinni urðu nokkrar umræður um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Var um það rætt hvort heppilegra væri að setja inn í 45. gr. stjórnarskrárinnar ákvæði til frambúðar um að unnt væri með lögum að lengja kjörtímabil um örfáar vikur í því skyni að alþingiskosningar færu að jafnaði fram á heppilegum tíma með hliðsjón af veðri og samgöngum. Nefndin telur rétt að hugað verði að þessu atriði frekar en telur ekki ráðrúm til þess á þeim skamma tíma sem eftir er af þinginu.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Halldór Ásgrímsson.
Matthías Bjarnason.	Petrína Baldursdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Kristín Einarsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.	Páll Pétursson.

849. Nefndarálit [447. mál]

um frv. til l. um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, deildarstjóra í félagsmálaráðuneyti, og Margréti Tómasdóttur deildarstjóra frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Í samræmi við nýgerða kjarasamninga felur málið í sér eftirfarandi rýmkun á greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks:

Í stað þess að greiðslur miðist við hvern heilan vinnudag umfram tvo í hvert skipti sem vinnslustöðvun verður miðast greiðslur við hvern heilan vinnudag umfram tvo á almanaksári, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. aðeins dragast frá greiðslum tveir dagar einu sinni á ári í stað þess að dragast frá við hverja vinnslustöðvun.

Í 4. mgr. 1. gr. er lagt til að greiðslur miðist við 30 greiðsludaga að hámarki, þ.e. sex vikur, í stað þess að þær greiðist að hámarki fjórar vikur í senn. Enn fremur verði hámarksgreiðslutímabil á ári 60 greiðsludagar, þ.e. tólf vikur, í stað níu vikna áður.

Enn fremur greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður ofan á atvinnuleysisdagpeninga lífeyrissjóðsgjald og tryggingagjald til atvinnurekenda.

Loks er lagt til að fyrirhuguð vinnslustöðvun verði tilkynnt með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara í stað fimm sólarhringa áður.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Helgason.
Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigbjörn Gunnarsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Jón Kristjánsson.	Guðrún J. Halldórsdóttir.

850. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, deildarstjóra í félagsmálaráðuneyti, og Margréti Tómasdóttur deildarstjóra frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Breytingarnar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru m.a. vegna ákvæða laga nr. 99/1994, en með þeim var VI. kafli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna felldur brott. Af þessu leiðir að lög um atvinnuleysistryggingar mundu taka til opinberra starfsmanna og nauðsynlegt er að gera breytingar á þeim með tilliti til þess, sbr. 1., 5. og 7. gr. frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða II.

Meginbreytingin, sem lögð er til í frumvarpinu, er á skipan stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Gert er ráð fyrir að BHMR, BSRB, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti fái aðild að henni og þykir það eðlilegt með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að lögin taki til opinberra starfsmanna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Enn fremur hvetur hún til þess að lög um atvinnuleysistryggingar og reglur um Atvinnuleysistryggingasjóð verði endurskoðaðar í heild sinni.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Jón Helgason.	Eggert Haukdal.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigbjörn Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Jón Kristjánsson.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.

851. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá Húsnæðisstofnun Sigurð E. Guðmundsson og Percy B. Stefánsson, frá ASÍ Guðmund Gylfa Guðmundsson og Ásmund Hilmarsson og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Þórð Skúlason og Magnús Karel Hannesson. Enn fremur barst umsögn frá ASÍ, BSRB og Landssambandi húsnæðisnefnda.

Nefndin leggur til eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til sú breyting við 4. gr. að verkalýðsfélög hafi áfram fulltrúa í húsnæðisnefnd og að formaður nefndarinnar verði kjörinn af sveitarstjórn. Með þessu móti er komið til móts við hugmyndir um að auka vægi sveitarstjórna í húsnæðisnefnd en um leið tryggð þátttaka verkalýðsfélaga í nefndinni svo sem verið hefur.
2. Lagt er til að 6. gr. verði breytt þannig að kveðið verði á um að ábyrgð á úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélags til einstaklinga sé í höndum húsnæðisnefndar.
3. Á 9. gr. er lögð til sú breyting að fallið verði frá því að festa í lög heimild húsnæðismálastjórnar til þess að færa lán milli lánaflokka. Gert er ráð fyrir óbreyttri framkvæmd þar sem tilfærsla milli lánaflokka hefur verið heimiluð í undantekningartilvikum.
4. Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að vextir, sem hefðu verið hækkaðir með tilliti til tekna, gætu lækkað ef tekjur færu á ný undir tekjumörk. Lögð er til breyting sem felur í sér nýja tilhögun á vaxtabreytingum hjá einstaklingum vegna tekna en hún felur í sér að færri sæta vaxtahækkun en nú er.
5. Loks eru lagðar til breytingar á 26. gr. sem fela í sér smávægilegar lagfæringar, en í þeim breytingum felast ekki efnisbreytingar.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Helgason, með fyrirvara.
Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Sigbjörn Gunnarsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.

852. Breytingartillögur [338. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994.

Frá félagsmálanefnd.

1. Í stað 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað 40. gr. kemur 39. gr. er hljóðar svo:
   Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá tilnefnda af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skal sveitarstjórn með sama hætti skipa sjö menn í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara, fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá kosna af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.
   Formaður og varaformaður skulu kjörnir af sveitarstjórn. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.
   Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og veitir almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.
2. Við 6. gr. Fyrri efnismálsgrein verði svohljóðandi:
   Ábyrgð á úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélags til einstaklinga er á vegum húsnæðisnefndar, sbr. 3. tölul. 45. gr.
3. Við 9. gr. Síðari efnismálsgrein falli brott.
4. Við 25. gr. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný efnismálsgrein er orðist svo:
   Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort meðaltekjur kaupanda síðustu þrjú ár, þar af tekjur tvö síðustu árin, hvort ár fyrir sig, nemi hærri fjárhæð en tekjumörk skv. b-lið 64. gr. kveða á um. Komi í ljós að þær tekjur eru yfir tekjumörkum, skal breyta vöxtum af láni hans þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Upp frá því skal slík könnun gerð á þriggja ára fresti.
5. Við 26. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „Sveitarfélag“ í upphafi 1. mgr. f-liðar komi: Húsnæðisnefnd.
   b. Við 5. málsl. 1. mgr. g-liðar bætist: fyrir hvert ár.
   c. Í stað orðsins „fjölbýlishús“ í fyrri málslið síðari málsgreinar i-liðar komi: fjöleignarhús.

853. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Bjargráðasjóð, nr. 51 26. maí 1972, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson frá félagsmálaráðuneyti og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Þórð Skúlason og Magnús Karel Hannesson.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Helgason.
Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigbjörn Gunnarsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Jón Kristjánsson.	Guðrún J. Halldórsdóttir.

854. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35 29. apríl 1966, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Húnboga Þorsteinsson frá félagsmálaráðuneyti og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Þórð Skúlason og Magnús Karel Hannesson.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Helgason.
Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigbjörn Gunnarsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Jón Kristjánsson.	Guðrún J. Halldórsdóttir.

855. Breytingartillaga [451. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við bætist ný grein, er verði 3. gr., er orðist svo:

Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Efna skal til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Um skipan þingsins og störf fer samkvæmt sérstökum lögum. Þingið skal koma saman eigi síðar en 1. júní 1996.

Þegar þingið hefur afgreitt frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga skal bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins. Nái tillagan samþykki skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gild stjórnarskipunarlög.

856. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um vernd Breiðafjarðar.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem hefur það meginmarkmið að stuðla að vernd Breiðafjarðar, einkum hvað varðar landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarsögulegar minjar. Frumvarpið er nú lagt fram öðru sinni lítillega breytt frá 117. löggjafarþingi.

Við umfjöllun sína fékk nefndin á sinn fund Birgi Hermannsson, aðstoðarmann umhverfisráðherra, og Lúðvík Bergvinsson, deildarstjóra í umhverfisráðuneyti, frá Náttúruverndarráði Jóhönnu B. Magnúsdóttur varaformann og Aðalheiði Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra, Stefán Thors skipulagsstjóra ríkisins, Þór Magnússon þjóðminjavörð, Þórunni J. Hafstein, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, og Sigfús Jónsson, formann Framfarafélags Flateyjar.

Þá studdist nefndin við umsagnir frá 117. og 118. löggjafarþingi frá sjávarútvegsráðuneyti, sveitarstjóranum í Grundarfirði, Framfarafélagi Flateyjar, héraðsnefnd Dalasýslu, menntamálaráðuneyti, Félagi smábátaeigenda í Stykkishólmi, bæjarstjórn Stykkishólms, Eyjaferðum sf., Skógarstrandarhreppi, Samtökum selabænda, Æðarræktarfélagi Breiðafjarðar, húsafriðunarnefnd ríkisins, landbúnaðarráðuneyti, ferðamálaráði, Náttúruverndarráði, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Skipulagi ríkisins, Helgafellssveit, Laxárdalshreppi og Æðavéum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að orðalag 1. gr. verði einfaldað.
2. Lagt er til að það svæði sem frumvarpið tekur til, sbr. 2. gr., verði stækkað. Breytingin gerir ráð fyrir að svæðið við norðanverðan fjörðinn verði stækkað til vesturs þannig að undir það falli tvö sjávarlón, Hagavaðall og Haukabergsvaðall. Þá er lagt til að svæðið verði einnig stækkað til vesturs að sunnanverðu þannig að tvö önnur

sjávarlón, Tunguós við Máfahlíð og Hálsvaðall, teljist til þess. Um er að ræða leirlón og náttúruverndargildi þeirra felst einkum í því að fuglar sækja þangað í ætisleit. Þá fellur Kaldrani undir hið stækkaða svæði en hann er þegar á náttúruminjaskrá.

3. Lagt er til að hluti 3. gr. falli brott þar sem tilvísunin er talin óþörf í ljósi þess að menntamálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þjóðminjalögum.
4. Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á 4. gr. Orðalag 1. mgr. er einfaldað en efnisbreytingar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til að í Breiðafjarðarnefnd eigi sæti, auk þeirra sem tilgreindir eru í ákvæðinu, fulltrúi Vestur-Barðastrandarsýslu. Nefndin telur það eðlilegt þar sem hluti þeirrar sýslu fellur undir það svæði sem frumvarpið tekur til. Þá er í samræmi við fjölgun fulltrúa í nefndinni lagt til að felldur verði brott síðasti málsliður greinarinnar. Í öðru lagi er lagt til að náttúrufræðistofur á Vesturlandi og Vestfjörðum tilnefni fulltrúa í nefndina sameiginlega með Náttúrufræðistofnun Íslands. Í þriðja lagi er lagt til að kveðið verði á um að þjóðminjaráð en ekki Þjóðminjasafn Íslands skipi fulltrúa í nefndina. Í fjórða lagi er lagt til að reglugerðarheimild í 2. mgr. verði flutt og sameinuð ákvæði um setningu reglugerðar í fyrri málsgrein 5. gr. Í fjórða lagi er lagt til að orðið „verndaráætlun“ verði notað í stað orðsins „vörsluáætlun“ þar sem það er talið skýrara. Loks er lagt til að Náttúruverndarráð verði samráðsaðili skv. 3. mgr. í stað Landvörslu ríkisins sem ekki hefur verið stofnuð með breytingum á lögum um náttúrvernd, nr. 47/1971, eins og fyrirhugað er. Umhverfisnefnd telur mikilvægt að Breiðafjarðarnefnd hafi virkt samráð við Náttúruverndarráð og aðra eftir því sem við á, ekki síst við gerð verndaráætlunar.
5. Breytingar sem lagðar eru til á 5. gr. eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða umorðun og sameiningu ákvæða um reglugerðir sem ráðherra setur, sbr. breytingu sem lögð er til á 2. mgr. 4. gr. Hins vegar er lagt til að í 2. mgr. 5. gr. verði kveðið á um að umsögn um vernd menningarsögulegra minja skuli fengin bæði frá þjóðminjaráði og húsafriðunarnefnd ríkisins eftir því sem við á. Nefndin telur eðlilegt að leitað verði til húsafriðunarnefndar þegar fjallað er um vernd húsa en í Breiðafjarðareyjum, einkum í Flatey, eru mörg gömul hús sem mikilvægt er að varðveita.
6. Lagt er til að í 6. gr. verði notað orðið „verndaráætlun“, sbr. athugasemd í 4. lið.
7. Lagt er til að ákvæði 7. gr. verði breytt á þann veg að rannsóknastarfsemi við Breiðafjörð fari fram á grundvelli laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Umhverfisnefnd telur mikilvægt að fram fari rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar. Nefndin telur hins vegar eðlilegt að sú starfsemi, sem þar verður komið á fót byggi á framangreindum lögum sem gera ráð fyrir að stofnsettar verði náttúrustofur í öllum kjördæmum og heimila auk þess að komið verði á fót setri Náttúrufræðistofnunar Íslands í hverjum landsfjórðungi. Á grundvelli heimilda í lögunum geta stofnanirnar sameiginlega staðið að náttúrurannsóknastöð á Breiðafjarðarsvæðinu.
8. Lagt er til að í 9. gr. verði til áréttingar kveðið á um að um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögunum fari að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Í umfjöllun nefndarinnar vöknuðu spurningar um stjórnsýsluleg skil á milli umhverfisráðuneytis og annarra ráðuneyta, svo sem sjávarútvegs-, landbúnaðar- og samgönguráðuneytis. Nefndin tekur fram að með frumvarpinu er ekki verið að leggja til breytingu á lögboðinni umsýslu einstakra ráðuneyta.

Nefndin telur að framkvæmd á grundvelli frumvarpsins velti á því að vel takist til með gerð verndaráætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr., og eftirlit með henni. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að sem fyrst verði hafin vinna við gerð slíkrar áætlunar þannig að taka megi tillit til hennar við skipulagsvinnu í framtíðinni. Í því sambandi vill nefndin benda á æskilegt er að hafist verði handa við gerð svæðisskipulags fyrir Breiðafjörð og aðliggjandi byggðir.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

857. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til l. um vernd Breiðafjarðar.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt grunnsævi, fjörum og strandlónum í innfjörðum og innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.
3. Við 3. gr. Orðin „og fer menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála“ falli brott.
4. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. Umhverfisráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
   b. Fyrsti málsliður 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „sérstaka vörsluáætlun“ í 2. mgr. komi: verndaráætlun.
   d. Í stað orðsins „Landvörslu ríkisins“ í 3. mgr. komi: Náttúruverndarráð.

5. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Fyrri málsgrein 5. gr. orðist svo:
      Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð þar sem kveðið skal á um verndaraðgerðir á grundvelli laganna, varnir gegn hvers konar mengun og aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.
   b. Á eftir orðinu „þjóðminjaráðs“ í 2. mgr. komi: og húsafriðunarnefndar ríkisins eftir því sem við á.
6. Við 6. gr. Í stað orðsins „vörsluáætlunar“ í 1. mgr. komi: verndaráætlunar.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.
   Ráðherra getur með reglugerð heimilað framangreindum stofnunum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á svæðinu á grundvelli laga nr. 60/1992. Rannsóknastöðin getur leitað eftir fjárstuðningi innlendra og erlendra aðila við starfsemi sína og einstök verkefni.
8. Við 9. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögum þessum fer að hætti laga um meðferð opinberra mála.

858. Lög [190. mál]

um breyting á lögum, nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 212.

859. Lög [398. mál]

um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 826.

860. Lög [106. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 828.

861. Lög [406. mál]

um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 652.

862. Lög [407. mál]

um breytingar á lögum er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteknum sköttum og gjöldum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 653.

863. Lög [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 832.

864. Lög [426. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 835.

865. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [457. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

1. gr.

Á eftir 78. gr. komi ný grein er verði 79. gr. Breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóði svo:

Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar.

Kveðið skal á um hagnýtingu og verndun þessara auðlinda í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar og forsenda fyrir þeirri þróun íslensks efnahagslífs og íslensks samfélags sem orðið hefur á þessari öld. Það hefur kostað Íslendinga mikla baráttu að ná forræði yfir þessari auðlind. Með 1. mgr. er minnst á mikilvægi þess að varðveita fullt forræði Íslendinga yfir henni, jafnframt því sem í málsgreininni felst að þessi auðlind skuli nýtt til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Ljóst er að setja þarf margs konar reglur er lúta að hagnýtingu og verndun þessarar mikilvægu auðlindar og án slíkra reglna er hætt við að nútíma veiðitækni leiði skjótt til rányrkju á auðlindinni með alvarlegum afleiðingum fyrir þjóðina. Það er hlutverk löggjafarvaldsins að móta stefnu varðandi auðlindanýtingu og verndun á hverjum tíma. Enda þótt sú stefnumótun hafi hin síðari ár byggst á því að fiskistofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að úthluta aflahlutdeild og aflamarki og fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum víðtækt ákvörðunarvald varðandi nýtingu aflaheimilda með veiðum eða framsali hefur aldrei staðið til að það yrði til þess að óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni myndaðist á grundvelli einkaeignarréttar. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag henti best til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Í lögum um stjórn fiskveiða hefur frá 1988 verið ákveði um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því lýst yfir að stjórnskipuleg staða þess ákvæðis skuli tryggð. Er frumvarp þetta flutt í samræmi við þá yfirlýsingu. Um skilgreiningu á hugtakinu nytjastofnar í 1. mgr. vísast til 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeirri grein teljast til nytjastofna sjávardýr svo og sjávargróður sem nytjuð eru eða nytjuð kunna að verða. Það hafsvæði sem fullveldisréttur Íslands nær nú til er skilgreint í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Er fullveldisréttur Íslands yfir landhelgi og efnahagslögsögu skilgreindur í 2. og 4. gr. laganna. Athygli skal vakin á því að 1. mgr. nær einnig til botnlægra nytjastofna á landgrunninu utan efnahagslögsögu sem fullveldisréttur Íslands nær til skv. 6. gr. laga nr. 41/1979. Varðandi 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er ljóst að meginreglur um verndun og nýtingu auðlindarinnar verður á hverjum tíma að móta með lögum. Fjölmörg framkvæmdaratriði þarf þó að ákveða miðað við breytilegar aðstæður á hverjum tíma. Er nauðsynlegt að framkvæmdarvaldið geti tekið slíkar ákvarðanir með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum en að sjálfsögðu þurfa slík stjórnvaldsfyrirmæli á þessu sviði sem öðrum að styðjast við viðhlítandi laga-

stoð. Atriði af þessu tagi eru t.d. lokanir tiltekinna hafsvæða í verndarskyni í formi reglugerðarlokana eða skyndilokana, ákvörðun heildarafla af einstökum nytjastofnum á tilteknu veiðitímabili, fyrirmæli um möskvastærð og útbúnað veiðarfæra o.s.frv. Í setningu reglna varðandi hagnýtingu og verndun felst að sjálfsögðu réttur og skylda löggjafans til að setja einnig nauðsynlegar reglur er lúta að rannsóknum og öðrum þáttum er tengjast beitingu fullveldisréttar Íslands yfir auðlindum sjávar umhverfis landið.

866. Skýrsla [458. mál]

forsætisráðherra um meðferð ályktana 116. löggjafarþings.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Í skýrslu þessari eru birtar upplýsingar sem ráðuneytin hafa látið forsætisráðuneytinu í té um meðferð og framkvæmd þeirra ályktana sem Alþingi samþykkti á 116. löggjafarþingi. Áður hafa verið lagðar fram skýrslur um meðferð ályktana sem samþykktar voru á tímabilinu frá 1. janúar 1985 til 20. maí 1989, þá samkvæmt beiðni nokkurra þingmanna, á 112. löggjafarþingi, að frumkvæði forsætisráðherra, og á 113. og 115. löggjafarþingi, einnig að frumkvæði ráðherra. Skýrsla þessi er lögð fram með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Í skýrslunni er efni hverrar ályktunar birt ásamt greinargerð þess ráðuneytis, sem annast hefur meðferð hennar. Ekki er gerð sérstaklega grein fyrir þingsályktun um vegáætlun og ályktun um frestun á fundum Alþingis.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992.

Hinn 28. apríl 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Akureyri 15. júní 1992.

Greinargerð:

Þær ályktanir sem Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti á fundi sínum á Akureyri hinn 15. júní 1992 voru eftirfarndi:

1. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands taki upp samstarf um gagnasöfnun varðandi sameiginlega sjávarútvegssögu vestnorrænu þjóðanna. Lagt er til að sérstakur gaumur verði gefinn að gögnum um fiskveiðar Færeyinga við Grænland og Ísland frá lokum 19. aldar og fram á miðja 20. öld.
2. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands styrki samstarf landanna um upplýsingamiðlun og kynningu á lífsháttum fiskveiðiþjóðanna við Norður-Atlantshaf. Stefna ber og að þátttöku í þessu samstarfi frá Noregi og þeim ríkjum Kanada þar sem lífshættir eru svipaðir.
3. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti athuga með hvaða hætti sé unnt að greiða fyrir samskiptum og örva viðskipti milli landanna. Í því skyni verði m.a.

- skattalög og viðkomandi reglugerðir yfirfarnar,
- tollalög og viðkomandi reglugerðir endurskoðuð,
- gjaldskrár fyrir póstflutninga og símaþjónustu endurskoðaðar,
- gjaldskrár fyrir vöruflutninga milli landanna og fyrir umskipanir endurskoðaðar
- önnur atriði varðandi framkvæmd, þjónsutu opinberra aðila og gjaldskrár yfirfarin.

Lagt er og til að stofnuð verði samstarfsnefnd, skipuð fulltrúum frá viðskiptaráðuneytum landanna þriggja, til að kanna möguleika þess að auka viðskipti milli landanna.

4. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands taki upp virkara samstarf á sviði samgöngu- og ferðamála í því skyni að bæta samgöngur innan vestnorræna svæðisins og tengsl þess út á við ásamt því að styrkja ferðamannaþjónustu sem atvinnugrein á vestnorræna svæðinu. Einnig er lagt til að kannaðir verði möguleikar þess að komið verði á föstum skipaflutningasamgöngum milli vestnorræna svæðisins og Stóra-Bretlands.
5. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands
   a. standi að gerð aðgengilegs upplýsingaefnis um vestnorrænu löndin á færeysku, grænlensku og íslensku.
   b. stuðli að því að ráðherranefnd Norðurlanda breyti reglum þeim sem gilda um styrki til nemendaskipta og námsferða innan Nordplus-junior kerfisins þannig að þær taki til nemendaskipta og námsferða milli allra vestnorrænu ríkjanna innbyrðis.
6. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands fylgi eftir því samstarfi sem hefst á vestnorrænu ráðstefnunum þremur sem haldnar verða 1992 um jafnréttis-, umhverfis- og æskulýðsmál.
7. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni sameiginlega að því að trygging fáist gegn því að hergögnum verði sökkt í sæ.
8. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að samvinnu á sviði tölvumála á vestnorræna svæðinu.
9. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti endurbyggja bæ Eiríks rauða í Bröttuhlíð á Grænlandi og Þjóðhildarkirkju á sama stað. Endurbyggingin verði til minningar um 500 ára búsetu norrænna manna á Grænlandi.

Varðandi þingsályktanir um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins er sá háttur jafnan hafður á að forsætisráðuneytið sendir einstökum ráðuneytum bréf og vekur athygli þeirra á ályktunum Alþingis um ályktanir ráðsins og þeim atriðum sem að þeim snúa sérstaklega. Í samræmi við það var menntamálaráðuneyti (tölul. 1,5,6 og 9), utanríkisráðuneyti (tölul. 2,3,5 og 7), fjármálaráðuneyti (tölul. 8), samgönguráðuneyti (tölul. 4), umhverfisráðuneyti (tölul. 6) og félagsmálaráðuneyti (tölul. 6) rituð bréf dags. 14. maí 1993 þar sem vakin er athygli á atriðum sem þau snerta og tilmælum um framkvæmd komið á framfæri.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota.

Hinn 6. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna grófra ofbeldisbrota, svo sem kynferðisbrota.

Greinargerð:

Hinn 2. desember 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að athuga m.a. hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Í nefndinni eiga sæti Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi, Ingibjörg Benediktsdóttir, héraðsdómari, Jenný Baldursdóttir, starfsmaður Kvennaathvarfsins, og Jón H. Snorrason, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í janúar 1995 skilaði nefndin til dómsmálaráðherra drögum að frumvarpi til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota og var það lagt fyrir Alþingi í febrúar 1995.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

1. Undirbúningur að stofnun reynslusveitarfélaga.

Hinn 8. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga, er starfi frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1998, á grundvelli hugmynda sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar. Með hliðsjón af því skipi félagsmálaráðherra fjögurra manna verkefnisstjórn sem hafi yfirumsjón með framkvæmd þessa tilraunaverkefnis.

Frumvarp til laga um reynslusveitarfélög verði lagt fyrir Alþingi vorið 1994 að undangengnum viðræðum milli verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga, félagsmálaráðuneytis og annarra fagráðuneyta um hvernig skuli staðið að framkvæmd tilraunaverkefnisins.

Greinargerð:

Í samræmi við þingsályktunina var lagt fram á Alþingi vorið 1994 frumvarp til laga um reynslusveitarfélög, sem var samþykkt á Alþingi hinn 19. maí s.á., sbr. lög nr. 82/1994.

Sérstök verkefnisstjórn hefur umsjón með framkvæmd verkefnisins. Hún er skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af félagsmálaráðherra og tveimur tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Tilraunatímabilið stendur til aldamóta. Gert er ráð fyrir því að tilraunir sem fela í sér yfirtöku nýrra verkefna hefjist ekki fyrr en 1. janúar 1996 þar sem þær krefjast ýtarlegs undirbúnings.

Samkvæmt lögunum geta reynslusveitarfélögin orðið allt að tólf. Í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar tók félagsmálaráðherra hinn 20. júní 1994 ákvörðun um að eftirtalin sveitarfélög skuli verða reynslusveitarfélög: Sameinað sveitarfélag Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Reykjavíkurborg, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Dalabyggð, Vesturbyggð, Akureyrarkaupstaður, Neskaupstaður, Hornafjarðarbær og Vestmannaeyjabær.

Lög um reynslusveitarfélög gera ráð fyrir því að árlega verði lögð fram skýrsla á Alþingi um framkvæmd verkefnisins. Verður slík skýrsla lögð fram á þessu þingi.

2. Íbúðaverð á landsbyggðinni.

Hinn 8. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er leiti leiða til þess að efla almennan íbúðamarkað á landsbyggðinni. Nefndinni verði sérstaklega gert að skoða hver áhrif lög og reglur um félagslegt íbúðarhúsnæði hafi á stöðu íbúðamarkaðarins.

Greinargerð:

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd með hliðsjón af þingsályktuninni sem m.a. var falið að athuga áhrif laga og reglugerða um félagslegt húsnæði á stöðu íbúðamarkaðarins á landsbyggðinni. Nefndin hefur unnið að athugun á endursöluverði íbúða og hvernig efla megi almennan íbúðamarkað á landsbyggðinni. Endanlegar niðurstöður munu liggja fyrir á næstunni.

3. Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Með ályktun Alþingis hinn 7. maí 1993 var ríkisstjórninni falið að vinna samkvæmt þargreindri framkvæmdaáætlun að aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna á tímabilinu frá 1993 til 1997.

Greinargerð:

Hinn 24. nóvember 1994 var útbýtt á Alþingi skriflegu svari forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns um aðgerðir stjórnvalda í þessu skyni. Í svari forsætisráðherra er framkvæmdaáætlunin birt í heild ásamt greinargerð um stöðu einstakra liða hennar og vísast þangað, sbr. mál 93, þskj. 264 á 118. löggjafarþingi.

4. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna:

a. hvaða stefnumörkun niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra kalli á,
b. hverjar séu takmarkanir bótakerfisins gagnvart þessum hópi og hvort og þá hvernig breyta skuli stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnulsyi,
c. hvernig unnt er að bæta aðgang atvinnulausra að menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun,
d. hver sé þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis.

Í upphafi næsta þings verði lögð fram greinargerð um málið.

Greinargerð:

Hinn 24. nóvember 1993 var forseta Alþingis send skýrsla félagsmálaráðherra um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis með vísan til þingsályktunar þessarar.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana.

Hinn 8. maí samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er.

Greinargerð:

Fjármálaráðuneytið undirbýr nú endurskoðun þá, sem þingsályktunin kveður á um. Ljóst er að til þess að því markmiði verði náð, sem að er stefnt með þingsályktuninni, verður endurskoðunin að vera mjög ítarleg, enda taka fjölmargar ríkisstofnanir gjald fyrir veitta þjónustu. Er nauðsynlegt að vel sé staðið að öllum undirbúningi, þannig að endurskoðunin verði sem markvissust og að niðurstöður hennar sem skýrastar.

Í þessu sambandi ber að minnast á lagabreytingu þá sem gerð var að frumkvæði ríkisstjórnarinnar á 10. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með 1. gr. laga nr. 50/1994. Með lagabreytingu þessari lækkuðu gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda mjög. Markmiðið með lagabreytingunni var að gjaldtaka yrði ekki hærri en sem nemur kostnaði ríkissjóðs af útgáfu leyfisveitinganna.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

1. Réttarstaða barna með krabbamein og annarra sjúkra barna.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að fara yfir og gera tillögur um bætta réttarstöðu barna með krabbamein, svo og annarra sjúkra barna, og aðstandenda þeirra, einkum með tilliti til almannatrygginga. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og annarra hliðstæðra samtaka.

Greinargerð:

Hinn 21. október 1993 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd í samræmi við fyrrnefnda ályktun, en tilnefninga í nefndina hafði verið óskað um sumarið 1993.

Í nefndina voru skipaðar Dögg Pálsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, formaður; Jóhanna Guðbrandasóttir, tilnefnd af Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Guðrún Ragnars, tilnefnd af Umhyggju, félagi til stuðnings sjúkum börnum, og Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir, tilnefnd af Tryggingastofnun ríkisins. Nefndin hefur haldið 15 fundi og er enn að störfum. Nefndin hefur fengið á fund sinn fulltrúa allflestra foreldrahópa sjúkra barna til að gefa þeim kost á að lýsa viðhorfi sínu til réttarstöðu sjúkra barna, einkum með hliðsjón af því hvað betur megi fara.

Starf nefndarinnar er á lokastigi og er fyrirhugað að hún ljúki störfum í mars 1995. Nefndin mun í áliti sínu gera grein fyrir niðurstöðum starfs síns og skila tillögum sem hafa það að markmiði að bæta réttarstöðu sjúkra barna.

2. Rannsókna-, forvarna- og fræðslustörf um gigtsjúkdóma.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar, í tilefni af norræna gigtarárinu 1992, að fela heilbrigðisráðherra að móta tillögur um eflingu rannsókna á gigtsjúkdómum í samvinnu við Gigtarfélag Íslands. Jafnframt beiti ráðherra sér fyrir stórauknu forvarna- og fræðslustarfi um gigtsjúkdóma í samráði við Gigtarfélagið.

Alþingi ályktar enn fremur að fela heilbrigðisráðherra að gera raunhæfar tillögur um áframhaldandi eflingu lækninga, hjúkrunar og endurhæfingar fyrir gigtsjúka hér á landi og stuðla að aðgerðum er koma í veg fyrir vinnutap og langvarandi örorku vegna gigtsjúkdóma.

Greinargerð:

Hinn 28. júní 1993 óskaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eftir því með bréfi við Gigtarfélag Íslands, Landlæknisembættið, Læknafélag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins að þessir aðilar hver um sig tilnefndu einn fulltrúa í nefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögur byggðar á efni þingsályktunarinnar. Í nefndina var skipað 21. október 1993.

Eftirfarandi aðilar voru tilnefndir og skipaðir í nefndina: Frosti F. Jóhannsson frá Gigtarfélaginu, Júlíus Valsson læknir frá Tryggingastofnun, Kristján Erlendsson læknir frá Læknafélaginu og Kristján Steinsson læknir frá Landlæknisembættinu. Dr. Guðjón Magnússon skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin kom fyrst saman 19. nóvember 1993. Hefur nefndin m.a. aflað upplýsinga með heimsóknum á heilbrigðisstofnanir er veita gigtsjúkum þjónustu. Voru drög að ályktun nefndarinnar send út til umsagnar til stofnana og félagasamtaka með bréfi í júní 1994. Gerir nefndin ráð fyrir að skila af sér til ráðherra í lok febrúar 1995.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta. Áætlunin skal taka til bæði eldis ferskvatnsfiska og sjávarfangs. Sérstaklega verði kannað hvernig unnt sé að nýta sem best þau fiskeldismannvirki sem nú þegar hafa verið byggð.

Markmið áætlunarinnar skal vera að móta stefnu þannig að fyrir aldamót verði Íslendingar í fremstu röð þjóða hvað varðar þekkingu á eldi fiska og annars sjávarfangs.

Greinargerð:

Hér fara á eftir upplýsingar og afstaða ráðuneytisins varðandi þau atriði sem fram koma í greinagerð með tillögunni og er varða framtíðarþróun og uppbyggingu í fiskeldi.

Fiskeldi verði tryggt fjármagn til að bæta eldisaðstæður og tryggja betur árangur í eldinu. Nýlega lét nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytis og Rannsóknarráðs gera úttekt á nokkrum stærslu fiskeldisstöðvum um nauðsynlegar úrbætur til að tryggja framfarir og betri eldisárangur. Kostnaður við slíkar aðgerðir liggur nú fyrir hjá nokkrum stærstu fyrirtækjunum. Mjög mikilvægt er að fiskeldisfyrirtækin fái aðgang að þróunarfjármagni til að geta bætt árangur sinn.

Fiskeldisstöðvar verði styrktar til að kaupa bóluefni a.m.k. næstu 2-3 árin. Bóluefni er hluti af rekstrarkostnaði við framleiðslu eldisfisks. Ekki er ástæða til að ríkið styrki beint ákveðna rekstrarþætti fremur en aðra.

Fiskeldisstöðvum verði heimilað að kaupa ótrygga orku. Landbúnaðarráðherra skipaði nefnd 10. desember 1993 til að athuga kostnað fiskeldis við kaup á raforku og leita leiða til að lækka þann kostnað. Nefndin hefur fundað með fulltrúum orkufyrirtækja, hagsmunasamtökum fiskeldismanna (L.F.H.) og fulltrúum Rannsóknarráðs. Fulltrúar orkufyrirtækjanna vilja tengja hugsanlegar ívilnanir í raforkuverði rannsóknum. Lögð hefur verið fram rannsóknaráætlun fyrir strandeldið, en áætlunin er forsenda þess, að einhver lækkun fáist á raforkuverði. Raforkufyrirtækin hafna alfarið beiðni um ótrygga orku, en hafa samþykkt um-

talsverða lækkun á raforkuverði, ef stundaðar séu rannsóknir, sem stuðli að bættum árangri í greininni. Landbúnaðarráðuneytið vinnur nú að því ásamt fulltrúum raforkufyrirtækjanna og Rannsóknarráðs að koma í framkvæmd lækkun á raforkuverði, hjá þeim fyrirtækjum, sem geta uppfyllt skilyrði um rannsóknir.

Tryggt verði að fiskeldisfyrirtæki njóti svipaðra afurðalána og með sambærilegum kjörum og aðrar útflutningsgreinar. Fiskeldisfyrirtæki hafa sem stendur ekki aðgang að nýjum afurðalánum. Afurðalánakerfið sem hefur verið í gangi í formi ríkisábyrgða er of dýrt, vegna ákvæða um að eldisfiskurinn sé tryggður. Fyrirtæki, sem hafa tekið þessi lán hafa flest orðið gjaldþrota, enda er kostnaður við lánin 25-30% á ári. Nefnd fjármálaráðherra, forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra, sem fjallaði um stöðu og framtíð fiskeldis og skilaði skýrslu 23. júní 1994 gerði það að tillögu sinni, að hætt yrði að veita ríkisábyrgðir til fiskeldisfyrirtækja vegna þess hve lánin eru dýr. Nefndin gerði það einnig að tillögu sinni að kjörum á lánum, sem veitt hafa verið í formi ríkisábyrgða verði breytt til samræmis við kjör á sérstökum rekstrarlánum sem landbúnaðarráðuneytið veitti til fiskeldis á árunum 1991 og 1992. Nefndin gerði einnig tillögu um að landbúnaðarráðuneytið veiti veðleyfi fyrir nýjum lánum og auðveldi þannig fiskeldisfyrirtækjum að komast í viðskipti hjá bönkum og sparisjóðum.

Markaðar verði sérstakar leiðir til að auðvelda innflutning erfðaefnis í þeim tilgangi að auka og flýta fyrir kynbótum laxfiska. Fyrirtækið Stofnfiskur h.f. var stofnað í þeim tilgangi að kynbæta bæði hafbeitar- og eldislax. Fyrirtækið er þegar farið að afgreiða hrogn til hafbeitarfyrirtækja. Fyrirtækið getur afhent kynbætt hrogn til framleiðslu á eldislaxi haustið 1995. Þannig ætti að vera vel séð fyrir þörfum fiskeldisins að því er varðar kynbætur á eldisfiski. Það er mat fisksjúkdómafræðinga, að mikil áhætta sé tekin með innflutningi á erfðaefni frá Noregi, og ekki sé verjandi að taka þessa áhættu, þar sem kynbótastöð fyrir laxfiska sé nú starfrækt hér á landi. Þess má geta að samkvæmt tillögum nefndar, sem fjallað hefur um fiskeldið var lagt til að Stofnfiskur h.f. fái viðbótarframlag á árinu 1994 að fjárhæð um 35 milljónir króna til að tryggja starfsemina í sessi. Tillaga nefndarinnar var samþykkt í ríkisstjórn.

Mörkuð verði opinber heildarstefna, a.m.k. fram til næstu aldamóta um málefni fiskeldis. Rannsóknarráð ríkisins hefur í samráði við fulltrúa landbúnaðarráðuneytis og fulltrúa fiskeldisfyrirtækja unnið svonefnda „Markáætlun" fyrir fiskeldið. Markmið áætlunarinnar er að íslensk fiskeldisfyrirtæki verði samkeppnishæf við helstu keppinauta erlendis fyrir árið 2000.

Fjárskuldbindingar vegna stofnkostnaðar hjá þeim fiskeldisstöðvum, sem þegar hafa verið reistar, verði endurskoðaðar og þeim aflétt, a.m.k. tímabundið. Opinberir sjóðir hafa aflétt tímabundið greiðslu afborgana og vaxta hjá fiskeldisstöðvum. Gjaldþrota fiskeldisstöðvar í eigu ríkisins hafa verið boðnar til kaups á mjög lágu verði. Því má fullyrða að stofnkostnaður íþyngi ekki rekstri fiskeldisstöðva.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

1. Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal.

Hinn 6. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands.

Greinargerð:

Með bréfi til þjóðminjaráðs, dags. 9. september 1994, fór menntamálaráðuneytið þess á

leit, að ráðið annaðist þá könnun sem ályktun Alþingis lýtur að og sendi ráðuneytinu álitsgerð sína fyrir 1. febrúar 1995. Óskað var eftir, að við umfjöllun málsins yrðu höfð samráð m.a. við kirkjustórn, landbúnaðarráðuneyti og Byggðasafn Skagfirðinga.

Frá áliti þjóðminjaráðs er greint í bréfi þjóðminjavarðar til ráðuneytisins, dags. 27. janúar 1995. Fer meginmál þess hér á eftir:

> Háttvirt menntamálaráðuneytið sendi þjóðminjaráði til umsagnar í bréfi dags. 9. sept. sl. ályktun Alþingis hinn 6. maí 1993 um stofnun „safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands". (tilv. 31.320/01.020).
>
> Að ósk ráðuneytisins var erindi sent biskupi Íslands, landbúnaðarráðuneytinu og Byggðasafni Skagfirðinga. Lét ég fylgja hugmyndir mínar um það, hvernig standa ætti að málum.
>
> Bréflegt svar hefur aðeins borist frá Byggðasafni Skagfirðinga, sem fylgir í ljósriti. Hins vegar gaf biskup það álit símleiðis, að hann væri samþykkur hugmynd minni í bréfinu en bað jafnframt um, að leitað yrði álits vígslubiskups á staðnum, sr. Bolla Gústavssonar. Tók víglubiskup einnig undir hugmyndir mínar í símtali.
>
> Landbúnaðarráðuneytið sendi bréf sitt Jóni Bjarnasyni skólastjóra á Hólum til meðferðar. Ég átti símtal við Jón fyrir skemmstu og tók hann einnig undir hugmyndir mínar. Hann ásamt víslubiskupi tók þó fram, að ekki væri rétt að loka neinum dyrum til framtíðar, þannig að færa mætti út kvíarnar um slíkt safn síðar meir ef ástæða þætti til.
>
> Svar Byggðasafns Skagfirðinga er samið eftir fund safnstjórnar hinn 16. janúar sl. og segir þar:
>
> > Lýstu nefndarmenn ánægju sinni með þá hugmynd, að koma upp safni heima að Hólum, þar sem lögð verði áhersla á kirkjusögu landsins. Telur nefndin að safn þetta ætti aðallega að vera helgað sögu Hólastaðar og þeim sögulegu atburðum er tengjast biskupssetrinu á Hólum á einhvern hátt.
> >
> > Taka nefndarmenn undir þá hugmynd þjóðminjavarðar að komið verði upp vandaðri staðarsýningu, sem kynni sögu staðarins og kynni menningarlegt gildi hans um aldir. Ýmsir gripir frá Hólum gætu einnig prýtt þá sýningu.
> >
> > Þá leggur nefndin áherslu á það, að komið verði upp bókasafni á Hólum, þar sem varðveittar verða bækur, sem prentaðar voru á Hólum. Slíkt safn Hólaprents yrði þá í tengslum við staðarsýninguna og varðveitt í traustu húsnæði.

Ég undirritaður hafði kynnt þjóðminjaráði þá skoðun mína á fundi hinn 13. okt. sl., að grundvöllur væri mjög hæpinn og nánast enginn fyrir raunverulegu kirkjusögulegu safni á Hólum, sem geymdi kirkjulega dýrgripi, enda séu kirkjugripir ekki á lausu til þess, húsnæði ekkert þar sem hæfði dýrgripasafni og þyrfti því að byggja gott og vandað húsrými. Kirkjusögulegt safn með dýrgripum myndi enda kosta mikið í rekstri, þar sem slíkt nútímasafn krefðist sérfræðinga, í þessu tilviki líkast til þriggja, forstöðumanns, forvarðar og safnvarðar.

Ég tjáði ráðinu hins vegar, að ástæða væri til að koma upp á Hólum vandaðri og fræðandi staðarsýningu, sem kynnti sögu Hóla og þátt staðarins í menningarsögu landsmanna. Yrði sýningin einkum byggð upp af myndum, góðum skýringartextum, uppdráttum og hugsanlega yrðu þar einhverjir gripir tengdir Hólastað. Slík staðarsýning myndi kosta tiltölulega lítið fé, þyrfti ekki sérstaka daglega umönnun né gæslu og gestir gætu skoðað hana sér til gangs á skömmum tíma. Hún ætti að vera undir umsjá minjavarðar í Skagafirði og henni mætti finna stað í skólahúsinu eða í gömlu húsi, sem talað hefur verið um að nýta í slíkum tilgangi.

Á Hólum stendur dómkirkjan gamla með mörgum dýrgripum allt frá miðöldum. Hún er í sjálfu sér safn og sjá þarf til þess, að sem allrabest sé hlúð að henni og gripum hennar, enda er allt þar í mjög góðu lagi eftir hina vönduðu viðgerð fyrir fáum árum.

Þá má nefna, að torfbænum gamla. „Nýja bæ", er haldið við á vegum Þjóðminjasafnsins og er nú unnið að því í samráði við heimamenn að finna honum frekara hlutverk í höndum staðarmanna. Þjóðminjaráð tók undir þessa skoðun og fól mér að svara erindinu samkvæmt því. Leyfi ég mér því að leggja hugmyndir þessar fyrri ráðuneytið sem svar við fyrrgreindu bréfi.

Bæta má við, að hugmynd um slíka sýningu er ekki ný. Fyrir allmörgum árum viðraði ég hana við þáv. formann Hólafélagsins og hvatti til, að félagið beitti sér fyrir söfnun Hólaprents, eftir því sem það fengist á viðráðanlegan hátt. Líklegast hefur árangur ekki orðið mikill enn. Kirkjan sjálf á frumprent af Guðbrandsbiblíu, en annað Hólaprent mun víst ekki vera til á staðnum. Héraðsbókasafn Skagfirðinga hefur þó eignast á síðari árum eitthvað af Hólaprenti að gjöf frá velunnara.

Ég tel, að frekari framkvæmdir þessara hugmynda væru bestar komnar í höndum safnstjóra Glaumbæjarsafns, þar til eiginlegur minjavörður hefur verið skipaður þar nyðra. Ég hefi oftlega rætt þetta mál við safnstjórann, sem er því mjög hlynntur, enda hefur hann látið sig minjar á Hólastað miklu skipta og fylgst með þeim reglulega.

Menntamálaráðuneytið telur fyrir sitt leyti, að þær hugmyndir um „staðarsýningu" sem lýst er í bréfi þjóðminjavarðar séu allrar athygli verðar og einnig eðlilegt að gera ráð fyrir nánum tengslum við Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ. Ráðuneytið telur rétt að vinna áfram að könnum málsins á þessum grundvelli í samráði við forráðamenn Hólastaðar.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Fjármögnun á gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem hafi eftirfarandi verkefni:

a. að kanna hvar sé mögulegt og réttlætanlegt að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð,

b. að kanna hvernig þurfi að breyta núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð til þess að mögulegt og réttlætanlegt sé að fjármagna vegi og tengd samgöngumannvirki í auknum mæli á annan hátt en nú er gert,

c. að kanna hvaða áhrif annars konar fjármögnun en með framlögum úr Vegasjóði samkvæmt núgildandi lögum hefði á uppbyggingu samgöngukerfisins.

d. að kanna möguleika á að auka og bæta nýtingu tekjustofna Vegasjóðs.

Greinargerð:

Að þessu máli hefur verið unnið af samgönguráðuneyti og Vegagerð ríksins. Óformlegir vinnufundir hafa verið haldnir milli starfsmanna ráðuneytis og Vegagerðarinnar þar sem málið hefur verið til umræðu, en sérstök nefnd hefur ekki verið skipuð.

Gangnagerð undir Hvalfjörð stendur fyrir dyrum og hefur verið unnið að því verkefni síðustu misseri, en fjármögnun þess er með nýstárlegum hætti. Sérstakt félag um Hvalfjarðargöng útvegar fjármagn til framkvæmda án framlaga úr ríkissjóði, en til stendur að vegfarendur greiði vegtoll sem nýttur verður til að standa undir framkvæmdakostnaði. Með hliðsjón af

framangreindu má líta á Hvalfjarðargöng sem einskonar prófstein á fjármögnun samgöngumannvirkja með öðrum hætti en almennt hefur tíðkast hingað til.

2. Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði.

Hinn 6. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu innanlands.

Greinargerð:

Samgönguráðuneytið skipaði hinn 5. desember 1994 nefnd til að sinna því verkefni sem þingsályktunin lýtur að. Nefndina skipa Valgarður Egilsson, læknir, sem jafnframt er formaður, Erla Kristjánsdóttir, kennslustjóri, Gunnlaugur Eiðsson, leiðsögumaður, Jón Böðvarsson, cand. mag., og Margrét Hallgrímsdóttir, borgarminjavörður.

Nefndin hóf störf í byrjun þessa árs og áformar að skila áfangaskýrslu í lok febrúar 1995, en í skipunarbréfi nefndarinnar er tekið fram að æskilegt sé að nefndin hraði störfum sínum.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

Rannsóknir á botndýrum við Ísland.

Hinn 8. maí samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta Hafrannsóknastofnun vinna áætlun um frekari rannsóknir á botndýrum við Ísland með megináherslu á tegundir sem vænlegar eru til nýtingar.

Áætlunin skipi rannsóknarsvæðum í forgangsröð og áætli fjárþörf rannsóknanna. Meta skal hversu mikinn hluta rannsóknanna megi vinna í samvinnu við útgerðarmenn og fyrirtæki sem þegar nýta botndýr.

Tilgangur rannsóknanna verði meðal annars að leita nýrra miða og meta veiðiþol stofna. Jafnframt verði gerðar tillögur um hvernig best verði staðið að ráðgjöf og stuðningi við þróun og vinnslu á vannýttum botndýrum og markaðssetningu afurðanna.

Greinargerð:

Sjávarútvegsráðuneytið sendi erindið til Hafrannsóknastofnunar, og hefur nú borist umsögn stofnunarinnar. Í umsögninni kemur fram að stofnunin gerði rannsóknaáætlun um útbreiðslu og nýtingu á botnlægum tegundum á grunnslóð umhverfis landið að beiðni sjávarútvegsráðuneytis. Ekki fékkst fé á þeim tíma til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd þannig að aðeins lítill hluti hennar var unninn.

Rannsóknir á kúfiski voru gerðar fyrir kúfisknefnd á árinu 1987 og fundust stór mið í Breiðafirði, Faxaflóa og við Suðausturland. Tilraunir með kræklingarækt og hörpudiskeldi hafa einnig verið framkvæmdar í samvinnu við aðra aðila. Humar hefur verið veiddur utan hefðbundinna miða með þar til gerðum gildrum með góðum árangri. Trjónukrabbi hefur verið rannsakaður á grunnslóðinni nánast allt í kringum landið og gerðar árangursríkar tilraunaveiðar með sérhönnuðum gildrum. Veiðimöguleikar annarra krabbategunda, s.s. gaddakrabba hafa einnig lítillega verið kannaðir. Gerðar hafa verið rannsóknir á beitukóngi, m.a. líffræðirannsóknir sem farið hafa fram í samvinnu við heimamenn á Reykhólum. Þá hafa nokkrar athuganir verið gerðar á hafkóngi.

Rannsóknir og tilraunaveiðar á ígulkerum sem hófust hjá Hafrannsóknastofnun fyrir u.þ.b. 10 árum hafa skilað góðum árangri. Þessar rannsóknir komust á skrið þegar styrkur fékkst frá Rannsóknaráði ríkisins til þeirra og fóru þær fram í Hvalfirði og Breiðafirði á árunum 1989-1991. Niðurstöður rannsóknanna leiddu til þess að haustið 1992 hófust umfangsmiklar veiðar á ígulkerum og á fiskveiðiárinu 1993-1994 veiddust alls 800 tonn og 1400 tonn á fiskveiðiárinu 1994-1995. Í tengslum við þessar veiðar risu 14 vinnslustöðvar víðsvegar um landið, en þeim hefur eitthvað fækkað síðan.

Á árunum 1993 og 1994 veitti sjávarútvegsráðuneytið Hafrannsóknastofnun umtalsverðan styrk til að kanna útbreiðslu ígulkera við Ísland og auka rannsóknir á þeim. Um þessar mundir er verið að ljúka umfangsmikilli könnun á ígulkerum við landið og hafa 8 leiðangrar verið farnir til þessa verkefnis.

Síðari hluta árs 1993 barst Hafrannsóknastofnun beiðni frá Vestfirskum skelfiski um könnun og stofnstærðarmat á kúfiski úti fyrir Vestfjörðum á svæði frá Skaga við Húnaflóa að Öndverðarnesi við Breiðafjörð, en fyrirtækið hafði áhuga á að hefja vinnslu á skelinni seint á þessu ári. Hafrannsóknastofnun vann rannsóknaáætlun þar að lútandi en sjávarútvegsráðuneytið veitti síðan fé til verkefnisins sem m.a. var nýtt til leigu á eina kúfiskveiðiskipinu í eigu Íslendinga, launagreiðslna og greiðslu ferðakostnaðar rannsóknamanna. Þessar athuganir hófust strax á sl. ári. Þeim er nú lokið og skýrslur um niðurstöður liggja fyrir. Þá barst Hafrannsóknastofnun einnig fyrirspurn um hliðstæða könnun á kúfiski fyrir Norður- og Austurlandi, allt til Hornafjarðar, og var rannsóknaáætlun og kostnaðaráætlun unnin og send ráðuneyti til samþykktar. Að fengnu samþykki ráðuneytisins var gerður leigusamningur við eigendur skipsins og leiðangurinn farinn í maí og stóð hann samfellt til júníloka. Þannig hafa verið gerðar rannsóknir á kúfiskstofninum umhverfis landið og telst stofninn vera u.þ.b. 800.000 tonn með veiðigetu upp á 20-30.000 tonn á ári. Skýrslur af þessum leiðöngrum liggja fyrir.

Þá er lokið rannsóknum sem beinast að stofnstærðarmati á kræklingi í Faxaflóa, Hvalfirði og Breiðafirði að hluta og liggja niðurstöður fyrir.

Öðurannsóknir hafa verið á döfinni hjá Hafrannsóknastofnun, en ekki hefur verið hægt að hrinda þeim í framkvæmd vegna fjárskorts.

Samhliða humarrannsóknum í vor var gerð athugun á aukaveiði gaddakrabba í humartroll og gaf sú athugun góðan árangur sem fylgja ber eftir. Einnig ber að geta þess að í umræddum rannsóknum eru aðrar tegundir eins og ýmsar tegundir skelja, skrápdýra og sæsnigla skráðar gaumgæfilega og nýtast þótt síðar verði.

Á næstu árum þarf að fylgja rannsóknum á botndýrum á landgrunni Íslands eftir og efla þær til muna. Þá þarf að auka rannsóknir á botndýrunum, bæði svæðisbundið þar sem fylgst verður með líffræði þeirra og umhverfisþættir ýmsir skoðaðir og einnig tengja þær þeim rannsóknum sem þegar hafa verið gerðar á landgrunninu, t.d. botndýrarannsóknum sem Háskóli Íslands stundar í samvinnu við ýmsa erlenda aðila (BIOICE).

Í september á sl. ári voru gerðar nákvæmar rannsóknaáætlanir á vegum Hafrannsóknastofnunar um æskilegar og fyrirhugaðar rannsóknir á þessu ári.

Hafrannsóknastofnun hefur einnig upplýst að kostnaður samfara ofangreindum verkefnum skiptist með eftirfarandi hætti á árunum 1993 og 1994:

1993	
Ígulkerarannsóknir	kr. 7.304.000
Kúfiskrannsóknir	kr. 59.000
Beitukóngsrannsóknir	kr. 1.377.000
Botndýrarannsóknir (BIOICE)	kr. 4.598.000
Samtals	**kr. 13.338.000**

1994	
Kræklingarannsóknir	kr. 500.000
Ígulkerarannsóknir	kr. 2.707.000
Kúfiskrannsóknir	kr. 15.292.000
Botndýrarannsóknir (BIOICE)	kr. 5.000.000
Samtals	**kr. 23.499.000**

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

1. Fullgilding alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990, sem gerður var í Lundúnum 30. nóvember 1990.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 21. júní 1993. Hann hefur ekki öðlast gildi. Framkvæmdir standa yfir við að setja upp mengunarvarnarbúnað í helstu höfnum landsins og lýkur því verki á árinu 1995. Einnig er unnið að því að þjálfa mannafla til að mæta mengunaróhöppum í íslenskri lögsögu.

2. Fullgilding fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins.

Hinn 25. nóvember 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins (TSSL) sem gerður var í Prag 20. mars 1992.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 27. nóvember 1992 og tók gildi 1. janúar 1993.

3. Fullgilding fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

Hinn 8. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ísraels sem gerður var í Genf 17. september 1992.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 16. júní 1993 og tók gildi 1. ágúst 1993.

4. Fullgilding fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands.

Alþingi samþykkti hinn 7. maí 1993 svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Póllands sem gerður var í Genf 10. desember 1992.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 16. júní 1993 og tók gildi 15. október 1993.

5. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Hinn 21. apríl 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingu á Montreal-bókun frá 16. september 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins er gerð var í Lundúnum 29. júní 1990, sbr. Vínarsamning frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins.

Greinargerð:

Breytingarnar voru fullgiltar af Íslands hálfu 16. júní 1993 og öðluðust gildi fyrir Ísland 14. september 1993. Fylgt hefur verið eftir framkvæmd þessa samnings með setningu reglugerðar 268/1993, um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna (CFC) og halóna, sem sett var með heimild í 1. gr. laga nr. 51/1993, um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. Fullgilding rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerður var í New York 9. maí 1992.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 16. júní 1993 og öðlaðist gildi 21. mars 1994.

7. Samningur milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands

Hinn 22. desember 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 25. júní 1992.

Greinargerð:

Samningurinn var undirritaður 25. júní 1992 með bráðabirgðagildistöku 1. júlí 1992 með endanlegri gildistöku eftir samþykki Alþingis á þingsályktunartillögunni 22. desember 1992. Samningurinn gilti fyrir vertíðarnar frá og með 1. júlí 1992 til og með 30. apríl 1994.

8. Tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið.

Hinn 5. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagði um tvíhliða samskipti þess og Íslands, einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis.

Greinargerð:

Efni þingsályktunarinnar var komið á framfæri við framkvæmdastjórn ESB og aðildarríki ESB fyrir milligöngu sendiráða.

9. Fullgilding samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu sem gerður var í Bern 19. september 1979.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 17. júní 1993 og öðlaðist gildi fyrir Ísland 1. október 1993. Lög nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum taka mið af ákvæðum samningsins.

10. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Hinn 28. apríl 1993 samykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar a að lýsa stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu (VES).

Greinargerð:

Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu tekur formlega gildi þegar aðild Grikklands hefur verið fullgilt af gríska þinginu. Þangað til hafa Ísland, Noregur og Tyrkland stöðu virkra áheyrnaraðila að sambandinu.

11. Fullgilding samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

Hinn 19. apríl samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

Greinargerð:

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 1. september 1992. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 6. maí 1993 með gildistöku frá þeim degi.

12. Staðfesting samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Hinn 13. janúar 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd:

1. samning í formi erindaskipta milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál sem gerður var í Óportó 2. maí 1992;
2. samning um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem gerður var í Brussel 27. nóvember 1992.

Greingargerð:

Samningurinn tók gildi með bréfaskiptum milli Íslands og ESB 15. desember 1993.

13. Staðfesting breytinga á samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Hinn 7. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samþykkt frá 2. febrúar 1971 um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, er gerð var í Regina 28. maí 1987.

Greinargerð:

Breytingarnar voru fullgiltar af Íslands hálfu 18. júní 1993, en hafa ekki öðlast gildi. Bókunin setur fram málsmeðferðarreglur vegna breytinga á samþykktinni og kallar ekki á sérstakar framkvæmdir hér á landi.

14. Fullgilding Evrópusamninga um viðurkenningu og fullnustu refsidóma.

Hinn 6. maí 1933 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970 og samning um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983.

Greinargerð:

Samningurinn um alþjóðlegt gildi refsidóma var fullgiltur 6. ágúst 1993 og tók gildi 7. nóvember s.á. Samningurinn um flutning dæmdra manna var einnig fullgiltur 6. ágúst 1993 og tók gildi 1. desember s.á.

867. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Högna S. Kristjánsson, lögfræðing í dómsmálaráðuneyti, Helga V. Jónsson héraðsdómara og Jón H. Snorrason, deildarstjóra í Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá barst umsögn frá Landssambandi lögreglumanna.

Í máli þessu er lagt til að 108. gr. almennra hegningarlaga falli brott en þar er kveðið á um verndun æru opinberra starfsmanna. Hins vegar er mælt fyrir um að móðganir eða aðdróttanir, sem störf þeirra varða og refsiverðar kunna að vera, að áliti ákæruvalds, sæti opinberri ákæru að kröfu þeirra sjálfa. Í tilefni ábendinga Landssambands lögreglumanna tekur nefndin fram að ekki er litið svo á að verið sé að skerða réttarvernd lögreglumanna með þessari breytingu. Verði það hins vegar raunin er rétt að málið verði endurskoðað.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Jón Helgason og Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Björn Bjarnason, frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ey. Kon. Jónsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Tómas Ingi Olrich.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.
	Svavar Gestsson, með fyrirvara.	

868. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Högna S. Kristjánsson, lögfræðing í dómsmálaráðuneyti, Helga V. Jónsson héraðsdómara, Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og Jón H. Snorrason, deildarstjóra í Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Markmið frumvarps þessa er að styrkja stöðu brotaþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Það sama gildi um tjón á munum sem tjónþoli bar á sér þegar líkamstjóni var valdið. Tjónþoli eigi þó ekki rétt á miskabótum þegar um er að ræða brot sem varðar einungis við ákvæði hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Í 6. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að það sé skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu. Nefndin álítur að almennt skuli við það miðað að brotið verði kært innan sex mánaða frá að það var framið.

Lagðar eru til tvær breytingar á frumvarpinu, annars vegar að bótanefnd eigi ekki aðgang að sjúkraskrám nema með samþykki brotaþola. Hins vegar er lagt til að dómsmálaráðherra veiti Alþingi árlega upplýsingar um þau útgjöld sem lög þessi hefðu í för með sér, ef samþykkt verða, næstu fimm árin í ljósi þess að alls óvíst er hversu mikil þau verða.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson, Kristinn H. Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Björn Bjarnason.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Ey. Kon. Jónsson.

869. Breytingartillögur [411. mál]

um frv. til l. um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 14. gr. Við síðari málslið 2. mgr. bætist: enda liggi fyrir samþykki hans.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal á ári hverju til ársloka 2000 gera Alþingi grein fyrir þeim útgjöldum sem lög þessi hafa í för með sér.

870. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk umsagnir frá Dómarafélagi Íslands, Seðlabanka Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins, réttarfarsnefnd og Lögmannafélagi Íslands.

Í ábendingum Lögmannafélagsins kemur m.a. fram að í 3. gr. Lúganósamningsins sé vitnað til laga um meðferð einkamála í héraði sem leyst hafa verið af hólmi með lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þess ber að geta að samningurinn var gerður 16. september 1988 og tekur því mið af þeim lagaákvæðum sem þá voru í gildi. Hins vegar ber samningsríkjum að tilkynna svissneska sambandsráðinu um allar breytingar sem verða á þeim lögum sem nefnd eru í samningnum, sbr. VI. gr. í bókun nr. 1 við samn-

inginn og hefur nefndin verið fullvissuð um að við það verði staðið af Íslands hálfu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kristinn H. Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Guðmundur Bjarnason.

871. Nefndarálit [295. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um tjáningarfrelsi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og er sammála um að verði frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, 297. mál, samþykkt sem breyting á stjórnarskránni sé eðlilegt að ríkisstjórnin láti semja nýja löggjöf um tjáningarfrelsi á grundvelli ákvæða hinnar nýju stjórnarskrár. Með vísan til þessa er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 24. febr. 1995.

Björn Bjarnason, frsm.	Ingi Björn Albertsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Tómas Ingi Olrich.	Svavar Gestsson.
	Ey. Kon. Jónsson.	

872. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og studdist hún við umsagnir er bárust á 116. löggjafarþingi frá Siðfræðistofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands, vottum Jehóva, fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar, Landssambandi lögreglumanna, Blaðamannafélagi Íslands, barnaverndarráði, Nýrri dögun, Slysavarnafélagi Íslands, Krossinum og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í málinu er kveðið á um að skipuð skuli nefnd til að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks. Þetta mál er vandmeðfarið, m.a. með tilliti til þeirra reglna sem gilda um tjáningarfrelsi. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem leggi grundvöll að samráðsvettvangi hlutaðeigandi aðila um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón Helgason.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Björn Bjarnason, frsm. Anna Ólafsdóttir Björnsson. Ey. Kon. Jónsson.

Ingi Björn Albertsson. Guðmundur Árni Stefánsson. Tómas Ingi Olrich.

Ólafur Þ. Þórðarson. Svavar Gestsson.

873. Lög [335. mál]

um samræmda neyðarsímsvörun.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 839.

874. Lög [442. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 757.

875. Lög [403. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 645.

876. Lög [384. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 840.

877. Nefndarálit [427. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100/1974, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér breytingar sem nauðsynlegt er að gera á lögum um Hitaveitu Suðurnesja í framhaldi af sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnahrepps í eitt sveitarfélag. Samkomulag er milli eigenda Hitaveitu Suðurnesja um þær breytingar er felast í frumvarpinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Pálmi Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Svavar Gestsson, form.	Sigríður A. Þórðardóttir, frsm.	Tómas Ingi Olrich.
Guðjón Guðmundsson.	Gísli S. Einarsson.	Guðmundur Bjarnason.
Páll Pétursson.		Kristín Einarsdóttir.

878. Nefndarálit [449. mál]

um till. til þál. um staðfestingu Norðurlandasamnings um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samykkt.
Páll Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sigbjörn Gunnarsson.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

879. Nefndarálit [450. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á samningsviðauka nr. 11 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi eftirlitskerfi samningsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um samninginn og leggur til að hann verði samþykktur.
Páll Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sigbjörn Gunnarsson.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

880. Nefndarálit [435. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18 frá 28. október 1994, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur meiri hluti hennar til að hún verði samþykkt.

Páll Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sigbjörn Gunnarsson.	Tómas Ingi Olrich.
	Ólafur Ragnar Grímsson.	

881. Svar [260. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um verndaða vinnustaði.

Verndaðir vinnustaðir starfa samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Í lögunum er ekki lengur gert ráð fyrir skyldum hins opinbera að koma á fót vernduðum vinnustöðum heldur er einungis um heimildarákvæði að ræða í 30. gr. laganna. Þannig hefur verið dregið úr vægi verndaðra vinnustaða, en þess í stað lögð meiri áhersla á möguleika fatlaðra til atvinnu á almennum vinnumarkaði með stuðningi. Er þetta í samræmi við þá áherslu laganna að virkja fatlaða til fullrar þátttöku í samfélaginu og að þeir njóti jafnréttis við aðra þjóðfélagsþegna.

Í 30. gr. laga um málefni fatlaðra segir að verndaðir vinnustaðir skuli annars vegar veita fötluðum launaða starfsþjálfun svo að þeir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skulu þeir veita fötluðum launuð föst störf. Á mörgum vernduðum vinnustöðum eru mörkin óljós varðandi hæfingu og vinnu.

Í lögunum eru engin ákvæði um launakjör fatlaðra né félagsleg réttindi þeirra á vernduðum vinnustöðum.

Ekki hefur verið gefin út reglugerð um verndaða vinnustaði á grundvelli þessara laga. Hins vegar var gefin út reglugerð um verndaða vinnustaði nr. 329/1983 á grundvelli eldri laga þar sem skilgreint er hlutverk verndaðra vinnustaða og nánari útfærsla á starfsemi þeirra. Hefur verið stuðst við reglugerðina með tilliti til skilgreiningar.

1. *Hve margir verndaðir vinnustaðir eru starfræktir hér á landi samkvæmt skráningu félagsmálaráðuneytisins?*

Samkvæmt skráningu ráðuneytisins eru verndaðir vinnustaðir alls 15 í landinu á sex þjónustusvæðum af átta. Undanskilin eru Vestfjarðasvæðið og Norðurlandssvæði vestra, en þar hefur ekki verið lögð áhersla á að koma á fót vernduðum vinnustöðum.

Af þessum 15 vinnustöðum eru 8 starfræktir af opinberum aðilum, aðrir eru stofnaðir af félagasamtökum fatlaðra og reknir á þeirra vegum, flestir með styrk frá ríkinu.

2. *Hve margir starfa á þessum vinnustöðum samtals og á hverjum vinnustað fyrir sig?*

Samkvæmt könnun sem var gefin út af Sambandi verndaðra vinnustaða árið 1992, um verndaða vinnustaði á Íslandi, var fjöldi fatlaðra 364 sem störfuðu á vernduðum vinnustöðum í alls 293,5 stöðugildum. Meðaltalsfjöldi á hverjum vinnustað var 22,7 manns.

Samkvæmt könnun, sem ráðuneytið gerði í febrúar 1995, voru alls 404 fatlaðir á vernduðum vinnustöðum í 283 stöðugildum. Þeir skiptast þannig á eftirtalda vinnustaði:

	Stöðugildi fatlaðra	Fjöldi fatlaðra
Arnarholt	8	9
Ás	29	46
Bjarg	9	18
Blindravinnustofan	26	26
Bergiðjan	14	28
Heimaey	8	16
Iðjulundur	35	45
Múlalundur	55	60
Reykjalundur	17	22
Stólpi	6	12
Vinnustofa Vesturlands	10	20
Vinnustofan Selfossi	20	23
Vinnustofan Hólaberg	8	10
Vinnustofa ÖBI	23	38
Örvi Kópavogi	15	31
Samtals	283	404

Hér eru ekki meðtaldar hæfingarstöðvar og dagvistarstofnanir né heldur vinnustofur sólarhringsstofnana þar sem þær flokkast ekki undir skilgreiningu á vernduðum vinnustöðum.

3. *Hver eru launakjör þess fólks sem starfar á vernduðum vinnustöðum? Hvernig eru þau launakjör ákveðin?*

Laun fatlaðra starfsmanna eru ákvörðuð af stjórnum eða stjórnendum verndaðra vinnustaða og eru mjög breytileg eftir vinnustöðum. Hver vinnustaður hefur sína reglu við ákvörðun launa og er hún háð mati yfirmanns eða stjórnar á hverjum stað. Sums staðar eru greidd laun sem miðast við launataxta Iðju eða launataxta fiskvinnslufólks.

Annars staðar eru laun ákveðin eftir afköstum og getu hvers og eins. Einstaka vinnustaðir hafa matskerfi sem er greitt eftir og á enn öðrum er greidd ákveðin upphæð fyrir hvern tíma sem unninn er.

Verndaðir vinnustaðir eru afar ólíkir innbyrðis vegna mismunandi fatlana starfsmanna og framleiðslugeta og markaðssetning er mjög mismunandi. Varðandi þessa spurningu er rétt að taka fram að langflestir fatlaðir sem starfa á vernduðum vinnustöðum eru metnir 75% öryrkjar og njóta örorkulífeyris og tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins. Samanlagðar tryggingabætur eru um 53.360 kr. á mánuði. Örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu og heimilisuppbót mega hafa 18 þús. kr. á mánuði án þess að tekjutrygging skerðist. Enda þótt margir vinnustaðanna greiði hærri mánaðarlaun fyrir fullt starf er mjög algengt að fatlaðir starfsmenn séu aðeins í hlutastarfi vegna fötlunarinnar

þannig að launagreiðslur skerða þá lítt eða ekki tekjutryggingu heldur halda fatlaðir fullum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins með starfi á vernduðum vinnustað.

4. *Hver er lífeyrisréttur þess fólks sem starfar á vernduðum vinnustöðum? Hvernig er sá réttur ákveðinn?*

Félagsleg réttindi fatlaðra starfsmanna eru mismunandi eftir vinnustöðum og eins geta þau verið mismunandi innan sama vinnustaðar.

Samkvæmt könnun Sambands verndaðra vinnustaða, sem fyrr er vitnað til, kemur fram að fatlaðir starfsmenn á fimm vinnustöðum greiða í lífeyrissjóði og njóta réttinda þeirra. Svipað er að segja um aðild að stéttarfélagi. Starfsmenn sex vinnustaða eiga aðild að stéttarfélögum, en aðrir ekki. Skýringar sem fram koma í könnuninni eru m.a. þær að verkalýðsfélög hafi hafnað aðild fatlaðra í stéttarfélög. Langflestir vinnustaðir greiða orlofslaun og veikindadaga. Hliðstæð niðurstaða kemur í ljós við könnun ráðuneytis í febrúar 1995.

5. *Hefur ráðuneytið áform um breytingar á réttarstöðu starfsfólks á vernduðum vinnustöðum og ef svo er, hver eru þau áform?*

Atvinnumál fatlaðra hafa verið til skoðunar hjá nefnd á vegum ráðuneytisins sem tók til starfa í nóvember 1992. Nefndin hefur ekki lokið störfum en sent frá sér tvær áfangaskýrslur þar sem koma fram ýmsar hugmyndir um aðgerðir í atvinnumálum fatlaðra. Nefndin vinnur að gerð tillagna á grundvelli þessara áfangaskýrslna. Meðal tillagna sem nefndin hefur sett fram er að skipuð verði samninganefnd sem semji um laun, réttindi og skyldur fatlaðra starfsmanna í verndaði vinnu. Gert er ráð fyrir að í samninganefndinni eigi sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, hagsmunasamtökum fatlaðra og aðilum vinnumarkaðarins.

Þegar endanlegar tillögur liggja fyrir frá nefndinni mun ráðuneytið taka ákvörðun um framtíðaráform í atvinnumálum fatlaðra og þar á meðal réttarstöðu starfsfólks á vernduðum vinnustöðum.

882. Frumvarp til laga [459. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

7. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986. Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfapóstsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1995.

Greinargerð.

Með þessari breytingu á núgildandi ákvæði er lagt til að undanþegin verði frá skattskyldu viss póstþjónusta sem að mestu er sinnt af Póst- og símamálastofnun en ekki fellur undir einkaleyfi stofnunarinnar samkvæmt póstlögum. Af því leiðir að sams konar þjónusta í höndum annarra aðila verður einnig undanþegin skattskyldu.

Þannig verður undanþegin skattskyldu dreifing á árituðum blöðum og tímaritum sem samkvæmt nýlegum úrskurði ríkisskattstjóra er talin vera skattskyld á grundvelli samkeppnissjónarmiða. Undanþága þessi tekur þó ekki til óáritaðra bréfapóstsendinga, t.d. fjöldasendinga.

Einnig er dreifing á bögglapósti og forgangssendingum skattskyld eins og verið hefur þar sem slík dreifing fellur ekki undir einkaleyfi Póst- og símamálastofnunar.

883. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um breytingar á ákvæðum um heilbrigðisnefndir og yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins og gerir ráð fyrir tilflutningi hluta mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingar á þrennum lögum sem nauðsynlegar eru vegna tilflutnings mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins til Hollustuverndar, 294. mál. Umhverfisnefnd hefur fjallað samtímis um bæði málin.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun um málið frá umhverfisráðuneyti Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóra og Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóra, Franklín Georgsson, Ólaf Pétursson og Sigurbjörgu Gísladóttur, forstöðumenn fagsviða hjá Hollustuvernd ríkisins, og Guðfinn Johnsen, tæknifræðing hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Þá studdist nefndin við umsagnir frá stjórn og starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráði, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Samtökum heilbrigðisstétta, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Siglingamálastofnun ríkisins, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, landlækni og samgönguráðuneyti og gögn frá umhverfisráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Við vinnslu málsins var lögð áhersla á að þær breytingar, sem tengjast yfirfærslu mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar, næðu fram að ganga. Nefndin tók þá afstöðu að eðlilegt væri að fresta ýmsum öðrum breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, svo sem varðandi heilbrigðisnefndir og breytingar á yfirstjórn, en æskilegt er að þær verði gerðar í tengslum við þá heildarendurskoðun sem fyrirhugað er að gera á lögum nr. 81/1988. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1., 2. og 9. gr. frumvarpsins, sem kveða á um breytta skipan heilbrigðisnefnda, falli brott. Nefndin telur eðlilegt að breyting á starfsemi og skipulagi heilbrigðisnefnda verði tekin til athugunar í tengslum við fyrirhugaða heildarendurskoðun á lögum nr. 81/1988.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 4. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að fallið verði frá þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi fækkun fulltrúa í stjórn Hollustuverndar ríkisins úr sjö í þrjá og breytt hlutföll innan stjórnarinnar, en ákvæðið gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra skipi án tilnefningar tvo af þremur fulltrúum. Lagt er til að stjórnin verði fimm manna en að öðru leyti svipuð því sem nú er þannig að Alþingi tilnefni tvo. Þá telur nefndin eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi einn fulltrúa eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá er lagt til að umhverfisráðherra tilnefni tvo fulltrúa í stjórn, eins og einnig er kveðið á um í frumvarpinu, en ráðherra á nú engan fulltrúa í stjórn Hollustuverndar ríkisins og verður það að teljast óeðlilegt. Nefndin fellst ekki á að gerð verði sú breyting á yfirstjórn stofnunarinnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að forstjóri leysi framkvæmdastjóra af hólmi. Nefndin vill leggja áherslu á að í breytingartillögum nefndarinnar um þetta efni felst ekki efnisleg breyting á skipun framkvæmdastjóra frá því sem er í núgildandi lögum. Því ber ekki að túlka tillöguna á þann veg að skipa beri framkvæmdastjóra til fjögurra ára eftir að breytingar þessar hafa öðlast gildi. Nefndin fellst hins vegar á þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þriggja manna framkvæmdastjórn verði felld niður, en bendir á að tilhögun á yfirstjórn stofnunarinnar hlýtur að verða til álita við heildarendurskoðun laganna.

   Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að felld verði brott ákvæði núgildandi laga um skiptingu Hollustuverndar ríkisins í fagsvið. Nefndin styður þær tillögur þar sem mikilvægt er að stofnunin búi yfir vissum sveigjanleika að þessu leyti. Þá leggur nefndin til að í reglugerð, sem umhverfisráðherra setur, verði kveðið á um skiptingu stofnunarinnar í verkefnasvið. Í þessu sambandi vill nefndin þó geta þess að fram kom við umfjöllun hennar að mikilvægt væri að tryggja sjálfstæði rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins þar sem gerð væri krafa þar að lútandi varðandi faggildingu sem stefnt er að að stofan öðlist á næstunni. Á alþjóðlegum vettvangi eru gerðar ríkar kröfur til sjálfstæðis rannsóknarstofa, einkum þannig að þær séu skýrt aðskildar frá eftirlitsþættinum.

   Þá er lagt til að bætt verði við ákvæði 14.3 nýjum málslið þar sem kveðið er á um að forstöðumenn sitji stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til á 4. gr., eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar.
3. Lagt er til að gerð verði breyting á 5. gr. og notkun hugtaka samræmd.
4. Lagt er til að 1. mgr. 16. gr. falli brott þar sem samhljóða ákvæði er í 2. mgr. 13. gr. gildandi laga. Þá er lagt til að uppsetningu 16. gr. laganna verði breytt þannig að sundur verði skilin umfjöllun um matvælasvið annars vegar og eiturefnasvið hins vegar. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til á ákvæðinu, eru ekki efnislegar en varða einungis breytta uppsetningu og orðalag.
5. Breytingar, sem lagðar eru til á 10. gr., eru einungis til samræmingar og til þess ætlaðar að gera ákvæðin skýrari.
6. Lagt er til að síðari málsliður 11. gr. falli brott þar sem í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, verði endurskoðuð innan eins árs.

7. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða verði breytt með hliðsjón af breytingartillögu nefndarinnar varðandi skipan stjórnar og í ljósi þess að gert er ráð fyrir að ný stjórn verði skipuð þegar að loknum alþingiskosningum. Þá er 2. tölul. ákvæðisins felldur brott í samræmi við það að nefndin leggur ekki til breytingar varðandi heilbrigðisnefndir. Hins vegar er lagt til að í ákvæðinu verði kveðið á um heildarendurskoðun laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, innan tiltekins tíma.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich, með fyrirvara.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

884. Breytingartillögur [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Umhverfisráðherra skipar Hollustuvernd ríkisins stjórn að afstöðnum hverjum alþingiskosningum. Þar skulu eiga sæti fimm fulltrúar skipaðir sem hér segir: tveir kjörnir af Alþingi, tveir skipaðir án tilnefningar, þar af annar formaður, og einn skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, mótar stefnu hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri. Stjórn og rekstur stofnunarinnar er að öðru leyti í höndum framkvæmdastjóra sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa menntun og reynslu á sviði stjórnunar og rekstrar. Hann situr stjórnarfundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
   c. 3. mgr. orðist svo:
      Umhverfisráðherra skal samkvæmt tillögum stjórnar setja í reglugerð ákvæði um skiptingu stofnunarinnar í verkefnasvið. Leggi stjórn til breytta skipan sviða skal hún leita umsagnar framkvæmdastjóra og forstöðumanna. Forstöðumaður starfar yfir hverju sviði og ber faglega ábyrgð en rekstrarlega ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun, sérþekkingu og starfsreynslu á viðkomandi sérsviði. Þeir skulu ráðnir af stjórn stofnunarinnar að fenginni umsögn framkvæmdastjóra. Stjórnin skal að fenginni tillögu framkvæmdastjóra velja einn forstöðumann staðgengil framkvæmdastjóra. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

d. Í stað orðsins „Forstjóri“ í 4. mgr. komi: Framkvæmdastjóri.

4. Við 5. gr. Í stað orðsins „hollustuvernd“ í fyrri málslið komi: heilbrigðiseftirliti.
5. Við 6. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað 2. mgr. komi tvær málsgreinar (er verði 1. og 2. mgr.), svohljóðandi:
      Stofnunin annast eftirlit með innflutningi matvæla og skráningu upplýsinga um framleiðslu og dreifingu matvæla í þágu matvælaeftirlits.
      Stofnunin annast eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum í nauðsynjavörum, svo og vöruskráningu vegna eiturefna og hættulegra efna. Jafnframt annast hún framkvæmd laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og reglugerða settra samkvæmt þeim lögum.
   c. Í stað 3., 4. og 5. mgr. komi tvær málsgreinar (er verði 3. og 4. mgr.), svohljóðandi:
      Stofnunin annast framkvæmd laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og reglugerða settra samkvæmt þeim.
      Stofnunin gerir tillögur um starfsleyfi og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir og gefur út starfsleyfi eftir því sem kveðið er á um í mengunarvarnareglugerð.
   d. Við bætist ný málsgrein (er verði 5. mgr.), svohljóðandi:
      Stofnunin annast efna- og örverurannsóknir sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði mengunar og matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara. Enn fremur hefur hún umsjón með skipulagi og framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi.
   e. Við bætist ný málsgrein (er verði 6. mgr.), svohljóðandi:
      Stofnunin hefur eftirlit með framkvæmd alþjóðasamþykkta og samninga sem Ísland er aðili að og eru á verksviði hennar.
6. Við 9. gr. Greinin falli brott.
7. Við 10. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:
   a. Í stað orðanna „framangreind lög“ í 1. málsl. komi: 2. málsl. 1. mgr.
   b. Í stað orðsins „forstjóri“ í 1. málsl. komi: framkvæmdastjóri.
   c. Í stað orðanna „hollustu- og umhverfiseftirlits“ í 2. málsl. komi: heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna.
8. Við 11. gr. Síðari málsliður falli brott.
9. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:
   Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skulu endurskoðuð í heild innan árs frá gildistöku laga þessara.

885. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, l. nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og l. nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, 293. máli. Fjallað var um bæði málin samtímis og um umfjöllun um bæði málin vísast til þingskjals 883.

Fram kom í umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins að mengunarvarnaeftirlit með skipum tæki ekki einungis til mengunarvarnabúnaðar þeirra heldur einnig annarra atriða, svo sem niðurhólfunar og lekastöðugleika skipa. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

7. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

886. Þingsályktun [139. mál]

um stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri stofnun eða miðstöð um heimskautamálefni sem kennd verði við Vilhjálm Stefánsson og hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautssvæðið.

Stofnunin eða miðstöðin, sem heyri undir umhverfisráðuneytið, verði að stofni til kostuð af íslenska ríkinu en leiti sem víðast fjárhagsstuðnings við einstök verkefni. Hún skal m.a. annast ráðgjöf um norðurmálefni og eiga samstarf við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Sett verði á fót undir forustu umhverfisráðuneytis föst samvinnunefnd um norðurmálefni, skipuð fulltrúum þeirra innlendu stofnana sem hafa með höndum verkefni er tengjast heimskautarannsóknum. Samvinnunefndin velji auk formanns nefndarinnar, sem umhverfisráðherra skipar án tilnefningar, tvo úr sínum hópi í stjórn þessarar stofnunar eða miðstöðvar.

Miðað verði við að starfsemin hefjist í ársbyrjun 1997.

887. Frumvarp til laga [329. mál]

um leigubifreiðar.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Leiguakstur.

Lög þessi taka til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar, sem taka fleiri en átta farþega, falla þó ekki undir lög þessi. Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker samgönguráðuneytið úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar.

2. gr.

Bifreiðastöðvar.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að allar leigubifreiðar í sveitarfélaginu í hverjum flokki fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu sveitarstjórnar. Þar sem viðurkenndar bifreiðastöðvar eru starfandi er öllum sem aka utan þessara stöðva bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

3. gr.

Skilyrði til aksturs.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka bifreið í leiguakstri:

1. hafa fullnægjandi starfshæfni, þar með talin fullnægjandi ökuréttindi,
2. hafa óflekkað mannorð,
3. hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu,
4. hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð,
5. vera 70 ára eða yngri, sbr. þó 2. málsl. 5. mgr. 7. gr.

4. gr.

Takmörkun á fjölda bifreiða.

Samgönguráðuneytinu er heimilt með reglugerð að takmarka fjölda bifreiða í leiguakstri enda komi til meðmæli viðkomandi sveitarstjórna og héraðsnefnda. Þar sem sveitarstjórnir og héraðsnefndir eru eigi sammála sker samgönguráðuneytið úr. Bifreiðafjöldi skal ákveðinn í samráði við sveitarstjórnir, héraðsnefndir og félög bifreiðastjóra.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

Takmörkun á fjölda bifreiða er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa skv. II. kafla laga þessara.

II. KAFLI
Leiguakstur fólksbifreiða.

5. gr.

Atvinnuleyfi.

Þeim einum sem hafa atvinnuleyfi er heimilt að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða eru atvinnuleyfi gefin út af umsjónarnefnd fólksbifreiða en utan takmörkunarsvæða fer eftir nánari reglum sem samgönguráðherra setur.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt. Atvinnuleyfishafi er háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar svo sem þau eru á hverjum tíma.

Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skilríki til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leiguakstur í forföllum leyfishafa.

6. gr.

Veiting atvinnuleyfa.

Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr.

Þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 3. gr. og sitja þeir að öðru jöfnu fyrir við úthlutun leyfa er stundað hafa leiguakstur á fólki í a.m.k. eitt ár. Að jafnaði skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga.

7. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Sá einn getur fengið atvinnuleyfi sem á fólksbifreið og hefur það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Frá skilyrðum um aðalatvinnu má víkja á svæðum þar sem íbúar eru færri en 5.000.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

a. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
b. vaktaskipta á álagstímum,
c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Samgönguráðherra setur reglur um undanþágur skv. 2. mgr. að fengnum tillögum umsjónarnefndar og félags eða félaga bifreiðastjóra á hlutaðeigandi svæði. Ráðherra er heimilt að fela félagi bifreiðastjóra, þar sem meiri hluti bifreiðastjóra á svæðinu er félagar, að annast framkvæmd á veitingu undanþága í samráði við umsjónarnefnd. Bifreiðastjóri getur áfrýjað ákvörðunum félagsins til umsjónarnefndar enda skal fyllsta jafnræðis gætt. Ákvarðanir umsjónarnefndar um kæru eru endanlegar innan stjórnsýslunnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið gjald fyrir veittar undanþágur.

Heimilt er að svipta leyfishafa atvinnuleyfi tímabundið ef hann brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar, en fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa.

8. gr.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

Þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri skipar samgönguráðherra þriggja manna umsjónarnefnd fólksbifreiða. Sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega tilnefna einn mann, félag eða félög leigubifreiðastjóra sameiginlega einn mann og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Ráðherra getur ákveðið að fjölga í nefndinni á ákveðnum svæðum ef ástæða þykir til.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða hefur með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um leigubifreiðar á svæðinu, úthlutun atvinnuleyfa og afturköllun þeirra, svo og eftirlit með þjónustu fólksbifreiðastöðva.

Samgönguráðherra ákveður laun nefndarmanna. Laun þeirra og annan kostnað af störfum umsjónarnefnda greiðir ríkissjóður.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

10. gr.

Samgönguráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laganna er samgönguráðherra heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu og til bifreiðastjóra sem jafnframt er fullgildur leiðsögumaður.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum og þær takmarkanir á fjölda leigubifreiða sem nú eru í gildi þar til öðruvísi er ákveðið af réttum aðilum.

Þeir sem hafa atvinnuleyfi eða stunda akstur leigubifreiða utan takmörkunarsvæða við gildistöku laga þessara eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 3. gr. skulu þeir sem stunda akstur leigubifreiða við gildistöku laga þessara og hafa verið undanþegnir reglum um hámarksaldur halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. mgr. 7. gr.

Þeir sem stunda leiguakstur á fólksbifreið utan takmörkunarsvæða við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér atvinnuleyfis á árinu 1995.

888. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Heimild bifreiðastjóra til að stunda akstur samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok 70 ára aldurs þeirra. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur samkvæmt lögum þessum halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra til að stunda akstur bifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

889. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með flutningabifreið eða vagnlest umfram þá hámarkshleðslu sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Heimild bifreiðastjóra til að stunda akstur flutningabifreiða samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok 70 ára aldurs þeirra. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda akstur flutningabifreiða á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Til að stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum þarf sérstakt leyfi. Samgönguráðuneytið veitir slík leyfi til einstaklinga og fyrirtækja eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Til að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi að uppfylla skilyrði 2. gr. laganna.

Þeir sem stunda akstur flutningabifreiða við gildistöku laga þessara eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur flutningabifreiða halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda akstur flutningabifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. 1. gr.

Þeir sem stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér flutningaleyfis á árinu 1995.

890. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981 um, tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Snorra Olsen og Braga Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Einnig komu á fundinn Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, Ari Skúlason, hagfræðingur ASÍ, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, og Páll Halldórsson formaður og Birgir Björn Sigurjónsson framkvæmdastjóri BHMR.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að vaxtagjöld fyrir einstaklinga, sem eiga aðild að byggingarsamvinnufélögum, verði ekki lengur takmörkuð við kaup á eignarhluta heldur nái einnig til þeirra einstaklinga sem standa að félögunum. Vaxtagjöldin deilast þannig niður á þá einstaklinga sem eiga búseturétt í íbúðum félagsins. Breytingin kemur til framkvæmda við álagningu á þessu ári en hefur í för með sér óverulega aukningu á útgjöldum ríkissjóðs vegna vaxtabóta. Þá er einnig lagt til að 1. gr. komi til framkvæmda ári fyrr en frumvarpið gerir ráð fyrir. Að öðru leyti er ekki um efnislegar breytingar að ræða.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson, frsm.	Guðjón Guðmundsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.

891. Breytingartillögur [437. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, 4. gr., er orðist svo:
   Upphaf C-liðar 69. gr. orðast svo:
   Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994.

Ákvæði 2. gr. og b-liðar 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 1997 og tekur til iðgjalda sem greidd hafa verið vegna launatímabila frá og með þeim tíma.

Ákvæði a-liðar 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996 vegna tekna og gjalda á árinu 1995 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1995.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

3. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

a. Ákvæði til bráðabirgða I orðast svo:

a. Vegna launatímabila frá 1. apríl 1995 til og með 31. desember 1995 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 50% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996.

b. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 50% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 31. desember 1996 skal frádrátturinn vera 75% af iðgjaldi launþega að hámarki 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

c. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1997 til og með 30. júní 1997 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 75% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1998.

b. Í stað „1996“ í 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II komi: 1995.

892. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorkel Helgason ráðuneytisstjóra og Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra frá viðskiptaráðuneyti, Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra frá fjármálaráðuneyti, Eirík Guðnason seðlabankastjóra og Sveinbjörn Hafliðason lögfræðing frá Seðlabanka Íslands, Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Sigurgeir Jónsson forstjóra og Sigurð G. Thoroddsen lögfræðing frá Lánasýslu ríkisins, Pétur Kristinsson framkvæmdastjóra frá Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa, Þorvarð Elíasson skólastjóra frá Samtökum fjárfesta, Stefán Pálsson bankastjóra frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein framkvæmdastjóra frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Guðmund Hauksson, forstjóra Samtaka verðbréfafyrirtækja, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra VSÍ, Ara Skúlason, lögfræðing ASÍ, Pál Halldórsson formann og Birgi Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóra BHMR, og Ögmund Jónasson, formann BSRB.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verða á a-lið (20. gr.):
   a. Í stað orðsins „viðskiptum“ komi: íslenskum krónum.
   b. Í stað orðanna „gengi erlends gjaldeyris“ komi: vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli, sbr. 21. gr.
2. Við 1. gr. Við 1. mgr. e-liðar (24. gr.) bætist nýr málsliður er orðist svo: Hagstofan skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði vísitölu skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, varaform., frsm.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Guðjón Guðmundsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.	Finnur Ingólfsson.

893. Nefndarálit [443. mál]

um frv. til l. um vísitölu neysluverðs.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þorkel Helgason ráðuneytisstjóra og Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra frá viðskiptaráðuneyti, Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra frá fjármálaráðuneyti, Eirík Guðnason seðlabankastjóra og Svein-

björn Hafliðason lögfræðing frá Seðlabanka Íslands, Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Sigurgeir Jónsson forstjóra og Sigurð G. Thoroddsen lögfræðing frá Lánasýslu ríkisins, Pétur Kristinsson framkvæmdastjóra frá Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa, Þorvarð Elíasson skólastjóra frá Samtökum fjárfesta, Stefán Pálsson bankastjóra frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein framkvæmdastjóra frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Guðmund Hauksson, forstjóra Samtaka verðbréfafyrirtækja, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra VSÍ, Ara Skúlason, lögfræðing ASÍ, Pál Halldórsson formann og Birgi Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóra BHMR, og Ögmund Jónasson, formann BSRB.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, varaform., frsm.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Guðjón Guðmundsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.	Finnur Ingólfsson.

894. Nefndarálit [438. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Snorra Olsen, Jón Guðmundsson og Braga Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti.

Nefndin telur ástæðu til að bæta ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið. Um er að ræða heimildarákvæði sem hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar er því ætlað að koma til móts við kröfur hópferðaleyfishafa sem lögðu í fjárfestingu á árinu 1993 í þeirri trú að 14% virðisaukaskattur legðist á starfsemi þeirra frá og með 1. janúar 1994 eins og ákveðið var með lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum. Sú lagabreyting kom þó aldrei til framkvæmda þar sem hún var dregin til baka með 19. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum. Hins vegar er með ákvæðinu tekið tillit til þess verðfalls á eldri hópferðabifreiðum sem samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér vegna verðlækkunar á nýjum bifreiðum.

Gert er ráð fyrir að heimild til endurgreiðslu nái til hópferða- og sérleyfishafa eða fjármögnunarleigu sem þeir hafa átt viðskipti við vegna kaupa á hópferðabifreið. Í síðarnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir því að fjármögnunarleiga sé eigandi ökutækisins og fái því aðeins endurgreitt ef fyrir liggur endurskoðaður samningur á milli hennar og viðkomandi leyfishafa er taki tillit til lækkunar vörugjalds.

Þar sem ætlunin er að gera umrædda aðila jafnsetta þeim sem fjárfesta í hópferðabifreiðum eftir lækkun vörugjaldsins samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að endurgreiðslan verði samsvarandi þeirri lækkun vörugjalds sem það hefur í för með sér.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skilyrði fyrir endurgreiðslu. Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna endurgreiðslu vörugjalds verði á bilinu 12–13 millj. kr.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða hópferða- og sérleyfishöfum og fjármögnunarleigum allt að tveimur þriðju hlutum vörugjalds á hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni og allt að einum þriðja hluta vörugjalds á hópferðabifreiðar fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni sem lagt var á samkvæmt lögum þessum á tímabilinu frá 1. júlí 1993 til 1. mars 1995. Endurgreiðslan skal þó takmörkuð við þann hluta vörugjaldsins sem ekki hefur verið afskrifaður.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, form., frsm. Vilhjálmur Egilsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Ingi Björn Albertsson. Guðmundur Árni Stefánsson. Guðjón Guðmundsson.

Einar K. Guðfinnsson. Finnur Ingólfsson.

895. Nefndarálit [308. mál]

um till. til þál. um vegáætlun 1995–1998.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hluti samgöngunefndar gerir miklar athugasemdir við afgreiðslu meiri hlutans á vegáætlun fyrir árin 1995–1998.

Sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð.

Minni hlutinn telur að þörf sé á verulegu átaki í uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Að mati minni hlutans hefði verið eðlilegra við ríkjandi aðstæður að tiltaka ákveðna fjárhæð fyrir höfuðborgarsvæðið af því fé sem renna á til þessa sérstaka framkvæmdaátaks í vegamálum en skipta því er eftir stóð milli kjördæma landsins eftir þeirri almennu skiptireglu sem Vegagerðin hefur beitt undanfarin ár. Þess í stað ákvað ríkisstjórnin að tillögu samgönguráðherra að miða skiptingu fjármagns vegna þessa sérstaka átaks við íbúafjölda í kjördæmum landsins, þó þannig að höfuðborgarsvæðið væri álitið sérstakt kjördæmi í þessum skilningi. Minni hlutinn harmar það að ekki hafi tekist samkomulag í nefndinni og við samgönguráðherra um farsælli lausn í málinu.

Mikið hefur verið látið með þá fjárhæð, 3,5 milljarða kr., sem ríkisstjórnin segir að eigi að verja í þetta átak á næstu árum. Ef málið er skoðað kemur í ljós að þessi fjárhæð stenst engan veginn þar sem verið er að færa hluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar yfir í ríkissjóð sem lánar þá svo aftur út til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum. Hinar raunverulegu auknu tekjur til vegagerðar eru því mun minni en framangreind fjárhæð segir til um.

Stórverkefnasjóður.

Við umfjöllun um vegalögin í nefndinni í fyrra kom fram að gert yrði ráð fyrir áframhaldandi ferjurekstri við Ísafjarðardjúp, sbr. ákvæði til bráðabirgða, og að lagt yrði fram fjármagn til uppbyggingar ferjubryggja í því sambandi. Það er dæmigert fyrir alla framgöngu ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili að nú, tæpu ári seinna, er lagt til að ferjurekstur þar verði nánast aflagður en í staðinn verði Djúpvegur gerður að stórverkefni. Minni hlutinn telur afar óeðlilegt að blanda saman þessum tveimur málum, þ.e. Djúpvegi annars vegar og ferjurekstri við Djúp hins vegar. Það eigi að vera ákvörðun heimamanna en ekki Vegagerðarinnar hvort þeir telja rök fyrir áframhaldandi rekstri á ferju eftir að átak hefur verið gert í vegamálum.

Hvalfjarðargöng.

Verði af gerð jarðganga undir Hvalfjörð þarf 800 millj. kr. til lagningar tengivega að göngunum. Hvergi er gert ráð fyrir því fjármagni í vegáætlun þótt allar líkur séu á að hefjast verði handa við þær framkvæmdir þegar næsta haust.

Samhliða áliti þessu leggur minni hluti nefndarinnar fram breytingartillögur við vegáætlun sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. febr. 1995.

Stefán Guðmundsson, frsm. Jóhann Ársælsson. Guðni Ágústsson.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

896. Breytingartillaga [308. mál]

við brtt. á þskj. 756 [Vegáætlun 1995–1998].

Frá minni hluta samgöngunefndar (StG, JÁ, GÁ, JVK).

Á eftir kafla 1.5 Framkvæmdaátak bætist nýr liður er orðist svo:

Framkvæmdaátak — óskipt framlög.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1995	1996	1997	1998
Vesturland	14	9	14	9
Vestfirðir	35	40	21	14
Austurland	42	42	34	23
Samtals	**91**	**91**	**69**	**46**

897. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga. [460. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn, þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

2. gr.

Skilgreiningar.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag, þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára samfelldu tímabili.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma, en ekki heimild til að hefja framkvæmdir.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess og varðar m.a. einstakar lóðir og byggingar á þeim, kvaðir á lóðum, götur, stíga og opin svæði.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi að uppfylltum nánari skilyrðum.

Framkvæmdaraðili: Ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að öllu eða hluta, lögaðili eða einstaklingur er hyggst hefja framkvæmdir sem lög þessi taka til.

Hverfisvernd: Sérstök ákvæði í deiliskipulagi til að vernda sérkenni eldri byggðar og tryggja að breytingar og nýframkvæmdir falli vel að þeirri byggð sem fyrir er.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, vörugeymslur, útivist, landbúnað o.s.frv.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar, ítölu o.fl.

Landsskipulag: Samþætting áætlana um landnotkun sem varða landið allt, svo sem samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, náttúruvernd, varðveislu sögulegra minja, landnotkun og þróun atvinnuvega og byggðar í meginatriðum. Hlutverk landsskipulags er m.a. að skapa grundvöll að gerð svæðisskipulags og aðalskipulags.

Nýtingarhlutfall lóðar: Hlutfall milli brúttógólffletar á lóð og flatarmáls hennar.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í fjóra flokka: Landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í deiliskipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í deiliskipulagsáætlun til viðbótar þeim atriðum sem skipulagsuppdrættir kveða á um eða til skýringar við þau.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að skapa ramma fyrir aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu og samræma þannig stefnu þeirra og framkvæmdir.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands. Má lýsa með hlutfallinu milli samanlagðs gólffletar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórnvöld skipulags- og byggingarmála.

3. gr.

Stjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis- , aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

4. gr.

Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að framfylgja ákvæðum laga þessara um landsskipulag og landsskipulagsmeðferð, sbr. 29. og 30. gr. og laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 64/1993.
b. að veita stjórnvöldum ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum og hafa eftirlit með því að skipulagstillögur, framkvæmdaáætlanir og mannvirkjagerð uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
d. að aðstoða sveitarfélög við aðal- og svæðisskipulagsgerð,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála.
f. að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir ef ekki er fylgt fyrirmælum laga þessara um mat á umhverfisáhrifum, um gerð skipulagsáætlana eða með öðrum hætti brotið í bága við ákvæði laga þessara.
g. að stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál.

5. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins.

Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana.

6. gr.

Byggingar- og skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd, en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd. Formenn skipulags- og byggingarnefnda skulu vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Byggingarfulltrúar skulu sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétti. Slökkviliðsstjórar og heilbrigðisfulltrúar eiga rétt á setu á fundum nefndanna með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um skipulags- og byggingarnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarfélag með færri en 1000 íbúa skal hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag/-félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning, sem umhverfisráðuneytið staðfestir, um stofnun svæðisbyggingarnefndar.

Ráðherra skipar byggingarnefndir, sem annast framkvæmd laga þessara utan sveitarfélagsmarka, nái aðliggjandi sveitarfélög ekki samkomulagi um rekstur byggingarnefndar.

7. gr.

Starfslið byggingar- og skipulagsnefnda.

Í hverju sveitarfélagi eða byggingarnefndarumdæmi skal starfa byggingarfulltrúi með löggildingu skv 2. mgr. Staðgenglar byggingafulltrúa skulu fullnægja sömu skilyrðum.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Félags byggingarfulltrúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur byggingarfulltrúa og má enginn starfa sem slíkur nema hann hafi til þess leyfisbréf ráðherra. Byggingarfulltrúi skal uppfylla skilyrði 51. og 52. gr.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra skipulagsnefndar, skipulagsfulltrúa sveitarfélags eða skipulagsstjóra og skal hann hafa sérmenntun á sviði skipulagsfræða. Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að starfa fyrir skipulagsnefnd sveitarfélagsins þar sem það á við.

Starfsmanni skipulags- og byggingarnefnda er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem síðar kann að koma til afgreiðslu nefndanna í umdæmi hans.

8. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Ráðherra skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn sem hér segir: Hæstiréttur tilnefni einn og er hann formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Þá tilnefna umhverfisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hvort sinn fulltrúa og skulu þeir hafa sérþekkingu á þessum málum. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

Nefndinni er heimilt að kveða til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til umhverfisráðherra.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex vikum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndi tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrír mánuðir.

Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefnd þegar í stað kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurð um stöðvun ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulags.

9. gr.

Skipulagsskylda.

Landið allt er skipulagsskylt. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að fyrir hendi sé staðfest aðalskipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið. Bygging húsa og annarra mannvirkja, ofan jarðar og neðan, og aðrar framkvæmdir og aðgerðir, sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til þess að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur Skipulagsstofnun til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur sveitarstjórn, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar, leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.

10. gr.

Skipulagsreglugerð.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þar skal kveðið á um mælikvarða, innihald og frágang skipulagsuppdrátta, atriði sem fram skuli koma í greinargerðum um skipulagsáætlanir og forsendur þeirra, kvaðir sem ákveða megi með skipulagi og um innihald skipulagsskilmála.

Kveðið skal m.a. á um lágmarksfjarlægðir milli húsa með tilliti til birtuskilyrða í vistarverum og á lóðum og til þess að koma í veg fyrir truflun milli íbúða og tryggja brunavarnir. Enn fremur skal kveða á um önnur atriði sem taka ber tillit til í skipulagi, svo sem um breidd gatna og stíga, flokkun gatna, lágmarksfjölda bílastæða, útivistar- og leiksvæði í íbúðahverfum, stærðir lóða og hámarksnýtingarhlutföll. Þá skal sérstaklega kveðið á um hvernig auðvelda skuli aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að því er varðar götur, gangstéttar, bílastæði og einstök mannvirki.

Skilgreina skal landnotkunarflokka svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa.

Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag, um menntun og starfsreynslu þeirra sem falin er stjórn vinnu við skipulagsáætlanir og um nánari útfærslu lagaákvæða um vinnslu og meðferð skipulagsáætlana.

11. gr.

Aðalskipulag.

Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land sveitarfélags. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á nánar tilteknu, 12 ára löngu tímabili. Í greinargerð með aðalskipulagi skal m.a. lýsa náttúru og aðstæðum öllum í sveitarfélaginu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð tillögu að aðalskipulagi skal, eftir því sem við á, leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og þeirra sem hagsmuna eiga að gæta.

Aðalskipulag skal vera í samræmi við svæðisskipulag, sé það fyrir hendi, og gildandi landsskipulagsáætlanir. Aðalskipulagsáætlanir samliggjandi sveitarfélaga skulu vera í innbyrðis samræmi. Tillaga að aðalskipulagi skal vera rökstudd m.a. með tilliti til áhrifa sem framkvæmdir samkvæmt tillögunni kunna að hafa á umhverfið.

Feli tillaga í sér framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag skal gera grein fyrir þeim kostum sem voru skoðaðir og umhverfisáhrifum hvers þeirra.

Eftir því sem við á skal gera grein fyrir og sýna á uppdráttum:

1. Byggingarsvæði fyrir atvinnustarfsemi og íbúðir, flokkuð eftir landnotkun og þéttleika þeirra.
2. Svæði fyrir byggingar til þjónustu við almenning, m.a. skóla, kirkjur, heilbrigðisstofnanir, menningar- og félagslegar stofnanir og önnur svæði til sameiginlegra þarfa, t.d.. fyrir íþróttamannvirki og leikvelli.
3. Samgöngumannvirki, m.a. flugvelli, þjóðvegi og hafnir, svo og helstu umferðaræðar og tengingar við þær.
4. Háspennulínur/-strengir, aðveituæðar vatns- og hitaveitna og svæði fyrir veitustöðvar, sorpstöðvar og hreinsistöðvar skólps.
5. Opin svæði, m.a. skrúðgarða, garðlönd, kirkjugarða, íþrótta- og leiksvæði, tjaldstæði og almenn útivistarsvæði.
6. Vatnsfleti sjávar, vatna og fallvatna.
7. Svæði til landfyllinga og námuvinnslu jarðefna.
8. Sumarbústaðalönd.
9. Svæði til landbúnaðarnytja og skógræktarsvæði.

Auðkenna skal sérstaklega í aðalskipulagi:

1. Svæði þar sem hætta getur stafað af náttúruhamförum.
2. Svæði þar sem deiliskipulag skal háð staðfestingu ráðherra, sbr. 20. gr.
3. Staði og svæði sem njóta friðunar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða þjóðminjalögum svo og verndarsvæði vatnsbóla.
4. Svæði þar sem skipulagi eða staðfestingu skipulags er frestað, sbr. 15. gr.

12. gr.

Kynning aðalskipulagstillögu.

Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur, kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða með öðrum virkum hætti.

Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 13. gr.

Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna, en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

13. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu og umfjöllun um athugasemdir.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi eða breytingu á því á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á staðnum. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Í auglýsingu skal tilgreina til hvaða svæðis tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1.–2. mgr. Séu breytingar óverulegar nægir að gefa aðilum, sem athugasemdir gerðu um þau atriði sem breytingin varðar, kost á að gera á ný athugasemdir við hina breyttu tillögu.

Senda skal Skipulagsstofnun endanlega tillögu til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir skv. 4. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sveitarstjórnar um þær.

14. gr.

Staðfesting, birting og gildistaka aðalskipulags.

Aðalskipulag, eða breyting á því, er háð staðfestingu ráðherra og tekur gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun eða frestun staðfestingar skal rökstudd með greinargerð þar sem m.a. komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulagsins. Byggist tillaga Skipulagsstofnunar á þessum atriðum skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun sína.

15. gr.

Frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði ef óvissa ríkir um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, ef nauðsyn þykir til að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

16. gr.

Endurskoðun aðalskipulags.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til endurskoða aðalskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

17. gr.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi.

Gera má óverulega breytingu á staðfestu aðalskipulagi án undangenginnar kynningar og auglýsingar skv. 12.–13. gr.

Ef sveitarstjórn ákveður að gera breytingu á staðfestu aðalskipulagi með þessum hætti, skal hún senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna og skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga.

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Tillögu nefndarinnar skal auglýsa sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 13. og 14. gr.

19. gr.

Deiliskipulag.

Skylt er að gera deiliskipulag og skal það gert á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Deiliskipulag má gera áður en staðfest aðalskipulag liggur fyrir þegar svo stendur á sem getið er í 9. gr., 2. mgr.

Deiliskipulagsuppdrætti skal fylgja greinargerð, þar sem forsendum skipulagsins er lýst og einstök atriði þess skýrð, svo og skipulags- og byggingarskilmálar sem kveða nánar á um skipulagskvaðir og önnur atriði, sem skylt er að hlíta samkvæmt skipulaginu.

Ef innan marka deiliskipulags eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður, sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja inn ákvæði um hverfisvernd. Þar sem ákvæði eru um hverfisvernd í deiliskipulagi er það háð staðfestingu ráðherra.

Sveitarstjórn getur óskað eftir staðfestingu ráðherra á samþykktu deiliskipulagi, þótt það falli ekki undir 3. mgr.

Við gerð deiliskipulagstillögu skal leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra hagsmunaaðila á svæðinu. Jafnframt skal taka tillit til þarfa barna, aldraðra og fatlaðra.

Í deiliskipulagi skal útfæra nánar ákvæði aðalskipulags um viðkomandi svæði. Eftir því sem við á skal m.a. gera sérstaka grein fyrir og sýna á uppdráttum:

1. Afmörkun þess svæðis sem deiliskipulagið tekur til.
2. Afmörkun svæða eftir landnotkun og landnýtingu, skiptingu byggingarsvæða í lóðir, kvaðir um gróðursetningu og frágang á lóðarmörkum. Heimilt er að skilgreina landnotkun nánar og þrengra í deiliskipulagi en gert er í aðalskipulagi.
3. Mannvirki og svæði fyrir umferð, m.a. vegi og götur, gangstéttar, almenn bílastæði, torg, vistgötur, göngu-, hjólreiða-, og reiðstíga. Meðal annars skal gera grein fyrir umferðartengingu landa og lóða og kvöðum um bílastæði og umferð.
4. Byggingar sem fyrir eru, byggingarreiti og byggingarlínur fyrir fyrirhugaðar byggingar svo og nánari ákvæði um hæðarlegu, lögun og hæðafjölda bygginga, fjölda íbúða í íbúðarhúsum og notkun annarra bygginga. Heimilt er að kveða á um mismunandi notkun einstakra hæða bygginga.
5. Legu hverskyns lagna og leiðslna og kvaðir á lóðir þeirra vegna.
6. Leiksvæði og önnur opin svæði, þar með talinn gróður, landslagsmótun, stíga, girðingar og lýsingu.
7. Aðgerðir til varnar gegn umferðarhávaða, vatns- eða ofanflóðum.
8. Friðanir samkvæmt náttúruverndar- og þjóðminjalögum og aðra þætti sem varðveita skal og ákvæði um hverfisvernd taka til.
9. Hættu- og verndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi.
10. Fyrirkomulagi brunavarna.

20. gr.

Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en sem svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um sumarbústaðasvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

21. gr.

Auglýsing deiliskipulagstillögu, umfjöllun um athugasemdir.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi, sem ekki fer til staðfestingar ráðherra, skal hún auglýst og kynnt á þann hátt sem kveðið er á um í 1.–2. mgr. 13. gr.

Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur senda hana Skipulagsstofnun skv. 4. mgr.

Berist athugasemdir innan tilskilins frests skal skipulagsnefnd viðkomandi sveitarfélags fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til athugasemdanna og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef breyting er óveruleg skal gefa aðilum sem athugasemdir gerðu um þau atriði sem breytingin varðar kost á að tjá sig um hina breyttu tillögu áður en hún er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Ákveði sveitarstjórn hins vegar að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi, sem henni er sent, skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn þegar í stað.

22. gr.

Meðferð deiliskipulagstillögu til staðfestingar.

Ef staðfesta á deiliskipulag, sbr. 3.–4. mgr. 19. gr., skal meðferð skipulagstillögu vera eins og um tillögu að aðalskipulagi sé að ræða, sbr. 12.–14. gr.

23. gr.

Birting og gildistaka deiliskipulags.

Sveitarstjórn birtir samþykkt deiliskipulags í Lögbirtingablaðinu og einnig svo sem venja er um tilkynningar stjórnvalda í sveitarfélaginu, og tekur skipulagið þá gildi.

Staðfest deiliskipulag öðlast gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda og á þann hátt sem venja er um opinberar tilkynningar í sveitarfélaginu.

24. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

Ákveði sveitarstjórn að breyta deiliskipulagi skal fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Málsmeðferð fer þá eftir því hvort gildandi skipulag er samþykkt eða staðfest.

Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða, enda hafi þeim sem hagsmuna eiga að gæta verið gefinn kostur á að tjá sig um breytinguna. Um slíka tillögu nægir ein umræða í sveitarstjórn. Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun hið breytta skipulag til athugunar, sbr. 21. gr., eða staðfestingarmeðferðar, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr., ásamt athugasemdum hagsmunaaðila, umsögn sinni um þær og yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna.

Samþykktar eða staðfestar breytingar á deiliskipulagi taka gildi þegar þær hafa verið birtar, sbr. 23. gr.

25. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á 12 ára löngu tímabili og laga hana að gildandi landsskipulagsáætlunum.

Jafnan skal miða við að sveitarfélög þau sem svæðisskipulag fjallar um myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem undir það falla. Við gerð svæðisskipulags skal gæta ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags. Skipulagsstofnun skal tilnefna fulltrúa sinn til þess að starfa með nefndinni með fullum réttindum annarra nefndarmanna, öðrum en atkvæðisrétti. Að fengnum tillögum samvinnunefndarinnar setur ráðherra henni starfsreglur sem auglýstar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Svæðisskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum ef sveitarstjórn á svæðinu gerir samþykkt þar um.

26. gr.

Svæðisskipulag miðhálendis.

Ráðherra getur ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til að gera tillögu að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands. Svæði þess markast í aðalatriðum af línu sem dregin skal milli heimalanda og afrétta.

Héraðsnefndir þær sem hlut eiga að máli skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd, en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar og ákveður henni starfstíma.

Um málsmeðferð tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis fer skv. 27. gr.

27. gr.

Kynning og samþykkt svæðisskipulags.

Þegar samvinnunefnd hefur lokið gerð tillögu að svæðisskipulagi skal tillagan auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í fjórar vikur.

Íbúum og öðrum sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi svæði skal veittur sex vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til samvinnunefndar. Samvinnunefnd tekur að þeim fresti liðnum afstöðu til athugasemda og sendir hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn samvinnunefndar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan þriggja mánaða taka afstöðu til tillögunnar, en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Skipulagsstofnun hafa samþykkt það.

Ráðherra staðfestir svæðisskipulag eða tiltekin atriði þess ef öll viðkomandi sveitarfélög samþykkja þá tilhögun.

28. gr.

Landsskipulag.

Skipulagsstofnun skal í samvinnu við opinbera aðila sjá um að upplýsingar og gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi og tryggja að innbyrðis samræmi sé milli þeirra. Skipulagsstofnun skal afla gagna og aðgangs að gagnasöfnum annarra opinberra aðila á því sviði.

29. gr.

Landsskipulagsmeðferð.

Ef fyrirhugað mannvirki, t.d. þjóðvegur, orkumannvirki eða fjarskiptalína, nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag getur sá aðili sem ábyrgð ber á framkvæmdinni, óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins fái landsskipulagsmeðferð.

Landsskipulagsmeðferð er fólgin í því að Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að legu mannvirkis eftir að hafa kynnt hana viðkomandi sveitarstjórnum. Tillagan skal auglýst sem um breytingu á aðalskipulagi væri að ræða og skal framhald málsins vera í samræmi við það eftir því sem við getur átt.

30. gr.

Landmælingar og kortagerð.

Mæla skal og kortleggja byggð og nærliggjandi svæði eins og ástæða þykir til vegna skipulagsvinnu. Sveitarstjórn, í samvinnu við Skipulagsstofnun, ákveður hvar mælingar, myndataka úr lofti og kortagerð skuli fram fara hverju sinni.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum að fara um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

31. gr.

Lóðaskrár.

Sveitarstjórnir láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu frá Skipulagsstofnun að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang lóðaskrár, sbr. 1., 5. og 9. gr. laga nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna.

32. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer, en aðrar nýafmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í lóðaskrá, sbr. 31. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess, að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir lóðaskrá og þinglýsingarstjóra.

33. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Við gildistöku aðal- eða deiliskipulags eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum, sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulagsáætlunina.

Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra.

Eigendum fasteigna sem forkaupsréttur tekur til er skylt að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteignanna við sölu. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða ekki. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga. Um meðferð forkaupsréttarmála fer samkvæmt lögum nr. 22/1932.

34. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins, ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.
2. Lóð sem eigandi nýtir ekki á þann hátt sem gildandi deiliskipulag ákveður, enda sé liðinn frestur sem honum hefur verið settur til að byggja á lóðinni eða breyta nýtingu hennar.
3. Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja varðveislu þess.
4. Fasteign eða hluta fasteignar á byggingarreit sem endurbyggja skal samkvæmt deiliskipulagi, enda hafi ekki náðst samkomulag við eiganda um þátt hans í endurbyggingunni og eignarnám sé nauðsynlegt til að greiða fyrir henni.
5. Lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrri lóðaskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi.

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum og sanngjörnum hætti leitast við að ná samningum við eiganda þeirrar eignar eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir reglum laga nr. 11/1973. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

35. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulags því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt, eða að hún muni rýrna svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði.

Eigi er þó skylt að greiða bætur ef og að svo miklu leyti sem skipulagsákvörðun sú er krafa um bætur byggist á er beinlínis tekin til þess að bæta úr ágöllum sem tengjast fasteigninni eða uppfylla kröfur laga og reglugerða til hennar.

Ef samþykkt skipulags veldur aðila verulegu fjárhagstjóni eða svo miklu óhagræði að ekki sé réttmætt með tilliti til eðlilegra hagsmuna hans að ætlast til þess að hann nýti fasteign sína áfram getur hann krafist þess að sveitarstjórn leysi fasteignina til sín.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Miða skal við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o.s.frv. að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var o.s.frv. Þá ber og að miða við þann arð, sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum eða krefst yfirtöku samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar. Fallist sveitarstjórn á hana skal matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11/1973, falið að ákveða kaupverð. Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur.

36. gr.

Geiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

a. Kostnaður við gerð áætlana sem ná til landsins alls greiðist að fullu af viðkomandi stofnunum eða fyrirtækjum. Skipulagsstofnun ber kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og gagnavinnslu sem hún annast fyrir landsskipulag.
b. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning.
c. Þar sem sveitarstjórn annast reglulega endurskoðun og gerð aðalskipulags án sérstaks samnings við Skipulagsstofnun yfirfærir stofnunin árlega til sveitarsjóðs helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu, sbr. 37. gr.
d. Með sérstökum samningi sveitarfélags við Skipulagsstofnun getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar. Þar sem sérstakar aðstæður ríkja, t.d. ef þörf er á óvenju umfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarþáttöku Skipulagsstofnunar.
e. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.
f. Kostnaður við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð sem nauðsynleg er vegna aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. c-lið. Í þeim sveitarfélögum tekur Skipulagsstofnun ekki þátt í kostnaði. Sami kostnaður sem nauðsynlegur er vegna svæðisskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

37. gr.

Skipulagsgjald.

Til þess að standa straum af kostnaði Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga við framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald nemur 3% af brunabótamati hvers mannvirkis sem reist er. Nú er um að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs og skal þá miða skipulagsgjaldið við endurstofnverð mannvirkisins. Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi.

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til Skipulagsstofnunar eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd gjalds þessa.

IV. KAFLI
Mannvirki.

38. gr.
Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan, þar á meðal holræsa og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á umhverfið, svo sem breyting lands með jarðvegi, gróðri og efnistöku.

Undanþegin byggingarleyfi eru götur, vegir, brýr og jarðgöng, fjarri þéttbýli, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta svo og hafnir og virkjanir, enda séu þessi mannvirki hönnuð af sérfræðingum á viðkomandi sviði. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir. Enn fremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum.

Mannvirki, sem undanþegin eru byggingarleyfi, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara.

39. gr.
Byggingarreglugerð.

Ráðherra setur í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga byggingarreglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd þessa kafla. Byggingarreglugerð nær til landsins alls.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi fatlaðra, öryggi, tæknilegan frágang og viðhald. Kveða skal á um þær kröfur sem gerðar eru varðandi m.a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti og brunavarnir. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi einstaka hluta bygginga og mismunandi tegundir þeirra, aðstöðu á vinnustöðum, gróður og frágang lóða. Enn fremur skulu vera ákvæði um staðsetningu gáma, húsvagna, báta, torgsöluhúsa og þess háttar. Þá skal í reglugerð kveðið á um öryggi óviðkomandi, svo sem barna.

Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara, hvernig háttað skuli byggingareftirliti, grenndarkynningu, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té og hvernig þau skuli innheimt. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um framkvæmd lokaúttektar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og þarfnast skýringa, svo sem um stærðir og byggingarstig mannvirkja. Í byggingarreglugerð skal vísa til annarra reglugerða sem áhrif hafa á framkvæmd hennar gildandi íslenskra staðla um tæknilega útfærslu og annað sem snýr að mannvirkjum. Jafnframt skal vísa til tilskipana (og/eða sérsamninga) og túlkunarskjala samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Sveitarstjórn getur sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við þær er byggingarreglugerð hefur að geyma. Þar má m.a. fjalla um sérstakar kröfur til bygginga vegna flóða, ofanflóða- eða jarðskjálftahættu, friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, girðingar umhverfis lóðir og um uppsetningu auglýsingaskilta og um önnur atriði er ráðast af staðbundnum aðstæðum eða viðhorfum. Einnig má þar setja sérstök ákvæði um atriði er varða staðbundna stjórn byggingarmála í sveitarfélaginu. Hafi sveitarfélög myndað svæðis-

byggingarnefnd geta þau sameiginlega sett samþykkt samkvæmt þessari málsgrein.

Staðbundnar byggingarsamþykktir skal senda til staðfestingar ráðuneytisins og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

40. gr.

Hutverk byggingarnefnda.

Byggingarnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem það á við, fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Byggingarnefnd fjallar um leyfisumsóknir sem berast og gerir tillögu um endanlega úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag, lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Byggingarnefnd leitar umsagnar og ráðgjafar sérfróðra aðila, m.a. ferlinefndar fatlaðra.

41. gr.

Störf byggingarnefnda.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a.m.k. einu sinni í mánuði, svo framarlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Nefndin skal halda gerðabók þar sem skráð eru móttekin erindi og hvaða afgreiðslu þau fá. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Nefndinni er skylt að rökstyðja synjanir á erindum sem henni berast. Ákvarðanir nefndarinnar skal leggja fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð telst hún samþykkt.

Byggingarnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa umboð til að gefa út byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir tilteknum, minni háttar framkvæmdum, enda sé ótvírætt að framkvæmd samræmist gildandi deiliskipulagi og að hönnunargögn séu fullnægjandi. Erindi sem byggingarfulltrúi afgreiðir með þessum hætti skulu færð til bókar á næsta fundi nefndarinnar til formlegrar afgreiðslu.

Þegar sótt er um leyfi fyrir nýbyggingu, viðbyggingu, breytingu á húsi eða verulegri breytingu á notkun húss í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða kveður ekki greinilega á um að aðgerðir þær sem sótt er um séu heimilar skal skipulagsnefnd fjalla um málið áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Byggingarnefnd lætur fara fram grenndarkynningu sem felst í því að nágrönnum sem hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan þess frests sem nefndin setur og skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um fyrirhugaða framkvæmd skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar.

Telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt nefndarinnar eða sveitarstjórnar er honum heimilt innan mánaðar frá því að honum er kunnugt um afgreiðslu sveitarstjórnar að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skv. 8. gr.

Rísi ágreiningur milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar um afgreiðslu máls sker ráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar Skipulagsstofnunar.

42. gr.

Byggingarfulltrúar.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann gengur úr skugga um að aðaluppdrættir séu í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, lög og reglugerðir.

Byggingarfulltrúi ákveður í samræmi við byggingarreglugerð hvaða hönnunargögn skulu lögð fram vegna framkvæmdaleyfis. Hann gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við þær reglur er gilda um viðkomandi framkvæmd og hann áritar uppdrætti um samþykkt á þeim. Hann gefur út byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og leyfi til niðurrifs mannvirkja og annast eftirlit með því að allar framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykkta uppdrætti. Hann annast úttektir og eftirlit einstakra þátta byggingarframkvæmda, eftir því sem nauðsyn krefur, svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Byggingarfulltrúi skal sjá um að öll gögn sem ákvarðanir byggingarnefndar eru byggðar á séu tryggilega varðveitt. Hann skal einnig annast skráningu fasteigna og önnur störf sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum eða af sveitarstjórn.

43. gr.

Byggingareftirlit.

Byggingarnefndarmönnum, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans skal frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af byggingarfulltrúa, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans heimill aðgangur þar til eftirlits. Sé mannvirki verulega áfátt getur byggingarfulltrúi veitt aðila hæfilegan frest til úrbóta að viðlögðum dagsektum sem byggingarnefnd ákveður.

Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis ábótavant eða hætta stafi af að mati byggingarfulltrúa, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum og byggingarlýsingu, skal hann gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur innan tiltekins frests fer um málsmeðferð skv. 63. gr.

44. gr.

Kröfur til hönnunar og efnisvals.

Byggingarfulltrúa er heimilt þegar um vandasama hönnun er að ræða að krefjast prófreikninga hönnunar frá löggiltum prófhönnuði á kostnað byggjanda.

Byggingarefni, verksmiðjuframleiddar byggingareiningar og verksmiðjuframleidd hús skulu hafa hlotið faggiltrar prófunarstofu á byggingarsviði um að þau uppfylli ákvæði byggingar- og brunavarnareglugerða, standist viðurkennda staðla og falli að verklagi og sérístenskum aðstæðum áður en heimilt er að nota þau til byggingarframkvæmda.

Byggingarfulltrúi getur krafið framleiðendur og byggingarefnissala um vottorð frá faggiltri prófunarstofu á byggingarsviði um að timbur, steinsteypa, stál, bendistál, lagnaefni og annað byggingarefni sem viðkomandi hefur til sölu standist kröfur samkvæmt byggingarreglugerð og viðurkenndum stöðlum.

Framleiðandi verksmiðjuframleiddra húseininga eða einingahúsa ber fimm ára ábyrgð á göllum sem fram kunna að koma á þessari vöru og rekja má til hönnunar hennar eða framleiðslu.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða. Einnig getur hann krafist þess að óháðum löggiltum hönnuðum eða sérfræðingum með tilhlýðilega þekkingu sé falið eftirlit með byggingarframkvæmdum þegar um óvenjulega eða nýja byggingartækni er að ræða.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa eftir að það hefur verið reist. Standist mannvirkið ekki prófun skal byggingarfulltrúi gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað byggjanda.

45. gr.

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma eða á breyttri notkun húss. Það felur ekki í sér leyfi til framkvæmda skv. 47. gr.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

46. gr.

Staðfesting sveitarstjórnar.

Byggingarleyfi öðlast ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt það.

Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, svo sem gatnagerðargjald, bílastæðagjald og tengigjöld, þar sem við á, hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Staðfesting skv. 1. tölul. fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

47. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi veitir heimild til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi. Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út. Framkvæmdaleyfi skal vera skriflegt og er heimilt að gefa það út þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Byggingarfulltrúi hefur áritað öll hönnunargögn sem snerta þá þætti framkvæmda sem leyfðir eru og samræmingarhönnuður hefur áritað þau.
2. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum og tilkynnt byggingarfulltrúa nöfn iðnmeistara.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

48. gr.

Gildistími byggingar- og framkvæmdaleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar. Sömuleiðis fellur framkvæmdaleyfi úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi þegar undirstöður hafa verið gerðar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi framkvæmdaleyfið og þann hluta byggingarleyfisins sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 63. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

49. gr.

Hönnunargögn.

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja sem heyra undir þessi lög greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti og séruppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. forsendur og útreikningar.

Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir formi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, skipulagi lóðar og hvernig mannvirkið fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.

Séruppdrættir eru:

1. Byggingaruppdrættir gera nánari grein fyrir mannvirki í heild sinni.
2. Uppdrættir að skipulagi lóðar, gróðri og girðingum.
3. Uppdrættir að innra skipulagi bygginga
4. Burðarþolsuppdrættir gera grein fyrir burðarkerfi mannvirkis.
5. Kerfisuppdrættir sýna eðli, fyrirkomulag og frágang innri sem ytri þjónustukerfa, svo sem brunavarna- og lagnakerfa, þar með talinna raflagnakerfa, svo og hvers konar boð-, stjórn- og rafkerfa.

6. Deiliuppdrættir gera nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á öðrum uppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.

Í byggingarreglugerð skal kveða nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn, svo sem vegna mismunandi bygginga.

50. gr.

Áritun hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 51. og 52. gr. Hönnuðir skulu árita teikningar sínar og þannig ábyrgjast að hönnun sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Ákveða skal samræmingarhönnuð fyrir sérhvert mannvirki. Samræmingarhönnuður ber ábyrgð gagnvart byggingaryfirvöldum á að séruppdrættir, sem lagðir eru fram til samþykktar, séu í samræmi innbyrðis og við aðaluppdrætti.

Hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

51. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

Arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir sem sækja um löggildingu samkvæmt lögum þessum skulu hafa hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitis samkvæmt lögum nr. 62/1986.

Umsækjandi skal hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutími skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt.

Ráðherra getur sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingu að umsækjandi hafi staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum sem Skipulagsstofnun stendur fyrir.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta hönnuði til byggingarfulltrúa.

52. gr.

Löggilding á sérsviði.

Arkitektar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu ráðherra til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.

Byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.

Byggingarfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.

53. gr.

Löggilding prófhönnuða.

Verkfræðingar með sérmenntun og löggildinu á viðkomandi hönnunarsviði geta hlotið sérstaka löggildingu ráðherra sem prófhönnuðir, enda hafi þeir minnst sex ára starfsreynslu á þessu sviði, þar af minnst eitt ár við eftirlit með framkvæmdum.

Ráðherra setur nánari reglur um hæfnisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti. Setja má það skilyrði að umsækjandi gangist undir próf.

54. gr.

Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis skal vera byggingarstjóri.

Byggingarstjórar geta orðið:

1. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningarmeistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 55. gr. og tilskilið starfsleyfi.
2. Arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar, með þriggja ára reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda er hann stýrði. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Byggingarstjóri gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta. Við lok framkvæmda skal byggingarstjóri staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkis áður en verki er lokið skal það tilkynnt byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

55. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir sem hann tekur að sér að hafa umsjón með séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir sem hlotið hafa til þess leyfi ráðherra. Iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Samtaka

iðnaðarins. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það byggingarfulltrúa.

Framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Umhverfisráðuneytið skal árlega senda til byggingarfulltrúa lista með nöfnum löggiltra iðnmeistara.

V. KAFLI
Leyfisgjöld.

56. gr.
Byggingarleyfisgjöld.

Sveitarstjórnir skulu ákveða gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Jafnframt skal ákveða gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, við útmælingu, við eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

57. gr.
Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem ráðherra staðfestir.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til þess að afla bílastæða þannig að gagn verði að fyrir þá lóð sem um er að ræða.

Ef fimm ár líða frá greiðslu bílastæðagjalds án þess að aflað sé bílastæða skv. 2. mgr. og ekki eru gildar ástæður fyrir drættinum, má krefja sveitarstjórn um endurgreiðslu gjaldsins með vöxtum.

58. gr.
Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga byggingarleyfis-, og bílastæðagjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr., veitir byggingarfulltrú heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 56. og 57. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

VI. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög.

59. gr.
Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef ákvæði skipulagsáætlunar eru brotin, byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV kafla laganna, hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað varðar það sektum en varðhaldi séu sakir miklar. Enn fremur getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust og mælt fyrir um að bygging eða byggingarhluti skuli fjarlægður og jarðrask afmáð, starsfsemi flutt eða hætt og er lögreglu skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur. Leita skal staðfestingar byggingarnefndar á stöðvun svo fljótt sem við verður komið.

Að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar getur ráðherra hlutast til um að mannvirki, sem falla undir IV. kafla laganna sem reist hefur verið án samþykkis sveitarstjórnar, verði fjarlægt á kostnað eiganda ef sveitarstjórn hefur látið hjá líða að framkvæma verkið innan sex mánaða frá því henni varð kunnugt um málið.

Reynist brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skal byggingarfulltrúi koma í veg fyrir að húsið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Með mál sem upp koma samkvæmt grein þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður eða ríkissjóður, eftir því sem við á, eiga endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem þeir hafa haft af ólöglegri mannvirkjagerð og eiga þeir lögveð fyrir endurgreiðslukröfum sínum í öllu efni sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

60. gr.
Úrræði gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 51. eða 52. gr., leggur fram hönnunargögn þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, reglugerðar settrar samkvæmt þeim eða skipulagsáætlunar getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi nefndin veitt hönnuði áminningu skal tilkynna ráðherra um það. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hlutaðeigandi hönnuður verði sviptur löggildingu.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar og viðkomandi fagfélags og gefa hönnuði kost á að tjá sig um málið.

61. gr.
Úrræði gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hann verði sviptur viðurkenningu.

Ráðherra getur veitt iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot svipt hann viðurkenningu sinni um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

62. gr.

Refsiábyrgð.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari gerist sekur um brot á lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim varðar það sektum en varðhaldi séu sakir miklar. Í refsimáli skal gefa ríki og sveitarstjórn kost á að bera fram endurgjaldskröfu vegna kostnaðar sem brot hafa valdið þeim.

Með mál samkvæmt grein þessari skal farið að hætti opinberra mála.

63. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

VII. KAFLI

Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum og gildistökuákvæði.

64. gr.

Um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðunm eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðunum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun ríkisins og forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga sem hlut geta átt að máli. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

65. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi skipulagslög, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum. Í 20. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, falla niður orðin „á skipulögðum svæðum".

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 39. gr. skulu öðlast gildi um leið og lögin.
2. Að liðnum 10 árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags. Ráðherra getur einnig að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en 10 ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags.

3. Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á eldri rétt hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd, né heldur viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.
4. Aðili, sem gegnir starfi byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, telst fullnægja settum menntunar- og reynslukröfum í skilningi þeirra meðan hann gegnir því starfi.
5. Ráðherra skipar þegar í stað nefnd sérfróðra manna til þess að kanna hvort ástæða sé til að lagfæra eða auka við ákvæði laga þessara um endurnýjun og endurbætur eldri hverfa. Nefndin skal skila niðurstöðum sínum til ráðherra innan árs frá gildistöku laganna.
6. Lög þessi skulu sæta endurskoðun innan fimm ára frá gildistöku. Samhliða skulu lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, endurskoðuð og lögin felld saman í ein lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið í umhverfisráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Skipulag ríkisins. Það byggir á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á Alþingi annars vegar á 113. löggjafarþinig 1990–1991 og hins vegar á 115. löggjafarþingi 1991–1992 og náðu ekki fram að ganga. Á vegum umhverfisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skipulags ríkisins var unnið úr þeim athugasemdum sem borist höfðu við fyrri frumvörp. Drög að endurskoðuðu frumvarpi voru send út sl. sumar til 43 valinna aðila til umsagnar, sbr. lista sem fylgir með frumvarpinu á sérstöku skjali, en athugasemdir bárust frá 31 aðila.

Gildandi skipulagslög eru frá 1964 og byggingarlög frá 1978. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á lögunum frá þeim tíma í samræmi við breyttar aðstæður og áherslur. Skipulags- og byggingarmál eru það samtengd að ástæðulítið er að greina þau að í tvenn lög enda horfir samtenging þeirra í einum lögum til einföldunar á meðferð skipulags- og byggingarmála.

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem kemur fram að þau lög skuli endurskoðuð jafnframt því sem fram fer endurskoðun skipulagslaga og byggingarlaga var á fyrri stigum lagður til samruni þessara þrennra laga. Það er hins þegar álit þeirra sem unnu frumvarp þetta að sá samruni sé ekki tímabær því lög um mat á umhverfisáhrifum tóku fyrst gildi 1. maí sl. og því lítil reynsla komin á framkvæmdina og endurskoðun þeirra örfáum mánuðum eftir gildistöku því ekki tímabær. Endurskoðun skipulagslaga og byggingarlaga er hins vegar brýn en sveitarstjórnir kalla í auknu mæli eftir henni, m.a. til þess að einfalda meðferð mála á því sviði og til að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna í þessum málaflokkum. Á fundum sem umhverfisráðuneytið átti með sveitarfélögunum á síðasta hausti kom ósk hér að lútandi fram á öllum fundum en þeir voru 14 samtals í öllum landshlutum. Rétt er og að geta þess á Alþingi 1989 var fyrst lagt fram frumvarp til sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga sem byggði á sömu sjónarmiðum og rakin hafa verið hér að framan, þá á vegum félagsmálaráðherra sem fór með yfirstjórn málaflokksins.

Frumvarp þetta er fyrst of fremst unnið út frá því furmvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92, þeim athugasemdum sem gerðar voru við það og athugasemdum við drög að frumvarpi sem tekið var saman sl. sumar og sent til umsagnar 43 aðila eins og áður segir. Helstu breytingar og áherslur frá gildandi skipulagslögum, sbr. lög nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum, eru auk þess að lögin eru felld saman:

1. Einfaldari meðferð skipulags- og byggingarmála og aukið frumkvæði sveitarfélaganna í málaflokkum.
2. Skilgreind eru mismunandi stig skipulagsáætlana: deiliskipulag, aðalskipulag, svæðisskipulag og landsskipulag. Þessi stigsmunur er ekki í gildandi lögum en hefur verið útfærður í reglugerð, að landsskipulagi undanteknu, sem er nýmæli en hlutverk þess er sérstaklega að skapa grundvöll að gerð svæðisskipulags og aðalskipulags.
3. Frumkvæði skipulagsgerðar (aðalskipulags og deiliskipulags) og ábyrgð er flutt til sveitarfélaga sem er samkvæmt gildandi lögum hjá skipulagsstjórn ríkisins. Því þyrfti ekki að leita heimildar ríkisvaldsins til að auglýsa skipulagstillögu eins og nú háttar til.
4. Skipulagsstjórn ríkisins er lögð niður og verkefni og hlutverk hennar flutt til sveitarfélaganna og að hluta til Skipulagsstofnunar.
5. Embætti skipulagsstjóra ríkisins er lagt niður og í stað þess kemur ný stofnun, Skipulagsstofnun, sem fer jöfnum höndum með skipulags- og byggingarmál. Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint í 4. gr. frumvarpsins og felst fyrst og fremst í eftirliti með framkvæmd laganna, ráðgjöf til sveitarstjórna og ríkisvaldsins um skipulags- og byggingarmál, að fylgjast með stöðu mála, láta í té umsagnir um ágreiningsmál, gera tillögur um úrlausn mála, stuðla að rannsóknum og annast útgáfu upplýsinga um þessi mál.
6. Sett er á stofn sérstök úrskurðarnefnd sem ætlað er að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum og kærum í stað þess að umhverfisráðherra úrskurði um þau mál eins og nú háttar til.
7. Sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa er skylt að mynda byggingareftirlitssvæði með nágrannasveitarfélagi eða -félögum.
8. Í gildandi lögum er einungis heimildarákvæði um svæðisbyggingarnefndir. Lagt er til að byggingarfulltrúar verði aðeins ráðnir til starfa að þeir hafi starfsleyfi umhverfisráðherra, enda nauðsynlegt að tryggja að til starfans ráðist aðeins þeir sem til þess hafa menntun og reynslu.
9. Hönnunargögn bygginga og mannvirkja eru ítarlegar skilgreind en í gildandi lögum og lögð ríkari áhersla á faglegar kröfur til áætlanagerðar og hönnunar á þessu sviði.
10. Lagðar eru til breytingar á töku skipulagsgjalds þannig að það leggist einnig á mannvirki sem ekki eru metin til brunabóta eins og nú háttar til. Í slíkum tilvikum skal miða við endurstofnverð mannvirkis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um er að ræða nýmæli þar sem fram koma þau markmið sem liggja að baki skipulags- og byggingarlögum. Áhersla er lögð á skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Enn fremur ber að taka tillit til nýtingar lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þannig er hugtakið sjálfbær þróun í fyrsta skipti sett inn í lagafumvarp hér á landi. Skipulagsmál eru samkvæmt eðli sínu grundvallarþáttur umhverfisverndar og ráða einna mest um hvernig þau mál skipast.

Enn fremur er það markmið laganna að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála, þar með að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn og að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök um skipulags- og byggingarmál sem notuð eru í frumvarpinu. Hér ekki um tæmandi talningu að ræða þótt aðalatriðin séu skilgreind. Að svo miklu leyti sem skilgreiningu vantar verða þær settar í reglugerð.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stjórn skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt gildandi skipulagslögum er það hlutverk skipulagsstjórnar ríkisins að samþykkja tillögu að skipulagi sem skipulagsstjóri hefur gert og sent viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Þannig hefur frumkvæði og ábyrgð á gerð skipulagsáætlana fyrst og fremst verið í höndum skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra að forminu til, þótt sveitarfélögin hafi á síðari árum í raun tekið til sín frumkvæði og framkvæmd á þessu sviði í auknu mæli.

Með frumvarpinu er sú breyting lögð til að frumkvæði og forræði varðandi gerð skipulagsáætlana verði ótvírætt í höndum sveitarstjórna. Skipulagsáætlun um þróun og mótun byggðar verði stjórntæki sveitarstjórna og er því eðlilegt að þær taki við því hlutverki jafnframt því sem þær tryggja eftirlit með því að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og þeim almennu gæðakröfum sem gerðar eru til bygginga á hverjum tíma.

Sú stofnun sem nú nefnist Skipulag ríkisins er í frumvarpinu nefnd Skipulagsstofnun. Þótt byggingarmál séu til umfjöllunar hjá stofnuninni og í raun sé um að ræða Skipulags- og byggingarstofnun er gert ráð fyrir að stofnunin nefnist hér eftir Skipulagsstofnun. Enn fremur er gert ráð fyrir því að skipulagsstjórn verði lögð niður og verkefni hennar færð yfir til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga og að embætti skipulagsstjóra ríkisins verði ekki sjálfstætt embætti heldur verði hann forstjóri Skipulagsstofnunar en beri áfram starfsheitið skipulagsstjóri ríkisins.

Enn fremur er lagt til að sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála starfi samkvæmt lögunum og fjalli um mál á kæru- og úrskurðarstigi sem ráðherra hefur til þessa úrskurðað um samkvæmt gildandi lögum.

Um 3. gr.

Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála fluttist til umhverfisráðuneytisins 1. janúar 1991. Sú breyting er lögð til að sveitarstjórnir hafi frumkvæði og annist gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana.

Um 4. gr.

Eins og áður er getið er lagt til að Skipulag ríkisins nefnist hér eftir Skipulagsstofnun. Hlutverk hennar er nánar skilgreint í greininni og er þar að finna nýmæli þar sem stofnunin er ætlað að beita sér fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála. Verkefni skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt gildandi lögum eru færð yfir til Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem þau eru ekki færð út til sveitarfélaganna. Það verður einnig hlutverk Skipulagsstofnunar að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála þannig að stofnunin verður umsagnaraðili fyrir ágreiningsnefnd skv. 8. gr.

Um 5. gr.

Hér að finna ákvæði um skipulagsstjóra ríkisins sem verður forstjóri Skipulagsstofnunar. Tekið er fram að hann skuli skipaður til fimm ára í senn en í dag gildir æviráðning um skipun í embættið. Gerð er krafa um sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Hlutverk skipulagsstjóra er að annast daglega stjórn Skipulagsstofnunar og ber hann ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra en ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn yfir stofnuninni.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um stjórn og eftirlit sveitarfélaga á sviði skipulags- og byggingarmála. Í flestum stærri sveitarfélögum landsins eru nú starfandi sérstakar skipulagsnefndir sem eru ráðgjafarnefndir sveitarstjórna og hafa byggingarnefndum oft verið falin störf skipulagsnefnda. Skipulagsnefndirnar sem slíkar styðjast við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga þar sem í skipulagslögum eru engin ákvæði um slíkar nefndir. Í byggingarlögum eru hins vegar ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli eftir hverja sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, þó þannig að nágrannasveitarfélög geti haft samvinnu um kosningu í svæðisbyggingarnefndir.

Þar sem tvær nefndir eru starfandi á sviði skipulags- og byggingarmála er verkaskipting þeirra sú að byggingarnefnd fjallar um einstök byggingarleyfi sem sótt er um á grundvelli gildandi skipulagsáætlunar en skipulagsnefnd fjallar um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og veitir umsagnir um hvort tilteknar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í hverju sveitarfélagi skuli starfa byggingarnefnd kjörin af sveitarstjórn og að sveitarstjórnir geti ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd. Gert er ráð fyrir því að þessar nefndir sveitarfélaganna séu kosnar til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum, þótt ekki sé það sérstaklega tiltekið í lögunum en styðst það við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sveitarfélög með færri íbúa en 1000 skuli skylt að mynda sameiginlega byggingarnefnd með nágrannasveitarfélagi eða nágrannasveitarfélögum, svæðisbyggingarnefnd og um ráðningu byggingarfulltrúa. Í slíkum tilvikum skal gerður sérstakur samningur milli sveitarfélaganna sem umhverfisráðuneytið staðfestir. Eitt aðal vandamál varðandi framkvæmd skipulags- og byggingarmála er að hvert sveitarfélag, hversu fámennt sem það er, getur haft eigin nefnd og eigið starfslið. Slíku fylgja veruleg vandkvæði eins og gefur að skilja sérstaklega hvað varðar ráðningu menntaðs starfsliðs þ.e. byggingarfulltrúa. Sveitarfélögin hafa brugðist við þessu með ýmsum ráðum, m.a. með því að ráða sameiginlega byggingarfulltrúa. Það er ótvíræður kostur að binda skipan nefnda við lágmarksíbúafjölda eins og hér gerð er tillaga um. Félag byggingarfulltrúa hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að herða ákvæði um svæðsbyggingarnefndir og Skipulag ríkisins hefur tekið undir þau sjónarmið með félaginu.

Nýmæli er að heilbrigðisfulltrúar skuli sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétti, en þeir eru þeir starfsmenn sveitarfélaganna sem annast heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um starfslið byggingar- og skipulagsnefnda er það gert með ítarlegri hætti en í gildandi lögum og í fyrri frumvörpum. Gerð er tillaga um að í hverju sveitarfélagi eða byggingarnefndarumdæmi starfi byggingarfulltrúi með sérstaka löggildingu og að staðgenglar byggingarfulltrúa skulu fullnægja sömu skilyrðum. Til þess að tryggja framkvæmdina er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð að tillögu Skipulagsstofnunar og umsögn Félags byggingarfulltrúa um menntun, réttindi og skyldur byggingarfulltrúa og að enginn megi starfa sem slíkur nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Hér er verið að leggja til sömu meðferð mála og gildir víða í þjóðfélaginu gagnvart sérmenntuðu starfsfólki og má þar nefna sem störf heilbrigðisfulltrúa, en engan má ráða til slíkra starfa nema hann hafi fengið til þess löggildingu. Með þessum hætti verður auðveldara fyrir Skipulagsstofnun að fylgjast með störfum byggingarfulltrúa og þeir verða minna undir boðvald sveitarstjórna settir bæði hvað varðar ráðningu og uppsögn úr starfi. Með þessum hætti hafa sveitarstjórnirnar ekki eins frjálst val um ráðningu byggingarfulltrúa og verið hefur þar sem þær geta aðeins ráðið þá sem hafa til þess löggildingu. Rétt er að taka fram að réttur starfandi byggingarfulltrúa verður tryggður í samræmi við almennar reglur þannig að þeir sem eru í þessu starfi nú geta fengið réttindi samkvæmt umsókn kjósi þeir svo fyrir ákveðinn tíma.

Það nýmæli er í greininni að skotið er loku fyrir það að starfsmanni skipulags- og byggingarnefnda skuli heimilt að vinna nokkurt það starf sem síðar kann að koma til afgreiðslu nefndanna í umdæmi hans. Þess eru dæmi að byggingarfulltrúar fjalli á síðari stigum um eigin verk. Til að tryggja góða stjórnsýslu og þar sem vanhæfisreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1973, gilda ekki um starfsmenn sveitarfélaganna er æskilegt að taka þetta sérstaklega fram í þessum lögum.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um sérstaka úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin á að fjalla um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögunum í stað ráðherra eins og nú. Lagt er til að Hæstiréttur tilnefni einn mann og hann verði formaður og fullnægi skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Er það í samræmi við almennar reglur um skipan í slíkar nefndir og má sem dæmi nefna úrskurðarnefnd samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gert er ráð fyrir að umhvefisráðherra skipi einn án tilnefningar og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn og að þeir hafi sérþekkingu á þessum málum.

Úrskurðir nefndarinnar verða fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og verða því aðeins bornir undir dómstóla.

Gerð er tillaga um málshraða og að sveitarstjórnum beri að framfylgja úrskurðum þegar í stað og með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Þótt hér sé um sveitarstjórnarmál að ræða og kostnaður að langmestu leyti borinn af sveitarstjórnum ef frá er talinn starfsemi Skipulagsstofnunar er gert ráð fyrir að ríkissjóður standi undir kostnaði við störf úrskurðarnefndarinnar.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um gerð og framkvæmd skipulags og er hann verulega breyttur frá því sem gildandi lög kveða á um. Fjallað er um þau atriði sem eiga að koma fram í sérstakri skipulagsreglugerð, auk þess sem hinar ýmsu gerðir skipulagsáætlanana eru skilgreindar og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga beytt þannig að vald er í auknu mæli

fært til sveitarfélaga en eindregnar óskir hafa komið fram um það af hálfu forsvarsmanna þeirra.

Landsskipulag, sem ætlað er að skapa grundvöll að svæðisskipulags og aðalskipulags, er nýmæli.

Um 9. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er allt landið skipulagsskylt, en í gildandi skipulagslögum er einungis kveðið á um skipulagsskyldu sveitarfélaga. Rétt er að benda á að miðhálendi Íslands fellur og hér undir en á vegum umhverfisráðuneytisins er starfandi nefnd sem hefur það hlutverk að annast skipulagningu miðhálendisins. Aðilar að nefndinni eru héraðssambönd sem eiga land að miðhálendinu.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um skipulagsreglugerð og að umhverfisráðherra setji þannig sérstaka reglugerð um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í greininni eru talin upp þau atriði sem kveða skal nánar um í skipulagsreglugerð, svo sem um land og landnotkunar flokka, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa. Gert er ráð fyrir því að í reglugerðinni verði ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag, um menntun og starfsreynslu þeirra sem fara með stjórn vinnu við skipulagsáætlanir og um nánari útfærslur lagaákvæða um vinnslu og meðferð skipulagsáætlana.

Um 11. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um að gerðir skuli skipulagsuppdrættir af öllum þéttbýlisstöðum þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar að þéttbýli rísi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gera skuli aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög og að við gerð þess skuli byggt á markmiðum laganna og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á nánar tilteknu tólf ára löngu tímabili. Í ákvæðum til bráðabirgða, sbr. 2. tölul., segir að innan tíu ára frá gildistöku laga þessa skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Í mörgun strjálbýlum sveitarfélögum er töluvert um byggingarframkvæmdir, svo sem sumarbústaði, íbúðarhúsnæði á lögbýlum sem ekki tengjast búskap og byggingar fyrir atvinnustarfsemi. Þar við bætist ýmiss mannvirkjagerð á vegum veitustofnana. Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn, þegar aðalskipulag er ekki fyrir hendi, að leita samþykkis sveitarstjórnar fyrir öllum byggingarframkvæmdum sem ekki tengjast búskap. Það er nauðsynlegt að í öllum sveitarfélögum sé mörkuð stefna í landnotkun og landnýtingu, ekki síst vegna fyrirsjáanlegra breytinga á landbúnaðarframleiðslu og er aðalskipulagsáætlun kjörið hjálpartæki við slíka stefnumörkun. Þar sem frumvarpið byggir á svæðisskipulagi sem grunnþætti er nauðsynlegt að aðalskipulag verði í samræmi við svæðisskipulag og gildandi landsskipulagsáætlanir. Auk þess þarf að tryggja innbyrðis samræmi milli samliggjandi sveitarfélaga.

Lagt er til að feli tillaga í sér framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfið, náttúruauðlindir og samfélag skuli gera grein fyrir þeim kostum sem voru til skoðunar og áhrifum þeirra á umhverfið. Er þetta í samræmi við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, sem komu til framkvæmdar 1. maí 1994 og tengjast framkvæmd skipulagslaga, enda út frá því gengið að í framtíðinni verði tekið tillit til umhverfisþátta þegar við gerð svæðisskipulags.

Í greininni eru taldir upp sex þættir sem gera skal gein fyrir og sýna á uppdráttum og er þar um nýmæli að ræða í löggjöf hér á landi. Enn fremur eru talin upp atriði sem sérstaklega þarf að auðkenna í aðalskipulagi, svo sem með hliðsjón af þeirri hættu sem getur stafað af náttúruhamförum, t.d. snjóflóðum, auðkenna skal einnig staði og svæði sem njóta friðunar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða þjóðminjalögum, verndarsvæði vatnsbóla o.s.frv. Enn fremur svæði þar sem skipulag eða staðfestingu þess er frestað eins og heimilt er skv. 15. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er gert grein fyrir hvernig staðið skuli að kynningu á aðalskipulagstillögum. Nokkur sveitarfélög hafa efnt til kynningarfunda um aðalskipulagsgerð áður en eiginleg skipulagsvinna hefst. Þetta hefur verið gert til að kynna hagsmunaaðilum hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni og gefa þeim um leið tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum. Þetta hefur reynst vel og oft flýtt afgreiðslu aðalskipulagstillögu á síðari stigum.

Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn að leita eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa aðalskipulagstillöguna. Gerð verður breyting þannig að sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar og hafi hún ekki gert athugasemd innan fjögurra vikna er heimilt að auglýsa tillöguna.

Um 13. og 14. gr.

Ákvæði um auglýsingu aðalskipulagstillögu eru óbreytt frá gildandi lögum nema frestur til að gera athugasemdir er styttur úr átta vikum í sex. Þetta er gert í þeim tilgangi að flýta málsmeðferð.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýja leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar og skal við þá umfjöllun m.a. tekin afstaða til þeirra athugasemda sem um tillöguna hafa borist .

Senda skal tillöguna ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær til Skipulagsstofnunarinnar innan fjögurra vikna frá fundi sveitarstjórnar og skal þá Skipulagsstofnun fjalla um niðurstöðu sveitarstjórnar og gera að því loknu tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins eða frestun á staðfestingu. Aðalskipulag eða breyting á því tekur því aðeins gildi að ráðherra hafi staðfest það og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 15. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 20. gr. gildandi laga. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli en það veitir ráðherra heimild til að fresta staðfestingu á aðalskipulagi að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, ef nauðsyn þykir, til að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Þó er ráðherra ekki heimilt að fresta staðfestingu lengur en í fjögur ár í senn.

Um 16. gr.

Ákvæði um endurskoðun skipulagsáætlana hafa ekki verið í skipulagslögum, en í skipulagsreglugerð hafa verið ákvæði um að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli aðalskipulag tekið til endurskoðunar. Hér er um veigamikið atriði að ræða ef skipulagsáætlun á að vera virkt stjórntæki sveitarstjórnar og því nauðsynlegt að lögfesta það í skipulagslögum. Sú skylda er lögð á sveitarstjórnir að meta að sveitarstjórnarkosningum loknum hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag.

Um 17. gr.

Greinin er í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr. gildandi laga nema Skipulagsstofnun kemur í stað skipulagsstjórnar. Nauðsynlegt er að hafa ákvæði um óverulegar breytingar á aðalskipulagi í lögum með það fyrir augum að hægt sé að gera minni háttar breytingar án þess að fara þurfi með þær skv. 13. og 14. gr.

Um 18. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga hefur reynst erfiður úrlausnar og þykir því nauðsynlegt að lögfest verði skýr ákvæði um hvernig farið skuli með hann. Gerð er tillaga um að Skipulagsstofnun beiti sér fyrir stofnun sérstakrar nefndar í slíkum tilvikum sem geri tillögu að skipulagi sem sameiginleg er fyrir sveitarfélög að því er ágreiningsatriði varðar og að sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli skipi tvo menn í nefndina en Skipulagsstofnun einn mann sem skuli vera formaður. Enn fremur að tillögu nefndarinnar skuli auglýsa sem aðalskipulagstillögu í samræmi við 12. og 13. gr.

Um 19. gr.

Í 11. gr. gildandi skipulagslaga eru ákvæði um að þar sem gerður hefur verið aðalskipulagsuppdráttur skuli þar sem þörf krefur einnig gera séruppdrætti, þ.e. það sem síðan hefur verið kallað deiliskipulag. Upp hefur komið ágreiningur um deiliskipulagsskyldu og hver eigi að meta þörfina hverju sinni, sveitarstjórn, skipulagsstjórn eða ráðherra. Lagt er til að gert skuli deiliskipulag þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni, byggt á aðalskipulagi. Þar sem aðalskipulag liggur ekki fyrir er heimilt í vissum tilvikum að gera deiliskipulag áður, sbr. 2. mgr. 9. gr., þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar, án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag, getur Skipulagsstofnun veitt sveitarstjórn frest til þess að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Ekki eru gerðar undantekningar frá deiliskipulagi, svo sem um byggingar á lögbýlum heldur skal sama gilda fyrir allar byggingar. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðherra staðfesti deiliskipulag nema þar sem ákvæði eru um hverfisvernd. Hins vegar getur sveitarstjórn óskað eftir staðfestingu ráðherra á samþykktu deiliskipulagi kjósi hún svo. Gerð er krafa um að við gerð deiliskipulagstillögu skuli leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra hagsmunaaðila á svæðinu og að sérstakt tillit skuli tekið til sérþarfa barna, aldraðra og fatlaðra.

Í greininni eru taldir upp þeir þættir sem gera á sérstaklega grein fyrir og sýna skal á uppdráttum.

Um 20. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 30. gr. gildandi skipulagslaga. Sú breyting er þó gerð að verði sveitarstjórn við ósk landeiganda um að land hans sé skipulagt undir byggingarlóðir láti hann sveitarfélaginu endurgjaldslaust í té þá hluta lands sem samkvæmt skipulaginu er ætlað til almennra þarfa, svo sem undir götur, leikvöll og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira en sem svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Sé hins vegar um að ræða sumarbústaðasvæði, þar sem sveitarfélög annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur eiga þessi ákvæði ekki við.

Um 21. gr.

Vísað er til athugasemda með 13. gr. að séu engar athugasemdir gerðar við tillöguna verði ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur senda hana beint til Skipulagsstofnunar. Um kynningu deiliskipulags hafa ekki verið sérstök ákvæði í lögum og er gerð tillaga um að gerð deiliskipulags skuli einfölduð. Senda skal Skipulagsstofnun tillöguna til kynningar og telji Skipulagsstofnun að form og efnisgallar séu á deiliskipulagi, sem henni er sent, skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn þegar í stað.

Um 22. og 23. gr.

Hér er fjallað um meðferð, birtingu og gildistöku deiliskipulags og er þar um nýmæli að ræða. Sveitarstjórn skal birta samþykkt deiliskipulag í Lögbirtingablaðinu og einnig svo sem venja er um tilkynningar stjórnvalda í sveitarfélaginu og öðlast þá skipulagið gildi. Staðfest deiliskipulag, þ.e. staðfest af ráðherra, öðlast gildi þegar staðfesting hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda og á þann hátt sem venja er um opinberar tilkynningar í sveitarfélögum.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um breytingar á deiliskipulagi en gildandi reglur um það eru ekki nægilega skýrar. Auglýsa skal eftir athugasemdum við breytinguna og skal við aðra umræðu í sveitarstjórn taka afstöðu til innsendra athugasemda. Minni háttar eða óverulegar breytingar þarf hins vegar ekki að auglýsa enda hafi þeir sem hagsmuna eiga að gæta verið gefinn kostur á að tjá sig um breytinguna. Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun hið breytta skipulag til athugunar í samræmi við 21. gr. eða staðfestingar í samræmi við 2. og 3. mgr. 14. gr. ásamt athugasemdum hagsmunaaðila og umsögn sinni um þær og yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um gerð svæðisskipulags. Það skal gert að frumkvæði sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkunar á 12 ára löngu tímabili með það að markmiði að laga hann að gildandi landsskipulagsáætlunum. Með vaxandi byggð, nýjum og fullkomnum samgönguæðum og nýjum viðhorfum á sviði atvinnumála, hefur skapast þörf fyrir gerð svæðisskipulags sem nær yfir heilt hérað eða nokkur sveitarfélög í senn. Ákvæði um samfellt skipulag nærliggjandi sveitarfélaga er í 3. og 12. gr. gildandi skipulagslaga og hefur í auknu mæli verið unnið eftir þeim á undanförnum árum.

Um 26. gr.

Hér er að finna ákvæði um svæðisskipulag miðhálendis í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í gildandi skipulagslögum, sbr. breytingu nr. 73/1993. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hefur þegar verið skipuð og tekið til starfa af fullum krafti.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Lögð er sú skylda á Skipulagsstofnun að hún skuli í samvinnu við opinbera aðila sjá um að upplýsingar um gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi og tryggja að innbyrðis samræmi sé milli þeirra. Fjölmargar stofnanir á vegum ríkisins standa fyrir framkvæmdum sem ná til landsins alls og er því nauðsynlegt að samræmis sé gætt milli áætlana um þessar framkvæmdir og skipulagsáætlana sveitarfélaganna.

Um 29. gr.

Hér er fjallað um ákvörðun um legu opinberra mannvirkja sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Nauðsynlegt er að ákveðnar verklagsáætlanir komist á um slíkar ákvarðanir og samkvæmt greininni skal staðfesta slíka legu með sama hætti og aðalskipulag.

Um 30. gr.

Greinin samsvarar 7.–9. gr. núgildandi laga.

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 32. gr. gildandi laga en er ítarlegri.

Um 32. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. gildandi laga en er ítarlegri.

Um 33. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. gildandi laga en er ítarlegri. Sérstaklega er tekið fram að ákvæði í greininni raski ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga.

Um 34. gr.

Greinin samsvarar 27. og 28. gr. gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir að fyrir liggi umsögn Skipulagsstofnunar og bætt er við heimild til þess að taka eignarnámi efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku.

Í greininni eru taldar upp þær fasteignir og lóðir sem sveitarstjórn er heimilt að taka eignarnámi á grundvelli deiliskipulags vegna framkvæmda skipulagsins. Þar er um nýmæli að ræða. Enn fremur er eignarnám aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum og sanngjörnum hætti leitast við að ná samningum við eiganda þeirrar eignar eða réttinda sem hún byggir eignarnám sitt á og þykir rétt að taka það sérstaklega fram í lögunum þótt vitanlega hafi þeirri reglu verið fylgt við eignarnám til þessa.

Um 35. gr.

Hér er fjallað um bætur vegna skipulags og yfirtöku eigna og um er að ræða sambærilegt ákvæði og í 29. gr. skipulagslaga. Sérstaklega er tekið fram að matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11/1973, ákveði kaupverð fallist sveitarstjórn á kröfu um bætur og enn fremur að viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skuli tilkvaddir dómkvaddir matsmenn til að ákveða bætur.

Um 36. gr.

Hér er fjallað um greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu en um þau efni er fjallað í 33. og 34. gr. gildandi laga. Í greininni er lagt til að settar verði skýrar reglur um kostnaðarskiptingu vegna skipulagsmála milli Skipulagsstofnunar annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórna hins vegar.

Um 37. gr.

Í greininni er lagt til að skylt sé að leggja á skipulagssgjald en samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra heimild til slíkrar álagningar. Lögð er til óbreytt álagningarprósenta en sú breyting lögð til að skipulagsgjald skuli greitt af öllum mannvirkjum í stað nýbygginga. Munu skipulagsgjöld hér eftir verða innheimt af öllum mannvirkjum og skiptir ekki máli hvort um er að ræða mannvirki sem metin eru til brunabótaverðs eða ekki en í slíkum tilvikum skal miða við endurmatsstofnverð mannvirkis. Samkvæmt lögunum verður allt landið skipulagsskylt og verður skipulagsgjald því innheimt samkvæmt því og engin mannvirki undanþegin en samkvæmt gildandi lögum er ekki greitt skipulagsgjald af nýbyggingum sem tengjast landbúnaðarframleiðslu.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi byggingarlaga. Í tengslum við áhrif mannvirkja á umhverfið er sérstaklega hnykkt á því að það eigi við um t.d. breytingu lands með jarðvegi, gróðri og efnistöku. Varðandi undanþágur frá byggingarleyfum er gert ráð fyrir því að vegir, götur, brýr og jarðgöng, fjarri þéttbýli, flugbrautir, dreifi- og flutningsbrautir rafveitna, hitaveita, vatnsveitna og fjarskipta svo og hafnir og virkjanir séu undanþegnar lögunum. Þannig lagt til að auk vega séu brýr m.a. undanþegnar ákvæðum laganna og skiptir ekki máli hvort um er að ræða byggingar á vegum opinberra aðila heldur eingöngu séu götur, vegir, brýr og jarðgöng fjarri þéttbýli. Þó skal þess ætíð gætt að mannvirki sem undanþegin eru bygginagarleyfi skulu vera í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laganna.

Þótt ekki sé talin ástæða til útgáfu byggingarleyfa þegar um er að ræða götur, vegi, brýr og jarðgöng fjarri þéttbýli mæla öll rök með því að slíkar framkvæmdir þurfi byggingarleyfi ef um er að ræða famkvæmdir í eða við þéttbýli enda byggingarnar oft nátengdar öðrum byggingarframkvæmdum sem lögin kveða á um að þurfi byggingarleyfi.

Um 39. gr.

Í 39. gr. er fjallað um byggingarreglugerð sem er önnur meginreglugerðin samkvæmt lögunum. Fyrri hluti greinarinnar, þ.e. 1. og 2. mgr. eru að mestu leyti samhljóða 4. gr. gildandi byggingarlaga en þó er bætt við að í byggingarreglugerð skuli vera ákvæði um mismunandi tegundir bygginga, grenndarkynningu, aðstöðu og umgengni á vinnustöðum o.fl. í samræmi við breyttar aðstæður, auk þess sem kveðið skal á um öryggi óviðkomandi, svo sem barna. Enn fremur er gert ráð fyrir því að ákvæði séu um staðsetningu gáma, húsvagna, báta, torgsöluhúsa o.þ.h. en ákvæði um þessa þætti skortir í lög.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að í byggingarreglugerð verði kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara og hvernig háttað skuli byggingareftirliti, grenndarkynningu, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar o.s.frv. og hvernig innheimt skuli fyrir þessa hluti.

Vegna aukins samstarfs um setningu staðla á ýmsum tæknilegum sviðum milli aðildarríkja EFTA og ESB og innan samtakanna CEN og CENELEC er í 4. mgr. sú viðbót að auk þess skuli í byggingarreglugerð vísa til íslenskra staðla um tæknilega útfærslu o.fl. atriði, sem varða mannvirkjagerð, og að heimilt sé að vísa til sérsviðs samninga og túlkunarskjala sem hafa verið samþykkt í samstarfi milli aðildarríkjanna.

Um 40. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda verður víðtækara en byggingarnefndanna samkvæmt gildandi byggingarlögum því auk þess að fjalla um byggingarmál og gera tillögur til sveitarstjórna um afgreiðslu þeirra fjalla nefndirnar um stefnumörkun í skipulagsmálum og gerð skipulagsáætlana. Hlutverk byggingarnefndanna er sem fyrr að fjalla um leyfisumsóknir og gera tillögu um endanlega úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórna. Nefndirnar skulu hafa eftirlit með því að í umdæmi þeirra sé byggt í samræmi við staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál. Enn fremur er opnaður sá möguleiki fyrir nefndirnar að leita umsagnar og ráðgjafar sérfróðra aðila eftir því sem þurfa þykir.

Um 41. gr.

Hér er fjallað um störf byggingarnefnda sem í meiginatriðum eru þau sömu og eru í gildandi byggingarlögum, svo sem um tíðni funda og afgreiðslu erinda. Þrátt fyrir tilkomu sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr., er gerð tillaga um að ráðherra skeri úr um ágreining milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar eins og verið hefur nú að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Ekki þykir rétt að úrskurðarnefnd skv. 8. gr. fjalli um deilur sveitarstjórnar og byggingarnefndar sem starfar á vegum sveitarstjórnar, heldur sé eðlilegra að vísa slíkum málum til ráðherra. Hér er fyrst og fremst um ágreining um valdmörk að ræða en ekki efniságreining. Ef hins vegar er um að er að ágreining milli nefndarinnar eða sveitarstjórnar annars vegar og einstaklings eða lögpersónu sem telur rétti sínum hallað er heimilt að vísa slíkum úrskurði til úrskurðarnefndar skv. 8. gr.

Um 42. gr.

Í 21. gr. gildandi byggingarlaga eru gerðar þær kröfur að byggingarfulltrúi skuli vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í strjálbýli er heimilt að ráða búfræðikandídat út tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa. Hliðstæð ákvæði eru ekki í þessari grein því gengið er út frá því, sbr. 7. gr. laganna, að ráðherra setji, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og umsögn Félags byggingarfulltrúa, reglugerð um menntun, réttindi og skyldur byggingarfulltrúa og að enginn megi starfa sem slíkur nema hann hafi til þess leyfi ráðherra. Byggingarfulltrúi þarf að uppfylla skilyrði 51. og 52. gr. Samkvæmt þessu verða kröfur um menntun og hæfni byggingarfulltrúa settar í reglugerð og er því óþarfi að tíunda kröfurnar beint í lögunum. Þótt vitanlega verði settar kröfur um sérmenntun á tæknisviði frá háskóla eða tækniskóla ásamt kröfum um starfsreynslu í skipulags- og byggingarmálum. Í reglugerð verður að sjálfsögðu tekið tillit til þess ef veita þarf undanþágur þar sem ekki fæst réttindamaður í starfið tímabundið. Í greininni er störfum byggingarfulltrúa lýst með ítarlegri hætti en í 22. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 43. gr.

Greinin er í aðalatriðum samhljóða 25., 26. og 27. gr. gildandi laga. Lagt er til að sú regla verði lögfest til að uppdrættir, samþykktir og áritaðir af byggingarfulltrúa, skuli ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Um 44. gr.

Greinin er nýmæli og er liður í hertu byggingareftirliti. Er byggingarfulltrúa veitt heimild í sérstökum tilvikum til að krefjast prófreikninga frá sérstökum prófhönnuðum sem skv. 53. gr. þurfa viðurkenningu ráðherra. Gildir þetta t.d. um styrkleika bygginga gagnvart jarðskjálftum.

Þá er í greininni heimild til að krefja framleiðendur og byggingarefnisaðila um vottorð frá faggiltri prófunarstofu á byggingarsviði um að söluvara þeirra standist gæðakröfur byggingarreglugerðar. Krefjast má sérstakra eftirlitsmanna með framkvæmd um meiri háttar mannvirkjagerð og prófunar mannvirkis eftir að það hefur verið reist.

Mjög mikilvægt er að lögfesta strangar kröfur til hönnunar og efnisvals en talsvert skortir á um slíkt í lögum á þessu sviði.

Um 46. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 4., 5., 7., 8. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga. Ákvæði um yfirlýsingu um ábyrgð á framkvæmdum er fært í 47. gr. frumvarpsins. Byggingarleyfi veitir ekki leyfi til framkvæmda jafnvel þótt hafi verið staðfest í sveitarstjórn þar sem framkvæmdaleyfi þarf einnig að koma til, sbr. 47. gr.

Um 47. gr.

Þessi grein sem fjallar um svonefnt framkvæmdaleyfi er nýmæli. Byggingarleyfi, sem veitt er út á aðaluppdrætti, veitir ekki heimild til framkvæmda, heldur þarf einnig að koma til sérstakt framkvæmdaleyfi, en það tryggir að fullnægjandi burðarþols, kerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir og að byggingarstjóri og iðnmeistari hafi verið ráðnir til verksins og þeir hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum. Í undantekningatilvikum er þó heimilt að veita framkvæmdaleyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda eins og t.d. að grafa grunn, þótt mannvirki hafi ekki verið hannað í smáatriðum, enda kann það að vera nauðsynlegt til að afla upplýsinga vegna hönnunar mannvirkisins.

Síðasta málsgrein 47. gr. er samhljóðandi 10. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um hvenær byggingarleyfi falla úr gildi og er hún að hluta til samhljóða 15. gr. byggingarlaga. Þær breytingar eru hins vegar lagðar til að byggingarleyfi falli úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar og sömuleiðis fellur framkvæmdaleyfi úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Þess eru mörg dæmi að byggingarleyfi hafi gilt í mörg ár án þess að framkvæmdir hafi verið hafnar. Nauðsynlegt er að ýta á eftir framkvæmdum, að öðrum kosti falli leyfi úr gildi.

Um 49. gr.

Greinin ásamt fjórum næstu greinum er nýmæli og kemur í stað 12. gr. byggingarlaga, sem er um margt óljós, um uppdrætti og löggildingu hönnuða. Í gildandi lögum eru nefndir aðaluppdrættir og séruppdrættir án þess að fram komi við hvað sé átt. Þá er í sömu grein tekið fram að rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum geta hlotið arkitektar, byggingarfræðingar, byggingartæknifræðingar og verkfræðngar, hver á sínu sviði, án þess að viðkomandi svið séu skilgreind.

Í greininni eru hönnunargögn skilgreind sem uppdrættir og fylgiskjöl. Uppdrættir eru greindir í aðaluppdrætti og séruppdrætti. Séruppdrættir eru síðan greindir í byggingaruppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og að girðingum, uppdrætti að innra skipulagi bygginga, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti.

Gert er ráð fyrir því að í byggingarreglugerð verði sett ákvæði þar sem kveðið verði nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn, svo sem vegna mismunandi bygginga.

Um 50. gr.

Þessi grein er í samræmi við 4. og 5. mgr. 12. gr. byggingarlaga. Í 2. mgr. er hins vegar það nýmæli lagt til að uppdráttur skuli áritaður af löggildum hönnuði, svokölluðum samræmingarhönnuði sem hefur það hlutverk að annast samræmingu þeirra uppdrátta sem mannvirki verði byggt eftir. Um þetta eru ákvæði í byggingarreglugerð en ekki í lögum. Í 3. mgr. er það nýmæli lagt til að hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skuli hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu eins og mælt er fyrir um í gildandi byggingarreglugerð. Rétt er að benda á að sambærileg ákvæði hafa á síðari árum verið lögfest í nýrri löggjöf, svo sem um fasteignasala, verðbréfasala og bílasala en markmiðið er að viðskiptavinir geti sótt skaðabætur til sjálfstæðs starfandi aðila sem valda tjóni með mistökum eða vanrækslu í starfi.

Um 51. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. byggingarlaga en breyting er gerð á orðalagi. Í stað „gera uppdrátt“ kemur „leggja fram uppdrátt“.

Skilgreint er almennt hvaða skilyrði hönnuðir þurfa að fullnægja áður en þeir geta öðlast rétt til löggildingar. Hönnuðir þurfa að hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis, sérhæft sig á viðkomandi sviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila. Meginreglan er sú að umsækjendur hafi þriggja ára starfsreynslu, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gera grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Ráðherra getur sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingu að umsækjandi hafi staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum og er gert ráð fyrir því að Skipulagsstofnun standi fyrir slíkum prófum.

Um 52. gr.

Greinin er nýmæli en í henni er skilgreint nánar hverjir geta hlotið löggildingu sem hönnuðir til að gera aðal- og byggingaruppdrætti, uppdrætti á skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti. Slíka löggildingu geta arkitektar einungis hlotið. Gert er ráð fyrir að verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geti fengið löggildingu til að hanna og gera séruppdrætti af burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum, raflögnum í mannvirkjum og vatnshita- og frárennsliskerfum, loftræstikerfum og lýsingarkerfum.

Byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar geta hlotið löggildingu til að gera aðal- og byggingaruppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggildum aðila á því sviði.

Byggingarfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði. Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir eru ekki nefndir í byggingarlögum og hafa því ekki getað hlotið löggildingu. Báðar þessar starfsstéttir hafa fengið lögverndun á starfsheiti sínu og gilda um þá sömu reglur og um þær starfsstéttir sem áður eru taldar upp í þessari grein. Þannig er lagt til að innanhússhönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að innra skipulag bygginga og að landslagshönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að skipulagi lóðar.

Um 53. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um löggildingu prófhönnuða. Slíka löggildingu geta fengið verkfræðingar með sérmenntun og löggildingu á viðkomandi hönnunarsviði, enda hafi þeir sex ára starfsreynslu á þessu sviði þar af minnst eitt ár í eftirliti með framkvæmdum. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um hæfisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti og að viðkomandi gangist undir próf sem Skipulagsstofnun eða Háskóli Íslands mundu standa fyrir. Talið er mikilvægt að prófhönnuðir hljóti löggildingu enda mikið í húfi að rétt sé að hönnun staðið t.d. varðandi styrkleika bygginga. Slíkt fyrirkomulag hefur verið tekið upp í nágrannalöndunum.

Um 54. gr.

Í þessari grein og næstu er fjallað um sama efni og í 19. gr. byggingarlaga. Hertar eru til muna reglur um byggingarstjórn og sett það skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skuli vera einn ábyrgur aðili, sem nefnist byggingarstjóri, en um það eru aðeins heimildarákvæði í gildandi lögum. Tekið er fram hverjir geta orðið byggingarstjórar en frá setningu gildandi byggingarlaga árið 1978 hefur þeim aðilum fjölgað mjög sem uppfylla þær kröfu sem gerðar eru til byggingarstjóra samkvæmt þessu frumvarpi. Ákvæðin um verksvið byggingarstjóra eru samhljóða 17. gr. gildandi laga, en nýmæli er að í byggingarreglugerð skuli kveðið á um samning milli byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda. Það er og nýmæli að byggingarstjóri skuli hafa ábyrgðartryggingu.

Ákvæði um ábyrgð byggingarstjóra er að mestu samhljóða 1. mgr. 18. gr. byggingarlaga en bætt er við að byggingarstjóri skuli við lok framkvæmda staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Kveðið er á um hvernig staðið skuli að málum ef byggingarstjóri hættir áður en verki er lokið og skal gera úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og samþykki fráfarandi og aðkomandi byggingarstjóra skal liggja fyrir.

Um 55. gr.

Í þessari grein sem er nýmæli er fjallað um ábyrgð iðnmeistara gagnvart eiganda byggingarframkvæmda og byggingarfulltrúa og hverjir geta hlotið viðurkenningu byggingarfulltrúa til þess að taka á sig líka ábyrgð. Til þess að fá að starfa sem byggingarmeistari þarf sérstakt leyfi ráðherra. Iðnmeistarar, sem fengið hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, geta hlotið slíka löggildingu enda hafi þeir starfað sem meistarar í iðn sinni. Leita skal umsagnar Samtaka iðnaðarins áður en leyfi er veitt og kveðið skal nánar á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingar-

reglugerð. Ákvæði er um hvernig staðið skuli að málum ef iðnmeistari hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhlutum sem lokið er og með samþykki fráfarandi og aðkomandi iðnmeistara. Skal það tilkynnt byggingarfulltrúa án tafar.

Um 56. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 28. og 29. gr. gildandi byggingarlaga. Það er þó nýmæli að gjöld þessi megi ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, við útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té enda er hér um að ræða greiðslu fyrir sannanlegum kostnaði sem sveitarfélögin verða fyrir vegna þessara starfa.

Um 57. gr.

Í þessari grein er fjallað um bílastæðagjald og hefur ekki sérstaklega verið kveðið á um það í lögum, en samsvarandi ákvæði hafa verið í skipulagsreglugerð allt frá 1966. Bílastæðagjald tekur mið af því að sveitarstjórn geti ákveðið að innheimta slíkt gjald af hlutaðeigandi lóð ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um. Gjaldið má nema áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða er á vantar og getur sveitarstjórn sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu, sem ráðherra staðfestir. Gert er ráð fyrir því að bílastæðagjöld renni í sérstakan sjóð sem skal varið til að afla bílastæða þannig að gagn verði fyrir þá lóð sem um ræðir.

Um 58. gr.

Greinin er efnislega eins og 30. gr. byggingarlaga að öðru leyti en því að byggingarleyfisgjöldum og bílastæðisgjöldum fylgi lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og að innheimta má gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þvingunarúrræði eftirlitsaðila, ábyrgð aðila og viðurlög við brotum á lögunum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim.

Um 59. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. byggingarlaga að öðru leyti en því að hún nær einnig til atriða er varða skipulagsáætlanir. Þó er gerð sú breyting að þar sem byggingarfulltrúi stöðvar framkvæmdir skuli hann leita staðfestinga byggingarnefndar um stöðvun svo fljótt sem við verður komið.

Í 2. mgr. er það nýmæli að finna að ráðherra getur hlutast til um að mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna og sem reist hafa verið án samþykkks sveitarstjórnar verði fjarlægð á kostnað eiganda ef sveitarstjórn hefur látið hjá líða að framkvæma verkið innan sex mánuða frá því henni var kunnugt um málið. Áður skal liggja fyrir tillaga Skipulagsstofnunar um málsmeðferð. Hér er um öryggisákvæði að ræða að til þess gert að ýta á eftir því að sveitarstjórnir sinni þeirri skyldu að láta fjarlægja mannvirki sem reist hafi verið án leyfis. Enn fremur er lagt til það nýmæli í lögum, sbr. 3. mgr., að sé brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skuli byggingarfulltrúi koma í veg fyrir að húsið verði tekið í notkun þar til úr hefur verið bætt.

Um 60. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. gildandi byggingarlaga að breyttu breytanda.

Um 61. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimildir byggingarnefndar og ráðherra til að veita iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot getur ráðherra að fenginni ósk byggingarnefndar svipt hann viðurkenningu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Rétt þykir að þetta vald sé í höndum ráðherra enda veitir hann iðnmeistara löggildingu til starfans.

Um 62. gr.

Hér er fjallað um refsiábyrgð hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og að slík mál fari að hætti opnberra mála.

Um 63. gr.

Hér er fjallað um aðgerðir yfirvalda til að knýja á um úrbætur með beytingu dagsekta og með því að láta vinna verk á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Um 64. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum sem er í höndum utanríkisráðherra í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. lög nr. 110/1951, sbr. og lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 7371969, og reglugerð forseta Íslands nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Beita skal ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settum samkvæmt þeim á varnarsvæðum eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál á varnarsvæðum og skal nefndin hafa náið samráð við Skipulagsstofnun og forsvarsmanna sveitarfélaga sem hlut geta átt að málum. Utanríkisráðherra setur nánari ávæði um framkvæmd þessarar greinar að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Þótt þessi grein sé nýmæli í skipulags- og byggingarlögum hefur framkvæmdin verið með þessum hætti í samræmi við þau verkefni sem utanríkisráðherra er falið varðandi yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum, sbr. áðurnefnd lög.

Um 65. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Mjög brýnt er að skipulagsreglugerð og byggingarreglugerð, sbr. 10. og 39. gr., öðlist gildi um leið og lögin. Þetta gerir þær kröfur að umhverfisráðuneytið láti vinna að gerð þessara reglugerða á þeim tíma sem gefst frá samþykkt laganna til gildistöku.
2. Brýnt er að öll sveitarfélög hafi gert aðalskipulag innan tiltekins tíma. Reiknað er með að tíu árum frá gildistöku laganna hafi öll sveitarfélög staðfest aðalskipulag. Ráðherra er þó heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að veita undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags, auk þess sem ráðherra getur að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en tíu ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags, t.d. á þéttbýlisstöðum.
3. Skylt er að tryggja rétt eldri hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefndir og rétt iðnmeistara og byggingarstjóra til að standa fyrir framkvæmdum. Munu þeir halda réttindum sínum við gildistökuna.

4. Brýnt er að tryggja að þeir sem gegna starfi byggingarfulltrúa við gildistökuna haldi þeim rétti sínum og eiga þeir kröfu á löggildingu ráðherra að fenginni umsókn, innan ákveðinna tímamarka sem verða sett í reglugerð.
5. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi nefnd sérfróðra manna til þess kanna hvort ástæða sé til þess að lagfæra eða auka við ákvæði laganna um endurnýjun og endurbætur eldri hverfa en þar þarf að móta stefnu til framtíðar. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum til ráðherra innan eins árs frá gildistöku laganna.
6. Gert er ráð fyrir að lögin sæti endurskoðun innan fimm ára frá gildistöku og að samhliða skuli lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, endurskoðuð og lögin felld saman í ein lög, en sambærilegt ákvæði er að finna í bráðabirgðaákvæðum laga um mat á umhvefisáhrifum, sbr. það sem segir í athugasemdum með lagafrumvarpi þessu hér að framan.

Fylgiskjal.

Umsagnaraðilar um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Arkitektafélag Íslands	umsögn barst
Brunamálastofnun	umsögn barst
Byggðastofnun	umsögn barst
Byggingarfræðingafélag Íslands	umsögn barst
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	
Félag byggingarfulltrúa	umsögn barst
Félag húsgagna- og innanhússarkitekta	umsögn barst
Félag íslenskra landslagsarkitekta	umsögn barst
Félag ráðgjafarverkfræðinga	umsögn barst
Félaga skipulagsfræðinga	umsögn barst
Félagsmálaráðuneyti	
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	umsögn barst
Hið íslenska náttúrufræðifélag	umsögn barst
Hollustuvernd ríkisins	umsögn barst
Húsafriðunarnefnd ríkisins	umsögn barst
Hönnun hf.	umsögn barst
Iðnaðar- og viðskiparáðuneyti	umsögn barst
Landbúnaðarráðuneyti	
Landmælingar Íslands	
Landsvirkjun	umsögn barst
Landvernd umsögn barst	
Meistara- og verktakasamband byggingarmanna	
Meistarafélag húsasmiða	umsögn barst
Menntamálaráðuneyti	
Náttúruverndarráð	umsögn barst

Neytendasamtökin	umsögn barst
Orkustofnun	
Póst- og símamálastofnun	
Rafiðnaðarsamband Íslands	
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	umsögn barst
Ríkiskaup	
Samband íslenskra hitaveitna	umsögn barst
Samband íslenskra rafveitna	umsögn barst
Samband íslenskra sveitarfélaga	umsögn barst
Samgönguráðuneyti	
Samtök iðnaðarins	umsögn barst
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra	
Skipulag ríkisins	umsögn barst
Tæknifræðingafélag Íslands	umsögn barst
Utanríkisráðuneyti	umsögn barst
Vegagerðin	umsögn barst
Verkfræðingafélag Íslands	umsögn barst
Vinnueftirlit ríkisins	umsögn barst

898. Nefndarálit [402. mál]

um breyt. á yfirstjórn á vátryggingastarfsemi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Finn Sveinbjörnsson og Kjartan Gunnarsson.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Jón Helgason, Guðmundur Árni Stefánsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 25. febr. 1995.

Björn Bjarnason, frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ey. Kon. Jónsson.

Ingi Björn Albertsson. Tómas Ingi Olrich.

899. Skýrsla [461. mál]

umhverfisráðherra um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Inngangur

Samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993 skal umhverfisráðherra árlega birta opinberlega skýrslu um ástand og og þróun umhverfismála á Íslandi. Skýrsla þessi lítur hér í fyrsta sinn dagsins ljós. Ráðherra fól starfsmönnum ráðuneytisins, þeim Ingimar Sigurðssyni skrifstofustjóra, Sigurði Á. Þráinssyni deildarstjóra og Þóri Ibsen deildarstjóra að mynda ritnefnd og réði Sigmund Einarsson jarðfræðing til að ritstýra skýrslunni. Ritnefnd sendi bréf til stofnana ráðuneytisins og annarra ráðuneyta þar sem farið var fram á aðstoð við ritstjórann varðandi öflun gagna þegar og ef eftir þeim væri leitað.

Þegar í upphafi var ákveðið að stefnt skyldi að því að efni skýrslunnar yrði þannig fram sett að hún gæti orðið skiljanleg öllum almenningi í landinu. Af þessum sökum hefur margskonar fræðilegum útlistunum verið sleppt og er í því sambandi vísað á umfjöllun í tilvitnuðum heimildum.

Þegar lögð voru drög að uppsetningu skýrslunnar var strax lögð sérstök áhersla á sérstöðu Íslands frá sjónarhóli umhverfismála, en hún er fyrst og fremst fólgin í sögulegri þekkingu á landnámi mannsins. Landið hefur aðeins verið byggt mönnum í rúmar ellefu aldir og innrás landnámsmanna í afar viðkvæmt vistkerfi þess orsakaði snemma stórkostleg umhverfisvandamál sem ekki var farið að takast á við fyrr en komið var fram á 20. öld. Ísland er eldfjallaland þar sem mikil nýmyndun jarðefna á sér stað, stundum samfara miklum náttúruhamförum. Við þessar aðstæður og það veðurfar sem ríkir í landinu verður til afar viðkvæmt jafnvægi milli gróðurs og jarðvegs. Meðal landsmanna ríkti um aldir skilningsleysi á hinni sérstæðu náttúru landsins. Ofan á bættist að bág lífskjör fólks í harðbýlu landi veittu ekkert svigrúm til að tekið væri tillit til ástands landsins sem þó var undirstaða lífsbjargarinnar.

Þessi sérstaða Íslands, auk þess að hér býr fámenn þjóð í stóru landi við erfið veðurskilyrði, veldur því að ekki er hægt nema að nokkru leyti að nota skýrslur nágrannalandanna um umhverfismál til viðmiðunar.

Við vinnslu skýrslunnar varð fljótlega ljóst að ekki yrði unnt að spanna öll svið umhverfismála að sinni. Því var ákveðið að leggja aðaláherslu á að taka saman yfirlit um þá þætti umhverfismála sem hvað minnst hefur verið sinnt á undanförnum árum, annars vegar ástand landsins fyrir landnám mannsins og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan og hins vegar þá jarðfræðilegu þætti sem ekki hafa verið gerð skil áður frá sjónarhóli umhverfismála, en það er efnistaka hverskonar, bæði laus jarðefni og fastur berggrunnur.

Ýmsir þættir umhverfismála fengu ítarlega umfjöllun í skýrslu umhverfisráðuneytisins „Ísland – umhverfi og þróun" sem kom út árið 1992 í tengslum við Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem fram fór í Ríó de Janeiro í júní 1992, og sumt af efni hennar er endurtekið hér með nokkrum breytingum.

Efni skýrslunnar er samið af fjölmörgum aðilum. Þær stofnanir sem lagt hafa til efni í skýrsluna eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofa Íslands, Rannsóknastöðin við Mývatn, Náttúruverndarráð, Hollustuvernd ríkisins, Landmælingar Íslands, Skipulags ríkisins, Siglingamálastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Hagstofa Íslands, Orkustofnun, Háskóli Íslands og Vegagerð ríkisins. Starfsmenn þessara stofnarna hafa ritað efni skýrslunnar ásamt starfsmönnum umhverfisráðuneytisins og ritstjóra.

Það er von mín og þeirra sem sáu um vinnslu skýrslunnar að með henni hafi verið mörkuð stefna sem verði til þess að á fáeinum árum megi takast að vinna heildaryfirlit yfir stöðu umhverfismála í landinu.

Umhverfisráðuneytinu, febrúar 1995
Össur Skarphéðinsson

1. Samantekt

Þekking á landinu og lífríki þess fyrir landnám mannsins er heldur bágborin. Megindrættir í myndun og mótun landsins eru þekktir en mikið skortir á að sú þekking geti talist viðunandi. Miklar breytingar hafa orðið á landinu eftir að ísaldarjökullinn hvarf, einkum vegna upphleðslu gosefna í gosbeltunum um miðbik landsins. Enn vantar töluvert á að saga eldvirkninnar sé nægilega könnuð.

Landnám mannsins á síðari hluta 9. aldar raskaði viðkvæmu jafnvægi sem ríkt hafði um aldir í náttúru landsins. Gegndarlaus rányrkja olli snöggum umskiptum sem eiga sér enga hliðstæðu í gróðurfarssögunni eftir ísöld. Óhagstæð veðrátta og stóráföll af völdum náttúruhamfara lögðust síðan á sveif með manninum. Á síðari hluta 19. aldar var svo komið að landið að verða óbyggilegt. Gróft mat á hnignun gróðurs og jarðvegs frá landnámi bendir til að þau landgæði hafi rýrnað um allt að 80%.

Vönduð staðfræðikort eru ein helsta undirstaða allra rannsókna á umhverfinu. Til þessa hefur kortagerð á Íslandi að mestu verið kostuð af Dönum og Bandaríkjamönnum. Sumarið 1993 var ráðist í að mæla nýtt grunnstöðvanet með GPS-mælitækni (Global Positioning System). Gert er ráð fyrir að netið verði tilbúið til notkunar árið 1995 og eftir það verður það grundvöllur kortagerðar og verklegra framkvæmda í landinu.

Vegna skorts á nægilega nákvæmum grunnkortum hefur gróðurkortagerð nánast lagst af og verði ekkert að gert mun sú þekking og starfsþjálfun sem fyrir hendi er glatast. Slíkt væri mikill skaði því Ísland er eitt af fáum löndum Evrópu þar sem ekki eru til gróðurkort af öllu landinu.

Íslendingar eru áratugum á eftir nágrannaþjóðunum í jarðfræðikortlagningu og sambærilegt ástand á þessu sviði er hvergi að finna nema ef vera kynni í ríkjum þriðja heimsins. Nauðsynlegt er að farið verði að huga að skipulegri kortlagningu sem nær til landsins alls í stórum mælikvörðum.

Landmælingar Íslands eiga loftmyndasafn, alls um 130.000 myndir af landinu frá tímabilinu 1937–1994. Myndasafnið er grundvöllur margvíslegra samanburðarrannsókna auk þess sem nýir kortgrunnar eru gerðir eftir slíkum myndum. Þá er landgreining fyrir kortagerð færð inn á loftmyndir, bæði fyrir gróður- og jarðfræðikort. Loftmyndir eru mikið notaðar hérlendis vegna skorts á kortum í stórum mælikvarða af svæðum utan þéttbýlis. Tækjabúnaður Landmælinga Íslands til töku loftmynda er nær tuttugu ára gamall og þarf endurnýjunar við.

Notkun gervitunglamynda í heiminum hefur vaxið mjög á síðustu tveimur áratugum, einkum í veðurfræði, kortagerð og hvers konar rannsóknum á landi. Á síðustu tveimur áratugum hefur orðið til mikið magn gagna frá ýmsum gervitunglum. Mikið myndefni frá Íslandi er því geymt í erlendum gagnasöfnum og hafa Landmælingar Íslands upplýsingar um þau. Gervitunglamyndir eru, eins og loftmyndir, mikilvæg frumgögn í kortagerð og hafa mikið gildi fyrir ýmiss konar landfræðileg upplýsingakerfi.

Veðurstofa Íslands annast umhverfisvöktun á andrúmsloftinu, þ.e. veðurþjónustu, rannsóknir á veðurfari og mengunarmælingar, auk eftirlits og rannsókna á snjóflóðum og hafís. Veðurstofan annast daglega veðurþjónustu við almenning í landinu, sjómenn og flugmenn. Þjónustusvæðið er afar stórt, einkum flugveðurþjónustusvæðið sem spannar allt svæðið frá 60°N til 90°N og frá 0°V vestur fyrir Grænland.

Miðað við stærð Íslands er landið mjög auðugt af góðu grunnvatni. Ræðst það annarsvegar af tiltölulega mikilli úrkomu og hinsvegar eru vel lek jarðlög útbreidd á landinu. Talið er að grunnvatnsrennsli til fallvatna og sjávar nemi um 1000 m^3/sek. Af því kemur nærri fjórðungur undan jöklum landsins. Einungis um 1% þessa grunnvatns

er nýtt í dag í vatnsveitum og atvinnurekstri. Grunnvatnið gæti í framtíðinni orðið einhver helsta náttúruauðlind landsins að útflutningsverðmæti.

Kerfisbundnar vatnamælingarnar renna stoðum undir hina hefðbundnu flokkun íslenskra vatnsfalla. Einnig koma fram miklar árstíðabreytingar og breytingar milli ára. Uppruna lindavatnsins er oft að leita í jökulleysingu undangenginna ára og koma því fram langtímabreytingar í rennsli lindáa. Mörg þeirra vatnsfalla sem hingað til hafa verið kölluð jökulvötn vegna litarháttarins eru í raun einungis jökulskotin bergvötn.

Jarðeðlisfræðideild Veðurstofu Íslands ræður yfir mjög fullkomnu mælakerfi til að fylgjast með ástandi jarðskorpunnar út frá smáskjálftum sem stöðugt leysast úr læðingi. Kerfið er mikilvægur grundvöllur til að geta sagt fyrir um ýmisskonar vá sem á sér rætur í jarðskorpunni, t.d. jarðskjálfta og eldgos.

Skipulögð landgræðslustarfsemi hófst hér á landi árið 1907. Síðan þá hefur hættulegasti foksandurinn víðast verið heftur og tekist hefur að klæða mikil landflæmi gróðri að nýju. Gerð nýrra korta af jarðvegsrofinu lýkur árið 1995 og munu þau gjörbreyta öllum forsendum til mats á forgangsröðun landgræðsluverkefna. Á grundvelli þeirra verður einnig hægt að taka markvissar ákvarðanir um skipulag landnýtingar og uppbyggingu eða samdrátt í þeim landbúnaði sem byggir á beit í úthaga. Þar sem íslenskur landbúnaður kannar nú möguleika á að auðkenna afurðir sínar sem lífrænt ræktaðar „afurðir" í þeim tilgangi að tryggja markaðsstöðu og hærra verð fyrir framleiðsluna er líklegt að eitt þeirra skilyrða sem landbúnaðurinn þarf að uppfylla verði að við framleiðsluna sé ekki gengið á höfuðstól sjálfrar náttúrunnar.

Á eftir gróðureyðingu og jarðvegsrofi er framræsla mýranna og afleiðingar þeirra framkvæmda mesta breyting sem maðurinn hefur valdið á lífríki landsins. Á áttunda áratugnum dró verulega úr þessum framkvæmdum og er líklegt þá hafi verið búið að ræsa fram mestallt það mýrlendi sem menn töldu hagkvæmt að breyta í tún eða góðan haga.

Vegna fámennis og mikillar fjarlægðar frá þéttbýlum löndum er mengun í andrúmslofti yfir Íslandi yfirleitt lítil. Aftur á móti er mikilvægt að fylgst sé með magni ýmissa efna í loftinu, ekki síst vegna hugsanlegra hnattrænna breytinga á efnum eins og koldíoxíði, ósoni og ýmsum þrávirkum lífrænum efnum. Reglubundnar mælingar á heildarmagni ósons í andrúmslofti hafa farið fram á Veðurstofu Íslands frá árinu 1957. Er þetta með lengri mælingaröðum sem til eru í heiminum á ósoni í andrúmslofti og hefur hún mikla þýðingu í rannsóknum á hugsanlegri ósonþynningu. Meginniðurstöður eru þær að ósonlagið hefur þynnst um 0,5% á ári að meðaltali sumarmánuðina 1977–1990.

Öllu efnisnámi fylgir óhjákvæmilega jarðrask og varanlegar breytingar á útliti landsins. Ekkert heildaryfirlit hefur verið tekið saman um ástand þessara mála en áætlað hefur verið að árleg malarnotkun í landinu nemi um 6 milljón m^3, en það er allt að fimmfalt meira magn á íbúa en gerist í nágrannalöndunum. Ekki hefur verið til heildarskrá yfir fjölda náma, efnisgerð, né umfang vinnslu. Úttekt á þessum málaflokki er nýlega hafin.

Sjávarútvegur er burðarás íslensks efnahagslífs. Eftir að Íslendingar fengu full yfirráð yfir miðunum kringum landið, með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur árið 1975, hefur þeim gefist kostur á að nýta lífríki sjávar skynsamlega. Þrátt fyrir það hefur hrigningarstofn þorsks, helsta nytjafisks þjóðarinnar, aldrei mælst minni en árið 1994. Helstu fisktegundirnar sem nýttar eru við Ísland eru: þorskur, ýsa, ufsi, karfi, loðna, síld, grálúða og hrognkelsi. Sjávarútvegsráðuneytið setur árlega reglur um leyfilegan hámarksafla fyrir hverja tegund, að hrognkelsi undanskildu, að fengnum ráðleggingum frá

Hafrannsóknastofnun. Afli á Íslandsmiðum hefur að jafnaði verið um 1,5 milljónir tonna á ári.

Nýting vatnsorku grundvallast á hringrás vatnsins sem gufar upp úr höfunum, berst með vindum inn yfir landið, fellur þar sem úrkoma og rennur til baka til sjávar. Á þessum síðasta hluta leiðarinnar er hægt að nýta fallorku vatnsins og er hún talin óþrjótandi auðlind. Gerð miðlunarlóna í tengslum við vatnsorkuver veldur því óhjákvæmilega að land fer undir vatn. Hentugustu svæði fyrir miðlunarlón eru venjulega í lægðum á hálendinu og eru því oft þeir hlutar hálendisins sem best eru grónir. Þar verða því óhjákvæmilega árekstrar við sjónarmið gróðurverndar eða nytja af beit húsdýra eða villtra dýra. Önnur umhverfisáhrif af völdum virkjana og ekki verða metin til fjár eru t.d. fossar og önnur náttúrufyrirbæri sem geta breyst verulega eða horfið alveg.

Á flestum jarðhitasvæðum sem eru í vinnslu er unnin mun meiri orka en sem nemur náttúrlegu afli þeirra. Orkan fæst úr heitu bergi jarðhitakerfanna og er því í raun um eins konar námuvinnslu að ræða. Jarðhitinn er því takmörkuð orkulind og alls ekki óþrjótandi eins og oft hefur verið álitið.

Helstu áherslubreytingar í umhverfisvernd hér á landi á undanförnum árum tengjast annars vegar nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum við mannvirkjagerð sem tóku gildi á árinu 1994, en lítil reynsla er enn komin á þau. Hins vegar er aukið vægi mengunarvarna og hefur umhverfisráðuneytið m.a. beitt sér fyrir heildarúttekt á stöðu mála varðandi sorpförgun á stórum hlutum landsins. Sá málaflokkur hefur lengi verið hornreka hjá fjölda bæjar-og sveitafélaga en virðist nú víða horfa til verulegra framfara. Ráðuneytið hefur einnig beitt sér fyrir úttekt á stöðu fráveitumála á landinu en sá málaflokkur er víða í ólestri. Töluverð hreyfing hefur verið í þá átt að bæta úr en kostnaður við úrbætur getur verið töluverður. Sú umræða sem þessi átaksverkefni ráðuneytisins kom af stað í þjóðfélginu hefur tvímælalaust orðið til þess að viðhorfsbreyting er að verða meðal almennings og skilningur á gildi umhverfisverndar fer vaxandi.

Alþjóðlegt samstarf á sviði umhverfismála hefur aukist verulega á síðustu árum. Útilokað er fyrir litla þjóð eins og Íslendinga að fylgjast með og taka þátt í öllu því starfi. Þess í stað hafa íslensk stjórnvöld einbeitt sér að tiltölulega afmörkuðum sviðum umhverfismála í alþjóðlegu starfi, þar sem saman fara bæði sérþekking og hagsmunir umfram annað. Verndun hafsins gegn mengun, sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins og notkun endurnýjanlegra orkugjafa hafa verið áhersluatriði íslenskra stjórnvalda í samstarfi þjóðanna í umhverfismálum eftir Alheimsráðstefnu Sameinuðuþjóðanna um umhverfi og þróun árið 1992 í Río de Janeiro. Um 70–80% af mengun hafsins eiga rætur að rekja til athafna á landi, (iðnaður, landbúnaður og búseta) en aðeins 20–30% til athafna á sjó (siglingar, auðlindavinnsla á hafsbotni o.s.frv.). Því hafa íslensk stjórnvöld lagt mikla áherslu á að þjóðir heims gerðu samkomulag af einhverju tagi sem drægi úr mengun frá landsstöðvum. Ef einstökum efnum hafa íslensk stjórnvöld lagt sérstaka áherslu á að bönnuð yrði losun allra lífrænna þrávirkra efna og losun geislavirkra efna.

Nýting endurnýjanlegra orkugjafa er mál sem tengist nú fyrst og fremst samningnum um loftslagsbreytingar. Þar hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að sérstaða endurnýjanlegra orkulinda svo sem vatnsorku og sólarorku yrði metin í samanburði við kol, olíu og kjarnorku. Á þessum vettvangi er enn langt í land að alþjóðleg samstaða náist um að meta nýtingu kola, olíu og kjarnorku lakari fyrir umhverfið en hinar endurnýjanlegu orkulindir vegna efnahagslegra og stjórnmálalegra ástæðna.

Á næstu árum leggja stjórnvöld m.a. á eftirtalin atriði:

Að ljúka sem fyrst heildstæðri áætlun um umhverfisvöktun og koma föstu skipulagi á vistun og miðlun upplýsinga um umhverfismál.

Að undirbúa gerð þjóðhagsstærða og reikninga sem taka mið af ástandi umhverfis og nýtingu náttúruauðlinda.

Að efldar verði grunnrannsóknir og vöktun á sviði umhverfismála.

Að auka umhverfismennt, fræðslu og umræður um umhverfismál á öllum skólastigum og gera átak í fræðslu- og upplýsingamálum til almennings.

2. Ástand umhverfis og náttúruauðlinda

2.1 Óbyggð eyja í Norður-Atlantshafi

Upphaf Íslands
Samkvæmt flekakenningunni mynduðu Evrópa og Norður-Ameríka samfellt meginland þar til fyrir um 60 milljón árum. Þá hófst myndun Norður-Atlantshafsins er Grænland tók að reka frá Bretlandi og Skandinavíu. Nýr hafsbotn myndaðist við gliðnun og eldvirkni á Mið-Atlantshafshryggnum og það ástand varir enn. Undir hluta hryggjarins er uppstreymi úr möttli jarðar sérstaklega mikið. Uppstreymið er nefnt möttulstrókur. Strókurinn lyftir allstórum hluta hryggjarins upp fyrir sjávarmál þannig að eldvirkni og gliðnun eru þar á þurru landi. Þar heitir nú Ísland.

Berggrunnurinn
Eldvirkni á Íslandi virðist alla tíð hafa verið nokkuð jöfn og stöðug en elstu jarðlög landsins eru um 15 milljón ára gömul, þ.e. frá síðari hluta tertíertímabils jarðsögunnar. Á tertíer einkenndust gosbeltin af basalthraunflákum og stökum, stórum megineldstöðvum sem risu yfir hraunabreiðurnar og framleiddu einnig ísúrar og súrar bergtegundir (andesít og líparít). Hraunlagastaflann rak stöðugt út úr gosbeltinu til beggja hliða þar sem veðrunar- og roföfl tóku að vinna á honum og grafa í hann dali og firði. Þversnið í slíkan stafla má nú sjá t.d. í fjöllum á Austfjörðum og Vestfjörðum og úr þeim má lesa það ástand sem ríkti í gosbeltunum á myndunartímanum.

Loftslag á tertíertímabilinu var hlýtt og tiltölulega rakt og laufskógar klæddu landið. Loftslagið fór hægt kólnandi og barrskógar tóku við af laufskógunum. Fyrir um þremur milljónum ára kólnaði verulega og ísöld hófst en henni lauk fyrir um 10.000 árum. Á ísöld skiptust á hlýskeið með loftslagi svipuðu því sem nú ríkir annarsvegar og mun kaldari og lengri jökulskeið hinsvegar. Á jökulskeiðunum huldi jökull meginhluta landsins. Þrátt fyrir loftslagsbreytinguna hélt jarðeldurinn sínu striki og við eldgos undir jökli mynduðust móbergsfjöll en á hlýskeiðum runnu hraun yfir láglendi og fylltu dali milli móbergsfjallanna. Ásýnd landsins breyttist mikið frá því sem áður hafði verið. Í gosbeltunum settu móbergsfjöll nú sterkan svip á landslagið og margfölduð afköst veðrunar- og rofafla ollu því að utan gosbeltisins urðu dalir dýpri og víðari en áður. Landið tók á sig núverandi mynd.

Jarðgrunnurinn
Þegar jöklar bráðnuðu fyrir rúmum 10.000 árum kom landið í ljós. Berggrunnurinn var ýmist nakinn eða hulinn jökulurð. Áflæði og afflæði sjávar í lok ísaldar gerðu það að verkum að víða mynduðust allmikil sjávarsetlög á núverandi láglendi. Síðar hafa ár víða fyllt dalbotna með framburði sínum og margar hinna stærri jökuláa hafa myndað sanda við jökulsporða og miklar setfyllingar við ströndina.

Jarðvegsmyndun
Þegar eftir að ísaldarjökullinn hvarf af landinu tók landið að gróa upp og jarðvegur að myndast. Jarðvegur á Íslandi er margvíslegur að gerð, allt frá brúnni mold á grónu landi til yfirborðs auðnanna á hálendinu. Jarðvegurinn samanstendur af mörgum þáttum, ferskum bergmolum, bergmylsnu sem hefur upphaflega orðið til við hverskonar svörfun bergs, gosösku, dauðum, rotnandi og lifandi lífrænum efnum, vatni með uppleystum efnum og lofttegundum. Jarðvegurinn breytist í tímans rás. Í honum verða margvíslegar efnabreytingar þegar efni losna frá rotnandi lífverum og við veðrun bergefna og ný efni myndast. Í jarðveginum eru fólgnar undirstöður vistkerfa á landi.

Jarðvegurinn myndaðist jafnt og stöðugt og varð þykkastur í og við gosbeltin vegna öskufalls. Uppblástur var yfirleitt lítill en kom þó fyrir staðbundið, einkum í kjölfar stórgosa.

Veðurfar

Upplýsingar um loftslag á Íslandi frá lokum ísaldar fram til landnáms eru einkum fengnar með rannsóknum á frjókornum í jarðvegi og súrefnissamsætumælingum á ískjörnum úr Grænlandsjökli.

Rannsóknir Þorleifs Einarssonar (1) á gróðurfarssögu síðustu 10.000 ára með frjógreiningu benda til að á tímabilinu fyrir um 9000 árum þar til fyrir um 2000 árum hafi verið nokkru hlýrra en nú er, en síðan hafi kólnað nokkuð. Þorleifur telur úrkomu hafa verið breytilega en Páll Bergþórsson (2) telur að nokkur fylgni sé á milli hitastigs og úrkomu.

Rannsóknir á ískjörnum úr Grænlandsjökli benda til að hlýjast hafi verið á tímabilinu frá því fyrir 7000 árum þar til fyrir 5000 árum en þá hafi tekið að kólna og loftslag hafi farið hægt kólnandi síðan. Ekki virðist vera samband milli hitastigs og úrkomu (Sigfús J. Johnsen, pers. uppl.).

Hafstraumar

Yfirleitt er nú talið að loftslagsbreytingar við Norður-Atlantshaf tengist breytingum á hafstraumum. Norður-Atlantshafsstraumurinn (Golfstraumurinn) berst til norðurs milli Íslands og Bretlandseyja og angi af honum teygir sig vestur fyrir Ísland. Norðan úr Íshafi streymir Austur-Grænlandsstraumurinn (Pólstraumurinn) suður með ströndum Grænlands. Hlutfallslegur styrkur þessara strauma virðist ráða mestu um loftslag á Íslandi á hverjum tíma. Þannig hefur Austur-Grænlandsstraumsins gætt minna þegar hlýrra var á fyrri hluta nútíma og á jökulskeiðum ísaldar hefur Norður-Atlantshafsstraumurinn (Golfstraumurinn) sennilega ekki náð norður til Íslands (Sigfús J. Johnsen, pers. uppl.).

Jöklar

Talið er að á síðasta jökulskeiði hafi meirihluti landsins verið hulinn jökli. Í lok ísaldar hurfu jöklarnir að mestu á fáeinum árþúsundum og er talið að aðeins nokkur smájökulhvel hafi verið á landinu fyrir um 7000–9000 árum. Síðan þá hefur útbreiðsla jökla landsins sveiflast mikið ef að líkum lætur, en ekki verður séð nema óbeint hve mikið jöklarnir hafa dregist saman þegar hlýjast var, þar sem jaðarsvæðin eru öll hulin jöklum nú. Jöklar hafa að líkindum farið stækkandi eftir að loftslag tók að kólna fyrir um 5000 árum og flest bendir til að jöklar hafi í lok 19. aldar orðið stærri en nokkru sinni eftir ísöld. Þó hafa brattir jöklar úr háum fjöllum, svo sem Öræfajökli, náð lengra fram fyrir um 2500 árum. Miklar breytingar hafa orðið á jöklum og þeim hafa fylgt miklar breytingar á útliti landsins.

Gróðurfar

Um uppruna íslensku flórunnar (háplöntur) hafa verið skiptar skoðanir. Talið hefur verið að nokkur hluti hennar hafi lifað af síðasta jökulskeið á íslausum svæðum en því hefur einnig verið haldið fram að nær engar plöntur hafi getað lifað hér af (3). Fræðimenn eru sammála um að a.m.k. allur þorrinn hafi borist til landsins með sjó, vindi eða fuglum eftir að ísöld lauk.

Flóran er að meginhluta talin evrópsk að uppruna, en 97% tegunda núverandi háplöntuflóru finnast í Skandinavíu en aðeins 60% á Grænlandi. Um 50% tegundanna finnast allt í kringum Norður-Íshafið.

Rannsóknir benda til að landið hafi verið orðið nær algróið fyrir um 8000 árum og

að gróðursæld hafi náð hámarki á tímabilinu frá því fyrir rúmum 7000 árum þar til fyrir 5000–6000 árum (4). Fram til landnáms tók gróðurfarið nokkrum breytingum, líklega einkum vegna veðurfarssveiflna.

Samkvæmt niðurstöðum frjógreininga einkenndist gróðurfar á láglendi af gisnum birkiskógum og teygðu þeir sig langt út í mýrlendi. Víðikjarr var meðfram ám og vötnum en með ströndinni var gróðurfarið grasleitara (4).

Steindór Steindórsson (5) telur að um landnám hafi efri mörk samfellds gróðurs verið í 400–600 m hæð eftir staðháttum og sums staðar hærra þar sem aðstæður leyfðu. Hann telur t.d. að nær samfellt gróðurlendi hafi verið milli jökla á Kili.

Dýralíf á landi

Nær engar upplýsingar eru til um veru hryggdýra í landinu frá lokum ísaldar fram að landnámi og allar hugmyndir um þau efni eru byggðar á getgátum. Fullvíst er talið að refurinn hafi verið eina landspendýrið, en hvítabjörn hefur vafalaust slæðst til landsins með hafís af og til, eins og heimildir eru um allt frá landnámsöld. Refurinn lifir allt umhverfis norðurpólinn og hefur að líkindum upphaflega komið til landsins með hafís, en refir elta gjarnan hvítabirni um ísbreiðurnar og éta leifarnar af gnægtaborði þeirra.

Íslenskir landfuglar eru að stórum hluta farfuglar og hafa því átt auðvelt með að komast til landsins. Staðfuglar sem hér hafa numið land hafa að öllum líkindum einkum borist til landsins með sterkum austanvindum, á sama hátt og flækingsfuglar berast hingað nú á tímum. Einu öruggu merkin um fuglalíf frá því fyrir landnám eru frá ísaldarlokum, bein úr æðarfugli sem fundust í Melabökkum í Melasveit (6).

Upplýsingar um hryggleysingja eru af skornum skammti en þó eru nokkrar tegundir þekktar úr setlögum frá nútíma, m.a. ýmsar bjöllur (7). Margar tegundir berast auðveldlega loftleiðina með vindum eða fuglum, en erfitt er að skýra tilvist sumra tegundanna öðruvísi en að þær hafi lifað hér af síðasta jökulskeið.

Það er sammerkt með flóru og fánu að hvort tveggja virðist að mestu leyti hafa borist frá Evrópu (1. mynd).

Líf í ám og vötnum

Allir fiskar sem lifa í ám og vötnum hérlendis, þ.e. bleikja (mörg afbrigði), urriði (vatnaurriði og sjóbirtingur), lax, hornsíli og áll, eru jafnframt sjávarfiskar. Fiskarnir hafa þegar í upphafi nútíma tekið að leita upp í fiskgengar ár en engar upplýsingar eru til um það hvenær eða hvernig fiskar hafa komist í afrennslislaus vötn eða upp fyrir ófæra fossa og flúðir.


Líklegt er að bleikja, sem er norræn tegund, hafi orðið innlyksa í vötnum sem mynduðust á svæðum sem sjór flæddi yfir í lok ísaldar.

Urriðinn, sem er suðlægari tegund en bleikjan, hefur komið síðar, eftir að landið var að mestu risið úr sæ. Sennilegast er talið að útbreiðsla silungs í fjallavötnum sé a.m.k. að nokkru leyti af manna völdum.

Engar upplýsingar eru til um landnám laxins, en hann hefur að líkindum hagað sér líkt og nú á tímum.

Hornsíli finnst um allt land með ströndinni og í ám, lækjum og tjörnum þar sem ekki botnfrýs. Hugsanlegt er að hornsílið hafi borist í stöðuvötn með fuglum, en algengt mun að t.d. kría missi hornsíli sem hún hefur veitt.

Áll hefur borist til landsins strax og hafstraumar og veðurskilyrði leyfðu. Hann er algengur um sunnan- og vestanvert landið, en lirfur hans rekur hingað með Golfstraumnum sunnan úr Þanghafi.



1. mynd. Myndin sýnir hvernig líklegast er talið að lífverur hafi breiðst út við Norður-Atlantshaf eftir að jöklar hörfuðu í lok ísaldar (7).

Samkvæmt rannsóknum Árna Einarssonar (8) á botnleðju Mývatns hafa nær allar núlifandi tegundir í vatninu verið þar frá upphafi, en saga Mývatns nær um 2300 ár aftur í tímann. Líklegt er að hið sama gildi um straumvötn en engar rannsóknir á því liggja fyrir.

Líf í sjó og fjörum

Mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um lífríki í sjó og fjörum. Hafrannsóknastofnun og erlendir aðilar hafa tekið kjarna úr setlögun á landgrunninu en niðurstöður rannsókna liggja ekki fyrir. Aðrar athugnir hafa ekki verið gerðar á lífríki sjávar við landið fyrir landnám svo vitað sé (Jóhann Sigurjónsson, pers. uppl.).

Við Húnaflóa eru fornar strandmyndanir í 4–5 m hæð og hafa þessi setlög verið kennd við nákuðung. Talið er að þau hafi myndast við tímabundna hækkun sjávarborðs fyrir 4000–5000 árum. Í nákuðungslögunum hefur fundist fjöldi skelja og kuðunga og bendir tegundasamsetningin til að hitastig sjávar fyrir Norðurlandi hafi á myndunartímanum verið heldur hærra en nú er (9).

Vitað er að rostungur hefur verið hér af og til og algengt er að rostungstennur finnist við dýpkunaraðgerðir í höfnum, einkum við vestanvert landið (Ævar Petersen, pers. uppl.).


2.2 Frá landnámi til tæknialdar

Þegar norrænir menn hófu landnám á Íslandi á síðari hluta 9. aldar hafði lífríkið lagað sig að þeim aðstæðum sem ríktu í landinu á hverjum tíma í þau u.þ.b. 9000 ár sem liðin voru frá lokum ísaldar. Innrás mannsins í landið olli straumhvörfum í nær öllu lífríki þess.

Veðurfar

Menn hafa oft velt því fyrir sér hvað olli búferlaflutningum manna, einkum frá Vestur-Noregi, yfir stormasamt úthaf til lands sem var kaldranalegra en heimahagarnir og hlaut kuldalegra nafn en nokkurt annað byggt land. Fjöldi örnefna sem byrja á kald, Kaldbakur, Kaldakinn, Kaldidalur o.s.frv., er talinn merki um vonbrigði landnámsmanna sem komu frá veðursælli löndum (10).

Skoðanir hafa verið skiptar um þær veðurfarsbreytingar sem urðu frá landnámi þar til reglubundnar mælingar hófust um miðja 19. öld. Páll Bergþórsson (11) hefur gert úttekt á veðurfari þessa tímabils og sett fram á línuriti (2. mynd).



2. mynd. Neðsta línuritið sýnir loftslagsbreytingar aftur til ársins 600 samkvæmt súrefnissamsætumælingum í borkjarna frá Grænlandsjökli. Í miðið er línurit Páls Bergþórssonar af hitabreytingum á Íslandi frá landnámi og sýnir brotna línan áætlað hitastig en heila línan er byggð á mælingum. Á efsta línuritinu sýnir heila línan hitamælingar frá Englandi og brotna línan áætlað hitastig aftur til 800 (11).

Línuritið er að mestu byggt á frásögnum heimilda um fjölda hallæra á hverjum tíma. Aldirnar frá landnámi fram til 1200 virðast hafa verið mildar, með fáum undantekningum, og líkar því hlýindaskeiði sem við nú þekkjum. Um 1200 fer að kólna mjög og svipað loftslag helst fram undir 1400, en þá kemur eyða í línuritið vegna skorts á heimildum. Um 1600 kólnar nokkuð og eru mikil harðindi allt fram undir 1920. Breytingar á veðurfarinu komu fram í stærð jöklanna. Mestur varð framgangur jökla á 18. og 19. öld en þeir voru ekki allir samstíga. Skriðjöklar Vatnajökuls gengu lengst fram undir lok 19. aldar og þess voru dæmi að landnámsjarðir hyrfu undir jökul.

Landsmenn hafa frá upphafi glímt við óblíða veðráttu og oft hefur orðið mannfellir í hallærum. Mannskæðustu náttúruhamfarir, ef frá eru taldar afleiðingar stærstu eldgosa, eru auk þess tengdar veðurfari, þ.e.a.s. óveður og snjóflóð.

Tengsl loftslags og lífsafkomu
Við lestur sögu Íslands sést að samhengi virðist nokkuð skýrt milli loftslags og lífskjara. Ýmsar rannsóknir hafa staðfest að beint samhengi er milli vetrar- og sumarhita annarsvegar og grassprettu hinsvegar. Rannsóknir á heyfeng benda til þess að lækkun eða hækkun meðalhita um eitt stig í Stykkishólmi, miðað við meðalhita í 140 ár, minnki eða auki heyfeng um 15%. Athuganir sem gerðar voru á árunum 1940–1949 sýna að heyþörf sauðfjár er því meiri sem vetur er kaldari, svo nemur 12–13% fyrir einnar gráðu breytingu hitans í október-maí frá meðallagi. Afleiðingin er sú að til lengdar fara saman lítill heyfengur og mikil heyþörf.

Sem dæmi um hvað þetta getur verið alvarlegt má taka áratuginn 1859–1868, þann kaldasta sem komið hefur í Stykkishólmi síðan farið var að mæla hitann þar. Þá var 1,3 stigum kaldara að jafnaði en meðaltal 140 ára. Eftir því að dæma hefur heyfengur verið 20% minni en í meðalári og að sama skapi hefði því þurft að fækka sauðfé. En ekki nóg með það. Vetrarhiti þennan áratug var 1,7 stigum lægri en í meðallagi og fóðurþörf sauðfjár þar af leiðandi 22% meiri en venjulega. Til þess að lítill heyfengur entist þennan kalda áratug hefði því þurft að fækka sauðfé um þriðjung en ekki 20% eins og mætti ráða af heyfengnum einum.

Byggt á grein Páls Bergþórssonar 1987.

Áhrif landnámsins á jarðveg og gróður
Við landnám urðu snögg umskipti í gróðurfari sem eiga sér enga hliðstæðu í gróðurfarssögunni fyrir landnám. Landnáminu fylgdi gróðureyðing og jarðvegsrof sem verður að skrifast á reikning búsetu mannsins, beint eða óbeint.

Sem fyrr segir benda niðurstöður frjógreininga til að gróðurfar á láglendi hafi einkennst af gisnum birkiskógum og einnig teygðu þeir sig langt út í mýrlendi. Víðikjarr var meðfram ám og vötnum en með ströndinni var gróðurfarið grasleitara (4). Áætlað hefur verið að hlutfall gróins lands hafi verið á bilinu 50–70% um landnám og að 25–40% landsins hafi verið vaxin kjarri eða skógi (12).

Landnámsmennirnir komu frá Noregi og fluttu með sér hefðbundna búskaparhætti og verkþekkingu þaðan. Skógurinn var ruddur eða brenndur og stöðug beit búpenings kom í veg fyrir að hann yxi upp aftur. Gróðurinn, sem myndast hafði og þróast um árþúsundir án afskipta mannsins og staðið af sér eldgos og harðindi, var mótstöðulítill gegn því aukna álagi sem fylgdi búsetunni. Frjókornarannsóknir á Suðurlandi benda til að eyðing birkiskógarins hafi tekið ótrúlega skamman tíma (4) og líklegt er að þegar um árið 1000 hafi birkiskógurinn verið farinn að láta verulega á sjá á láglendi. Þá var skógurinn einnig nýttur til eldiviðar.

Auk þess sem skógurinn eyddist er talið líklegt að hlutföll tegunda hafi breyst vegna beitar. Í stað skógarins kom valllendi og mólendi sem hefur mun minna mótstöðuafl gegn rofi. Veðurfarsskilyrði næst jörðu breyttust verulega, en skógur eða kjarr dregur úr vindhraða og þar með kælingu við yfirborð auk þess að safna snjó sem veitir einangrun á vetrum. Gróðurfarsbreytingin leiddi til aukinnar myndunar holklaka í jarðvegi og myndunar þúfna. Loftslagið og jarðvegsgerðin valda því að þúfur myndast auðveldlega, en þýfðu landi er mun hættara við rofi en sléttu (13). Þegar kom fram á þrettándu öld lagðist náttúran á sveif með manninum er loftslag tók að kólna og jöklar að stækka. Sennilegt er að þetta hafi leitt til aukins framboðs á sandi sem varð grundvöllur fyrir framsókn áfoksgeira frá jöklum og jökulvötnum á hálendinu. Afleiðingin varð gífurleg jarðvegseyðing sem enn sér ekki fyrir endann á.

Breytingar á gróðurfari
Nú er talið að um 23% landsins séu gróin og að um 1% landsins sé skógi og kjarri vaxið.

Breytingar á gróðurfari af völdum beitar hafa lítið verið rannsakaðar hér á landi. Breytingarnar eru alla jafna svo hægfara að ekki er unnt að framkalla þær með tilraunum er standa í stuttan tíma. Helst hafa slíkar breytingar verið túlkaðar með því að bera saman gróðurfar utan og innan girðinga eða þar sem land er friðað af náttúrlegun orsökum, t.d. á eyjum í ám og vötnum (14). Skoðanir hafa verið skiptar um það hve stór hluti flórunnar var hér fyrir landnám. Nýjustu áætlanir benda til að heildarfjöldi háplöntutegunda hafi verið á bilinu 380–410 um landnám og fer fjöldinn eftir því hvernig flóran er flokkuð til tegunda. Talið er að með landnámsmönnum hafi borist á bilinu 10–35 tegundir plantna (15).

Hnignun landgæða
Sú hnignun landgæða sem fylgdi í kjölfar búsetunnar er tvíþætt. Annars vegar hvarf þróttmikill kjarrgróður að mestu og við tók ófrjósamt mólendi með ferfalt til fimmfalt lægra innihald lífrænna efna. Hins vegar tapaðist allur gróður og öll jarðvegsefni af allt að 50.000 km^2.

Dæmi: Ef frjór jarðvegur hefur tapast af 40.000 km^2 og gæði þeirra 23.000 km^2 sem eftir standa hafa rýrnað um helming hafa tapast um 82% þeirra landgæða sem fólgin voru í íslensku gróðurlendi við upphaf landnáms.

Dæmi: Frjór jarðvegur hefur tapast af 40.000 km^2 og þykkt hans hefur verið a.m.k. 30 cm. Þetta þýðir að af landinu hafa tapast um 12.000 milljón m^3 af frjóum jarðvegi frá landnámi eða, 12 km^3, en það jafngildir teningi sem er um 2,3 km á kant.

Breytingar á dýraríkinu
Ekkert yfirlit hefur verið tekið saman um þær breytingar sem urðu á fánu landsins við landnám, hvorki um breytingar sem urðu vegna þeirra dýrategunda sem landnámsmennirnir fluttu með sér né þau áhrif sem landnámið hafði á það dýralíf sem fyrir var í landinu.

Landnámsmenn fluttu með sér allan búpening til landsins og þurftu að fóðra skepnurnar á siglingunni yfir hafið. Með búpeningnum komu þau sníkjudýr sem honum fylgja og með fóðrinu hafa án efa borist fjöldi smákvikinda. Grjót var notað sem ballest og því hefur hugsanlega fylgt jarðvegur og með honum borist jarðvegslífverur, t.d. ánamaðkar. Þá er talið nær víst að hagamús og húsamús hafi borist með landnámsmönnum.

Nærvera mannsins, veiðar og áhrif hans á gróðurlendið hafa að líkindum raskað töluvert því dýralífi sem fyrir var í landinu. Allt það smádýralíf sem tilheyrir grósku skóglendisins hefur dregist saman þegar skógurinn hvarf og þar sem uppblástur eyddi einkum þurrlendi hefur orðið gífurleg röskun á búsvæðum ýmissa mófugla, t.d. rjúpu.

Dæmi um aðrar breytingar:
Silungur (urriði og bleikja) er víða um land í afrennslislausum vötnum og ofan við fiskgenga fossa og flúðir og ofar hæstu sjávarmörkum í lok ísaldar. Á þessu er í mörgum tilvikum engin önnur skýring en sú að menn hafi flutt fiskinn. Þessu til stuðnings má nefna að í Þorskfirðinga sögu er getið um Alifiskalæk.

Fýll. Á fyrri hluta 18. aldar tók fýl að fjölga mjög og breiðast út hér á landi og á það raunar við um allt norðanvert Atlantshaf. Giskað hefur verið á að hvalveiðar og síðar togveiðar hafi gjörbreytt lífsskilyrðum fýlsins á þessum slóðum með því að tryggja honum næga fæðu árið um kring (16).

Geirfugl. Hér við land verpti geirfugl aðeins á syðstu skerjum Vestmannaeyja og Reykjaneseyja eftir því sem best er vitað. Vera kann að hann hafi verpt víðar fyrr á öldum en engar upplýsingar hafa fundist um það. Síðustu geirfuglar heimsins voru drepnir í Eldey árið 1854 en áður hafði fuglinum verið útrýmt annars staðar. Eflaust hefur maðurinn átt stærstan þátt í útdauða fuglsins hér við land en segja má að náttúran sjálf hafi veitt honum náðarhöggið er síðasti varpstaðurinn, Geirfuglasker undan Reykjanesi, hrundi í eldsumbrotum árið 1830.

Rostungur. Heimildir benda til að rostungur hafi verið sjaldséður hér á landi allt frá landnámi. Örnefnið Rosmhvalanes og bæjanöfnin Hvallátur og Hvallátrar benda þó til að þeir hafi verið hér um landnám og kæpt.

Hvalir. Hér við land hefur þremur hvalategundum verið útrýmt með veiðum. Þetta eru skíðishvalirnir *sandlægja, sléttbakur (grænlandssléttbakur) og norðhvalur (íslandssléttbakur).* Sandlægju var útrýmt úr Atlantshafi á 17. eða 18. öld. Í riti Jóns lærða Guðmundssonar (17) „Um Íslands aðskiljanlegar náttúrur er greinargóð lýsing á sandlægju sem bendir eindregið til að um sé að ræða tegund sem nú lifir eingöngu í Kyrrahafi og nefnist á ensku *grey whale.* Rit Jóns er eina örugga ritaða heimildin um tilvist þessarar tegundar í Atlantshafi en sandlægjunafnið kemur einnig fyrir í Snorra-Eddu. Þá hafa bein úr sandlægju fundist í Hollandi og á austurströnd Bandaríkjanna (Árni Einarsson, pers. uppl.). Útrýming sléttbaks og norðhvals við Ísland varð að mestu leyti á 17., 18. og 19. öld. Enn er óvíst hvort sléttbakurinn muni halda velli í Norður-Atlantshafi. Norðhvalurinn er íshafstegund og hjarir enn við Íshafsstrendur Norður-Ameríku en er líklega alveg horfinn úr Norður-Atlantshafi (18).

Dýrategundir sem menn hafa borið með sér, viljandi eða óviljandi

Hagamús er talin hafa borist óvart til landsins, líklega á landnámsöld. Hún lifir í gróðurlendi og hefur fljótlega dreifst um allt landið nema í Öræfasveit og sumar eyjar. Lítið er vitað um stærð stofnsins en í hörðum árum hafa mýs flykkst heim á bæi og étið allt sem tönn á festi og jafnvel lagst á búpening í húsum, einkum sauðfé (19).

Húsamús er einnig talin hafa borist óvart til landsins þegar á landnámsöld. Um útbreiðslu hennar fyrr á öldum er lítið vitað. Hún lifir í híbýlum manna eða í næsta nágrenni við þau (19). Víst er að í íslenskum torfbæjum var hún viðvarandi vandamál og haldið niðri með músagildrum og köttum, en kettir voru fyrst og fremst aldir sem veiðikettir.

Brúnrotta barst til landsins með skipum á 19. öld og varð fljótlega algeng í kaupstöðum og í nágrenni þeirra um allt land og víða í sveitum.

Svartrotta hefur margsinnis borist til landsins en hefur ævinlega dáið út eftir skamman tíma og virðist ekki þrífast hér.

Hreindýr. Á árunum 1771–1787 voru hreindýr flutt flutt til Íslands fjórum sinnum. Upphaflega var ætlunin að nota þau til hjarðbúskapar en fallið var frá því og dýrunum sleppt lausum. Fljótlega urðu til allstórar hreindýrahjarðir í Reykjanesfjallgarði, á Norður- og Norðausturlandi og á Austurlandi. Dýrunum fækkaði mjög á síðari hluta 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar og dóu þau út nema á Austurlandi. Erfitt árferði er talið hafa orðið dýrunum að fjörtjóni og svo virðist sem veðurfar og gróðurfar á Austurlandi sé hreindýrunum hagstæðara en í öðrum landshlutum. Um aldamótin 1900 er talið að þar hafi aðeins verið eftir 50–150 dýr.

Náttúruhamfarir

Eldgos. Allt frá upphafi byggðar hafa miklar og alvarlegar náttúruhamfarir herjað á þjóðina. Sum hin stærri eldgos hafa haft varanleg áhrif á umhverfið og þar með búsetuskilyrði, einkum á nágrenni eldstöðvanna.

Fyrsta stóráfallið var gos í Eldgjá um 930. Talið er að þá hafi hraunstraumar úr Eldgjá runnið niður í Álftaver, Meðalland og Landbrot og ollu þeir án efa töluverðum búsifjum hjá landnámsmönnum. Um þetta gos eru engar beinar heimildir en þó segir í Landnámu að landnámsmaðurinn Molda-Gnúpur hafi flúið úr Álftaveri undan jarðeldi og eru það fyrstu heimildir um eldgos í Íslandssögunni. Sé tekið mið af stærð hraunflóðanna verður gosinu helst jafnað við Skaftárelda.

Í Heklugosi 1104 fór Þjórsárdalur í eyði ásamt efstu byggðum Hrunamannahrepps.

Gosið í Öræfajökli 1362 er vafalaust mesta gjóskugos sem orðið hefur á Íslandi eftir landnám. Gjóskan barst að mestu til austurs og á haf út en sveitin Hérað lagðist í eyði og þegar hún byggðist aftur fékk hún nafnið Öræfi. Áætlað hefur verið að 250–400 manns hafi farist í gosinu (20).

Í Heklugosi 1510 barst gjóska til suðurs yfir byggðir Rangárvallasýslu og kom þar af stað uppblæstri sem lagði í auðn stóran hluta af uppsveitum Rangárvallasýslu á næstu öldum.


Í Skaftáreldum 1783–1784 runnu hraun niður í Meðalland og Fljótshverfi og eyddist þar fjöldi jarða auk þess sem margar jarðir á Síðu spilltust. Móðuharðindin sem fylgdu í kjölfarið eru rakin til mikillar loftmengunar, einkum af völdum brennisteinsgass, en þá féll meira en helmingur af öllum búpeningi landsmanna og um fjórðungur þjóðarinnar.

Katla í Mýrdalsjökli hefur gosið að jafnaði u.þ.b. tvisvar á öld allt frá landnámi. Gosunum hafa fylgt mikil vatnshlaup undan Kötlujökli og fram Mýrdalssand, en stundum undan Sólheimajökli, fram Sólheima- og Skógasand. Hlaupin hafa borið með sér mikið magn af vikri og ösku sem bæst hefur ofan á sandana og einnig borist til sjávar og breytt ströndinni. Heimildir benda til að afar miklar breytingar hafi orðið á Mýrdalssandi frá landnámstíð og byggðir horfið í sandinn. Líklegt er að hraunið sem flæddi úr Eldgjá niður í Álftaver árið 930 hafi breytt fyrri farvegi Kötluhlaupa og veitt þeim fram Mýrdalssand vestanverðan.

Heklugosið 1510

Gosið í Heklu 1510 er eitt mesta gos sem orðið hefur í fjallinu á sögulegum tíma og olli það meiri skaða en önnur Heklugos. Heimildir um gosið eru fátæklegar en sú besta er í Biskupaannálum Jóns Egilssonar sem skráðir voru löngu eftir gosið. Það hófst að kvöldi 25. júlí en ekki er vitað hve lengi það stóð. Í upphafi gossins varð harður jarðskjálfti eins og oftar og fyrstu klukkustundirnar hefur vafalaust gengið mikið á. Öskufall var mikið og bar öskuna til suðvesturs yfir Land, Rangárvelli og Holt. Í kjölfar öskufallsins tók land að blása upp á Rangárvöllum og Landi. Uppblásturinn jókst stöðugt uns svo var komið undir lok 19. aldar að fjölda bæja hafði tekið af með öllu og margar jarðir lágu undir áföllum af uppblæstri og sandburði. Þessi uppblástur var síðan stöðvaður með stórátaki í sandgræðslu á fyrri hluta 20. aldar. Tjón af völdum gossins 1510 er vafalítið það mesta sem orðið hefur í einu Heklugosi síðan land byggðist, mun meira en í gosinu 1104.

Byggt á grein Haukus Jóhannessonar (21)



3. mynd: Kort sem sýnir gjóskugeirann í Heklugosinu 1510 (22).

Jarðskjálftar

Nafnið Skjálfandi ber því vitni að landnámsmenn hafi fljótlega fengið að kynnast jarðskjálftum. Tíðni jarðskjálfta hefur sennilega verið svipuð gegnum aldirnar. Suðurlandsskjálftar hafa riðið yfir u.þ.b. einu sinni á öld og stórir skjálftar hafa einnig verið tíðir á brotabeltinu fyrir Norðurlandi en ekki jafn reglulegir og sunnanlands. Heimildir eru um u.þ.b. 100 manns sem fórust í jarðskjálftum á Suðurlandi á tímabilinu 1164–1912 (10).

Tjón á mannvirkjum í Suðurlandsskjálftum hefur oft verið tilfinnanlegt og sem dæmi má nefna að jarðskjálftarnir árið 1784 lögðu um 400 bæi í Árnes- og Rangárvallasýslum meira eða minna í rúst.

Umhverfisáhrif af völdum jarðskjálfta virðast yfirleitt hafa verið smávægileg. Jarðskjálftum fylgja þó oft verulegar breytingar á jarðhitasvæðum. Sem dæmi má nefna að í Suðurlandsskjálftum 1896 urðu töluverðar breytingar á Geysissvæðinu í Haukadal. Virkni í Geysi jókst verulega en dvínaði hinsvegar í Strokki. Þá urðu töluverðar breytingar á hverum við Helgavatn í Þverárhlíð í Borgarfjarðarskjálftum 1974.

Jarðskjálftar geta valdið skaða á gróðri í og undir fjallshlíðum. Í Suðurlandsskjálftum 1896 skriðu jarðvegsspildur með gróðri af hlíðum Skarðsfjalls á Landi og miklar eldglæringar urðu í Ingólfsfjalli af grjótflugi er skjálfti reið yfir eftir að dimmt var orðið.

Niðurlag

Þekking á landinu og lífríki þess fyrir landnám mannsins er heldur bágborin. Megindrættir í myndun og mótun landsins eru þekktir en mikið skortir á að sú þekking geti talist viðunandi. Sömu sögu er að segja um þekkingu á sögu jökulhörfunar og sjávarstöðubreytinga í lok ísaldar. Miklar breytingar hafa orðið á landinu eftir að ísaldarjökullinn hvarf, einkum vegna upphleðslu gosefna í gosbeltunum um miðbik landsins. Enn vantar töluvert á að saga eldvirkninnar sé nægilega könnuð.

Rannsóknir á myndun jarðvegs eru sæmilega á vegi staddar en upplýsingar um landnám lífs eru mjög af skornum skammti. Gróðurfar frá lokum ísaldar er nær eingöngu þekkt gegnum frjógreiningu og getgátur. Gróft mat á hnignun gróðurs og jarðvegs frá landnámi bendir til að þau landgæði hafi rýrnað um allt að 80%.

Nær engar upplýsingar eru til um dýralíf á landi og upplýsingar um dýralíf í vatni byggjast á örfáum staðbundnum athugunum á botnkjörnum úr botnleðju stöðuvatna. Þá má heita að saga lífsins í sjónum fyrir landnám sé óþekkt.

Þekking á veðurfari eftir ísöld hefur til skamms tíma að mestu byggst á gróðurfarssögu sem aftur byggist á frjógreiningu. Nú á síðustu árum hafa rannsóknir á ískjörnum úr Grænlandsjökli veitt upplýsingar um veðurfar við Norður-Atlantshaf, en ekki er fullljóst að hve miklu leyti er hægt að heimfæra þær upp á Ísland.

Landnám mannsins á síðari hluta 9. aldar raskaði viðkvæmu jafnvægi sem ríkt hafði um aldir í náttúru landsins. Gegndarlaus rányrkja olli snöggum umskiptum sem eiga sér enga hliðstæðu í gróðurfarssögunni eftir ísöld. Þegar ofaná bættist óhagstæð veðrátta og stóráföll af völdum náttúruhamfara fór svo að á síðari hluta 19. aldar var landið, sem eitt sinn hafði verið „viði vaxið á milli fjalls og fjöru", orðið nær óbyggilegt. Þjóðin lifði við hungurmörk og mannfellir varð í hörðum árum.


2.3 Ástand umhverfis á 20. öld

Landið

Flatarmál Íslands er um 103.000 km^2 og íbúafjöldinn um 265.000 (1993). Um 84% íbúanna búa í þéttbýli sem tekur yfir um 70 km^2. Íbúadreif er um 2,5 íbúar á km^2 sé miðað við allt landið. Ef tekið er mið af því að byggðin er að mestu á þeim 24.700 km^2 sem liggja neðan 200 m hæðarlínu er íbúadreif í strjálbýli 1,7 íbúar á km^2. Um það bil 3/4 hlutar landsins eru taldir óbyggilegir (sbr. 1. töflu og 4. mynd).


1. tafla. Flatarmál eftir hæð yfir sjávarmáli. Heimild: Hagstofa Íslands.

Landhæð (m y.s.)	Flatarmál (km^2)	%
0-200	24700	24,0
201-400	18400	17,9
401-600	22200	21,6
>600	37700	36,6




4. mynd. Byggð á Íslandi er að mestu neðan 200 m hæðarlínu og má segja að um fjórðungur landsins sé byggilegur. Heimild: Hagstofa Íslands.

Löng hefð er fyrir því að flokka landið í fjóra meginflokka, þ.e. gróið land, auðnir, vötn og jökla. Við slíka flokkun er allt gróðurlendi umreiknað yfir í algróið land sem verður þá um 23.800 km^2, eða 23,1% landsins (5. mynd).



5. mynd. Hefðbundin flokkun lands þar sem allt gróðurlendi er umreiknað yfir í algróið land. Heimild: Hagstofa Íslands.

Slík framsetning gefur ekki skýra mynd af gróðurfari landsins. Árið 1993 gáfu Landmælingar Íslands, Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins út gróðurmynd af Íslandi sem gerð var eftir Landsat-gervitunglamyndum. Á þessari mynd af Íslandi er að finna besta heildaryfirlit sem til er um gróður landsins. Gróðurlendi er flokkað í fjóra flokka sem ná yfir samtals 52.400 km^2, eða 50,7% landsins (6. mynd). Þessi framsetning gefur mun skýrari mynd af gróðurþekju landsins en sú sem sýnd er á 5. mynd.



6. mynd. Flokkun gróðurlendis skv. gróðurmynd af Íslandi sem gerð var eftir Landsat-gervitunglamyndum og gefin út af Landmælingum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1993.

Landnýting

Við mat á landnýtingu atvinnuvega er ferðaþjónusta talin nýta allt landið, eða 100%. Að henni frátalinni nýtir landbúnaðurinn stærstan hluta landsins, eða um 81.360 km^2, sem eru 79% af flatarmálinu. Að langstærstum hluta (um 80.000 km^2) eru þetta afréttarlönd og eignarlönd bænda sem notuð eru til beitar á sumrin og er verulegur hluti þeirra lítt eða ekki gróinn. Aðeins um 1.360 km^2 (eða um 1% landsins) eru ræktaðir. Þéttbýlissvæði eru um 70 km^2, eða 0,07% af flatarmálinu. Samgöngumannvirki (vegir og flugvellir) utan þéttbýlissvæða ná yfir 420 km^2, þ.e. 0,4%, en undir orkuframleiðslu og -dreifingu fara 540 km^2, eða 0,5% landsins. Á sl. 20 árum hefur aukið land verið lagt undir þjóðgarða og friðlönd. Árið 1990 náðu friðlýst svæði yfir 9.260 km^2, eða 9% af heildarflatarmáli Íslands, borið saman við 533 km^2 í byrjun áttunda áratugarins.

2. tafla. Áætluð landnýting 1970–1994 (heimild: Hagstofa Íslands).

	1970		1980		1990		1994	
	km^2	%	km^2	%	km^2	%	km^2	%
Landbúnaður	82.170	80,00	82.300	80,00	81.360	79,00	81.360	79,00
Ræktað land	1.170	1,00	1.300	1,00	1.360	1,00	1.360	1,00
Afréttir*	81.000	79,00	81.000	79,00	80.000	78,00	80.000	78,00
Þéttbýli	50	0,05	60	0,06	70	0,07	75	0,07
Mannvirki**	400	0,40	420	0,42	420	0,42	430	0,43
Orkuframleiðsla og -dreifing	180	0,20	370	0,40	540	0,50	540	0,50
Vernduð eða friðuð svæði	530	0,50	7.920	8,00	9.260	9,00	9.290	9,02
Landgræðslusvæði	3.000	3,00	3.000	3,00	3.000	3,00	3000	3,00


*Hér er átt við allan úthaga, bæði afrétti og eignarlönd bænda.
**Vegir, flugvellir o.s.frv. utan þéttbýlissvæða.

Landmælingar og kortagerð

Dönsku herforingjaráðskortin. Vönduð staðfræðikort eru ein helsta undirstaða allra rannsókna á umhverfinu. Stórt framfaraskref í sögu kortagerðar á Íslandi var stigið þegar danska herforingjaráðið hóf skipulagða kortagerð af landinu.

Kortlagningin hófst árið 1900 með hnattstöðumælingum og mælingu þríhyrninganets sem kennt hefur verið við Reykjavík. Kortin voru gerð í mælikvarða 1:100.000

(Atlaskort) og jafnframt af hluta landsins í mælikvarða 1:50.000. Þessi kort voru einnig grundvöllur korta í mælikvarða 1:250.000 (Aðalkort). Danska landmælingastofnunin (Geodætisk Institut) leysti herforingjaráðið af hólmi árið 1928 og lauk mælingunum árið 1940. Í lok síðari heimsstyrjaldar höfðu Danir lokið útgáfu korta af landinu í mælikvarða 1:100.000. Atlaskortin eru nú gefin út af Landmælingum Íslands en eru ekki lengur endurskoðuð. Aðalkortin eru ennþá gefin út og endurskoðuð.



AMS-kortin. Mikil bylting varð í kortagerð með tilkomu flugmynda. Á árunum fyrir 1950 gerði kortadeild Bandaríkjahers (Army Map Service) kort af öllu landinu í mælikvarða 1:50.000 og byggðust þau á sömu mælingum og Danir höfðu notað. Hæðarlínur voru að miklu leyti unnar eftir flugmyndum sem Bandaríkjaher tók af öllu landinu árin 1945 og 1946 og voru þær því mun nákvæmari en á dönsku kortunum. Fljótlega komu til landsins nokkur sett af þessum kortum sem ýmsar opinberar stofnanir fengu til afnota en sala til almennings hófst ekki að marki fyrr en eftir 1970. Árið 1994 voru AMS-kortin ennþá bestu fáanlegu hæðarlínukort af nokkrum hluta landsins.


Þríhyrningamælingar 1955. Sumarið 1955 fóru fram hnattstöðu- og þríhyrningamælingar hér á landi í samvinnu við Dani og Bandaríkjamenn og eru niðurstöður þeirra mælinga grundvöllur þess þríhyrninganets sem enn er notað og kennt er við Hjörsey á Mýrum.

Kort Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Vegna skorts á nákvæmum kortum fyrir rannsóknir og mannvirkjagerð hefur Orkustofnun unnið að landmælingum allt frá árinu 1950 og gert kort af stórum landsvæðum í mælikvarða 1:20.000 með 5 m hæðarlínum, auk fjölda sérkorta í mælikvarða 1:5000 og 1:2000 með eins eða tveggja metra hæðarlínubili. Frá árinu 1988 hafa

7. mynd. Kort Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Efsta myndin sýnir þau svæði þar sem kort hafa verið gerð stafrænt eða eru í undirbúningi. Myndin í miðið sýnir þau svæði sem kort hafa verið gerð af í mælikvarða 1:25.000 en eru ekki til á stafrænu formi. Neðsta myndin eru sýnir þau svæði sem kort hafa verið gerð af í 1:20.000 en eru hvorki stafræn né endurgerð í 1:25.000.

kortin verið unnin í mælikvarða 1:25.000 í samræmi við kortastaðal Landmælinga Íslands og frá 1992 hafa kortin eingöngu verið unnin inn í tölvu og eru varðveitt á tölvutæku formi. Á síðari árum hefur Landsvirkjun bætt við kort Orkustofnunar á nokkrum stöðum og einnig hefur Landsvirkjun víða gert mannvirkjakort í stærri mælikvarða. Þessi kort hafa ekki verið gefin út eða undirbúin til prentunar (7. mynd).

DMA-kortin (IS 50). Frá árinu 1970 hafa Landmælingar Íslands, í samvinnu við kortadeild Bandaríkjahers (Defense Mapping Agency), unnið að gerð staðfræðikorta af Íslandi í mælikvarða 1:50.000. Alls eru um 200 kort í þessum flokki og nú hafa verið prentuð og gefin út 102 kortblöð. Landmælingar Íslands hafa séð um landmælingu, töku loftmynda og landgreiningu en kortagerðin er að mestu kostuð af DMA. Stafræn vinnsla er hafin á 34 kortum (sjá 8. mynd).



8. mynd. Staðan í útgáfu DMA-staðfræðikorta í mælikvarða 1:50.000.

Réttmyndakort. Á árunum 1975–1978 unnu Landmælingar Íslands alls 223 réttmyndakort (orthokort). Kortin eru uppréttar loftmyndir, flest í mælikvarða 1:10.000 og með 5 m hæðarlínum. Kortin voru unnin fyrir sveitarfélög og ýmsa fleiri aðila. Flest kortin eru af Suður- og Suðvesturlandi en einnig stök kort frá öðrum landshlutum. Ekki verður framhald á gerð þessara korta.

Stafræn staðfræðikort í mælikvarða 1:25.000 (IS 25). Landmælingar Íslands hafa í samvinnu við ríkisstofnanir og sveitarfélög unnið að gerð samræmdra staðfræðikorta af landinu í mælikvarða 1:25.000. Á árunum 1988 og 1989 komu út 17 kort og ná þau yfir Reykjanesskaga að Kleifarvatni í austri, höfuðborgarsvæðið og Hengilssvæðið, en 766 kortablöð þarf til að þekja allt landið. Kortagerðin byggist á framlögum frá sveitarfélögum, Landmælingum Íslands og öðrum opinberum stofnunum. Verið er að ljúka við

fjögur kortblöð af Ölfusi sem tengjast tilraunaverkefni umhverfisráðuneytisins og einnig eru fjögur kortblöð af Fljótsdalshéraði í vinnslu. Þessi átta kort eru öll unnin stafrænt.

Tilraunaverkefni umhverfisráðuneytisins. Af ofangreindu má sjá að til þessa hafa Danir og Bandaríkjamenn unnið og kostað kortagerð af landinu að miklu leyti. Miðað við þær kröfur sem nú eru gerðar um nákvæmni korta fyrir áætlanagerð og skipulagsvinnu er kortagerð landsins mjög ábótavant og er þá miðað við kort í mælikvarða 1:25.000 eða nákvæmari. Orkustofnun og Landsvirkjun hafa gert slík grunnkort af um þriðjungi landsins, einkum hálendinu, og Landmælingar Íslands hafa gert staðfræðikort af suðvesturhorni landsins og réttmyndakort af Suðurlandi. Nægilega nákvæm kort vantar af stórum hluta landsins og auk þess er grunnstöðvanetið frá 1955 úrelt og ekki er til neitt samræmt landshæðarnet.

Í september 1990 skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að undirbúa þingsályktun um gerð staðfræði- og gróðurkorta fyrir allt landið. Þingsályktunin var samþykkt 13. mars 1991. Þar er umhverfisráðherra falið að láta gera forkönnun til að koma á samvinnu milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli og semja um skiptingu kostnaðar milli þeirra. Umhverfisráðherra skipaði nefnd í maí 1991 til að undirbúa framkvæmd þingsályktunarinnar, leggja drög að tilraunaverkefni og hefja undirbúning þess. Nefndin fékk síðar umboð ráðherra sem verkefnisstjórn. Skipaðir voru níu starfshópar til að fjalla um einstaka þætti verkefnisins. Valið var tilraunasvæði sem náði frá Selfossi í austri að Kleifarvatni í vestri og frá Hveragerði og Bláfjöllum í norðri, suður til sjávar.

Í verkefninu var lögð áhersla á eftirfarandi atriði:
- að kanna kröfur og þarfir stofnana og annarra notenda fyrir landfræðileg gögn,
- að ljúka gerð kortastaðals og laga hann að stafrænni vinnslu,
- að þróa gagnagrunn staðfræði- og gróðurkorta,
- að safna og meta eldri mæligögn af svæðinu,
- að þróa vinnuaðferðir við gerð stafrænna korta,
- að nota stafræn staðfræðikort sem grunn fyrir þemakort,
- að koma upp mælistöðvum og mæla fyrir staðsetningar- og hæðarneti,
- að leggja drög að landfræðilegum upplýsingakerfum sem styðjast við stafræn staðfræðikort og þróa vinnuaðferðir við slík kerfi.

Árangur af tilraunaverkefninu varð eftirfarandi að mati nefndarinnar:
- Víðtæk samvinna tókst milli stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, en til þessa hefur hún verið of lítil á þessu sviði.
- Gerð voru fjögur stafræn staðfræðikort af hluta tilraunasvæðisins, auk eins korthluta þar sem fram koma meiri upplýsingar um gróðurþekju en tíðkast hefur á staðfræðikortum til þessa.
- Vinnan við verkefnið örvaði mjög þróun á sviði landmælinga, stafrænnar kortagerðar, þemakorta og landfræðilegra upplýsingakerfa. Afrakstur þeirrar þróunarvinnu eru t.d. vinnuleiðbeiningar frá starfshópum verkefnisins.
- Sett var upp GPS-grunnstöðvanet.
- Stofnuð voru samtök um landfræðileg upplýsingakerfi (LÍSA) er verða munu starfsvettvangur á því sviði fyrst um sinn.

Verkefnisstjórnin bendir á að tölvutæknin hefur gjörbreytt hugtakanotkun í kortagerð. Grunngögn stafrænna korta eru í eðli sínu mælikvarðalaus og því aðeins hægt að tala um viðmiðunarmælikvarða sem ræðst af nákvæmni gagnanna. Allt vinnuferli

kortagerðar hefur gjörbreyst og nýir möguleikar hafa opnast við hagnýtingu og framsetningu kortaupplýsinga.

Verkefinsstjórnin leggur til að unnið verði að gerð landfræðilegs gagnasafns með lágmarksviðmiðunarmælikvarða 1:25.000 í stað þess að miða við útgáfu prentaðra korta af öllu landinu í mælikvarða 1:25.000.

Niðurstaða tilraunaverkefnisins er sú að gerð stafrænna staðfræði- og gróðurkorta af landinu öllu í mælikvarða 1:25.000 muni kosta um 2500 milljónir króna. Kostnaðurinn gæti lækkað verulega vegna tækniþróunar við öflun, úrvinnslu og framsetningu gagna (23).

GPS-grunnstöðvanet. Í þríhyrninganetinu frá 1955–56 voru 50–60 km langar sjónlínur á milli mælistöðva og mælistaðir flestir á háfjöllum. Af 36 mælistöðvum voru 5 á jöklum og glötuðust fljótlega, auk þess sem umbrot á Kröflusvæði höfðu truflað netið. Leifarnar af þessu neti voru ekki taldar burðugar fyrir frekari kortagerð og mælingar vegna framkvæmda. Því var ráðist í að mæla nýtt grunnstöðvanet með GPS-mælitækni (Global Positioning System) og var það gert sumarið 1993. Í netinu eru 116 mælistöðvar og er það unnið í samvinnu Landmælinga Íslands og fleiri íslenskra stofnana við Landmælingar Þýskalands (IfAG). GPS-mælingar hafa marga kosti fram yfir eldri mælitækni. Ekki þarf að vera sjónlína milli mælipunkta, hægt er að mæla allan sólarhringinn og mælistöðvar er hægt að staðsetja þar sem auðvelt er að komast að þeim. Gert er ráð fyrir að netið verði tilbúið til notkunar árið 1995 og eftir það verður það grundvöllur kortagerðar og verklegra framkvæmda í landinu.

Gróðurkortagerð. Upphaf gróðurkortagerðar má rekja til ársins 1955 er Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans hóf gerð gróðurkorta sem áttu að ná til landsins alls. Skriður komst þó ekki á verkið fyrr en eftir 1960 og var það unnið af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, arftaka Búnaðardeildarinnar.

Markmið verksins var að afla sem bestrar vitneskju um gróðurfar landsins, um útbreiðslu, eðli, ástand og framleiðslugetu þess, m.a. til að skipuleggja gróðurvernd, gróðurnýtingu og aðra landnýtingu. Talið var brýnast að kanna beitarþol hálendisins vegna viðvarandi gróður- og jarðvegseyðingar, en einstök byggðarlög voru kortlögð þegar sérstök ástæða þótti til. Um 1980 hafði mikill hluti hálendisins verið kortlagður og einnig hluti af byggðum landsins. Á 9. áratugnum var einkum unnið að kortlagningu byggðanna en smám saman dró úr starfinu vegna fjárskorts. Undanfarin þrjú ár hefur engu fjármagni á fjárlögum verið varið til útivinnu og hún hefði lagst af ef ekki hefði komið til tilraunaverkefni umhverfisráðuneytisins.

Hálendiskortin voru fullunnin og gefin út eftir því sem fjármagn leyfði. Þau voru teiknuð á staðfræðikort bandaríska hersins (AMS-kortin) sem gerð voru fyrir 1950. Þegar kom að því að kortleggja byggðirnar þurfti stærri mælikvarða og meiri nákvæmni, en þar sem slíka kortgrunna vantar hefur ekki verið unnt að gefa út gróðurkort af ýmsum byggðarlögum þótt vettvangsvinnu sé löngu lokið.

Til að leysa úr þessum vanda lét Rannsóknastofnun landbúnaðarins gera 9 grunnkort af Suður-Þingeyjarsýslu 1985 og 11 kort af Snæfellsnesi 1987–1988 í mælikvarða 1:25.000 og gaf stofnunin út gróður- og jarðakort á þeim grunni.


Útgefin gróðurkort eru eftirfarandi:

Hálendiskort (1:40.000) á grunni bandaríska hersins, 64 kortblöð.

Gróður- og jarðakort af Borgarfirði (1:20.000) á grunni bandaríska hersins, 11 kortblöð.

Gróður- og jarðakort af Suður-Þingeyjarsýslu og Snæfellsnesi (1:25.000) á kortagrunni RALA, 20 kortblöð.
Gróður- og jarðakort af nágrenni Reykjavíkur (1:25.000) á grunni staðfræðikorta Landmælinga Íslands, 8 kortblöð.
Stafræn gróður- og jarðakort af Fljótsdalshéraði. Stafræn gróðurkort af 74 jörðum á Fljótsdalshéraði vegna skógræktaráætlunar Héraðsskóga á árunum 1989–1990.
Í handriti eru 32 kortblöð af svæðum á hálendi og láglendi sem ekki hafa verið fullunnin eða gefin út sökum fjárskorts. Einnig hafa verið kortlögð svæði víða um land sem ekki ná yfir heil kortblöð.

Gróðurkortagerðin hefur að miklu leyti verið fjármögnuð með opinberu fé en auk þess hafa fjölmargir aðilar styrkt hana fjárhagslega. Stór svæði hafa verið kortlögð vegna verklegra framkvæmda, einkum virkjana, og hafa Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins greitt þann kostnað. Menningarsjóður kostaði útgáfu nær allra hálendiskortanna og þjóðargjöfin 1974 var mikil lyftistöng fyrir gróðurkortagerðina, þótt hún rýrnaði mikið milli ára, en hennar tímabili lauk 1978.
Vegna nýrra laga um umhverfismat og svæðisskipulag hefur eftirspurn eftir gróðurkortum aukist og hefur útseld þjónusta haldið starfseminni gangandi en eingöngu er byggt á vettvangsvinnu fyrri ára. Verði ekkert að gert mun gróðurkortagerð leggjast af og tapast þá sú þekking og starfsþjálfun sem fyrir hendi er. Það væri mikill skaði því Ísland er eitt af fáum löndum Evrópu, og þótt víðar væri leitað, þar sem ekki eru til gróðurkort af öllu landinu.



9. mynd. Kort sem sýnir stöðuna í vettvangsvinnu gróðurkorta. Enn er vettvangsvinnu ólokið á um 35.000 km^2 lands og þar af eru um 80% í byggð.

Jarðfræðikortagerð. Jarðfræðikortlagning er skipuleg söfnun upplýsinga um jarðfræði ákveðinna svæða og eru gögnin birt á myndrænu formi, s.s. kortum.

Skipuleg jarðfræðikortlagning á Íslandi hófst um miðjan sjötta áratuginn á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands í mælikvarða 1:250.000. Blaðskiptingin er hin sama og á landshlutablöðum Landmælinga Íslands (Aðalkort), níu kortblöð alls. Slík kort gefa yfirlit um þekkingu á jarðfræði einstakra landshluta og endurspegla stöðu þekkingar á jarðfræði landsins á hverjum tíma, en henni hefur fleygt mjög fram á síðustu áratugum og umbyltingar orðið í kenningum, m.a. vegna tilkomu kenninga um landrek.

Menningarsjóður gaf út fyrstu jarðfræðikortin. Síðan hefur Náttúrufræðistofnun, í samvinnu við Landmælingar Íslands, gefið út sjö þessara korta. Kort af Mið-Norðurlandi og Austurlandi hafa enn ekki litið dagsins ljós en kortin af Suðvesturlandi og Vesturlandi hafa verið gefin út endurskoðuð og kortið af Mið-Suðurlandi hefur þrívegis verið endurskoðað. Fyrstu yfirferð um landið er enn ekki lokið en stefnt er að því að verkinu ljúki á næstu árum. Eftir það tekur við áframhaldandi endurnýjun og endurskoðun kortblaða í ljósi nýrrar þekkingar.

Einnig hafa Náttúrufræðistofnun og Landmælingar Íslands gefið út yfirlitskort af berggrunni landsins í mælikvarða 1:500.000 á einu blaði.

Kortlagning í stærri mælikvörðum, s.s. 1:25.000 og 1:50.000, er takmörkuð og slík kort hafa eingöngu verið unnin að beiðni verkkaupa, s.s. sveitarfélaga og orkufyrirtækja. Öll slík kortagerð hefur farið fram á vegum Orkustofnunar. Þessi kort eru bundin við virkjanasvæði og næsta nágrenni þéttbýlis.

Íslendingar eru áratugum á eftir nágrannaþjóðum í jarðfræðikortlagningu og sambærilegt ástand er hvergi að finna nema ef vera kynni í ríkjum þriðja heimsins. Nauðsynlegt er að farið verði að huga að skipulegri kortlagningu í stórum mælikvörðum sem nær til landsins alls. Slík kortlagning felur í sér a.m.k. tvær gerðir korta, annars vegar berggrunnskort og hins vegar jarðgrunnskort. Berggrunnskort sýnir gerð, aldur og uppbyggingu hins fasta berggrunns en jarðgrunnskort sýnir laus jarðlög sem liggja ofan á berggrunni.

Fjarkönnun

Loftmyndir. Landmælingar Íslands hafa tekið loftmyndir af Íslandi árlega frá árinu 1950. Einnig hefur stofnunin til varðveislu þær loftmyndir sem teknar hafa verið af landinu á vegum erlendra aðila, þ.á m. myndir sem teknar voru vegna kortagerðar Bandaríkjamanna hér á landi. Loftmyndasafnið geymir um 130.000 myndir frá tímabilinu 1937–1994 og árlega eru teknar 2000–3000 nýjar myndir. Myndasafnið er grundvöllur margvíslegra samanburðarrannsókna auk þess sem nýir kortgrunnar eru gerðir eftir slíkum myndum. Þá er landgreining fyrir kortagerð færð inn á loftmyndir, bæði fyrir gróður- og jarðfræðikort. Loftmyndir eru mikið notaðar á Íslandi vegna skorts á kortum í stórum mælikvarða af svæðum utan þéttbýlis (24).

Tækjabúnaður Landmælinga Íslands til töku loftmynda er nær tuttugu ára gamall og hefur þurft endurnýjunar við. Árið 1994 voru leigð tæki til myndatöku frá sænsku landmælingunum ásamt sérhönnuðum tölvubúnaði sem gerir kleift að nota GPS-tæki til flugleiðsögu og mælinga samtímis myndatökunni. Myndatakan gekk vel, myndirnar eru betri en áður og notkun tölvubúnaðar við leiðsögn var stórt framfaraskref (25).

Gervitunglamyndir. Notkun gervitunglamynda í heiminum hefur vaxið mjög á síðustu tveimur áratugum, einkum í veðurfræði, kortagerð og hvers konar rannsóknum á landi. Stafræn vinnsla gervitunglamyndanna hefur aukið mjög gildi þeirra við rannsóknir á ýmsum sviðum. Árið 1994 settu Landmælingar Íslands á markað þrjár stafrænar gervitunglamyndir af öllu landinu, gróðurmynd, innrauða litmynd og svarthvíta gervitunglamynd. Myndirnar eru gerðar úr 12 Landsat-gervitunglamyndum frá árunum 1986–1992 sem


skeytt hefur verið saman í heildarmynd af landinu, en sjaldgæft er að gervitunglamyndir af Íslandi séu án skýja. Nú er unnið að tveimur heildarmyndum af landinu, litmynd og innrauðri mynd, í fullri upplausn frumgagnanna. Gervitunglamyndir eru, eins og loftmyndir, mikilvæg frumgögn í kortagerð og hafa mikið gildi fyrir ýmiss konar landfræðileg upplýsingakerfi.

Á síðustu tveimur áratugum hefur orðið til mikið magn gagna frá ýmsum gervitunglum og á næstu árum er fyrirhugað að senda á loft fjölda nýrra gervitungla sem munu auka þetta gagnaflæði til mikilla muna. Mikið myndefni frá Íslandi er því geymt í erlendum gagnasöfnum. Landmælingar Íslands hafa upplýsingar um þessi gögn og hafa komið upp búnaði til úrvinnslu gervitunglamynda (26).

Skipulagsmál

Aðalskipulag. Samkvæmt skipulagslögum er skylt að gera aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög, og tók þetta ákvæði gildi 1. janúar 1979. Frá og með þessum tíma varð skylt að gera áætlun um alla landnotkun innan sveitarfélaga, s.s. þéttbýlismyndun, landbúnaðarsvæði, sumarbústaðasvæði, friðuð svæði og opin ósnortin svæði. Fyrir þann tíma voru einungis þéttbýlisstaðir með 50 íbúa eða fleiri skipulagsskyldir. Segja má að nú séu flestir þéttbýlisstaðir með gildandi aðalskipulag, en unnið er að því að gera aðalskipulagsáætlanir er ná yfir allt land sveitarfélaganna.

Svæðisskipulag. Samkvæmt skipulagslögum er heimilt að gera svæðisskipulag fyrir tvö sveitarfélög eða fleiri ef talið er að skipulagsmál svæðisins séu svo samofin að nauðsyn sé á slíku. Sveitarstjórnir víða um land hafa notfært sér þessa heimild, og hefur þegar verið lokið svæðisskipulagsgerð fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Flóa, sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar og Eyjafjarðarsvæðið. Ennfremur eru eftirfarandi svæðisskipulagsáætlanir í vinnslu: Svæðisskipulag Ölfuss, Hveragerðis og Selfoss, svæðisskipulag Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps, svæðisskipulag Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu, svæðisskipulag í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar og svæðisskipulag miðhálendisins.



10. mynd. Staða svæðisskipulags 1994.

Veðurfar


Eins og lög gera ráð fyrir annast Veðurstofa Íslands umhverfisvöktun á andrúmsloftinu, þ.e. veðurþjónustu, rannsóknir á veðurfari og mengunarmælingar, auk eftirlits og rannsókna á snjóflóðum og hafís. Starfræktar eru um 130 mannaðar veðurstöðvar um allt land auk vaxandi fjölda sjálfvirkra stöðva. Þá eru gerðar athuganir frá íslenskum skipum og á hafinu umhverfis landið auk háloftamælinga frá flugvélum og sérstökum háloftabelgjum sem sleppt er frá Keflavíkurflugvelli. Veðurstofa Íslands tekur og þátt í samstarfsráði átta Vestur-Evrópuþjóða, EGOS, um rekstur sjálfvirkra veðurdufla á Norður-Atlantshafi.

Veðurstofan annast daglega veðurþjónustu við almenning í landinu, sjómenn og flugmenn. Þjónustusvæðið er afar stórt, einkum flugveðurþjónustusvæðið sem spannar allt svæðið frá 60°N til 90°N og frá 0°V vestur fyrir Grænland.

Að vetrarlagi er Veðurstofunni ætlað að hafa eftirlit með snjóflóðum og gefa út viðvaranir þegar hætta er talin á slíkum vágesti. Þá safnar Veðurstofan upplýsingum um hafís í nágrenni landsins og er það gert í samvinnu við Landhelgisgæsluna og fleiri aðila.

Á grundvelli mælinga sem áður er getið fer fram úrvinnsla og rannsóknir á veðurfari landsins og hafinu umhverfis það. Niðurstöður reglubundinna veðurfarsmælinga eru birtar í *Veðráttunni*, mánaðarriti Veðurstofunnar, og niðurstöður hafísathugana í ritröðinni *Hafís við strendur Íslands*. Snjóflóðaannáll birtist árlega í tímaritinu *Jökli*. Veðurstofan veitir upplýsingar og dreifir gögnum sem tengd eru veðurfarsrannsóknum í ýmsum löndum. Sem dæmi um verkefni sem unnið er að erlendis má nefna rannsóknir á tengslum uppblásturs og vindafars, rannsóknir á breytileika á framburði jökulvatna og tengslum byggðaþróunar og veðurfarsbreytinga.

Veðurfar þessarar aldar á Íslandi einkennist af þremur veðurfarsskeiðum. Köldu tímaskeiði fyrstu tvo áratugina en síðan næstum hálfrar aldar löngu hlýindaskeiði – ef til vill því mesta síðan á söguöld – en síðustu þrír áratugirnir hafa verið fremur svalir (sjá 11. mynd).



11. mynd. Meðalhiti ársins í Stykkishólmi 1823–1994 ásamt 15 ára keðjumeðaltali. Hiti 1823–1845 er áætlaður út frá mælingum í Reykjavík.


Þessar hitasveiflur verða að teljast fullkomlega eðlilegar enda Ísland þannig staðsett að sveiflur geta verið miklar á hvaða tímakvarða sem er. Rannsóknir hafa verið stundaðar á líklegum aftakagildum ýmissa veðurþátta s.s. vindhraða, úrkomu og snjódýpt og niðurstöður nýttar við margs konar mannvirkjagerð.

Ljóst er að margt er ógert í rannsóknum á umhverfisáhrifum veðurfarsbreytinga hér á landi. Má þar nefna áhrif á gróðurfar og jarðvegseyðingu, áhrif veðurfars á lífríki sjávar og þar með stærð og viðgang fiskistofna á Íslandsmiðum auk hugsanlegra tengsla við tíðni, útbreiðslu og stærð snjóflóða. Hér er um að ræða rannsóknir sem seint verður lögð of mikil áhersla á að sinnt sé af reisn.

Vatnið

Grunnvatn. Miðað við stærð Íslands er landið mjög auðugt af góðu grunnvatni. Ræðst það annarsvegar af tiltölulega mikilli úrkomu og hinsvegar eru vel lek jarðlög útbreidd á landinu. Þótt víða skorti enn á þekkingu okkar um grunnvatnið hér á landi má telja með nokkurri sanngirni að grunnvatnsrennsli til fallvatna og sjávar nemi um 1000 m^3/sek. Af því kemur nærri fjórðungur undan jöklum landsins. Grunnvatnsþáttur fallvatna leggur til um fimmtung allrar hagkvæmrar vatnsorku í landinu en uppsprettur í byggð eru svo gjöfular að einungis um 1% þessa grunnvatns er nýtt í dag í vatnsveitum og atvinnurekstri, eða rúmlega 5 m^3/sek. Grunnvatnið gæti í framtíðinni orðið einhver helsta náttúruauðlind landsins að útflutningsverðmæti. Því er vert að huga nú betur að henni og hirða betur um hana en verið hefur.

Lekt jarðlaga ræður meiru um tilvist grunnvatns en úrkoman. Því eru gjöfulustu grunnvatnssvæðin á gosbeltunum og jöðrum þeirra þar sem saman fara ung og lek jarðlög (hraun, grágrýti, bólstraberg) og mikið af sprungum (12. mynd). Mestu lindasvæðin eru við Þingvallavatn (tæplega 100 m^3/sek), í uppsveitum Árnes- og Rangárvallasýslna (rúm-



12. mynd. Skyggðu svæðin á kortinu tákna lek jarðlög og dökku blettirnir sýna helstu lindasvæði landsins. Glöggt má sjá að framboð á grunnvatni er nær eingöngu bundið við hin virku eldgosabelti landsins. Heimild: Orkustofnun.

lega 100 m^3/sek), á vatnasviði Þjórsár (sennilega yfir 100 m^3/sek) í Skaftárhreppi (hátt í 100 m^3/sek) og í og við virka gosbeltið á Norðurlandi (um 200 m^3/sek). Lekt er miklu minni í berglögum gömlu blágrýtissvæðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Þar er grunnvatn helst að fá úr lausum jarðlögum, einkum framhlaupum og áreyrum. Víða er þar skortur á nægu og góðu grunnvatni. Auðlindinni er þannig mjög misskipt eftir landshlutum þó að hún sé í heild langt umfram þarfir landsmanna til neyslu í dag.

Grunnvatn á Íslandi er yfirleitt hreint, fremur efnasnautt og hentugt til drykkjar og annarra heimilis- eða iðnaðarnota. Kalt loftslag, lítill gróður, strjálbýli og miklar óbyggðir valda því að grunnvatnið er yfirleitt efnasnautt, snautt af lífrænum efnum og áburðarefnum og að sjálfsögðu gruggfrítt eftir að hafa runnið langar leiðir neðanjarðar. Í efnainnihaldi þess gætir áhrifa sjávarsalts og sælöðurs sem berst inn yfir landið. Sést það best á klóríði sem er oft 5–20 mg/l í grunnvatni í byggð (í sjóvatni er klóríð um 19.000 mg/l). Önnur efni fylgja klóríði í svipuðum hlutföllum og í sjó en steinefni bætast við vegna efnahvarfa við jarðlög á leið grunnvatnsins um þau. Sú viðbót er þó ekki meiri en svo að íslenskt grunnvatn er mjög mjúkt vatn sem varðveitir ferskleika og bragð allra íblandaðra efna mjög vel. Mýravatn og jarðhitavatn geta þó valdið aukinni og breyttri efnasamsetningu, einkum aukningu kolsýru en henni fylgir stundum aukið járninnihald.

Þekkingu okkar á grunnvatni landsins hefur fleygt fram síðustu tvo áratugi. Þó vantar enn mikið á skipulega og samfellda úttekt og kortlagningu á grunnvatni í landinu. Upplýsingar skortir um magn, gæði, aðgengi og mengunarhættu og þar af leiðandi þörf á verndun. Framlag grunnvatns til fallvatna landsins er mun meira en áður var talið en nákvæmar upplýsingar skortir hvað varðar magn, efnasamsetningu og áhrif á lífríki fallvatna.

Flokkun íslenskra fallvatna

Ein fyrsta aðgreining íslenskra fallvatna kemur fram í Eglu, þar sem lýst er landnámi Skallagríms. Þar segir: „Skalla-Grímur kannaði land upp um hérað, fór fyrst inn með Borgarfirði til þess er fjörðinn þraut, en síðan með ánni fyrir vestan er hann kallaði Hvítá því að þeir förunautar höfðu eigi séð fyrr vötn þau er úr jöklum höfðu fallið. Þótti þeim áin undarleg á lit."

Þessi aðgreining milli bergvatna og jökulvatna eftir lit hefur því verið til með þjóðinni frá upphafi. Í ritum Sveins Pálssonar (27), sem skrifuð eru undir lok 18. aldar, er gerð fræðileg greining á eiginleikum vatnsfalla og þar dregin fram þau meginatriði sem aðgreina bergvötn og jökulvötn. Til viðbótar við litinn er m.a. greint frá jöklafýlunni ásamt hlaupum jökulánna sem skipt er í tvo flokka, venjuleg og óvenjuleg. Venjuleg hlaup voru annarsvegar dagleg, það sem við köllum nú dags- eða dægursveiflu og orsakast af breytilegri leysingu á jökli eftir sól, og hinsvegar tilfallandi hlaup sem orsakast af hláku eða úrkomu. Hin óvenjulegu hlaup orsakast af hamförum eins og eldgosum eða framhlaupi jökullóna.

Með aukinni þekkingu á jarðfræði landsins á síðustu öld og fyrri hluta þessarar aldar skýrðust mjög vatnafræðilegir eiginleikar landsins. Það var þó ekki fyrr en með greinum Guðmundar Kjartanssonar frá 1943 og 1945 (28, 29) um vatnsfallategundir að jarðfræðilegu innsæi var beitt til þess að greina enn frekar íslensk fallvötn. Þar greinir Guðmundur bergvötn í dragár og lindár, orð sem nú eru löngu gróin í íslensku máli og þjóðinni töm. Lindárnar fylgja að mestu eldgosabeltinu sem gengur um miðbik landsins. Þar eru víðáttumiklir hraunaflákar eins og Ódáðahraun, þar sem allt regn eða leysing hripar niður í bergið og kemur síðan fram sem lindir. Helstu einkenni lindáa eru hið stöðuga rennsli þeirra og jafn hiti, hvort sem sumar er eða vetur. Því virðast þær kaldar á sumrum en heitar á vetrum, og ná þær ekki að frjósa nema í langvarandi frostum og þá fjarri upptökum. Dragár verða hinsvegar til þar sem berggrunnur er þéttur og safnast þar vatn saman úr drögum árinnar smám saman þar til á má kallast. Í rigningum og leysingu rennur vatnið hratt fram úr drögunum og verða oft af því mikil flóð. Í þurrkatíð og vetrarharðindum þverr hinsvegar vatn þeirra mjög.

Fallvötn


Íslensk fallvötn eru ákaflega fjölbreytt í uppruna sínum og eiginleikum. Borið saman við önnur lönd er þessi fjölbreytni mun meiri en ætla mætti eftir stærð landsins og er skýringanna að leita í þrennu. Í fyrsta lagi er verðurfar hér mjög breytilegt milli landshluta og eins milli ára, í öðru lagi er hin jarðfræðilega gerð landsins margbrotin og í þriðja lagi er landið að tiltölulega stórum hluta hulið jöklum, sem hafa víðtæk og mikil áhrif á vatnafar.

Flest af helstu vatnsföllum landsins eru að uppruna allt í senn, lindár, dragár og jökulár, þ.e. blanda af öllum þremur vatnsfallategundum landsins. Þar má fyrst nefna Ölfusá, sem að stofni til er lindá, þó að talsverður jökull sé í henni og einnig þó að dragáreiginleikar hennar, sem tilheyra að mestu leyti Hvítá, geri hana að einni mestu og hættulegustu flóðaá landsins. Svipaða sögu má segja af Hvítá í Borgarfirði, en þar er þó dragárþátturinn meira áberandi en í Ölfusá. Þjórsá er einnig að stofni til lindá, en jökulþáttur hennar er mjög veigamikill og dragáreinkenni minni en t.d. í Ölfusá. Blanda er eins og nafnið gefur til kynna blönduð að uppruna. Dragáreinkenni hennar eru áberandi og er hún stórflóðaá eins og Hvítárnar, en lindaþáttur hennar er minni. Héraðsvötn og Skjálfandafljót eru um margt svipuð, verulegt lindavatn er í þeim báðum, talsvert jökulvatn er í Héraðsvötnum en minna í Skjálfandafljóti. Dragárþáttur þeirra er einnig mikill, sérstaklega þegar snjóa leysir. Jökulsá á Fjöllum skipar sérstakan sess fyrir það að mjög ofarlega á vatnasviði hennar kemur fram gríðarlega mikið lindavatn, m.a. úr Svartá við Vaðöldu þar sem það á uppruna í jökulleysingu, sem sigið hefur niður í berggrunninn undir Dyngjujökli. Jökulsá safnar síðan til sín verulegu lindavatni allt til sjávar og kemur það aðallega af hinum miklu hraunaflæmum vestan hennar. Hún gengur opin allan veturinn ofan Herðubreiðarlinda og þar sem ísa festir verða þeir sjaldan traustir, nema í langvarandi frostum. Efst er hún landahrein þótt hörkugaddur sé. Á sumrin bætist henni svo mjög mikið jökulvatn, sem hún dregur nafn sitt af. Kúðafljót er margslungið, enda víða að komið. Allir þættir eru áberandi, t.d. er umtalsverður lindaþáttur bæði í Skaftá og í Hólmsá. Jökulvatn er mjög áberandi í báðum þessum ám en dragáreinkenni koma skýrt fram, m.a. vegna þess hversu úrkoma er mikil og algeng á vatnasviði fljótsins. Lagarfljót er að stofni til dragá, en með Jökulsá í Fljótsdal rennur til þess umtalsvert jökulvatn. Lindavatn er hinsvegar hverfandi í Lagarfljóti.

Allmargar stórár landsins eru af einum stofni. Sem dæmi um ár af nánast hreinum lindastofni má nefna Rangárnar, Brúará, Sogið og Laxá í Aðaldal. Þær tvær síðastnefndu eru þó afbrigði, því þær koma báðar úr stórum vötnum en innrennsli til vatnanna er úr lindum undir vatnsborði, því eins og þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ályktuðu um Mývatn þá hlyti það að tæmast ef svo væri ekki. Mörg hreinræktuð jökulvötn eru til og eru þar helst Skeiðará, Jökulsá á Brú, Hverfisfljót og Kolgríma. Fáar stórár eru einvörðungu dragár, en þó eru ár eins og Norðurá í Borgarfirði og Fnjóská að stofni til dragár. Flestar smærri ár landsins eru dragár.

Vatnamælingar

Kerfisbundnar vatnamælingar hófust árið 1947 á vegum Raforkumálaskrifstofunnar og síðar Orkustofnunar. Mælingarnar voru skipulagðar fyrst og fremst með vinnslu raforku í huga. Í tímanna rás hefur mælikerfið verið þróað, aukið og endurbætt, nýir mælar settir upp og aðrir lagðir af, allt eftir áherslum á hverjum tíma. Nú eru rennslismælar um 130 talsins og auk þeirra um 20 vatnshæðarmælar.



13. mynd. Vatnasvæðið, sem Vatnamælingar Orkustofnunar mæla rennslið af, er sýnt skáletrað á kortinu. Þegar kerfisbundnar vatnamælingar hófust árið 1947 voru þær skipulagðar með nýtingu vatnsorku í huga og hafa þær áherslur ekki breyst síðan. Þó svo að allmargar mælistöðvar séu á láglendi mæla þær einkum rennsli af hálendinu og kemur þar skýrt fram áherslan á nýtingu vatnsorkunnar. Þekking á vatnafari landsins er því að mestu bundin við hálendið en vatnafar á láglendi hefur víða lítt eða ekkert verið kannað. Heimild: Orkustofnun.

Mælingarnar renna stoðum undir hina hefðbundnu flokkun íslenskra vatnsfalla. Þær draga líka enn frekar fram ýmsa einkennandi þætti og samspil þeirra og gefa kost á greiningu sem byggist á tölulegum upplýsingum en ekki einvörðungu huglægu mati. Það sem kemur skýrast fram í þessum mælingum er hversu helstu vatnsföllin eru yfirleitt blönduð að uppruna. Einnig koma fram miklar árstíðabreytingar og breytingar milli ára og er samspil eðlisþáttanna og veðurfarsins oft mjög náið. T.d. er ljóst að jökulleysing getur ráðist af snjóalögum þannig að mismunandi snjóalög gefa mismunandi mikinn jökulþátt, að óbreyttu hitastigi. Annað mikilsvert atriði er að uppruna lindaþáttarins er oft að leita í jökulleysingu undangenginna ára og koma því fram langtímabreytingar í rennsli lindáa, sem ekki var unnt að greina nema með langtímamælingum. Allar breytingar á veðurfari hafa í för með sér breytingar á jöklabúskap og þar með á vatnsbúskap þeirra vatnsfalla sem eiga uppruna í leysingarvatni jökla. Má því segja að hlutverk jöklanna sé að sumu leyti enn þýðingarmeira er áður var talið í uppruna íslenskra vatnsfalla, en að öðru leyti minna þar eð nú er hægt að rýna nánar í eiginleika þeirra vatnsfalla sem hingað til hafa verið kölluð jökulvötn vegna litarháttarins en eru í raun einungis jökulskotin bergvötn.

Niðurstöður Vatnamælinga Orkustofnunar eru aðgengilegar á fjölbreytilegu formi fyrir alla þá sem áhuga og þörf hafa fyrir vatnafræðilegar upplýsingar.

Ítarlega og almenna umfjöllun um mælingarnar er að finna í bókum Sigurjóns Rist, *Íslensk vötn* (30) og *Vatns er þörf* (31).

Jöklar

Síðan um aldamótin 1900 hafa orðið verulegar breytingar á íslenskum jöklum. Fyrstu tvo áratugi 20. aldar hopuðu jöklar lítillega en þegar loftslag tók að hlýna verulega á þriðja áratugnum fóru jöklar að minnka. Mælingar Jöklarannsóknafélags Íslands sýna að frá aldamótum hafa jöklar dregist saman og urðu minnstir á sjöunda áratugnum. Síðan þá hafa flestir jöklar verið að aukast og nú er stærð þeirra svipuð og var á fimmta áratugnum.

Farvegir jökuláa eru fremur óstöðugir vegna mikils aurburðar. Við hop og framgang jökla aukast mjög líkur á að farvegir breytist. Þess er skemmst að minnast er áin Stemma í Austur-Skaftafellssýslu hvarf í Jökulsárlón 1989.

Í kjölfar stærðarbreytinga jökla hafa jökullón vaxið og minnkað, myndast og horfið. Frá því um 1930 hafa stöðuvötn á Breiðamerkursandi vaxið um 10–15 km^2 vegna hörfunar Breiðarmerkurjökuls. Jökulsárlón eitt, sem ekki var til um 1930, er nú sextánda stærsta stöðuvatn landsins. Á sama tíma hefur Gjánúpsvatn, sem Hoffellsjökull stíflaði uppi, minnkað mikið vegna þess hve jökullinn hefur þynnst. Auk þessa koma ekki lengur jökulhlaup í Austurfljót í Hornafirði.

Þegar veðurfar fer hlýnandi verður jöklabúskapurinn neikvæður og jöklar minnka. Þetta kemur fram í auknu rennsli þeirra fallvatna sem eiga upptök í jöklum, því bráðnun jökla verður meiri en nemur árlegri úrkomu. Aukningin kemur strax fram í jökulþætti ánna og síðar einnig í grunnvatnsþættinum. Kólnandi veðurfar veldur aftur á móti jákvæðum jöklabúskap, jöklar vaxa og minni ís bráðnar en nemur árlegri úrkomu og rennsli jökulvatna minnkar.

Frá upphafi kerfisbundinna vatnamælinga 1947 fram til virkjunar Þjórsár við Búrfell á sjöunda áratug tuttugustu aldar voru jöklar að minnka. Mælingar sem gerðar voru á rennsli Þjórsár á þessu tímabili gáfu því ekki rétta mynd af rennsli árinnar, því um það leyti sem virkjunin var tekin í notkun tóku jöklar að aukast á ný og jafnframt varð rennsli frá þeim minna.

Frá árinu 1988 hafa kerfisbundnar afkomumælingar á jöklum verið stundaðar af Vatnamælingum Orkustofnunar og eru þær mikilvægur þáttur í því að fylgjast með fallvötnum landsins en vatn í öllum stærstu ánum hefur að stórum hluta upprunalega fallið sem úrkoma á jökul.

Stöðuvötn

Flest stöðuvötn landsins eru í lægðum sem ísaldarjökullinn skildi eftir sig er hann hvarf landinu í lok ísaldar. Mörg hinna stærri vatna eru þó í lægðum á jarðeldasvæðum sem myndast hafa við landsig eða óreglulega upphleðslu gosefna.

2. tafla. Stærð stöðuvatna.

Flokkur (km^2)	Fjöldi	%	Flatarmál (km^2)	%
>10	18	1	505	38
5–10	15	1	98	7
1–5	162	9	313	24
0,1–1	1648	89	414	31

Vötn sem eru 0,01–0,1 km^2 eru talin vera um 7000 talsins og um 100 km^2. Þannig eru vötn stærri en 0,01 km^2 (1 ha) talin vera um 9000 og um 1400 km^2. Af þessum

vötnum eru 10 manngerð vötn, alls um 140 km^2. Undanskilin í þessari flokkun eru ísölt strandlón og jökuljaðarvötn.

Jarðhiti

Allvíða á Íslandi streymir volgt og jafnvel sjóðandi vatn upp úr berggrunninum, laugar og hverir. Umhverfis laugarnar er gróður oft meiri en annars staðar. Sums staðar birtist jarðhitinn í annarri mynd. Illa þefjandi gufur stíga upp úr jörðinni innan um sjóðandi leirhveri, jörðin er mikið ummynduð og jarðvegur gróðursnauður á stórum svæðum. Þessi yfirborðsummerki jarðhitans eru meðal helstu sérkenna í náttúru landsins.

Talið er að jarðhiti á Íslandi eigi rót sína að rekja til þess að bergrunnurinn hér er óvenjuheitur, en jafnframt mikið sprunginn og brotinn og þar með vatnsleiðandi. Vatn sem hripar niður í berggrunninn hitnar af snertingu við bergið og streymir síðan aftur upp til yfirborðs og flytur með sér varma úr berginu. Sú hefð hefur skapast að skipta jarðhitanum í lághita og háhita. Á lághitasvæðunum er hitinn undir 150°C á 1 km dýpi, en yfir 200°C á sama dýpi á háhitasvæðunum. Volgar eða heitar laugar og sjóðandi hverir einkenna lághitasvæðin en leir- og gufuhverir einkenna háhitasvæðin. Á leið sinni um berggrunninn nær vatnið að hvarfast við bergið, því meira sem hitinn er hærri.

Háhitasvæðin tengjast yfirleitt virkum megineldstöðvum og eru þar af leiðandi öll innan eldgosabeltisins eða við jaðra þess. Lághitasvæðin eru hinsvegar utan gosbeltisins. Vatnsmestu og heitustu lághitasvæðin eru við jaðra vestara gosbeltisins á Suður- og Suðvesturlandi, í Borgarfirði og í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig er nokkur jarðhiti á Vestfjörðum og í Skagafirði en minnst er um hann á Austfjörðum.

Jörðin og jarðefni

Berggrunnur. Á árunum 1955–1965 lagði breski jarðfræðingurinn G.P.L. Walker grunninn að rannsóknum á berggrunni Íslands og á sjöunda áratugnum var öllum eldri hugmyndum um myndun Íslands gjörbylt. Aukin þekking á botni úthafanna leiddi til nýrrar heimsmyndar jarðfræðinnar sem nú er almennt nefnd flekakenningin. Samkvæmt henni skiptist yfirborð jarðar upp í nokkrar tiltölulega stífar einingar sem nefndar eru flekar og hreyfast innbyrðis. Á jöðrum flekanna verður ýmist nýmyndun eða eyðing jarðskorpu. Ný jarðskorða myndast stöðugt við eldvirkni á hryggjum úthafanna en eyðist þar sem flekarnir rekast saman. Á u.þ.b. 80 stöðum á jörðinni er sérstaklega mikið uppstreymi frá möttli jarðar til yfirborðs. Slíkir staðir eru nefndir heitir reitir og uppstreymið undir þeim möttulstrókur. Ísland er hluti af Mið-Atlantshafshryggnum sem rís upp fyrir sjávarmál vegna möttulstróksins undir landinu, þ.e.a.s. landið er einn af hinum heitu reitum. Ísland er á mótum tveggja stórra jarðskorpufleka, Norður-Ameríkuflekans og Evrasíuflekans. Mið-Atlantshafshryggurinn myndar svonefnt rekbelti gegnum landið þar sem stöðugt myndast ný jarðskorpa. Rekbeltið nær frá Reykjanesi til norðausturs yfir landið og hverfur aftur í hafið við Öxarfjörð. Austur- og vesturhluti landsins eru því sinn á hvorum flekanum. Meðalrekhraði er talinn vera um 1 cm á ári til hvorrar áttar.

Hlutföll bergtegunda í berggrunni landsins eru best þekkt á Austfjörðum og eru þau sýnd í 3. töflu.

3. tafla. Hlutföll berggerða í berggrunni landsins.

Basalthraunlög	83%
Líparíthraunlög	8%
Andesíthraunlög	3%
Millilög (öll setlög)	3%

Þekking á berggrunni landsins er fremur bágborin ef undan eru skilin nokkur afmörkuð svæði sem kortlögð hafa verið kerfisbundið. Þau svæði eru einkum á Reykjanesskaga og virkjunarsvæðum Landsvirkjunar. Annars staðar er vart um samfellda þekkingu að ræða heldur einstök lítil svæði sem könnuð hafa verið ítarlega. Er þar í mörgum tilfellum um að ræða svæði sem jarðfræðingar hafa rannsakað sem hluta af háskólanámi sínu.

Berggrunnur landgrunnsins hefur sáralítið verið kannaður enda eru slíkar rannsóknir afar dýrar. Þær rannsóknir sem hingað til hafa verið gerðar eru einkum alls kyns jarðeðlisfræðilegar mælingar, einkum á vegum útlendinga.

Breytingar á berggrunni

Upphleðsla gosefna. Náttúrlegar breytingar á berggrunni eru einkum tvennskonar, nýmyndun hrauna í eldgosum og veðrun og svörfun bergs. Eldvirkni á Ísland eftir að land byggðist virðist í megindráttum hafa verið svipuð og næstu árþúsundin á undan. Áætlað hefur verið að á síðustu 10.000 árum hafi um 420 km^3 gosbergs myndast á landinu, eða sem nemur 4,2 km^3 á öld (32, 33).

Veðrun og rof. Löngum hefur verið talið að nýmyndun bergs og rof haldist nokkurn veginn í hendur.

Rof fer einkum fram með fernum hætti:

- Aurburður jökuláa á Íslandi er talinn um 50 milljón tonn á ári (34).
- Uppleyst efni sem fallvötn bera til sjávar hafa verið áætluð um 100 tonn á hvern km^2 á ári eða 10,3 milljónir tonna á ári (35).
- Vindrof. Ekki hefur verið metið að hve miklu leyti vindrof ber efni á haf út.
- Sjávarrof. Áætlað hefur verið að sjávarrof við strendur landsins sé á bilinu einn til fáeinir sentímetrar á ári (36) og standist nokkurn veginn á við gliðnunina sem verður í gosbeltinu. Samkvæmt því er stærð landsins nokkuð stöðug til lengri tíma litið. Þetta rof hefur ekki verið reiknað sem rúmmál bergs.

Uppleyst efni og aurburður fallvatna eru talin nema samtals um 60 milljón tonnum á ári, eða um 2,2 km^3 á öld en upphleðslan er talin um 4,2 km^3 á öld. Samspil landmyndunar og -eyðingar er þó mun flóknara og inn í það fléttast flotjafnvægi milli jarðskorpu og möttuls.

Jarðgrunnur nefnist sú bergmylsna sem liggur ofan á beggrunninum og ekki er blönduð lífrænum leifum. Skilin milli jarðgrunns og jarðvegs geta oft verið óljós. Helstu gerðir jarðgrunnsefna hér á landi eru hverskonar ármöl og sandur, skriður, malarhjallar frá hærri sjávarstöðu í lok ísaldar, sandur og möl í fjörum og á sjávarbotni og loft- og vatnsborin gjóska. Í þennan flokk falla einnig kísilgúr og skeljasandur.


Staða rannsókna á jarðgrunni landsins verður að teljast skammt á veg komin þó svo að einstök svæði hafi verið kortlögð allnákvæmlega og heildarmagn lausra jarðlaga á landinu er algerlega óþekkt. Framboð lausra jarðefna er misjafnt eftir landshlutum, sums staðar er skortur en yfirdrifið er af efni annars staðar. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur gefið út allítarlegt yfirlit yfir myndun lausra jarðlaga og eiginleika þeirra frá hagnýtu sjónarmiði (37).

Jarðskjálftarannsóknir, jarðskjálftavá, eldgosavá

Hið svokallaða SIL-verkefni er mikilvægasta verkefni Veðurstofunnar á því sviði sem varðar að draga úr tjóni vegna jarðskjálfta og eldgosa. SIL-verkefnið er samstarfsverkefni


Norðurlandaþjóða um rannsóknir sem miða að jarðskjálftaspám og er Suðurlandsundirlendið vettvangur rannsóknanna. Verkefnið hófst 1988 og því lýkur formlega á þessu ári.

Meginárangur SIL-verkefnisins er uppbygging mæla- og úrvinnslukerfis, hins svokallaða SIL-kerfis. Kerfið, sem er í fremstu röð slíkra eftirlitskerfa í heiminum, byggist á því að fylgjast með ástandi jarðskorpunnar með því að lesa upplýsingar út úr litlum jarðskjálftum, sem stöðugt eru að leysast úr læðingi. Fyrir atbeina Veðurstofunnar, ríkisvaldsins, sveitarstjórna og almannavarnaraðila nær þetta mælinga- og úrvinnslukerfi nú til nokkurra hættulegustu jarðskjálftasvæða landsins. Segja má að þetta kerfi sé mikilvægur grundvöllur á öllum sviðum sem varða það að draga úr jarðskjálfta- og eldgosavá, og er mikil þörf á að útvíkka það til allra jarðskjálfta- og eldvirknisvæða landsins (14. mynd).




14. mynd. Yfirlitsmynd um legu Mið-Atlantshafshryggjarins um Ísland. Á myndinni má sjá eystra gosbeltið þar sem gliðnun á sér stað og brotabeltin þar sem vænta má stærstu jarðskjálftanna. Skjálftar af stærðinni 7 á richterkvarða eða rúmlega það geta orðið á Suðurlands- eða Tjörnesbrotabeltinu. Jarðskjálftastöðvar í SIL-kerfinu eru merktar með svörtum þríhyrningum og þenslumælastöðvar í borholum á Suðurlandi með dökkgráum deplum.

Á grundvelli SIL-kerfisins hefur verið sett upp viðvörunarkerfi sem sjálfkrafa gefur viðvörun ef jarðskjálftum fjölgar eða ef þeir stækka á ákveðnum svæðum (15. mynd). Kerfið reyndist t.d. mjög vel haustið 1992, þegar hætta var talin á að Kötlugos brytist út. Með tækni sem hefur þróast innan SIL-kerfisins hafa nú skapast möguleikar til að nýta mælingar á smáskjálftum til að kortleggja sprungur neðanjarðar og fylgjast með hreyfingum á þeim og spennubreytingum. Gífurlegt gagnasafn liggur nú þegar til grundvallar slíkri kortlagningu og eftirliti sem byggt er á henni.




15. mynd. Hér sést svæðaskiptingin í jarðskjálftaviðvörunarkerfi Veðurstofunnar. Kerfið gefur sjálfvirkt til kynna innan fárra mínútna ef jarðskjálftar fara stækkandi eða ef þeim fjölgar á þessum svæðum. Slíkar viðvaranir leiða til þess að jarðskjálftafræðingar skoða betur hvers kyns hin aukna virkni er.

Tjón af völdum jarðskjálfta. Eitt af meginviðfangsefnum Veðurstofunnar á sviði jarðskjálftarannsókna er mat á því hve mikilli jarðskjálftahreyfingu má búast við á hinum ýmsu stöðum landsins. Kort eru gerð sem lýsa þessu mati út frá ýmsum forsendum. Slík kort liggja til grundvallar íslenskum byggingarstaðli. Eitt slíkt kort má sjá á 16. mynd, sem lýsir þessu mati á öllu landinu. Matið er fyrst og fremst byggt á sögulegum heimildum um jarðskjálfta, en þó er almenn þekking jarðfræðinnar á jarðhöggun (jarðhniki) tekin inn í matið. Mikilvægustu sögulegu heimildirnar eru frá því eftir 1700, en heimildir fyrir þann tíma eru einnig hafðar til hliðsjónar þótt þær séu miklu ónákvæmari.



16. mynd. Kortið sýnir mestu líkleg áhrif af jarðskjálftum á Íslandi miðað við 500 ára tímabil. Áhrifin eru sýnd sem lárétt hröðun í prósentum af þyngdarhröðun jarðar. Þetta eru líkleg áhrif miðað við heillega klöpp. Ekki er tekið tillit til staðbundinna frávika, t.d. vegna lausra yfirborðslaga eða sprungna í jörð.



17. mynd. Gráa breiða línan frá Kleifarvatni og austur um Hellisheiði táknar svæði þar sem segja má að vanti jarðskjálfta frá því um 1789 er sig varð á svæði frá Þingvöllum og suður í Selvog. Jarðskjálftarnir 1929 og 1968 leystu aðeins út lítinn hluta af spennunni í þessu brotabelti. Hugsanlegt er að á þessu svæði gæti orðið stærri jarðskjálfti en sögulegar heimildir gefa til kynna. Einnig er hugsanlegt að þarna gæti byrjað á næstu árhundruðum svipuð gosvirkni og hófst upp úr árinu 950 og teygði sig vestur eftir Reykjanesskaganum.

Meðal svæða sem mikilvægt er að rannsaka sérstaklega er svæði í framhaldi af jarðskjálftasvæði Suðurlands, vestur um Hellisheiði í átt til Kleifarvatns. Litlar sögulegar heimildir eru til um stóra jarðskjálfta á þessu svæði, sem útilokar þó ekki að þeir geti orðið. Ýmislegt bendir til að þar gætu orðið miklu meiri jarðhræringar en sögulegar heimildir gefa til kynna (17. mynd).

Hingað til hefur hættumatið ekki tekið tillit til staðbundinna aðstæðna og gengið hefur verið út frá því að byggt sé á heillegri klöpp. Mikilvægt og aðkallandi skref til að bæta hættumatið er könnun á lausum yfirborðslögum og sprungum í undirstöðu á byggingarstöðum.

Þótt farið hafi verið eftir byggingarstaðli við gerð húsa er ekki öruggt að þau muni standast stóran jarðskjálfta. Þekkingunni sem byggingarstaðlar eru grundaðir á fleygir stöðugt fram, og gömul hús standast ef til vill ekki alltaf nýjustu kröfur. Aðkallandi er að gera úttekt á húsum á jarðskjálftasvæðum.

Eftirlit með eldvirkni og eldgosaspár

Flest gos á Íslandi eru þess eðlis að þau eru ekki bein ógnun við íbúðabyggð, og þar sem þau eru það má reikna með að aðdragandinn sé svo hægur að unnt eigi að vera að forða mannslífum sé rétt að staðið.

Þau eftirlits- og viðvörunarkerfi sem Veðurstofan rekur nú og einkum beinast að

jarðskjálftasvæðum sunnanlands og norðan eru einnig mikilvæg eftirlitskerfi til að fylgjast með eldgosum og vara við þeim. Jarðskjálftamælakerfið á Suðurlandi er þannig mikilvægasta eftirlitskerfið til að finna aðdraganda Kötlugosa, sem mikil hætta getur stafað af. Unnið er að því að gera kerfið skilvirkara til að sinna slíku eftirliti betur.

Mikla nauðsyn ber til að útvíkka jarðskjálftamælakerfið og aðrar mælingar á jarðhöggun inn á hálendið, einkum inn í eystra gosbeltið, til að efla eftirlit þar. Mikilvægt er að geta varað við eldgosum hvar sem er á landinu vegna flugumferðar. Innan 10 mínútna frá því að Heklugosið 1991 hófst var aska komin í 11–12 km hæð, og því mikil ógnun við flug. Útvíkkun jarðskjálftaeftirlitskerfisins, einkum til eystra gosbeltisins, mundi einnig efla þekkingu á gosstöðvunum og auka líkur á því að menn gætu metið hvort stórgos væri í uppsiglingu, t.d. á Veiðvatnasvæðinu. Slíkt gos gæti skaðað lífríki og afkomu á Íslandi til lengri tíma, og gæti haft mikil áhrif í nálægum löndum. Það getur haft mikla þjóðhagslega þýðingu að átta sig á líkum á slíkum náttúruhamförum.

Jarðskjálftaspár

Til viðbótar þeim rannsóknum sem miða að því að meta líkur á jarðskjálftum til lengri tíma standa yfir viðamiklar rannsóknir sem miða að skammtímaspám, þ.e.a.s. spám með þeim fyrirvara að unnt sé að bjarga fólki frá áhrifum stórs jarðskjálfta. Rannsóknir sem miða að jarðskjálftaspám hafa einkum beinst að því að skilja betur þau eðlislögmál sem ráða því hvar og hvenær skjálftar leysast úr læðingi. Sem fyrr segir er aðferð SIL-verkefnisins sú að nýta upplýsingar frá tíðum smáskjálftum í þessu augnamiði. Gífurlegar upplýsingar hafa safnast nú þegar og er mikil þörf á að auka rannsóknir á grundvelli þeirra. Það er líklegt að undanfari meðalstórra jarðskjálfta, sem hafa orðið nokkrir á því tímabili sem mælingarnar hafa staðið yfir, geti gefið okkur vísbendingu um hver verði undanfari stærri skjálfta.

Við þekkjum úr sögunni tímabil þegar jarðhræringar og eldgos urðu á mörgum stöðum á landinu og í nágrenni þess nokkurn veginn samtímis. Þetta er skýrt þannig að eins konar spennubylgjur fari yfir landið. Slíkar spennubylgjur eru misstórar og misáhrifamiklar, en líkur á útlausn jarðskjálfta og eldgosa aukast þegar þær ganga yfir. Ekki hefur tekist að mæla slíkar bylgjur enn svo óyggjandi sé. Þó virðast vera vísbendingar um þær í beinum spennumælingum (þenslumælingum í borholum á Suðurlandi) og öðrum mælingum á landbreytingum. Líklegt er að upptök slíkra spennubylgna séu kvikuinnskot eða aðrar hraðar breytingar í neðri hluta skorpu, sem þó valda ekki beint jarðskjálftum að ráði.

Undirstaða Íslands

Allir viðurkenna mikilvægi korta af yfirborði og lífríki og gildi þeirra fyrir umhverfiseftirlit og til að meta breytingar. Með þróun jarð- og jarðeðlisfræði er í vaxandi mæli mögulegt að kortleggja undirstöðu landsins og breytingar sem þar verða.

Með nýja jarðskjálftamælakerfinu hafa skapast möguleikar til að kortleggja virkar sprungur neðanjarðar, niður á 5–10 km dýpi, með nákvæmni upp á tug metra, og hreyfingar um þessar sprungur. Einnig er unnt út frá þeim að finna breytingar á spennusviði og hugsanlega finna sprungur sem líkur eru á að hreyfast muni í næstu jarðskjálftum.

Þessi hæfni sem hér er að þróast til að nýta jarðskjálftamælingar til kortlagningar og eftirlits á breytingum niðri í jarðskorpunni hefur líka sérstakt gildi vegna nýtingar jarðvarma. Bæði er þessi hæfni gagnleg til að finna hitaæðar, og ekki síður til að fylgjast

með áhrifum varmavinnslu á jarðhitasvæðin og hugsanlegum hættum sem af henni geta stafað.

Jarðvegur

Jarðvegur er oft skilgreindur sem laus yfirborðsjarðlög þar sem gróður fær þrifist. Jarðvegurinn er myndaður úr föstum efnum, lofti, vatnslausn og lífrænum efnum sem lífverur í jarðveginum leggja til. Yfirborðsjarðlögin veðrast fyrir tilverknað gróðurs og annars lífs, nýjar steindir verða til og ýmis önnur efnasambönd. Bergefnin og lífrænu efnin blandast og límast saman og mynda stærri einingar.

Jarðvegi á Íslandi nútímans má skipta í þrjár megingerðir, votlendisjarðveg, áfoksjarðveg og jarðveg á grýttu og sendnu landi, en þessi flokkun er þó mikil einföldun. Í jarðveginum verða efnabreytingar sem einkenna eldfjallajarðveg, t.d. myndun leirsteindarinnar allófan, sem finnst í allmiklum mæli ásamt járn- og álleirsteindum.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar framfarir í rannsóknum á íslenskum jarðvegi enda er jarðvegseyðing eitt stærsta umhverfisvandamál nútímans á Íslandi. Vindrof, vatnsrof og dílarof eru þrjú meginferli jarðvegseyðingarinnar en jarðsil og frosthreyfingar eru einnig miklir áhrifavaldar (38).

Gróðurríkið

Fjöldi háplantna í flóru landsins er talinn um 485 tegundir og eru þá ekki taldar með 165 aðfluttar tegundir sem ekki hafa náð hér bólfestu.

Um það bil 570 tegundir mosa finnast á landinu. Þeir eru ekki allir arktískir; í sumum tilvikum eiga þeir sér suðrænni uppruna en háplönturnar. Algengustu mosategundirnar eru hraungambri og melagambri. Á landinu hafa fundist um 580 fléttutegundir og um 1700 tegundir sveppa. Alls eru þetta um 3300 tegundir af há- og lágplöntum.

Víða er mjög ríkulegur þörungagróður við grýttar strendur og getur oft verið mikill munur á þeim sem vaxa inni á fjörðum og hinum sem eru á móti opnu hafi. Vitað er um nálægt 650 tegundir botnþörunga í sjónum við Ísland. Þá hafa verið skráðar tæplega 540 tegundir kísilþörunga í ferskvatni. Alls gerir þetta um 1200 tegundir og eru þá enn ótaldir svifþörungar í sjó umhverfis landið. Þessi tala er því afar ófullkomin. Nokkuð er um hitakæra þörunga og bakteríur í hverum.

Eina innlenda trjátegundin sem myndar skóga er birki. Nú þekja birkiskógar og -kjarr aðeins um 1% af flatarmáli landsins og 80 af hundraði trjánna eru tveggja metra háar hríslur og þaðan af lægri. Einungis 2% skóganna geta státað af trjám sem eru 8–12 m á hæð og þá einkum í dölum á Norður- og Austurlandi. Önnur innlend tré eru reynir og blæösp.

Villt landspendýr

Fjallrefurinn er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi og hefur að líkindum átt heimkynni hér síðan í lok ísaldar. Frá því árið 1295, og jafnvel lengur, hafa gilt lög sem áttu beinlínis að stuðla að útrýmingu hans. En þrátt fyrir mikla ásókn veiðimanna er refastofninn nú mjög lífvænlegur því áætlað er að dýrin séu um það bil 3.000 að haustinu.

Langtímasveiflur hafa orðið hvað eftir annað í refastofninum sl. 140 ár. Stofninn var mjög stór á sjötta áratugnum, dalaði síðan verulega og náði lágmarki skömmu eftir 1970, en hefur nú aftur náð svipaðri stærð og fyrir 30–35 árum. Mönnum er ókunnugt um hvað veldur þessum sveiflum. Á Norðausturlandi kann að vera samband milli refastofnsins og 10 ára sveiflna í rjúpnastofninum, en rjúpa er aðalfæða refsins inn til landsins á veturna.

Minkur var fluttur til landsins skömmu eftir 1930 til loðdýraræktar. Sumir minkarnir sluppu úr búrum, lögðust út og juku kyn sitt. Þrátt fyrir ráðstafanir til að hefta útbreiðslu hans hafði hann tekið sér bólfestu á öllum þeim svæðum þar sem hann gat þrifist um miðjan áttunda áratuginn. Talið er að varpsvæði ýmissa sjófugla og votlendisfugla hafi dregist saman eftir að minkurinn kom til sögunnar en áhrifin á stofnstærð fugla eru ekki kunn.

Minkastofninn er nokkuð breytilegur að stærð og fer það sennilega mest eftir árferði. Minkur er veiddur um land allt en sérstök áhersla hefur verið lögð á að veiða hann í æðarvörpum og sums staðar á votlendissvæðum. Verðlaun eru greidd fyrir hvert unnið dýr og hafa um 3500 til 6000 dýr verið unnin árlega. Ekki er vitað um stofnstærð en sennilega eru dýrin innan við 10.000 á haustin.

Íslenska hreindýrið er af hálftömdum norskum stofni sem fluttur var til landsins í lok 18. aldar. Hreindýrum fjölgaði og þau ílentust á þremur svæðum, þ.e.a.s. á Reykjaneskaga, í Þingeyjarsýslum og á Austurlandi en dóu út á tveimur fyrsttöldu svæðunum um 1930. Hjörðin á Austurlandi var mjög lítil um aldamótin 1900 og fram til um 1940 en fór þá að stækka aftur. Síðan um miðjan áttunda áratuginn hefur stofninn á þessu svæði verið 3500–4000 dýr og fært dálítið út kvíarnar. Á þeim svæðum þar sem hætta var talin á að stofninn væri orðinn of stór og gengi um of á fæðuna einkum fléttur hefur fjölda dýra verið haldið í skefjum. Nýjar reglur hafa verið settar um stjórnun og veiðar hreindýra.

Fjórar tegundir villtra nagdýra hafa tímgast hér á landi: *hagamús, húsamús, brúnrotta* og *svartrotta.* Svartrotta hefur slæðst hingað til lands öðru hverju en ekki náð varanlegri fótfestu í landinu.

Fuglalíf

Um 70 fuglategundir verpa reglulega á hérlendis og vitað er að um u.þ.b. 25 tegundir til viðbótar sem hafa orpið hér einu sinni eða oftar. Sumar þeirra eru á góðri leið með að taka sér bólfestu en eru sjaldgæfar enn sem komið er. Allt bendir til að tvær tegundir séu að hverfa úr tölu varpfugla: keldusvín og haftyrðill, en þeim hefur báðum fækkað stórlega. Flest bendir til þess að keldusvínið sé þegar hætt að verpa hér.

Fálkinn er frægastur allra íslenskra fugla og var í miklu áliti meðal fálkafangara fyrr á tímum. Hann er nú alfriðaður og strjáll varpfugl víða um land og verpur í klettum. Haförn var býsna algengur áður fyrr en ofsóknir og afföll af völdum refaeiturs gengu svo nærri stofninum að mjög var óttast um framtíð hans. Aðeins 10–20 pör voru eftir á Vestur- og Norðvesturlandi. Þótt erninum hafi fjölgað nokkuð vegna friðunaraðgerða og sé nú kominn upp í 35–40 pör vantar mikið á að stofninn hafi náð sömu stærð og fyrir einni öld, en þá voru pörin áætluð 150. Þriðja innlenda ránfuglstegundin, smyrill, er allalgeng en virðist hafa fækkað undanfarna áratugi.

Tvær uglutegundir lifa hér á landi. Snæugla flækist hingað árlega og varp hér svo til samfellt 1930–1960. Brandugla heldur sig einkum í mýrum á láglendi og er ein þeirra níu tegunda sem fóru að verpa hérlendis þegar veðurfar hlýnaði á fyrri hluta aldarinnar. Hinar átta tegundirnar eru: skeiðönd, skúfönd, skutulönd, sílamáfur, silfurmáfur, stormmáfur, hettumáfur og stari. Bjartmáfur er tíður vetrargestur. Flestir máfastofnarnir hafa stækkað en kjói og skúmur virðast hafa haldið í horfinu. Nærri helmingur af öllum skúmum heimsins verpur á Íslandi.

Rúpa er eini villti hænsnfugl landsins og eftirsóttasti veiðifuglinn bæði meðal fálka og manna. Rjúpan er ein þeirra fuglategunda þar sem reglubundnar sveiflur eru í

stofninum. Hér á landi eru þær á um það bil 10 ára fresti. Þegar stofninn nær hámarki er mikið af rjúpu um land allt en þau árin sem hann er í lægð fækkar rjúpu þrefalt eða fjórfalt.

Áberandi er hve fáir spörfuglar verpa á Íslandi, eða aðeins níu tegundir. Það er fyrst og fremst vegna þess að hér skortir þá hentug búsvæði, einkum skóga, auk þess sem skordýralíf er fremur fábreytt. Hrafn, snjótittlingur, auðnutittlingur og músarrindill eru staðfuglar. Þúfutittlingur, maríuerla, skógarþröstur og steindepill eru tíðir sumargestir. Stari hefur átt hér fasta búsetu síðan 1940 og er varpsvæði hans einkum bundið við þéttbýli. Fáeinir gráspörvar og svartþrestir hafa orpið hér undanfarin ár og landsvala, gráþröstur, fjallafinka, bókfinka og nokkrar fleiri tegundir hafa orpið hér öðru hverju en ekki náð fótfestu.

Helstu einkennistegundir vaðfugla eru heiðlóa og spói. Aðrir algengir vaðfuglar eru hrossagaukur, stelkur, lóuþræll, sendlingur, sandlóa, tjaldur og óðinshani. Jaðrakan er ekki eins víða og stofn þórshana er fáliðaður. Tildra, rauðbrystingur og sanderla eru umferðarfarfuglar á leið til og frá heimskautssvæðunum, m.a. Grænlandi og Kanada.

Ísland hefur löngum verið ein stærsta bækistöð vatnafugla í Evrópu og Mývatnssvæðið sérlega vel þekkt fyrir gnægð vatnafugla. Við grunnt vatnið og afrennsli þess, Laxá, verpa 15 tegundir anda. Meðal andanna eru húsönd og straumönd, sem eru af norður-amerískum uppruna og verpa hvergi annars staðar í Evrópu. Sama er að segja um himbrima, sem er strjáll varpfugl, en frændi hans lómur er algengari. Mývatn er líka höfuðvígi flórgoða sem hefur fækkað ískyggilega á seinustu áratugum. Æðarfuglinn er önd sem heldur sig nær eingöngu við sjó og er mesti nytjafugl landsins.

Tvær tegundir gæsa verpa á Íslandi. Grágæs er á láglendi en heiðagæs tekur við á hálendinu. Helsingi hefur orpið hér af og til undanfarin 30 ár. Hann er auk þess reglubundinn umferðarfarfugl ásamt blesgæs og margæs. Ísland er einn af fáum stöðum þar sem álft getur kallast algengur varpfugl. Hún heldur sig einkum á útjöðrum miðhálendisins þar sem mikið er um vötn og tjarnir.

Sjófuglar skipa mikilvægan sess í fuglaríki landsins. Flestir stofnarnir eru líka mikilvægir á alþjóðamælikvarða því einstaklingarnir eru það margir að þeir eru oft verulegur og stundum stór hluti þessara fuglastofna í öllum heiminum. Í hrikalegum fuglabjörgum, þar sem ýmsar tegundir verpa saman í þéttum byggðum, eru algengustu tegundirnar langvía, stuttnefja, álka, rita og fýll. Stærstu fuglabjörgin, Látrabjarg, Hælavíkurbjarg og Hornbjarg, eru öll á Vestfjörðum og eru meðal stærstu fuglabyggða við Norður-Atlantshaf. Þótt lundi verpi stundum á slíkum stöðum er miklu meira um hann á grasivöxnum eyjum og er hann líklega algengasti fugl landsins. Teista er ekki eins hópsækin og hinar svartfuglategundirnar og verpur strjált í grjótskriðum. Súlan, drottning Norður-Atlantshafs, verpur einkum í klettaeyjum og dröngum langt undan landi. Allir þessir sjófuglar eiga heimkynni í Vestmannaeyjum og þar eru líka þrjár tegundir pípunefja sem eru nánast hvergi annars staðar hér á landi, sjósvala, stormsvala og skrofa. Kría er ein algengasta sjófuglategund á Íslandi og verpur um land allt, einkum nálægt ströndinni.

Vatnafiskar

Framleiðslugeta ánna er mjög breytileg eftir staðsetningu, uppsprettum, straumþunga, lengd, halla og vatnshita, einkum yfir sumarmánuðina. Ár sem renna úr eða gegnum stöðuvatn gefa yfirleitt meira af sér en aðrar. Stöðuvötn eru líka misjafnlega gjöful og þar er margt sem ræður: umhverfi, vatnshiti, dýpt, hæð yfir sjávarmáli, næringarefni, úrkoma og endurnýjun vatnsins. Vötn leggur að vetrinum. Vatnasvæðum landsins hefur verið skipt í lífvistarflokka eftir þessum umhverfisþáttum og hefur hver flokkur sitt sérstaka lífríki.

Þarfir fisktegunda eru ólíkar og útbreiðsla hverrar tegundar því breytileg. Vaxtartími vatnafiska er skammur vegna þess hve loftslag er kalt og sumur stutt. Framleiðslugetan er yfirleitt mest í grunnum vötnum á láglendi. Fimm innlendar fisktegundir lifa að nokkru eða öllu leyti í ferskvatni. Lax gengur upp í u.þ.b. 80 ár, smærri og stærri. Flestar laxárnar koma úr uppsprettulindum eða ofan af grónum lágheiðum. Urriði er algengur í vötnum um land allt og mikið er um sjóbirting í ám á Suður- og Suðausturlandi. Bleikja er í flestum vötnum og sjóbleikja er ríkjandi tegund í köldum ám norðvestanlands og í ám norðanlands og austan. Áll er algengastur á Suður- og Suðvesturlandi. Hornsíli er um allt land og sumir stofnar þess ganga í sjó. Regnbogasilungur hefur verið ræktaður í eldisstöðvum og stundum komist þaðan í náttúrlegt umhverfi.

Þétt byggð eykur sums staðar hættuna á mengun í ám og vötnum. Búskapur og framkvæmdir sem tengjast honum, eins og framræsla votlendis, hefur breytt sumum vatnasvæðum. Aukinn ferðamannastraumur, vegagerð og virkjanir geta spillt umhverfi fiska í ánum og þá um leið ógnað stofnum þeirra. Fiskeldi hefur í nokkrum tilvikum mengað ár og vötn. Fiskar sem sleppa úr eldisstöðvum skapa hættu á erfðamengun og eyðingu upprunalegra stofna, auk þess sem meiri líkur eru á að sjúkdómar komi upp.

Betur þarf að gæta að þessum dýrmætu auðlindum. Ár og vötn eru aðeins hluti af vatnasviðum landsins. Skipulagning framkvæmda verður því að fela í sér skynsamlega nýtingu og verndun vatnasviða til að tryggja að fiskistofnar og umhverfi þeirra haldist í viðunandi ástandi.

Umhverfisráðuneytið veitti Náttúrufræðistofu Kópavogs styrk árið 1994 til rannsókna á urriðastofninum í Þingvallavatni og var verkefnið unnið í tengslum við úrbætur sem miða að því að endurheimta urriðann sem hvarf úr Efra-Sogi með tilkomu Steingrímsstöðvar.

Þá veitti ráðuneytið einnig sameiginlegan styrk til fjögurra rannsóknastofnana til yfirlitskönnunar á lífríki íslenskra vatna. Markmið könnunarinnar er að byggja upp gagnabanka með samræmdum upplýsingum og rannsóknarniðurstöðum um vistfræði allra helstu gerða íslenskra stöðuvatna.

Hryggleysingjar

Hér er enginn kostur að gera nákvæma grein fyrir hryggleysingjum en skordýr eru mest áberandi á landi og í ferskvatni. Meira er vitað um skordýr en flesta aðra flokka hryggleysingja hérlendis. Alls hafa verið skráðar um 1250 tegundir hryggleysingja (að meðtöldum flækingum og þeim sem berast hingað með fólki og vörum). Tvívængjur eru fjölskrúðugasti hópurinn, eins og í öðrum norðlægum löndum. Bjöllur og æðvængjur eiga þónokkuð marga fulltrúa en maura vantar alveg. Náttfiðrildi eru einu innlendu fiðrildin. Nokkrar tegundir dagfiðrilda, svo sem aðmírálsfiðrildi og þistilfiðrildi, flækjast þó hingað stöku sinnum en lifa ekki af veturinn. Áttfætlumaurar eru allmargir (nokkur hundruð tegundir) en innan við 100 tegundir eru af kóngulóm. Land- og sæsniglar, ánar, margfætlur og þúsundfætlur eru fáskrúðugar.

Fjölbreytni hryggleysingja á landi og í ferskvatni er miklu minni en í sjó. Sjórinn kringum landið er sérlega gjöfull vegna þess að kaldur og hlýr sjór blandast og skapar skilyrði fyrir auðugt líf dýra- og plöntusvifs. Áberandi hópar hryggleysingja í sjó eru t.d. holdýr, sæsniglar, krabbadýr, burstormar og skrápdýr. Margt annað mætti nefna, svo sem frumdýr og svampa.

Engin skipulögð rannsókn hefur verið gerð á hryggleysingjum í sjó en umfangsmiklar rannsóknir á útbreiðslu og magni botndýra innan efnahagslögsögu Íslands og

tengslum þeirra við aðrar lífverur sjávar hófust 1992. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki 1998. Vísindamenn búast við að finna allt að 3000 tegundir hryggleysingja, margar þeirra nýjar í dýraríki Íslands og jafnvel tegundir sem ekki hefur verið lýst áður.

Sjórinn kringum landið

Strandlengja landsins er um 6.000 km og þar fyrir utan er landgrunn sem miðað við 200 m dýpi nær yfir 115.000 km^2. Landgrunn Íslands er tengt nálægum löndum með neðansjávarhryggjum sem ná í áttina til Grænlands, Færeyja og Jan Mayen. Auk þess nær Reykjaneshryggurinn til suðvesturs út í Norður-Atlantshaf og verður hluti af Mið-Atlantshafshryggnum og sprungukerfi úthafanna.

Efnahagslögsaga Íslands nær 200 sjómílur út frá landinu en sums staðar takmarkast hún þó af miðlínu sem dregin er milli Íslands og nágrannalandanna. Allt svæðið er 758.000 km^2. Mengunarlögsagan nær sums staðar út fyrir 200 mílna mörkin og fylgir landgrunnslínu eins og hún er skilgreind í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hafið kringum Ísland er á mörkunum milli hlýsjávar Atlantshafs og pólsjávar norðan úr Íshafi. Heimskautssjórinn ber með sér ís sem getur stöku sinnum lokað siglingaleið að norðausturströndinni. Hlýi Atlantssjórinn er kvísl úr Golfstraumnum og kallast Irmingerstraumur. Hann skiptist í tvær greinar vestan Íslands. Sú vestari sameinast kalda Austur-Grænlandsstraumnum sem flytur ís suður á bóginn meðfram austurströnd Grænlands og þaðan til Vestur-Grænlands þar sem Irmingerstraumurinn rennur undir og kringum Pólstrauminn. Austlæga greinin rennur norður og austur út í Íslandshaf. Auk Austur-Grænlandsstraumsins er álíka kaldur Austur-Íslandsstraumur sem rennur norðan og austan landsins og síðan suðaustur á bóginn í áttina til Færeyja.

Kaldir botnstraumar koma að norðan, fara austan- og vestanmegin við landið og steypast yfir neðansjávarhryggina út í Norður-Atlantshaf. Til viðbótar er svo straumur meðfram allri ströndinni sem tekur í sig vatn úr ám og öðrum uppsprettum á landi og blandast úthafssjónum.

Lífríki hafsins

Straumaskil og blöndun ólíkra sjávarmassa veldur því að fjöldi plantna og dýra af ýmsum uppruna berst inn á sjávarsvæðið við Ísland. Lífið í sjónum tekur miklum breytingum eftir árstíðum. Fjölgun er lítil á veturna en eftir að yfirborðslög hafa hlýnað og komist í jafnvægi að vorinu verður greinilega mikil aukning í framleiðslu plöntusvifs. Það leiðir aftur af sér öra tímgun svifdýra sem lifa á plöntusvifinu og eru aðalfæða allra uppsjávarfiska, skíðishvala og aragrúa af fisklirfum. Hryggleysingjar sem lifa við botn eru auðug fæðulind fyrir botnfiska eins og þorsk, ýsu, skarkola og lúðu.

Mikið er um hryggleysingja í sjónum við Ísland. Þó eru aðeins fáar tegundir nýttar til vinnslu, þar á meðal humar, rækja og hörpudiskur.

Um 270 tegundir fiska hafa fundist innan 200 mílna markanna og vitað er að um 150 þeirra hrygna hér við land. Megnið er hlýsjávartegundir sem hrygna við ströndina eða á grunnslóð. Aðeins nokkrar eru af norðlægum eða hánorðlægum uppruna. Þetta eru einkum botnfiskar, svo sem þorskur, ýsa, karfi og skarkoli. Tegundir uppsjávarfiska eru fremur fáar. Nefna má síld, loðnu og kolmunna. En þrátt fyrir allan þennan fjölda tegunda eru einungis um 25 þeirra veiddar til neyslu og aðeins þrjár, þorskur, karfi og loðna, nema meira en þremur fjórðu aflans í meðalári.

Nokkrar tegundir hvala og sela eru í sjónum við Ísland. Landselur og útselur eru einu selategundirnar sem kæpa reglulega á ströndum landsins. Auk þess sjást hér árlega fjórar tegundir farsela, kampselur, vöðuselur, blöðruselur og hringanóri.

Óhætt er að telja a.m.k. sjö tegundir tannhvala algengar á íslensku hafsvæði. Stórir og meðalstórir hvalir eru m.a. búrhvalur, andarnefja, háhyrningur og grindhvalur (marsvín). Af minni tannhvölum eru hnýðingur og hnísa algengastir. Tvær norðlægar tegundir sjást auk þess stöku sinnum við Ísland: mjaldur og náhvalur. Nokkrar hlýsjávartegundir gera stundum vart við sig við Íslandi, þeirra á meðal höfrungur og svínhvalur, en ekki er vitað nánar um ferðir þeirra.

Af skíðishvölum eru fimm tegundir reyðarhvala algengar hér steypireyður, langreyður, sandreyður, hrefna og hnúfubakur. Íslandssléttbakur er nú nær útdauður á Íslandsmiðum.

3. Álagið á umhverfið

3.1 Andrúmsloftið

Vegna fámennis og mikillar fjarlægðar til þéttbýlla landa er mengun í andrúmslofti yfir Íslandi yfirleitt lítil. Aftur á móti er mikilvægt að fylgst sé með magni ýmissa efna í loftinu, ekki síst vegna hugsanlegra hnattrænna breytinga á efnum eins og koldíoxíði, ósoni og ýmsum þrávirkum lífrænum efnum. Sjónir manna hafa beinst að uppsöfnun þrávirkra efna í sjávardýrum á norðurslóðum og þátt loftstrauma í flutningi þessara efna frá iðnaðarsvæðum til pólsvæða.

Þó svo að Ísland liggi fjarri meginlandi Evrópu, þá er andrúmsloftið ekki ómengað hér. Viðmiðunarmörk sem sett hafa verið hérlendis um loftmengun vegna einstakra þátta, eru jafnströng eða strangari heldur en það sem strangast þekkist í nágrannalöndunum. Allnokkur mengun stafar af starfsemi innanlands, en í sumum tifellum er meirihluti mengunarefna ættaður erlendis frá.

Loftmengun


Mælingar á mengun í lofti og úrkomu hafa farið reglulega fram á Írafossi og í Reykjavík. Er þar um að ræða mælingar á sýrustigi brennisteins- og köfnunarefnissambanda í úrkomu. Meðalsýrustig (pH-gildi) er um 5,2 og engin marktæk breyting hefur orðið á því frá 1958 þótt um sé að ræða umtalsverðar sveiflur innan hvers árs og milli ára.

Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum fara fram umfangsmiklar mælingar og sýnataka til greiningar á ýmsum efnum í úrkomu og andrúmslofti. Um er að ræða þungmálma, þrávirk lífræn efni, kolmónoxíð, koldíoxíð og fleiri efnasambönd. Þessar mælingar eru gerðar í samvinnu við bandarískar stofnanir og eru þær svo viðamiklar að líta má á Stórhöfða sem sérstaka umhverfisvöktunarstöð. Niðurstöður ná yfir mjög stutt tímabil og því ekki hægt að draga neinar ályktanir af þeim.

Á vegum mengunardeildar Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er m.a. fylgst með mengun af völdum umferðar í Reykjavík. Þar sem mikil umferð er í þéttbýli getur loftmengun orðið sambærileg við það sem gerist víða erlendis. Má þar nefna þætti eins og svifryk, óson, brennisteindíoxíð, kolmónoxíð og köfnunarefnisoxíð. Þetta gerist einkum á stilltum köldum vetrardögum þegar jörð er auð. Þegar næsta lægð kemur með roki og úrkomu, sérstaklega snjókomu, hreinsast loftið og mengunin dreifist með vindinum. Notkun mengunarvarnarbúnaðar á bíla (hvarfakúta), sem lögleidd var 1992, mun væntanlega koma í veg fyrir að þessi mengun aukist þrátt fyrir aukna umferð.

Erfitt verður hins vegar að meta áhrif mengunarvarnarbúnaðar í bílum vegna þess að litlar mælingar hafa farið fram á flestum öðrum þáttum loftmengunar. Reyndar hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfrækt færanlega mælistöð frá 1990 og mælir hún þá mengunarþætti sem kveðið er á um í mengunarvarnarreglugerð. Niðurstöður þeirra benda til að loftmengun í Reykjavík sé almennt vel undir viðmiðunarmörkum. Mengun annars staðar er væntanlega tiltölulega minni.

Önnur mengun sem einnig tengist umferð er blýmengun. Á 18. mynd sést hvernig blýmengun í andrúmslofti við Miklatorg í Reykjavík þróaðist á árunum 1986 til 1991 samanborið við heildarmagn blýs sem flutt var inn í blýbensíni á sama tíma. Þar sjást greinilega áhrif þess að blýmagn í bensíni var lækkað úr 0,4 g/l í 0,15 g/l þann 25. júlí 1987 og innflutningur á blýlausu bensín hófst 13. apríl 1988. Við þessar breytingar minnkað blýmengun í andrúmslofti fimm- til tífalt.



18. mynd. Meðalstyrkur blýs í andrúmslofti við Miklatorg í Reykjavík og innflutningur á blýi í bensíni á ári.

Meðalstyrkur svifryks við Miklatorg, sem blýið er mælt í, er hins vegar tiltölulega stöðugur eins og sést í 4. töflu. Þar til samanburðar er einnig sýndur meðalstyrkur svifryks á ári, auk viðmiðunargildis (98% gildi), og hámarksstyrkur svifryks árið 1994 og árin 1986 til 1991. Síðastliðið ár mældist minnsta svifryk sem mælst hefur á einu ári við Miklatorg. Mjög hagstæð veðrátta var mestan hluta ársins, en eins og sést á 19. mynd og var svifryk í öllum mánuðum, nema febrúar, lægra en meðalmánaðargildi áranna 1986 til 1991. Reyndar eru gildin fyrir maí, júní og desember 1994 lægstu meðalgildi sem mælst hafa í þessum mánuðum frá upphafi mælinga við Miklatorg. Meðalstyrkur er tiltölulega jafn yfir sumarmánuðina (frá maí til september), en breytilegur á veturna. Svifryk er að meðaltali mest í apríl.


4. tafla. Svifryk (g/m^3) við Miklatorg 1986–1991 og árið 1994.

Ár	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1994	Mörk
Meðaltal	24	33	35	26	24	27	23	40
98% gildi	97	113	114	114	75	90	78	130
Hámarksgildi	130	177	158	349	147	288	125	

Til fróðleiks má geta þess að styrkur svifryks í dreifbýli hefur verið mældur um 7–8 g/m^3 samanborið við 23 til 35 g/m^3 við Miklatorg í Reykjavík.


Gróðurhúsaáhrif

Árið 1958 hófust á Mauna Loa fjalli á Hawaii mjög nákvæmar mælingar á styrk koldíoxíðs í gufuhvolfinu. Talsverð árstíðasveifla er í styrknum vegna öndunar og tillífunar plönturíkisins en þegar kom fram á annað ár mælinganna kom í ljós að magnið var meira en árið áður (sbr. 20. mynd). Koldíoxíð hvers einasta árs hefur síðan alltaf verið meira en árið á undan. Þegar mælingarnar hófust var styrkur koldíoxíðs 314 ppm



19. mynd. Meðalstyrkur svifryks við Miklatorg í Reykjavík í hverjum mánuði árið 1994 samanborið við meðaltal áranna 1986–1991.

en árið 1993 var hann u.þ.b. 357 ppm. Talið er að styrkur koldíoxíðs í andrúmsloftinu hafi verið um 280 ppm fyrir iðnbyltingu og hefur því aukist um 28%. Séu áhrif annarra gróðurhúsalofttegunda umreiknuð yfir í áhrif koldíoxís verður aukningin um 45% frá því sem var fyrir iðnbyltingu.




20. mynd. Efri hluti myndarinnar sýnir styrk koldíoxíðs í andrúmsloftinu á síðustu árum. Neðri hlutinn sýnir aukningu styrks koldíoxíðs í ppm á ári (39).

Frá miðju ári 1991 fram á mitt ár 1993 var aukning koldíoxíðs með minnsta móti. Skýring á þessu er ekki þekkt en sumir telja að þetta frávik megi rekja til eldgossins í Pinatubo-fjalli á Filipseyjum. Sambærileg frávik hafa hins vegar áður sést í mælingum og því ólíklegt að gosinu sé um að kenna. Gosið í Pinatubo-fjalli er eitt hið mesta á jörðinni á 20. öld. Óvenju mikið magn af brennisteinssamböndum barst upp í heiðhvolfið en um brennisteinssamböndin geta myndast vatnsdropar sem endurkasta hluta af sólarljósinu sem fellur á lofthjúp jarðar og draga þannig úr inngeislun til yfirborðs jarðar. Gosið í Pinatubo-fjalli olli um 0,4°C lækkun meðalhita á jörðinni 1991–1992.

Gróðurhúsalofttegundir

Þær lofttegundir sem valda gróðurhúsaáhrifum nefnast gróðurhúsalofttegundir. Þær helstu eru vatnsgufa (H_2O), koldíoxíð (CO_2), metan (CH_4), glaðloft (N_2O), óson (O_3) og halógenkolefni. Sameindir gróðurhúsalofttegundanna innihalda fleiri en tvö atóm sem veldur því að auk þess að sveiflast sundur og saman eða snúast eins og tveggja atóma sameindir geta þær blakað vængjunum ef svo má segja. Svo vill til að eigintíðni þessa titrings er nærri tíðni hitageislunar. Þegar hitageislun frá yfirborði jarðar berst upp í loftið fer hún meira eða minna framhjá tveggja atóma sameindum súrefnis (O_2) og köfnunarefnis (N_2), en um leið og hún hittir fyrir stærri sameindir fara þær að hristast til og frá. Sameindirnar missa orkuna fljótlega aftur frá sér sem hitageislun en hluti hennar berst aftur niður í átt til jarðar (sbr. 21. mynd).

Að mestu eftir grein Trausta Jónssonar og Tómasar Jóhannessonar (39)



21. mynd. Skýringarmynd af áhrifum gróðurhúsalofttegunda á geislun í lofthjúpi jarðar (39).

Óson

Reglubundnar mælingar á heildarmagni ósons í andrúmslofti hafa farið fram á Veðurstofu Íslands frá árinu 1957. Er þetta með lengri mælingaröðum sem til eru í heiminum á ósoni í andrúmslofti og hefur því mikla þýðingu í rannsóknum á hugsanlegri ósonþynningu. Mælt er einu sinni á dag þegar skilyrði leyfa og oftar þegar sérstaklega stendur á. Vandlega hefur verið farið ofan í þessi gögn allt til 1990 og hafa niðurstöður þeirrar greiningar birst í skýrsluformi. Meginniðurstöður eru þær að ósonlagið hefur þynnst um 0,5% á ári að meðaltali sumarmánuðina 1977–90. Á öðrum tímum árs gætti ekki þynningar á sama árabili. Veruleg árstíðasveifla er í ósonmagni; það er að jafnaði lægst fyrri hluta vetrar (október–nóvember) en hæst nálægt vorjafndægrum. Á 22. mynd sjást meðaltöl einstakra mánaða áranna 1993 og 1994 borin saman við mánaðameðaltöl árabilsins 1958–1994. Árssveiflan kemur glögglega fram og jafnframt mikill mismunur einstakra ára.

Niðurstöður eru einungis birtar fyrir mánuðina febrúar-október þar sem mælingar með litrófsmæli eru litlar og hafa takmarkað gildi þegar sól er lægst á lofti.

Auk eigin mælinga hefur Veðurstofan nú síðari ár unnið að rannsóknum á ósoni við yfirborð jarðar í samvinnu við bandarísku veðurstofuna NOAA. Auk þess hafa sérmælingar á ósoni í andrúmslofti verið gerðar hér í samvinnu við grískan háskóla og spænska rannsóknarstofnun.

Loftmengun frá stóriðju


Loftmengun frá stóriðjuverum á árinu 1994 var svipuð og undanfarin ár. Hugsanlegt er að hún hafi aukist lítillega vegna lengri rekstrartíma sumra fyrirtækjanna sem stafar af batnandi efnahagsástandi í heiminum. Frá stóriðjuverunum berst rykmengun, sem í flestum tilvikum hefur verið í viðunandi horfi, brennisteinsmengun, sem stjórnast af brennisteinsmagni í hráefnum, og köfnunarefnismengun kemur frá Áburðarverksmiðjunni hf. og Kísiliðjunni hf. við Mývatn. Þessi efnamengun er lítill hluti miðað við þá mengun sem kemur frá bruna eldsneytis.

Nokkur flúormengun er frá álverinu í Straumsvík en hún hefur farið minnkandi og er að komast í viðunandi horf. Undanfarin tvö ár hefur flúor í gróðri mælst svipaður og hann var áður en rekstur álversins hófst. Loftmengun frá álverinu í Straumsvík hefur farið mjög minnkandi á síðustu árum og er það í samræmi við samkomulag ÍSAL við stjórnvöld um hreinsun á útblæstri.

3.2 Jarðefnavinnsla

Efnisnám

Öllu efnisnámi fylgir óhjákvæmilega jarðrask og varanlegar breytingar á útliti landsins. Ekkert heildaryfirlit hefur verið tekið saman um ástand þessara mála. Hvorki er til heildarskrá yfir fjölda náma né efnisgerð og heldur ekki yfir umfang vinnslu. Efnisnáminu má auðveldlega skipta í tvo meginflokka eftir jarðfræðilegum uppruna. Annarsvegar eru efni sem numin eru úr föstum berggunni og hinsvegar efni úr jarðgrunni, en þau liggja ofan á berggrunninum. Notkunarsvið efna úr berggrunni og jarðgrunni eru að mestu hin sömu og ræðst val efna af framboði og gæðum í hverjum landshluta. Vegagerð ríkisins hefur áætlað að árleg notkun malarefna hérlendis sé um 6 milljón m^3/ári (40). Skipting notkunarinnar er sýnd á 23. mynd. Miðað er við höfðatölu nota Íslendingar þrefalt til fimmfalt meira af malarefnum en aðrar Norðurlandaþjóðir. Þetta er einkum talið stafa af þrennu. Samgöngukerfið er stórt miðað við íbúafjölda, efnisnotkun er meiri vegna frostverkana og síðast en ekki síst er ennþá verið að byggja upp íslenska vegakerfið meðan hinar þjóðirnar eru aðeins að halda sínu vegakerfi við.



23. mynd. Áætluð árleg malarnotkun á Íslandi 1991 í milljónum rúmmetra (40). Í tölunum eru meðtalin efni sem eru unnin úr föstum berggrunni (bóstraberg, hraungjall o.fl.).

Efnisnám úr berggrunni

Bólstraberg er einkum notað í fyllingar og burðarlög undir vegi og önnur mannvirki, en einnig sem fylliefni í steinsteypu. Í gosbeltunum eru víða heil fjöll úr bólstabergi. Stæstu námur í vinnslu eru flestar í Reykjanesfjallgarði, í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Tvær námur eru í Lambafelli við Þrengslaveg, ein í Bolöldum og Vífilsfellsöxl norður af Vífilsfelli og tvær námur eru í Undirhlíðum sunnan við Hafnarfjörð. Ein stór bólstrabergsnáma er á Suðurnesjum, í Stapafelli, og hefur hún verið starfrækt síðan um 1945. Mikið magn af bólstrabergi féll til við virkjanaframkvæmdir við Sigöldu og Hrauneyjafoss og var það allt notað í stíflugerð. Þá var bólstraberg úr Langöldu notað í stíflu við Sultartanga.

Líparít hefur verið numið til sementsframleiðslu frá stofnun Sementsverksmiðju ríkisins skömmu fyrir 1960. Árlega hafa verið numin þar 20.000–30.000 tonn af líparíti undanfarin 35 ár.

Gjall úr eldgígum og gervigígum er auðvelt í vinnslu og var fyrir nokkrum áratugum mikið notað í vegagerð og allskyns fyllingar, m.a. húsgrunna. Einnig hefur gjallið verið notað í léttsteypu. Slíkt efnisnám hefur verið stundað nær alls staðar þar sem slíkt gjall er að finna nærri byggð. Helstu gjallgígasvæðin eru á Reykjanesskaga og í Reykjanesfjallgarði, á Snæfellsnesi, í Mývatnssveit, í Grímsnesi og í Landbroti og Álftaveri. Heita má að varla séu nokkrir gjallgígar óskemmdir nærri byggð og sums staðar er allt auðunnið gjall löngu horfið. Ekkert yfirlit er til um gjallnám og gjallvinnslu.

Gjall af yfirborði apalhrauna er einnig fremur aðvelt í vinnslu og hefur verið notað í fyllingar á svipaðan hátt og bólstraberg. Slíkar námur skilja eftir sig gríðarleg sár enda yfirleitt aðeins unnið 2–4 m þykkt lag af yfirborði hraunanna. Stærstu námur af þessu tagi eru á Reykjanesskaga og á Hellisheiði og var efnið úr þeim einkum notað til vegagerðar. Þar sem vegir liggja um apalhraun hefur tíðkast að ýta gjallinu upp frá báðum hliðum og liggja vegirnir síðan eftir sárinu miðju. Engin samantekt er til um námur af þessari gerð en hvað flatarmál varðar eru þær líklega stærstu námur landsins. Á árinu 1994 var t.d. unnið gjall ofan af Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar, Þurárhrauni í Ölfusi og einnig ofan af hrauni austantil á Hellisheiði.

Stórgrýti hefur verið numið víða um land til notkunar í brimvarnir, einkum vegna hafnargerðar og vegagerðar. Leitast er við að nota berg sem brotnar í stórar blokkir við sprengingar, t.d. svonefnt dílabasalt. Oft þarf að vinna efnið úr einu ákveðnu lagi. Námur af þessu tagi eru nánast um allt land en yfirlit yfir þær hefur ekki verið tekið saman. Undanfarinn áratug hafa 100–200 þúsund m^3 af efni verið notuð til hafnargerðar árlega og þar af hafa um 40% verið stórgrýti í brimvarnir.

Slitþolið berg er unnið til notkunar í malbik á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Þar er einkum um að ræða fínkornótt basalt sem kemur fyrir í einstökum hraunlögum. Efni til þessara nota er einnig unnið úr lausum jarðlögum, t.d. ármöl.
Stórgrýti af ýmsum gerðum er slípað og haft til ýmissa nota. T.d. hefur sagað og slípað basalt og gabbró verið notað í sólbekki, gólfflísar og einnig í klæðningar utanhúss. Þá hefur íslenskt berg af ýmsum gerðum verið notað í legsteina.
Fágætar steintegundir (holufyllingar) er einkum að finna á Austfjörðum, í Eyjafjarðarsýslu, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu. Undanfarna tvo áratugi hafa einstaklingar tínt töluvert magn af steinum, einkum greislasteinum. Fyrirtækið Álfasteinn á Borgarfirði eystra byggir framleiðslu sína á steinum úr Borgarfirði og nágrenni, einkum basalti og líparíti, en einnig kvarssteinum.
Steingervingar finnast einkum á Vestfjörðum og á Tjörnesi. Nokkrir merkir fundarstaðir eins og t.d. Surtarbrandsgil við Brjánslæk hafa látið á sjá vegna tínslu ferðamanna og safnara. Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur nú að skýrslu um fágæta steina og steingervinga í landinu.

Efnisnám úr jarðgrunni
Flokkun efnisnáma úr jarðgrunni getur orðið allflókin ef flokka á efnin eftir myndunarferlum.
Möl og sandur eru einkum unnin úr fornum og nýjum strandmyndunum, en einnig úr áreyrum. Víða eru unnin malarefni úr malarhjöllum sem mynduðust við hærri sjávarstöðu í lok ísaldar. Björgun hf. í Reykjavík hefur á undanförnum 10 árum dælt 500–900 þús. m^3 af möl og sandi árlega úr Faxaflóa og Hvalfirði. Efnið er tekið úr strandmyndunum á hafsbotni sem mynduðust við lægri sjávarstöðu í lok ísaldar. Mest allt steypuefni sem notað er í landinu er fengið úr myndunum af þessum toga.
Skriðuefni eru víða notuð í allskyns fyllingar, burðarlög og slitlög, einkum í vega- og gatnagerð. Stærsta skriðunáma landsins er sunnan í Ingólfsfjalli.
Jökulurð eða mórena er mikið notuð í undirstöður vega og hefur einnig töluvert verið notuð í slitlög malarvega. Þá hefur jökulurð verið mikið notuð í kjarna við byggingu á jarðstíflum.
Skeljasandur er helsta hráefnið við framleiðslu sements hér á landi. Sementsverksmiðjan á Akranesi hefur frá árinu 1959 notað 120–130 þús. m^3 af skeljasandi árlega þar til á allra síðustu árum að notkunin hefur minnkað í um 80 þús. m^3 á ári. Þá hefur Áburðarverksmiðja ríkisins notað um 7 þús. m^3 af skeljasandi árlega undanfarin ár. Skeljasandinum er dælt upp af botni Faxaflóa. Hvorki liggja fyrir upplýsingar um stærð námunnar né hvernig eða hvers vegna hún hefur myndast.
Vikur er einkum notað um ljósa gjósku sem fallið hefur tiltölulega nærri gosstöð. Vestur af Heklu eru mestu vikurnámur landsins en þær urðu til í stórgosi í Heklu fyrir um 2700 árum. Þessi vikur hefur í allmörg ár verið unninn úr námum beggja vegna Þjórsár og seldur úr landi til notkunar í léttsteypu. Árin 1992 og 1993 nam útflutningur um 35.000 tonnum hvort ár.
Kísilgúr getur safnast fyrir á botni stöðuvatna er smásæjar skeljar kísilþörunga falla til botns. Kísilgúr hefur verið unninn af botni Mývatns frá árinu 1967. Árlega hefur verið dælt af botninum 250–300 þús. m^3 af botnleðju. Framleiðsla kísilgúrs á árunum 1984–1993 var á bilinu 18–29 þús. tonn árlega og hefur farið minnkandi síðustu ár.

Árið 1994 fór umhverfisráðherra þess á leit við Náttúruverndarráð að það gerði grein fyrir ástandi malartekju í landinu með hliðsjón annarsvegar af malartekjunni og hinsvegar af frágangi og umgengni á tökustöðum. Starfsmenn ráðsins hafa unnið að þessum málum nú í vetur.

3.3 Jarðvegur og gróður

Eftir margra alda gróður- og jarðvegseyðingu hófst skipulögð landgræðslustarfsemi árið 1907. Síðan þá hefur hættulegasti foksandurinn víðast verið heftur og tekist hefur að klæða mikil landflæmi gróðri að nýju auk þess sem meðferð beitilanda hefur batnað víða um land. Á síðustu árum hefur Landgræðsla ríkisins í vaxandi mæli unnið að landgræðslu í samvinnu við bændur þar sem lögð hefur verið áhersla á uppgræðslu heimalanda í þeim tilgangi að minnka álag á afréttum. Til að unnt sé að vinna markvisst að landgræðslustarfinu hefur reynst nauðsynlegt að kortleggja vandann. Frá árinu 1991 hafa Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins unnið í samvinnu að þróunar- og rannsóknaverkefni sem nefnt hefur verið jarðvegsvernd.

Meginmarkmið verkefnisins er að þróa aðferðir við að mat á jarðvegsrofi á vettvangi, móta aðferðir við kortlagningu þess og að ná heildaryfirliti yfir rofið með kortlagningu sem nær til alls landsins.

Enda þótt mikið hafi verið rætt um jarðvegseyðingu í landinu og staðhæft að hún sé alvarlegt vandamál þá hefur aldrei verið gerð á henni nein heildarúttekt. Einungis hafa verið gerðar minniháttar athuganir, einskorðaðar við fáein rofabörð.

Kortin eru unnin í mælikvarða 1:100.000 á innrauðar bandarískar Landsat gervihnattamyndir og með tilkomu þeirra fæst yfirlit yfir jarðvegseyðinguna á landinu í heild. Áætlað er að kortlagningunni ljúki árið 1995. Kortin munu gefa raunhæfan samanburð á jarðvegsrofi milli landshluta, sýslna, hreppa og afrétta en mælikvarðinn nægir ekki til að sýna ástand einstakra jarða nema þær séu mjög stórar. Auðvelt verður að sjá hvar verstu eyðingarsvæðin eru og eftir kortunum verður hægt að meta hvort land er beitarhæft eða ekki. Ekki er síður mikilvægt að kortin munu einnig sýna hvar ástandið er gott og lítil eða engin jarðvegseyðing fylgir landbúnaði.

Rofkortin munu gjörbreyta öllum forsendum til mats á forgangsröðun landgræðsluverkefna og þannig verða ómetanlegur gagnabanki. Á grundvelli þeirra verður einnig hægt að taka markvissar ákvarðanir um skipulag landnýtingar og uppbyggingu eða samdrátt í þeim landbúnaði sem byggir á beit í úthaga.

Íslenskur landbúnaður kannar nú möguleikana á að auðkenna afurðir sínar sem „lífrænt ræktaðar afurðir“ í þeim tilgangi að tryggja markaðsstöðu og hærra verð fyrir framleiðsluna. Eitt þeirra skilyrða sem líklegt er að íslenskur landbúnaður komi til með að þurfa að uppfylla er að við framleiðsluna sé ekki gengið á höfuðstól sjálfrar náttúrunnar og til að hægt sé að meta hvort landbúnaður í landinu er sjálfbær þurfa að liggja fyrir greinagóðar upplýsingar um ástand gróðurs og jarðvegs í landinu öllu.

Kortlagning jarðvegsrofsins sýnir að ennþá gengur mikið á jarðvegsauðlindina. Nákvæmar tölur liggja ekki fyrir en eru í fæðingu og verða þá grundaðar á rofkortlagningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins.

Gróðurkort hafa að geyma nákvæmar upplýsingar um gróðurfar. Lítið hefur farið fyrir úrvinnslu þeirra gagna sem fólgin eru í gróðurkortunum en úr þeim má lesa hvort gróðurfarið sé eðlilegt á hverjum stað eða hvort það sé markað hnignun og ofbeit o.s.frv. Slíka úttekt á gróðrinum og jarðveginum vantar jafnvel þótt mikið af góðum gögnum og rannsóknum liggi fyrir. Ekki skal gert lítið úr þeirri vinnu sem fyrir liggur en rétt er að benda á að hægt er að nýta þessi gögn mun betur.

Votlendi

Með tæknibyltingu 20. aldar óx mjög áhugi á að ræsa fram mýrar með skurðum og breyta þeim í tún. Þessi framræsla hófst um 1930 en þáttaskil urðu árið 1942 er fyrsta vélgrafan var flutt til landsins sem ætluð var til framræslu mýrlendis. Náði framræslan hámarki eftir miðjan sjöunda áratuginn en síðan hefur dregið mjög úr framræslu með

opnum skurðum. Á sjöunda áratugnum var farið að ræsa fram mýrar með kílræsum og plógræsum og þeim breytt í beitilönd. (41).

Árið 1975 var áætlað að 1200–1500 km^2 mýrum hefðu verið ræstar fram (41). Síðan þá hefur framræsla mýra mjög dregist saman og ætla má að framræslan hafi að einhverju leiti gengið til baka þar sem skurðum og ræsum hefur ekki verið haldið við.

Á eftir gróðureyðingu og jarðvegsrofi er framræsla mýranna mesta breyting sem maðurinn hefur valdið á lífríki landsins. Líklegt er að þegar kom fram á áttunda áratuginn hafi verið búið að ræsa fram mestallt það mýrlendi sem menn töldu hagkvæmt að breyta í eða góðan haga.

Gróðurlendi mýranna eru háð vatnsstöðunni og breytingar á henni hafa varanleg áhrif á allt lífríki mýranna. Í mýrajarðvegi elst upp mikill hluti af skordýrum landsins auk annarra smádýra. Þetta smádýralíf er svo aftur undirstaða fjölskrúðugs fuglalífs.

3.4 Lífið í sjónum

Sjávarútvegur er burðarás íslensks efnahagslífs. Eftir að Íslendingar fengu full yfirráð yfir miðunum kringum landið, með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur árið 1975, hefur þeim gefist kostur á að nýta lífríki sjávar með skynsamlegum hætti. En nýting sjávardýra er háð ýmsum umhverfisþáttum sem stjórnvöld geta ein sér ekki ráðið um. Þar á meðal er sú aukna hætta sem er á að hafið í kringum landið spillist vegna mikillar skipaumferðar og mengunar sem berst með haf- og loftstraumum frá öðrum Evrópulöndum og Norður-Ameríku.

Ástand og nýting sjávardýra

Stjórnun veiða hefur leitt til þess að ástand þeirra tegunda sem mest eru nýttar er betra en víða annars staðar í heiminum. Þó hefur nýliðun í sumum mikilvægustu fiskistofnunum verið lítil nokkur undanfarin ár.

Fiskistofnar

Helstu fisktegundirnar sem nýttar eru við Ísland eru: þorskur, ýsa, ufsi, karfi, loðna, síld, grálúða og hrognkelsi. Sjávarútvegsráðuneytið setur árlega reglur um leyfilegan hámarksafla fyrir hverja tegund, að hrognkelsi undanskildu, að fengnum ráðleggingum frá Hafrannsóknastofnun. Afli á Íslandsmiðum hefur að jafnaði verið um 1,5 milljónir tonna á ári.

Þorskur. Þó vitað hafi verið lengi að þorskstofninn sé takmörkuð auðlind var ekki gerlegt að grípa til viðtækra stjórnunaraðgerða fyrr en fiskveiðitakmörkin voru færð út í 200 mílur 1975. En þrátt fyrir tíma- og svæðisbundna friðun hefur stofninn haldið áfram að minnka. Veiðanlegur stofn (fiskur 4 ára og eldri) er áætlaður um 540.000 tonn árið 1994 og hrygningarstofninn um 235.000 tonn.

Núverandi ástand er að því leyti sérstætt að stofnstærð á næstu árum ræðst af átta lélegum eða mjög lélegum árgöngum í röð (1986—1993). Þegar við þetta bætist að stofninn er mjög lítill eins og stendur er ljóst að ekki verður unnt að auka veiðiheimildir í náinni framtíð.

Hafrannsóknastofnunin hefur gert tillögur um hámarksafla af þorski á hverju ári frá 1975. Hins vegar hefur ekki reynst unnt að fara í öllu eftir þessum ráðleggingum af ýmsum ástæðum og aflinn hefur yfirleitt orðið meiri en talið var æskilegt.

Ýsa. Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til hámarksafla á ýsu síðan 1978, en veiðar á þessari tegund samkvæmt kvótakerfi hófust 1984. Í ársbyrjun 1993 var veiðanlegur stofn

(fiskur 3 ára og eldri) talinn um 240.000 tonn og þar af var hrygningarstofn um 180.000 tonn. Stofninn hefur ekki verið talinn stærri um langt skeið.

Ufsi. Eftir að nokkrir góðir árgangar komu fram seint á sjöunda áratugnum hefur ufsastofninn minnkað úr u.þ.b. 700.000 tonnum 1970 í innan við 300.000 tonn 1978, en hann hefur haldist nokkuð stöðugur síðasta áratug, eða á bilinu 300–350.000 tonn. Hámarksafli hefur að jafnaði verið um 85.000 tonn. Aflinn hefur í flestum tilvikum verið innan leyfilegra marka. Smáufsi virðist ekki veiðast í þau veiðarfæri sem notuð eru.

Karfi. Enginn greinarmunur er gerður á stóra karfa og djúpkarfa í veiðiskýrslum. Af þessum sökum og vegna þess hve aldursgreining er ónákvæm verður að taka áætlunum um stofnstærð stóra karfa með varúð, enda óvíst að þær sýni raunverulegan styrk stofnsins eða breytingar á honum. Hins vegar hefur afli beggja tegundanna, miðað við togtíma, verið nokkuð stöðugur síðustu árin.

Nýlega byrjuðu Íslendingar að veiða úthafskarfa (sem er afbrigði djúpkarfa), en lítið er hægt að segja um þær veiðar að svo stöddu. Stofnstærð er einnig lítt kunn og því hafa engar reglur verið settar um hámarksafla.

Síld. Síldveiðar við Ísland hafa frá upphafi byggst á þrem stofnum. Tveir þeirra, íslenska vorgotssíldin og íslenska sumargotssíldin, eiga heimkynni hér við land. Þriðji stofninn er atlants-skandinavíska síldin sem hrygnir aðallega út af vesturströnd Noregs og gekk áður fyrr að sumrinu upp að norður- og norðvesturströnd Íslands í fæðuleit. Ofveiði og breytt lífsskilyrði í hafinu á sjöunda áratugnum ollu hruni þessara þriggja síldarstofna.

Íslenska sumargotssíldin hefur verið eini síldarstofninn við landið sl. 20 ár. Frá því veiðar hófust aftur 1975 hefur leyfilegur hámarksafli samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar verið mjög lítill og miðast við 20–25% nýtingu kynþroska stofnsins á ári. Reglum hefur yfirleitt verið fylgt síðustu tvo áratugi, enda hefur hrygningarstofninn vaxið úr 10.000 tonnum árið 1972 í tæp 600.000 tonn 1994.

Loðna. Loðnustofninn á hafsvæðunum við Ísland, Austur-Grænland og Jan Mayen hrygnir í mars út af suður- og suðvesturströnd landsins. Miklar sveiflur eru í stofnstærð frá náttúrunnar hendi. Veiðarnar byggjast á kynþroska einstaklingum og standa frá því í ágúst og fram í mars. Þær hafa verið háðar kvótareglum síðan á vertíðinni 1979–1980, með það í huga að halda hrygningarstofninum í 400.000 tonna lágmarksstærð. Það markmið hefur náðst með nokkrum undantekningum.

Grálúða. Fiskifræðingar hafa gert spár um stofnstærð grálúðu á Íslandsmiðum frá því 1976 og Hafrannsóknastofnun hefur lagt til leyfilegan hámarksafla síðan 1979. Veiði hefur yfirleitt farið fram úr markinu, einkum 1987–1989 þegar afli varð 45–59.000 tonn, eða 20–30.000 tonnum meiri en mælt var með. Þess vegna hefur orðið samdráttur bæði í stofnstærð og hrygningarstofni undanfarin ár. Hafrannsóknastofnun leggur til að hámarksafli 1994/1995 fari ekki yfir 25.000 tonn.

Hrognkelsi. Hrognkelsaveiðar miðast við kynþroska hrygnur þegar þær ganga á hrygningarstöðvarnar á grunnsævi með grýttum botni. Leyfilegur hámarksafli hefur ekki verið ákveðinn fyrir þessa tegund. Afli sem kemur á land er mjög mismikill. Þær sveiflur virðast ekki standa í neinu sambandi við sókn því þær koma fram jafnt þar sem mikið er veitt og lítið.

Stofnar skeldýra og krabbadýra
Fjölbreytni hryggleysingja sem veiddir eru í sjónum við landið er lítil miðað við mörg önnur lönd. Aðeins þrjár tegundir eru nýttar að einhverju marki: humar, rækja og hörpudiskur. Þessum veiðum er stjórnað eins og fiskveiðum. Sjávarútvegsráðuneytið ákveður aflahámark samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar.

Humar. Humarinn lifir í hlýjum sjó út af suðurströndinni á 120–250 metra dýpi. Hann er veiddur í vörpu á tímabilinu maí til ágúst. Reglur um hámarksafla 1973 voru fyrstu gagngerðu ráðstafanirnar til stjórnunar humarveiða. Afli hefur sjaldnast farið fram úr því sem Hafrannsóknastofnun mælir með. Veiðanlegur stofn fer stækkandi víðast hvar, að því er virðist.

Rækja. Rækja er víða í sjónum við landið og veidd á fjölmörgum stöðum nema út af suðurströndinni. Veiðar á innfjarðarækju eru stundaðar á 40–200 m dýpi, en úthafsrækja er veidd á 250–700 m dýpi. Rækjuveiði við ströndina og inni á fjörðum er bundin við vetrarmánuðina, en veiðar á úthafsrækju eru stundaðar árið um kring.

Heildarkvóti var settur á innfjarðarækju á vertíðinni 1962–1963. Það var í fyrsta sinn sem stjórnun með aflahámarki var beitt við fiskveiðar við Ísland, en hún var afnumin 1967. Frá því 1974 hafa 5–7 vinnslustöðvar fengið ákveðinn kvóta árlega. Aflamagn innfjarðarækju hefur oftast verið nálægt því sem Hafrannsóknastofnun mælir með.

Veiðar á úthafsrækju voru ekki með í kvótakerfinu sem tekið var upp 1984. Takmarkanir á veiði ýmissa fisktegunda urðu því til að auka sókn í úthafsrækjuna. Reglur um hámarksafla voru settar 1988. Eftir það hafa veiðar á úthafsrækju verið nokkurn veginn í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar flest árin.

Hörpudiskur. Hörpudiskurinn er á 20–70 m dýpi við ströndina, nema í hlýja sjónum út af Suðurlandi. Skelfiskplógur er notaður við veiðarnar sem eru einkum stundaðar á tímabilinu ágúst til febrúar.

Hámarksafli var fyrst ákveðinn 1973 á stærstu hörpudiskmiðunum út af Vesturlandi og frá árinu 1980 hafa 4–7 vinnslustöðvar fengið svæðisbundinn kvóta á hverju ári. Afli á árunum 1980–1986 var alltaf yfir því hámarki sem Hafrannsóknastofnunin mælti með, en hefur síðan farið niður fyrir það nema út af Vesturlandi. Athugun á stofninum 1991 leiddi í ljós að mikið er af hörpudiski á forgots- og gotsaldri við vesturströndina, en eldri hörpudiski heldur áfram að fækka.

Sjávarspendýr
Í samræmi við ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins 1982 hefur tímabundið bann við hvalveiðum í atvinnuskyni gilt á Íslandi frá 1986. Fram að því höfðu veiðar á stórum hvölum verið lengst af takmarkaðar við eina vinnslustöð suðvestanlands sem gerði út fjóra hvalbáta. Veiðum í hagnaðarskyni var hætt 1986, en veiðar stundaðar í smærri stíl til 1989 með sérstöku rannsóknarleyfi stjórnvalda samkvæmt ákvæðum í alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða sem gerður var 1946.

Flest árin voru hvalveiðar við Ísland innan þeirra marka sem Alþjóðahvalveiðiráðið setti. Íslendingar urðu aðilar að ráðinu 1948 og lögfestu stjórnunarreglur þess 1949. Meðal aðgerða voru friðun hnúfubaks 1954, steypireyðar 1959 og búrhvals 1982, takmörkun veiðitímabila, reglur um lágmarksstærð og friðun kúa með kálfa. Veiðitakmörk voru sett á allar tegundir 1977.

Veiðar á stórhvelum hafa verið bundnar við miðin vestan- og suðvestanlands, innan efnahagslögsögunnar. Önnur svæði hafa verið friðuð fyrir hvalveiðum. Engar veiðar hafa

verið leyfðar á úthafinu. Alls voru 14.519 stórir hvalir veiddir á tímabilinu 1948–85; af þeim voru 61% langreyðar (meðalársafli: 234), 20% búrhvalir (meðalafli til 1982: 82) og 18% sandreyðar (meðaltal: 68). Á árunum 1948–54 voru veiddir 6 hnúfubakar og 163 steypireyðar árin 1948–59. Samtals 292 langreyðar og 70 sandreyðar voru veiddar með sérstöku leyfi 1986–1989. Engar hvalveiðar hafa verið stundaðar á Íslandsmiðum síðan haustið 1989.

Að því er varðar smærri hvalina þá veiddu sjómenn hrefnu í strandsjónum, einkum út af vestur- og norðurströndinni. Veiðarnar voru yfirleitt ekki stundaðar fjær landi en 30 sjómílur. Hrefnuveiðar voru bannaðar 1986, en þá hafði meðalársafli verið um 200 dýr. Hrefnan var eingöngu notuð til manneldis, eins og megnið af öðrum hvalafurðum síðustu áratugi.

Ástand stofna

Rannsóknir hafa verið gerðar á undanförnum árum til að fá sem gleggst yfirlit yfir ástand hvalastofnanna í því skyni að tryggja skynsamlega nýtingu þeirra. Fylgst hefur verið með hlutfalli sóknar og afla, aldur og frjósemi athuguð og erfðarannsóknir gerðar til að kanna skyldleika stofna. Auk þess hafa hvalir verið taldir úr lofti og frá skipum í stórum stíl.

Langreyður. Áætlaður fjöldi langreyða, sem vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins samþykkti 1991, er 15.600 dýr á hafsvæðinu milli Austur-Grænlands, Íslands (suður að 50°N) og Jan Mayen. Þar af eru 8000–9000 hvalir á miðunum vestanlands og á aðliggjandi hafsvæðum. Rannsóknir benda til þess að stofninn á hafsvæðinu vestan Íslands gefi af sér yfir 200 dýr á ári þegar til langs tíma er litið, eða álíka og veitt hefur verið sl. 40 ár.

Nýlegar athuganir hafa leitt í ljós miklar breytingar á vaxtarhraða langreyða sem veiddust vestan við landið á tímabilinu 1948–1989. Framan af var vöxtur ör og meðalkynþroskaaldur lækkaði hjá dýrum sem fædd voru á árunum 1950–1970; en þetta snerist við á áttunda áratugnum og í byrjun þess níunda.

Sandreyður. Niðurstöður talninga vestan og suðvestan Íslands sem margar þjóðir stóðu að 1989 gáfu til kynna að um 10.600 sandreyðar væru á athugunarsvæðinu. Þetta bendir til að veiðar á sandreyði fyrir vestan land 1948–1985 (að jafnaði 68 dýr á ári) hafi verið vel innan þeirra marka sem stofninn þolir.

Hrefna. Eftir alþjóðlega sjóntalningu árin 1987 og 1989 ályktaði vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins 1990 að um 28.000 hrefnur héldu sig að sumrinu á hafsvæðunum við Austur-Grænland, Ísland og Jan Mayen (suður að 50°N). Af þeim eru 10.000–15.000 innan íslensku efnahagslögsögunnar. Nýlegar athuganir benda til að veiðar fyrri ára hafi haft lítil áhrif á stofnstærðina, enda er stofninn talinn vera yfir 70 af hundraði af stærðinni árið 1940. Því mætti flokka hann sem „hæfilega nýttan stofn" samkvæmt skilgreiningu Alþjóðahvalveiðiráðsins (sé gengið út frá því að langtímanýtingarþol hans sé 60% af upphaflegri stofnstærð). Hrefnuveiði við Ísland á seinni árum er því verulega minni en svo að hún skaði stofninn.

Aðrir stofnar

Miklu minna er vitað um ástand annarra hvalastofna sem eru ekki nýttir nema að litlu leyti. Þó má ráða af nýlegum talningum um að mikið eða allmikið sé af nokkrum tegundum hvala í hafinu kringum landið. Enda þótt misstórir hópar og mjög breytileg hegðun tannhvala geri erfiðara að meta fjölda þeirra er ljóst að hnýðingur og hnísa eru

svo þúsundum eða tugþúsundum skiptir á íslensku hafsvæði. Búrhvalir eru að minnsta kosti nokkur þúsund (aðeins fullorðnir tarfar koma hingað yfir sumarmánuðina), andarnefjur eru hugsanlega 10.000–20.000 og háhyrningar yfir 5.000. Bráðabirgðaniðurstöður um fjölda grindhvala, byggðar á alþjóðlegum rannsóknum við Færeyjar, Ísland og Austur-Grænland 1987, sýna að dýrin eru á bilinu 50.000 til 100.000.

Með reglubundinni skráningu tveggja friðaðra hvalategunda, steypireyðar og hnúfubaks, hefur reynst unnt að fylgjast með vexti stofnanna vestan við landið sl. tvo til þrjá áratugi. Báðum þessum tegundum fjölgaði á tímabilinu 1969–88, steypireyði um 5% á ári og hnúfubak um 10–14%. Í könnunarferðunum 1987 var fjöldi hnúfubaka við Ísland áætlaður eitthvað innan við 2000. Minna virðist um steypireyði í heild þó hún sjáist oftar á hvalamiðunum vestur af landinu en hnúfubakar.

Framtíðarhorfur

Allt bendir til að stofnar langreyðar, sandreyðar og hrefnu hafi þolað veiðar síðustu áratuga. Hins vegar þarf að fara varlega í nýtingu hvalastofna í framtíðinni og byggja þar á bestu vísindaniðurstöðum sem fáanlegar eru. Frekari rannsóknir, verndun og stjórnun munu því miðast við að fylgjast vandlega með þróun og stofnstærð allra hvala á þessu hafsvæði og þá sérstaklega þeim tegundum sem hafa verið nýttar á seinni árum.

Hvalir vega þungt í lífríki sjávarins við Ísland. Árleg neysla þeirra nemur líklega hundruðum þúsunda tonna, jafnvel milljónum. Nýlegar upplýsingar um vaxtarhraða langreyðar gefa til kynna að sumar hvalategundir séu í beinni samkeppni um fæðu við önnur nytjadýr sjávar. Því þarf að rannsaka frekar þátt þeirra í vistkerfinu með tilliti til samspils við aðrar tegundir. Stjórnun auðlinda á þessu hafsvæði verður að byggjast á niðurstöðum slíkra rannsókna.

Selveiðar og selastofnar


Selveiðar hér við land eiga sér enn lengri hefð en veiðar á hval. Árið 1897 til 1919 veiddust að jafnaði á bilinu 6000–7000 selir á ári. Svipað hefur veiðst megnið af þessari öld. Uppistaðan í veiðinni hefur verið kópar landsels og útsels, en langtum minna af fullorðnum dýrum. Snöggur samdráttur hefur orðið í veiðunum síðari árin. Selir hafa fyrst og fremst verið veiddir vegna skinnanna, en síðustu ár til að halda fjölgun þeirra í skefjum. Þeir eru lokahýslar fyrir hringorm sem sníkir á þorsk og veldur miklum erfiðleikum í fiskiðnaði.

Talið er að útselum hafi fjölgað á seinustu áratugum og þeir séu nú um 12.500. Hins vegar hefur landselsstofninn minnkað á undanförnum 10–12 árum svo aðeins eru eftir nálægt 30.000 dýr. Nú er lítið veitt af landsel (1196 árið 1993), miðað við veiðina áður fyrr þegar skinn landselskópa voru verðmæt útflutningsvara. Hnignun stofnins er því að litlu leyti vegna veiða. Þar ráða aðrir þættir ekki síður, svo sem fjölgun útsels, röskun í umhverfi á kæpingarstöðvunum, slysadauði í lagnetum, skotglöp í námunda við selalátur og ýmsar ókunnar ástæður. Rannsóknarnefnd sem skipuð var árið 1982 til að finna lausn á hringormavandanum hét verðlaunum fyrir hvern drepinn útsel svo fá mætti sýni til athugunar. Afleiðingin varð sú að mun fleiri selir voru veiddir.

3.5 Orkuvinnsla

Nýting vatnsorku grundvallast á hringrás vatnsins sem gufar upp úr höfunum, berst með vindum inn yfir landið, fellur þar sem úrkoma og rennur til baka til sjávar. Á þessum

síðasta hluta leiðarinnar er hæft að nýta fallorku vatnsins og er hún óþrjótandi auðlind. (24. mynd) Ef þessi orka er ekki nýtt geislar hún út sem varmi eða fer í að mylja og grafa berg og flytja aur.



24. mynd. Hringrás vatnsins.

5. tafla. Vatnorka á Íslandi

Orka í úrkomu	252 TWh/á
Orka í rennandi vatni	167 TWh/á
Tæknilega virkjanleg orka	64 TWh/á
Ódýr orka	40 TWh/á
Virkjuð orka	5 TWh/á

Nýting vatnsorku getur haft margvísleg umhverfisáhrif. Þeim má skipta í eftirtalda meginflokka.

Breytingar á rennslisháttum
Breytingar á aurburði
Myndun miðlunarlóna
Önnur umhverfisáhrif

Við vatnsmiðlun verða töluverðar breytingar á rennslisháttum fallvatna. Rennslið verður jafnara og flóðtoppar minnka. Vetrarrennsli eykst en sumarrennsli minnkar. Vatnsborðið verður því stöðugra en vatnið yfirleitt hlýrra. Virkjun vatnsorkunnar getur valdið því að sumir hlutar vatnsfalla verða vatnslitlir eða alveg þurrir.

Breytingar á aurburði verða fyrst og fremst við það að aurburður stöðvast í miðlunar-


lónum. Við það geta farvegir vatnsfalla neðan miðlunarlóna raskast. Þeir garfast og dýpka ofantil og leitast við að minnka halla árinnar. Við ósa árinnar geta orðið breytingar á ströndinni vegna minnkaðs framburðar og í stað þess að ströndin færist út getur orðið landbrot. Aurburðurinn sest til í miðlunarlónum og fyllir þau smám saman. Slíkt tekur yfirleitt áratugi eða aldir og munu komandi kynslóðir leysa þann vanda.

Gerð miðlunarlóna veldur því óhjákvæmilega að land fer undir vatn. Hentugustu svæði fyrir miðlunarlón eru venjulega í lægðum á hálendinu og eru því oft þeir hlutar hálendisins sem best eru grónir. Þar verða því óhjákvæmilega árekstrar við sjónarmið gróðurverndar eða nytja af beit húsdýra eða villtra dýra.

Önnur umhvefrisáhrif af völdum virkjana og ekki verða metin til fjár eru t.d. fossar og önnur náttúrufyrirbæri sem geta horfið eða breyst verulega.

Dæmi um framkvæmdir af þessu tagi eru miðlunar- og inntakslónin á vikjanasvæði Þjórsár og Tungnaár. Aurburður í Þjórsá neðan við Búrfellsvirkjun hefur minnkað um allt að 70% (Haukur Tómasson, pers. uppl.) og breytingar hafa orðið á farvegi árinnar. Landsvirkjun vinnur nú að rannsóknum á því hvort minnkandi aurburður Þjórsár hefur haft mælanleg áhrif á ströndina.

Reglubundnar mælingar hafa verið gerðar á aurburði íslenskra fallvatna allt frá 1949 og mest áhersla verið lögð á mælingar í jökulám sem líklegar hafa verið taldar til virkjunar. Eingöngu hefur verið mældur svifaur en botnskrið er talið tiltölulega lítill hluti af heildarframburði jökuláa.



25. mynd. Raforkukerfi Íslands.

Manngerð og breytt stöðuvötn

Stífluvatn í fljótum (3,9 km^2) er fyrsta meiriháttar manngerða vatnið á landinu, gert sem inntaks- og miðlunarlón fyrir Skeiðsfossvirkjun 1945. Úlfljótsvatn í Soginu fékk sína núverandi mynd með eins metra hækkun vatnsborðs við virkjun Ljósafoss 1937. Stærsta miðlunarlón landsins, Þórisvatn, var myndað með 10 m hækkun vatnsins og stækkun úr 71 km^2 í 82 km^2. Nokkur önnur vötn eru nýtt til miðlunar en með fremur lítilli vatnsborðssveiflu svo sem Skorradalsvatn (2,6 m leyfileg sveifla). Svipuð vatnsborðssveifla er leyfð í Laxárvatni og Svínavatni (V-Hún) en í öðrum er nýting til miðlunar enn minni og hverfandi nú orðið t.d. í Þingvallavatni og Mývatni.

Í seinni tíð hafa verið gerð nokkur lón í jökulám sem hafa verið virkjaðar. Þeirra stærst er Blöndulón 45 km^2 og fjögur stór lón eru í Tungnaá og Þjórsá, alls 63 km^2 en hvert um sig 8–22 km^2.

Áhrif af nýtingu vatna til miðlunar fer eftir því hve mikið vatnsborðið breytist miðað við náttúrlega sveiflu sem hæglega getur verið nokkrir tugir sentímetra. Þessi áhrif hafa ekki verið könnuð vegna þess að engar eða mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um vötnin frá því fyrir miðlun. Mest verða áhrifin ef jökulvatni er veitt til vatna eins og í tilfelli Þórisvatns (gruggun). Vatnsborðsbreytingar hafa þar valdið talsverðu rofi og sandburði með ströndinni. Hrygning urriðans hefur misfarist og talsverðar breytingar hafa orðið á smádýralífi vatnsins síðan því var breytt sem bæði má rekja til vatnsborðsbreytinga og minna beitarálags frá urriða.

Þórisvatn - miðlunarlón

Áður fyrr var Þórisvatn tært fjallavatn og næst stærsta stöðuvatn landsins, 73 km^2. Í það rann töluvert lindavatn og afrennsli var um Þórisós í norðurenda vatnsins til Köldukvíslar. Árið 1971 var Þórisvatn gert að miðlunarlóni fyrir vatnsaflsvirkjanir í Tungnaá og Þjórsá. Byggðar voru stíflur við Þórisós og Köldukvísl þannig að í stað þess að Þórisós rynni úr vatninu var Köldukvísl, sem er jökulá, veitt inn í það og vatnsborðið hækkað um allt að 6 m. Miðlunarmannvirki var byggt við Vatnsfell við suðurenda vatnsins og þar er vatni veitt eftir skurði til suðurs til Tungnaár ofan við Sigöldu og rennur það nú í inntakslón Sigölduvirkjunar, Krókslón.

Í stuttu máli má segja að á sumrin sé vatni Köldukvíslar safnað í Þórisvatn og það síðan notað til að auka rennsli Tungnaár og Þjórsár yfir vetrartímann. Þannig er reynt að jafna rennsli ánna til að virkjanirnar nýtist sem best. Hægt er að lækka vatnsborð Þórisvatns um 20 m (15 m niður fyrir upphaflegt vatnsborð) og miðla úr því um 1400 gígalítrum af vatni. Þessi vatnsmiðlun nýtist nú fyrir Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun í Tungnaá og Búrfellsvirkjun í Þjórsá. Við hæsta vatnsborð verður Þórisvatn um 82 km^2 eða næstum jafnstórt og Þingvallavatn sem er um 83 km^2. Við lægsta vatnsborð er það hins vegar um 55 km^2. Vatnsborðsbreytingar sem nema mest 21 m hafa gjöbreytt vatninu auk þess sem það hefur gruggast af jökulaur úr Köldukvísl.

Nýting jarðvarmans

Allt frá landnámsöld hefur jarðvarmi verið notaður í nokkrum mæli til baða, þvotta og matseldar. Skipuleg nýting jarðhitans sem orkulindar hefst þó ekki fyrr en á tuttugustu öld. Árið 1930 var lagður grunnur að Hitaveitu Reykjavíkur með virkjun Þvottalauganna í Laugardal. Notkun jarðvarma hefur síðan aukist jöfnum skrefum allt fram á síðustu ár.

Árið 1992 nam vinnsla jarðvarma 13.000 GWh/ári, og var það tæplega helmingur af orkunotkun þjóðarinnar það ár. Þar af nýttust 49% til húshitunar, en 18% til raforkuframleiðslu.

Talið er að áður en boranir eftir jarðhita hófust um miðbik tuttugustu aldar hafi



26. mynd. Þórisvatn og nágrenni. Gögn Orkustofnunar birt á gervitunglamynd frá Landmælingum Íslands (53).

samanlagt rennsli úr laugum og hverum á lághitasvæðum landsins numið um 2000 l/s og að afl þeirra hafi verið yfir 500 MW. Samanlagt náttúrlegt varmaafl háhitasvæðanna er enn meira og hefur það verið áætlað um 17.000 MW. Orkustofnun hefur jafnframt áætlað að tæknilega nýtanlegur jarðvarmi í berggrunni Íslands sé um 3,5 x 1021 J, sem svarar til um 1.100.000 MW í 100 ár. Þar af er talið að framleiða megi um 1.500.000 GWh af raforku úr varma háhitasvæðanna.

Á jarðhitasvæðum flytur vatn eða gufa varma úr bergi til yfirborðs. Á þeim svæðum sem nýtt eru hafa verið boraðar allt að 3 km djúpar borholur í þessum tilgangi og víða er heitu vatninu dælt upp. Þannig er á flestum vinnslusvæðum unnin mun meiri orka en sem nemur náttúrlegu afli þeirra. Orkan fæst úr heitu bergi jarðhitakerfanna og er því í raun um eins konar námuvinnslu að ræða. Jarðhitinn er því takmörkuð orkulind en alls ekki óþrjótandi eins og oft hefur verið álitið.

Áhrif vinnslu á jarðhitakerfin eru oft mikil. Nær undantekningarlaust lækkar þrýstingur í jarðhitakerfunum líkt og í vatnstanki sem dælt er úr. Er það einfaldlega vegna þess að meira vatn er tekið upp en nær að streyma inn í kerfin. Þetta veldur því að jarðhiti á yfirborði breytist eða hverfur, sjálfrennsli úr borholum minnkar eða hættir og síðast en ekki síst að vatnsborð í borholum lækkar. Á mörgum jarðhitasvæðum hefur orðið smávægilegt landsig. Í mörgum tilfellum lækkar vatnsborð stöðugt við langvarandi vinnslu og þarf því að draga úr vinnslu til þess að stöðva lækkunina. Þannig minnkar smám saman orkan sem vinna má úr jarðhitasvæðunum. Í öðrum tilfellum tekur kaldara vatn að streyma inn í jarðhitakerfin í stað þess heita sem dælt hefur verið burtu. Jarðhitakerfin kólna síðan hægt og hægt við áframhaldandi vinnslu og minnkandi orka fæst úr borholunum.

Áhrif jarðvarmavinnslu á umhverfið

Auk þess sem vinnsla jarðhita hefur áhrif á jarðhitasvæðin sem náttúruauðlind, eins og að framan greinir, fylgir nýtingu jarðhita óhjákvæmilega nokkur mengun og umhverfisáhrif. Mengunin er þó mjög lítil miðað við orkuvinnslu með brennslu jarðefnaeldsneytis. Helst má nefna útlitsbreytingar á yfirborði, hávaða, félagsleg og efnahagsleg áhrif, varmamengun og efnamengun lofts og grunnvatns. Almennt gildir að umhverfisáhrif háhitanýtingar eru mun meiri en lághitanýtingar.

4. Umhverfisvernd

Á undanförnum árum hafa þjóðir heims hafið gagngerða endurskoðun á umhverfismálum og tengslum þeirra við velferð mannkyns. Sameinuðu þjóðirnar hafa gert sjálfbæra þróun að sameiginlegu markmiði og svari við breyttum efnahagsforsendum. Sjálfbær þróun miðar að því að örva framfarir og bæta lífskjör án þess að gengið sé of nærri auðlindum náttúrunnar.

Undirstöðuatvinnuvegir íslenskrar þjóðar hafa um aldir verið fiskveiðar og landbúnaður. Nútíma rekstur þessara atvinnugreina er háður vísindalegu mati á afkastagetu auðlindanna og því sjálfbær þróun í raun sjálfsögð og nauðsynleg í okkar þjóðfélagi. Nauðsyn þess að umgangast náttúruna af varfærni hefur aldrei verið mikilvægari en nú á dögum svo framarlega sem við viljum halda í þau lífskjör sem við nú búum við.

Stjórnun náttúruauðlinda

Í fyrri köflum skýrslunnar hefur m.a. komið fram að þegar á næsta ári gætu legið fyrir vísindaleg gögn sem hægt er að nota til að stýra beitarálagi í landbúnaði og rannsóknir fiskifræðinga hafa um árabil verið lagðar til grundvallar við stjórnun fiskveiða.

Vatnsorkan er óþrjótandi auðlind sem enn er að litlu leyti nýtt og liggja þegar fyrir allítarlegar rannsóknir varðandi frekari nýtingu ef markaður finnst fyrir orkuna.

Á síðari árum hefur komið fram að jarðvarminn er ekki óþrjótandi eins og menn héldu í fyrstu og á tímabili var farið ósparlega með þessa auðlind. Vinnsla jarðvarma hefur nú þegar haft mikil áhrif á flestum þeim jarðhitasvæðum, sem nýtt eru. Með breytingum á sölufyrirkomulagi hefur víða tekist að bæta orkunýtingu hjá neytendum.

Hverskonar malarnám hefur í áratugi verið nánast stjórnlaust og mönnum hefur yfirsést að þar er um dýrmæta auðlind að ræða. Á síðasta ári var stigið fyrsta skrefið í þá átt að ná tökum á þessum málaflokki.

Í þéttbýlum löndum er gott neysluvatn talið til verðmætra náttúruauðlinda. Ísland er auðugt af góðu grunnvatni og er áætlað að grunnvatnsrennsli til fallvatna og sjávar nemi um 1000 m^3/sek. Einungis um 1% þessa grunnvatns er nýtt í dag í vatnsveitum og atvinnurekstri. Grunnvatnið gæti í framtíðinni orðið einhver helsta náttúruauðlind landsins að útflutningsverðmæti. Því er vert að huga betur að verndun hennar og vegna eðlis auðlindarinnar verður slíku ekki við komið nema af hálfu stjórnvalda.

Náttúruvernd

Á síðustu árum hafa náttúruverndarnál í landinu verið í nokkuð stöðugum farvegi, en unnið hefur verið að breytingum á lögum um Náttúruverndarráð.

Besta dæmið um samspil náttúruverndar og rannsókna á Íslandi er Mývatnssvæðið (sjá næstu opnu). Vatnið hefur verið friðað í liðlega tuttugu ár og hafa líffræðingar löngum sótt þangað til rannsókna á fuglum og vatnalífi. Mývatn er frá náttúrufræðilegu sjónarmiði best rannsakaða svæði landsins og því þykir sérstök ástæða til að gera grein fyrir því hér.

Helstu áherslubreytingar í umhverfisvernd hér á landi á undanförnum árum tengjast annars vegar nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum við mannvirkjagerð, sem tóku gildi 1. mars 1994, og hins vegar auknu vægi mengunarva. Lítil reynsla er enn komin á þessi lög og má segja að framkvæmdaaðilar og þó einkum almenningur séu rétt að byrja að átta sig á breyttum aðstæðum þó svo að mikil vinna hafi verið lögð í að kynna breytingarnar tímalega.

Sem dæmi um áhrif laganna um mat á umhverisáhrifum er gert ráð fyrir að framtíðarnýting orku á borð við jarðhita muni takmarkast nokkuð. Þetta á einkum við um

Lífríki Mývatns

Mývatn og Laxá eru vernduð með lögum nr. 36/1974, og svæðið er annað tveggja á RAMSAR skránni um votlendi með alþjóðlega þýðingu sem fuglabúsvæði.

Mývatn myndaðist fyrir um 2300 árum er Laxárhraun hið yngra stíflaði vatnsfarveg niður í Laxárdal. Vatnið skiptist í tvo hluta, Ytriflóa og Syðriflóa.

Í lindavatninu sem rennur í Mývatn eru uppleyst fjölmörg frumefni og efnasambönd. Sé birta nægileg, ræðst tillífun af framboði næringarefnanna fosfats og nítrats. Niturnám bláþörunga, svo og nitur- og fosfatsambönd sem losna úr lífrænum leifum, hafa áhrif á næringarefnaástand. Mývatn er það grunnt að sólarljósið nær alls staðar til botns og því er hvarvetna birta fyrir botngróður. Gróðurinn skýlir botnleðjunni fyrir ölduróti og miðlar efnum milli leðju og vatns. Botngróðurinn er auk þess búsvæði ýmissa smádýra, en mörg þeirra nærast á smásæjum gróðri og gerlum, sem sitja á botnjurtum.

Botndýrin eru aðalfæða fugla og fiska í vatninu og hafa bein áhrif á stofna þeirra, og þau geta einnig haft áhrif á efnabúskap vatnsins. Alls eru um 50 tegundir af rykmýi þekktar í Mývatnssveit. Lirfur rykmýsins eru helstu botndýrin og eru tvær tegundir, slæðumý og toppmý venjulega ríkjandi í botnleðjunni úti á dýpri hlutum Mývatns. Fjöldi rykmýs er afar mismunandi frá ári til árs. Miðað við önnur vötn á svipuðum breiddargráðum, þar sem mælingar hafa verið gerðar, er framleiðsla botndýra í Mývatni um 8–30 sinnum meiri.

Laxá er með auðugustu veiðiám okkar og hefur úrslitaþýðingu fyrir húsandarstofninn á Íslandi. Laxá er lindá að uppruna. Bakkar og hólmar eru algrónir. Hólmarnir, ásamt birkiskógum, sem eru á nokkrum stöðum við ána, gefa nokkra hugmynd um þá grósku sem hér var fyrir komu mannsins.

Mývatn og Laxá eru meðal þeirra vatna heims sem þéttsetnust eru fuglum. Ein tegund, húsöndin, verpur hvergi í Evrópu utan þessa svæðis, og meira er af flórgoða, straumönd, gargönd og hrafnsönd en annars staðar á landinu. Grundvöllur fuglalífsins er mikið framboð átu, sem nýtist fuglunum vel vegna þess hversu grunnt vatnið er. Mest er af skúfönd, en duggönd er í öðru sæti og rauðhöfði í því þriðja. Mikið er af nokkrum öðrum vatnafuglum á Mývatni og má þar nefna álft og óðinshana.

Þegar endur sjá sér út hreiðurstað virðist öryggi kvenfuglsins ráða mestu um valið. Þétt andavarp myndast aðeins þar sem öryggið er meira en annars staðar í kring. Fram yfir 1950 voru eyjar í Mývatni öruggustu staðirnir, því að þar voru endurnar óhultar fyrir tófu. Þá kom minkurinn og gerbreytti dreifingu andanna. Eyjar og þurrir bakkar voru ekki lengur öruggir varpstaðir. Sem betur fer á minkur erfitt með að komast um blauta og hrísivaxna starartlóa og þar eru nú helstu varplönd andanna, venjulega í byggðum hettumáfs og kríu. Ekki er hægt að merkja að öndum hafi fækkað við Mývatn við tilkomu minksins.

Þéttleiki anda á Mývatni og Laxá virðist yfirleitt stjórnast af því hvernig viðkoman hefur gengið næsta ár eða einhver næstu ár á undan, en viðkoman ræðst af fæðuskilyrðum á svæðinu. Dæmi eru um stórfellda fækkun fullorðinna fugla þegar fæðuskilyrði hafa versnað (t.d. 1983 og 1989).

Botnleðja Mývatns geymir söguna um lífið í vatninu. Nær allar núlifandi tegundir í Mývatni hafa verið þar frá upphafi, en stofnar þeirra hafa breyst mikið. Það yfirbragð dýralífs og gróðurs sem við þekkjum nú virðist hafa komið til við upphaf 18. aldar, en þá jókst þörungagróður í vatninu mikið.

Verndun dýralífs í Mývatni byggist á því fyrst og fremst, að fæðuskilyrði fugla,

fiska og þeirra smálífvera sem þeir nærast á rýrni ekki. Við núverandi aðstæður er mest hætta fólgin í því að lífræn efni, sem flestöll botndýr vatnsins éta, sópist í verulegum mæli ofan í gryfjur þær sem myndast við kísilgúrnámið. Einnig er varasamt að auka nitursambönd í aðrennsli til vatnsins. Með því skapast hætta á því að þörungablómi minnki eða hverfi sum árin og sveiflur í lífríkinu verði tíðar og magnaðar.

Breytingar á lífríki Mývatns

Þeim breytingum sem orðið hafa á lífríki Mývatns eða lífsskilyrðum í vatninu undanfarna áratugi, má skipta í tvennt. Annars vegar eru breytingar sem raktar eru beint til umsvifa manna, en hins vegar breytingar þar sem frumorsakir eru enn ókunnar.

Breytingar af mannavöldum

Helstu breytingar af mannavöldum í Mývatni, og telja má óæskilegar, eru vegna kísilgúrvinnslunnar. Þær eru: (1) Samdráttur í rótföstum botngróðri, (2) botngerðin verður óhagstæð fyrir botnlægar átutegundir, (3) hlutföll næringarefna í lindarvatni breytast vegna frárennslis verksmiðjunnar sem berst með grunnvatnsstraumi til Mývatns, (4) vatnafuglar forðast svæði sem dælt hefur verið af. Þessar breytingar hafa orðið í Ytriflóa, en hann er um sjötti hluti af heildarflatarmáli Mývatns. Áform um kísilgúrnám úr Mývatni utan núverandi námasvæðis hafa verið lögð á hilluna.


Breytingar af ókunnum orsökum

Til eru skýrslur um eggjatekju og silungsveiði sem ná allt aftur til aldamóta, en frá 1970 hefur verið fylgst náið með lífríki vatnsins og á kerfisbundinn hátt frá 1975 (Háskóli Íslands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn).

Bleikjuafli í Mývatni hefur minnkað mikið á undanförnum 20 árum. Meðalsilungsafli (mest bleikja) í Mývatni 1973–93 var um 16.000 fiskar, og hefur aflinn lengst af á þessu tímabili verið rýr og stundum langt fyrir neðan það sem áður er skráð (27. mynd). Meðalsilungsafli í Mývatni 1935–1972 var um 30.000 fiskar. Vitað er að ítrekuð hrun átustofna í Mývatni (1970, 1974, 1983 og 1988) eru orsök minnkandi veiði. Orsakir átubreytinganna eru á hinn bóginn enn óþekktar, en rannsóknir standa yfir.

Stofnbreytingar anda má áætla út frá eggjatekju allt frá aldamótum. Miklar breytingar hafa orðið á þessum tíma og stafa þær af atburðum í Mývatni sjálfu en ekki af breytingum á vetrarstöðvunum, sem eru í Evrópu. Góðæri í Mývatni var í um 30 ár snemma á öldinni og byrjaði hjá kaföndum, en síðan fylgdi silungur og væntanlega hornsíli á eftir. Telja verður sennilegt að fæðuskilyrði við vatnsbotninn stjórni öllum þessum stofnum og það lítur út fyrir að þessi skilyrði hafi í heild verið óvenju hagstæð fyrstu áratugi aldarinnar.

Fjöldi flestra andategunda hefur breyst verulega á síðastliðnum 20 árum. Straumönd hefur farið fjölgandi á Laxá. Flestum öndum á Mývatni fjölgaði 1976-83 en fækkaði síðan, jafnframt fjölgun og fækkun rykmýs. Húsöndinni hefur heldur fækkað. Áberandi er fækkun skúfandar í sárum. Toppönd hefur farið fjölgandi á Mývatni, en hún lifir á hornsíli.



27. mynd. Silungsveiði í Mývatni 1935–1994. Heila línan sýnir árlega veiði og brotna línan sýnir fimm ára keðjumeðaltal.

nýtingu háhitasvæðanna. Ljóst er að mörg þeirra verða tæplega nýtt til raforkuframleiðslu vegna náttúrufars. Má þar t.d. nefna Geysissvæðið, Kerlingarfjöll, Hveravelli og Kverkfjöll. Umhverfisáhrif fyrirhugaðra jarðvarmavirkjana með varmaafl meira en 25 MW munu í framtíðinni verða metin, áður en ákvörðun um framkvæmdir er tekin. Meta þarf útlitsbreytingar á yfirborði vegna mannvirkja og jarðrasks. Einnig þarf að meta aukið gasútstreymi vegna virkjunarinnar og líklega varma- og efnamengun frá affallsvatni. Síðast en ekki síst þarf að meta áhrif vinnslu jarðvarmans á umhverfið, svo sem hugsanlega lækkun grunnvatnsstöðu á svæðinu, breytingar á yfirborðsjarðhita og jafnvel landsig. Einnig þarf að meta hvort vinnslan muni valda truflun í nálægum grunnvatnskerfum.

Mengunarvarnir hafa mjög verið í sviðsljósinu á undanförnum árum. Umhverfisráðuneytið hefur m.a. beitt sér fyrir heildarúttekt á stöðu mála varðandi sorpförgun á stórum hlutum landsins. Sá málaflokkur hefur lengi verið hornreka hjá fjölda bæjar-og sveitafélaga en virðist nú víða horfa til verulegra framfara. Ráðuneytið hefur einnig beitt sér fyrir úttekt á stöðu fráveitumála á landinu en sá málaflokkur er víða í ólestri. Töluverð hreyfing hefur verið í þá átt að bæta úr en kostnaður við úrbætur getur verið töluverður. Sú umræða sem þessi átaksverkefni ráðuneytisins kom af stað í þjóðfélginu hefur tvímælalaust orðið til þess að viðhorfsbreyting er að verða meðal almennings og skilningur á gildi umhverfisins fer vaxandi.

Mikilvægt skref í förgun fljótandi úrgangsefna var stigið á síðast ári. Eftir tilraunabrennslu undanfarin tvö ár var gefið út í lok ársins starfsleyfi til handa Sementsverksmiðjunni hf. til brennslu tiltekinna úrgangsefna. Samkvæmt leyfinu getur verksmiðjan nýtt sem eldsneyti tilteknin eldfim fljótandi úrgangsefni sé skilyrðum um innihald mengandi efna fullnægt. Leyfið þýðir í reynd að unnt verður að brenna í verksmiðjunni mestan hluta úrgangsolíu og lífrænna leysiefna sem til fella í landinu.

5. Alþjóðasamstarf umhverfisráðuneytisins

Alþjóðastarf umhverfisráðuneytisins er umfangsmikið. Það miðar annars vegar að því að gæta og fylgja eftir íslenskum hagsmunum á sviði umhverfismála á alþjóðavettvangi og hins vegar þátttöku í samstarfi ríkja um stefnumörkun og skipti á upplýsingum á sviði umhverfismála. Undanfarin tvö ár hefur alþjóðastarf ráðuneytisins einkum beinst að eftirfarandi þáttum:

1. Norrænt samstarf
2. Framhald Ríóráðstefnunnar
3. Rovaniemisamstarfið
4. Framkvæmd samningsins um evrópska efnahagssvæðið
5. Náttúruverndarár Evrópu
6. Starf OECD á sviði umhverfismála
7. Alþjóðasamningar

Hér á eftir verður tæpt á þessu starfi.

5.1 Norrænt samstarf

Þátttaka ráðuneytisins í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála hefur frá stofnun ráðuneytisins verið nokkuð umfangsmikil. Var svo einkum á árinu 1994, því Ísland tók við formennsku í norrænu ráðherra- og embættismannanefndunum frá og með 10. mars það ár.

Lögð hefur verið áhersla á að tengja sem best saman störf í embættismannanefndum og sérfræðingahópum, þannig að áherslur Íslands komi sem víðast fram í norrænu starfi í umhverfismálum. Helsta markmið ráðuneytisins á formannsári hefur verið að flytja þyngdarpunktinn í norrænu umhverfissamstarfi til norðlægari svæða frá hinni hefðbundnu umfjöllun um umhverfisvandamál grenndarsvæðanna. Í þessu sambandi hefur sérstök áhersla verið lögð á varnir gegn mengun hafsins og umhverfisvernd á norðurslóðum. Hvað varðar grenndarsvæðin hefur ráðuneytið lagt áherslu á að styrkja framkvæmdir á svæðinu með því að efla stoðir Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins, NEFCO. Jafnframt hefur áhersla verið lögð á að gengið verði frá samstarfsáætlun á sviði fiskveiða og umhverfismála á formannsárinu og mun það beina áherslum eðlilega til vesturs í norrænu samstarfi. Auk þessa hefur verið lögð áhersla á að efla norrænt samstarf á vettvangi EES.

Áhersla hefur verið lögð á að auka og efla samstarf Norðurlanda um að meta og vakta ástand umhverfis á norðurslóðum. Unnið er að gerð fyrstu norrænu skýrslunnar um ástand umhverfis á þessu svæði. Þá hefur verið lögð áhersla á að tengja þessa starfsemi því samstarfi sem á sér stað innan Rovaniemiferlisins, Barentsráðsins og starfi Umhverfisstofnunar Evrópu í Kaupmannahöfn.

Íslensk stjórnvöld hafa unnið kappsamlega að því að auka vægi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um vernd hafsins vegna starfsemi á landi, sem haldin verður í Washington í nóvember 1995, og á síðasta undirbúningsfundinum fyrir þá ráðstefnu sem verður í Reykjavík 6.–10. mars 1995. Í tengslum við fundinn hefur verið unnið að því að móta samnorræna stefnumörkun og afstöðu til alþjóðlegra aðgerða um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum og um alþjóðlegar ráðstafanir til að draga úr og stöðva mengun af völdum þrávirkra lífrænna efna. Hefur Ísland leitt það samstarf. Sérstök fjárveiting að upphæð 300.000 DKK var veitt til norrænnar nefndar undir forystu Íslands til þess að undirbúa norræna tillögu um aðgerðir vegna lífrænna þrávirkra efna fyrir fundinn í Reykjavík.

Meðal annars ávinnings af þátttöku í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála má nefna þátttöku Íslendinga í verkefnum sem kostuð eru af norrænu fé. Á árinu hefur verið

tekin ákvörðun um að styrkja verkefni sem snerta íslenska hagsmuni með þessum hætti alls að upphæð rúmlega 1 milljón DKK (11 milljón ísl. krónur).

5.2. Framhald Ríóráðstefnunnar

Í grundvallaratriðum hafa áherslur Íslands í þessu ferli alveg frá upphafi, þ.e. frá undirbúningi ráðstefnunnar, snúið að vernd hafsins og aðgerðum til að draga úr loftslagsbreytingum. Þátttaka og eftirsókn eftir setu í Umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna var á sínum tíma ákveðin til þess að ná betur fram markmiðum Íslands á þessum sviðum. Seta Íslands með norrænum stuðningi í nefndinni, þar sem Norðurlönd eiga eingöngu tvö sæti, gerir það hins vegar að verkum að sinna þarf fleiri málum en þeim er teljast vera forgangsatriði Íslands. Innan þessa ferlis eru fjölmörg mál sem eðlilega hefur ekki verið sinnt nema að litlu leyti.

Helstu viðfangsefni Íslands í þessu ferli hafa verið auk umhverfisnefndarinnar, ráðstefna um sjálfbæra þróun smáeyríkja, undirbúningur ráðstefnu um verndun hafsins vegna starfsemi á landi, samningurinn um loftslagsbreytingar og samningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Náið samstarf hefur verið við utanríkisráðuneytið í þessu umfangsmikla ferli Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar.

Umhverfisnefnd S.þ.

Sendinefnd Íslands hefur tekið virkan þátt í störfum nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að fylgjast með framkvæmd niðurstaðna Ríóráðstefnunnar og marka stefnu um áframhaldandi aðgerðir. Nefndin er einnig vettvangur fyrir ríki til að koma á framfæri áherslum þeirra í umhverfismálum og málum er varða sjálfbæra þróun.

Í nefndinni hefur sendinefnd Íslands lagt ríka áherslu á virkt starf hennar við að fylgja eftir framkvæmd niðurstaðna Ríóráðstefnunnar og að nefndin stuðli að skilvirkara starfi og verkaskiptingu á meðal stofnana S.þ. Á meðal áhersluatriða Íslands í nefndinni hafa verið ráðstafanir sem miða að því að samþætta efnahagsþróun og alþjóðaviðskipti að kröfum umhverfisverndar, aðgerðir sem stuðla að því að breyta framleiðslu- og neysluháttum og draga úr fólksfjölgun, ráðstafanir um vernd hafsins gegn mengun, aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum, ráðstafanir til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda, bætt meðferð og förgun eitur- og úrgangsefna, ákveðnari ráðstafanir til að draga úr og stöðva losun geislavirkra efna út í umhverfið, aukin og strangari umhverfisviðmið á sviði hernaðarumsvifa, aukna og bætta umhverfisvöktun og upplýsingamiðlun um umhverfis- og þróunarmál, og aukna þátttöku kvenna, félagasamtaka og hagsmunahópa í stefnumótun og framkvæmdum er varða umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Jafnframt hefur nefndin verið nýtt sem vettvangur til að vinna að framgangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um vernd hafsins vegna starfsemi á landi. Í því samhengi hefur verið lögð sérstök áhersla á að kynna og afla fylgis við tillögu Íslands um gerð alþjóðasamnings með því markmiði að draga úr og stöðva mengun af völdum þrávirkra lífrænna efna.

Loks hefur verið leitast við að koma fastri reglu á norrænt samráð í nefndinni með það fyrir augum að styrkja stöðu Íslands í samráðsferlinu árið 1996, þegar málefni hafsins verða til umfjöllunar í nefndinni. Árið 1995 er síðasta árið sem Ísland á formlegt sæti í nefndinni a.m.k. um sinn, en Ísland mun áfram hafa áheyrnaraðild að nefndinni.

Ráðstefnan um smáeyríki

Tvennt réð því að Ísland tók virkan þátt í þessari ráðstefnu og undirbúningi hennar. Í fyrsta lagi var það svo metið að ráðstefnan væri kjörinn vettvangur til að taka upp auknar

áherslur á vernd hafsins og í öðru lagi var það ósk hinna Norðurlandanna í óskrifaðri verkaskiptareglu milli landanna að Ísland tæki að sér norræna forystu í málinu sem lauk með þátttöku ráðherra fyrir hönd allra Norðurlandanna í ráðstefnunni sl. vor.

Þar sem Ísland fór fyrir Norðurlöndum í þessu ferli, þá var megináherslan lögð á að stuðla að sátt um raunhæfa framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun smáeyríkja sem stuðlaði að markvissri framkvæmd niðurstaðna Ríóráðstefnunnar. Jafnframt var lögð áhersla á að styrkja þá hluta framkvæmdaáætlunarinnar er lutu að þeim þáttum sem Ísland hefur lagt hvað mesta áherslu á í umhverfismálum. Má þar nefna sérstaklega vernd hafsins, sjálfbæra nýtingu lifandi sjávarauðlinda, meðferð og förgun eitur- og úrgangsefna, þ.á m. geislavirkra efna, strangari umhverfisviðmið á sviði hernaðarumsvifa, og virka þátttöku kvenna, félagasamtaka og hagsmunahópa í stefnumótun og framkvæmdum er varða umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Þá var á það lögð áhersla að mynda aukin tengsl við ýmis þróunarríki, einkum smáeyríki, vegna undirbúnings ráðstefnu S.þ. um vernd hafsins vegna starfsemi á landi. Þau tengsl sem þannig mynduðust hafa gert kleyft að koma á framfæri sjónarmiðum Íslands varðandi alþjóðlegar ráðstafanir um þrávirk lífræn efni.

Landstöðvaráðstefnan

Í nóvember 1995 verður haldin í Washington ráðstefna S.þ. um vernd hafsins vegna starfsemi á landi. Ráðstefnan er haldin til að fylgja eftir samþykktum Ríóráðstefnunnar um umhverfi og þróun og er markmiðið að samþykkja alþjóðlega framkvæmdaáætlun um ráðstafanir til verndar lífríki hafsins. Undirbúningur ráðstefnunnar er í höndum Umhverfisstofnunar S.þ. (UNEP) og hefur hann staðið yfir í tvö ár.

Lögð hefur verið rík áhersla á virka þátttöku í þessu ferli, enda hefur það verið eitt helsta baráttumál Íslands í alþjóðlegu starfi að umhverfismálum að gripið verði til markvissra alþjóðlegra aðgerða til að draga úr og stöðva mengun hafsins frá landstöðvum. Íslensk stjórnvöld áttu stóran þátt í að til þessa ferlis var stofnað með samþykkt Ríóráðstefnunnar sumarið 1992 og ákvörðun umhverfisstofnunar S.þ. (UNEP) vorið 1993.

Strax og ákvörðun um þessa ráðstefnu var tekin bauðst ríkisstjórn Íslands til að halda hér á landi síðasta undirbúningfund ráðstefnunnar og keppti þar við boð Chile. Í byrjun árs 1994 tók UNEP boði ríkisstjórnarinnar. Fundurinn verður í Reykjavík 6.–10. mars 1995.

Með virkri þátttöku í undirbúningi ráðstefnunnar hefur Íslands unnið sér sess sem eitt af lykilríkjunum í þessu ferli. Þá hefur tekist að virkja önnur Norðurlönd betur inn í ferlið og leiðir Ísland það starf. Þessi staða hefur nýst til að koma þrávirku lífrænu efnunum á framfæri sem megináherslu í ferlinu.

Þótt ekki hafi tekist að ná fram því upphaflega stefnumarki að unnið verði að sérstökum alþjóðasamningi um landstöðvar, þá hafa fulltrúar Íslands unnið markvisst að því að útkoma ráðstefnunnar verði a.m.k. metnaðarfull framkvæmdaáætlun sem líkist í aðalatriðum hefðbundnum samningi. Nú liggja fyrir drög að framkvæmdaáætlun, sem fulltrúar Íslands áttu þátt í að semja, og verða þau lögð til grundvallar samningaviðræðunum á fundinum í Reykjavík í mars n.k.

Lögð hefur verið á það áhersla að mynda styrkt norrænt samstarf í þessu ferli. Norðurlönd vinna nú, undir forystu Íslands, að gerð sameiginlegrar tillögu um stofnun alþjóðlegrar mats- og samninganefndar um þrávirk lífræn efni (Intergovernmental Panel on Persistent Organic Pollutants), sem kynnt verður á fundinum í Reykjavík.

Samningur um loftslagsbreytingar

Ísland tók ekki þátt í gerð samningsins um loftslagsbreytingar. Samningurinn var undir-

ritaður af hálfu Íslands í júní 1992 og fullgiltur ári síðar. Í kjölfar aðildar að samningnum var ákveðið að taka þátt í milliríkjanefnd samningsins. Ákvörðun þessi markaðist af því að Ísland hefur hagsmuna að gæta innan samningsins. Þá er átt við að markvissar aðgerðir til að draga úr auknum gróðurhúsaáhrifum er lífsspursmál fyrir íslensku þjóðina, hins vegar setur orkubúskapur landsins miklar skorður fyrir því að Ísland geti tekið á sig auknar skuldbindingar í þessu efni. Annars vegar skapa vatnsorka og jarðhiti stærstan hlut þeirrar orku sem nýtt er í landinu og hins vegar er nýting kolefnisríkra orkugjafa að mestu bundin við fiskveiðar og samgöngur, en á þeim sviðum er ennþá lítið svigrúm fyrir samdrátt vegna takmarkaðra möguleika til notkunar á öðrum orkugjöfum á þessum sviðum.

Starf milliríkjanefndarinnar hefur snúist um að undirbúa fyrsta fund aðildarríkja sem verður í Berlín vorið 1995. Meðal þess sem undirbúa þarf fyrir fundinn er afstaða til spurningarinnar hvernig skuli ná meginmarkmiðum samningsins fram til aldamóta og hvort styrkja beri ákvæði samningsins í því sambandi. Fulltrúar Íslands hafa tekið þátt í þessari umræðu og lagt á það áherslu að samningurinn sé ekki fullnægjandi til að ná markmiðum hans og að þörf sé á nákvæmari og ákveðnari ákvæðum í formi bókunar við samninginn. Jafnframt hefur verið á það lög áhersla að tekið verði aukið tillit til þeirra ríkja sem byggja orkubúskap sinn að verulegu leyti á endurnýjanlegum orkugjöfum og að áherslan skuli vera á aðgerðir í löndum sem byggja orkubúskap sinn fyrst og fremst á kolefnaríkum orkugjöfum.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni

Ísland tók ekki þátt í gerð samningsins um líffræðilega fjölbreytni, en eftir undirritun hans í júní 1992, var ákveðið að taka þátt í störfum milliríkjanefndar samningsins sem komið var á fót til að undirbúa fyrsta fund aðildarríkja. Ákvörðun þessi markaðist af því að samningurinn hefur að geyma ákvæði sem varða íslenska hagsmuni og var talin þörf á þátttöku í starfi samningsins til að stuðla að því að farið verði eftir þessum ákvæðum á alþjóðavettvangi. Þau eru í fyrsta lagi fullveldisréttur ríkja til eigin auðlinda og réttur þeirra til að nýta þær á sjálfbæran hátt. Í öðru lagi eru kvaðir um að ríkjum ber að hafa með sér samvinnu um vernd og sjálfbæra nýtingu náttúrlegra auðlinda utan lögsögu þeirra og hafsvæða þar á meðal. Loks í þriðja lagi kveður samningurinn á um rétt aðildarríkja á hlutdeild í þeim hagnaði (fjárhagslegum og vísindalegum) sem hlýst af nýtingu lífrænna efna sem sótt eru til þeirra, og má í því sambandi geta þeirra hagsmuna sem Ísland hefur að gæta varðandi t.d. hitaþolnar örverur sem hér finnast og geta orðið uppspretta margvíslegra og verðmætra uppfinninga. Jafnframt er gert ráð fyrir að á fundum aðildarríkja verði unnið að alþjóðlegum reglum um nýtingu lifandi náttúruauðlinda og um eftirlit með þeim, og er meðal annars stefnt að því að næsti fundur aðildarríkja, sem haldinn verður í nóvember 1995, fjalli um nýtingu lifandi náttúruauðlinda á strand- og hafsvæðum.

Í starfinu hefur verið lögð áhersla á að fylgjast með öllum umræðum og framgagni mála og hefur það tekist vegna góðrar samvinnu við önnur Norðurlönd. Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að draga fram það meginmarkmið samningsins að nýta beri lifandi auðlindir á sjálfbæran hátt og að aðferðir hefðbundinnar náttúrverndar dugi ekki einar til að ná árangri, heldur beri og að leggja á það áherslu að öll atvinnustarfsemi sem byggir á lifandi auðlindum náttúrunnar miði að því að vernda og viðhalda þessum auðlindum. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að aðildarríkin marki sér stefnu og geri áætlanir sem nái til allra þátta þjóðfélagsins. Að tillögu Íslands hefur verið samþykkt að framkvæmd 6. gr. samningsins um stefnumótun og áætlanagerð ríkja verður sérstakur og fastur dagskrárliður á fundum aðildarríkja. Þá átti Ísland aðild að sameiginlegri tillögu

Norðurlanda um að könnuð verði nauðsyn þess að setja reglur um meðferð á og eftirliti með erfðabreytum lífverum, og var tillagan samþykkt.

5.3 Rovaniemisamstarfið

Íslands hefur verið aðili að þessu samstarfi frá því að það hófst 1989 og er aðili að umhverfisáætlun þess, sem samþykkt var 1991 (AEPS). Hér er um að ræða víðtæka áætlun um mat og vöktun ástands umhverfis og lífríkis á norðurslóðum. Fulltrúi ráðuneytisins situr ásamt fulltrúa utanríkisráðuneytisins í embættismannanefnd samstarfsferlisins. Hlutverk hennar er að marka stefnu samstarfsins á milli ráðherrafunda.

Meginviðfangsefni nefndarinnar undanfarin tvö ár hafa verið eftirfarandi: Uppbygging, fjármögnun og fyrirkomulag stofnana til að sinna framkvæmdaatriðum umhverfisáætlunarinnar, lagalegt fyrirkomulag samstarfsins, þátttaka frumbyggja í ferlinu og fjármögnun og eftirlit með framkvæmd umhverfisáætlunarinnar. Þá hefur verið töluverð umræða um það hvort Rovaniemiferlið eigi að snúast áfram að meginhluta um hefðbundnar umhverfisrannsóknir og -vöktun eða hvort samstarfið eigi að snúast meir um sjálfbæra þróun, þ.e. atvinnuvegaþróun, nýtingu auðlinda og viðskipti með afurðir náttúrunnar.

Áhersla hefur verið lögð á að styrkja pólitískt vægi Íslands í samstarfsferlinu. Víst er að þáttur íslenskra stjórnvalda við að undirbúa og halda hér á landi haustið 1994 málstofu um þekkingu frumbyggja, styrkti verulega stöðu Íslands innan Rovaniemisamstarfsins. Sama má segja um velheppnaða aðalfundi tveggja undirnefnda samstarfsins sem haldnir voru hér á landi haustið 1993 og haustið 1994. Sá fyrri var fundur AMAP nefndarinnar sem hefur því hlutverki að gegna að meta og vakta ástand umhverfis á norðurslóðum, og sá síðari var fundur CAFF nefndarinnar sem sinnir verkefnum er lúta að vöktun og vernd lífríkis og náttúru á norðurslóðum. Á síðasta ári fór Ísland með formennsku CAFF.

Rovaniemisamstarfið hefur jafnframt nýst sem vettvangur fyrir óformlegar viðræður um mengun hafsins og alþjóðlegar ráðstafanir til að stemma stigu við mengun af völdum þrávirkra lífrænna efna.

5.4 Framkvæmd samningsins um evrópska efnahagssvæðið

Meginákersla í starfi ráðuneytisins vegna EES-samningsins var sem fyrr fyrst og fremst hagsmunagæsla, þ.e. að stuðla að því að nýjar gerðir verði ekki teknar inn í samninginn nema þær séu í samræmi við stefnu stjórnvalda í umhverfismálum og að þær knýi ekki á um framkvæmdir sem hafa óþarfan og óréttlætanlegan kostnað í för með sér fyrir ríki, sveitarfélög, atvinnuvegi og einstaklinga. Jafnframt miðar þessi starfsemi að því að hafa áhrif á umhverfisstefnu ESB og að afla upplýsinga um mál í deiglunni og móta sameiginlega afstöðu EFTA-landanna til þeirra.

Á síðastliðnu ári gerðist Ísland aðili að Umhverfisstofnun Evrópu, sem staðsett er í Kaupmannahöfn, með þeim fyrirvara þó að EFTA-löndin öðlist þar fullan atkvæðisrétt. Fulltrúi ráðuneytisins situr í stjórn stofnunarinnar. Einnig hefur umhverfisráðuneytið unnið að því að Ísland eigi fulltrúa í vísindaráði stofnunarinnar.

5.5 Evrópuráðið

Ísland hefur um árabil tekið þátt í Náttúruverndarnefnd Evrópuráðsins og Náttúruverndarstofnun Evrópuráðsins (Centre Naturopa). Áhersla ráðuneytisins hefur á undanförnum tveimur árum lotið fyrst og fremst að þátttöku í undirbúningi og framkvæmd Náttúruverndarárs Evrópu, sem hefst á árinu 1995. Fulltrúi Íslands var kosinn á árinu 1993 í sérstaka framkvæmdanefnd vegna náttúruverndarársins og hefur hann tekið þátt í undir-

búningi á vegum ráðsins og flutt upplýsingar um það til íslensku undirbúningsnefndarinnar.

5.6 OECD

Á undanförnum tveimur árum hefur þátttaka ráðuneytisins í umhverfismálasamstarfi OECD verið töluverð. Meginþunginn í þessu starfi laut að undirbúningi og þróun umhverfisúttektar OECD. Þar er um að ræða reglubundið mat á stöðu og framkvæmd umhverfismála í aðildarríkjum stofnunarinnar sem hófst árið 1992. Matið tekur til allra þátta umhverfismála og hefur það að markmiði að bæta framkvæmd og stjórn umhverfismála, bæði í einstökum aðildarríkjum OECD, og þeirri starfsemi sem innt er af hendi á þessu sviði á vegum framkvæmdastjórnar OECD um umhverfismál.

Úttektinni svipar þannig til þeirrar starfsemi sem OECD hefur innt af hendi á sviði efnahagsmála um árabil. Hvert aðildarríki er metið á fjögurra til fimm ára ára fresti. Stuðst er við staðlaða aðferð en þó tekið tillit til sérkenna hvers lands um sig. Árangur á sviði umhverfismála er metinn með tilliti til þeirra markmiða sem hvert land hefur sett sér og þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem það hefur gengist undir. Auk þess er leitast við að kynna framúrskarandi lausnir einstakra ríkja við umhverfisvandamálum þeirra.

Ísland var annað tveggja fyrstu aðildarríkjanna sem metið var. Matið var framkvæmt árið 1992 og var sérstök áhersla lögð á sérstöðu landsins er varðar nýtingu og vernd náttúruauðlinda: sjávar, jarðhita, vatnsfalla, gróðurs og jarðvegs. OECD gaf matið út í skýrslu vorið 1993, sem ráðuneytið lét þýða og gefa út á Íslensku samtímis. Skýrslan hefur reynst gagnleg við mat á og mörkun opinberrar stefnu í umhverfismálum.

Á sl. ári átti ráðuneytið þátt í því að tilnefna íslenskan sérfræðing í matsnefnd vegna umhverfisúttektar OECD í Kanada.

5.7 Alþjóðasamningar

Ísland er aðili að sautján alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Þeir varða varnir gegn mengun andrúmslofts og sjávar og vernd lífríkis og náttúru. Á undanförnum tveimur árum hefur Ísland gerst aðili að fjórum mikilvægum alþjóðasamningum, en þeir eru samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, samningur um líffræðilega fjölbreytni, rammasamningur um loftslagsbreytingar og samningur um alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun vegna óhappa á sjó. Auk þess voru fullgiltar mikilvægar breytingar á Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins sem samþykktar voru 1990 og 1992.

Stefnt er að því að þrír nýir alþjóðasamningar verði fullgiltir á næsta ári, 1995. Þeir eru samningur um eftirlit með flutningi spilliefna og annars úrgangs milli landa og förgun þeirra, samningur Norðurlanda um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna og samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

5.8 Ágrip af alþjóðasamningum á sviði umhverfismála sem Ísland er aðili að

Náttúruvernd

- **Samþykkt um fuglavernd**
  Aðild Íslands: 17. janúar 1963; Stjt. A 14/1956
  - Markmið samningsins er að stuðla að verndun villtra fugla.
  - Almenna regla samningsins er að allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og mennta og hvað varðar vargfugla. Aðildarríkjum ber að gera viðeigandi ráðstafanir m.a. til að vernda villta fugla á varptímanum, vernda farfugla á flugi til varpstöðva sinna, vernda árið um kring villta fugla sem eru í útrýmingarhættu, banna

almennt séð töku eggja, eggjaskurna og unga, banna eða takmarka notkun tilgreindra veiðiaðferða, gera skrá yfir þá fugla sem heimilt er að taka eða veiða, gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eyðingu fugla vegna vatnsmengunar, rafmagnslína, skordýraeiturs og annars eiturs, fræða almenning um nauðsyn þess að vernda fugla og stofna verndarsvæði fyrir varpfugla.

- **Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf**
  Aðild Íslands: 2. apríl 1978; Stjt. C 1/1978, 10/1986 & 19/1993
  - Markmið samningsins er að stuðla að verndun votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
  - Hverju aðildarríki ber að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Í samræmi við markmið samningsins ber aðildarríkjum að tryggja vernd þeirra votlenda sem eru á skrá samningsins svo og skynsamlega nýtingu allra votlenda, svo sem unnt er. Þeim ber jafnframt að stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi. Þau skulu og stuðla að rannsóknum og miðlun upplýsinga og rita um votlendi, gróður þeirra og dýralíf, leitast við að sty kja stofna votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeig-andi ráðstöfi ium, stuðla að þjálfun starfsliðs á sviði rannsókna, nýtingar og gæslu votlen a, og stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu farandstofna votlendisfugla.
  - Tvö votlendis væði á Íslandi eru á skrá samningsins: Mývatn-Laxá og Þjórsárver.

- **Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu**
  Aðild Íslands: . október 1993; Stjt. C 17/1993
  - Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að fjölþjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða.
  - Aðildarríkjum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærðir villtra dýra og plantna, einkum í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðaukar I–III telja þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki IV tilgreinir forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir.

- **Samningur um líffræðilega fjölbreytni**
  Aðild Íslands: 11. desember 1994; Stjt. C 1994
  - Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.
  - Aðildarríkjum ber að stuðla að vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni með viðeigandi stjórntækjum, svo sem áætlanagerð og löggjöf. Þeim ber og að stjórna og hafa eftirlit með notkun og losun erfðabreyttra lífvera. Jafnframt skulu aðildarríki auka rannsóknir og vöktun á líffræðilegri fjölbreytni, efla fræðslu og menntun um líffræðilega fjölbreytni og kanna, m.a.

með lögbundnu mati á umhverfisáhrifum, þær athafnir sem kunna að hafa skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni. Þau skulu og skiptast á vísindalegum upplýsingum og aðstoða þróunarríkin við að ná markmiðum samningsins.

Dýravernd

- **Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningum**
  Aðild Íslands: 1. maí 1969; Stjt. C 8/1969, 28/1992, 8/1986 & 36/1991
  - Markmið samningsins er að tryggja, eins og mögulegt er, að dýr þjáist ekki þegar þau eru flutt á milli landa.
  - Samningurinn hefur að geyma reglur um ástand dýra fyrir flutninga og meðferð þeirra meðan á flutningi stendur, sem aðildarríkjum ber að fylgja.

- **Evrópusamningur um vernd dýra í landbúnaði**
  Aðild Íslands: 20. mars 1990; Stjt. C 17/1989
  - Markmið samningsins er að vernda dýr í landbúnaði, og þá einkum í stórvirkum nútímabúskap.
  - Samningurinn hefur að geyma reglur um aðbúnað og meðferð dýra í landbúnaði sem aðildarríkjum ber að fylgja.

Loftmengun

- **Vínarsamningur um vernd ósonlagsins og Montrealbókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins**
  Aðild Íslands: 27. nóvember 1989; Stjt. C 9/1989, 15/1993 & 1994
  - Markmið samningsins er að vernda heilsu fólks og umhverfi gegn neikvæðum áhrifum sem kunna að verða vegna breytinga á ósonlaginu.
  - Aðildarríkjum er gert að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr og/eða stöðva notkun á tilteknum efnum sem valda rýrnun ósonlagsins. Aðildarríkjum ber og að stuðla að samvinnu um rannsóknir og tækniþróun, skiptast á vísindalegum upplýsingum, stuðla að fræðslu almennings og aðstoða þróunarríkin við að ná markmiðum samningsins.

- **Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa**
  Aðild Íslands: 3. ágúst 1983; Stjt. C 1/1983
  - Markmið samningsins er að vernda fólk og umhverfi gegn loftmengun.
  - Aðildarríkjum ber að leitast við að takmarka og, að svo miklu leyti sem unnt er, draga smám saman úr og koma í veg fyrir loftmengun. Þau skulu og skiptast á vísindalegum upplýsingum, vinna saman að rannsóknum og tækniþróun, og hafa samráð um stefnumörkun. Þau skulu og stuðla að aukinni fræðslu fyrir almenning um loftmengun og bæta eftirlit með og mælingar á losun mengunarefna.

- **Rammasamningur um loftslagsbreytingar**
  Aðild Íslands: 21. mars 1994; Stjt. C 14/1993
  - Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun af mannavöldum á loftslagskerfinu. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um að auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.

- Aðildarríki, sem eru þróuð iðnríki og ríki Austur-Evrópu skulu hvert um sig eða sameiginlega gera viðeigandi ráðstafanir og áætlanir um að hverfa fyrir aldamót aftur að því útstreymismagni sem var 1990 á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum af manna völdum. Aðildarríkjum ber og að vernda og auka viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir, þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi. Jafnframt ber aðildarríkjum að skiptast á vísindalegum upplýsingum um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, stuðla að fræðslu almennings og aðstoða þróunarríkin við að ná markmiðum samningsins.

Sjávarmengun

- **Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum**
  Aðild Íslands: 25. september 1985; Stjt. C 9/1985, 5/1989 & 13/1992
  - Markmið samningsins er að koma í veg fyrir losun mengandi efna í sjó (þ.m.t. í úthöf) frá farartækjum sem eru á siglingu eða í höfnum.
  - Samningurinn hefur að geyma ákvæði um skírteini skipa, byggingu þeirra og útbúnað og sérstakar reglur um skoðun skipa.

- **Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það**
  Aðild Íslands: 30. ágúst 1975; Stjt. C17/1973 & 1/1976
  - Markmið samningsins er að stýra og koma í veg fyrir varp úrgangsefna og mengandi efna í sjó (þ.m.t. í úthöf) frá skipum og flugvélum og bruna úrgangsefna á hafi.
  - Í samningnum eru reglur um varp úrgangsefna frá skipum og flugvélum, einkum efna sem hættuleg eru umhverfinu, s.s. þrávirk lífræn efni, efni sem valda krabbameini, nokkrar tegundir þungmálma og geislavirk efni.

- **Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum**
  Aðild Íslands: 7. apríl 1974; Stjt. C 16/1973, 5/1974, 10/1987, 22/1989, 35/1991 & 1994
  - Markmið samningsins er að draga úr og helst stöðva varp mengandi efna og hættulegra úrgangsefna í sjó (þ.m.t. í úthöf innan samningssvæðisins) frá skipum og flugvélum og brennslu efna á hafi sem hættuleg eru umhverfinu.
  - Í samningnum eru reglur um varp úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum og um brennslu úrgangsefna á hafi. Almennt er varp allra úrgangsefna, með nokkrum undantekningum, þ.á m. dæluefna, bannað. Samningurinn tekur ekki til geislavirks úrgangs.

- **Samningur um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum**
  Aðild Íslands: 19. júlí 1981; Stjt. C 13/1981, 16/1987 & 23/1989
  - Markmið samningsins er að draga úr mengun sem berst til hafs frá starfsemi á landi.
  - Samningurinn hefur að geyma reglur um losun og útblástur efna er kunna að menga hafið, m.a. frá iðnaði, orkuframleiðslu (geislavirkur úrgangur meðtalinn), umferð, íbúðabyggð og landbúnaði. Samningurinn hefur og að geyma ákvæði um skipti á vísindalegum upplýsingum og um samstarf á sviði vöktunar.

- **Samningur um alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun vegna óhappa á sjó**
  Aðild Íslands: 13. maí 1995; Stjt. C 16/1993
  - Markmið samningsins er að skapa grundvöll fyrir alþjóðlegri samvinnu og samhjálp um viðbrögð við mengunaróhöppum er stafa af olíu.
  - Samningurinn tryggir aðildarríkjum gagnkvæmaaðstoð þegar veruleg mengunaróhöpp verða á hafsvæðum þeirra. Samningurinn hefur og að geyma ákvæði um tilkynningaskyldu og lágmarkskröfur um viðbúnað og viðbragðsáætlanir.

- **Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun**
  Aðild Íslands: 15. október 1980; Stjt. C 10/1980
  - Markmið samningsins er að gera ríkjum kleift að grípa til aðgerða á úthafinu þegar óhöpp (skipsskaðar) verða á því, sem valda eða geta valdið olíumengun innan lögsögu þeirra.
  - Samningurinn skilgreinir hvaða aðgerðum aðildarríkjum er heimilt að beita og hvenær, vegna skipsskaða á úthafinu til varnar gegn olíumengun, ef talið er að skipsskaðinn geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu þess sé ekkert að gert. Samningurinn tekur til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurolíu.

- **Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar**
  Aðild Íslands: 15. október 1980; Stjt. C 10/1980 & 1994
  - Markmið samningsins er að tryggja einstaklingum skaðabætur sem verða fyrir tjóni vegna olíumengunar frá skipum.
  - Samningurinn gildir í lögsögu aðildarríkja og tekur hann til tankskipa sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka smurolíu og hvallýsi.

- **Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar**
  Aðild Íslands: 15. október 1980; Stjt. C 10/1980 & 1994
  - Markmið samningsins er að tryggja tjónþola olíumengunar einhverja baktryggingu í þeim tilvikum þegar þær hámarksbætur sem skipseigendum er gert að greiða samkvæmt samningnum um einkaréttarlega ábyrgð duga ekki til að bæta það tjón sem hann hefur orðið fyrir.

6. Viðfangsefni og framtíðaráherslur

Hér að framan hefur verið leitast við að gera grein fyrir stöðu umhverfismála á Íslandi. En hvernig hafa stjórnvöld hugsað sér að unnið verði að endurbótum á því sem aflaga hefur farið í umhverfismálum og að koma í veg fyrir að frekari spjöll verði unnin á umhverfinu í nánustu framtíð?

Í mars 1993 kynnti umhverfisráðherra stefnu ríkisstjórnarinnar í umverfismálum, sem ber heitið „Á leið til sjálfbærrar þróunar". Þar er að finna helstu markmið í umhverfismálum til næstu aldamóta og settar fram tillögur um leiðir að þeim markmiðum. Lögð er áhersla á að Ísland verði um næstu aldamót fyrirmynd annarra vestrænna ríkja í umhverfismálum eða m.ö.o. að Ísland verði þá án nokkurs vafa hreinasta land hins vestræna heims og ímynd hreinleika og sjálfbærrar þróunar tengist allri atvinnustarfsemi í landinu. Það er augljóst að slíku marki verður ekki náð nema með samstilltu átaki stjórnvalda, þ.e. ríkisvalds og sveitarfélaga og fyrirtækja og einstaklinga. Til þess að skapa grundvöll að slíkri samstöðu, skipaði ráðuneytið sjö starfshópa síðari hluta árs 1993, þar sem sitja fulltrúar þessara aðila. Starfshópunum er ætlað að setja fram tillögur að framkvæmdaáætlun í umhverfismálum til næstu aldamóta á grundvelli þeirra menginmarkmiða sem ríkisstjórnin hefur sett. Þetta starf er nú á lokastigi og er þess vænst að framkvæmdaáætlun liggi fyrir í lok febrúar 1995.

Stefna og markmið íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum byggir í megindráttum á tvennum forsendum, annarsvegar á þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem stjórnvöld hafa gert og hinsvegar á þeim staðbundnu viðfangsefnum á sviði umhverfismála sem blasa við hér á landi. Hitt ber þó að hafa í huga að skilin á milli hinna alþjóðlegu viðfangsefna og hinna staðbundnu eru sífellt að verða óljósari jafnframt því sem þekking og vitneskja hefur aukist á orsökum og afleiðingum einstakra umhverfisvandamála.

6.1 Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf á sviði umhverfismála hefur aukist verulega á síðustu árum og augljóst að útilokað er fyrir litla þjóð eins og Íslendinga að fylgjast með og taka þátt í öllu því starfi. Í stað þess hafa íslensk stjórnvöld einbeitt sér að tiltölulega afmörkuðum sviðum umhverfismálanna í alþjóðlegu starfi, þar sem saman fara bæði sérþekking og hagsmunir umfram annað. Þessi forgangsröðun var mjög skýr við undirbúning Alheimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun árið 1992 í Río de Janeiro og hefur verið það síðan. Verndun hafsins gegn mengun, sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins og notkun endurnýjanlegra orkugjafa hafa verið áhersluatriði íslenskra stjórnvalda í samstarfi þjóðanna í umhverfismálum eftir Ríó-ráðstefnuna. Um 70–80% af mengun hafsins á rætur að rekja til athafna á landi, (iðnaður, landbúnaður og búseta) en aðeins 20–30% til athafna á sjó (siglingar, auðlindavinnsla á hafsbotni o.s.frv.). Því hafa íslensk stjórnvöld lagt mikla áherslu á að þjóðir heims gerðu samkomulag af einhverju tagi sem drægi úr mengun frá landsstöðvum. Af einstökum efnum hafa íslensk stjórnvöld lagt sérstaka áherslu á að bönnuð yrði losun allra lífrænna þrávirkra efna og losun geislavirkra efna. Nokkuð hefur miðað í átt að þessum markmiðum og í nóvember 1995 verður haldin alþjóðleg ráðstefna um varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum og hefur ríkisstjórnin og Alþingi samþykkt að síðasti undirbúningsfundur ráðstefnunnar verði haldinn í Reykjavík 6.–10. mars n.k. Íslensk stjórnvöld hafa tekið virkan þátt í undirbúningi þessarar ráðstefnu og leitt starf innan Norðurlandanna í sameiginlegum undirbúningi og samstöðumyndun. Þess er nú vænst að á ráðstefnunni í Washington verði samþykkt framkvæmdaáætlun sem muni á næstu árum draga umtalsvert úr mengun hafsins og sér í lagi þeirra efna sem hvað hættulegust eru lífríki hafsins.

Allt frá því að samstaða náðist á Ríó-ráðstefnunni um það að rétt væri að nýta á sjálfbæran hátt allar lifandi auðlindir hafsins, hafa stjórnvöld lagt áherslu á að reglur sem settar yrðu tryggðu þann rétt hvort sem er innan ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um veiðar á úthafinu eða samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika, sem tók gildi í lok árs 1994. Verður því starfi haldið áfram.

Nýting endurnýjanlegra orkugjafa er mál sem tengist nú fyrst og fremst samningnum um loftslagsbreytingar. Þar hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að sérstaða endurnýjanlegra orkulinda svo sem vatnsorku og sólarorku yrði metin í samanburði við kol, olíu og kjarnorku. Á þessum vettvangi er enn langt í land að alþjóðleg samstaða náist um að meta nýtingu kola, olíu og kjarnorku lakari fyrir umhverfið en hinar endurnýjanlegu orkulindir vegna efnahagslegra og stjórnmálalegra ástæðna.

6.2 Viðfangsefni og áherslur innanlands

Segja má að ástand umhverfismála hér á landi sé um margt ólíkt því sem gerist meðal flestra annarra vestrænna ríkja. Strjálbýli, eðli atvinnuhátta og nýting hreinna orkugjafa gera það að verkum að mengun er hér almennt álitin lítil og óvíða á landinu er að finna dæmi um alvarlega mengun. Sú stóriðja sem hér er er tiltölulega ung að árum og því þokkalega búin mengunarvörnum. Náttúra landsins, sér í lagi gróður þess er viðkvæmari en gengur og gerist almennt meðal vestrænna ríkja og krefst meiri varúðar, eins og merkin sýna. Fyrirsjáanlegar breytingar í nýtingu landsins kalla á skipulagðar fyrirliggjandi aðgerðir til þess að tryggja eðlileg skil verndar og nýtingar. Sérstaklega er mikilvægt að hraða skipulagi miðhálendis Íslands. Mikilvægi nýtingar á lifandi auðlindum hafsins skapar einnig sérstöðu Íslands meðal vestrænna þjóða. Hinsvegar eru neysluhættir og neyslustig hér mjög svipaðir því sem gerist meðal annarra vestrænna þjóða og kalla því í mörgum tilvikum á hliðstæðar aðgerðir í sorpförgun og frágangi fráveitna frá byggð.

Auk beinna aðgerða til umhverfisverndar er mikilvægt að treysta forsendur allrar ákvarðanatöku í umhverfismálum. Samræmd heildaryfirsýn umhverfismála í rikisstjórn Íslands er tiltölulega ný til komin. Í stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er því að finna atriði sem annarsvegar snúa að því að treysta grundvöll ákvarðana í umhverfismálum í framtíðinni og hinsvegar hrein framkvæmdamarkmið.

Á næstu árum leggja stjórnvöld höfuðáherslu á eftirtalin atriði:

- Að ljúka sem fyrst heildstæðri áætlun um umhverfisvöktun og koma föstu skipulagi á vistun og miðlun upplýsinga um umhverfismál.
- Að undirbúa gerð þjóðhagsstærða og reikninga sem taka mið af ástandi umhverfis og nýtingu náttúruauðlinda.
- Að því er varðar rannsóknir og þróun verði áhersla lögð á að efla grunnrannsóknir og vöktun á sviði umhverfismála.
- Umhverfismennt, fræðsla og umræður um umhverfismál verði aukin á öllum skólastigum og átak verði gert í fræðslu og upplýsingamálum til almennings.

Öll þessi atriði eiga að stuðla að því að styrkja grundvöll að ákvarðanatöku í framtíðinni. Þá er lögð áhersla á að auka notkun hagrænna stjórntækja svo sem umhverfisskatta og umhverfisgjalda til umhverfisverndar í stað boða og banna, sem oft er erfitt og kostnaðarsamt fyrir stjórnvöld að framfylgja.

Meðal helstu stefnumarkmiða að því marki að gera Ísland að hreinasta landi hins vestræna heims árið 2000 má nefna:

- Að draga sem mest úr notkun ósoneyðandi efna og ganga á undan þeim kröfum sem gerðar eru í því efni í Montrealbókuninni.
- Að staðbundin loftmengun og gróðurhúsaáhrif vegna innlendrar neyslu verði ekki meiri við lok aldarinnar en var á árinu 1990. Í þessum tilgangi verði stuðlað m.a.

að aukinni notkun raforku í stað olíu og kola í iðnaði og notkun hreinni tækni í iðnaði og samgöngum og að landgræðsla og skógrækt verði aukin.

Að hætt verði losun þungmálma, lífrænna þrávirkra efna og annarra spillefna í fráveitur sem fyrst.

Að förgun sorps um land allt verði sem fyrst komið í samræmi við gildandi kröfur um umhverfisvernd og allri opinni brennslu á sorpi hætt.

Að skipulagi verði komið á söfnun spillefna fyrir allt landið á árinu 1995.

Að stuðlað verði að því að framkvæmdir að úrbótum í frárennslismálum geti hafist sem fyrst og þeim verði lokið um allt land eigi síðar en árið 2005.

Að dregið verði úr sorpi til förgunar um 50% fyrir aldamót m.a. með aukinni endurnýtingu, endurvinnslu og minni norkun umbúða.

Að bættur verði viðbúnaður vegna hugsanlegra mengunaróhappa í íslenskri lögsögu og skipulagður viðbúnaður í öllum höfum landsins fyrir árslok 1995.

Að nýting náttúruauðlinda til lands og sjávar verði sjálfbær sem fyrst. Aðgerðir miðist við það að hámarka afkastagetu allra fiskistofna fyrir aldamót og á landi að stöðva frekari gróður- og jarðvegseyðingu fyrir þann tíma.

Að unnið verði að því að fjölga þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og náttúruminjum.

7. Yfirstjórn umhverfismála og umhverfismálalöggjöf á Íslandi

7.1 Hugtakið umhverfisvernd og markmið umhverfisverndarlöggjafar

Markmið umhverfisverndar hefur verið skýrt svo að það sé að tryggja íbúum jarðar þau gæði lofts, láðs og lagar sem gefi möguleika til bestu lífsskilyrða til lengri tíma litið. Skýring á hugtakinu umhverfis-vernd liggur til grundvallar réttar- og stjórnunarreglum á sviði umhverfismála en löggjöf á þessu sviði er fyrst og fremst ætlað að vera tæki til mótunar stefnu innan málaflokksins. Hlutverk umhverfislöggjafar er því að skipa fyrir með réttarreglum hvernig taka beri tillit til umhverfisins og eiginleika þess með hliðsjón af því lífi sem þar hrærist. Umhverfisréttur getur þar að auki haft áhrif á stjórnarskrárbundinn rétt einstaklinganna þ.e.a.s. sett hömlur á sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Umhverfislöggjöf tekur fyrst og fremst hliðsjón af velferð einstaklinganna sbr. Stokkhólmssáttmálann frá 1972 sem er grundvöllur alþjóðasamstarfs á sviði umhverfismála.

Umhverfislöggjöf er að meginstefnu ætlað annars vegar að draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfið svo sem mengun og hins vegar að viðurkenna lífsskilyrði sem meginundirstöðu mannréttinda. Hugtakið umhverfi er skýrt mjög rúmt og tekur yfir líffræðileg, efnafræðileg og félagsleg atriði sem geta haft áhrif á heilbrigði manna og málleysingja og skiptir ekki máli hvort áreiti beinist að einstaklingum eða hópum.

Umhverfisréttur byggist á því að tekið sé tillit til langtímanota náttúruauðæfa og að gæði þrjóti ekki (sjálfbær þróun), verndun vatns, andrúmslofts, loftslags o.s.frv. Til þess að umhverfismálaréttur þjóni tilgangi sínum er því nauðsynlegt að kveða á um hráefnisöflun, vinnslu hráefnis, allt er tengist náttúru- og menningarverðmætum og úrbætur þar sem þeirra er þörf. Kveða þarf á um rannsóknir á gæðum umhverfis náttúru og magni. Löggjöf beinist fyrst og fremst að eftirfarandi:

1. Alþjóðlegri áætlanagerð.
2. Verndarstarfi.
3. Alþjóðlegri samvinnu.

7.2 Yfirstjórn umhverfismála

Heildarlöggjöf um umhverfismál er ekki fyrir hendi hér á landi. Umhverfismál heyra undir nokkur ráðuneyti í Stjórnrráði Íslands. Veigamesti málaflokkurinn er í höndum umhverfisráðuneytis en jafnframt heyra veigamiklir málaflokkar undir landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti fara með afmarkaða þætti og utanríkisráðuneytið með öll umhverfismál innan varnarsvæða.

Umhverfisráðuneytið fer með mál er varða:

1. Náttúruvernd, friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra og eflingu alhliða umhverfisverndar. Stofnanir ráðuneytisins á þessu sviði eru Náttúruverndarráð og Embætti veiðistjóra.
2. Varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu og endurvinnslu hvers konar, úrgangs úr byggð og frá atvinnuvegum. Stofnanir ráðuneytisins á þessum vettvangi eru Hollustuvernd ríkisins og mengunardeild Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit. Um er að ræða almennt heilbrigðiseftirlit, matvælaeftirlit, eiturefnaeftirlit og eftirlit með neysluvörum og vöruskráningu. Á vegum ráðuneytisins starfa Hollustuvernd ríkisins á þessu sviði sem hefur yfirumsjón með eftirlitinu en sjálft eftirlitið er á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna.
4. Skipulags- og byggingarmál, gerð landnýtingaáætlana og mál er varða landmælingar. Á vegum ráðuneytisins starfa á þessum vettvangi Skipulag ríkisins og Landmælingar Íslands.
5. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samvinnu og samráði við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar og alþjóðasamvinna á því sviði. Stofnanir ráðuneytisins á þessu sviði eru Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.
6. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
7. Frumkvæði að samræmingu og aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengunar.
8. Alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála.

Landbúnaðarráðuneyti fer með eftirtalin málefni á umhverfismálasviði:
1. Landbúnað og ræktun.
2. Veiði í ám og vötnum.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn ferða- og samgöngumála.

Heilbrigðisráðuneytið fer með málefni Geislavarna ríkisins.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn rannsóknarstarfsemi þ.á m. Rannsóknarráðs Íslands sem m.a. stendur fyrir umhverfisrannsóknum.

Utanríkisráðuneytið fer með öll málefni innan varnarsvæða og gegnir þar hlutverki umhverfisráðuneytis.

7.3 Lög um umhverfismál

Umhverfisráðuneytið

Almenn lög:

Lög um náttúruvernd nr. 47/1971 með síðari breytingum.
Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum.
Skipulagslög nr. 19/1964 með síðari breytingum.
Byggingarlög nr. 44/1978 með síðari breytingum.
Lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993.
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993.
Dýraverndarlög nr. 15/1994.
Lög nr. 24/1936 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara með síðari breytingum.

Sérlög:

Lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 62/1994.
Lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 36/1974.
Lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands.
Lög nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
Lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1988 með síðari breytingum.
Lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.
Lög nr. 20/1972 um bann við losun hættulegra efna í sjó.
Lög nr. 14/1979 um heimild fyrir ríkissjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.
Lög nr. 102/1990 um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.
Tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Landbúnaðarráðuneytið
Vatnalög nr. 15/1923 gr. 83-85 um óhreinkun vatns.
Lög nr. 3/1955 um skógrækt með síðari breytingum.
Lög nr. 22/1966 um viðauka við lög nr. 3/1955 um skógrækt.
Lög nr. 17/1965 um landgræðlsu.

Samgönguráðuneytið
Lög nr. 79/1985 um ferðamál.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Lög nr. 117/1985 um geislavarnir.

Menntamálaráðuneytið
Lög nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
Lög nr. 61 /1994 um Rannsóknarráð Íslands.

Utanríkisráðuneytið
Lög nr. 105/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl.

Lög um stofnanir, nefndir og ráð á vegum umhverfisráðuneytisins
Veðurstofa Íslands, lög nr. 30/1985.
Landmælingar Íslands, lög nr. 31/1985.
Náttúrufræðistofnun Íslands, lög nr. 60/1992.
Náttúrustofur í kjördæmum, lög nr. 60/1992.
Náttúruverndarráð, lög nr. 47 /1971.
Hollustuvernd ríkisins, lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum.
Mengunardeild Siglingamálastofnunar ríkisins, lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.
Embætti Veiðistjóra, lög nr. 62/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Skipulag ríkisins, lög nr. 19/1964 með síðari breytingum.
Dýraverndarráð, lög nr. 15/1994 um dýravernd.
Ráðgjafanefnd, um villt dýr lög nr. 62/1994.

8. Umhverfisráðuneytið

Umhverfisráðuneytið var stofnað árið 1990. Með stofnun þess voru stjórnvöldum sköpuð skilyrði til að móta og framfylgja heildstæðri stefnu í umhverfismálum. Markmiðið með ráðuneyti fyrir umhverfismál er að styrkja almenna umhverfisvernd, efla samvinnu ráðuneyta og stofnana er vinna að þessum málaflokki og stuðla að virkri þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi á sviði umhverfismála.

Umhverfisráðuneytið starfar samkvæmt reglugerð forseta Íslands um Stjórnarráð Íslands. Ráðuneytið fer með mál er varða náttúruvernd, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, dýravernd, eftirlit með og stjórnun á stofnstærð villtra dýra, umhverfisrannsóknir og vöktun, landmælingar og kortagerð, skipulags- og byggingarmál, varnir gegn mengun og fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála. Þá ber ráðuneytinu að fara með friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar í samráði við landbúnaðarráðherra og með alþjóðleg samskipti í umhverfismálum í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Ráðuneytinu er ennfremur ætlað að samræma opinberar aðgerðir í umhverfismálum, þar á meðal þær sem snerta starfssvið annarra ráðuneyta, einstakra stofnana og sveitarfélaga.

Enn hefur ekki verið sett heildarlöggjöf um umhverfismál hér á landi en í gildi eru fjölmörg lög og reglugerðir sem taka til mismunandi þátta. Á vegum ráðuneytisins er unnið að endurskoðun og samræmingu löggjafar á sviði umhverfismála þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi og verndun verður meginreglan. Á grundvelli stefnumótunar í umhverfismálum er verið að vinna að framkvæmdaáætlun um þróun umhverfismála fram til aldamóta.

Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess bera ábyrgð á fræðslu og miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings. Þessu verkefni er m.a. sinnt með útgáfu fræðsluefnis um umhverfismál, fræðslufundum og ráðstefnum á sviði umhverfismála. Umhverfisráðuneytið vinnur einnig að því, í samvinnu við menntamálaráðuneytið, að efla og styrkja umhverfisfræðslu í skólum.

8.1 Náttúru- og dýravernd

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála. Meðal verkefna á sviði náttúruverndar eru friðlýsing lands og umsjón þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra og dýravernd. Ráðuneytinu ber einnig að fara með mál er varða friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar í samráði við landbúnaðarráðuneytið. Stofnanir ráðuneytisins á þessu sviði eru Náttúruverndarráð, embætti veiðistjóra ríkisins, dýraverndarráð, hreindýraráð og ráðgjafarnefnd um villt dýr.

Náttúruverndarráð

Náttúruverndarráð starfar samkvæmt lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd, lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í ofangreindum lögum. Jafnframt starfar Náttúruverndarráð í samræmi við ákvæði annarra laga og reglugerða, t.d. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994.

Hlutverk Náttúruverndarráðs er einkum að stuðla að almennri náttúruvernd, eiga frumkvæði að friðlýsingu náttúruminja og undirbúa þau mál, hafa forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins, hafa eftirlit með náttúru landsins, einkum friðlýstum og vernduðum svæðum, hafa eftirlit með mannvirkjagerð og gefa umsagnir eða álit vegna mannvirkjagerðar og jarðrasks.

Í Náttúruverndarráði eiga sæti sjö aðalmenn og sjö til vara og er ráðið kosið á þriggja ára fresti af Náttúruverndarþingi. Þingið kýs sex aðalmenn og sex til vara en ráðherra skipar tvo fulltrúa, þ.e. formann og varaformann. Náttúruverndarráð kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði.

Aðalskrifstofa stofnunarinnar er í Reykjavík. Þar starfa sex manns í fullu starfi og þrír í hlutastarfi. Jafnframt eru tveir þjóðgarðsverðir starfandi annar, í þjóðgarðinum í Skaftafelli og hinn í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Auk þessa eru átta eftirlitsmenn (verktakar) víðsvegar um landið og er hlutverk þeirra fyrst og fremst að hafa eftirlit með mannvirkjagerð. Yfir sumarmánuðina starfa landverðir í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum. Síðastliðið sumar voru þeir um þrjátíu talsins.

Fyrir utan lögbundin verkefni sem berast Náttúruverndarráði til afgreiðslu á hverjum tíma er áhersla lögð á að fjölga friðlýstum svæðum og hafa fjögur svæði verið friðlýst á þessu ári og nokkur friðlýsingarmál eru í lokavinnslu. Einnig er lögð áhersla á fræðslu; m.a. var gestastofa við Gullfoss opnuð 19. júní sl., undirbúningur gestastofu í Mývatnssveit stendur yfir og bæklingur um Hveravelli verður gefinn út bráðlega. Loks má nefna gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði en áætlun fyrir Jökulsárgljúfur lýkur á næsta ári.

Veiðistjóri ríkisins

Hlutverk veiðistjóraembættisins er skilgreint í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, nr. 64/1994. Það er að:

- Hafa umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum. Fyrst og fremst er um að ræða refi, minka og hreindýr en einnig ýmsa fulga sem tjóni geta valdið, svo sem nokkrar máfategundir og hrafna.
- Stunda eða láta stunda hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar stofnanir eða einstaklinga.
- Leiðbeina þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Embættið rekur m.a. hundabú til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda.
- Sjá um útgáfu veiðikorta og birta árlega yfirlit um veiðar á villtum dýrum.
- Vera umhverfisráðuneytinu til ráðgjafar um hvaðeina er viðkemur starfssviði embættisins.

Rannsóknir embættisins að undanförnu hafa aðallega beinst að áætlun stofnstærða refa, hreindýra og sílamáfa og þeim þáttum er hafa áhrif á viðkomu og vanhöld þeirra. Í undirbúningi eru rannskóknir á fari refa, minnka og hreindýra. Þá hefur töluverður tími að undanförnu farið í undirbúning útgáfu veiðikorta.

Við embættið starfa nú þrír menn í fullu starfi (tveir líffræðingar og einn leiðbeinandi), einn í 60% starfi (hundahirðir), einn í 20% starfi (fjármálastjóri) og einn í 10% starfi (bókavörður).

Hreindýraráð

Hreindýraráð er skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn skv. 14. grein laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Hlutverk ráðsins er einkum að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um hvaðeina er viðkemur friðun, vernd og nýtingu og rannsóknum á hreindýrastofninum. Einnig að sjá um sölu veiðileyfa, útvega eftirlitsmenn með veiðum, skipta veiðiheimildum milli sveitarfélaga og að skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra milli sveitarfélaga. Þá ber hreindýraráði að sjá um að reglugerð og stjórn hreindýraveiða sé fylgt. Hreindýraráð hélt tvo fundi á árinu. For-

maður er Hákon Hansson, dýralæknir, en varaformaður Sigurður Á. Þráinsson, líffræðingur.

Ráðgjafarnefnd um villt dýr
Ráðgjafarnefnd um villt dýr starfar skv. lögum nr. 64/1994 og var sett á laggirnar með skipunarbréfi umhverfisráðuneytisins, dags. 28. júní 1994. Nefndin skal vera til ráðgjafar við umsjón allra mála er varða vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum. Formaður er Ævar Petersen og varaformaður Kristinn H. Skarphéðinsson. Nefndin hefur haldið 15 fundi það sem af er starfstímabilinu og einkum unnið að samningu á drögum að reglugerðum sem nauðsynlegt er að setja við ofangreind lög. Ein reglugerð er þegar komin á, Reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum (nr. 456/1994).

8.2 Landmælingar, skipulags- og byggingarmál
Umhverfisráðuneytið hefur yfirumsjón með landmælingum og kortagerð og yfirstjórn skipulags- og byggingarmála. Meðal verkefna á þessu sviði eru landmælingar, loftljósmyndun, kortlagning, kortagerð, útgáfa og endurskoðun korta af Íslandi og söfnun upplýsinga um örnefni. Einnig má nefna gerð landfræðilegra upplýsingakerfa og umsjón með löggjöf um landnotkun og byggingareftirlit. Ráðuneytið staðfestir skipulagsáætlanir sveitarfélaga og fjallar um erindi er varða byggingarreglugerð og byggingareftirlit í landinu. Stofnanir ráðuneytisins sem vinna á þessu sviði eru Landmælingar Íslands og embætti Skipulagsstjóra ríkisins.

Landmælingar Íslands
Landmælingar Íslands starfa samkvæmt lögum nr. 31/1985, 47/1990. Í lögunum er verksviðinu lýst og samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í fimm deildir auk yfirstjórnar. Starfrækt er sérverslun með kort og afgreiðsla á fjarkönnunargögnum. Landmælingar Íslands sjá um landfræðilegar og staðfræðilegar grundvallarmælingar til kortagerðar og kortagerð. Taka og vinnsla loftmynda og skráning fjarkönnunargagna er stór þáttur í starfseminni. Landmælingar Íslands eru í samstarfi við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum og í Evrópusambandi kortastofnana (CERCO) og fjarkönnunarstofnana. Samstarfið nær til sölu og markaðsmála, höfundarréttar o.fl.

Helstu verkefni:
- Nýtt grunnstöðvanet mælt með GPS-mælingum og tenging þess við eldri mælingar.
- Uppsetning GPS-mælistöðvar á Höfn.
- Mælingar á landshæðarneti.
- Reglubundin loftmyndataka: byggð landsins á fimm ára fresti og aðrir hlutar á 10 ára fresti.
- Stafræn úrvinnsla gervitunglamynda og notkun þeirra við kortagerð.
- IS-50 kortagerð, af 197 kortum eru 102 útgefin, vinnslulok áætluð árið 1996.
- IS-250 kortagerð af 9 kortblöðum en lokið er við 5, unnið er að næstu tveimur.
- Endurskoðun ferðakorts IS-500.
- Margvísleg þemakort eru í vinnslu.

Við endurskoðun, nýkortagerð og örnefnaskráningu er stöðugt meira notast við tölvuvætt framleiðsluferli og gögn sett á stafrænt form. Aukin þörf á landfræðilegum upplýsingum kallar á aukna skráningu og söfnun gagna fyrir upplýsingaþjónustu. Fjöldi sérverkefna til aðila utan stofnunarinnar er 1100 á árinu og í kortasölu 7500

söluafgreiðslur, þar með afgreiðsla til 240 kortaendurseljenda innanlands og 70 erlendis.
Fjöldi starfsmanna er 31.

Skipulagsstjórn ríkisins
Í skipulagsstjórn sitja Húsameistari ríkisins, Vegamálastjóri ríkisins Vita- og hafnamálastjóri ríkisins, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi skipaður af umhverfisráðherra án tilnefningar. Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu þar sem hún telur þess þörf og vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er skipulagsmál varðar. Þá fer skipulagsstjórn með stjórn skipulagsmála eftir því sem segir í skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum.

Skipulagsstjórn fundar að jafnaði á hálfs mánaðar fresti. Árið 1992 var skráður fjöldi erinda fyrir skipulagsstjórn 297 og 387 árið 1993. Á árinu 1994 hefur skipulagsstjórn fjallað um rúmlega 400 mál. Helstu mál eru heimildir til auglýsingar skipulagsáætlana, afgreiðsla til staðfestingar ráðherra, staðfesting samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga, umsagnir um kærur samkvæmt 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga, umsagnir um löggildingu hönnuða og mál er varða skipulag og byggingu sumarbústaða.

Skipulagsstjóri ríkisins
Skipulagsstjóri fer í umboði umhverfisráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmd skipulagslaga og byggingarlaga. Auk þess annast skipulagsstjóri framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum. Embættið skiptist í 5 deildir: skipulagsdeild, byggingardeild, mat á umhverfisáhrifum, þróunardeild og skrifstofu- og þjónustudeild.

Skipulagsstjóri annast ráðgjöf, leiðbeiningar og eftirlit með gerð og framkvæmd skipulagsáætlana sveitarfélaga, eftirlit með störfum byggingarnefnda og athuganir og úrskurði í mati á umhverfisáhrifum. Auk þess undirbýr embættið fundi skipulagsstjórnar ríkisins sem eru á hálfs mánaðar fresti. Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu og útgáfu leiðbeiningarrita. Þannig hafa t.d. verið gefin út 3 leiðbeiningarrit um gerð skipulagsáætlana; svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Helstu verkefni sem unnið er að um þessar mundir er útgáfa leiðsagnarreglna um mat á umhverfisáhrifum, svæðisskipulagsáætlanir, þ.m.t. svæðisskipulag miðhálendisins, og undirbúningur að landsskipulagsgagnasafni í landfræðilegu upplýsingakerfi. Þá hafa nýlega verið haldnir fyrstu 2 af 16 kynningarfundum sem ráðgerðir eru í vetur með sveitarstjórnum um umhverfismál. Þessir fundir eru samstarfsverkefni Skipulagsstjóra ríkisins, Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins.

Starfsmenn embættisins eru 16.

8.3 Mengunarvarnir
Umhverfisráðuneytið annast málefni er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi. Ennfremur sér ráðuneytið um málefni er varða meðhöndlun, viðunandi förgun og endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnustarfsemi. Umhverfisráðuneytið hefur samráð og samvinnu við sveitarfélög og fyrirtæki um framkvæmd umhverfismála á þessu sviði. Stofnanir ráðuneytisins sem sinna mengunarvörnum eru Hollustuvernd ríkisins og mengunarsvið Siglingamálastofnunar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins
Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvarnaeftirliti, eiturefnaeftirliti og rannsóknum sem þessu eru tengdar, skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988. Starf Hollustuverndar beinist að því að vernda þau lífs-

skilyrði sem felast í ómenguðu umhverfi, þrifalegum híbýlum, heilnæmum matvælum og skaðlausum nauðsynjavörum. Stofnunin sér um framkvæmd nær allra laga og reglugerða er varða matvæli og mengunarvarnir í landinu; ber þar hæst heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð. Með lögum nr. 54/1994, sem tóku gildi þann 1. júní s.l., heyrir öll starfsemi stofnunarinnar undir umhverfisráðherra. Starfseminni er skipt í fjögur fagsvið, matvæla- og heilbrigðissvið, mengunarvarnasvið, eiturefnasvið og rannsóknastofu, auk almennrar skrifstofu.

Verkefni tengd EES-samningnum hafa verið efst á baugi hjá stofnuninni um nokkurt skeið. Unnið er að frágangi og gildistöku tilskipana ESB á matvæla- og eiturefnasviði. Á mengunarvarnasviði koma til framkvæmda ýmis ákvæði EES-tilskipana sem tekið hafa gildi hér á landi og á matvælasviði taka gildi kröfur um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum.

Að mati yfirstjórnar stofnunarinnar hefur mikið álag vegna alþjóðamála og stjórnsýslu beint starfinu um of frá innlendum verkefnum. Þess vegna hefur verið lögð áhersla á að yfirumsjónar- og fræðsluhlutverk stofnunarinnar verði eflt og að efna- og gerlarannsóknir á matvælum verði í auknum mæli í formi rannsóknaverkefna og úttekta auk hefðbundinna þjónustumælinga.

Fjöldi heilsársstarfa er um 34 en starfsmenn á launaskrá í árslok 1994 voru 40.

Mengunardeild Siglingamálastofnunar

Mengunardeild Siglingamálastofnunar starfar í samræmi við lög nr. 20/1986 um Siglingamálastofnun ríkisins sem heyrir undir samgönguráðuneytið. Umhverfisráðherra fer þó með yfirstjórn mála er heyra undir 7. tölulið 2. greinar þessara laga, en þar segir: „7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykktir og samninga er Ísland er aðili að.“ Verksvið deildarinnar er framkvæmd laga og reglna um varnir gegn mengun sjávar, flutningi á hættulegum varningi og köfun.

Stærstu verkefnin innanlands árið 1994 hafa verið: Eftirlit og setning reglna með mengunarvörnum í skipum og hættulegum varningi, uppbygging mengunarvarnabúnaðar, þar með talin gerð viðbragðsáætlana, og yfirumsjón með umhverfisvöktun hafsins.

Síðast en ekki síst hefur deildin umsjón með margháttuðum alþjóðasamningum og erlendu samstarfi sem Ísland hefur skuldbundið sig til að sinna á sviði umhverfisverndar hafsins. Þar ber hæst undirbúning fyrir samningafund hér í Reykjavík vegna væntanlegrar framkvæmdaáætlunar SÞ um varnir gegn mengun hafsins frá landstöðvum. Starfsmenn deildarinnar eru 5, þar af einn í tímabundnum verkefnum.

8.4 Rannsóknir

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með umhverfisrannsóknum, þar á meðal undirstöðurannsóknum á náttúru landsins, dýrum, gróðri og jarðfræði, svo og hagnýtum rannsóknum á sviði stofnstærðar dýra og umhverfisáhrifa; ennfremur umhverfisvöktun og eftirlit með breytingum á ástandi umhverfisins. Rannsóknir á sviði veðurfræði og almenn veðurþjónusta heyra undir umhverfisráðuneytið. Hér má m.a. nefna veðurmælingar, veðurspár og rannsóknir á hafís og jarðskjálftum. Rannsóknir á ástandi andrúmsloftsins, svo sem mælingar á ósonlaginu, gróðurhúsaáhrifum, mengun í lofti og áhrifum hennar á umhverfið, falla einnig hér undir. Stofnanir ráðuneytisins á þessu sviði eru Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Rannsóknarstöð við Mývatn, auk embættis veiðistjóra og Hollustuverndar ríkisins sem áður eru nefnd.

Veðurstofa Íslands

Samkvæmt lögum er hlutverk Veðurstofu Íslands að annast veðurþjónustu á landi, sjó

og í lofti auk þess að vakta snjóflóð, hafís og jarðskjálfta. Þá skal Veðurstofan stunda rannsóknir á veðurfari landsins og veita stjórnvöldum ráðgjöf í þeim málaflokkum sem starfsemi stofnunarinnar nær yfir. Veðurstofan skiptist í fjögur meginsvið: tækni- og athuganasvið, úrvinnslu- og rannsóknasvið, þjónustusvið og jarðeðlissvið. Fastir starfsmenn eru um 70 auk um 130 athugunarmanna víðs vegar um landið. Velta stofnunarinnar á árinu 1993 var 312 m.kr. en tekjur af þjónustu við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) voru um 73 m.kr.

Síðustu ár hefur Veðurstofan tekið á sig aukin verkefni á sviði umhverfismála, m.a. í samvinnu við erlenda aðila. Má þar nefna athuganir á ósoni, koltvísýringi og ýmsum þungmálmum í andrúmslofti, auk brennisteinssambanda í úrkomu. Helstu áherslur í starfsemi Veðurstofunnar eru efling og breyting veðurþjónustunnar með það að markmiði að þjónusta miðist meira við þarfir einstakra hópa, sem leita í vaxandi mæli eftir sérhæfðri þjónustu. Þá er stefnt að því að auka þróunar- og rannsóknastarfsemi eftir því sem tök eru á. Veðurstofan tekur þátt í mörgum fjölþjóðlegum veðurfarsrannsóknaverkefnum og má nefna þau helstu:

Gæðarannsóknir, gagnasamræming og veðurfarsmat í svonefndu „North Atlantic Climatological Dataset" (NACD) verkefni.

Skráning hafísupplýsinga frá fyrstu 25 árum aldarinnar með styrk frá bresku Leverhulme- stofnuninni.

Hegðun sjávar á mörkum heimskautasvæða og tempraðra svæða, sem er þáttur í svonefndu ESOP-verkefni.

Þá tekur Veðurstofan þátt í samevrópsku verkefni um tölvuspár, HIRLAM, og hefur þar það hlutverk að reyna ákveðnar hugmyndir um orkubúskap fárviðrislægða á raunverulegum lægðum sem gengið hafa hér yfir.

Veðurstofan ásamt Orkustofnun tók þátt í samnorrænu verkefni um veðurfarsbreytingar og vatnsorkuframleiðslu. Settar voru upp líklegar breytingar á veðurfari vegna gróðurhúsaáhrifa og áhrif slíkra breytinga á vatnsorkuframleiðslu athuguð. Einnig fór fram talsverð vinna á Veðurstofunni við samanburð á veðurfarslíkani Max-Planck veðurfræðirannsóknastöðvarinnar í Hamborg og raunverulegu veðurfari við Ísland.

Náttúrufræðistofnun Íslands

Stofnunin er byggð upp af tveimur setrum, í Reykjavík og á Akureyri, auk skrifstofu forstjóra. Yfir hvoru setri er forstöðumaður sem annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á honum gagnvart forstjóra.

Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint í 4. gr. laga nr. 60/1992. Stofnunin skal stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún skal varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins. Stefnt er að því að koma upp öflugum gagnabanka sem geymi ítarlegar upplýsingar um náttúru landsins á aðgengilegu formi.

Eitt af meginverkefnum Náttúrufræðistofnunar er að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu jurta- og dýrategunda. Jafnframt er stofnuninni gert að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru. Stofnunin skal m.a. varðveita skýrslur íslenskra og erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins og halda saman upplýsingum um náttúruna sem aðrar opinberar stofnanir geta látið í té. Í lögunum er kveðið á um skyldu stofnunarinnar til að veita aðgang að gögnum. Þar er einnig gert ráð fyrir að hún leiðbeini um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoði við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum landnotkunar á náttúruna.

Á síðasta ári var unnið að endurskoðun á allri starfsemi stofnunarinnar í ljósi nýrra laga. Jafnframt voru drög lögð að fyrstu rannsóknaáætlun stofnunarinnar. Í þeim tillögum sem mótaðar hafa verið er gert ráð fyrir að öflugur og aðgengilegur gagnabanki verði kjölfestan í starfsemi stofnunarinnar eins og lög kveða á um.

Í rannsóknaáætluninni er meginhersla lögð á að skrá kerfisbundið hvaða tegundir dýra, jurta og örvera eru á Íslandi, lifandi eða steingerðar, og hvaða bergtegundir og steindir finnast á landinu. Jafnframt að kanna magn og útbreiðslu með skipulegum hætti. Grunngögn verða skráð skipulega í gagnabanka og gerð aðgengileg, t.d. með útgáfu á tékklistum, válistum og kortum (m.a. útbreiðslukort, gróðurkort, berggrunnskort og jarðgrunnskort). Einnig er mikil áhersla lögð á að skrá kerfisbundið kjörlendi og búsvæði dýra, jurta og örvera og að flokka gróðurlendi og skrá þau. Stofnstærðir dýra verða metnar og ástand stofna og kannaðir verða lífshættir og vistfræði ákveðinna dýrategunda. Meðal annarra verkefna má nefna landnám nýrra tegunda, uppruna flóru og fánu landsins, framvindu gróðurs, landmótunarferli og söfnun heimilda um ýmislegt er varðar náttúru landsins.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Stjórn Náttúrurannsóknastöðvarinnar er stjórnvöldum til ráðuneytis um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Stöðin sér um að framkvæmdar verði þær rannsóknir sem eru nauðsynlegur grundvöllur verndunar Mývatns og Laxár og er stjórnvöldum til ráðgjafar um allt það er lýtur að náttúruvernd í Skútustaðahreppi og í og meðfram Laxá til sjávar. Stöðin veitir einnig náttúrufræðingum aðstöðu til rannsókna á svæðinu.

Stjórn Náttúrurannsóknastöðvarinnar er skipuð af umhverfisráðherra skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Náttúruverndarráðs (formaður), raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landeigendafélags Mývatns og Laxár og Skútustaðahrepps. Formaður er Gísli Már Gíslason og Dr. Árni Einarsson er fastráðinn sérfræðingur við stöðina.

8.5 Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðasamstarf ráðuneytisins og stofnana þess lýtur að framkvæmd alþjóðasamninga, þátttöku í alþjóðastofnunum og öðrum alþjóðlegum verkefnum á sviði umhverfismála. Umhverfisráðuneytið hefur með höndum samstarf við Norðurlöndin um umhverfismál. Þar má nefna þátttöku Íslands í embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar og undirnefndum hennar. Ráðuneytið tekur einnig þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins, Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðastofnana og sér um umhverfisþætti EES-samningsins. Ráðuneytið hefur jafnframt umsjón með framkvæmd allra alþjóðlegra umhverfisverndarsamninga sem Ísland er aðili að. Þá fer ráðuneytið með þátttöku Íslands í starfi ýmissa milliríkjanefnda, svo sem í umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Rovaniemi-samstarfinu um vernd umhverfis á norðurslóðun.

9. Heimildaskrá

1. Þorleifur Einarsson 1966. Þættir úr loftslagssögu Íslands. Veðrið 2. hefti. Bls. 47-53.
2. Páll Bergþórsson 1988. The effects of climatic variationon agriculture in Iceland. Section 1, Introduction. Í The impact of climatic variations on agriculture, vol. 1: Assessments in cool temperate and cold regions (ritstj. M.L. Parry, T.R. Carter, N.T. Konijn. Kluver Academic Publishers, Dordrecht. Bls. 389-414.
3. Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1995. Áhrif búsetu á landið. Vísindafélag Íslendinga. Greinar (í prentun).
4. Margrét Hallsdóttir 1992. Gróðurfar fyrir landnám. Í Ásýnd Íslands, fortíð - nútíð - framtíð (ritstj. Hreggviður Norðdahl). Landvernd, Reykjavík. Bls. 13-17.
5. Steindór Steindórsson 1994. Gróðurbreyting frá landnámi. Í Gróður, jarðvegur og saga. Rit Landverndar 10. Bls. 11-51.
6. Ólafur Ingólfsson 1984. Æðarfuglsbein í Melabökkum. Náttúrufræðingurinn 53. Bls. 97-100.
7. Buckland P.C., D.W. Perry, Gísli M. Gíslason & A.J. Dugmore 1986. The pre-Landnám fauna of Iceland: a palaeontological contribution. Boreas 15. 173-184.
8. Árni Einarsson 1991. Lífríki í 2000 ár. Í Náttúra Mývatns (ritstj. Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson). Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík. Bls. 321-336.
9. Sigurður Þórarinsson 1955. Nákuðungslögin við Húnaflóa í ljósi nýrra aldursákvarðana. Náttúrufræðingurinn 25. Bls. 172-186.
10. Sigurður Þórarinsson 1974. Sambúð lands og lýðs í ellefu hundruð aldir. Í Saga Íslands I (ritstj. Sigurður Líndal). Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélagið, Reykjavík. Bls. 29-97.
11. Páll Bergþórsson 1987. Veðurfar á Íslandi. Í Íslensk þjóðmenning I, Uppruni og umhverfi (ritstj. Frosti F. Jóhannesson). Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík. Bls.195-225.
12. Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1992. Aldahvörf í ásýnd Íslands. Í Ásýnd Íslands, fortíð - nútíð - framtíð (ritstj. Hreggviður Norðdahl). Landvernd. Reykjavík. Bls. 31-34.
13. Ólafur Arnalds 1994. Holklaki, þúfur og beit. Græðum Ísland, Landgræðslan 1993-1994. Árbók V. Bls. 115-120.
14. Ása L. Aradóttir, Ólafur Arnalds og Steve Archer 1992. Hnignun gróðurs og jarðvegs. Græðum Ísland. Landgræðslan 1991-1992. Árbók IV. Bls. 73-82.
15. Hörður Kristinsson 1994. Uppruni íslensku flórunnar. Erindi flutt á ráðstefnu í Borgartúni 6, Reykjavík, 21. mars 1994.
16. Finnur Guðmundsson 1952. Íslenskir fuglar IV. Fýll (Fulmarus glacialis (L.)). Náttúrufræðingurinn 52. Bls. 177-180.
17. Jón Guðmundsson 1966. Ein stutt undirriettning um Íslands adskiljanlegar náttúrur. Í Halldór Hermannsson: Jón Guðmundsson and his natural history of Iceland. Islandica 15, 77 bls.
18. Árni Einarsson 1980. Hvalir. Villt spendýr. Rit Landverndar 7. Bls. 19-48.
19. Karl Skírnisson 1992. Nagdýr á Íslandi. Í Villt íslensk spendýr (ritstj. Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson). Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd, Reykjavík. Bls. 327-346.
20. Páll Imsland 1987. Öræfajökull, brot úr jarðfræði og jarðsögu eldfjallsins. Ferð í Öræfi 9.-12. júlí 1987. Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík. Bls. 14-15.
21. Haukur Jóhannesson 1994. Heklugosið 1510. Skaðvaldur í byggðum Suðurlands. Skjálftastefna 30. apríl 1994. Ágrip. Rannsóknir á jarðfr. og jarðskj. Suðurlands. Bls. 6-7.
22. Sigurður Þórarinsson 1968. Heklueldar. Sögufélagið, Reykjavík, 185 bls.
23. Umhverfisráðuneytið 1994. Stafræn staðfræðikort, gróðurkort og landfræðileg upplýsingakerfi. Tilraunaverkefni umhverfisráðuneytisins 1992-1993.
24. Þorvaldur Bragason og Magnús Guðmundsson 1994. Loftmyndir. avs Arkitektúr verktækni skipulag 15. árg. 4. tbl. Bls. 71-74.
25. Landmælingar Íslands 1994. Loftmyndir af Íslandi 1994. Ný myndavél – aukin myndgæði. Fjarkönnun, fréttabréf nr. 6, desember 1994.
26. Þorvaldur Bragason og Magnús Guðmundsson 1991. Gervitunglamyndir af Íslandi í umhverfisrannsóknum og kortagerð. Arkitektúr og skipulag 12. árg. 2. tbl. Bls. 87-90.
27. Sveinn Pálsson 1945. Ferðabók, dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Undirbúin til prentunar af Jóni Eyþórssyni, Snælandsútgáfan Reykjavík, 813 bls.
28. Guðmundur Kjartansson 1943. Jarðsaga. Árnesinga saga I. Reykjavík. Bls.1-250.
29. Guðmundur Kjartansson 1945. Vatnsfallategundir. Náttúrufræðingurinn 15. Bls. 113-126
30. Sigurjón Rist 1956. Íslensk vötn I. Raforkumálastjóri, Reykjavík, 127 bls.
31. Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. Menningarsjóður, Reykjavík, 248 bls.
32. Siguðrur Þórarinsson og Kristján Sæmundsson 1979. Volcanic activity in historical time. Jökull 29. Bls. 29-32.
33. Sveinn P. Jakobsson 1979. Outline of the petrology of Iceland. Jökull 29. Bls. 57-73.

34. Haukur Tómasson 1986. Glacial and volcanic shore interactions. Part I: On land. Í Iceland Costal and River Symposium Proceedings (ritstj. Guttormur Sigbjarnarson) Háskóli Íslands o. fl. Reykjavík. Bls. 7-16.
35. Sigurður R. Gíslason og Stefán Arnórsson 1988. Efnafræði árvatns á Íslandi og hraði efnarofs. Náttúrufræðingurinn 58. Bls. 183-197.
36. Haukur Tómasson 1994. Rate of some geomorphological processes in Iceland. Í Proseedings of the Hornafjörður international costal symposium (ritstj. Gísli Viggósson). Bls. 453-463.
37. Hreggviður Norðdahl 1992. Hagnýt laus jarðlög á Íslandi. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, 67 bls.
38. Ólafur Arnalds 1993. Leir í íslenskum jarðvegi. Náttúrufræðingurinn 63. Bls. 73-85.
39. Trausti Jónsson og Tómas Jóhannesson 1994. Veðurhorfur á næstu öld. Náttúrufræðingurinn 64. Bls. 13-29.
40. Hreinn Haraldsson 1991. Undirbúningur framkvæmda. Umhverfi og mannvirkjagerð. Ráðstefna á vegum samgönguráðuneytisins. Bls. 21-27.
41. Óttar Geirsson 1975. Framræsla. Votlendi. Rit Landverndar 4. Bls. 143-154.
42. Árni Hjartarson 1993. Vatnsveitur og vatnsból. Samantekt um vatnsveitumál. Orkustofnun OS-93061/VOD-04.
43. Árni Snorrason 1990. Hydrological Variability and General Circulation of the Atmosphere. XVI Nordisk Hydrologisk Konferens, Orkustofnun, OS-90027/VOD-02, 13 bls.
44. Árni Snorrason 1991. Langtímabreytingar á vatnafari og tengsl þess við veðurfar. Í Árbók VFÍ . Verkfræðingafélag Íslands, Reykjavík. Bls. 151-157.
45. Freysteinn Sigurðsson 1990. Groundwater from glacial areas in Iceland. Jökull 40. Bls. 119-146.
46. Freysteinn Sigurðsson 1992. Hlutur grunnvatns í vatnsafli. Ársfundur Orkustofnunar 1992. Orkustofnun OS-92013, 10 bls.
47. Freysteinn Sigurðsson 1993. Groundwater chemistry and aquifer classification in Iceland. IAH - Memories, Voume XXIV, Part 1 (ritstj. S. & D. Banks) bls. 507-518. XXIVth Congress, 28th June - 2nd July 1993, International Association of Hydrogeologists.
48. Freysteinn Sigurðsson 1994. Nytjavatnsauðlindin. Hvers virði er vatnið? avs Arkitektúr verktækni skipulag. 1. tbl. 1993. Bls. 10-13.
49. Hákon Aðalsteinsson 1986. Vatnsaflsvirkjanir og vötn. Náttúrufræðingurinn 56. Bls. 109-131.
50. Hákon Aðalsteinsson 1990. Flokkun stöðuvatna á Íslandi. Í Vatnið og landið (ritstj. Guttormur Sigbjarnarson). Vatnafræðiráðstefna í október 1987. Orkustofnun, Reykjavík. Bls. 145-160.
51. Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson 1989. Stöðuvötn á Íslandi, skrá um vötn stærri en 0,1 km2. Orkustofnun, OS-89004/VOD-02, 50 bls.
52. Sigurður R. Gíslason 1993. Efnafræði úrkomu, jökla, árvatns, stöðuvatna og grunnvatns. Náttúrufræðingurinn 63. Bls. 219-236.
53. Iðnaðarráðuneytið 1994. Innlendar orkulindir til vinnslu raforku. 153. bls.

900. Skýrsla [462. mál]

um athugun á einstökum ákvæðum skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um einstök ákvæði skaðabótalaga, nr. 50/1993, sbr. 26. gr. þingskapa.

Nefndin hafði frumvarp til skaðabótalaga til meðferðar á 116. löggjafarþingi og var það samþykkt vorið 1993. Málið var tekið aftur til umfjöllunar á 117. löggjafarþingi en borist höfðu allnokkur erindi þar sem fram komu m.a. ýmis sjónarmið um margföldunarstuðul 1. mgr. 6. gr. laganna.

Allsherjarnefnd fór þess á leit við dómsmálaráðherra 27. janúar 1994 að hann skipaði nefnd þriggja manna til þess að taka afstöðu til þess hvort efni væru til að breyta skaðabótalögum. Nefndin var skipuð 18. febrúar 1994 og í henni áttu sæti Gestur Jónsson hrl., Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður.

Nefnd þessi skilaði áliti 23. júní 1994. Klofnaði hún í afstöðu sinni og lagði meiri hlutinn annars vegar til breytingar á 1. mgr. 6. gr. laganna um að hækkaður yrði margföldunarstuðull ákvæðisins úr 7,5 í 10. Hins vegar var lagt til að mörk miskastigs í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna yrðu lækkuð úr 15% í 10% þannig að reyndist miskastig innan þeirra marka væru ekki greiddar örorkubætur. Minni hluti nefndarinnar taldi ekki efni til breytinga á 1. mgr. 6. gr. en lýsti sig sammála síðari breytingartillögunni.

Allsherjarnefnd fékk álit þetta í hendur með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18. nóvember sl. og tók hún málið enn til umfjöllunar. Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið sendi álitið til umsagnar Lögmannafélags Íslands, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Tryggingaeftirlitsins.

Umsagnir þessara aðila bárust allsherjarnefnd nokkru síðar. Í umsögnum Vátryggingaeftirlitsins frá 10. og 24. janúar sl. segir m.a. að ekki séu efni til endurskoðunar skaðabótalaga hvað umrætt ákvæði 1. mgr. 6. gr. varðar vegna þess að lítil reynsla sé komin á framkvæmd laganna. Enn fremur var mælt með að 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. yrði breytt í samræmi við niðurstöður nefndar dómsmálaráðherra. Þá var það álit Sambands íslenskra tryggingafélaga, sbr. bréf frá 27. janúar sl., að ekkert hefði enn komið fram sem kallaði á endurskoðun margföldunarstuðuls 1. mgr. 6. gr. og auk þess var lagst eindregið gegn því að 8. gr. yrði breytt á þann hátt sem að framan greinir. Segir m.a. í umsögninni að verði einstökum ákvæðum breytt sé hætt við að fjárhagslegar heildarforsendur reglnanna séu brostnar og samhengið í þeim rofið. Laganefnd Lögmannafélags Íslands lýsti sig hins vegar samþykka áliti meiri hluta framangreindrar nefndar.

Allsherjarnefnd ræddi þessar umsagnir og í tengslum við það komu fram fleiri sjónarmið um málið, m.a. að mismunur ríkti um fjárhæð bóta með tilliti til kynferðis.

Í tilefni þessa máls sendi allsherjanefnd svohljóðandi bréf til dómsmálaráðuneytisins 25. febrúar 1995:

„Allsherjarnefnd hafði á 116. löggjafarþingi til umfjöllunar frumvarp til skaðabótalaga sem vorið 1993 var samþykkt sem lög nr. 50/1993.

Málið var aftur rætt í nefndinni á 117. löggjafarþingi, m.a. vegna gagnrýni sem borist hafði um margföldunarstuðul 1. mgr. 6. gr. laganna, en hann þótti ekki nægilega hár til að veita tjónþola fullar bætur. Vegna þess að skiptar skoðanir voru um þetta ákvæði, auk fleiri atriða, skipaði dómsmálaráðherra að beiðni allsherjarnefndar nefnd þriggja manna til þess að taka afstöðu til hvort efni væru til að breyta skaðabótalögum.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til ákvæða 1. mgr. 6. gr. laganna og lagði meiri hlutinn til að margföldunarstuðull 1. mgr. 6. gr. yrði hækkaður úr 7,5 í 10. Minni hluti nefndarinnar taldi ekki efni til breytinga á þessu ákvæði.

Allsherjarnefnd fékk álit þetta í hendur með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18. nóvember sl. þar sem fram kom að ráðuneytið hafði leitað umsagnar þriggja aðila um álitið. Umsagnirnar bárust allsherjarnefnd nokkru síðar. Í umsögnum Vátryggingaeftirlitsins og Sambands íslenskra tryggingafélaga er lagst gegn breytingum á 1. mgr. 6. gr. laganna. Hins vegar lýsir laganefnd Lögmannafélags Íslands sig samþykka áliti meiri hluta framangreindrar nefndar.

Ekki er komin sú reynsla á ákvæði skaðabótalaga að unnt sé að skera úr um hvort þau veiti tjónþola í raun fullar bætur, hvort sem það er með tilliti til eldra bótakerfis eða einhverra annarra þátta.

Allsherjarnefnd telur í ljósi framangreinds að nauðsynlegt sé að fylgst sé náið með framkvæmd skaðabótalaga, ekki síst ákvæði 1. mgr. 6. gr. þeirra. Á grundvelli slíkrar athugunar verði hugað að því hvort breyta beri nefndu ákvæði með það fyrir augum að hækka margfeldisstuðul þess.

Beinir nefndin því til dómsmálaráðherra að hlutast verði til um að birta skýrslu um framkvæmd og reynslu af ákvæðum skaðabótalaga, nr. 50/1993, fyrir árslok 1996 en þá má vænta að nægilegar upplýsingar liggi fyrir.“

Alþingi, 25. febr. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Ingi Björn Albertsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Jón Helgason.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Ey. Kon. Jónsson.

901. Breytingartillaga [337. mál]

við frv. til l. um vörugjald af olíu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað „1. ágúst 1995“ í lok 1. mgr. komi: 1. febrúar 1996.

902. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um gjald af áfengi.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Snorra Olsen deildarstjóra og Áslaugu Guðjónsdóttur lögfræðing frá fjármálaráðuneyti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, varaform., frsm. Ingi Björn Albertsson. Sólveig Pétursdóttir.

Guðjón Guðmundsson. Guðmundur Árni Stefánsson.

903. Breytingartillaga [443. mál]

um frv. til l. um vísitölu neysluverðs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. orðist svo: Nefnd skipuð fimm fulltrúum, einum tilnefndum af Hæstarétti, einum af Alþýðusambandi Íslands, einum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaga skal vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölunnar og fylgjast með reglubundnum útreikningi hennar.

904. Breytingartillaga [437. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu, opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. gr. orðist svo:

Við 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Reki vinnuveitandi bifreið gagngert til þess að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu eða greiði gjald vegna ferða í og úr vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna.

905. Breytingartillögur [308. mál]

við brtt. á þskj. 756 [Vegáætlun 1995–1998].

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, PBald, StB, EJ, ÁJ).

Við 3. tölul.

1. Í stað liðarins óráðstafað í 1.1. Almenn og bundin slitlög komi:

	1997	1998
Óráðstafað á Vesturlandi	6	7
Óráðstafað á Vestfjörðum	12	13
Óráðstafað á Austurlandi	19	21

2. Aftan við 1.3. Stórverkefni komi svofelld viðbót:

Af framlögum til stórverkefna skal á vegáætlunartímabilinu millifæra af liðnum stórverkefni til þriggja kjördæma þessar upphæðir:

Vesturland	16 m.kr.
Vestfirðir	32 m.kr.
Austurland	50 m.kr.

Þessar upphæðir skulu í lok tímabilsins teljast sem mótframlag kjördæmanna til viðkomandi stórverkefna.

3. Í stað liðarins óráðstafað í 1.5. Framkvæmdaátak, almenn verkefni komi:

	1997	1998
Óráðstafað á Vesturlandi	3	
Óráðstafað á Vestfjörðum	6	1
Óráðstafað á Austurlandi	8	2
Óráðstafað		8

4. Í stað liðarins óráðstafað í lið 2. Tengivegir komi:

	1997	1998
Óráðstafað á Suðurlandi	10	3
Óráðstafað á Reykjanesi		6
Óráðstafað á Norðurlandi vestra	9	
Óráðstafað á Norðurlandi eystra		8
Óráðstafað		3

906. Frumvarp til laga [339. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Lögreglustjórar skulu ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum athugunum að mati Almannavarna ríkisins. Lögreglustjórar skulu hafa samráð við sveitarstjórnir og almannavarnanefndir í umdæmi sínu, svo og Veðurstofu Íslands, við ráðningu þessara starfsmanna.

Starfsmenn, sem ráðnir eru skv. 1. mgr., skulu starfa undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra, en athuganir þeirra skulu gerðar í samræmi við vinnureglur og önnur fyrirmæli Veðurstofu Íslands. Við athuganir sínar skulu starfsmennirnir hafa samráð við viðkomandi sveitarstjórnir eftir því sem frekast er unnt. Veðurstofan skal annast þjálfun starfsmannanna.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum. Um greiðslur til sveitarfélags vegna slíkra kaupa fer skv. 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað vegna athugana skv. 6. gr. í samræmi við nánari reglur sem félagsmálaráðherra setur.
2. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
3. Greiða má allt að 100% af kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hönnun og auka nýtingu varnarmannvirkja.

4. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og húseignum auk kostnaðar við flutning þeirra vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
5. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins. Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þeirra skv. 4. tölul. 1. mgr., enda sé viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Um lánskjör fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

907. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

7. mgr. 36. gr. laganna hljóðar svo:

Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði, sbr. 50. og 52. gr., og a.m.k. 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

2. gr.

5. mgr. 37. gr. laganna hljóðar svo:

Félagasamtök og fyrirtæki skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra til þess að teljast fullgildir framkvæmdaraðilar samkvæmt lögum þessum. Að fenginni staðfestingu ráðherra skulu hlutaðeigandi aðilar tilkynna viðkomandi sveitarstjórn um fyrirhugaða byggingu eða kaup á íbúðum áður en sótt er formlega um lán, sbr. 2. mgr. 42. gr. Jafnframt skulu þeir með sama hætti tilkynna húsnæðisnefnd um byggingu og kaup á íbúðum.

3. gr.

Í stað 38. og 39. gr. laganna kemur 38. gr. er hljóðar svo:

Um yfirstjórn félagslegra húsnæðismála af hálfu ríkisins vísast til II. kafla laga þessara.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess.

4. gr.

Í stað 40. gr. laganna kemur 39. gr. er hljóðar svo:

Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá tilnefnda af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skal sveitarstjórn með sama hætti skipa

sjö menn í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara, fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá kosna af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.

Formaður og varaformaður skulu kjörnir af sveitarstjórn. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og veitir almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.

5. gr.

Í stað 41. gr. laganna kemur 40. gr. er hljóðar svo:

Sveitarstjórn mótar stefnu um það með hverjum hætti skuli staðið að byggingu félagslegra íbúða í sveitarfélaginu á þess vegum.

Sveitarstjórn skal hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn kanna þörf á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu. Á grundvelli þeirrar könnunar skal unnin fjögurra ára áætlun um byggingu eða kaup félagslegra íbúða. Áætlunin skal endurskoðuð árlega. Áætlanir um byggingu eða kaup félagslegra íbúða eiga að byggjast á mati á þörf fyrir nýjar íbúðir, upplýsingum um stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, horfum í atvinnulífinu og mannfjöldaþróun. Einnig komi fram í áætluninni fjöldi þeirra íbúða sem nauðsynlegt er að byggja eða kaupa, æskilegar stærðir, húsgerð og áætlaður byggingartími. Jafnframt skal gerð grein fyrir æskilegri skiptingu íbúða milli eignaríbúða og leiguíbúða.

Ákvörðun sveitarstjórnar um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum í samræmi við áætlun skv. 1. mgr. er á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn ber fjárhagslega ábyrgð á framkvæmdum svo og á íbúðunum í heild sinni að því marki sem sú ábyrgð hvílir ekki á öðrum aðilum samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Ný 41. gr. laganna hljóðar svo:

Ábyrgð á úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélags til einstaklinga er á vegum húsnæðisnefndar, sbr. 3. tölul. 45. gr.

Leiði athugun Húsnæðisstofnunar á úthlutunum sveitarfélaga á íbúðum í ljós að húsnæðisnefnd hafi ekki gætt lagaskilyrða um eigna- og/eða tekjumörk eða greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða eignamörk og greiðslugetu, sbr. 66. gr., eða eignamörk, sbr. 76. gr., er húsnæðismálastjórn heimilt að ákvarða að húsnæðisnefnd sendi öll gögn um úthlutanir til staðfestingar Húsnæðisstofnunar í eitt ár. Þær íbúðir, sem undir ákvæði þetta falla, eru íbúðir til eignar, leigu með eignarhlut eða leigu með kauprétti.

7. gr.

42. gr. laganna breytist svo:

a. 1. málsl. 1. mgr. hljóðar svo: Sveitarfélag skal lána 10% af kostnaðarverði hverrar íbúðar við byggingu eða kaup á eignaríbúð, þó ekki á lögbýlum, sbr. 58. gr. a.

b. 2. mgr. hljóðar svo:

Sveitarfélag skal auk þess leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu á vegum þess. Þegar um aðra framkvæmdaraðila en sveitarfélög er að ræða er greiðsla framlagsins háð samþykki sveitarstjórnar.

8. gr.

45. gr. laganna hljóðar svo:

Verkefni húsnæðisnefndar eru:

1. Að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði.
2. Að hafa yfirlit yfir félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélagsins og annarra framkvæmdaraðila, svo og að vinna með öðrum framkvæmdaraðilum og einstaklingum að húsnæðismálum í sveitarfélaginu.
3. Að hafa á sinni hendi úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélagsins til einstaklinga. Ákvörðunin er fullnaðarákvörðun og ber húsnæðisnefnd ábyrgð á því að við úthlutunina sé gætt ákvæða laga um eignir, tekjur og greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða eignir og greiðslugetu, sbr. 66. gr., eða eignir, sbr. 76. gr. Þó skulu óskir um undanþágu frá eigna- og/eða tekjumörkum eða greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða greiðslugetu skv. 66. gr. sendar Húsnæðisstofnun til ákvörðunar.

   Húsnæðisnefnd skal senda Húsnæðisstofnun yfirlit yfir úthlutanir um leið og þær hafa farið fram á sérstökum eyðublöðum Húsnæðisstofnunar, einnig öll nauðsynleg gögn varðandi úthlutun í einstökum málum fari Húsnæðisstofnun fram á það vegna úrtakskönnunar.
4. Að sjá um endursölu félagslegra íbúða. Húsnæðisstofnun staðfestir útreikninga húsnæðisnefnda við endursölu íbúða.
5. Að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar og aðra nauðsynlega þjónustu varðandi félagslegt húsnæði og húsaleigusamninga.

Jafnframt sér húsnæðisnefnd um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd umsjón með útleigu leiguhúsnæðis í eigu sveitarfélags.

9. gr.

50. gr. laganna hljóðar svo:

Lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna eru:

1. lán til félagslegra kaupleiguíbúða,
2. lán til félagslegra eignaríbúða,
3. lán til félagslegra leiguíbúða,
4. lán til almennra kaupleiguíbúða,
5. lán til sveitarfélaga til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum.

Lánin nema allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar.

10. gr.

51. gr. laganna hljóðar svo:

Auk lána til íbúða skv. 50. gr. er heimilt að veita lán í neðangreindan byggingarkostnað, enda fari samanlagður kostnaður við hann og íbúðina ekki fram úr þeim kostnaðargrundvelli um hámarksverð á íbúðum sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið.

1. Til bílskýla í nýbyggingum.

   Skilyrði er að nauðsynlegt sé að bílskýli fylgi íbúð af skipulagsástæðum og að skýlið sé hluti húss en ekki sjálfstæð bygging.
2. Til bílskýla eða bílskúra í notuðu íbúðarhúsnæði í sérstökum undantekningartilfellum.

Skilyrði er að sveitarstjórn sýni fram á að annað húsnæði sé ekki fyrir hendi eða það sé sannanlega ódýrara að kaupa notað húsnæði, með bílskúr/bílskýli, en að byggja nýtt hús.

3. Til upphitunar á gangstétt.

Auk lánveitinga skv. 1.–3. tölul. er heimilt að veita sérstakt viðbótarlán til eigenda félagslegra íbúða í fjölbýlishúsi vegna meiri háttar utanhússviðhalds. Skilyrði er að lánið sé nauðsynlegt til að afstýra því að hús liggi undir skemmdum. Með endurbótum er átt við endurbyggingu eða viðamikla viðgerð á þaki, gluggum og útveggjum. Skilyrði er að kostnaður við endurbætur verði ekki greiddur úr tryggingarsjóði, sbr. 81. gr. Umsóknir skulu berast Húsnæðisstofnun áður en framkvæmdir hefjast. Lánsfjárhæð nemur aldrei hærri fjárhæð en þeim kostnaði sem Húsnæðisstofnun hefur áður samþykkt. Lánið kemur til greiðslu þegar Húsnæðisstofnun hefur staðfest með úttekt sinni að verkið hafi verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu. Lánið endurgreiðist að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, sbr. 11. mgr. 52. gr. Lánstími er sá tími sem eftir er af lánstíma af láni til hvers og eins íbúðareiganda. Vextir skulu vera þeir sömu og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða á hverjum tíma.

Nánar skal kveðið á um efni þessarar greinar í reglugerð.

11. gr.

52. gr. laganna breytist svo:

a. 3. mgr. hljóðar svo:

Lán til félagslegra eignaríbúða og til kaupa á kaupleiguíbúðum eru til allt að 43 ára.

b. 4. mgr. hljóðar svo:

Lán til félagslegra leiguíbúða og til kaupleiguíbúða sem eru í leigu eru til allt að 50 ára.

c. 5. mgr. hljóðar svo:

Lán til almennra kaupleiguíbúða (allt að 90%) vegna kaupa á íbúð eru til allt að 43 ára. Lán til almennra kaupleiguíbúða vegna leigu á íbúð (allt að 90%) eru til allt að 50 ára.

d. 9. mgr. hljóðar svo:

Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna, frá og með 1. júlí 1984, skulu vera breytilegir. Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytis um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum (lánaflokkum) Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans.

e. 10. mgr. hljóðar svo:

Lánin eru afborgunarlaus fyrsta árið þegar um er að ræða íbúðir sem seldar eru einstaklingum.

12. gr.

57. gr. laganna breytist svo:

a. 1. mgr. hljóðar svo:

Framkvæmdaraðilar, sem fá allt að 90% lán úr Byggingarsjóði verkamanna til almennra eða félagslegra kaupleiguíbúða, skulu sjá um að afla a.m.k. 10% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

b. 3. mgr. hljóðar svo:

Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða er heimilt að selja einstaklingum eignarhlut, 10% eða 30%, sbr. 76. gr.

13. gr.

58. gr. laganna breytist svo:

a. 2. mgr. hljóðar svo:

Heimilt er að greiða allt að 95% af láninu á framkvæmdatímanum. Lánið kemur til greiðslu í samræmi við ákvæði samnings við framkvæmdaraðila, þó aldrei umfram framkvæmdahraða né samningsbundnar greiðslur við kaup á notuðu húsnæði. Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt að greiða allt að 5% umfram verkstöðu framkvæmda. Framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Þó er heimilt við kaup á notuðum íbúðum að taka gilda ábyrgð sveitarfélags til tryggingar á láninu. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tryggingar sem framkvæmdaraðili verður að leggja fram við veitingu framkvæmdaláns. Framkvæmdalán skulu verðtryggð með lánskjaravísitölu. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Verðbætur og vextir teljast til byggingarkostnaðar.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að telja vexti og verðbætur lána frá öðrum aðilum en Byggingarsjóði verkamanna til byggingarkostnaðar, enda hafi lán frá þeim aðilum verið tekin eftir að húsnæðismálastjórn heimilaði framkvæmdaraðila að hefja framkvæmdir. Ákvæði þetta tekur einungis til þess fjármagnskostnaðar sem er lægri eða sá sami og kostnaður af láni Byggingarsjóðs verkamanna.

14. gr.

63. gr. laganna hljóðar svo:

Félagslegar íbúðir skulu miðast við fjölskyldustærð en þó aldrei vera stærri en 130 fermetrar brúttó. Húsnæðismálastjórn er þó heimilt að veita lán til stærri íbúða ef sýnt er fram á að notað húsnæði sé sannanlega ódýrari kostur en nýtt húsnæði eða aðstæður eru með þeim hætti í sveitarfélaginu að annað húsnæði er ekki fyrir hendi.

15. gr.

64. gr. laganna hljóðar svo:

Réttur til að festa kaup á félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð er bundinn við þá sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Eiga ekki nettóeign yfir ákveðnu marki sem ákvarðað skal í reglugerð.

b. Hafa haft meðaltekjur síðustu þrjú árin áður en úthlutun fer fram sem fari ekki yfir ákveðna fjárhæð sem ákveðin skal í reglugerð. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna 20 ára og eldri. Tekjumörk skulu ákvörðuð árlega með reglugerð að fengnum upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.

c. Sýna fram á greiðslugetu sem metin er hjá húsnæðisnefnd eða öðrum aðila sem hún vísar til. Komi upp ágreiningur má vísa honum til húsnæðismálastjórnar. Nánar skal kveðið á um mat á greiðslugetu í reglugerð.

Auk áðurgreindra skilyrða er sveitarstjórn heimilt að gera kröfu til þess að umsækjandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar íbúðir á vegum hennar eru auglýstar.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæðum a-liðar um eignir þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Enn fremur er Húsnæðisstofnun heimilt að víkja frá a- og b-liðum, um eignir og tekjur, þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálanefndar í hverju sveitarfélagi.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæði c-liðar um greiðslugetu enda komi um það rökstudd beiðni frá framkvæmdaraðila.

Hafi úthlutun á íbúð átt sér stað til einstaklinga sem ekki uppfylltu skilyrði um eignir eða tekjur, sbr. a- eða b-lið, og ekki hafi verið veittar undanþágur samkvæmt þessari grein, skal húsnæðismálastjórn breyta vöxtum af lánum viðkomandi einstaklinga þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

16. gr.

65. gr. laganna hljóðar svo:

Rétt til félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka eiga þeir sem búa við erfiðar aðstæður, enda séu eignir og tekjur innan eigna- og tekjumarka, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 64. gr.

Sömu skilyrði gilda um leigu í félagslegri kaupleiguíbúð.

17. gr.

66. gr. laganna hljóðar svo:

Kaup á almennri kaupleiguíbúð með 90% láni eru bundin skilyrði um eignamörk sem ákveðin skulu í reglugerð.

Kaupandi skal sýna fram á greiðslugetu sem nánar skal kveðið á um í reglugerð. Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá reglum um greiðslugetu, enda komi um það rökstudd beiðni frá framkvæmdaraðila.

Séu eignir kaupanda yfir gildandi eignamörkum á hann rétt á allt að 70% láni.

Að öðru leyti setur framkvæmdaraðili sérstakar úthlutunarreglur. Í reglunum komi fram að tekið sé tillit til húsnæðisaðstæðna og fjölskyldustærðar umsækjanda. Reglurnar skulu birtar á opinberum vettvangi.

Úthluti húsnæðisnefnd íbúð með 90% láni til einstaklinga sem áttu eignir yfir eignamörkum, sbr. 1. mgr., skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70%.

18. gr.

67. gr. laganna hljóðar svo:

Félagasamtök og fyrirtæki úthluta íbúðum á sínum vegum. Úthlutun skal staðfest af Húsnæðisstofnun ríkisins, þó ekki þegar félagslegar leiguíbúðir á vegum félagasamtaka eiga í hlut.

Um úthlutun húsnæðisnefndar á íbúðum vísast til 3. tölul. 45. gr.

19. gr.

70. gr. laganna breytist svo:

a. Í stað orðanna „til almennra kaupleiguíbúða“ í 3. mgr. kemur: lán til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Réttur kaupanda sem stofnast við kaupsamning á félagslegri eignaríbúð er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, svo sem við hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna.

c. Í stað „1.–3. mgr.“ í 4. mgr. (verður 5. mgr.) kemur: 1.–4. mgr.

20. gr.

6. mgr. 73. gr. laganna hljóðar svo:

Að öðru leyti gilda lög um húsaleigusamninga eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaraðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

21. gr.

74. gr. laganna hljóðar svo:

Ákveði umsækjandi að kaupa kaupleiguíbúð eða leigutaki að neyta kaupréttar síns innan tilskilins frests, sbr. 73. gr., skal gerður kaupsamningur milli aðila.

Sé íbúð keypt í upphafi er kaupverð íbúðar kostnaðarverð hennar sem Húsnæðisstofnun hefur staðfest með úttekt sinni. Ef leigutaki neytir kaupréttar er kaupverð íbúðar söluverð hennar skv. 3. mgr. 88. gr.

Sé framlag kaupanda 10%, og framkvæmdaraðili veitir honum lán til allt að 15 ára, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 71. gr., að setja íbúðina til tryggingar því láni með veðrétti næst á eftir láni Byggingarsjóðs verkamanna.

22. gr.

75. gr. laganna hljóðar svo:

Þegar kaupandi hefur undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi skal hann fá afsal í hendur. Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

Um réttarstöðu kaupanda gilda að öðru leyti ákvæði 68.–71. gr. laga þessara eftir því sem við á.

23. gr.

76. gr. laganna breytist svo:

a. 2. mgr. hljóðar svo:

Heimilt er að selja eignarhlut, 10% eða 30% af kostnaðarverði almennra kaupleiguíbúða. Skilyrði fyrir kaupum á 10% eignarhlut er að nettóeign sé innan ákveðinna marka sem ákveðin skulu með reglugerð. Hafi húsnæðisnefnd úthlutað íbúð með 10% eignarhlut, án þess að skilyrða um eignamörk hafi verið gætt, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70% (30% eignarhlutur).

b. Í stað 5.–7. mgr. koma 5.–9. mgr., svohljóðandi:

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Framkvæmdaraðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta.

Þegar í hlut eiga íbúðir, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, er húsnæðismálastjórn heimilt við endurúthlutun að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um hækkun á upphaflegu láni í 90% lán, framreiknað með lánskjaravísitölu, miðað við samþykktan byggingarkostnað. Lánskjör eru þau sömu og á áhvílandi láni að teknu tilliti til þess lánstíma sem liðinn er. Sama gildir sé um að ræða íbúðir sem látnar hafa verið í té með 30% eignarhlut. Heimild til hækkunar á láni samkvæmt þessu ákvæði á einungis við ef framkvæmdaraðili sýnir fram á að íbúð verði ekki endurúthlutað með upphaflegu láni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Um leigufjárhæð gildir ákvæði 73. gr.

Um heimild framkvæmdaraðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga.

24. gr.

Á eftir 3. mgr. 78. gr. laganna kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsali vegna kaupa framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð, sbr. 1. mgr. 54. gr., og kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis.

25. gr.

79. gr. laganna hljóðar svo:

Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort meðaltekjur kaupanda síðustu þrjú ár, þar af tekjur tvö síðustu árin, hvort ár fyrir sig, nemi hærri fjárhæð en tekjumörk skv. b-lið 64. gr. kveða á um. Komi í ljós að þær tekjur eru yfir tekjumörkum skal breyta vöxtum af láni hans þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Upp frá því skal slík könnun gerð á þriggja ára fresti.

Ákvæði þetta á við um allt félagslegt húsnæði þar sem lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna voru ekki ákveðnar með föstum vöxtum.

Skattstjórum er skylt að láta Húsnæðisstofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd vaxtabreytingar samkvæmt þessari grein.

26. gr.

Í stað 82.–92. gr. laganna (og í stað VI. kafla) koma tveir nýir undirkaflar með 12 nýjum greinum. Fyrirsögn undirkaflanna verður: **Kaupskylda og forkaupsréttur** (82.–86. gr.) og **Endursala** (87.–93. gr.). Töluröð annarra kafla og annarra greina laganna breytist samkvæmt því.

Kaupskylda og forkaupsréttur.

a. (82. gr.)

Almenn ákvæði.

Þegar íbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn, eða annar framkvæmdaraðili, skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaraðili forkaupsrétti á félagslegri eignaríbúð eða kaupleiguíbúð, eða hafi íbúð verið í eigu sama eiganda í 30 ár frá útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á almennum markaði, enda greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og Byggingarsjóð verkamanna. Framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst. Ákvæði þetta á þó ekki við um íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, en sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þeim íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn.

Um bílskúra og bílgeymslur skal fara sem um hluta úr íbúð hvað varðar forkaupsrétt og kaupskyldu.

Þegar íbúð, sem byggð var fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, hefur verið endurseld og úthlutað á nýjan leik eftir gildistöku laga nr. 70/1990 gildir ákvæði 83. gr. um kaupskyldu framkvæmdaraðila.

b. (83. gr.)

Íbúðir byggðar frá og með gildistöku laga nr. 70/1990.

Framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu 10 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma hefur framkvæmdaraðili forkaupsrétt á eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Ákvæði þessarar greinar um kaupskyldu eiga ekki við um lögbýli, sbr. 58. gr. a.

c. (84. gr.)

Íbúðir byggðar samkvæmt lögum nr. 51/1980 til gildistöku laga nr. 70/1990.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu fyrstu 15 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt á þeim íbúðum sem boðnar hafa verið til sölu.

d. (85. gr.)

Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Sveitarstjórn hefur forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Þær íbúðir sem undir grein þessa falla eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.

3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.

e. (86. gr.)

Nauðungaruppboð.

Nú er félagsleg eignaríbúð, félagsleg eða almenn kaupleiguíbúð, sbr. 36. gr., sem sveitarstjórn hefur ráðstafað til einstaklings, íbúð byggð af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965, leigu- og söluíbúð samkvæmt lögum nr. 58/1973 eða lögum nr. 38/1976, seld á nauðungarsölu og hefur sveitarstjórn þá kaupskyldu á íbúðinni. Sama gildir um íbúð samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði sem ráðstafað var til einstaklings. Undanþegnar ákvæðum þessarar greinar eru félagslegar eignaríbúðir á lögbýlum, sbr. 58. gr. a.

Kaupverð skal vera söluverð íbúðar skv. 88. gr. þegar í hlut á íbúð, byggð eða keypt eftir gildistöku laga nr. 51/1980. Ef um er að ræða íbúð sem byggð var eða keypt fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 verður kaupverð eignarhlutur seljanda skv. 89. gr. að viðbættum uppfærðum eftirstöðvum áhvílandi lána Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna sem veitt voru til kaupa á viðkomandi eign.

Endursala.

f. (87. gr.)

Almenn ákvæði.

Húsnæðisnefnd, eða annar framkvæmdaraðili, skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn.

Eigandi félagslegrar íbúðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það húsnæðisnefnd (sveitarstjórn) eða öðrum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili kaupir inn íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Húsnæðisnefnd skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga sem eru í eigu einstaklinga ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar eða hefur kaupskyldu á hlutaðeigandi íbúð. Aðrir framkvæmdaraðilar sjá með sama hætti um að leysa inn og endurselja íbúðir á sínum vegum.

Í sérstökum tilvikum geta húsnæðisnefndir óskað eftir því við húsnæðismálastjórn að fá heimild til að samræma söluverð sambærilegra íbúða þegar verð þeirra er mishátt, svo sem vegna vísitölubreytinga á byggingartíma, mismunandi lánskjara og kostnaðar við viðgerðir og endurbætur.

Heimilt er framkvæmdaraðila að krefjast staðfestingargjalds við úthlutun endursöluíbúðar.

Sveitarstjórn og félagasamtök geta sótt um sérstakt lán til Byggingarsjóðs verkamanna, til þriggja mánaða, til að kaupa inn íbúðir sem sveitarfélag hefur kaupskyldu eða forkaupsrétt á. Þetta á við í sérstökum tilvikum þegar kaupandi að félagslegri íbúð er ekki til staðar og framkvæmdaraðili hefur ekki bolmagn til að festa kaup á íbúðinni. Heimilt er í vissum tilvikum að lána til sex mánaða. Hafi íbúð enn ekki selst eftir sex mánuði gilda ákvæði 92. gr. Lánið skal tryggt með vísitölu lánskjara. Vextir skulu vera þeir sömu og af langtímaláni sem hvílir á hlutaðeigandi íbúð.

g. (88. gr.)

Íbúðir byggðar eftir gildistöku laga nr. 51/1980.

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Við kaup á íbúðinni skal seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags. Einnig skal seljandi íbúðarinnar fá endurgreiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning reiknast 1% af framreiknuðu verði íbúða fyrir hvert ár. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu samkvæmt grein þessari innan átta vikna frá söludegi íbúðar. Með söludegi er átt við þann dag þegar úttekt á eigninni hefur farið fram og útreikningur á eignarhluta seljanda liggur fyrir. Skal þetta gert innan 30 daga frá því seljandi lagði fram skriflega beiðni um innlausn.

Um útreikning á söluverði fer með eftirfarandi hætti: Framreikna skal upphaflegt kostnaðarverð íbúðarinnar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags. Við framreiknað verð má bæta kostnaðarverði endurbóta að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Um fyrningu vísast til 1. mgr.

Kaupanda íbúðarinnar skal veitt nýtt lán sem nemur allt að 90% af endursöluverði íbúðarinnar. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

h. (89. gr.)

Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Seljandi skal fá endurgreidda þá fjárhæð sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbætur skal greiða miðað við lánskjaravísitölu, en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning er 0,5% fyrir hvert ár eignarhaldstíma. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Seljandi skal þó ekki fá lægri greiðslu en hann hefði fengið samkvæmt áðurgildandi reglum um 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár eignarhaldstíma ásamt reglum um 1,0% árlega fyrningu. Þessar aukaverðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstímann eftir 1. júlí 1984.

Húsnæðisnefnd skal greiða seljanda andvirði endurbóta á íbúðinni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu skv. 2. mgr. 88. gr.

Um útreikning á söluverði fer með eftirtöldum hætti: Framreikna skal upphaflegt kostnaðarverð íbúðar eða síðasta söluverð samkvæmt lánskjaravísitölu, en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir, frá þeim tíma er kaupsamningur var gerður til söludags. Við framreiknað verð má bæta kostnaðarverði end-

urbóta að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Draga skal frá 0,5% – 1% fyrningu fyrir hvert ár eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. um útreikning á greiðslu til seljanda.

Kaupanda íbúðarinnar skal veitt nýtt lán sem nemur allt að 90% af endursöluverði íbúðarinnar. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Hagnaður, sem verða kann af sölu eldri íbúða í verkamannabústöðum, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna, enda verði sveitarstjórn þá ekki skylt að greiða 10% af viðbótarláni til Byggingarsjóðs verkamanna. Heimilt er húsnæðismálastjórn að nota hluta hagnaðar, sem myndast við sölu, til þess að greiða kostnað við eigendaskipti íbúðar eða leggja ákveðinn hundraðshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda ákvæði 88. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt inn öðru sinni.

Þær íbúðir, sem undir grein þessa falla, eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.
3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.

i. (90. gr.)

Íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiddar upp. Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda hennar skv. 88. gr. og skulu félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

Heimilt er félagsmönnum í Byggingarfélagi verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

j. (91. gr.)

Úrlausn ágreiningsmála við endursölu.

Húsnæðismálastjórn skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúðar og framkvæmdaraðila sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda og ákvarðanir um endursölu íbúðar skv. 88. og 89. gr.

Sama á við um ágreining milli kaupanda og framkvæmdaraðila um verðlagningu íbúðar við innlausn hennar.

k. (92. gr.)

Sérstök úrræði ef íbúðir, sem koma til endursölu, standa auðar.

Komi í ljós, eftir að framkvæmdaraðili hefur keypt inn íbúð samkvæmt kaupskyldu eða forkaupsrétti, að íbúð er óseljanleg og ekki hefur tekist að leigja hana, sbr. 44. gr., og svo hefur verið ástatt í a.m.k. sex mánuði, er húsnæðismálastjórn heimilt að veita framkvæmdaraðila lán er nemur söluverði íbúða skv. 88. eða 89. gr. Lánskjör eru þau sömu og gilda um lán til leiguíbúða og miðast lánveiting við innlausnardag. Verði íbúð seld eða leigð skal lánið gjaldfellt og veitt nýtt lán skv. 50. gr. eftir því sem við á.

l. (93. gr.)

Komi í ljós í sérstökum tilvikum við endursölu íbúða á vegum sveitarfélags eða félagasamtaka að íbúð er óseljanleg sem félagsleg íbúð og hentar ekki sem félagsleg íbúð er húsnæðismálastjórn heimilt að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um að selja íbúðina á almennum markaði. Ákvæði þetta á við um allar félagslegar íbúðir, óháð því á hvaða tíma þær voru byggðar og óháð því hvort um kaupskyldu eða forkaupsrétt hafi verið að ræða. Við sölu skal framkvæmdaraðili greiða upp lán og vanskil Byggingarsjóðs verkamanna eða Byggingarsjóðs ríkisins. Hagnaður, sem kann að verða við sölu, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna.

27. gr.

6. málsl. 1. mgr. 110. gr. (verður 111. gr.) laganna hljóðar svo: Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að fresta endurgreiðslu á andvirði búseturéttar (eignarhlutar) í allt að sex mánuði frá lokum uppsagnarfrests og skal fullnaðargreiðsla til seljanda búseturéttar eiga sér stað í síðasta lagi innan tólf mánaða frá uppsögn búsetusamnings. Um endurgreiðslu búseturéttar fer að öðru leyti eftir 76. gr. um endurgreiðslu á eignarhlut leigutaka.

28. gr.

3. mgr. 115. gr. (verður 116. gr.) laganna hljóðar svo:

Húsnæðissamvinnufélög skulu láta Húsnæðisstofnun ríkisins í té bókhaldsgögn, ársskýrslu og upplýsingar um framkvæmdir og húsbyggingar óski Húsnæðisstofnun eftir því.

29. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VIII, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara skulu sveitarstjórnir kjósa húsnæðisnefndir, sbr. 39. gr. Kosningum skal lokið innan tveggja mánaða.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

908. Lög [430. mál]

um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 704.

909. Lög [329. mál]

um leigubifreiðar.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 887.

910. Lög [332. mál]

um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 888.

911. Lög [333. mál]

um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 889.

912. Lög [317. mál]

um áhafnir íslenskra kaupskipa.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 836.

913. Lög [337. mál]

um vörugjald af olíu.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 833 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða II hljóða svo:

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir gjaldskyldrar olíu í þeirra eigu 1. janúar 1996. Í þeim upplýsingum skal koma fram hve mikið af birgðum er í innlendum birgða- og sölustöðum. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skulu berast skattstjóra eigi síðar en 1. febrúar 1996.

Aðilar, sem ekki eru gjaldskyldir skv. 3. gr. og njóta ekki undanþágu skv. 1. mgr. 4. gr., skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir sínar af gjaldskyldri olíu ef þær eru yfir 1.500 lítra 1. janúar 1996. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski skattstjóri slíkrar aðstoðar. Skattstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1996. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns eigi síðar en 15. febrúar 1996.

914. Frumvarp til laga [206. mál]

um vernd Breiðafjarðar.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt grunnsævi, fjörum og strandlónum í innfjörðum og innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

4. gr.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af

þjóðminjaráði. Umhverfisráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndin skal í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.

Í starfi sínu skal nefndin gæta samráðs við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, Náttúruverndarráð, minjaverði og yfirvöld þjóðminjavörslu.

Nefndin skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

5. gr.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð þar sem kveðið skal á um verndaraðgerðir á grundvelli laganna, varnir gegn hvers konar mengun og aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og að fenginni umsögn þjóðminjaráðs og húsafriðunarnefndar ríkisins eftir því sem við á, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

6. gr.

Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.

Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki að dómi Breiðafjarðarnefndar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

7. gr.

Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað framangreindum stofnunum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á svæðinu á grundvelli laga nr. 60/1992. Rannsóknastöðin getur leitað eftir fjárstuðningi innlendra og erlendra aðila við starfsemi sína og einstök verkefni.

8. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum og varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50 þúsund krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögum þessum fer að hætti laga um meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

915. Frumvarp til laga [411. mál]

um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

Samhljóða þskj. 659 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Bótanefnd er heimilt að krefja tjónþola um hvers konar upplýsingar sem hún telur þörf á við meðferð umsóknar hans, þar á meðal er henni heimilt að kveðja tjónþola á fund nefndarinnar. Jafnframt er nefndinni heimilt að krefjast upplýsinga frá öðrum þeim er þekkja kunna til málavaxta.

Þegar um líkamstjón er að ræða getur nefndin óskað eftir því að tjónþoli láti lækni rannsaka sig. Nefndinni er heimilt að fá afrit úr sjúkraskrá tjónþola enda liggi fyrir samþykki hans.

Nefndinni er heimilt að krefjast yfirheyrslna fyrir dómi.

Verði tjónþoli ekki innan tilskilins frests við óskum nefndarinnar um framlagningu tiltekinna upplýsinga eða gagna er nefndinni heimilt að ljúka meðferð máls á grundvelli þeirra gagna er fyrir liggja.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Umsókn um bætur vegna tjóns sem leiðir af broti sem framið er fyrir 1. janúar 1996 skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

Dómsmálaráðherra skal á ári hverju til ársloka 2000 gera Alþingi grein fyrir þeim útgjöldum sem lög þessi hafa í för með sér.

916. Þingsályktun [115. mál]

um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem leggi grundvöll að samráðsvettvangi hlutaðeigandi aðila um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks.

917. Þingsályktun [449. mál]

um staðfestingu Norðurlandasamnings um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 767.

918. Þingsályktun [450. mál]

um fullgildingu á samningsviðauka nr. 11 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi eftirlitskerfi samningsins.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 768.

919. Þingsályktun [435. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18 frá 28. október 1994, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 727.

920. Frumvarp til laga [293. mál]

um breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

7. tölul., 10. tölul. og 11. tölul. 13. gr. laganna falla niður og aðrir töluliðir 13. gr. færast til sem því nemur.

2. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

14.1. Umhverfisráðherra skipar Hollustuvernd ríkisins stjórn að afstöðnum hverjum alþingiskosningum. Þar skulu eiga sæti fimm fulltrúar skipaðir sem hér segir: tveir kjörnir af Alþingi, tveir skipaðir án tilnefningar, þar af annar formaður, og einn skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

14.2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, mótar stefnu hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri. Stjórn og rekstur stofnunarinnar er að öðru leyti í höndum framkvæmdastjóra sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa menntun og reynslu á sviði stjórnunar og rekstrar. Hann situr stjórnarfundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

14.3. Umhverfisráðherra skal samkvæmt tillögum stjórnar setja í reglugerð ákvæði um skiptingu stofnunarinnar í verkefnasvið. Leggi stjórn til breytta skipan sviða skal hún leita umsagnar framkvæmdastjóra og forstöðumanna. Forstöðumaður starfar yfir hverju sviði og ber faglega ábyrgð en rekstrarlega ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun, sérþekkingu og starfsreynslu á viðkomandi sérsviði. Þeir skulu ráðnir af stjórn stofnunarinnar að fenginni umsögn framkvæmdastjóra. Stjórnin skal að fenginni tillögu framkvæmdastjóra velja einn forstöðumann staðgengil framkvæmdastjóra. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

14.4. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar í samráði við viðkomandi forstöðumenn þar sem við á.

3. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

15.1. Á vegum Hollustuverndar skal unnið að útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis og skal stofnunin beita sér fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fræðslufundum til að upplýsa og fræða þá aðila er starfa að heilbrigðiseftirliti og mengunarvörnum. Þá skal stofnunin gefa árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand mála með hliðsjón af markmiði laganna.

4. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

16.1. Stofnunin annast eftirlit með innflutningi matvæla og skráningu upplýsinga um framleiðslu og dreifingu matvæla í þágu matvælaeftirlits.

16.2. Stofnunin annast eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum í nauðsynjavörum, svo og vöruskráningu vegna eiturefna og hættulegra efna. Jafnframt annast hún framkvæmd laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og reglugerða settra samkvæmt þeim lögum.

16.3. Stofnunin annast framkvæmd laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

16.4. Stofnunin gerir tillögur um starfsleyfi og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir og gefur út starfsleyfi eftir því sem kveðið er á um í mengunarvarnareglugerð.

16.5. Stofnunin annast efna- og örverurannsóknir sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði mengunar og matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara. Enn fremur hefur hún umsjón með skipulagi og framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi.

16.6 Stofnunin hefur eftirlit með framkvæmd alþjóðasamþykkta og samninga sem Ísland er aðili að og eru á verksviði hennar.

5. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

17.1. Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar, sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast. Þá getur stofnunin tekið að sér verkefni, bæði rannsóknir og ráðgjöf, að fengnum tillögum stjórnar og samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

6. gr.

18., 19., 20. og 21. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

7. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

31.1. Þegar öðrum en heilbrigðisnefnd er með sérlögum falið eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli nefndarinnar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð umhverfisráðherra. Þetta gildir þó ekki þegar um er að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, og lögum nr. 77/1981, um dýralækna, svo og eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum í skipum.

31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits sem fallið getur undir 2. málsl. 1. mgr. skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd sem í eiga sæti framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, fiskistofustjóri, yfirdýralæknir og siglingamálastjóri. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna í takmarkatilvikum og gæta þess að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker umhverfisráðherra úr málum. Samstarfsnefndin skal gera tillögur til

stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um verkaskiptingu og samstarf hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið og hagkvæmt þykir.

31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara, eða reglna settra samkvæmt þeim, skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skulu endurskoðuð í heild innan árs frá gildistöku laga þessara.

921. Frumvarp til laga [294. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, lögum nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/1979.

1. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 4. gr. laganna kemur: Hollustuvernd ríkisins.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 20/1986.

2. gr.

7. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 32/1986.

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995.

922. Frumvarp til laga [437. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna.

2. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Iðgjöld launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 4% af heildarlaunum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:
   Sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota. Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991.
b. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 4% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr.

4. gr.

Upphaf C-liðar 69. gr. orðast svo:

Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

5. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994.

Ákvæði 2. gr. og b-liðar 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 1997 og taka til iðgjalda sem greidd hafa verið vegna launatímabila frá og með þeim tíma.

Ákvæði a-liðar 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996 vegna tekna og gjalda á árinu 1995 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1995.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

a. Vegna launatímabila frá 1. apríl 1995 til og með 31. desember 1995 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 50% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996.
b. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 50% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 31. desember 1996 skal frádrátturinn vera 75% af iðgjaldi launþega að hámarki 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.
c. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1997 til og með 30. júní 1997 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 75% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1998.

II.

a. Vegna launatímabila frá 1. apríl 1996 til og með 31. desember 1996 er heimilt að draga frá tekjum manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi greidd iðgjöld til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996.
b. Vegna launatímabila frá og með 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 skal hámarkið vera 2% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr., en 3% vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 31. desember 1996. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

c. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1997 til og með 30. júní 1997 skal hámarkið vera 3% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðanna og „2. og 3. tölul.“ í 1. málsl. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 2.–5. tölul.

8. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. júlí 1997 vegna launatímabila frá og með þeim tíma.

9. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda á tímabilinu 1. apríl 1995 til og með 30. júní 1997 skal taka tillit til frádráttar samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, vegna greiddra iðgjalda til lífeyrissjóða.

923. Frumvarp til laga [445. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Verðtrygging sparifjár og lánsfjár**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (20. gr.)

Ákvæði kafla þessa gilda um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem áskilið er að greiðslurnar skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli, sbr. 21. gr.

b. (21. gr.)

Það er skilyrði verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 20. gr. að grundvöllur hennar sé annaðhvort:

1. vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði eða
2. vísitala gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum sem Seðlabanki Íslands reiknar og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Viðskiptaráðherra setur að fenginni tillögu Seðlabankans nánari ákvæði um gengisvísitölur í reglugerð.

Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir vegna verðtryggingar sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra heimilað að fleiri opinberlega skráðar vísitölur en tilgreindar eru í 1. mgr. geti verið grundvöllur verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

Seðlabankinn skal að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna eða lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

c. (22. gr.)

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst hjá sýslumönnum skulu þeir gæta þess að ákvæðanna sé getið í veðmálaskrám og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

d. (23. gr.)

Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í þeim skal meðal annars kveðið á um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Seðlabankinn getur beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki sinnt.

e. (24. gr.)

Vísitala neysluverðs, sbr. 21. gr., með grunninn 100 í maí 1988, skal í hverjum mánuði margfölduð með stuðlinum 19,745. Útkoman, án aukastafa, skal gilda sem vísitala fyrir næsta mánuð á eftir, í fyrsta sinn fyrir apríl 1995, gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og eru með ákvæðum um lánskjaravísitölu þá sem Seðlabanki Íslands reiknaði og birti mánaðarlega samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sbr. reglugerð nr. 18/1989. Hagstofan skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði vísitölu skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Verði gerð breyting á grunni vísitölu neysluverðs skal Hagstofan birta í Lögbirtingablaði margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísitölu í stað stuðulsins sem getið er í 1. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um lánskjaravísitölu í lögum og hvers kyns stjórnvaldsfyrirmælum öðrum og samningum sem í gildi eru 1. apríl 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þau koma til framkvæmda 1. apríl 1995 og þá fellur úr gildi VII. kafli laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., með áorðnum breytingum. Þann dag fellur einnig úr gildi 6. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

924. Frumvarp til laga [438. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „45“ í töflu í 1. mgr. kemur : 40.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ökutæki, sem knúin eru dísilolíu, raðast í gjaldflokka með eftirfarandi hætti: Í gjaldflokk I ef sprengirými aflvélar er á bilinu 0–1900 rúmsentimetrar, í gjaldflokk II ef sprengirými aflvélar er á bilinu 1901–2500 rúmsentimetrar, í gjaldflokk III ef sprengirými aflvélar er á bilinu 2501–3000 rúmsentimetrar og í gjaldflokk IV ef sprengirými aflvélar er yfir 3000 rúmsentimetrar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður er verður 1. tölul., en töluröð síðari tölulíða breytist samkvæmt því. Orðast hann svo: 5% vörugjald: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
b. e-liður 2. tölul. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 5. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, er verður 11. tölul., sem orðast svo: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 20%.
b. Við bætist nýr töluliður, er verður 12. tölul., sem orðast svo: Fólksbifreiðar sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 30%.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðið „innfluttum“ fellur brott.
b. Í stað orðsins „sex“ kemur: tólf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða hópferða- og sérleyfishöfum og fjármögnunarleigum allt að tveimur þriðju hlutum vörugjalds á hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni og allt að einum þriðja hluta vörugjalds á hópferðabifreiðar fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni sem lagt var á samkvæmt lögum þessum á tímabilinu frá 1. júlí 1993 til 1. mars 1995. Endurgreiðslan skal þó takmörkuð við þann hluta vörugjaldsins sem ekki hefur verið afskrifaður.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

925. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um vernd Breiðafjarðar.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

926. Tillaga til þingsályktunar [463. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 25. febrúar 1995.

927. Framhaldsnefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur komið saman til fundar um málið eftir að það var tekið til 2. umræðu. Á fundinum var lögð fram eftirfarandi yfirlýsing:

„Ríkisstjórnin telur mikilvægt að víðtæk sátt takist um flutning grunnskólans milli hlutaðeigandi aðila, ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara.

Ríkisstjórnin hefur gefið samtökum kennara fyrirheit um að þær breytingar verði gerðar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi kennurum og skólastjórnendum sem rétt hafa átt til aðildar að þeim sjóði að þessi réttindi þeirra verði eigi lakari eftir breytinguna.

Þá hefur ríkisstjórnin einnig heitið samtökum kennara því að sett verði sérstaklega í lög ákvæði er tryggi framangreindum hópi kennara og skólastjórnenda, eftir því sem við getur átt, óbreytt réttindi eftir flutning grunnskólans.

Stjórnmálaflokkarnir munu beita sér fyrir því meginmarkmiði að kennarar fái jafngild kjör og réttindi eftir að yfirfærslu er lokið."

Nefndin leggur til breytingar á 57. gr. frumvarpsins sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um stöðu réttinda- og lífeyrismála kennara við tilflutning grunnskólans. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um að fyrir liggi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Í þriðja lagi er lagt til að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1996.

Alþingi, 25. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir.

928. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Árna Johnsen, Birni Bjarnasyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Petrínu Baldursdóttur, Svavari Gestssyni, Tómasi Inga Olrich og Valgerði Sverrisdóttur.

Við 57. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:

a. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá samþykkt:

a. Breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.
b. Lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda. Komi upp ágreiningur milli samtaka kennara og sveitarfélags um form eða efni ráðningarréttinda getur hvor aðili um sig óskað gerðardóms í málinu.
c. Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1991 eftir því sem ákvæði þessara laga koma til framkvæmda fram til 1. ágúst 1996 en þá falla lög nr. 49 frá 1991 að fullu úr gildi.

b. Í stað ártalsins „1995“ í 2. mgr. komi: 1996.

c. Í stað ártalsins „1995“ í 3. mgr. komi: 1996.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er fallið frá brtt. á þskj. 796 og jafnframt a-, b- og d-liðum brtt. í 13. tölul. á þskj. 667.

929. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um kennslu í iðjuþjálfun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk umsagnir frá Háskólanum á Akureyri, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, fjármálaráðuneytinu, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Háskóla Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Borgarspítalanum, Þroskahjálp, landlækni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landakotsspítala og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 25. febr. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir.

930. Frumvarp til laga [126. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

I. KAFLI

Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Hver grunnskóli skal vera einsetinn.

Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Í strjálbýli skal miðað við heimanakstur nemenda þar sem því verður við komið en ekki heimavist.

Börn yngri en tíu ára skulu ekki dveljast í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.

5. gr.

Sveitarstjórn getur borið fram við menntamálaráðuneytið rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. og 26. gr. laga þessara um skólaskyldu og skólatíma. Menntamálaráðuneytið úrskurðar hvort eða að hvað miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta.

Takist það ekki vísar skólastjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Finnist enn ekki úrlausn getur hvor aðili, forráðamaður eða skólanefnd, vísað málinu til menntamálaráðuneytis sem leitar úrlausnar og getur úrskurðað með hvaða hætti úr skuli bætt.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 56. gr.,
b. börn sem búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

II. KAFLI
Stjórnun grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir við þau og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um.

Ráðuneytið skal fylgjast með að allir grunnskólar landsins eigi kost á sérfræðiþjónustu og að nemendur, sem ekki geta notið kennslu með fullnægjandi hætti í almennum grunnskóla, fái kennslu við hæfi.

Menntamálaráðuneytið annast söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald og skólastarf á grunnskólastigi.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins á þriggja ára fresti.

10. gr.

Allur rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga frá þeim tíma sem lög þessi koma að fullu til framkvæmda sé ekki sérstaklega kveðið á um annað. Sveitarstjórn skal gera menntamálaráðuneytinu árlega eða oftar, sé þess krafist, grein fyrir framkvæmd skólahalds í skólahverfi sínu.

Menntamálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um upplýsingaskyldu sveitarfélaga varðandi skólahald.

11. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi. Þó er heimilt að skipta sveitarfélagi í fleiri skólahverfi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr því sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Þar sem sveitarfélög sameinast um rekstur grunnskóla eða hluta hans skulu viðkomandi sveitarstjórnir gera með sér samning um stofnun skólans, rekstur hans og hvernig kostnaði skuli skipt milli aðila. Í samningnum skal m.a. kveðið á um hvernig haga skuli ráðningum starfsmanna, hjá hvaða sveitarfélagi þeir eru ráðnir, svo og hvernig endurgreiðslu annarra rekstraraðila á hlutdeild í launakostnaði skuli hagað.

12. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru fleiri en eitt skal áætlun um starfstíma nemenda jafnframt staðfest af viðkomandi sveitarstjórn. Skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi. Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu og að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Skólanefnd ásamt skólastjóra lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

13. gr.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, og samþykktum viðkomandi sveitarfélags.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri grunnskóla, eða hluta hans, skal setja í stofnsamning ákvæði um aðild hvers og eins að skólanefnd.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Grunnskólakennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd. Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjóri, eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans, á rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla.

Foreldrafélag, eða samtök foreldra í skólahverfinu, kýs úr sínum hópi einn fulltrúa til að starfa með skólanefnd og einn varamann.

14. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forustu. Skólastjóri sér um að skólanámskrá skólans sé gerð.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skóla. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara skólans æskir þess.

Í skólum, þar sem kennslumagn nemur átta fullum stöðum eða fleiri auk skólastjóra, kjósa kennarar þriggja manna kennararáð sem í umboði kennara er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Skólastjóri skal a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða.

15. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla geta ákveðið að stofna samtök foreldra við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla.

Skólastjóri skal boða til stofnfundar slíkra samtaka óski foreldrar þess. Samtökin setja sér starfsreglur.

16. gr.

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldraráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar sem ekki eru starfsmenn skólans. Foreldrar við grunnskóla velja fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára í senn.

Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra.

Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.

Óski foreldrar þess er skóla heimilt, með rökstuddri greinargerð, að sækja um undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur.

17. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

18. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

19. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennsluaðstöðu fyrir allar námsgreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til sérfræðiþjónustu við nemendur; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; vinnuaðstöðu fyrir kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn skólans; íþróttaaðstöðu og aðstöðu fyrir almenna félagsstarfsemi nemenda og öðru því er lög þessi tilgreina. Ef henta þykir má nýta aðstöðu í nágrenni skóla fyrir einstakar greinar, svo sem íþróttir.

Við gerð heimavista skal kappkostað að þær minni sem mest á venjulegt heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

20. gr.

Við undirbúning að nýbyggingu og endurbótum grunnskólahúsnæðis skal farið að reglugerð er menntamálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og kveður á um lágmarks aðstöðu og búnað.

Sveitarstjórn ákveður nafn skóla.

21. gr.

Sveitarfélögum er skylt að annast og kosta viðhald skólahúsa og endurnýjun og viðhald búnaðar þeirra á fullnægjandi hátt.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þau skólahús er byggð voru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og eiga sveitarfélög ekki kröfur á ríkissjóð vegna viðhalds þessara mannvirkja. Verði húsnæði, er byggt var með stofnkostnaðarframlagi úr ríkissjóði, ráðstafað til annarra nota en grunnskólahalds skal samið um uppgjör þess eignarhluta er þannig myndaðist. Náist ekki samkomulag skal eignin metin af dómkvöddum mönnum.

22. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skulu vera í höndum skólastjóra í umboði sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði öllu eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi eða almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi, félagslífi nemenda eða annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skólans renna til sveitarsjóðs.

IV. KAFLI
Starfsfólk grunnskóla.

23. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera skólastjóri sem ráðinn er af sveitarstjórn að fenginni umsögn skólanefndar. Við ráðningu skólastjóra skal tekið mið af menntun umsækjanda og starfsreynslu. Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri.

Í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, skal sveitarstjórn ráða aðstoðarskólastjóra að fenginni tillögu skólastjóra. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Í skólum þar sem starfa færri en 12 starfsmenn ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við kennarafund og skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

Um ráðningu kennara og annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð fyrirmæli til skóla um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

Við ráðningu kennara og skólastjóra skal gæta ákvæða gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og skólastjóra.

24. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Skólastjóra er heimilt að fela kennurum árgangastjórn, fagstjórn, leiðsögn nýliða og kennaranema samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

25. gr.

Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Heimilt er að veita úr sjóðnum ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi.

Sjóðnum stjórnar fimm manna stjórn. Heildarsamtök kennara á skyldunámsstigi skulu tilnefna tvo stjórnarmenn en stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þrjá. Varamenn skulu valdir með sama hætti.

Stjórn sjóðsins metur umsóknir um framlög úr sjóðnum og ákveður árlega úthlutun. Úthlutun skal lokið eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Samband íslenskra sveitarfélaga annast og kostar skrifstofuhald fyrir stjórn sjóðsins og skulu endurskoðaðir reikningar hans birtir árlega með rekstrarreikningi sambandsins.

Öllum tekjum sjóðsins skal varið til greiðslu á launum vegna námsleyfa og styrkveitinga, sbr. 1. mgr. Tilnefningaraðilar greiða kostnað af öllum störfum fulltrúa sinna í sjóðstjórn.

Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

V. KAFLI
Starfstími grunnskóla.

26. gr.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu mánuðir. Kennsludagar skulu eigi vera færri en 172.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur menntamálaráðherra veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum.

27. gr.

Kennsludagur grunnskólanemenda skal hefjast að morgni og vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matarhléi. Stundahlé í grunnskóla skulu að lágmarki vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru og matarhlé að lágmarki 30 mínútur.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

1200 mínútur (30 kennslustundir) í 1.–4. bekk
1400 mínútur (35 kennslustundir) í 5.–7. bekk
1480 mínútur (37 kennslustundir) í 8.–10. bekk

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda í samráði við kennararáð/kennarafund. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla skal vera 40 mínútur.

Sveitarstjórn getur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

28. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi nemenda vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska.

VI. KAFLI
Námskrár og kennsluskipan.

29. gr.

Menntamálaráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda,
— að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi,
— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,
— hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
— að nýta leiki barna sem náms- og þroskaleið,
— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi,
— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
— margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu,
— náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólastarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda.

30. gr.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu. Í aðalnámskrá skal tilgreina kjarnagreinar og kveða á um uppbyggingu og skipan náms í grunnskóla, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms á þeim sviðum sem hér verða talin:

a. íslenska,
b. stærðfræði,
c. erlend tungumál, þ.e. enska og danska (eða annað Norðurlandamál),
d. listir og verkmenntir,
e. náttúrufræði, umhverfis- og tæknimennt,
f. heimilisfræði,
g. skólaíþróttir,
h. samfélagsgreinar,
i. kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.

31. gr.

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er unnin af kennurum skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Hún er starfsáætlun skóla þar sem m.a. skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert.

32. gr.

Í 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjungi námstímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um valgreinar.

33. gr.

Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni er nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

Námsgagnastofnun skal tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár, annaðhvort með eigin útgáfu eða útvegun frá öðrum aðilum. Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um endurgjaldslausa úthlutun námsgagna til nemenda í skyldunámi að fengnum tillögum námsgagnastjórnar.

Ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli skilyrði gildandi laga og aðalnámskrár má vísa til menntamálaráðuneytisins sem úrskurðar í málinu.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd greinar þessarar.

34. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

VII. KAFLI
Réttindi og skyldur nemenda.

35. gr.

Börnum og unglingum er skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 56. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með tilskildum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Foreldrar eða forráðamenn geta sótt um eða samþykkt að skólastjóri heimili nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi síðar. Heimilt er að meta þessa þátttöku nemanda í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er ráðherra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein.

36. gr.

Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku.

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um kennslu þessara nemenda.

37. gr.

Börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

38. gr.

Sveitarfélög skulu annast rekstur sérdeilda/sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild grunnskóla. Þeim er ætlað:

— að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma,
— að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu í sérdeildum/sérskólum þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðherra staðfestir starfsreglur sérdeilda/sérskóla að fengnum tillögum sveitarstjórna. Í starfsreglum skal kveðið á um frávik frá almennri námskrá og öðrum viðmiðunum laga um grunnskóla.

Fasteignir þeirra sérskóla er nú eru starfandi á þessu sviði skulu afhentar til þessarar starfsemi án leigu eða annarra gjalda en rekstraraðilar annast og kosta allan rekstur þeirra, þar með talið viðhald frá þeim tíma er lög þessi koma að fullu til framkvæmda.

Teljist síðar ekki þörf fyrir áframhaldandi rekstur einhverra þessara stofnana eða þeirra allra tekur ríkissjóður aftur við umráðum fasteigna þeirra og ráðstafar þeim til annarra nota.

39. gr.

Í grunnskóla er heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um nemendaverndarráð.

40. gr.

Nemandi má ekki stunda vinnu á starfstíma skóla valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og kennara. Í slíkum tilfellum skal skólastjóri gera nemanda, forráðamanni hans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart. Verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til skólanefndar. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun skólanefndar getur hvor aðili, forráðamaður eða skólastjóri, vísað málinu til barnaverndarnefndar.

41. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur skólanefnd það til meðferðar. Takist skólanefnd ekki að leysa málið þannig að allir aðilar þess verði á sáttir fer um frekari meðferð þess skv. 3. mgr. 6. gr. þessara laga, að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Sérfræðiþjónusta.

42. gr.

Öllum sveitarfélögum, er standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr., námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Þar sem slík þjónusta er ekki rekin á vegum sveitarfélaga er sveitarstjórn skylt að semja um þjónustuna við önnur sveitarfélög, stofnanir, svo sem kennaramenntunarstofnanir, eða aðra aðila er veita þjónustu á þessu sviði.

Hverju sveitarfélagi er skylt að gera menntamálaráðuneyti grein fyrir skipulagi sérfræðiþjónustu við skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um lágmarksþjónustu á þessu sviði.

43. gr.

Sérfræðiþjónustu skóla er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðiþjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Sérfræðiþjónusta skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá skulu starfsmenn sérfræðiþjónustu vinna að forvarnastarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og gera tillögur um úrbætur. Forráðamenn nemenda geta komið með ósk um slíka athugun. Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun að fengnu samþykki forráðamanna.

Starfsmenn sérfræðiþjónustu skulu vera kennarar með framhaldsmenntun, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar.

IX. KAFLI
Námsmat.

44. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

45. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans og skulu nemendur og forráðamenn þeirra fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers skólaárs.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Nemandi og forráðamaður hans hafa rétt til að skoða metnar prófúrlausnir nemanda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

46. gr.

Samræmd próf í kjarnagreinum skulu lögð fyrir samtímis í öllum 4. og 7. bekkjum grunnskóla. Við lok grunnskóla skal leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

Skólum skulu jafnframt standa til boða samræmd könnunarpróf og stöðluð kunnáttupróf til greiningar á námsstöðu nemenda.

Menntamálaráðherra leggur grunnskólum til samræmd próf og greiðir kostnað af störfum trúnaðarmanna til eftirlits og umsjónar við framkvæmd samræmdra lokaprófa.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, eða annar aðili sem menntamálaráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd þessara prófa.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa.

47. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteini skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

Menntamálaráðuneytið gefur út viðmiðanir fyrir slík skírteini.

48. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti fylgst skuli með námsárangri nemenda í sérskólum og hjá öðrum þeim nemendum á skyldunámsaldri er taldir eru víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki próf skv. 46. gr.

49. gr.

Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

X. KAFLI
Skólaþróun, tilraunaskólar.

50. gr.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu, auk námsleyfa, sbr. 25. gr., eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum.

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá.

51. gr.

Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár. Menntamálaráðherra getur falið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðilum að annast framkvæmd slíks mats.

Niðurstöður af mati á skólum og skólastarfi skulu m.a. hafðar til hliðsjónar við endurskoðun aðalnámskrár.

52. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum í þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðherra hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar.

53. gr.

Menntamálaráðherra getur, með samþykki sveitarstjórnar, haft forgöngu um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum. Einnig getur hann veitt sveitarfélögum og einkaskólum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða. Slík undanþága getur t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Menntamálaráðherra er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

XI. KAFLI
Skólasöfn.

54. gr.

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Skólasafn er eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu og skal búnaður safnsins varðandi húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfsfólk taka mið af því.

Sveitarstjórn er heimilt að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann.

XII. KAFLI
Heilsugæsla.

55. gr.

Um heilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisþjónusta skólahverfis skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti heilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir heilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við heilsugæslu í skólum og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu í heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

56. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir. Slíkir skólar hlíti sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn, sem sækja þessa einkaskóla, hafa undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.

Um námsmat í einkaskólum fer skv. 45. og 46. gr.

XIV. KAFLI
Gildistaka.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá samþykkt:

a. Breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.
b. Lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda. Komi upp ágreiningur milli samtaka kennara og sveitarfélags um form eða efni ráðningarréttinda getur hvor aðili um sig óskað gerðardóms í málinu.
c. Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1991 eftir því sem ákvæði þessara laga koma til framkvæmda fram til 1. ágúst 1996 en þá falla lög nr. 49 frá 1991 að fullu úr gildi.

Hinn 1. ágúst 1996 falla enn fremur úr gildi lög nr. 49 frá 1967, um skólakostnað, 6. gr. laga nr. 23 frá 1990, um Námsgagnastofnun, 9. gr. laga nr. 55 frá 1974, um skólakerfi, X. kafli laga nr. 29 frá 1988, um Kennaraháskóla Íslands, enda skal Reykjavíkurborg taka við öllum rekstri og stjórn Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands frá þeim tíma, og lög nr. 61 frá 1957, um heilsuvernd í skólum, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við ákvæði laga þessara.

Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1996, þar með talið hvernig skuli, fram til þess tíma, haga ráðningu kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem starfa sem ríkisstarfsmenn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla skal komið að fullu til framkvæmda að sex árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 27 gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skal koma til framkvæmda á árabilinu 1995–1999 sem hér segir:

Haustið 1995 fjölgar kennslustundum um 6, þannig að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verður að lágmarki sem hér segir:

1.–4. bekkur: 26 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 29, 31 og 33 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 34 kennslustundir.

Haustið 1996 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4. bekkur: 27 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 30, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1997 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4. bekkur: 28 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 32, 33, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 36 kennslustundir.

Haustið 1998 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4. bekkur: 29 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 34, 34, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 37 kenslustundir.

Haustið 1999 fjölgi kennslustundum um 7, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 37 kennslustundir.

931. Þingsályktun [308. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1995–1998.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 428 með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 756 og 905. Sjá einnig auglýsingu um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995–1998 í A-deild Stjórnartíðinda 1995, bls. 213–247.

932. Lög [339. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 906.

933. Lög [447. mál]

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 765.

934. Lög [448. mál]

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 766.

935. Lög [338. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 907.

936. Lög [371. mál]

um breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51 26. maí 1972, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 600.

937. Lög [370. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35 29. apríl 1966, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 599.

938. Lög [453. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 775.

939. Lög [206. mál]

um vernd Breiðafjarðar.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 914 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

940. Lög [423. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 693.

941. Lög [411. mál]

um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 915 (sbr. 659).

942. Lög [328. mál]

um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 497.

943. Lög [427. mál]

um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100/1974, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 698.

944. Lög [293. mál]

um breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 920.

945. Lög [294. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, l. nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og l. nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 921.

946. Lög [437. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 922.

947. Lög [445. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 923.

948. Lög [443. mál]

um vísitölu neysluverðs.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 760.

949. Lög [438. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 924.

950. Lög [419. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 683.

951. Lög [126. mál]

um grunnskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 930.

952. Þingsályktun [91. mál]

um kennslu í iðjuþjálfun.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 93.

953. Lög [402. mál]

um breytingu á yfirstjórn vátryggingastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 644.

954. Lög [459. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 882.

955. Þingsályktun [463. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 926.

956. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [451. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

(Afgreitt frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 769.

957. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [297. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Afgreitt frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 817.